Alþingi 1937.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1937, laugardaginn 9. október, var fimmtugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tólfta aukaþing í röðinni, en sextugasta og sjöunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Séra Björn Magnússon dósent steig í stólinn og lagði út af Matt. 6, 25.—33.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
6. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
7. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
8. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
9. Eiríkur Einarsson, 11. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 7. landsk. þm.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
12. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
13. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
14. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
15. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
16. Guðrún Lárusdóttir, 2. landsk. þm.
17. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
18. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
19. Hermann Jónasson, þm. Str.
20. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
21. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
22. Ísleifur Högnason, 5. landsk. þm.
23. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
24. Jón Baldvinsson, 10. landsk. þm.
25. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
26. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
27. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
28. Magnús Guðmundsson, 9. landsk. þm.
29. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
30. Ólafur Thors, þm. G.-K.
31. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
32. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
33. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
34. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
35. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
36. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
37. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
38. Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
40. Stefán Stefánsson, 4. landsk. þm.
41. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
42. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
43. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
44. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
45. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
46. Þorsteinn Þorsteinsson, 6. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema 6. þm. Reykv. (SK), sem var fjarstaddur vegna lasleika. En ókomnir voru til þings:

1. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
2. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
3. Thor Thors, þm. Snæf.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til aukafundar laugardaginn 9. okt. 1937, dags. 19. sept. (Sjá Stjtíð. 1937, A. bls. 89).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins.“

Stóð þá upp **Jörundur Brynjólfsson**, 1. þm. Árn., og mælti:

„Lengi lifi ættjörð vor og konungur,“ og var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Þá stóð upp **Einar Olgeirsson**, 5. þm. Reykv., og mælti:

„Lifi frelsisbarátta íslenzku þjóðarinnar.“

Tóku flokksmenn hans undir það með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi nú elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til að stjórna fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Magnús Guðmundsson, 9. landsk. þm.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (IngP): Áður en tekið verður til þingstarfa vil ég samkv. venju minnast nokkrum orðum þeirra alþm. og fyrrv. þingmanna, sem látizt hafa frá því er síðasta þingi sleit.

Skal ég þá fyrst minnast Guðmundar Björnssonar fyrrv. landlæknis, sem andaðist 7. maí síðastl. Hann fæddist 12. okt. 1864 í Gröf í Víðidal, sonur Björns Guðmundssonar, síðar bónda á Marðarnúpi, og konu hans, Þorbjargar Helgadóttur, bónda í Gröf Vigfússonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum 1887 og tók embættispróf í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1894. Sama ár var hann settur kennari við læknaskólann hér. Ári síðar var hann settur héraðslæknir í Reykjavík, og skipaður í það embætti á öndverðu ári 1896. Tíu árum síðar, haustið 1906, var hann skipaður landlæknir, og gegndi hann því embætti þar til honum var veitt lausn sakir heilsubrests, 7. sept. 1931.

Guðmundar Björnssonar mun lengi verða minnzt sem eins af gáfuðustu og athafnamestu sonum landsins á sinni tíð. Svo fjölhæfur var hann og mikilvirkur, að segja má, að hann hafi staðið framarlega meðal frumkvöðla um flest framfaramál landsins um langt skeið. Hér yrði of langt upp að telja öll þau merku málefni, sem hann beitti sér fyrir eða var við riðinn, og verð ég því að láta mér nægja að drepa aðeins á nokkur þeirra.

Á starfssviði sínu, í heilbrigðismálum þjóðarinnar, mun hann mestu hafa afrekað. Auk þess að hann var mikill læknir og afburða kennari kom hann nýju skipulagi á heilbrigðislöggjöfina, átti mestan þátt í því, að hér var komið upp holdsveikraspítala, gekkst fyrir stofnun heilsuhælisfélagsins og byggingu Vífilsstaðahælis og fyrir stofnun sjúkrasamlaga hér á landi, og mikinn þátt átti hann í stofnun Kristneshælis og landsspítalans. Þá blés hann og nýju lífi í íþróttaiðkanir hér á landi og beittist fyrir stofnun Slysavarnafélags Íslands. Í bæjarstjórn Reykjavíkur átti hann sæti um langt skeið. Af afrekum hans í þágu bæjarfélagsins mun vatnsveita Reykjavíkur halda nafni hans lengst á lofti. Á Alþingi átti hann fyrst sæti 1905—1907, var þá 2. þm. Reykv. Síðan var hann konungkjörinn þingmaður 1913—1915 og landskjörinn þingmaður 1916—1922. Á þingi var hann hinn mesti atkvæðamaður, vel máli farinn og ótrauður starfsmaður. Hann var formaður milliþinganefndar í fossamálum 1917—1919, og er vatnalöggjöf landsins ávöxtur af starfi þeirrar nefndar. Af hinum fjölmörgu málum öðrum, er hann beittist fyrir á þingi, má nefna stofnun háskólans og þingsköp Alþingis, er hann samdi af nýju og fólu í sér miklar endurbætur á vinnubrögðum þingsins. Á 6 síðustu þingárum sínum, 1916—1922, eða alls á 8 þingum, var hann forseti efri deildar, og mun röggsemi hans, glöggskyggni og dugnaður í því starfi lengi verða í minnum höfð.

Eftir Guðmund Björnsson liggur fjöldi ritgerða og fyrirlestra um margvísleg efni. Starfsþrek hans og atorka var óbilandi, meðan hann hélt heilsu, að hverju sem hann gekk. Auk embættisstarfa og stjórnmála átti hann mörg hugðarefni, svo sem stærðfræði, rímfræði, sönglist og skáldskap, og ritaði um þau efni. Sjálfur var hann skáldmæltur vel og gaf út ljóðabók, Undir ljúfum lögum. Ritfær var hann flestum fremur og smekkvís og hagur á íslenzka tungu. Fjöldi góðra nýyrða, sem nú eru á hvers manns vörum, eru eftir hann, enda var oft til hans leitað í þeim efnum.

Guðmundur Björnsson mun jafnan verða talinn einn hinna dugmestu og merkustu manna landsins á síðasta fjórðungi 19. aldar og fyrsta fjórðungi 20. aldar.

Þá er að minnast tveggja látinna merkismanna, sem sæti áttu á síðasta Alþingi og mundu hafa átt hér enn sæti, ef þeim hefði enzt aldur til, þeirra Sira Sigfúsar Jónssonar kaupfélagsstjóra og Jóns Ólafssonar bankastjóra.

Sira Sigfús Jónsson andaðist 8. júní síðastl. Hann var fæddur á Víðimýri í Skagafirði 24. ágúst 1866, sonur Jóns Árnasonar bónda þar og konu hans Ástríðar Sigurðardóttur bónda á Reykjum á Reykjabraut. Hann lauk stúdentsprófi við lærða skólann hér 1886 og útskrifaðist 2 árum síðar úr prestaskólanum. Veturinn 1888—1889 var hann kennari við unglingaskóla á Sauðárkróki, en vígðist prestur að Hvammi í Laxárdal haustið 1889 og gegndi því embætti til vorsins 1900. Þá fékk hann veitingu fyrir Mælifelli í Skagafirði, og því prestakalli þjónaði hann til vorsins 1919, er hann sótti um og fékk lausn frá embætti. Þá fluttist hann að Sauðárkróki og gaf sig upp frá því allan við forstöðu kaupfélags Skagfirðinga, en í stjórn þess félags var hann á árunum 1904—1910 og formaður og framkvæmdarstjóri þess frá 1913 til dauðadags. Á hann hlóðust mörg önnur trúnaðarstörf í héraði. Meðal annars átti hann um langt skeið sæti í hreppsnefndum allra þeirra hreppa, sem hann var búsettur í í Skagafirði frá því er hann settist þar að að loknu námi, fyrst í Skefilsstaðahreppi, þá Lýtingsstaðahreppi og loks í Sauðárkrókshreppi. Í sýslunefnd átti hann og sæti um skeið og í fleiri nefndum innanhéraðs. Skagfirðingar kusu hann á þing 1934, og sat hann á 4 síðustu þingum.

Sira Sigfús naut jafnan hins mesta trausts og virðingar í héraði sínu, bæði sem prestur, bóndi og fésýslumaður, þótti hæfileikamaður, drengur hinn bezti og ráðhollur, prúðmenni í allri framgöngu og hvers manns hugljúfi. Fjármálamaður var hann glöggur og stýrði kaupfélagi sínu traustum tökum, enda efldist það undir hans

stjórn úr tiltölulega smáum félagsskap í öfluga héraðsverzlun. Þau ár, sem hann sat á þingi, var honum alla tíð falin formennska í fjárhagsnefnd neðri deildar og framsaga í flestum skattamálum. Öll var framkoma hans á Alþingi hin virðulegasta, og þótt hann væri óhlutdeilinn og hefði sig lítt frammi í málsennum, kom glöggskyggni hans á landsmál í góðar þarfir, og héraði sínu var hann dyggur fulltrúi í framfaramálum þess.

Jón Ólafsson bankastjóri andaðist 3. ágúst síðastliðinn. Hann var fæddur 16. okt. 1869 í Sumarliðabæ í Holtum, sonur Ólafs Þórðarsonar, bónda þar, og konu hans, Guðlaugar Þórðardóttur, bónda í Sumarliðabæ Jónssonar. Hann ólst upp með foreldrum sínum og stundaði þar algeng sveitastörf, en réðst jafnframt ungur til sjóróðra á vertíðum á Stokkseyri, og þar var hann formaður á opnu skipi í þrjú ár skömmu fyrir aldamót. Til Reykjavíkur fluttist hann árið 1897 og gekk á stýrimannaskólann. Þaðan útskrifaðist hann 1899. Á árunum 1899—1903 var hann skútuskipstjóri í þjónustu Geirs Zoëga, en 1904 keypti hann sjálfur þilskip og stýrði því til ársins 1911. Þá tók hann við framkvæmdastjórn í útgerðarfélaginu Alliance og hélt því starfi til 1930, er hann var skipaður bankastjóri í Útvegsbankanum, og annaðist jafnframt um skeið stjórn fleiri togarafélaga. Í bæjarstjórn Reykjavíkur sat hann í mörg ár, í hafnarnefnd, niðurjöfnunarnefnd, stjórn Fiskifélags Íslands, stjórn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, auk ýmsra annara trúnaðarstarfa, er hann hafði á hendi í almenningsþarfir. Á Alþingi átti hann sæti í síðustu 10 ár, frá 1927 til dauðadags, var fyrst þingmaður Reykvíkinga 1927—1931, þingmaður Rangæinga 1931—1937 og eftir kosningarnar í júní síðastl. landskjörinn þingmaður.

Jón Ólafsson var í öllum störfum sínum atorkumikill þrekmaður og stórhuga, einn af brautryðjendum togaraútgerðar hér á landi og hafði meiri reynslu en flestir aðrir í sjávarútvegsmálum. Þau mál lét hann og einkum til sín taka á Alþingi og gat þá verið óvæginn og kappsfullur í umræðum, ef tillögur hans sættu andmælum. Annars var hann stilltur maður og hversdagsgæfur, allra manna vinsælastur, ráðhollur og hjálpsamur, höfðingi í lund og þó flestum mönnum alþýðlegri.

Ég vil biðja háttv. þingmenn að votta minningu þessara manna virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þm. risu úr sætum.]

Rannsókn kjörbréfa.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

BJ, BSt, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, GL, HermJ, ÍslH, JBald, JPálm, JörB, ÓTh, PHerm, SEH, SK, VJ.

2. kjördeild:

BjB, BSn, BrB, EÁrna, EE, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JJós, JJ, MJ, PZ, SÁÓ, StgrSt.

3. kjördeild:

ÁÁ, GG, HG, HV, IngP, MG, PHann, PHalld, PO, SkG, StSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Kjördeildir skiptu með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þingmanna, sem voru í 3. kjördeild, 2. deild kjörbréf þingmanna í 1. deild, og 3. deild kjörbréf þingmanna í 2. deild.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

ATKVGR.

Að tillögu 1. kjördeildar voru kosningar þær, sem undir hennar athugun féllu, samþ. með 39 shlj. atkv.

Næst voru bornar undir atkv. kosningar þær, sem undir 2. kjördeild áttu, og voru þær, að till. hennar, samþ. með 38 shlj. atkv.

Loks voru bornar undir atkv. kosningar þær, er 3. kjördeild hafði til rannsóknar, og voru þær, að till. hennar, samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem ekki höfðu áður á þingi setið, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Helgi Jónasson, Ísleifur Högnason, Pálmi Hannesson, Sigurður E. Hlíðar, Skúli Guðmundsson, Stefán Stefánsson.

Kosning forseta.

Loks lét aldursforseti fara fram kosningu forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Jón Baldvinsson, 10. landsk. þm.,

með 25 shlj. atkv. — 18 seðlar voru auðir.

Tók nú hinn kjörni forseti við fundarstjórn og frestaði fundi til mánudagsins 11. okt., kl. 1 miðdegis.

Mánudaginn 11. október, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið. Fyrir lá fyrst að kjósa 1. varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Magnús Guðmundsson, 9. landsk. þm.,

með 16 atkv. — Emil Jónsson hlaut 8 atkv., en 24 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning 2. varaforseta sameinaðs þings, og var kosinn

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., með 18 atkv. Emil Jónsson hlaut 8 atkv., en 22 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 2 listar, A og B. Á A-lista var BjB, en á B-lista JJós. — Með því að ekki var stungið upp á fleirum en kjósa átti, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

Kjörbréfanefnd.

Þá var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Voru á A-lista BJ, EÁrna, á B-lista GSv, ÞÞ, og

á C-lista VJ. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bergur Jónsson,
Gísli Sveinsson,
Einar Árnason,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Vilmundur Jónsson.

Kosning til efri deildar.

Forseti (JBald): Samkvæmt 6. gr. þingskapa ber nú að velja til Ed. þá tölu þm., er þar eiga að sitja. En áður en kosning fer fram, vil ég leyfa mér að lesa upp bréf, er mér hafa borizt frá 2 flokkum um samvinnu, er þeir munu hafa í þessari kosningu:

„Samkvæmt heimild í 6. gr. þingskapa hefir Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn komið sér saman um að hafa bandalag um kjör til efri deildar á Alþingi, sem kemur saman í dag.

Alþingi, 9. október 1937.

Jón Baldvinsson,
form. Alþýðuflokksins.

Til forseta Alþingis."

„Samkvæmt heimild í 6. gr. þingskapa hefir Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn komið sér saman um að hafa bandalag um kjör til efri deildar á Alþingi, sem kemur saman í dag.

Alþingi, 9. október 1937.

Form. Framsóknarflokksins,
Jónas Jónsson.

Til forseta Alþingis."

Fram komu 3 listar, A, B og C. Var A-listi borinn fram af þingmönnum Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, samkv. áður greindu samkomulagi þeirra, og voru á honum þessi nöfn: BSt, EÁrna, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ. — B-listi var borinn fram af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, og voru á honum þessi nöfn: MG, GL, MJ, ÞÞ, BSn, JJós. — C-listi var borinn fram af þingmönnum Kommúnistaflokksins, og var á honum nafn BrB. — Á listunum voru þannig jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn til efri deildar, og samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr. þessir alþingismenn til þess að skipa deildina:

Bernharð Stefánsson,
Magnús Guðmundsson,
Einar Árnason,
Hermann Jónasson,
Guðrún Lárusdóttir,
Ingvar Pálmason,
Magnús Jónsson,
Jón Baldvinsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Jónas Jónsson,
Páll Hermannsson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Páll Zóphóníasson,
Sigurjón Á. Ólafsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Jóhann Jósefsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir, samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

a. Fjárveitinganefnd.

Við kosningu fjvn. komu fram 3 listar, A, B og C. — Á A-lista voru HelgJ, SkG, ÞorbÞ, BjB, á B-lista PO, JakM, ÞÞ, JPálm, og á C-lista HV. — Þar sem á listunum voru samtals jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Helgi Jónasson,
Pétur Ottesen,
Skúli Guðmundsson,
Jakob Möller,
Héðinn Valdimarsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bjarni Bjarnason,
Jón Pálmason.

b. Utanríkismálanefnd.

Forseta bárust 3 listar, er hann merkti A, B og C. Voru á listunum samtals jafnmörg nöfn og aðalmenn og varamenn skyldi kjósa, og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. þeir menn, sem á listunum voru tilnefndir, en þeir voru þessir:

Aðalmenn:
Af A-lista: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Jónas Jónsson.
— B-lista: Ólafur Thors, Jóhann Jósefsson, Garðar Þorsteinsson.
— C-lista: Héðinn Valdimarsson.

Varamenn:
Af A-lista: Gísli Guðmundsson, Páll Zóphóníasson, Pálmi Hannesson.
— B-lista: Magnús Jónsson, Magnús Guðmundsson, Thor Thors.
— C-lista: Ásgeir Ásgeirsson.

Röð landskjörinna þingmanna.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (JBald): Gerðabók þingsetningarfundar hefir enn ekki verið samþ., og ástæðan til þess, að hún hefir ekki verið borin upp, er sú, að nokkur óvissa var á um röð landskjörinna alþm. Á hinum prentaða atkvæðalista, sem notaður var á þingsetningarfundi, var Eiríki Einarssyni raðað í sæti 5. landsk., en önnur venja hefir verið um þetta áður. Meðan konungkjörnir þm. voru, var það regla, að ef einn þeirra féll frá, þá var nefndur þm. í hans stað, sem varð þá síðastur í röðinni af þeim konungkjörnu þm. Þegar landskjörið hófst eftir 1916, þá var sama regla látin gilda, að varamaður tók jafnan sæti síðastur í röð landskjörinna þm. Hinsvegar má færa það sem rök fyrir því, að varamaður verði þar í röð, sem aðalmaður var, að það valdi minni ruglingi á atkvæðalista og á þingfundi. Nú þarf úr þessu að skera. Þetta skiptir ekki miklu máli fyrir þm., en ég hefi ekki viljað fella úrskurð um þetta, vegna þess að ég er aftar í röðinni en 5. landsk., og svo er einnig ástatt um 1. varaforseta Sþ., en hinsvegar sé ég, að 2. varaforseti er ekki viðstaddur. Ég mun því bera það

undir Alþingi, hvor reglan eigi að gilda. Ég lít svo á, að um þetta þurfi eigi umr., nema menn vilji ræða þingsköp í þessu sambandi. Ég ber það þá undir atkv., hvort varamaður skuli talinn síðastur eins og áður hefir verið.

ATKVGR.

Samþ. með 24:10 atkv., að varamaður skyldi talinn síðastur landskjörinna þm., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, BSt, BjB, EÁrna, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, HG, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, Jör B, MJ, PHerm, PZ, SÁÓ, StgrSt, SvbH, VJ, ÞÞ.

nei: ÁÁ, ÍslH, JJós, JPálm, SEH, SK, SkG, StSt, ÞorbÞ, ÞBr.

BrB, EE, GSv, HV, JBald greiddu ekki atkv.

10 þm. (BÁ, BSn, GL, JJ, MG, ÓTh, PHann, PHalld, PO, TT) fjarstaddir.

Fundargerð þingsetningarfundar með þeirri breytingu á raðtölum landsk. þm., sem af ofangreindri samþykkt leiðir, samþ. með 26 shlj. atkv.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
3. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
4. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
5. Guðrún Lárusdóttir, 2. landsk. þm.
6. Hermann Jónasson, þm. Str.
7. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
8. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
9. Jón Baldvinsson, 10. landsk. þm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Guðmundsson, 9. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 6. landsk. þm.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Guðmundsson, 9. landsk. þm., og Pál Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 9 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

með 6 atkv. — Sigurjón Á. Ólafsson fékk 3 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn annar varaforseti

Sigurjón Á. Ólafsson, 3. landsk. þm.,

með 6 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu 2 listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var P-Herm, en á B-lista BSn. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannson, 2. þm. N.-M., og
Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Þessu næst skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram kom tillaga um þau afbrigði, að deildarmenn héldu þeim sætum, er þeir hefðu þegar valið sér. Voru afbrigðin leyfð og samþ. með 13:1 atkv. Samkvæmt því hlutu deildarmenn sæti eins og hér segir:

5. sæti hlaut Jón Baldvinsson,
6. — — Jónas Jónsson,
7. — — Ingvar Pálmason,
8. — — Bernharð Stefánsson,
9. — — Sigurjón Á. Ólafsson,
10. — — Páll Zóphóníasson,
11. — — Brynjólfur Bjarnason,
12. — — Jóhann Jósefsson,
13. — — Þorsteinn Þorsteinsson,
14. — — Magnús Jónsson,
15. — — Magnús Guðmundsson,
16. — — Guðrún Lárusdóttir.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Við kosningu allra nefndanna komu fram 2 listar, A og B, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Fór því kosning fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:
Af A-lista: Bernharð Stefánsson, Jón Baldvinsson.
— B-lista: Magnús Jónsson.

2. Samgöngumálanefnd:
Af A-lista: Páll Hermannsson, Páll Zóphóníasson.
— B-lista: Magnús Guðmundsson.

3. Landbúnaðarnefnd:
Af A-lista: Páll Zóphóníasson, Jón Baldvinsson.
— B-lista: Þorsteinn Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Af A-lista: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson.
— B-lista: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Af A-lista: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.
— B-lista: Bjarni Snæbjörnsson.

6. Menntamálanefnd:
Af A-lista: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
— B-lista: Guðrún Lárusdóttir.

7. Allsherjarnefnd:
Af A-lista: Sigurjón Á. Ólafsson, Ingvar Pálmason.
— B-lista: Magnús Guðmundsson.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild, og voru þeir allir á fundi, nema 1. þm. Rang.:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 11. landsk. þm.
7. Emil Jónsson. 7. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 8. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 7. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
19. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
20. Ólafur Thors, þm. G.-K.
21. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
22. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
23. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
25. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
26. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
27. Stefán Stefánsson, 4. landsk. þm.
28. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
29. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
30. Thor Thors, þm. Snæf.
31. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
32. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
33. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Fjármálaráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Jakob Möller, 2. þm. Reykv., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Ásgeirsson, þm. Mýr., og Eirík Einarsson, 11. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosinn var

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,

með 17 atkv. — 15 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,

með 11 atkv. — Finnur Jónsson fékk 8 atkv., Emil Jónsson 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning 2. varaforseta. Kosningu hlaut

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 18 atkv. — 14 seðlar voru auðir.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu 2 listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var VJ, en á B-lista EE. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.

Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf., og
Eiríkur Einarsson, 11. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Helgi Jónasson,
7. — — Emil Jónsson,
8. — — Einar Olgeirsson,
9. — — Finnur Jónsson,
10. — — Jakob Möller,
11. — — Sveinbjörn Högnason,
12. — — Bergur Jónsson,
13. — — Pálmi Hannesson,
14. — — Bjarni Ásgeirsson,
15. — — Pétur Halldórsson,
16. — — Sigurður E. Hlíðar,
17. — — Bjarni Bjarnason,
18. — — Thor Thors,
19. — — Ásgeir Ásgeirsson,
20. — — Ísleifur Högnason,
21. — — Steingrímur Steinþórsson,
22. — — Þorsteinn Briem,
23. — — Ólafur Thors,
24. — — Héðinn Valdimarsson,
25. — — Gísli Guðmundsson,
26. — — Gísli Sveinsson,
27. — — Stefán Stefánsson,
28. — — Pétur Ottesen,
29. — — Þorbergur Þorleifsson,
30. — — Sigurður Kristjánsson,
31. — — Garðar Þorsteinsson,
32. — — Skúli Guðmundsson,
33. — — Jón Pálmason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu allra nefndanna komu fram 3 listar, A, B og C, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:

Af A-lista: Skúli Guðmundsson,
Sveinbjörn Högnason.
— B-lista: Ólafur Thors,
Stefán Stefánsson.
— C-lista: Ásgeir Ásgeirsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Af A-lista: Sveinbjörn Högnason,
Þorbergur Þorleifsson.
— B-lista: Gísli Sveinsson,
Eiríkur Einarsson.
— C-lista: Finnur Jónsson.

3. Landbúnaðarnefnd:

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Steingrímur Steinþórsson.
— B-lista: Jón Pálmason,
Pétur Ottesen.
— C-lista: Emil Jónsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Af A-lista: Bergur Jónsson,
Gísli Guðmundsson.
Af B-lista: Sigurður Kristjánsson,
Sigurður E. Hlíðar.
— C-lista: Finnur Jónsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson,
Pálmi Hannesson.
— B-lista: Sigurður E. Hlíðar,
Sigurður Kristjánsson.
— C-lista: Emil Jónsson.

6. Menntamálanefnd:

Af A-lista: Bjarni Bjarnason,
Pálmi Hannesson.
— B-lista: Pétur Halldórsson,
Þorsteinn Briem.
— C-lista: Ásgeir Ásgeirsson.

7. Allsherjarnefnd:

Af A-lista: Bergur Jónsson,
Gísli Guðmundsson.
— B-lista: Thor Thors,
Garðar Þorsteinsson.
— C-lista: Vilmundur Jónsson.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Fjárlög 1938.

Á deildafundum 11. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjárlaga fyrir árið 1938** (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi framsöguræða fjárlaganna hlýtur að verða með nokkuð öðru móti en venja er til. Yfirlit hefir nú þegar verið gefið á þingi því, er haldið var í vetur, um afkomu ríkissjóðs á árinu 1936 og er í rauninni engu sérstöku við það að bæta, en geta má þess þó hér, að bráðabirgðauppgjörið, sem þá var lagt fram, hefir staðizt því nær alveg. — Tekjur á rekstrarreikningi hafa við endanlegt uppgjör hækkað um ca. 150 þús., en gjöldin um 227 þús. Tekjuafgangur á rekstrarreikningi er endanlega rúml. 5 þús. kr., eða gjöld og tekjur standast á. Landsreikningurinn fyrir árið 1936 verður lagður fram síðar á þessu þingi.

Flesta þá, sem nú eiga sæti á Alþingi, mun reka minni til þess, að gert var ráð fyrir því í fjárlagafrv. fyrir árið 1936 og 1937 (yfirstandandi ár) að rekstur ríkissjóðs yrði greiðsluhallalaus og tekjuafgangur þar af leiðandi allríflegur bæði árin til greiðslu á föstum, samningsbundnum afborgunum. Einnig munu menn minnast þess, að fjárhagsafkoman 1936 varð því miður ekki með þessum hætti. Í stað þess að tekjuafgangur átti að verða um 680 þús. kr. og skuldir að lækka um ca. 1 millj. kr., varð tekjuafgangur ekki teljandi, þótt jöfnuður næðist á rekstrarreikningi, og skuldir stóðu því sem næst í stað. Að vísu hefir þetta almennt verið viðurkennd sæmileg útkoma eftir ástæðum, en því ber ekki að leyna sjálfa sig eða aðra, að hún var ekki eins góð og við var búizt fyrirfram samkv. tekjuvonum ríkissjóðs. Um afkomu yfirstandandi árs er of snemmt að fullyrða nokkuð, eins og sakir standa. Tekjur verða að vísu eitthvað hærri en í fyrra, en þó alls ekki í neitt svipuðu hlutfalli við það, sem viðskiptin hafa aukizt almennt og vöruinnflutningur. Ríkissjóður hefir jafnframt orðið fyrir þungum áföllum á þessu ári, ekki síst af völdum fjárpestarinnar, sem geisað hefir og þykir mér því ekki líklegt, að afkoma hans verði betri en síðastl. ár. Áður en gengið er frá afgreiðslu fjárlaganna á þessu þingi, er ákaflega nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því í hverju það hefir legið, að fjárlögin fyrir 1936 gáfu ekki jafngóða raun og almennt var álitið fyrirfram, bæði af stjórnarandstæðingum og þeim, sem stjórninni fylgdu. Stafaði það af því, að umframgreiðslur væru meiri en búast hefði mátt við? Eða stafaði það af hinu, að tekjur ríkissjóðs reyndust minni en gera hefði mátt ráð fyrir?

Umframgreiðslur urðu að vísu nokkrar, en ég fullyrði, að þær urðu ekki meiri en svo, að fyrirfram hefðu allir búizt við því, að umframtekjur ríkissjóðs myndu vega upp á móti þeim. Aðalástæðan til þess, að útkoman árið 1936 varð lakari en gert var ráð fyrir, og að útkoman árið 1937 verður sennilega einnig lakari en búizt var við, er áreiðanlega sú, að tekjur ríkissjóðs hafa brugðizt vonum manna, jafnvel þótt þær hafi farið lítilsháttar fram úr áætlun. Ég gerði í fjárlagaræðu minni síðastl. vetur nokkuð ýtarlega grein fyrir þessu, en ætla hér að bæta við nokkrum atriðum og sýna fram á, til upplýsingar, þær breytingar, sem orðið hafa á vörutolli og verðtolli undanfarin ár, en það eru þeir tveir almennra tolla, sem mestar tekjur hafa gefið ríkissjóði. Ég ætla fyrst að taka vörutollinn:

Árið 1925 nemur vörutollurinn 2176 þús. kr.
Árið 1930 nemur vörutollurinn 1949 þús.
Árið 1934 nemur vörutollurinn 1702 þús.
Árið 1936 nemur vörutollurinn 1384 þús.

Árið 1936 hefir hann því numið um 800 þús. kr. lægri fjárhæð heldur en árið 1925, og hefir farið stöðugt lækkandi hin síðustu ár, þangað til nú í ár, að hann hækkar eitthvað lítilsháttar frá í fyrra. Þessi lækkun vörutollsins á sér aðallega þrjár ástæður hin allra síðustu ár: 1) Minnkandi heildarinnflutning til landsins, og einkum minni innflutning þeirra vara, sem koma í hæstu vörutollflokkana (vefnaðarvara o. s. frv.). 2) Lækkun eða niðurfelling vörutolls af hráefnum til iðnaðar (t. d. hampur, tunnuefni o. fl. Lög frá 1935.). 3) Lækkaðan vörutoll á vélum (sbr. lög frá 1935).

Enn meir áberandi er þó þessi lækkun eldri tollanna, ef litið er til verðtollsins:

Árið 1925 nam verðtollurinn kr. 2085 þús.
Árið 1930: kr. 2337 þús.
Árið 1934: — 1694 —
Árið 1936: — 1084 —

Síðastl. ár hefir því verðtollurinn numið aðeins réttum helmingi af því, sem hann var árið 1925, og 600 þús. kr. minna en hann nam síðasta árið fyrir seinustu stjórnarskipti, árið 1934. Þó hefir verðtollurinn á þessu tímabili verið hækkaður á mörgum vörutegundum. Þessi gífurlega lækkun verðtollsins á sér svipaðar ástæður

og lækkun vörutollsins: 1) Gífurlega lækkun á innflutningi verðtollsskyldra vara, sem ýmist er tekið að framleiða í landinu sjálfu eða orðið hefir að loka úti af markaðinum, vegna gjaldeyrisörðugleika. 2) Lækkun eða burtfelling verðtolls af hráefnum til iðnaðarins hin allra síðustu ár. 3) Afnám verðtolls af vélum til iðnfyrirtækja, er lögfest var árið 1935.

Ég hygg, að það hafi fáir gert sér grein fyrir því, hve hraðstíg breytingin á innflutningi verðtollsvaranna hefir verið og hversu alvarlegar afleiðingar hún hefir haft í för með sér fyrir ríkissjóðinn. Ég ætla að nefna hér nokkur dæmi um innflutning þessara vara, sem sýna mjög glögglega þá breytingu, sem orðið hefir. Ég hefi ekki yngri dæmi en frá árinu 1935. Nýrri sundurliðaðar skýrslur eru ekki til. Ég ætla að bera saman árin 1925 og 1935:

	År 1925 kr.	År 1935 kr.
Vefnaðarvara	6341000	3182000
Fatnaður	3880000	1739000
Skófatnaður	1472000	858000
Húsgögn	297000	37000
Hljóðfæri	386000	25000

Þetta eru aðeins nokkur dæmi, sem sýna hina gífurlegu breytingu á innflutningi tollvarnings, en ennþá meiri hefir þessi breyting þó orðið árin 1936 og 1937. Hert hefir verið á innflutningshöftunum og iðnaðurinn þróazt í landinu sjálfu. Er komið svo langt árið 1936, að af 41,6 millj. kr. innflutningi, samkv. bráðabirgðaskýrslu fyrir það ár, nema verðtollsvörur aðeins 7,5 millj. kr., en vefnaðarvörur og skófatnaður einn saman nam árið 1925 yfir 10 millj. kr. Í raun og veru má orða þetta svo, að verðtollurinn sé smátt og smátt að hverfa úr sögunni, miðað við það sem áður var. Eitt dæmi, sem sýnir greinilega, hvernig innlendi iðnaðurinn hefir áhrif á tolltekjur ríkissjóðs, er framleiðsla sú á skófatnaði, sem nú er rekin hér á landi. Það má gera ráð fyrir því, að skófatnaður verði framleiddur hér á næsta ári fyrir 600—700 þús. kr. Aðflutningsgjaldið af þessari vöru er sem næst 25%, og tolltap ríkissjóðs því um 150—170 þús. kr. við það, að þessi framleiðsla flyzt inn í landið. Það er þessi gífurlega breyting á innflutningi og viðskiptum landsmanna, sem orsakar, að menn hafa orðið fyrir vonbrigðum um heildartekjur ríkssjóðs á síðustu árum. Þessi þróun hefir orðið örari en menn óraði fyrir, og það er fyrst og fremst þessi breyting, þetta hrap gömlu tollteknanna, sem gert hefir það nauðsynlegt að leggja á nýja skatta og nýja tolla, þó að hitt sé rétt, að nokkur hækkun heildargreiðslna hefir einnig átt sér stað.

Þegar þessi staðreynd, sem hér hefir verið bent á, er athuguð, þá kemur það greinilegar í ljós en nokkru sinni fyrr, hversu fjarstætt það er, að liggja mönnum á hálsi fyrir þær skatta- og tollahækkanir, sem gerðar hafa verið til að vega upp á móti hinni gífurlegu lækkun á aðaltekjuliðunum. Það er gersamlega óhugsandi, að ríkissjóður geti sinnt þeim kröfum, sem til hans eru gerðar frá atvinnuvegunum og öðrum aðiljum, nema þetta teknatap sé vegið upp, og að tekjur ríkissjóðs fari fremur vaxandi en minnkandi með aukinni fólksfjölgun í landinu og auknum greiðslum til almennra þarfa. Það er staðreynd, að ef tekjur ríkissjóðs af tollum út af fyrir sig eiga að haldast, þá verður að gera eitt af tvennu í náinni framtíð eða hvorttveggja, að færa gjöld yfir á þær vörutegundir, sem áður hafa verið innfluttar, en nú eru framleiddar í landinu sjálfu, eða að færa aðflutningsgjöldin yfir á þær vörur, sem enn eru fluttar til landsins, og það enda þótt þær þyki nauðsynlegri en sumar þeirra, sem útilokaðar eru, en áður gáfu tekjurnar að mestu.

Það er ekki óalgengt að heyra hér á Alþingi og utan þings talað um hin sívaxandi útgjöld ríkisins, einkum hin síðustu 3 ár, og er þá venjulega talað um þessi gjöld eins og einhvern almenningi fjandsamlegan hlut, og er helzt í skyn gefið, að mest séu þau bein og bitlingar. Nú er það að vísu ekki rétt, að heildargreiðslur ríkissjóðs árin 1935 og 1936 hafi verið hærri en stundum áður, t. d. árin 1930 og 1934, þó þær væru hinsvegar hærri en árin 1932 og 1933. Og þótt heildargreiðslur ársins 1937 og 1938 séu hærri samkvæmt fjárlögum en árin 1935 og 1936, þá getur sú hækkun ekki talizt mjög veruleg. Hitt er rétt, að á síðasta 10 ára tímabili hafa heildarútgjöld ríkissjóðs vaxið mjög verulega.

En þá er ekki ófróðlegt að gera sér grein fyrir, í hverju þessi hækkun liggur, og hver afstaða þingflokkanna yfirleitt hefir verið til hennar. Þá er það eigi síður fróðlegt að athuga, hvort það er fremur styrkur til atvinnuveganna og framkvæmdir, eða kostnaður við rekstur þjóðarbúsins sjálfs, sem hækkuninni veldur. Ég hefi gert samanburð á þessu, og er annarsvegar tekið árið 1926 og hinsvegar árið 1936. Eru þá samræmdir landsreikningarnir fyrir bæði árin, en formið var annað árið 1926. Þótt þessi samanburður sé ekki hárnákvæmur, þá er hann réttur það sem hann nær, og gefur mjög góða hugmynd um, í hverju hækkunin liggur. Heildarútgjöld ríkissjóðs á rekstrarreikningi árið 1936 voru 15480 þús. kr., en heildargreiðslur skv. rekstrarreikningi 1926 kr. 9758 þús., og hefir hann þá verið færður eftir sömu reglum og árið 1936. Heildarhækkun útgjaldanna á þessu 10 ára skeiði er því um 5720 þús. kr. — Þá ætla ég að geta um þær greinar fjárlaganna, sem hafa hækkað, en síðar að skýra með örfáum orðum, í hverju hækkunin liggur.

7. gr., vaxtaútgjöld, hefir hækkað um 487 þús. kr., 9. gr., alþingiskostnaður, hefir hækkað um 25 þús. kr., 10. gr., kostnaður við stjórnarráðið, hagstofu og utanríkismál, hefir hækkað um 154 þús. kr., 11. gr. A, dómsgæzla og lögreglustjórn, hefir hækkað um 620 þús. kr., 11. gr. B, sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur, hefir hækkað um 160 þús. kr., 13. gr. A, vegamál, hefir hækkað um 820 þús. kr., 13. gr. B, samgöngur á sjó, hefir hækkað um 238 þús kr., 13. gr. C, vitamál, um 133 þús. kr., 14. gr. B, kennslumál, hefir hækkað um 472 þús. kr., 16. gr., verklegar framkvæmdir, hefir hækkað um 1966 þús., 17. gr., til almennrar styrktarstarfsemi, um 788 þús. kr., og 18. gr., eftirlaun, um 132 þús. kr. Aftur á móti hafa útgjöld á eftirtöldum liðum lækkað: 12. gr., heilbrigðismál, hefir lækkað um

174 þús., 14. gr. A, kirkjumál, hefir lækkað um 16 þús. kr., og 15. gr., til vísinda, bókmennta og lista, hefir lækkað um 61 þús. kr.

Þá mun ég skýra nokkuð, í hverju hækkanirnar liggja.

Vaxtaútgjöld ríkissjóðs hafa samkv. þessu yfirliti hækkað um 489 þús. kr.; 300 þús. kr. af þeirri upphæð er hægt að rekja til þeirrar skuldabyrðar, sem ríkissjóður tók á sig vegna Íslandsbanka, þannig, að hækkun vaxtaútgjaldanna á þessum árum, sem stafar af öllum framkvæmdum ríkissjóðs, er kr. 187 þús. Er þetta mjög eftirtektarverð tala og kemur illa heim við hið stöðuga tal og skrif stjórnarandstæðinga undanfarin ár um skuldasöfnun ríkissjóðs.

Af hækkun á 10. gr. stafa 85 þús. kr. af kostnaði við utanríkismál, aðallega samninga við erlend ríki, en 69 þús. kr. er hækkun á kostnaði við stjórnarráðið, hagstofu og ríkisfjárhirzlu, og er það furðulega lítil hækkun á 10 ára tímabili, þegar tekið er tillit til hinnar gífurlegu starfsaukningar, sem orðið hefir hjá þessum stofnunum. Á 11. gr. A er 250 þús. kr. hækkun vegna landhelgisgæzlunnar, 69 þús. kr. vegna stofnunar vinnuhælisins á Litla-Hrauni, 179 þús. kr. vegna toll- og löggæzlu, og má það heita nýr liður, þar sem sú gæzla var naumast til áður, miðað við það, sem nú er orðið og nauðsyn ber til. Afgangurinn, eða um 88 þús. kr., er hækkun á skrifstofukostnaði hjá lögmanni, lögreglustjórum öllum og sýslumönnum. Á 11. gr. B stafa hækkanirnar af auknu burðargjaldi, símakostnaði og eyðublaðanotkun og hækkuðum kostnaði hjá skattanefndum og skattayfirvöldum. Eru þetta afleiðingar af aukinni starfsemi ríkisins og íhlutun um allan gang mála, sem orðið hefir mjög veruleg á þessu tímabili.

Á 13. gr. A liggur hækkunin í 365 þús. kr. auknu vegaviðhaldi og ca. 455 þús. kr. hækkuðum framlögum til nýrra vega og sýsluvega. Á 13. gr. B stafar hækkunin af 170 þús. kr. auknu framlagi til strandferða og 60 þús. kr. styrkhækkun til Eimskipafélags Íslands. Á 13. gr. C stafar hækkunin nærri öll af auknu framlagi til nýrra hafnargerða. Á 14. gr. B er 208 þús. kr. af hækkuninni aukið framlag til barnafræðslunnar, bæði aukin kennaralaun, ekki sízt vegna miklu fleiri kennara nú en áður, og ennfremur framlög til barnaskólabygginga; 183 þús. stafa aftur á móti af auknum tillögum til héraðs- og gagnfræðaskóla.

Þá kem ég að 16. greininni, en þar hefir aðalhækkunin orðið, eins og kom fram áðan, þar sem greiðslur hafa hækkað um nálega 2 milljónir króna, og yrði of langt upp að telja allar þær hækkanir og þá nýju liði, sem þar eru.

Aðalliðina vil ég þó benda á, ýmist alveg nýja eða hækkaða frá 1936 (allir nýir nema jarðræktarstyrkur, þar hækkun):

Nýbýlasjóður	kr.	180000
Atvinnubætur	—	520000
Jarðræktarstyrkur	—	525000
Verkfærakaupasjóður	—	60000
Búfjárrækt	—	42000
Byggingar- og landnámssjóður	—	250000
Verkamannabústaðir	—	142000
Kartöfluverðlaun	kr.	30000
Kreppulánasjóður	—	250000
Mjólkurbúastyrkir	—	60000
Vextir af fasteignaveðslánum	—	85000
Veðurstofan	—	66000
Iðnlánasjóður	—	25000

Ennfremur margar aðrar hækkanir minni til nauðsynlegra framkvæmda. Aftur á móti voru framlög í fjárlögunum fyrir árið 1926, sem ekki voru 1936, svo sem til kæliskips 350 þús. og Flóaáveitu 225 þús. kr., en heildarhækkunin, eins og áður er um getið, samt. nálega 2 millj. kr.

Á 17. gr. stafar hækkunin af auknu framlagi vegna berklasjúkra, 300 þús. kr., aukinni þátttöku ríkissjóðs í fátækraframfæri, kr. 160 þús., og auknum framlögum til tryggingarmála, kr. 300 þús.

Um lækkunina, sem orðið hefir á 12. gr., er það að segja, að hún er vegna þess, að árið 1926 var varið 330 þús. kr. til bygginga á nýjum sjúkrahúsum, þannig að raunverulega hefir árlegur kostnaður við heilbrigðismál vaxið allverulega á tímabilinu, eins og eðlilegt er, þar sem bæði Nýi Kleppur og landsspítalinn hafa bætzt við á þessum árum, og töluverður rekstrarhalli er á báðum þeim sjúkrahúsum.

Hvaða ályktun er þá hægt að draga af þeim samanburði, sem hér hefir verið gerður á greiðslum úr ríkissjóði árin 1926 og 1936? Í fyrsta lagi að mínum dómi þá, að beinn kostnaður við rekstur þjóðarbúsins hafi vaxið furðulega lítið þessi ár, eins og bezt sést á því, að hækkanirnar á 10. gr. og að nokkru leyti á 11. gr. eru smávægilegar, samanborið við aðrar hækkanir, og í framhaldi af því, að svo að segja öll þessi hækkun, sem orðið hefir, er vegna stuðnings við atvinnuvegina (16. gr.), aukinna samgangna (13. gr.),aukinna framlaga til hjálpar sjúkum mönnum, til tryggingarmála og fátækraframfæris (17. gr.) og aukið framlag til fræðslumála (14. gr.). Þessi samanburður sannar þá einnig glögglega það, sem ég hefi stöðugt haldið fram, að hinar margendurteknu deilur milli flokkanna hér, innan þings og utan, um upphæð ríkisútgjaldanna, eru ekki deilur um bein og bitlinga, heldur deilur um það, hversu miklu rétt sé að verja af sameiginlegu fé landsmanna til styrktar atvinnuvegunum og almenningi um hendur Alþingis og ríkisstjórnarinnar.

Það er eftirtektarvert, að fjöldi þeirra þingmanna, sem átt hafa sæti hér á Alþingi þessi umræddu 10 ár, og allir þingflokkar, telja sér það til gildis, að hafa verið meðmæltir yfirgnæfandi meiri hluta þeirra mála, sem ég hefi nú gert grein fyrir og hafa haft kostnað í för með sér, þótt hinu sé ekki að leyna, að sumir flokkanna hafa lítið að því unnið að hrinda málunum fram. Og það er ekki síður eftirtektarvert, að þeir flokkar, sem mest gera að því að deila á aðra fyrir há ríkisútgjöld, gera síður en svo minna að því en aðrir að eigna sér vinsældirnar af framlögum þeim til nauðsynjamála, sem valda yfirgnæfandi meiri hluta útgjaldanna. Hver myndi ekki hrósa sér af því, að hafa verið með því að fjölga sjúkrahúsum, að auka framlög til vega og auka og bæta strandferðirnar?

Að leggja fram fé til hafnargerða, eða efla unglingafræðsluna, að auka jarðræktarstyrkinn, að leggja fram fé til byggingar- og landnámssjóðs, að veita fé til kreppulánasjóðs, hækka styrk til berklavarna og auka framlag til fátækramála og sjúkra- og ellitrygginga? — Svona mætti lengi telja. Um það þarf ekki að deila, að yfirgnæfandi meiri hluti þessara greiðslna gengur til nauðsynlegra mála. Um hitt getur verið ágreiningur, hversu mikilli heildarfjárhæð er hægt að verja í þessu skyni og á hvern hátt eigi að afla hennar. Af þessu á einnig að geta orðið ljósara en áður, að ef verulega á að færa niður greiðslur ríkissjóðs, þá verður slíkt ekki gert á annan hátt en þann, að skerða framlög til framkvæmda, sem taldar eru nauðsynlegar. Þetta verður þó vafalaust að gera að einhverju leyti, og kem ég inn á það síðar. Vegna þeirrar tiltölulega litlu hækkunar, sem orðið hefir á beinum útgjöldum vegna rekstrar þjóðarbúsins síðastliðin 10 ár, og sparnaðar, sem framkvæmdur var í byrjun síðasta kjörtímabils, er ekki hægt að búast við neinum verulegum sparnaði á þeim lið, þótt sjálfsagt sé að gera ýtrustu tilraunir til að færa þau gjöld niður, og ekkert nema gott um það að segja, að skynsamleg gagnrýni frá stjórnarandstæðingum á hverjum tíma veiti aðhald um allan þesshátt kostnað.

Þá mun ég minnast á fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. þetta er að mestu leyti samhljóða fjárlagafrv. því, er lagt var fyrir síðasta Alþingi, en þó ber þess að geta, að greiðslur samkv. frv. eru um 270 þús. kr. hærri en samkv. frv., er lagt var fyrir síðasta þing. Er það aðallega vegna greiðslna, sem fjárveitinganefnd fyrir sitt leyti var búin að samþykkja áður en þing var rofið. Ennfremur hefi ég hækkað áætlunarfé til vegaviðhalds um 100 þús. kr. samkv. reynslunni. Frumvarpið gerir ráð fyrir greiðsluhalla, er nemur um 730 þús. kr., en ég skal taka það fram, að láðst hefir við samningu frv. að leiðrétta áætlun vaxtaútgjaldanna, sem þarf að hækka um 10 þús. kr., þannig að raunverulegur greiðsluhalli á frv. er um 900 þús. kr. Eru þá tekjurnar áætlaðar mjög svipað og þær reyndust árið 1936, en eins og gefur að skilja, þarf árið 1938 að verða betra tekjuár en 1936, til þess að útkoma fjárlaganna verði eins og gert er ráð fyrir. Liggur það í því, að útgjöldin fara alltaf eitthvað fram úr áætlun, hvernig sem gegn því er barizt. Ég verð þó að líta svo á, að ef ekki verður veruleg breyting á til hins verra um tekjuvonir ríkissjóðs, þá sé áætlunin sæmilega varleg, en þó ekki varlegri en svo, að ekki getur komið til mála að tefla í því á tæpara vað.

Eins og drepið hefir verið á hér að framan, hefir ekki tekizt undanfarin ár að greiða afborganir af föstum, samningsbundnum lánum ríkissjóðs, sem nú orðið nema 1,4 millj. kr. á ári, af tekjunum, heldur hefir reynslan orðið sú, að á móti þessum afborgunum hafa myndazt skuldir innanlands, aðallega í Landsbankanum.

Þótt þetta geti í raun og veru talizt sæmileg útkoma, að skuldirnar standi í stað, þá verður ekki við það unað til lengdar, sökum þess hve erfitt er um lántökur innanlands til þessara greiðslna og neyðarúrræði að leita út fyrir landið með slíkar lántökur. Af þessu leiðir það, að skapa verður fullan greiðslujöfnuð á fjárlögunum. Það má að vísu segja, að til mikils sé ætlazt, að ríkissjóður lækki skuldir sínar um 1,4 millj. kr. á ári, en ég tel ekki verða hjá því komizt að setja markið þar.

Nú er kunnugt, að áhugi mun vera fyrir því í þinginu að styrkja ýmsar framkvæmdir á sviði sjávarútvegsmála í framhaldi af því, sem gert hefir verið í þeim málum, og ennfremur vitað, að fjárpestin, sem geisað hefir undanfarið, mun hafa áframhaldandi kostnað í för með sér. Þá mun og vera áhugi fyrir að styrkja byggingar í sveitum, og einstakir þingmenn munu vafalaust bera fyrir brjósti ýms mál, sem kosta munu fé, ef til framkvæmda koma. Þegar þetta er athugað og þess gætt, að á fjárlagafrumv. er raunverulega 900 þús. kr. greiðsluhalli, sem á að vega upp á móti, þá sjá allir, að það er örðugt verkefni að skapa fullan jöfnuð á fjárlögunum, en það er verkefni, sem verður að leysa. Að mínum dómi verður fyrst að svipast eftir því, hvort ekki sé unnt að fella niður eitthvað af greiðslum, sem áður hafa verið inntar af hendi úr ríkissjóði og nauðsynlegar hafa verið taldar, en verja því fé til hinna nýju verkefna, sem verða að teljast enn nauðsynlegri. En þess verða menn þá vel að minnast, að til slíkra úrræða yrði gripið sumpart til þess að mæta þeim breytingum á tollamálunum, sem nú hefir þegar verið lýst, og sumpart til þess að komast hjá stórfelldum niðurskurði á framlögum til heilbrigðismála, menntamála og samgöngumála og framlögum til beins stuðnings fyrir atvinnuvegina: landbúnað og sjávarútveg. Að þeirri leið athugaðri til fullrar hlítar, er vitaskuld ekki um annað að ræða en að auka tekjur ríkissjóðs frá því, sem nú er. Ég ætla ekki að fara út í það að sinni, með hvaða móti slíkt myndi verða gert, en tek það þó fram, að þar sem beinar skattálögur eftir efnum og ástæðum eru nú mjög háar orðnar, þá mun varla um það að ræða, að veruleg upphæð fáist með hækkun þeirra einna. Enginn vafi leikur þess vegna á því, að grípa yrði til hækkunar á þeim almennu gjöldum, sem nú eru á lögð, eða leggja á ný með tilliti til breytinganna, sem orðið hafa í viðskiptum okkar.

Eins og kunnugt er, þá hefir þeirri stefnu verið fylgt um ríkisábyrgðir undanfarin ár, að forðazt hefir verið að takast á hendur ábyrgðir fyrir erlendum lánum. Síðan á árinu 1934 mun ekki hafa verið tekin ábyrgð á neinu erlendu láni, nema til eins fyrirtækis, rafveitu á Ísafirði, sem áður hafði verið gefið loforð um. Hinsvegar hafa verið teknar nokkrar ábyrgðir á lánum innanlands. Ástæðan til þessarar stefnubreytingar var sú, að hinar mörgu ábyrgðir ríkissjóðs erlendis voru farnar að hafa slæm áhrif á lánstraust landsins út á við, og eins og sakir stóðu um gjaldeyrisástandið, var mjög varhugavert að sækjast eftir erlendum lánum yfirleitt. Fyrir undanförnum þingum hafa þó legið margar beiðnir um ábyrgðir á erlendum lánum, en afgreiðslu þeirra mála hefir verið frestað, ekki sízt með það fyrir augum, að sýnt yrði, hvort ekki yrði hægt að fá lán til nytsamlegra stórfyrirtækja hér án ríkisábyrgðar. Reynsla sú, sem

fengizt hefir í þessu, verður hinsvegar að teljast sú, að mjög erfitt sé að koma slíku í kring, ekki sízt vegna þeirra gjaldeyriserfiðleika, sem við eigum við að búa. Af þessu virðist mega draga þá ályktun, að vel gæti það legið fyrir, að annaðhvort yrði að fresta þeim stórfyrirtækjum öllum, sem nú eru á prjónunum, eða Alþingi gæfi kost á einhverjum ábyrgðum. En hvað sem við kann að sýnast liggja, verður það að vera ljóst, að Alþingi hlýtur að sýna hina mestu gætni og festu í því að veita slíkar ábyrgðir.

Það er alveg víst, að fyrir þetta þing munu koma margar ábyrgðarbeiðnir, og það er einnig víst, að ef nokkurt vit á að verða í afgreiðslu þeirra, þá verður aðeins unnt að sinna fáum þeirra. Það er ekki unnt að ráðast í einu í byggingar allra þeirra stórfyrirtækja, sem nú virðast fyrirhuguð í landinu, og á ég þar sérstaklega við rafveitur. Það verður því að ákveða einhverja röð á þessum framkvæmdum. Þjóðin verður að gæta þess, að spilla ekki fyrir sér út á við með því að færast of mikið í fang á erfiðum tímum, jafnvel þótt um góðar og nauðsynlegar framkvæmdir sé að ræða. Þá hefir sú venja tíðkazt, að ábyrgjast allt andvirði þeirra stórfyrirtækja, sem ráðizt hefir verið í. Þetta nær engri átt. Ef ríkissjóður á að ganga í ábyrgðir fyrir fyrirtæki, þá má það ekki vera nema að vissum hundraðshluta, t. d. ekki yfir 75—80% af kostnaðarverði. Alþingi hefir ekki á hverjum tíma fullkomna aðstöðu til að meta það, hvort fyrirtæki, sem sótt er um ríkisábyrgð fyrir, eru raunverulega lífvænleg og réttmætt að rétta þeim hjálparhönd. Þeir, sem um slíkar ábyrgðir sækja, verða því að sýna trú sína á fyrirtækin með því að leggja sjálfir fram áhættufé. Það eru engin eða lítil takmörk fyrir því, hverskonar fyrirtækjum yrði komið hér á fót, ef þeirri reglu yrði framfylgt, að ábyrgjast allan stofnkostnaðinn fyrir hlutaðeigendur. Þá verður þess ekki síður að gæta, að ríkisábyrgð sé ekki veitt nema hennar sé full þörf og að það sé eðlilegt, að fé fáist ekki til framkvæmdarinnar með öðru móti. En fyrst og fremst verða menn þó að skilja það, þótt þeir hafi áhuga fyrir framgangi ýmissa mála, að ekki er mögulegt að gera allt í einu, og að það er óhugsandi, að lítið land eins og Ísland geti fengið nema takmarkað fjármagn að láni erlendis, jafnvel þótt það sé ætlað til nytsamlegra fyrirtækja, fyrirtækja, sem út af fyrir sig gætu staðið undir sjálfum sér. Gjaldeyrisástandið, sem ég mun fara um nokkrum orðum, sýnir það, að enda þótt atvinnuvegirnir hafi gengið betur á þessu ári en áður og meiri peningar séu í umferð manna á milli, þá er engu síður ástæða til varfærni en áður í öllu því, er snertir nýjar skuldbindingar þjóðarinnar út á við.

Þá sé ég ástæðu til að minnast á gjaldeyrishorfurnar. Samkv. síðustu skýrslu um innflutning og útflutning til loka septembermánaðar, nemur innflutningur og útflutningur hvor um sig ca. 40 millj. kr., og hefir verzlunarjöfnuði því sem næst verið náð. Á sama tíma í fyrra stóðu þessi mál þó nokkuð betur, því að þá var verzlunarjöfnuðurinn hagstæður um rúmar 2 millj. króna, en hins ber þá jafnframt að geta, að í landinu liggja nú mun meiri vörubirgðir en á sama tíma í fyrra. Virðast allar líkur benda til þess, að greiðslujöfnuður muni nást á þessu ári, ef vörur þær, sem óseldar eru, seljast svo sem við má búast. En hitt er ljóst, að innflutningurinn hefir hækkað svo verulega á árinu, eða um 9 millj. kr., að um verulegan afgang verður ekki að ræða. Af hverju stafar þá þessi hækkun á innflutningnum? Er það vegna þess, að neyzla erlendra eyðsluvara hafi aukizt, og að raunverulega hafi þannig verið linað á innflutningshöftunum og því eigi sparazt sá gjaldeyrir, sem ætla hefði mátt? Þessu má hiklaust svara neitandi. Að vísu liggur ekki fyrir yngri sundurliðuð skýrsla um innflutninginn en frá ágústmánaðarlokum þ. á. Þá var heildarinnflutningurinn orðinn rúmum 8 millj. kr. meiri en í fyrra um sama leyti, en þá voru eftirtaldir 5 vöruflokkar hærri en í fyrra sem hér segir:

Byggingarvörur	
höfðu hækkað um kr.	1325 þús.
Útgerðarvörur	
höfðu hækkað um kr.	3334 þús.
Rafmagnsvörur	
höfðu hækkað um kr.	595 þús.
Skip og vélar	
höfðu hækkað um kr.	683 þús.
Landbúnaðarvörur	
höfðu hækkað um kr.	310 þús.
eða samtals um kr.	6200 þús.

Það er þess vegna ljóst: að hækkandi innflutningur hefir stafað af aukinni síldarútgerð, af auknum framkvæmdum í byggingum, sérstaklega verksmiðjubyggingum og vélakaupum til þeirra, af auknum innflutningi rafmagnsvara, og þó er þar ekki meðtalinn innflutningur, sem gengur beint til rafveitanna sjálfra. Það, sem er eftir ótalið af innflutningshækkuninni, er bein afleiðing af verðhækkun á vörum á erlendum markaði. M. ö. o., eða þrátt fyrir svipaða framkvæmd innflutningshaftanna og undanfarin ár, þá hefir innflutningurinn hækkað af framangreindum ástæðum um 9 millj. kr. það, sem af er árinu, og ekki sýnilegt, að gjaldeyrisafgangur verði frá árinu, sem neinu nemur í árslok. Ein meginástæðan enn til þess, að þetta yfirstandandi ár nær ekki að verða það góðæri í verzlun okkar út á við sem allar venjulegar ástæður bentu til, er vitanlega örðugleikinn, sem er á fiskútflutningi. Fiskverðið hefir ekkert hækkað og útflutningurinn á fiski virðist tæpast muni ná sömu fjárhæð og síðastl. ár, og þó var hann þá það lægsta, sem orðið hefir um fjölda ára, eða 9 millj. kr. lægri en árið 1933 t. d. Þá er ennfremur þess að geta, að verð á saltsíld hefir ekkert hækkað, og þannig hefir verðhækkunin ekki náð til fisksins eða síldarinnar, sem venjulega hafa náð því að vera helmingur alls útflutningsins. Verðhækkun mun hinsvegar undantekningarlítið hafa náð til alls innflutningsins. Að þessu athuguðu er engin ástæða til neinnar sérstakrar bjartsýni um viðskiptin út á við, þótt ástand atvinnuveganna hafi batnað allverulega á þessu ári. Af þeim tölum, sem ég hefi nefnt, verður að draga þá

ályktun, að ekki sé unnt að slaka til á innflutningshöftunum í næstu framtíð — því miður. Sú fullyrðing, sem menn heyra daglega, að hægt sé, vegna batnandi árferðis, að veita þennan eða hinn innflutninginn fremur nú en áður, á sér því miður enga stoð í veruleikanum.

Enda þótt síðasta ár hafi mátt teljast gott ár yfirleitt, þegar frá eru talin þau stórfelldu óhöpp, sem leitt hefir af fjárpestinni, þá má ekki gleyma því, að enn hefir ekkert rætzt úr um markað fyrir þá vöru, sem fram á árið 1934 var aðalútflutningsvara landsmanna, saltfiskinn, og við megum ekki gleyma því, þótt síldin hafi reynzt vel í ár, að á meðan svo stendur um fiskmarkaðinn að öðru leyti eins og nú er verðum við að fara varlega.

Magnús Jónsson: Fjárlagafrv. það, sem nú hefir verið lagt fyrir Alþingi, er, eins og vænta mátti, nálega óbreytt frá því frv., sem lagt var fyrir þingið í vetur.

En þó er það ekki alveg eins, og það er vert að taka eftir því, þótt lítið sé, að munurinn liggur í nokkurri hækkun, svo að enn hefir hæstv. fjmrh. tekizt að leggja fyrir þetta hv. Alþingi hæsta fjárlagafrv., sem fram hefir komið á Íslandi. Gjöld á rekstrarreikningi eru kr. 15338940 á móti kr. 15090557 í vetur, eða kr. 248383 hærri en þá. Þetta er að vísu ekki mjög mikið, en það sýnir gróandann, sem er í eyðslunni, að þessa fáu mánuði, sem frumvarpið hefir legið í vermireit stjórnarinnar, hefir það þó skotið þessum frjóanga, upp á nærri því hálft 3. hundrað þúsund krónur. — Hefði það einhverntíma þótt skildingur, og þetta hefir skeð án þess svo að segja nokkur hafi hreyft við því. Áætlaður rekstrarafgangur hefir lækkað úr 750483 kr., í 487100 kr., eða um 263383 kr. — Á sjóðsyfirliti hefir jafnaðarupphæðin einnig færzt upp, úr 16715,6 þús. í 16988,9 þús. eða h. u. b. 273 þús. Og í stað þess að í vetur var gert ráð fyrir, að ríkið vantaði 437,7 þús. krónur til þess að geta innt af hendi allar greiðslur, sem falla eiga til á árinu 1938, þá er nú gert ráð fyrir, að á vanti 726 þús. kr., þegar taldar eru með umsamdar afborganir lána, en þær verður að inna af hendi engu síður en annað. Og nú hefir ráðh. upplýst, að fallið hafi niður ein upphæð, svo að það, sem á vantar, sé raunverulega um 900000 kr.

Allt stefnir þetta í sömu áttina eins og verið hefir undanfarandi. Þar er sífelld hækkun, hvort sem litið er á jöfnuð rekstrarreiknings eða sjóðsyfirlits. Frá 1932 hefir þessi hækkun á rekstrarreikningi komizt úr 10494,5 þús. upp í 15826 þús. í þessu frv., eða liðlega 50% hækkun á 7 árum. En á sjóðsyfirliti nemur þessi hækkun vitanlega talsvert meiru, því að ein aðalhækkunin er á afborgunum skulda. Þar er hækkunin úr 10992,4 þús. í 16988,9 þús. — Í tíð núverandi stjórnar er þessi hækkun jöfn og viss frá ári til árs. Núv. hæstv. fjmrh. hefir alltaf, á hverju fjárlagaþingi, orðið að bera fram hæsta fjárlagafrv., sem sézt hefir á Alþingi. Hann bar því við, þegar hann bar fram sitt fyrsta fjárlagafrv., að hækkunin stafaði af því, að nú væri allt rétt áætlað. En þessi afsökun getur ekki gilt um hækkanir frá ári til árs. — Þar verður að horfast í augu við þann beiska sannleika, að fjármálunum er þannig stjórnað, að sífelld hækkun hefir verið, er og verður með hverju nýju frumvarpi, hækkun langt umfram eðlilega hækkun vegna mannfjölgunar í landinu. Það leiðir af stjórnarstefnunni.

Ef maður á hinn bóginn vill fá samanburð við fjármálastjórnina meðan aðrir réðu, þá verður að reikna fjárlagafrv. dálítið um. Ef þetta fjárlagafrv. væri sett upp eins og gert var áður, myndi jafnaðarupphæð þess vera um 20,3 millj. króna, á móti fjárlagafrv. fyrir 1925, sem nam 7245,6 þús., og er það ekki nein smáræðis saga um fjármálastjórn landsins, sem þarna hefir gerzt á þessu stutta tímabili.

Ég veit ekki, hvort menn gera sér í raun og veru fullkomlega ljóst, hvað það er, sem hér er að gerast. Menn tala um siaukna eyðslu, og það með réttu. En það er annað, miklu afleiðingaríkara, sem hér er að ske, og það er þetta, að með hinum sífhækkandi fjárlögum er ríkið að draga undir sig meira og meira af starfsfénu í landinu. Það er þjóðnýting sósíalista, sem hér er verið að framkvæma. Einstaklingarnir eru látnir afhenda meira og minna af eignum sínum og aflafé til ríkisráðstöfunar. Fénu er dælt úr rekstri einstaklinganna í rekstur ríkisins. Og menn verða nú að stinga við fæti og athuga, hvorum þeir treysti betur til þess að ráðstafa fé sínu, sér sjálfum eða ríkinu. Báðir geta ekki ráðstafað sama fénu. Verði svona haldið áfram, líður ekki á löngu þar til íhlutun einstaklinganna um fjármál er orðin hverfandi lítil. Þeir verða aðeins vinnudýr, sem smala fénu, en verða svo að afhenda mestan part þess því opinbera til ráðstöfunar. — Það er dálítið neyðarlegt, að það, sem sósíalistum er neitað um þegar þeir koma ógrímuklæddir, því er ausið í þá báðum höndum, þegar þeir birtast í sauðargæru skattalöggjafarinnar.

Ég vil þá næst víkja að hag ríkissjóðs, eins og hann er nú. — Öll undanfarin ár hafa sýnt afgang á rekstrarreikningi fjárlagafrumvarpanna, og ætti það að boða siaukna auðsæld.

En er þá hagurinn raunverulega góður? Ekki verður það sagt um sjálfan ríkissjóðinn, ríkiskassann. Hann á nú ekkert handbært fé, nema það sem hann fær lánað jafnóðum. Ríkisféhirðir tekur það fé, sem greiða þarf, út úr reikningsláni í Landsbankanum, og er nú sú skuld, að ég bezt veit, nokkuð hátt á 4. milljón króna. En auk þess skuldar svo ríkissjóður Landsbankanum víxla o. fl., sem nemur ekki fjarri milljón króna. Það mun vera þetta, sem formaður bankaráðs Landsbankans átti við, þegar hann sagði í blaðagrein í sumar, að ríkissjóður hrúgaði upp lausaskuldum. Og hve heilbrigt þetta er, má sjá af því, að í Landsbankalögunum er seðlabankanum bannað að lána ríkissjóði annað en skyndilán, lengst til 3 mánaða og aldrei meira en ¼ af stofnfé bankans, enda skal jafnan greiða slík lán upp við áramót. En nú er bein yfirdráttarskuld ríkissjóðs um það bil jöfn og allt stofnféð, og hefir staðið meira en 3 mánuði og verður víst tæplega greidd upp fyrir áramót. Sennilegra að hún haggist ekkert.

Það getur verið, og er vonandi, að þessi tími sé eitthvað óheppilegur, tekjur ekki komnar inn og annað slíkt. En þess ber þá líka að minnast, að mjög stórar greiðslur af erlendum lánum eiga að fara fram síðari mánuði ársins, svo sem af dönskum lánum o. fl. Auk þess er nýfarin fram greiðsla vegna enska lánsins frá 1930, sem mun hafa tæmt alla tekjumöguleika í bráð, svo að það verður víst því miður ekki um að ræða á þessu ári annað en að halda áfram að lifa á lánsfé og bónbjörgum.

Ég vil svo víkja að hag þjóðarinnar, eins og hann kemur fram í greiðslujöfnuðinum út á við. Og ég geri það sérstaklega vegna þess, að hæstv. fjmrh. lagði á þetta atriði megináherzluna í fjárlagaræðu sinni á þinginu í vetur. Hann sagði þá, að hann hefði í fjárlagaræðu 1934 sett þetta mál, greiðslujöfnuðinn við útlönd, sem stefnumark sitt. Og nú taldi hann þessu marki náð með afkomu ársins 1936. Hann segir í niðurlagi ræðunnar: Allt hefir verið látið víkja fyrir þeirri nauðsyn að ná greiðslujöfnuði við útlönd, og það með þeim árangri, að þrátt fyrir lokun Spánarmarkaðsins hefir greiðslujöfnuður náðst!

Þegar ráðherrann sagði þetta, hillti undir kosningar framundan, og þetta var nú helzti fjármálasigurinn, sem hann gat komið með.

En hvað var nú til í þessu? Ég hefi svo oft lýst því áður í ræðu og riti, og ég skal ekki endurtaka það hér. En meðal annars var þessari útkomu náð með því að sleppa alveg úr reikningnum því, að vörubirgðir í landinu höfðu minnkað um margar milljónir, og auk þess var það á allra vitorði, að innflutningur til landsins hafði beinlínis verið hindraður til bráðabirgða til þess að láta útkomuna um nýárið skarta sem fegurst í sigurmerki fjármálaráðherrans. — Þessi sannleikur, sem borið var á móti þá í svip, kom mjög áþreifanlega í ljós í innflutningi næsta, þ. e. yfirstandandi árs. Þetta sést í síðustu innflutningsskýrslu, sem nær til sept.loka þ. á. Þar er innflutningurinn orðinn 40180220 kr. móti 31033180 á sama tíma í fyrra, eða yfir 9 millj. og 100 þús. kr. hærri. Í stað þess að á þeim tíma í fyrra nam útflutningurinn nærri 2 millj. og 200 þús. kr. meira en innflutningur, er þessi jöfnuður nú óhagstæður um 200 þús. krónur. Útkoman er því h. u. b. 3½ millj. lakari nú en þá, þrátt fyrir hin geysilega hörðu tök innflutningsnefndar, sem ráðh. sagði, að allt af væri verið að herða á. Enda er nú orðin svo áberandi vöruþurrð, að það er jafnvel sagt, að nú sé farið að verða lítið úrvalið af þeim vörum, sem stjórnin hefir annars séð bezt yfir, en það er vín og tóbak. Fiskbirgðir hafa og enn minnkað síðan í fyrra.

Hinn falski greiðslujöfnuður hæstv. fjmrh. hefir því kannske gert sitt gagn fyrir Framsfl. í kosningunum — en hann hefir því miður lítið gagnað þjóðinni sjálfri, frekar en annað, sem ekki er sannleikanum samkvæmt. Þetta ár hlýtur að koma út með greiðsluhalla.

Hagur bankanna út á við er líka skýrt dæmi um þetta sama. Þrátt fyrir mikinn og verðmætan útflutning síldarafurða er greiðsluhagur bankanna nú afarerfiður. Skuldir þeirra eru hærri en á sama tíma í fyrra, og er lánsþol þeirra spennt upp að hámarki. Þetta finna þeir vel, sem yfirfærslur þurfa að fá. Það hefir víst sjaldan verið erfiðara en nú. Nýútkomin reglugerð um það, að mönnum sé bannað að hafa íslenzka seðla með sér úr landi, nema mjög takmarkað, virðist og benda á, að aukin brögð séu að því, að menn grípi til þess örþrifaráðs, að fara með íslenzka seðla úr landi og selja þá þar fyrir hvað sem fyrir þá fæst.

Þetta er nú það Paradisarástand, sem hæstv. fjmrh. þóttist vera búinn að skapa, þegar hann stóð hér á þessum stað í vetur og tilkynnti þjóðinni fyrir kosningarnar, að greiðslujöfnuði væri náð!

Þá kem ég að skattaboðskap hæstv. fjármálaráðherra.

Þegar hinum stórkostlegu nýju sköttum var bætt á þjóðina 1934 og 1935, var látið í veðri vaka, að lengra yrði ekki farið á þeirri braut. Enda mun og flestum hafa fundizt, að nú væri svo komið, að landamærunum væri náð. Lengra væri ekki hægt að komast. Tekju- og eignarskatturinn varð svo hár, að þegar aukaútsvar bættist við, gat það komið fyrir, að fyrirtæki yrðu að borga meira en allan ábata sinn í þessi tvenn gjöld. Gamansamur náungi þóttist hafa reiknað út, að ef Íslendingur, sem hefði 7000 króna tekjur, fengi Nobelsverðlaunin, sem munu vera um 275000 kr., þá yrði hann að borga af þeim í tekjuskatt og aukaútsvar 1300 kr. meira en öll verðlaunin! Tollar voru gífurlega hækkaðir og ný gjöld upp tekin.

Að vísu hefir því jafnan verið haldið fram af hæstv. fjmrh. og blöðum hans, að tollar og skattar hafi þrátt fyrir þetta ekki hækkað, þ. e. að svo eymdarlegur sé hagurinn orðinn, að allar þessar hækkanir verði að engu. En þetta hefir nú verið kveðið niður, og það af hinum opinberu verzlunarskýrslum hagstofunnar, þar sem birt er skrá um hæð tollanna miðað við innflutninginn.

Ef reiknað er í 5 ára tímabilum, frá 1920 (ársbyrjun 1921), verða tölurnar þessar, er sýna, hve mörgum af hundraði tollarnir nema af verðmæti innflutningsins:

1921—1925	7.2%
1926—1930	10.1%
1931—1935	13.7%

Síðasta tímabilið, sem felur í sér það, sem til er af stjórnartímabili núverandi stjórnar, eru því tollarnir orðnir nærri helmingi hærri, miðaðir við verðmagn innflutningsins, en þeir eru tímabilið 10 árum fyrr.

En sé þetta reiknað eftir árum frá 1929, verða tölurnar þessar:

1929	10.0%
1930	10.8%
1931	13.3%

Hér er því jöfn hækkun.

Svo koma millibilsárin:

1932	12.4%
1933	13.4%

Hér lækka þeir fyrst, en ná svo líðlega því sama hlutfalli og 1931. Hlutfallið stendur sem sé h. u. b. í stað þessi ár.

Svo kemur útkoma núverandi stjórnar. Ef reiknað er aftur frá 1933:

1933	13.4%
1934	13.7%
1935	15.5%

Hér fer núverandi stjórn að ná sér á strik.

Því miður ná ekki verzlunarskýrslur lengra. En séu teknar bráðabirgðatölur um innflutninginn 1936, og til samræmis bráðabirgðatölur um tolltekjurnar fyrir 1936 úr fjármálaræðu Eysteins Jónssonar, sem ættu að vera sambærilegar, verður hlutfallið það ár:

1936	16.75%

Hér er því í tíð núv. stjórnar sönnuð hækkun úr 13.7 í 16.75.

Eftir þetta bjuggust menn við friði. Ef jafna þurfti halla á búskapnum, lá ekki annað fyrir en að draga úr gjöldunum. — Þetta var gert með samstarfi í fjárveitinganefnd milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í nefndinni. Þá tókst nefndinni, án þess að koma nokkursstaðar tilfinnanlega við, að lækka gjöldin um h. u. b. 1 millj. kr.

En þá skeði það, sem er svo ákaflega nöpur lýsing á ástandinu: Framsóknarmenn láta neyða *sig til svo gífurlegra nýrra útgjalda*, að ekki aðeins fyllti upp í þetta milljón króna skarð, sem höggið hafði verið, heldur nam annari milljón í viðbót! Og þetta var svo reynt að bæta upp með gamla laginu, að herða enn á skattaklafanum.

En sem sagt, eftir það þóttust menn vissir um, að lengra yrði ekki gengið. Og jafnvel fjmrh. mun þá hafa verið þeirrar skoðunar, að lengra mætti ekki ganga.

Ýmsum mun því hafa brugðið nokkuð í brún, þegar flokksþing Framsfl. í febrúar síðastl. steinþagði um þetta mál. Þar mátti ekki með einu orði mótmæla nýrri hækkun skatta. Og svo á miðju sumri birtist hér í dagblaði þessa flokks grein eftir einn af forstjórum S. Í. S., þar sem talið er nauðsynlegt að leggja á stórkostlega nýja skatta. En það er alkunnugt, að málefnum ýmsum virðist ekki síður stjórnað þaðan en frá þeim stað, þar sem stjórnarskrá landsins gerir ráð fyrir að völdin séu.

Og nú kemur þetta á daginn. Ráðherrann boðar nýja skatta. Enn á að vega í hinn sama knérunn.

Það verður að vísu ekki sagt um það með vissu, hve miklu skattabyrði þjóðarinnar nemur nú samanborið við heildartekjur hennar. En sé miðað við tekjuhlið fjárlaganna og bætt við hana gjöldum *til bæjar- og sveitasjóða*, sem sennilega mun mega telja eitthvað á 7. milljón, þá er líklega ekki fjarri því, að það opinbera taki þriðja hvern pening, sem þjóðin aflar.

Hvernig er nú þjóðin viðbúin nýjum sköttum upp á milljónir?

Þeir svara fyrir sig bændurnir, þar sem fjárpestin hefir geisað og murkað niður bústofninn — og reyndar hinir líka, sem sjá hilla undir þennan voðagest. Þeir svara fyrir sig á Suðurlandi og Vesturlandi og parti af Norðurlandi, sem fá þessa kreppuhjálp rétta að sér ofan á tíðarfarið í sumar.

Þeir svara fyrir sig útgerðarmennirnir, sem eiga nú að kaupa allt miklu hærra verði, olíur, veiðarfæri, salt, kol og hvað sem er, en hafa ekki von á öðru á móti en sífellt þrengri markaði og lækkuðu fiskverði. Og ofan á það verzlunaránauð, sem varnar að selja þá einu vöru, sem nú virðist útgengileg.

Þeir svara fyrir sig mennirnir, sem lifa á kaupgreiðslum og sjá vaxandi dýrtíð á öllum sviðum naga utan úr hverri krónu, sem þeir fá handa milli.

Það er alveg áreiðanlegt, að aldrei hafa nýir skattar verið boðaðir með gífurlegri órétti en nú.

Að lokum verð ég svo að minnast ofurlítið á pólitíska ástandið í landinu. Ekki af því, að ég ætli mér að gera þetta að pólitískri ræðu, enda er nú ræðutíma minum langt komið, heldur af því, að pólitíska ástandið og horfurnar eru mjög mikilsvarðandi þáttur í fjármálum framtíðarinnar.

Ég sýndi fram á það í upphafi ræðu minnar, að hin sífellda hækkun fjárlaganna og þar með hækkun skattanna stafaði af fjármálastefnu, sem alltaf hlyti að hafa þetta í för með sér. Haldi henni áfram, þá er ekki neinum áfanga náð með þessu fjárlagafrumvarpi og þessari skattahækkun. Það heldur áfram, alveg óstöðvandi, af því að takmarkið er fullkominn dauði einstaklingsrekstrar í atvinnulífinu. Hækkun fjárlaga og skatta er leið til þjóðnýtingar og því ekkert annað en rökrétt stefna sósialista hér sem annarsstaðar

Þetta er þjóðin farin að sjá, og hún vill ekki þetta. Ef kosningarnar síðustu sýndu nokkuð, þá sýndu þær vilja þjóðarinnar í þessu efni. Hún kaus þá, sem hún treysti til að vera á móti þjóðnýtingu. Hún kaus Sjálfstæðisfl., þó að kosningafyrirkomulagið yrði þess valdandi, að hann fékk ekki þingmannatölu sem svaraði fylgi hans. Og hún jók fylgi Framsfl., af því að hún trúði því, sem forsætisráðherra þess flokks lýsti yfir um þetta efni.

Hinir tveir stjórnarflokkar skildu að skiptum á síðasta þingi, út af þjóðnýtingunni. Forsrh. sagði við það tækifæri m. a., eftir að hann hefir nefnt þjóðnýtingarkröfu Alþfl.: „Tel ég, að Alþfl. hafi gengið út af þeim samstarfsgrundvelli, sem gilt hefir milli Framsfl. og Alþfl.“. Og síðan segir hann: „En það má vera Alþfl. ljóst, samkv. margyfirlýstri stefnu Framsfl. og samkv. hinni glögglega mörkuðu afstöðu á síðasta flokksþingi framsóknarmanna, að Framsfl. gengur ekki inn á framkvæmd þeirra mála, sem eingöngu heyra til sérstefnu Alþfl. — *þjóðnýtingarstefnuna*“. *Og enn bætir hann við*: „Og þegar Alþfl. ber slík sérstefnumál sín fram hér á Alþingi og krefst þess, að þau verði samþ., þá hlýtur hann að gera sér ljóst fyrirfram, að það leiðir til samvinnuslita við Framsfl.“. — Ræðu sína endaði hæstv. forsrh. svo með upphrópun til flokksmanna sinna um allt land, að vera viðbúnir kosningum. Þetta: Hinn fullkomni skilnaður við sósialistana út af þjóðnýtingarkröfunni var kosningamál Framsóknar.

Hæstv. atvmrh. tók svo af skarið af sinni hálfu um þetta, m a. með þessum ályktunarorðum: „Af þeim ástæðum, sem ég nú hefi greint, verð ég fyrir hönd Alþfl. að tilkynna hæstv. forsrh., að Alþfl. getur ekki haldið áfram samstarfi á Alþingi við Framsfl. né samvinnu við hann um stjórn landsins, að óbreyttri þessari afstöðu Framsfl.“

Nú er það alþjóð kunnugt, að flokkarnir héldu samt áfram „samvinnu um stjórn landsins", sem hæstv. atvmrh. svo kallaði. Og nú er það einnig orðið alþjóð kunnugt, að samstarfið hefir komið fram í því litla, sem gerzt hefir á Alþingi. Formaður Alþfl. hefir eins og áður verið kosinn í mestu virðingarstöðu Alþingis af framsóknarmönnum og ráðherrarnir sitja hlið við hlið í stólum sínum.

Hvað hefir hér gerzt bak við tjöldin, og hvað er að gerast?

Hnefahögg forsætisráðherra í borðið frammi fyrir þjóðinni í þinglokin síðast sópaði fylgi að Framsfl. Var þá samtímis hin hönd hans að strjúka vanga sósialistanna í laumi? Þetta mun bráðlega koma í ljós.

En sé það svo, að Framsfl., sem er kosinn upp á samvinnuslit hans við sósialista, ætli sér að gera að nýju bandalag við þá — þá verður það skýlaus krafa, að hann gangi til kosninga upp á þá stefnu. Þjóðin, sem lét í ljós velþóknun sína á samvinnuslitunum, á að fá að segja skoðun sína á hinni nýju samvinnu við þennan sama flokk.

Hér er m. a. fjármálaheilbrigðin í veði. Fjárhag landsins verður aldrei stjórnað, meðan hin grímuklædda þjóðnýtingarstefna er við völd. Það þýðir lítið að mótmæla þjóðnýtingu á flokksþingum, ef sama stefnan er látin sigla þöndum seglum grímuklædd.

Síðustu kosningar sýndu það alveg skýlaust, að mjög mikill meiri hluti þjóðarinnar er andvígur þjóðnýtingu, andvígur því, að atvinnuvegir landsmanna séu mergsognir til þess að ríkið veiti því fé í þá hluti,sem að vísu eru góðir, en þó gagnslausir, nema blómlegt atvinnulíf beri þá uppi.

Þessum skýlausa þjóðarvilja verður hið nýkosna Alþingi að svara.

Þorsteinn Briem: Það er nú þegar liðinn hálfur mánuður síðan þingmenn Framsfl. komu saman hér í Reykjavík til að ráða ráðum sínum. Og nú í kvöld er liðin rétt vika af sjálfu þinginu. En nú fyrst á 7. degi þingsins er fyrsta frv., sem fram er komið frá stjórninni, tekið til meðferðar. Öðrum stjórnarfrv. hefir ekki enn verið útbýtt, og þingfundir alls ekki boðaðir suma dagana, sem af er. Varla getur það verið slóðaskap einum að kenna hjá stjórninni, að hún eyðir svo gálauslega tíma þingsins og lætur upp undir 100 manns sitja hér á launum án þess að fundir séu boðaðir. Hér hlýtur eitthvað annað að valda þessum óvenjulega drætti og seinlæti.

Samsuða stjórnarflokkanna hlýtur að hafa gengið eitthvað seinlega, eða a m. k. verið kekkir í grautnum. Um einn kökkinn er vitað, sem ef til vill hefir komið öðrum stjórnarflokkum a. m. k. óþægilega í háls. Það er, að kommúnistar skyldu gera það að skilyrði fyrir samruna sósialista- og Kommfl., að sósialistar yrðu að blessa rússneska blóðbaðið, afneita Trotskyismanum og falla frá öllum yfirlýsingum um að vinna að málum á grundvelli laga og þingræðis.

Um annan erfiðleika er og mjög talað meðal þeirra, sem kunnugir þykjast vera í stjórnarherbúðunum. Það er, að tvenn hafi verið um það sjónarmiðin í Framsfl., hver ætti að verða forsætisráðherra. Hefir orðhagur utanflokkamaður líkt horfunum í þeirri togstreitu í stjórnarherbúðunum við svissneskt veðurhús, þar sem konan er úti þegar gott er veður, en karlinn þegar versnar. Og hann bætti við: „Kerlingin var úti í gær, en nú er karlinn kominn út aftur".

Það er skiljanlegt, að slík togstreita geti tafið margt innan flokksins, jafnvel þótt vitað sé, hver muni verða hlutskarpari nú í bráð.

En loks eru ótaldir þeir erfiðleikar, sem eiga sínar eðlilegu orsakir í högum lands og þjóðar, eins og nú er komið. Og það er ekki nema eðlilegt, að stjórnarflokkunum gangi treglega að átta sig á þeim erfiðleikum nú, þar sem þeir hafa allt fram að þessu reynt að dylja raunveruleikann með ýmiskonar sjónhverfingum bæði fyrir sjálfum sér og öðrum.

Það var ekki lítill völlurinn á hæstv. fjmrh., þegar hann flutti fjárlagaræðu sína í vetur sem leið. Þá vitnaði hann til þess, að strax haustið 1934, þegar hann var nýtekinn við fjármálastjórn landsins, þá hefði hann lagt áherzlu á það í sinni fyrstu fjárlagaræðu, að stjórnin liti á það sem sitt stærsta verkefni að halda uppi fullum greiðslujöfnuði við útlönd.

Hann sagði, eins og rétt er undir öllum venjulegum kringumstæðum, að þótt fullur greiðslujöfnuður á fjárlögum og landsreikningi hefði mikla þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn, þá væri hitt aðalatriðið, að unnt væri að standa í skilum út á við þannig, að innflutningurinn yrði eigi meiri en það, að hægt væri að greiða hann og rentur og afborganir og aðrar ósýnilegar greiðslur af ársframleiðslu landsmanna. Og hann var því ekki lítið upp með sér í vetur, er hann tilkynnti þjóðinni það í útvarpinu, að þessu takmarki, sem stjórnin hefði sett sér að aðaltakmarki, væri náð. Hann talaði um þau feikna átök, sem núverandi stjórn hefði þurft að gera til að ná þessu marki. Hann útmálaði, hve viturlega innflutnings- og gjaldeyrisnefndin hefði hagað sínu ráði um takmörkun innflutningsins. Þó að það kæmi nú raunar í ljós síðar, að hún hafði veitt innflutningsleyfi fyrir vörum, sem nam a. m. k. 7—8 millj. fram yfir það, sem bankarnir gátu með nokkru móti yfirfært. En að bankarnir hafi teygt sig eins langt og þeir mögulega gátu í yfirfærslum, sést ljóslega af því, að viðskiptajöfnuður þeirra við útlönd versnaði á síðastl. ári um hátt á 2. millj. króna.

Hann útmálaði það á alla vegu, hve mjög hagur þjóðarinnar hefði batnað gagnvart útlöndum, þar sem útflutningurinn hefði numið „8,7millj." umfram innfl., og mundi sá mismunur því hrökkva fyrir vöxtum og afborgunum af erlendum lánum og öðrum slíkum greiðslum til útlanda á árinu.

Hann tók ekkert tillit til þess, að vörubirgðir af innlendum vörum til útflutnings voru um 4 millj. minni en árið á undan. Hann tók heldur ekki neitt tillit til þess, að þurrð var að verða í landinu af ýmsum erlendum neysluvörum, sem þó fóru síhækkandi, en enginn kostur var á að kaupa í tíma með lága verðinu, eins og nágrannaþjóðir vorar gerðu til að draga úr dýrtíðinni

hjá sér. — Og hann tók loks alls ekkert tillit til þess, að af framleiðsluvörum, sem nota þurfti á þessu ári, svo sem kolum og veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, hafði miklu minna verið keypt inn fyrir áramótin en venja var til.

Og þetta kom allt af þeirri einföldu ástæðu, sem hæstv. fjmrh. þóttist þó ekki vita, að viðskiptajöfnuður bankanna við útlönd hafði versnað svo á árinu, að þeir gátu ekki nema með sérstökum stuðningi landsstjórnarinnar yfirfært meira en gert var. Bankarnir hafa sýnilega teygt sig meira en hægt var í raun og veru í þessu efni. Það sýnir skýrsla hagtíðindanna og skýrsla þjóðbankans sjálfs. En samt vantaði um 4 millj. kr. til þess að hægt væri að yfirfæra gjaldeyri fyrir þær útgerðarvörur, sem búið var að veita innflutningsleyfin fyrir síðastl. ár, og hafa innflutningsleyfin þó væntanlega ekki verið umfram þörf. (Sbr. fjárlagaræða Eyst.J 23. febr. 1937. Alþt. 1937, C. bls. 222). Enda varð á fyrra helmingi þessa árs að kaupa útgerðarvörur fyrir 3 millj. hærri upphæð en árið áður.

Hæstv. fjmrh. hefir verið spurður að því, hvað væri eftir af þessum 8 millj., sem hann taldi útflutninginn nema umfram innflutning síðastl. ár, þegar búið væri að draga frá þessar 4 milljónir og þær 4 milljónir, sem fiskbirgðir voru minni í landinu um síðastl. áramót en árið áður. — En ég minnist þess ekki, að hann hafi svarað. Og er honum þó sízt tregt um tungutak.

Hæstv. fjmrh. virtist ætla, að hagur þjóðarbúsins stæði jafnvel eftir, þó að útflutningsvörubirgðir væru miklum mun minni og varanna til framleiðslunnar að miklu óaflað, ef aðeins ársreikningar hennar við útlönd stæðust nokkurnveginn á í árslokin. En þá hlýtur hann líka að ætla, að hagur bóndans sé jafngóður eftir, ef hann aðeins fær kvittað ársreikninginn við verzlun sína í haustkauptíð, þó að hann hafi ekki aðeins selt meira úr búi sínu og eigi því minni eign eftir, heldur eigi og að miklu leyti eftir að afla heyjanna, sem eru hans framleiðsluvörur. Þess vegna var hæstv. fjmrh. svo mikill á lofti í fjárlagaræðu sinni á þorranum, að hann gat talið sjálfum sér trú um þetta. Og þess vegna tókst honum og flokki hans að ávinna þau atkvæði, sem hann ekki fékk lánuð frá sósialistum og kommúnistum á síðastl. vori, að hann gat talið allmiklum hluta þjóðarinnar trú um þetta með sér. Því að nokkur hluti fólksins lét blekkjast af mikillæti hans. Það taldi hann hinn raunverulega leiðtoga flokks síns og trúði á fjármálavizku hans.

Þetta mikillæti hefir nú allmjög minnkað.

Það duldist ekki, er hæstv. fjmrh. flutti þessa haustræðu sína, að hann getur nú ekki lengur talið sér trú um sumt af því, sem hann hélt fram í vor, eða á þorranum.

Það er nú komið í ljós, sem ég benti á í svari mínu við fjárlagaræðuna í vetur, að dýrtíð þessa árs mundi koma fyrr og leggjast þyngra á allan almenning í landinu, vegna þess að ekki var unnt að kaupa meira af nauðsynjavörunum fyrir nýár. Ýmsar nágrannaþjóðir vorar hafa þar farið öðruvísi að. Þar lögðu stjórnirnar kapp á að ná sem mestum nauðsynjavörubirgðum inn í landið meðan verðhækkunin var í aðsigi, til þess að komast hjá aukinni dýrtíð meðan þess væri kostur. Þær hafa talið þjóðinni mest lífsspursmál að ná í erlendu vörurnar með skaplegu verði, meðan unnt var, jafnvel þótt það gengi út yfir viðskiptajöfnuðinn í bili. Þær hafa séð, að það var margfaldur skaði fyrir þjóðarheildina að sleppa því tækifæri. Því að það, sem viðskiptajöfnuður kynni að raskast af þeim ástæðum um stund, það mundi vinnast margfaldlega upp aftur á næstu mánuðum, meðan birgðirnar entust, og ekki þyrfti að kaupa eins mikið vörumagn með hækkaða verðinu.

Þær litu því eins á málið eins og hver góður búmaður, sem eykur nauðsynja-innkaup sín og birgir sig upp, í stað þess að draga úr nauðsynjavöruinnkaupum, þegar verðhækkun er í aðsigi.

En landsstjórnin hér leit ekki svo á. Hún leit ekki á hag almennings í landinu. Hún leit ekki á það, hverju það munaði fjölskyldurnar að verða að kaupa hvern mjölsekk þriðjungi dýrari, þegar á leið veturinn, fyrir það, að ekki var hægt að flytja hann inn fyrr en verðið var stigið upp.

Hún leit ekki á, hverju það munaði bóndann, sem þá varð að kaupa rúgmjöl til fóðurs, af því síldarmjölsbirgðirnar voru þrotnar innanlands, að verða að kaupa það með hækkaða verðinu. — Og hún leit ekki á það, hverju það munaði þjóðarbúið í heild að verða af þessum ástæðum að sæta óhagstæðustu vörukaupum.

Hún leit aðeins á þær tvær tölur, sem henni þótti gott að geta hampað framan í kjósendum við þær kosningar, sem fóru í hönd, en það voru tölurnar yfir útflutt og innflutt.

Þess vegna fengu bankarnir ekki þann stuðning, sem þeir hefðu þurft og ríkisstjórnin hafði heimild til að veita þeim, til þess að hægt væri að draga að landinu nauðsynjar í tíma. Og þess vegna fórnaði landsstjórnin hag almennings fyrir það eitt, að geta um áramótin sýnt nokkurn veginn greiðslujöfnuð á pappírnum við útlönd.

Það hefir nú þegar verið sýnt fram á, hversu sá greiðslujöfnuður, sem hæstv. fjmrh. hefir hrósað sér af, var villandi, — og raunar alger blekking, þegar þess er gætt, að útgerðarvörurnar til þessa árs voru að mestu ókeyptar og fiskbirgðirnar einar voru 4 millj. minni um síðastl. áramót en árið áður.

Það er nú í ljós komið, hve landsfólkið hefir orðið að kaupa nauðsynjar sínar hærra verði og búa við lakari afkomu, vegna þess að önnur sjónarmið réðu í þessu efni en þau, sem almenningi voru hagfeldust.

Það er og í ljós komið, hversu hæstv. fjmrh. fegraði óvart tölur sínar um greiðslujöfnuðinn í fjárlagaræðunni í febrúar, þar sem hann gerði þingheimi þá verzlunarjöfnuðinn hagstæðan um 8,7 (sjá Alþt. 1937, C. bls. 218), millj. kr., þó að útflutningurinn væri ekki nema 6,6 millj. umfram innflutninginn, skv. skýrslum hagstofunnar. Og nemur þá sá mismunur á þriðju milljón.

Sýnir þetta, að þar sem óýnilegu greiðslurnar svonefndu munu nema um 8 millj., þá hefir, þrátt fyrir allt mikillæti hæstv. fjmrh., skort upp undir 1½ milljón á fullan greiðslujöfnuð síðastl. ár. Hæstv. ríkisstjórn hefir því alls ekki tekizt þetta, sem fjmrh. lýsti yfir um haustið

1934, og nú síðast á þorranum, að stjórnin teldi sitt höfuðverkefni að koma á fullum greiðslujöfnuði við útlönd.

En þar á ofan er það nú einnig í ljós komið, hve þessi „verzlunarjöfnuður“ síðastl. ár, sem fékkst með því að hafna hagkvæmum innkaupum á nauðsynjum landsins, hefnir sín illa á þjóðarbúskapnum nú á þessu ári.

Af því að ekki varð hjá því komizt að kaupa með hækkuðu verði á þessu ári þær vörur, sem frestað var að kaupa í tíma, þá hefir innflutningurinn orðið hærri en útflutningurinn, það sem af er árinu.

Ofan á það stórtjón, sem almenningur hefir beðið í hærra verði erlendu vörunnar, bætist því þeim mun óhagstæðari greiðslujöfnuður á þessu ári.

Útflutningurinn má verða allmikið fram yfir meðaltal á síðustu þrem mánuðum ársins, ef ekki á að vanta svo milljónum skiptir á fullan greiðslujöfnuð um næstk. áramót; og það þrátt fyrir þann óhemju síldarafla og það stríðsólguverð, sem við höfum notið á sumum afurðum vorum nú í ár. — Verðmæti síldaraflans í fyrra var hærra en nokkru sinni fyrr. Nam söluverð hans á 15. millj. kr., eða um það bil tvöföldu verðmæti síldarafurða í meðalsíldarári, eins og árið 1933. En nú í ár virðist verðmæti síldarafurðanna ætla að verða fast að 10 millj. meira a. m. k. en árið áður, eða meira en þrefalt verðmeiri en afli meðaláranna að undanförnu, þó að vísu hefði mátt auka þann afla og verðmæti jafnvel svo milljónum skipti, ef stjórn síldarmálanna hefði eigi verið með þeim fádæma mistökum, sem nú verða með hverjum degi betur kunnug. Og hefi ég þar dæmi deginum ljósari, frá því fólki, sem ég þý sjálfur á meðal.

En þrátt fyrir þessa óhemju verðmætisaukningu, þá virðist svo sem hennar ætli að sjá litla staði í heildarútkomu ársins. Það er ekki annað sýnilegt, en að þjóðarskuldirnar við útlönd aukist jafnvel enn á þessu ári, eigi að síður. Hvað hefði þá orðið, ef síldin hefði aðeins orðið við meðallag, eða þaðan af minni, að aflamagni eða verðmæti? Hver getur hugsað sér annað en að þá hefði vofað yfir ríkis- og þjóðargjaldþrot?

Þegar svo er komið, að ekkert nema algerlega óvæntur stórvinningur í síldarhappdrætti getur forðað þjóðinni frá því að komast í örþrot, þá hefði mátt vænta þess, að hæstv. fjmrh. legði fyrir þingið gætilegt fjárlagafrumvarp.

Heildarútgjöld fjárlaganna hafa farið síhækkandi þessi hin síðustu ár. En þó var það frv. miklu hæst, sem hæstv. fjmrh. lagði fyrir þingið í vetur. Námu útgjöld þess á sjóðsyfirliti nær 17 milljónum. En þó hefir hæstv. fjmrh. enn hækkað útgjöldin á þessu frv. um fast að 300 þús. og á 3. milljónarfjórðunginn frá því, sem er í fjárlögum þ. á. Við því hefði ef til vill ekki verið mikið að segja, ef þeim útgjaldaauka ætti að verja til nauðsynlegra verklegra framkvæmda og til stuðnings framleiðslunni í landinu. En það er yfirleitt ekki svo. Með framlagi til verklegra fyrirtækja er talinn kostnaður af atvinnudeild háskólans. En annars eru aðalhækkanirnar í þessu fjárlagafrv. á 17. gr., til almennrar styrktarstarfsemi, og á 11. gr., til hins almenna embættisrekstrar, og nemur hækkunin á þeim tveim greinum á 5. hundrað þúsund.

Aftur á móti hefir framlag til vegamála á 13. gr. verið lækkað, og það þrátt fyrir nokkra hækkun á embættisrekstri vegamálanna. Fjárveiting til nýrra akvega er lækkuð um 78 þús. kr. Fjárveiting til brúargerða er lækkuð um 20 þús. kr. Og fjárveitingar til sýsluvega eru lækkaðar um 22 þús. kr.

Er nú á hverju þingi höggið sí og æ í þann knérunn, og stingur það sérstaklega í stúf, að samtímis því sem öll vinna hækkar skuli þessi fjárveiting vera lækkuð æ ofan í æ, svo að hún er nú orðin 64 þús. lægri en hún var á fjárlögum 1934. Kemur sér þetta einkum tilfinnanlega illa fyrir þau héruð, sem afskipt eru um almennt vegafé, eins og ég mun bráðum víkja að, og er mjög ómakleg hefting á sjálfsbjargarviðleitni sýslnanna í vegamálunum. — Framlög til brúargerða fara og árlega lækkandi og eru nú orðin 30% lægri en fyrir þremur árum, og á það víst að afsakast með því, að svo miklu var varið til brúargerða á árunum 1933 og '34. En enn er óbrúaður fjöldi illra vatnsfalla, sem eru hinn versti farartálmi fyrir héruðin og samgöngukerfið í heild sinni, þó að flestum mestu farartálmunum sé úr vegi rutt. Virðist því alls ekki enn vera kominn tími til að draga úr alnauðsynlegustu samgöngubótum, eins og stjórnin er nú byrjuð á.

Framlög ríkissjóðs til nýrra akvega hafa nú verið lækkuð um 172 þúsundir rúmar síðan á árinu 1935, eða um 43%. — Og kemur vegaframlag af hinum nýja benzínskatti þar alls ekki á móti, þar sem það fer að miklu leyti í malbikun vega og vegaendurbætur hér umhverfis Reykjavík.

Þessa geysilegu lækkun á fé til nýrra akvega verður því að telja beint undanhald í vegabótum landsins. En þó tekur út yfir, hve þessu vegafé er ranglátlega og af hróplegri hlutdrægni niður skipt. Má þar lesa úr þau héruðin, sem hafa sýnt pólitískt sjálfstæði gagnvart núverandi ríkisstjórn, hvernig þau eru gersamlega afskipt um öll vegafjárframlög.

Væri freistandi að minna á ummæli frambjóðenda Framsfl. á síðastl. vori um vegaþörfina í sumum þessum héruðum, til samanburðar við þær efndir, sem nú er að fá hjá ráðherrum þessa sama flokks. — Gæti það sýnt greinilega yfirdrepsskapinn og óheilindin í þeirri umhyggju, sem umbjóðendur hans segjast við hátíðleg tækifæri bera fyrir sveitahéruðum landsins. Þó mun verða að sleppa því að sinni, en ef til vill gefst tækifæri til þess síðar. — Það eitt skal þó fram tekið, að sem vænta mátti er þessi hróplega hlutdrægni gerð þvert ofan í tillögur vegamálastjóra, sem mesta hefir þekkinguna og kunnugleikann á vegakerfi landsins og þörfum hinna einstöku héraða. Jafnvel um hin sérstöku vegafjárframlög til fjársýkishéraðanna kemur fram pólitísk hlutdrægni, þar sem 2 sýslur eru afskiptar.

Virðist svo sem hæstvirt ríkisstjórn sjái engar leiðir aðrar færar til að vinna sér nýja áhangendur en að berja menn þannig á nasirnar til fylgis sér, og verður þá vart vitað, hvort meira

veldur: Skammsýnin eða heiftin, — illgirnin eða óvitahátturinn.

Þá eru í þessu fjárlagafrumv. enn sem fyrr dregnar 20 þús. af þeim styrk, sem Búnaðarfél. Ísl., Ræktunarfél. Norðurlands og búnaðarsamböndin höfðu áður haft. Skv. þessu fjárl.frv. eru og enn dregnar 13 þúsundir, eða þriðjungurinn af því framlagi, sem veitt var fyrir tveim árum til sandgræðslunnar, þó að víða kalli mjög að um auknar framkvæmdir í því efni. Með þessu frumv. er nú fullkomlega niður fallinn allur styrkur til ræktunarsjóðs, sem áður nam fullum 70 þús. árlega, en sá sjóður var bændunum helzta hjálparhellan til umbóta á jörðum sínum. Virðist þar því næsta linlega staðið í ístaði fyrir hönd landbúnaðarins, móti því, sem áður var, þegar ræktunarsjóður var óskabarn þings og þjóðar.

Þá er framlag til áburðarkaupa enn aðeins 14 þús., eða tæpur þriðjungur þess, sem það var meðan fjárlögin voru þó í heild sinni mörgum milljónum lægri en þau eru nú orðin. Svo miklu þótti það varða, að fá þennan styrk lækkaðan, að ákvæði þar að lútandi voru að tilhlutun stj. tekin upp í sérstök lög um bráðabirgðafrestun nokkurra laga, sem stjórnarflokkarnir hafa samþ. frá ári til árs. Og nú virðist það eiga að verða föst regla að draga um tvo þriðju af þessum styrk til ræktunarinnar í landinu.

Virðist það næsta hlálegt, þegar fjárlögin hækka ár frá ári og eru nú orðin þriðjungi hærri en þau voru fyrir fáum árum, og meira en það, að þá sé ekki hægt að halda í horfi um þau fyrri framlög til búnaðarframkvæmda, sem reynsla var fengin fyrir að gáfust vel.

Þegar litið er á hækkanir á einstökum liðum hér í þessu fjárlagafrumvarpi, vekur það eftirtekt, að enn er hinum opinberu starfsmönnum fjölgað. Á ég þar ekki við hina nýju starfsmenn við rannsóknarstofnun háskólans, — því að þar er vísir að nauðsynjastarfi fyrir atvinnuvegi landsmanna, sem sjálfsagt er að hlúa að eftir föngum, enda eru þar allir flokkar sammála um, — heldur á ég við þá ísjárverðu fjölgun opinberra starfsmanna, sem leiðir af ýmsum nýjum lögum, sem sett hafa verið hin síðustu ár, án þess menn hafi fyrirfram gert sér grein fyrir, hvaða starfsmannaaukningu þau hefðu í för með sér. Er þar að vísu sízt fjmrh. einan um að saka. En helzt ætti þó af hans hálfu að mega vænta athugunar og aðgæzlu í því efni.

Um hitt ræður pólitísk hlutdrægni, sem telja má til fullkominnar óráðvendni í meðferð á fé landsins, hvernig nýjum launum og allskonar þóknunum og bitlingum er hlaðið ofan á hin föstu laun ýmsra opinberra starfsmanna, svo að þeir hafa sumir jafnvel þreföld föstu launin.

Þegar dregið er úr ýmsum fyrri framlögum til atvinnuveganna; þegar gjaldaliðir fjárlaganna eru samt sem áður komnir upp í 17 milljónir og greiðsluhallinn er áætlaður nær 1 millj.; þegar fátækrabyrðin hefir vaxið um meira en þriðjung; og þegar ekkert nema óvæntur stórvinningur í happdrættinu getur bjargað ríki og þjóð frá örþroti, eins og síðastl. sumar, — þá skora ég á ríkisstjórnina að þvo að minnsta kosti þennan smánarblett af sér.

Hin nýríka stjórnarstétt verður að þola það a. m. k. eitt ár, að búa við sömu kjör og aðrir menn í landinu.

Einar Olgeirsson: Hv. forseti! Heiðruðu áheyrendur!

Fyrsta spurningin, sem öll alþýða landsins ber fram við þessi fjárlög, er: Hverjum eru þessi fjárlög fyrst og fremst til gagns? Hvaðan taka þau tekjurnar — frá þeim ríku eða þeim fátæku, frá eignastéttinni eða frá alþýðunni? Og hvernig verja þau tekjunum — í dýrt ríkisbákn og hálaunaða starfsmenn eða til aukinnar velmegunar og bættrar afkomu fyrir alþýðuna? Við kommúnistar dæmum þessi fjárlög fyrst og fremst eftir því — mótum okkar afstöðu til þeirra fyrst og fremst með tilliti til þess, hvaða svar þau gefa við þessari spurningu. Og nú skulum við rannsaka það.

Fulltrúi íhaldsins, hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, vildi telja núv. fjárlög einskonar þjóðnýtingar-fjárlög. „Það er enginn búmaður, sem ekki kann að berja sér," — má segja um þennan málsvara auðmannastéttarinnar í Rvík. En ég skal nú eftir megni þvo hv. fjmrh. hreinan af því, að hann sé að leggja fram einhver þjóðnýtingar-fjárlög, og lofa íhaldinu að heyra, hvernig virkileg fjárlög alþýðunnar gegn auðmönnunum mundu líta út.

Hér á landi töldu árið 1935 aðeins 7000 manns fram til eignarskatts, er áttu hver yfir 5 þúsund krónur í skuldlausum eignum. Allir aðrir Íslendingar áttu minna en þetta, eða ekki neitt, eða skulduðu. Samanlagðar skuldlausar eignir þessara 7000 voru 127 milljónir króna. Af þessum 7000 munu um 1400 manns eiga 100 milljónir króna í skuldlausum eignum. Það er eignastétt landsins, mennirnir, sem á ýmsan hátt hafa sölsað undir sig ljónspartinn af föðurlandi okkar, sem við héldum að allir Íslendingar ættu sama tilkall til.

Það eru líka um 1000 manns, sem árlega taka meginhlutann af tekjunum, sem hin vinnandi íslenzka þjóð skapar. 1000 manns hér í Reykjavík hafa samtals 11 millj. króna í árstekjur, meðan heildartekjur Reykvíkinga eru 44 millj. króna. Þessir 1000 taka til sín fjórða partinn af öllum tekjunum. Meðal þeirra eru menn, sem fá laun sín meira eða minna ákveðin af því opinbera, eins og bankastjórar Landsbankans og forstjórar Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og hafa þessir herrar frá 21 til 27 þús. króna árslaun. Meðal þessara hátekjumanna eru þó aðallega heildsalar og stórkaupmenn, sem jafnvel hafa upp undir 100 þús. kr. árstekjur eftir eigin uppgjöf. Og meðan þessir herrar hafa slíkar hátekjur, skortir verkamenn landsins margt af því nauðsynlegasta til lífsins og eru dæmdir til að ráfa atvinnulausir um, af því að það vanti peninga til verklegra framkvæmda og atvinnubóta. Og bændur landsins eru að komast á vonarvöl svo að hundruðum skiptir. Það hlýtur því að vera helgasta skylda Alþingis að gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að draga úr fátækt alþýðunnar, auka atvinnu hennar og bæta afkomu hennar í hvívetna. Til þess þarf Alþingi mikið fé í viðbót við það, sem það hefir nú yfir

að ráða. Og þá kemur spurningin: Hvar á að taka það?

Við skulum nú athuga, hvað mikið hátekjumennirnir og stóreignamennirnir borga í ríkissjóð, á meðan verkalýðinn skortir atvinnu og brauð og ríkissjóðinn fé til að bæta úr brýnustu þörf alþýðunnar. Þeir eiga einn þriðja af eignum landsins, fá líklega einn fjórða af tekjum landsbúa, — en hvað borga þeir? Ríkistekjurnar eru áætlaðar tæpar 16 millj. króna. Af þessum tekjum á að taka með tekju- og eignarskatti, hátekjuskatti og fasteignaskatti alls rúmar 2 milljónir kr. Það er allt og sumt, sem þeir ríku sérstaklega eiga að borga, og í rauninni lendir samt nokkuð af þessu á þeim efnaminni. En 14 milljónir króna á að taka með gjöldum, sem beint eða óbeint lenda á alþýðu, og 4 milljónir af því eru beinlínis tollar á nauðsynjavörunum. Á ég þar með við kaffi- og sykurtollinn, vörutollinn, verðtollinn og gjöld af innfluttum vörum.

Við þurfum því ekki lengi að leita til að sjá, að meginregla þessara fjárlaga hvað tekjuöflun snertir er nefskattsaðferðin: að taka með tollum af alþýðu manna, en hlífa þeim ríku. Og afleiðingin af þessari aðferð er svo sú, að verklegar framkvæmdir eru sparaðar og framlag til atvinnubóta skorið við nögl.

Er þetta vilji fólksins? Var það til þessa, að 25 þús. Íslendinga kusu núv. stjórnarflokka á þing? Var það til þessa, að alþýðan í landinu fylkti sér saman um Framsókn og Alþfl. 20. júní í vor — og vísaði á bug öllu lýðskrumi hinna ríku og stóðst allan fagurgala þeirra og blekkingar? Var það til þess að hlífa þeim ríku, en skattleggja þá fátæku, að vinstri flokkarnir voru sendir sterkari inn í þingið — en nokkru sinni fyrr?

Nei, — og aftur nei! Stefnuskrár og stefnulýsingar bæði Framsóknar og Alþfl. heimta öðruvísi fjárlög og lofa öðruvísi fjárlögum. Bændurnir, verkamennirnir, fiskimennirnir, 30000 alþýðukjósenda, sem á bak við vinstri flokkana standa, — mennirnir og konurnar, sem þræla baki brotnu til að framleiða þjóðarauð Íslands, — þau heimta öðruvísi fjárlög — fjárlög alþýðunnar, fjárlög, sem láta þá ríku borga.

Hin vinnandi íslenzka þjóð sér arðinn af striti sínu renna til nokkurra auðmanna, — eins og t. d. heildsalaklíkunnar í Reykjavík, sem græðir um 4 millj. króna á ári. Vinnandi stéttirnar, sem halda uppi þjóðfélaginu og skapa verðmætin, lifa við sult og seyru og eignast ekki neitt, — meðan yfirstéttin sölsar undir sig milljónir króna í skuldlausum eignum og ljónspartinn af þjóðartekjunum.

Þess vegna heimta vinnandi stéttirnar fjárlög, sem reyni að jafna misskiptingu auðsins og draga úr ranglætinu í þjóðfélaginu, — fjárlög, sem taki fyrst og fremst af þeim, sem allt eiga, en veita þeim, sem vinna en ekkert eiga.

Svo sterkar voru þessar kröfur vinnandi stéttanna í vor við kosningarnar, að ekki aðeins kjósendur vinstri flokkanna voru eindregnir með þeim, heldur og þúsundir af kjósendum Sjálfstfl. Morgunblaðið varð að bergmála þessar kröfur og reyndi um leið að nota þær í lýðskrumstilgangi. Af því stafaði hin fræga setning í þessu burgeisablaði höfuðborgarinnar 30. maí í vor: „Hlífið ekki burgeisunum"! Þó að ég viti, að hv. fjmrh. vilji lítt hlíta tillögum þessa blaðs — og tel ég það vel farið —, þá held ég, að það væri samt ekki úr vegi að láta óskir þessa málgagns íhaldsins rætast hvað þetta snertir í fjárlögunum — og gera þau þannig úr garði, að þau hlífi ekki burgeisunum.

En nú mun margur spyrja: Er hægt að útbúa slík fjárlög, er láti þá ríku borga og hjálpa alþýðunni? Með hvaða móti er hægt að taka peningana hjá þeim ríku og veita þeim til hinna vinnandi stétta, ýmist með því að auka verklegar framkvæmdir, er þeim komi til góða, auka framlög til atvinnubóta og allskonar þjóðfélagstrygginga, eða með því að lækka tollana, er á þeim hvíla?

Ég skal nú taka fyrir tekjuöflunaraðferðir, sem myndu tryggja það, að eignastéttin og hátekjumennirnir yrðu látnir borga, bæði af stóreignum sínum, hátekjum og óhófi.

1) Fasteignaskatturinn er nú áætlaður 400000 kr. Þessi skattur er 3 kr. af hverjum 1000 krónum, sem fasteign er metin á, ef lóð og lendur er um að ræða, en 1½ króna af hverjum 1000 kr., ef um húseign er að ræða. — Þetta þýðir, að t. d. einn af auðugustu mönnum Reykjavíkur, sem stórgræðir bæði á bæjarbúum og bæjarfélaginu og á eina verðmætustu lóð bæjarins og eitt voldugasta stórhýsi landsins, borgar í fasteignaskatt af þessari lóð og stórhýsinu, sem metin eru að fasteignamati á yfir 400000 kr., einar einustu 700 krónur! og hlutfallslega jafnmikið verður bláfátækur verkamaður að greiða, sem baslast við að halda húskofanum sínum í Skólavörðuholtinu frá nauðungaruppboði. — Það er því auðséð, að þeir ríku þola það vel, að fasteignaskatturinn sé hækkaður á þeim. Við kommúnistar munum því bera fram á þinginu frumvarp til laga um breytingar á fasteignaskattinum, þannig að hann verði hækkaður á dýru lóðunum og fari stighækkandi í hlutfalli við verðmæti hvers fermetra í lóðinni. Þeir, sem eiga lóðir, þar sem fermetrinn kostar 100 kr., geta greitt meira og eiga að greiða hlutfallslega meira en þeir, sem eiga lóð á 7 til 8 kr. fermetrann. Sama gildir um húsin. Þeir, sem eiga stórhýsi, sem eingöngu eru leigð til verzlunar og skrifstofuhalds, venjulega fyrir okurverð, eiga að greiða hærri húsaskatt en eigendur íbúðarhúsa. — Og þá er ekki sízt að skattleggja verðhækkun lóðanna, taka þá verðhækkun til ríkisins, sem einstakir menn nú stinga í sinn vasa, þegar lóðir og lendur hækka í verði fyrir aðgerðir hins opinbera eða þróun þjóðfélagsins.

Við kommúnistar áætlum, að með því að hækka fasteignaskattinn eftir þessum reglum og leggja á verðhækkunarskatt, megi koma tekjum til ríkissjóðs af honum upp í eina milljón, en nú eru þær aðeins 400000. Og þessi skattur myndi ekki þýða nein íþyngsli fyrir alþýðu manna né framleiðslugreinar landsins, heldur lenda á eignamönnum, ekki síst okrurum, og á verzlunarauðvaldinu. Þess ber að minnast í því sambandi, að 108 millj. kr. eru nú fastar í verzluninni, meðan aðeins 22 millj. kr. eru í öllum sjávarútveginum. Það sýnir, hvernig auðmagnið hefir

leitað í verzlunina, af því þar fékk það okurrentur og ofsagróða. Það gerði því ekkert til, þó þessi skattur yrði til þess að reka það að einhverju leyti úr verzluninni og í heilbrigða framleiðslu. Hinsvegar geta menn vel gert sér í hugarlund, hvað tiltölulega lágur þessi skattur væri, þrátt fyrir þessa hækkun okkar, þegar íhugað er, að með þessu móti yrði samt aðeins greidd í fasteignaskatt 1 milljón af þjóðarauð, sem nemur 391 millj. kr.

2) Tekju- og eignarskattur. Hann á nú að meðtöldum hátekjuskatti að gefa í ríkissjóð 1750000 kr. Til samanburðar skal þess getið, að á sama tíma nær Reykjavík inn með útsvörum um 4 millj. kr.

Við kommúnistar álítum, að hækka megi þennan skatt svo ríflega á hátekjumönnum, og þó sérstaklega á stóreignamönnum, að hann gefi tvöfaldar tekjur í ríkissjóð við það sem nú er. Og við munum bera fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt í þessu skyni. Til dæmis um, hvað skatturinn á stóreignamönnum er lágur, skal ég geta þess, að maður, sem á 100000 kr. í skuldlausri eign, greiðir í eignarskatt aðeins 390 kr. Og maður, sem á ½ milljón kr. í skuldlausum eignum, greiðir aðeins 3440 krónur í eignarskatt. Ég hefi áður sýnt fram á, að 1400 stóreignamenn í landinu eiga um 100 millj kr. í skuldlausum eignum. Alþýðan, sem skapað hefir verðmæti þessara eigna yfirstéttarinnar, álítur, að það sé sannarlega ekki of mikið, þó þessir stóreignamenn greiddu í eignarskatt upp undir eina krónu af hundraði, eða samtals um 1 millj. kr., en nú munu þeir vart greiða 3 af þúsundi, því allur eignarskatturinn er árið 1935 aðeins 324 þúsund kr.

Ef eignarskatturinn þannig gæfi í ríkissjóð 1 milljón, álítum við, að tekjuskatturinn mætti hækka, þannig að hann gæfi 2½ millj. kr. — 1935 gaf hann 1½ millj. Alls væri þá tekju- eignar- og hátekjuskatturinn 3½ millj., í stað 1¾ millj. nú.

Ég býst nú við, að ýmsir íhaldsmanna hrópi um, hvað verði um tekjustofna bæjarfélaganna, þegar svona gífurlega verði hækkaður tekju- og eignarskatturinn. Ég vil benda þeim herrum á, að það verður líka dálítið annað viðhorf með fátækraframfærið og atvinnuleysishjálpina, ef ríkið fær 3 millj. kr. í tekjur í viðbót við það, sem nú er, til þess að auka þannig atvinnuna stórkostlega og skapa á allan hátt betri aðbúð fyrir fólkið, en það er hugmynd okkar kommúnista, að ríkið fái með þessum ráðstöfunum. Og ég vil sérstaklega minna fulltrúa Reykjavíkuríhaldsins, sem mest munu hrópa í þessum efnum, á það, að þeir samþykktu í vetur í bæjarstj. ályktþess efnis, að þar sem ríkisstj. hefði tekið að sér að útrýma atvinnuleysinu, vildi bæjarstj. ekki taka fram fyrir hendur hennar og samþykkti því að sinna ekki kröfum verklýðsflokkanna um meiri atvinnu. Ég vona því, að þessir herrar lái okkur ekki, þó að við, fulltrúar verkalýðsins, berum hér fram till., sem þeir vísuðu okkur burtu með, og tökum peninga til að framkvæma atvinnuaukninguna, sem þeir ekki vildu framkvæma þar, sem þeir eru, — hjá þeim ríku, — hjá Reykjavíkurburgeisunum. Við förum þar eftir ráðleggingum Morgunblaðsins frá því fyrir kosningarnar — um að hlífa ekki burgeisunum!

Ef einhverjum skyldi þykja það furðu háar tölur að nefna 2½ millj. kr. í tekju- og hátekjuskatt, þá vil ég nefna tvö dæmi um gróða íslenzku auðmannastéttarinnar í ár:

1) Atvinnurekendastéttin í síldarframleiðslunni mun ekki hafa grætt minna en 4 til 5 millj. kr. í ár, og þar af mun eitt útgerðarfélag hafa grætt um 1 milljón kr.

2) Heildsalastéttin græðir að meðaltali á ári um 4 milljónir kr.

Þarf því ekki að efast um, að af einhverju er að taka.

Og jafnframt vil ég leggja áherzlu á, að það er einmitt nauðsynlegt nú að grípa til róttækra ráðstafana til að tryggja atvinnuaukningu í landinu, þar sem ætla má, að ný kreppa fari nú í hönd.

3) Þá viljum við ennfremur leggja til, að lagður sé á sérstakur stóríbúðarskattur, skattur á óhóflega stórar og flottar íbúðir þeirra ríku, svo hægt sé að byggja sómasamlegar og ódýrar íbúðir fyrir þá fátæku. Við vonum, að stjórnarflokkarnir sjái sér fært að samþykkja það frumvarp, sem við berum fram um slíkan skatt. Við munum reyna að sníða það sem mest eftir samskonar frumvörpum, sem bæði hv. formaður Framsfl., þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, og hæstv. atvmrh., þm. Seyðf., Haraldur Guðmundsson, ásamt fleirum báru fram á þingi 1933 um stóríbúðaskatt og háleiguskatt, til þess að gera Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum auðveldara að ganga að frumvarpi okkar. En þá var líka barizt til hægri, en ekki brosað til hægri. Við áætlum, að af 1000 stóríbúðum verði greiddur að meðaltali 500 kr. skattur á ári, og gefi þá skattur þessi í ríkissjóð um ½ millj. kr.

4) Við munum ennfremur leggja til, að lagður verði sérstakur skattur á lúksusbifreiðarnar í landinu. Ég býst við, að t. d. 500 kr. árlegur skattur á einkabifreiðar, sem ekki eru notaðar til að keyra farþega í fyrir ákveðna borgun, muni ekki þykja nein ósköp, ekki sízt fyrir þá hamingjusömu eigendur slíkra bifreiða, sem fá þær gefins inn í landið, eins og farið er að tíðkast mjög upp á síðkastið. Lúksusbifreiðaskattur væri því í alla staði mjög sanngjarn, og munu vart færri en 300 bílar koma undir hann, og gefur þessi skattur þá um 150 þús. kr. í ríkissjóð.

Með þessum tekjuöflunum, sem ég hefi bent á og sannað að væru færar, er þannig hægt að fá 3 millj. kr. í viðbót í ríkissjóð með sköttum á þá ríku. Og þessum 3 millj. króna viljum við kommúnistar, að sé varið til að bæta kjör alþýðunnar í landinu, til að auka atvinnu verkalýðsins, bæði með stórauknum verklegum framkvæmdum og auknu framlagi til atvinnubóta, til að bæta þannig kaupgetu kaupstaðabúa, svo bændurnir fái betri markað fyrir afurðir sínar — og til þess á annan hátt að hlynna að velgengni og góðri afkomu hinna vinnandi stétta. Hvað 3 milljónir króna, sem þeir ríku væru

látnir borga og notaðar í þágu alþýðunnar, myndu þýða til að bæta kjör alþýðunnar, sést bezt við að athuga, að nú er áætlað á fjárlögum aðeins ½ millj. til atvinnubóta og hálf millj. til atvinnutrygginga, og stuðningur ríkisins við þá fátæku fiskimenn og bændur, sem mest þurfa hjálpar við, er mjög af skornum skammti. Það væri því hægt fyrir þetta fé — og það jafnvel þó að það yrði mun minna en við áætlum — að tvöfalda framlag ríkissjóðs til atvinnubóta og koma þar með framlagi þessu upp í eina *millj.*, — að *tryggja verkamannabústöðunum* og byggingar- og landnámssjóði allar þær tekjur, sem þeim ber lögum samkvæmt, og margfalda byggingarstarfsemina í landinu, — að styrkja ríflega þá bændur, sem mæðiveikin og óþurrkarnir valda mestu tjóni, — að styðja smáútvegsmennina í baráttu þeirra við hringavald og skuldafargan, — að styrkja hverskonar viðleitni bæjarfélaga og þjóðþrifasamtaka til aukinnar framleiðslu á sjó og landi, — að koma upp barnaheimilum fyrir fátæk börn kaupstaðanna, — að herða baráttuna fyrir útrýmingu berklaveikinnar og vinna önnur þjóðþrifaverk, sem nú vantar fé til.

Ég vil taka það fram um leið, til að koma í veg fyrir misskilning, að það er langt frá því, að við kommúnistar álítum, að ekkert sé hægt að gera til að bæta kjör alþýðunnar nema með framlögum á fjárlögum. Auk alls þess, sem verkalýðssamtökin vinna sjálf, þá hafa neytendasamtökin alveg sérstaklega mikið verkefni nú í baráttunni gegn dýrtíðinni, ekki síst ef tollabyrðin verður látin vera óhreyfð. Það verður því að tryggja þeim nægan gjaldeyri, fullt frelsi til baráttunnar gegn dýrtíðinni, — og það þarf jafnframt að tryggja smákaupmönnum sama rétt, losa þá undan einokun heildsalanna. Og að þessu öllu saman getur Alþingi unnið án þess að það kosti ríkið einn eyri.

Ég vil ennfremur taka það fram, að auk þessara tekjuöflunartillagna, sem ég hér hefi lýst, munum við kommúnistar auðvitað gera margskonar breytingartillögur við fjárlögin, bæði til sparnaðar og til útgjalda, — en nú er ekki tími til að rekja það.

Ég hefi nú lýst þeim breytingum, sem við álítum fyrst og fremst nauðsynlegar, svo fjárlögin geti orðið fjárlög alþýðunnar, fjárlög fyrir allar vinnandi stéttir Íslands.

Valdið til að framkvæma slík fjárlög er hér. Vilji þjóðarmeirihlutans í þessum efnum birtist ótvírætt í kosningunum í vor. Þeir 30000 kjósendur, sem atkvæði greiddu með vinstri flokkunum, eru fátækir, vinnandi menn og konur, til sjávar og sveita, sem sendu 30 þingmenn á þetta Alþingi til að vinna að hagsbótum alþýðu og gegn þeim, sem lifa á erfiði og neyð alþýðunnar. Í vor skoraði Framsfl. Alþfl. og Kommfl. á alþýðu Íslands að láta umfram allt ekki breiðfylkingu hinna ríku komast í meiri hluta. Alþýðan svaraði 20. júní. Hún svaraði með því að koma breiðfylkingu íhalds og afturhalds í fyrsta skipti í minni hluta hjá þjóðinni. Það stóð ekki á alþýðunni í vor. Hún vann fræknasta vinstri sigur, sem unnizt hefir á Íslandi síðan 1908. Hún sendi 30 vinstri þingmenn á þing, sterkasta vinstri meiri hluta, sem á Alþingi hefir setið. Það stóð ekki á alþýðunni 20. júní. Og íslenzka alþýðan treystir því, að það standi ekki heldur á fulltrúum hennar nú að framkvæma vilja þjóðarmeirihlutans, framkvæma það, sem sameiginlegt er í stefnuskrám allra vinstri flokkanna, framkvæma kosningaloforðin frá í vor.

Valdið vantar þá ekki. Alþýðan íslenzka hefir séð fyrir því. En nú vill hún sjá ávextina af sigri sínum. Nú ríður á, að fulltrúar hennar *sýni, að þeir hafi hug og dug til að nota þetta* vald.

Fyrir hönd þingmanna Kommfl. og fyrir hönd Kommúnistaflokks Íslands lýsi ég því yfir, að við erum reiðubúnir til að styðja þá stjórn, er framkvæmir slík fjárlög, sem ég hefi lýst, og hrindir í framkvæmd þeim stórfelldu hagsbótum alþýðu, sem tekjuöflunarleiðir okkar gera mögulegar. Slíkri stjórn, sem þannig ynni í samræmi við vilja og heitustu óskir alþýðunnar í landinu, værum við reiðubúnir til að ljá stuðning okkar, og tryggja henni þar með í viðbót við þann þingræðislega meiri hluta, sem hún hefir, þann lýðræðislega meiri hluta, sem hún ekki hefir án Kommúnistaflokksins.

Ég vil jafnframt taka það fram, til að koma í veg fyrir allan misskilning, að þótt við álítum hinum ríku hlíft svo mjög og alltof lítið hugsað um hagsmuni alþýðunnar í þessu fjárlagafrumvarpi, þá má samt ekki líta svo á, sem það sé skoðun okkar, að verri hefðu fjárlögin ekki getað verið. Því fer fjarri, að það sé álit okkar. Þó gölluð séu, þá hefðu þau tvímælalaust orðið miklu verri, t. d. ef breiðfylkingin hefði sigrað í kosningunum í vor. Þið heyrðuð það á endanum í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (MJ), fulltrúa íhaldsins. Alþýðan hefir þó a. m. k. haft það upp úr kosningunum í vor, að fjárlögin hafa ekki versnað frá því, sem þau voru áður, frekar þó skánað, því framlag til verklegra framkvæmda hefir þó hækkað dálítið borið saman við frumvarpið í vetur. Og margt er það í þessum fjárlögum, sem er ávöxtur af fyrri baráttu alþýðunnar, ávöxtur, sem við viljum vernda, svo sem framlög til atvinnubóta, til alalþýðutrygginga, til lista og vísinda o. s. frv.

En þótt fjárlfrv. gæti þannig verið miklu verra í garð alþýðunnar, þá dugir ekki þess vegna að sætta sig við það eins og það er. Jafnhliða því, sem alþýðan verst árásunum á kjör sín, þá sækir hún fram til að bæta þau, — og fjárlög þau, sem íslenzk alþýða vill kalla sín, verða að bera vott um þá sókn, vera talandi tákn um, að barátta hennar gegn misskiptingu auðsins og gegn ranglæti þjóðfél. beri árangur. Og hvers vegna er fjárlagafrv. ríkisstj. ekki talandi tákn um baráttu fyrir rétti alþýðunnar? Orsökin til þess er sú, að áhrif auðmannastéttarinnar mega sín enn mikils í stjórnarfl. og meira en vilji kjósendanna, sem gefið hafa flokkunum það vald, er þeir nú hafa. Við kommúnistar skoðum það sérstaklega sem hlutverk okkar, í samráði við þær þús. alþýðumanna, er bak við Framsfl. og Alþfl. standa, að brjóta þessi áhrif auðmannastéttarinnar á bak aftur, að skapa með þessum flokkum þjóðfylkingu hinna vinnandi

stétta gegn auðvaldi og fasisma, þjóðfylkingu um róttæka pólitik alþýðunni í hag.

Verkamennirnir, sem skortir atvinnu eða búa við stopula og illa greidda vinnu, verkakonurnar, sem sjá atvinnu sína minnka ár frá ári með minnkandi fiskþurrkun, — bændurnir, sem hafa misst sauðfjárstofn sinn að meira eða minna leyti, — allar þær þús. alþýðumanna og kvenna, sem fylgja vinstri flokkunum, ætlast til þess, að fulltrúar þeirra geri nú skyldu sína, og þessar þús. alþýðumanna sjá ekki eftir því, þó stóreignamenn landsins séu látnir greiða meira en nú er, til þess að alþýðunni vegna betur og atvinnuleysisbölið og annað það böl, sem íslenzk alþýða býr nú við, minnki.

Vinnandi stéttir lands vors hafa fram að þessu hlotið fátækt og ranglæti að launum fyrir strit sitt og starf, meðan fámenn auðmannastétt hefir sölsað undir sig mestan hluta þjóðarauðsins og rakar til sín milljónatekjum. Vinnandi stéttirnar mæna nú til þessa Alþingis eftir betri kjörum og réttlæti í þeirra garð. Og fyrir fjöldann allan er það prófsteinninn, — er það eldraunin á þingræðið sjálft, hvernig það verður við þessari kröfu fólksins um rétt þess til að lifa eins og menn. Aldrei hefir Alþingi Íslendinga komið saman á örlagarikari tímum en þeim, sem nú eru. Aldrei hafa vinnandi stéttir Íslands gert sér eins miklar vonir um Alþingi og um þetta, sem kosið var um með kosningunum 20. júní.

Við kommúnistar væntum þess, að fulltrúar vinstri flokkanna láti þessar vonir fólksins rætast, og við munum gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að svo verði.

*)**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. 1. þm. Reykv., sem talaði hér fyrir hönd Sjálfstfl., lét svo um mælt í ræðu sinni, að samstarfið milli Framsóknar- og Alþýðufl. væri nú þegar hafið á þessu þingi, og því til sönnunar varpaði hann fram þeirri spurningu, hverjir hefðu staðið að kosningu aðalforseta Sþ. Ég veit ekki betur en forseti Sþ., Jón Baldvinsson, hafi verið kosinn með shlj. atkv. Raunar leit út fyrir, að sjálfstæðismenn hefðu skilað auðu. — En ég vildi spyrja þennan þm., hver sat í forsetastól meðan hann talaði. Ég man ekki betur en það væri Magnús Guðmundsson. Og ég veit ekki betur en hann sé í Sjálfstfl. og hafi verið kosinn varaforseti með samkomulagi Sjálfstfl. og Framsfl. (**MJ:** Það þýðir ekki að spyrja; ég má ekki svara). Það gerir ekkert til, ég skal gera það. Hver var kosinn fyrsti varaforseti Ed? Það er Magnús Jónsson. Ekki var hann kosinn með atkv. Alþfl., heldur með samkomulagi Framsfl. og Sjálfstfl. Og hver var kosinn fyrsti varaforseti Nd? Ég ætla, að það sé Gísli Sveinsson. Hann var einnig kosinn fyrir samkomulag Framsfl. og Sjálfstfl. Ég sé ekki, að hægt sé að segja, að samvinna Alþfl. og Framsfl. sé meiri sem stendur en samvinna Sjálfstfl. og Framsfl. Það er brosað jafnt með báðum munnvikjum á víxl til hægri og vinstri af sumum framsóknarmönnum.

Hv. 1. þm. Reykv., Magnús Jónsson, reyndi að gera sem mest úr því, að fjárlögin hefðu allt af verið að færast lengra og lengra í þjóðnýtingarátt, og þetta frv., sem hæstv. fjmrh. leggur nú fram, gengi enn lengra en nokkru sinni fyrr. — Þetta er ekki ný prédikun. Og í öðru orðinu er svo sagt, að við Alþýðuflokksmenn höfum slitið stjórnarsamvinnu vegna þess, að Framsfl. hafi þverskallazt við þjóðnýtingarkröfum okkar. Samræmið er dálítið skrítið. Þá hefði sízt verið ástæða til að slíta samvinnu, eftir að svo mikið hafði verið eftir okkur látið. — Sannleikurinn er sá, eins og hv. þm. veit, að samvinnan strandaði ekki á þjóðnýtingu, heldur á sjávarútvegsmálum.

Í ræðu hv. 1. þm. Reykv. voru þannig ýmis ólík sjónarmið, og sum þeirra kannske bundin við vonirnar um samvinnu við Framsfl., en hinsvegar er afbrýðin yfir því, að Framsfl. brosi líka til vinstri og sé með „þjóðnýting". — Hún er líka auðskilin, þessi beiskja í Sjálfstæðismönnum, þegar þeir sjá ofsjónum yfir einhverjum samvinnuárangri annara flokka. Þeir tóku á sína framfærslu einn svonefndan stjórnmálaflokk fyrir síðustu kosningar. Það fór nú eins og það fór. Þrátt fyrir þær raunir á ekki að gefast upp. Nú á að reyna, hvort ekki sé til einhvers að brosa til vinstri og vita, hvort því verði ekki svarað með hægra brosi.

Ég vil minnast nánar á þessi mismunandi sjónarmið í ræðu hv. þm. Mér skildist á honum, að enn kynni að stefna til meiri ófarnaðar og enn meiri þjóðnýtingar. Hann var að reikna út skattaaukning og tollaaukning miðað við innfluttar vörur. Það voru í sjálfu sér réttar hundraðstölur. Engu að síður er sannað, að heildarupphæð skatta og tolla er lítið breytt síðan fyrir tíu árum. Og það er sannað, sem er eini rétti mælikvarðinn í þessu sambandi, að heildarupphæð skatta og tolla á mann í landinu er talsvert lægri en fyrir tíu árum. — Hitt sér hver maður, að þegar innfluttar verðtollsvörur lækka niður í 7½ milljón úr ca 15 milljónum, þá hlýtur hundraðsgjaldið að hækka.

En sá meginmunur, sem er á skoðunum sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna í skattamálum skýrist bezt, þegar spurt er um, hvernig þjóðfélagið eigi að mæta erfiðleikatímum. Sjálfstfl. telur það bezta úrræðið að draga úr stuðningi við atvinnuvegina, draga úr öllum greiðslum, sem fyrst og fremst skapa atvinnu og kaupgetu í landinu, og spara þau framlög, sem þarf til að viðhalda ómissandi atvinnurekstri. Þá er beinlínis stuðlað að því, að atvinnuvegirnir dragist saman, beinlínis aukið á vandræðin viljandi. Þegar famleiðslan og atvinnan við hana minnkar af kreppuorsökum eða árferði, er það hróplegt, ef opinberar framkvæmdir eru dregnar saman um leið.

Einmitt á krepputímum verður að nota getu þjóðfélagsins til hins ýtrasta til viðnáms og viðreisnar. Og það verður að leggja eins mikið og unnt er til verklegra framkvæmda, til þess að fækka í hópi atvinnuleysingjanna. Hér er grundvallarskoðanamunur milli flokkanna.

*) Stjarna (*) framan við nafn ræðumanns táknar, að ræðan sé prentuð eftir handriti innanþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

Þá er á það að líta, hvaða tillit er tekið til þessara tveggja sjónarmiða flokkanna, sem ég hefi minnzt á, í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Ég hefi gert yfirlit til glöggvunar yfir helztu framlögin til verklegra framkvæmda og til stuðnings við atvinnuvegina. Mér telst svo til, að þau nemi samtals rúml. 7050 þús. kr., eða fast að helmingi allra útgjalda. Það er miklu hærri upphæð en áður hefir verið. Til þess liggja margar ástæður, eins og hæstv. fjmrh. talaði um. Þar af eru á 16. gr: 3314 þús. kr., en annarsstaðar, fyrst og fremst í 13. gr., eru veittar samtals um 2672 þús. kr., til vega, síma, vita, hafnargerða og bygginga og samtals um 1070 þús. kr. styrkur til samgangna á sjó og til landhelgisgæzlu.

Við nánari athugun á þessum upphæðum hlýtur maður að taka eftir því, hversu mismunandi er hlúð að einstökum atvinnuvegum með fjárveitingum. Í 16. gr. er veitt eða varið til styrktar landbúnaðinum beinlínis 1476 þús. kr. Og eru þar þó ótalin framlögin til styrktarsjóða landbúnaðarins, en þau nema 615 þús. kr. Samanlagt verður það 2,1 millj. króna. Hinsvegar eru styrkir til sjávarútvegs, iðnaðar og annara atvinnuvega, sem bera uppi kaupstaðina og sjávarþorpin, ekki nema 643 þús. kr., að viðbættum 315 þús. kr. framlögum til sjóða, svo að samtals verða það liðlega 950 þús. króna.

Enn eru í 16. gr. fjárveitingar, sem nema 264 þús. kr., og verður varla gert upp á milli, hvort þær séu fremur fyrir sveitirnar eða fólkið við sjóinn. Eins má segja um meginið af þeim upphæðum, sem ég hefi drepið á í öðrum greinum. Sumir líta svo á, að framlagið til vega, meira en hálf önnur milljón, komi einkum sveitunum að gagni, þó að ég vilji telja, að það sé til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

Á síðasta þingi fluttum við alþýðuflokksmenn frumvörp, sem miða að viðreisn sjávarútvegsins. Það er ómótmælanlegt, að útgerðin er þannig stödd, að þar er ekki viðréttingarvon fyrr en eftir aðgerðir, sem kosta stórfé. Þetta frumv. er lagt fyrir þingið með 730 þús. kr. greiðsluhalla. Ég hefði óskað, að hægt hefði verið að ganga frá frumv. án greiðsluhalla, eða að bent hefði verið þegar í stað á þær leiðir, sem fara verður til tekjuöflunar til að vega móti hallanum. En auðvitað hefir stjórnin rétt til að líta svo á, að þessara útgjalda þurfi við, og segja við þingið, að það verði að finna ráð til að afla þessara tekna. — En úr því að ekki var hægt að gera greiðsluhallalaus fjárlög, hefði ég kunnað miklu betur við, að hæstv. fjmrh. hefði einnig tekið þar með framlög, sem hann veit eins vel og ég, að eru óumflýjanleg. Það eru fjárveitingar til viðreisnar sjávarútveginum.

Viðleitni okkar alþýðuflokksmanna hlýtur að verða sú, að reyna að jafna þessi met svo, að upp verði tekin veruleg framlög til viðreisnarinnar við sjóinn, jafnframt því sem útflutningsgjaldi á sjávarafurðum verði af létt að fullu. Ég vildi mega vænta þess, að um þetta mætti ná samkomulagi við Framsfl., og helzt við þingflokka alla.

Að síðustu vil ég taka fram, að ég sakna þess, að enginn — hvorki hæstv. fjmrh. né aðrir — hefir minnzt á það einu orði, að þörf væri fyrir aðgerðir vegna sveitar- og bæjarfélaga. Víða þar, sem útgerð hefir dregizt saman, er þörfin fyrir einhverjar hagsbætur ákaflega knýjandi og bersýnilegt, að ekki verður bætt úr henni nema með fárhagslegri aðstoð, sem þjóðfélagið eitt er fært um að inna af hendi. Þetta tel ég eitt þeirra verkefna, sem bíða þessa þings og alls ekki er hægt framhjá að ganga.

Afstaða okkar alþýðuflokksmanna til frv. mun koma í ljós við meðferð vandamálanna hér á þingi, við starf okkar í n. og við meðferð frumvarpsins, þegar kemur framhald þessarar umræðu.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af þeim orðum, sem hér hafa fallið um afstöðu Framsfl. til annara þingflokka, vil ég taka það fram, að yfir standa samvinnuumleitanir milli Framsfl. og Alþfl. um framhaldssamstarf. Um þær er ekkert hægt að segja enn. Ég tel þess vegna, að umræður um það mál eigi ekki heima hér að sinni. En þegar reynt er að láta líta svo út, sem forsetakosningar komi því máli eitthvað við, verður að segja þetta: Það var samkomulag, sem átti upptök sín hjá fleiri flokkum en einum, að taka upp venju, sem er ríkjandi á Norðurlöndum, um það, að fyrri varaforsetar séu valdir úr hópi stjórnarandstæðinga. Getsakir um, að þarna sé samvinna „ komin á“ milli Framsfl. og Sjálfstfl., eru þess vegna alveg tilefnislausar.

Út af samanburði hæstv. atvmrh., Haralds Guðmundssonar, á fjárveitingum til atvinnuvega við sjó og í sveitum, verð ég að benda á það, að þess konar samanburður segir í raun og veru ákaflega lítið. Fjárveitingar til atvinnuvega verða að fara eftir því, hvar brýnust þörf liggur fyrir. Undanfarið hefir þörfin verið mest hjá landbúnaðinum, til þess að stöðva með umbótum flótta fólksins úr sveitunum. Og enn er sá straumur ekki stöðvaður.

Hitt er rétt,að ýmsar greinar sjávarútvegs þurfa stuðnings við. Hæstv. atvmrh. hélt því fram, að í fjárlfrv. hefði átt að taka upp ákveðnar fjárveitingar í þessu skyni. En það er ekki hægt að setja þar slík ákvæði nú þegar, vegna þess að ekki eru komnir á neinir samningar milli Alþfl. og Framsfl. um stjórnarsamvinnu — og í rauninni ekki byrjaðir.

Ég mun varla þurfa að deila alvarlega við hv. 5. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, þar sem hann þóttist ekki vera í neinum vandræðum að skófla svo sem fimm milljónum inn í ríkissjóðinn. Ég veit, að þessi ræða, sem hann hélt, hefir verið haldin oft áður. Ég hygg, að t. d. í franska þinginu séu þingmenn kommúnista búnir að flytja hana nokkrum sinnum. En þar styðja kommúnistar, þegar til alvörunnar kemur, þá stjórn, sem horfist í augu við virkileikann, eins og hann er, og tekur á málunum eins og hægt er að framkvæma þau. Ég skal lofa hv. 5. þm. Reykv. að heyra dálítið af því, sem franska stjórnin hefir gert með stuðningi flokksbræðra hans. Hún hefir hækkað tekjuskattinn um ein 20%, — en hann vildi hækka hann hér um

100%; það væri aðeins fimmfalt meiri aukning en fært er talið í Frakklandi. — Hún hefir neyðzt til að hækka ýmsa tolla og skatta, sem bitna að miklu leyti á almenningi, eins og t. d. framleiðsluskatt og skatt á fólksflutninga- og vöruflutningsbílum. Hækkuð eru fargjöld með járnbrautum, sem eru að nokkru leyti ríkiseign, ennfremur farmgjöld, burðargjöld bréfa, víðtækt stimpilgjald, verð á tóbaki og eldspítum (um 20%) hjá ríkiseinkasölum o s. frv. Önnur hlið er svo niðurskurður útgjalda, svo að nemur 6000 milljónum franka, einungis á aukafjárlögum síðara helming þessa árs. Verklegar framkvæmdir, ásamt ýmsum liðum til landvarna, hafa verið færðar niður alls um 8000 milljónir franka. Þetta virtist nauðsynlegt til að fá tekjuhallalaus fjárlög. Kommúnistar styðja stjórnina í því. Þeir sjá ekki annað fært en að leggja fram lið sitt til að sjá fjárhag ríkisins borgið og halda framleiðslunni gangandi, hvað sem kröfum flokks þeirra líður. — Menn geta svo borið þetta saman við ræðu hv. 5. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, og séð muninn á því, hvernig hægt er að tala um hlutina, og á framkvæmdum stjórnar, sem styðst við kommúnista.

(**EOl**: Hún á eftir að gera betur).

Ég undraðist ræðu eins hv. þm., Þorsteins Briems, — þm. Dalamanna held ég hann heiti núna. (**ÞBr**: Jú). — Það þarf furðanlega ósvífni til, að hann skuli koma hér fram sem stjórnmálaflokkur — eða fyrir flokk. Hann var ekki kosinn af sínum flokki. Það fullyrða töluglöggir menn, að hann hafi fengið um 70 atkvæði frá sínum flokki — ein 70 atkvæði —. Samt skreið hann. Í stað þess að fara með róg um ýmsa menn í Framsfl. hefði hann átt að segja, hvernig hann er eiginlega hingað kominn og í hverra umboði hann situr hér.

Honum ógnaði, hvað fjárlögin væru há. Svo illskaðist hann dálítið yfir nokkrum liðum, sem áður hefðu verið á fjárl., en búið væri að fella niður. Ef það væri aldrei hægt að sleppa útgjaldaliðum, sem komizt hafa á fjárlög einhverntíma á síðasta áratug, heldur stæðu þeir þar til eilífðar, þá er ég hræddur um, að fjárl.frv. yrði að vera hærra en það er núna. Aðeins eitt vil ég minnast á sérstaklega, af því að það er viðkvæmt mál. Hann sagði, að það fé, sem varið var til varna gegn borgfirzku pestinni, hefði farið í ómaklega staði og sumar sýslur orðið algerlega útundan. Ég vil, að allir viti það, að skiptingin var gerð með samkomulagi milli þingmannanna í þeim héruðum, sem áttu hlut að máli, og að þeir þingmenn áttu sæti í öllum flokkum.

1. þm. Reykv. (MJ) talaði langt mál, eins og hann hafði rétt til. Fjárlagaræður hans hafa verið eins eða svipaðar í 9 ár og sáralítið nýtt á þeim að græða. Hann sagði, að frv. hefði skotið frjóöngum síðan í vor. Honum láðist að geta þess, að þær hækkanir eru nær undantekningarlaust gerðar eftir tillögum fjvn., og meira að segja með samþykki sjálfstæðismanna í nefndinni. Þessu gleymir hann auðvitað að segja frá.

Það þurfti ekki á honum að halda til að sjá, að ríkissjóð skortir tekjur til að greiða með afborganir af föstum lánum síðustu tvö ár. Ríkissjóður hefir ekki gert betur en að fullnægja kröfum líðandi árs. Ef hv. 1. þm. Reykv. hefir ekki spurnir af hliðstæðri stofnun, sem ekki hefir getað fullnægt þeim kröfum án nýrra lána, gæti hann kynnt sér fjárhagsástand Reykjavíkurbæjar og hvernig bæjarsjóðurinn hefir greitt af sínum skuldum þessi tvö ár.

Auðvitað getur Landsbankinn ekki haldið áfram endalaust að bera skuldaþunga opinberra stofnana. Þar verður að leita annara úrræða tafarlaust.

Þeir félagarnir, hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Dal., halda sér enn við fullyrðingarnar um, að ég hafi gefið villandi skýrslu um greiðslujöfnuð við síðustu áramót. Þeir halda því fram, að neitað hafi verið óhjákvæmilegum vöruinnflutningi fram yfir nýár í fyrra vetur, til þess að greiðslujöfnuðurinn um áramótin liti betur út, og að þetta hafi hefnt sín áþreifanlega með óhagstæðum greiðslujöfnuði framan af yfirstandandi ári. Þetta er rangt. Það eru kannske ekki visvitandi ósannindi hjá þessum hv. þm., en það er engu síður rangt og búið að leiðrétta það. Gjaldeyrisnefndin veitti leyfin nákvæmlega eftir sömu reglum fyrir áramót eins og eftir. — Þeir segja, að vöruþurrð í árslok 1936 hafi leitt til óvenjulegs innflutnings í ársbyrjun 1937. En það er hægt að sanna það beinlínis með tölum, teknum úr Hagtíðindunum, að þetta er tilhæfulaust. Innflutningurinn á þrem fyrstu mánuðum ársins 1937 er svo að segja nákvæmlega eins og þrjá mánuði ársins á undan. Og að hækkun sú á innflutningnum árið 1937 fer fyrst að koma fram þegar komið er fram í apríl og maí. Haldi því hver maður fram, sem vill, að það sé venja hér á þessu landi, að kaupa inn þær vörur, sem á að nota í maí og júlí, fyrir áramót veturinn á undan. Nei, þetta er ekkert annað en lélegar tilraunir til þess að gera lítið úr þeim árangri, sem þó náðist á árinu 1936, og þetta er sannast að segja til lítils sóma þeim, sem að því standa.

Þá ætla ég að minnast á þjóðnýtingarkenningu hv. 1. þm. Reykv. Það er nú búið að finna nýja skilgreiningu á hugtakinu þjóðnýting, svo að þjóðnýting er þá kölluð öll hækkun á ríkisútgjöldum og opinberum útgjöldum. Hv. þm. breiddi sig út yfir það, að framsóknarmenn væru langt komnir á þessari þjóðnýtingarbraut. Náttúrlega gerði hann ekkert til að sýna fram á, að Sjálfstfl. hefði beitt sér á móti þeim greiðslum, sem hafa hækkað útgjöldin síðan 1926, því að hann talaði líka eins og hann hefði ekki heyrt ræðu mína í dag — sennilega af því að hann hefir komið með allt skrifað. En vill hv. þm. ekki athuga það, hvernig framkvæmdirnar í hans eigin flokki t. d. hér í Reykjavík koma heim og saman við þjóðnýtingarkenninguna, sem hann flutti hér áðan. Ríkisútgjöldin hafa hækkað um 58% síðan 1926, en útgjöld Reykjavíkurbæjar, sem stjórnað er af „þjóðnýtingarmönnum" í Sjálfstfl., hafa hækkað um 100% (**MJ**: Mest fyrir lagasetningar Alþingis!) Ég held ég þekki svörin! En þetta er algerlega rangt, — af þeim einföldu ástæðum, að langsamlega minnstan part af þessum útgjöldum hefir Reykjavík orðið að inna af höndum vegna

laga frá Alþingi. Þvert á móti hefir Reykjavík á þessu tímabili fengið framlög upp í fátækraframfærið gegnum atvinnubótavinnuna. Það er bezt fyrir hv. 1. þm. Reykv. að tala sem minnst um þetta, því að það kemur illa heim við reynsluna, t. d. við reynsluna, sem menn hafa á stjórn Reykjavíkurbæjar (MJ: Reykjavík er eini staðurinn á landinu, sem ekki hefir notað allt sitt atvinnubótafé).

Ég mun nú vera að verða búinn með minn tíma, en ég verð þó aðeins að víkja að einu, sem hv. 1. þm. Reykv. kastaði fram og átti að vera ákaflega sterk röksemd. Hann sagði, að ég skyldi spyrja þá að því, sem hafa misst fé sitt úr sauðfjárpestinni, hvort ætti að hækka skatta og tolla, — og þá, sem hafa rekið sjávarútveg með tapi. Já, spyrjum þá, hvort er betra, að ekkert sé gert af hálfu Alþingis til þess að styðja ykkur, sem hafið orðið fyrir þessu tjóni, eða gera eitthvað verulegt og komi þá einhver gjöld á hina, sem ekki hafa orðið fyrir þessum búsifjum? Því að það vitum við allir jafn vel, að þó að gjöld komi almennt niður, þá er það ekki nema ofurlítið brot, sem þessir menn bera, svo að það er alltaf stór hagsbót fyrir þá, þó að þeir verði einhver gjöld að bera í þessu skyni.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Brtt. fjvn. við fjárlagafrv. liggja nú fyrir ásamt nál. Ég mun við 2. umr. þessa máls gera nánari grein fyrir störfum fjvn., legg ég til, að málinu verði nú að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr.

Ólafur Thors: Þingsköp mæla svo fyrir, að við framhald fyrstu umr. fari fram hinar svokölluðu eldhúsdagsumr. í útvarpinu. Það hefir orðið að samkomulagi milli þingflokkanna, að þeim umr. skuli frestað, af ástæðum, sem öllum hv. þm. eru kunnar. En síðar mun verða samið milli flokkanna, hvenær umr. fari fram, og þá einnig, hvort þær verða í því formi, sem þingsköp ætlast til, eða þeim verði breytt frá því, sem þingsköp gera ráð fyrir.

Forseti: (BÁ): Mér er kunnugt um þetta umtal, sem hv. þm. G.-K. ræddi um, og forsetar munu að sjálfsögðu sjá um, að réttur stjórnarandstæðinga til að hefja eldhúsdag við umr. fjárl. verði ekki skertur, þrátt fyrir það, að þær samkv. venju fari fram við fyrstu umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 242, n. 252).

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Þrátt fyrir það þótt ætla mætti, að störf fjvn. birtist að miklu eða öllu leyti í brtt. þeim, sem n. hefir lagt fram ásamt nál., þá er það nú ekki svo, því að mikið af þeim tíma, sem n. hefir varið til þess að yfirfara fjárlfrv., hefir farið í það, að tala við forstjóra ýmsra stofnana, og mun ég víkja nánar að því síðar. Fjvn. hefir haldið rúmlega 50 fundi, og sumir hafa staðið yfir margar klst. — Ég vil taka það fram, að nefndarmenn hafa, eftir því sem mér hefir virzt, verið einhuga í því að láta gott af sér leiða og að árangurinn gæti komið fram í myndarlegri afgreiðslu fjárl. Öllum hv. þm. er það ljóst, hversu erfitt það er að mæta til nokkurrar hlítar þeim útgjaldaþörfum, sem yfirleitt eru fyrir hendi, og hinsvegar að afla þeirra tekna, sem þarf til þess að standa straum af gjöldunum. Það hefir ekki verið ágreiningur um nein veruleg atriði í n., enda hafa hæstv. ráðh. unnið að því, annarsvegar með mér og hinsvegar í n. sjálfri, að reyna að miðla fjárlögunum þannig milli héraða, að sem réttast mætti vera, og svo framarlega sem hv. þm. hafa rætt við aðra hv. nm. um sín áhugamál, þá hefir verið gert allt, sem í valdi n. stendur, til þess að taka óskir þeirra til greina, að svo miklu leyti sem n. hefir álitið að þær snertu beint eða óbeint þarfir landsmanna, en það má að sjálfsögðu segja um allar þær óskir og till., sem hv. þm. bera fram. Þrátt fyrir það, að ekki hefir komið fram verulegur ágreiningur í n., hafa hv. sjálfstæðismenn samt sem áður ritað undir með fyrirvara. Ég skal játa, að mér þótti það töluvert miður, af því að ég átti þess tæplega von. Ég hafði t. d. lagt á mig nokkuð mikla vinnu til þess að reyna að mæta óskum manna, en þrátt fyrir óskir mínar til samnefndarmanna minna, hv. sjálfstæðismanna, um að gera grein fyrir fyrirvara sínum, hafa þeir ekki viljað gera það skriflega, en að sjálfsögðu kemur hann fram í umr. hér á eftir. Það, sem okkur sem meiri hl. skipum, þótti sérstaklega illt við þetta, er það, að við erum óvísari eftir en áður um það, hvernig sjálfstæðismenn kunna að greiða atkv. um einstakar till. hér í sjálfu þinginu. Hygg ég þó, að n. fylgist yfirleitt að um þær till., sem hún afgreiddi, og ég vantreysti hv. sjálfstæðismönnum, sem í fjvn. eru, ekki í því, að þeir reynist öðruvísi í hv. d. en í fjvn.

Fjárlfrv. kom frá ríkisstj. með 487100 kr. rekstrarafgang, og tekjurnar eru þannig áætlaðar, að ekki má telja varlegt að hækka þær neitt verulega, enda hefir n. ekki gert það enn sem komið er, aðeins lítilsháttar, um ca. 70 þús. kr., að frádregnum þeim lækkunum, sem hún hefir gert á einstökum tekjuliðum. Ég vil ekki fullyrða við þessa umr., hvort hækkunartill. kunna að koma fram við einstaka liði ennþá, en mér lízt þannig á, að það muni ekki geta orðið neitt verulegt. Brtt. fjvn. bera þetta með sér, ef þær eru bornar saman við sjálft frv., og skal ég því ekki eyða fleiri orðum í þetta. Þó að ætla mætti að n. hefði ekki hækkað verulega útgjaldaliðina, þá er það þó hv. þm. ljóst, að slíkt er algerlega óhjákvæmilegt og er í fullu samræmi við óskir þeirra sjálfra. Hækkunartill. n. eru rúmlega ca. 800 þús. kr., og þegar tekið er tillit til tekjuafgangsins, sem var á frv.

frá hendi ríkisstj., þá verður rekstrarhallinn nú 260 þús. kr. Ég mun í lok ræðu minnar gera nánari grein fyrir þessu á þann hátt að skýra frá hækkuninni á hverri einni gr., og loks vil ég gefa samandregið yfirlit. En eins og frv. lítur út nú, þá er greiðsluhallinn um 1½ millj. kr. Sá halli stafar ekki eingöngu, eins og áður er tekið fram, af hækkunum n., heldur var greiðsluhallinn á frv. ríkisstj. 726 þús. kr., eða rúmlega það. Til þess að mæta þeim hækkunum, sem þegar eru orðnar, benti n. á þau tekjuöflunarfrv., sem nú liggja fyrir þinginu og eru enn óafgreidd, og nema þau um 1350 þús. kr., eða um 150 þús. kr. lægri upphæð heldur en þarf til þess að mæta þeim halla, sem er án tillits til þessara frv., og þeir liðir, sem þá vantar, er sérstaklega fjárpestin og nokkrir liðir fleiri, sem ég mun víkja að síðar í ræðunni.

Þá ætla ég að víkja aðeins að ríkisstofnununum. Um þær er nokkuð mikið deilt út frá sjónarmiði stjórnmálafl., en ég mun ekki fara út í það hér. N. er algerlega sammála um viss atriði í sambandi við ríkisstofnanirnar; í fyrsta lagi, að það sé nauðsynlegt að hafa samræmi í launagreiðslum, en það er ekki svo sem skyldi; í öðru lagi, að ekki komi til mála, að forstjórar fjölgi skrifstofufólki né breyti launakjörum þess án þess að samþykki hlutaðeigandi ráðh. komi til. Í þriðja lagi er n. sammála um, að eftirvinna verði felld niður svo sem verða má. Ástæðan er sú, að það er ekki gott skipulag frá neinu sjónarmiði, að starfsmenn í skrifstofum eða við aðra vinnu þurfi að vinna fram yfir ákveðinn tíma, sem miðað er við. Án þess að fara frekar út í þetta skal ég þó geta þess, að sennilega er mjög illt að komast hjá eftirvinnu við eina ríkisstofnun, sem sé pósthúsið hér í Reykjavík, en n. hefir dottið í hug, hvort ekki væri hægt að hafa vaktaskipti við vinnuna, þannig að enginn maður ætti þá yfir höfði sér að vinna lengri tíma en laun hans eru miðuð við. Þá er það í fjórða lagi álit n., að það sé yfirleitt óviðkunnanlegt fyrirkomulag, að launa aukastörf við sömu stofnun, sem hlutaðeigandi starfsmaður er fastur hjá. Í fimmta lagi var n. sammála um að forðast útgjaldaliði, sem mögulegt er að komast hjá, og stendur það sérstaklega í sambandi við ríkjandi atvinnuleysi og fjárþröng. Það, sem sérstaklega hefir verið deilt um í sambandi við ríkisstofnanirnar, að því er mér virðist, er starfsmannafjöldinn og launaupphæðin. Hvað starfsmannafjöldann snertir, þá hygg ég, að það sé ekki rétt, að þessu sé meira ábótavant hjá ríkisstofnunum en hvar sem er. Ég býst við, að bæði atvinnurekendur einkafyrirtækja og forstjórar ríkisstofnana teygi sig eins langt og hægt er í því að veita fólki atvinnu. Um hitt atriðið, launaupphæðina, vil ég aðeins gefa ofurlitla skýrslu. Ég tek einstaka stofnanir, og hefi ég tekið meðallaunin til þess að gefa hv. þm. dálitla hugmynd um launaupphæðina. Laun forstjóra ríkisstofnananna eru ekki talin með, og ekki heldur þeirra, sem hafa undir 2000 kr. í laun, t. d. sendisveina og annara, sem ekki eru fastir starfsmenn með normölum launum. — Áfengisverzlun ríkisins greiðir til jafnaðar 3700 kr. í árslaun. Tóbakseinkasala ríkisins 3981 kr. raftækjaeinkasalan 4800 kr. og tryggingarstofnun ríkisins um 6233 kr. Þarna hefi ég eiginlega sannað tvennt af því, sem ég hefi þegar drepið á; í fyrsta lagi, að það er nokkurt ósamræmi í launagreiðslum þessara stofnana, og í öðru lagi, að það er ekki réttmæt ásökun, að launagreiðslurnar séu óhæfilega háar hjá þessum stofnunum. Þá tek ég menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri. Kennarar við menntaskólann í Reykjavík hafa 4640 kr. í meðallaun, og eru rektorarnir meðtaldir í báðum tilfellunum, en ekki risnufé þeirra. Við menntaskólann á Akureyri eru meðallaun kennaranna 4515 kr. Þessi laun, sem greidd eru við menntaskólana, eru dálítið hærri en lægstu *meðallaun hjá ríkisstofnununum, en* töluvert lægri en þau hæstu. Það má heita, að t. d. raftækjaeinkasalan launi sínum mönnum til jafnaðar heldur betur en menntaskólarnir kennurum sínum, þar sem raftækjaeinkasalan greiðir 4800 kr. á ári, en menntaskólarnir 4640 kr. annar, og hinn 4515 kr. Í þessu sambandi vil ég aðeins geta þess, að það er ekki óeðlilegt, þó að menn, sem hafa varið löngum tíma til skólagöngu og gegna vandasömu starfi, sem þekkingu þarf til að inna af hendi, eins og kennarar verða að gera yfirleitt, séu óánægðir með að hafa ekki betri kjör en menn, sem gegna störfum, sem ekki útheimta sérþekkingu.

Þá hefi ég tekið barnakennarana, vegna þess að það hefir verið dálítið um þá deilt, og sérstaklega hefi ég persónulega orðið var við, að menn hafa álitið, að fræðslul. frá 1936 hafi valdið gífurlegri hækkun á launum kennara, og má vera, að þau hafi hækkað nokkuð, en aðalhækkunin stafar þó af því, að starfstími kennaranna hefir verið lengdur. Ég leyfi mér að fullyrða, að sú ósk sé mjög almenn nú, að börn séu sem lengst undir handarjaðri skóla og kennara, og ég verð að líta svo á, að það sé ráðlegt fyrir heimilin að krefjast þess, að kennarar og skólar séu teknir sem mest til samstarfs við heimilin um uppeldi barnanna, og með það fyrir augum barðist ég mikið fyrir frv. á þinginu 1936, sem síðar varð að l. Barnakennarar í Reykjavík hafa að meðaltali í laun 1745 kr., í kaupstöðum utan Reykjavíkur 1941 kr., utan kaupstaða 1816 kr., og farkennarar hafa að meðaltali 570 kr. Þess skal getið, að þessi laun kennara í kaupstöðum, sem eru framlag ríkisins, eru ⅓ af grunnlaunum ásamt þeim hluta dýrtíðaruppbótar, sem ríkið leggur til, og við það bætist svo ⅔ úr bæjarsjóði. *En laun kennara utan kaupstaða, sem hér eru* nefnd, eru framlag ríkis að viðbættri dýrtíðaruppbót ríkisins, eða helmingur grunnlauna, og kemur svo helmingur á móti úr sveitarsjóði. Hér eru þó farkennarar ekki taldir með.

Laun þau, sem Reykjavík greiðir sem nokkurn hluta dýrtíðaruppbótar, eru ekki talin hér með, þannig að kennarar í Reykjavík fá samtals 40% í dýrtíðaruppbót, svo að þeir verða þrátt fyrir allt hæst launaðir af öllum kennurum. Ef tekið er meðaltal af þessum 4 fl. barnakennara, þá verða árslaunin 1431 kr. Það hefir verið deilt töluvert um það, að þessi stétt þjóðfélagsins væri óhæfilega dýr, en það stafar af því, að vinnutíminn er langur og stéttin er mannmörg,

og þeir mega sjálfum sér um kenna, sem börnin eiga og þurfa á kennurunum að halda.

Þá ætla ég næst að víkja að brtt. sjálfum, og skal ég stytta mál mitt í sambandi við þær. Í fyrsta lagi er engin ástæða til þess að hafa hér yfir aftur það, sem stendur í nál. Í öðru lagi er engin ástæða til að fara að tala um brtt., sem fela í sér sjálfum, ef þær eru lesnar yfir, hvað á bak við breyt. felst. Um 2. gr. er ekkert að segja umfram það, sem ég hefi áður sagt.

Í sambandi við 3. gr. vildi ég í fyrsta lagi minnast á póstflutningana. Það hefir verið sett sú kvöð á skip og báta, sem njóta styrks frá ríkinu, að þeir séu skyldugir til að flytja póst endurgjaldslaust, en þetta hefir þó alls ekki verið framkvæmt nema að litlu leyti. Stærstu skipin, eins og skip Eimskipafélags Íslands og ríkisskipin, munu taka gjöld fyrir sinn póstflutning, en smærri bátar, flóabátar, hafa flutt póst fyrir ekkert. Mér finnst rétt, og n. er sammála um, að það sé rétt, að slík skip og bátar flytji póst fyrir ekkert, en flutningurinn að og frá skipsfjöl kosti hlutaðeigandi útgerðarfélög peninga, og n. er sammála um, að skip, sem flytja póst endurgjaldslaust, séu ekki háð þeirri kvöð að greiða úr sínum sjóði fyrir póstflutning.

Þá er það 2. liður við 3. gr., það er viðhald landssímans, 21. brtt. Þessi tala sýnir ekki alveg rétt, hvað ætlað er til viðhaldsins eins. Það má segja, að það sé líka endurbót símans, og vil ég geta um sem dæmi, að grafa verður símann í jörð sumstaðar, í stað þess að hafa hann á staurum; það er ekki annað en endurbót. Þetta er mikil endurbót og kostar mikið fé, og hefði átt að vera í öðrum lið, en móti því mælir það, að ekki er hægt að segja um, hve löng lína verður lögð í jörð. Ýmsir hafa rekið augun í þennan lið og þótt hann hár, og vildi ég því gefa þessa skýringu, að mikið af fénu fer í endurbætur. Ég vil geta þess viðvíkjandi 24. brtt., að búizt er við, að hægt verði að skipta þeirri upphæð niður á símalínur, sem lagðar verða á árinu, fyrir 3. umr.

Þá er hér nýr liður, 25. brtt., loftskeytastöðvar í skip og talstöð við Hvítárvatn. Loftskeytastöðvar í skip er krafa, sem nútíminn gerir og verður að teljast sjálfsögð. Um talstöðina við Hvítárvatn er það að segja, að nú þegar kominn er þangað bílfær vegur, er ferðamannastraumur einna mestur þangað, svo næstum má telja talstöð þar óhjákvæmlega.

Þá er 32. brtt., til útvarpsstöðva í lið 1, á að hækka um 50 þús. kr. Er það vegna stækkunar á útvarpsstöðinni í Reykjavík og endurvarpsstöðvar, sem reisa á á Austurlandi. Í þessu er enginn stofnkostnaður; hann er öðruvísi byggður upp, og hefir verið tekið til hans lán. Þessi hækkun er næstum eingöngu vegna aukinnar raforkueyðslu og vegna þess, að byrja á með tilraunaútvarp í apríl næstkomandi, og svo er ætlazt til, að stöðin hér í Reykjavík verði stækkuð fyrir næsta vor. Hefi ég það eftir fagmönnum útvarpsins, að líklegt sé, að þessi liður hækki í framtíðinni, þ. e. lampar eru dýrir, en kaup á þeim ekki nauðsynleg í þetta sinn.

Ég vil geta um 36. brtt., um landhelgisgæzlu. Þessi liður hækkar um 50 þús. kr.; þar eru innifaldar í landhelgisgæzlunni hafrannsóknir vegna friðunar Faxaflóa, og skal ég geta þess, að forstjóri skipaútgerðar ríkisins sagði, að þetta mundi ekki nægja til þess að senda varðskipin til rannsókna í Faxaflóa, — hver ferð kostar 5 þús. kr. og er gert ráð fyrir fjórum ferðum. Þar að auki þarf að setja tilraunaklefa í „Þór“, og gat hann ekki lofað n. að gera þetta nema að til kæmi sérstök fjárveiting.

Um næsta lið, hegningarhúsið í Reykjavík, er getið í nál., og um vinnuhælið er það að segja, að ekki hefir verið búið að því með fjárveitingu sem skyldi. Þess er krafizt af forstöðumanni þess, að hann taki við mönnum héðan, sem bíða dóms og ekki er rúm fyrir í hegningarhúsinu, eða ekki eiga þangað að koma. Ekki er heldur hægt að taka alla, sem óska að fara þangað. — Þá er vinna fanganna á hælinu. Menn hafa heyrt, hvað talað er um, að ala megi þá upp með vinnu, og verður hún að teljast líklegasta meðalið til að koma þeim upp úr þeirri niðurlægingu, sem þeir eru sokknir í. En að fara með þá út fyrir hælið er nokkuð kostnaðarsamt. Það verður að byggja yfir þá sæmileg skýli, og flytja þá heim að hælinu um hverja helgi, sem er afarmikill kostnaður að. Væri athugandi, hvort ekki er hægt að láta þá vinna þar heima við, bæði að landþurrkun o. fl., þeir hafa grafið stórt holræsi og byggt sjávargarð, og hefðu gert meira, ef fjárveiting hefði hrokkið til. Er því lagt til, að fé til verklegra framkvæmda verði hækkað í 20 þús. kr., enda þótt það muni varla hrökkva til.

Breyt. n. viðvíkjandi sjúkrahúsunum er byggð á reynslu ársins 1936, og þó sérstaklega ársins 1937, sem hægt er að sjá nokkurveginn. Hækkunin er aðallega falin í verðhækkun matvæla og upphitunar, kolin hafa stigið mikið og matvælin einnig, svo og nokkrar launahækkanir. N. sér sér ekki fært að mæta þessari sífelldu þenslu á kostnaði sjúkrahúsanna á annan hátt en að hækka daggjaldið, og hefir gert till. til hlutaðeigandi ráðh. um, að það væri athugað.

Ég vil aðeins leiðrétta í 55. brtt. um læknisbústaði og sjúkraskýli; þar stendur, að þar af skiptist 10000 kr. sem fyrri greiðsla milli þessara staða, o. s. frv. Það er ekki rétt; það er allur liðurinn, samtals 11 þús., sem á að skiptast milli þessara staða, sem hér eru taldir, og eru fyrri greiðslur.

Í sambandi við sjúkraskýlið á Eyrarbakka vil ég geta þess, að hreppurinn hefir keypt steinhús, sem stendur autt, í þessu skyni, en þessi fjárveiting er því skilyrði bundin, að hreppnum sé ljóst, að hann verður sjálfur að standa straum af rekstri sjúkraskýlisins, þegar búið er að koma því upp.

Þá vil ég geta um 56. og 57. brtt. Um þá fyrri er það að segja, að n. lagði hana fyrir landlækni, og lagði hann til þessa niðurfellingu aths. Hin greiðslan fellur niður af sjálfri sér, þar sem sr. Jakob Lárusson er dáinn.

Vega- og samgangnamálið mun vera það mál, sem hv. þm. hafa mestan áhuga fyrir, sérstaklega þeir, sem eru fulltrúar dreifbyggðanna, og till. um nýja vegi og fjárhæðir, sem veittar eru til hvers vegar, bæði í frv. og brtt., eru eftir

samkomulagi milli hlutaðeigandi þm. og n. annarsvegar, og hinsvegar byggðar á till. vegamálastjóra. Ég skal geta þess, að fjárhæðirnar til hvers einstaks vegar eru í flestum tilfellum samkv. lágmarkstillögum vegamálastjóra, og sýnir það með öðru, að n. hefir verið gætin í sínum till., þar sem forstöðumaður veganna í landinu telur þetta lágmarkstillög. Hinsvegar ber að geta þess, að þm. ættu að líta á þessa hluti með sanngirni, og þeim hlýtur að vera ljóst, að ekki er hægt að veita neitt nálægt þeirri fjárhæð, sem æskilegt væri og veita þyrfti. En öllum er það ljóst, hversu mikla þýðingu samgöngurnar hafa fyrir þjóðarheildina, enda eru þessar upphæðir eftirsóttar, einnig vegna þess, að þetta er atvinnuaukning fyrir fólkið í landinu.

Um hafnirnar vildi ég geta þess, hv. þm. til athugunar síðar meir, að með ýmsum beiðnum, sem fyrir liggja um bryggjur, lendingarbætur eða hafnarbætur, eru umsóknirnar tæplega nógu vel undirbúnar, en fjvn. verður að gera kröfu til, að fyrir liggi áætlun frá vitamálastjóra um kostnað verksins; fyrr getur n. enga ákvörðun tekið.

Hafnirnar eru aðallega í þrem flokkum samkv. l., bryggjur og lendingarbætur gegn framlagi að ⅔ annarsstaðar frá og lendingarbætur gegn jafn háu framlagi annarsstaðar frá. Ég vil geta gamals kunningja hv. þm., brimbrjótsins í Bolungavík. Fjvn. hefir fengið þær upplýsingar, að hann sé í góðu lagi, en sé svo þungur baggi á hlutaðeigandi hreppi, að hann telur sig ekki geta staðið undir honum nema að fá þessa fjárveitingu, sem tekin er í brtt. n. Munu menn óska, að þetta verði síðasta greiðsla til þessa mannvirkis og að það fengi staðizt árásir brims og storma.

Þá kem ég að 14. gr. Svo sem ég hefi talað um áður, er allmikil hækkun á þessari gr. Er þar fyrst till. n. 90, sem er gerð samkv. reynslunni og má eiginlega skoða sem leiðréttingu. Sama er að segja um styrk til iðnaðarmannafélaganna á Siglufirði og Eyrarbakka til skólahalds.

Þá kem ég að launum kennara í föstum skólum, sem hafa farið mjög hækkandi ár frá ári og stafa vitanlega ekki af því, að þessir menn hafi tekið hver um sig svo gífurleg laun, eins og ég hefi þegar sýnt fram á, heldur af því, að skólaskyldualdurinn hefir verið lækkaður og starfstími kennara lengdur og laun hækkað í hlutfalli við það. Vil ég minnast þess í því sambandi, að langt er frá, að kennarar eigi hægt með að fá sér atvinnu yfir sumarið. Vona ég, að hv. þm. virði mér til vorkunnar, þótt ég tali *dálítið um kennarana; bæði er mér málið skylt* og vel kunnugt. Mér og öðrum nm. kom saman um, að æskilegt væri að grennslast eftir, hvernig gengi um framkvæmd kennaral. frá 1936, sérstaklega að því er snertir barnafjölda á kennara. Fræðslumálastjóri gaf n. upplýsingar í þessu efni, en ég skal geta þess, að þær voru sérstaklega miðaðar við framkvæmd laganna hér í Reykjavík, og ennfremur, að þær voru miðaðar við árið 1936. En í bréfi, sem fyrir framan mig liggur og er frá hæstv. kennslumálaráðh. segir hann, að í bréfaviðskiptum milli sín og fræðslumálastjóra láti fræðslumálastjóri þess getið, að ekki sé hægt að ætlazt til, að fleiri en 45 börn komi á kennara hér í Reykjavík. Hæstv. ráðh. lætur þess getið í bréfi til fræðslumálastj. að hann óski eftir, að viðkomandi skólanefndir athugi, hvort ekki sé hægt að framkvæma framvegis lögákvæðið um 50 börn á kennara, og tel ég, að þetta mál sé á réttri leið. Þó að skýrslur sýni ekki 50 börn á kennara, er ekki ástæða til að æðrast út af því um sinn, því lögin gera ekki ráð fyrir, að kennurum sé sagt upp, heldur ættu smátt og smátt að fást fleiri börn, en fjölgun kennara er stöðvuð í bili. Nú hefi ég látið þessa getið hér af því, að á mig hefir verið deilt persónulega vegna þess, að ég lagði töluvert kapp á að koma frv. fram, og mér væri því skylt að sjá um framkvæmd laganna. Enda er mér það mikið kappsmál, að fræðslumálastjóri reyni að sjá um, að bókstafur laganna verði framkvæmdur að svo miklu leyti, sem auðið er. N. sendi fyrirspurnir til allra barnaskóla á landinu og hefir fengið svör alstaðar að. Er niðurstaðan þessi:

Í Miðbæjarskólanum í Reykjavík eru 35 fastir kennarar, auk tveggja fastra kennara með 2 st. á dag, og tíu stundakennarar, 46 börn á kennara. — Í Austurbæjarbarnask. í Reykjavík eru 42 fastir kennarar, auk 5 stundakennara, 42 börn á kennara. — Í barnakólanum í Skerjafirði eru 5 kennarar, auk 5 stundakennara, 53 börn á kennara. — Í barnaskólanum í Laugarneshverfi eru 7½ kennari, auk 4 stundakennara, 52 börn á kennara. — Í barnaskólanum á Ísafirði eru 10 kennarar, auk 70 st. á viku, 40 börn á kennara. — Í barnaskólanum á Siglufirði eru 8 kennarar, auk eins heimiliskennara og eins kennara fyrir vangæf börn, 45 á kennara. — Í barnaskólanum á Akureyri 15 kennarar, auk tveggja stundakennara, 41 barn á kennara. — Í Seyðisfjarðarskóla eru 4 kennarar auk tveggja stundakennara, 36 börn á kennara. — Í Vestmannaeyjaskóla eru 13 kennarar, auk 1 stundakennara, 1 aðventistakennara, 44 börn á kennara. — Í Hafnarfjarðarskóla eru 14 kennarar, auk 1 stundakennara og 3 kennara við kaþólska skólann, 42 börn á kennara.

Barnafjöldi á fasta kennara er að meðaltali 43. Ef hver kennari hefði 50 börn, yrðu þeir samtals 138, í stað 158, auk allrar aukakennslu, eða 20 færri en nú eru starfandi, og virðist vera hægt að framkvæma 50 barna ákvæðið að mestu leyti, þótt 20 kennarar séu til að mæta væntanlegri barnafjölgun í skólunum, auk þess, að kennarar ganga úr starfi. Laun hafa hækkað í samræmi við lengingu starfstímans; auk þess hafa laun hækkað við kennslu umfram fastakennara.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að fræðslumálastjóri hefir tjáð n., að nokkur vinna sé unnin í skrifstofu hans við að vinna úr prófgögnum utan af landi. Ég er því sammála, að eitthvert eftirlit þurfi að hafa með prófunum, og nokkur hluti þess geti vel farið fram í skrifstofu fræðslumálastj., en ég álít óþarfa að eyða svo miklu fé í það sem gert hefir verið. Mér er sagt, að það hafi farið allt upp í 5 þús. Ég álít, að vinna mætti þetta verk fyrir einar 1500 kr.; það eru hálf kennaralaun eða þar um bil.

Ég býst við, að fræðslumálastjóri gæti fengið tvo eða þrjá kennara til að vinna að þessu yfir sumartímann, þó þeir fengju ekki meira til samans en 10—15 hundr. kr., og ég held, að þeir geti lokið verkinu á þeim tíma.

93. brtt. er um byggingarstyrk barnaskóla utan kaupstaðanna. Það er mikil eftirsókn í það alstaðar á landinu að fá tillag frá ríkinu til að koma upp heimavistarbarnaskólum, sem um leið séu einskonar menningarmiðstöð fyrir sveitina og samkomuhús. Ég vil ekki eyða tíma í það að fara hér að ræða þann meiningamun, sem er manna á milli um það, hvort barnaskólinn og samkomuhúsið eigi að vera sama hús; mér finnst svo mikil fjarstæða, að börn á skólaskyldualdri og foreldrar þeirra og eldri systkini ættu ekki að geta notazt við sama hús til kennslu og skemmtana. Ég hefi heyrt marga segja, að skemmtisamkomur séu svo blæljótar, þá einkum vegna drykkjuskapar, að ekki sé mögulegt að hafa þær í sama húsi og barnaskólann. En mér finnst það vera að beygja kné fyrir ósómanum, ef það á að standa í veginum; það er einmitt sjálfsagt að berjast á móti slíku ófremdarástandi, svo að börn og foreldrar geti einnig verið saman að skemmta sér.

Út frá þessu sjónarmiði er það veruleg bót að fá þessi skólahús út um sveitirnar til að mynda þar einskonar menningarmiðstöð fyrir hvert skólahverfi, og á undanförnum árum hefir ekki verið hægt að fullnægja til nokkurrar hlítar þeim óskum, sem fyrir hafa legið, og held ég, að hv. fræðslumálastjóri hafi gengið of langt í því að lofa greiðslum til þessa, án þess að fjárveiting hafi verið til. Fjvn. hefir lagt til, að þessi liður væri hækkaður um 20 þús. kr. vegna þess, að nú þegar hafa verið byggðir 20 skólar, sem ekki hafa fengið nema hluta af þeim ríkisstyrk, sem þeim hefir verið lofaður, og er sú upphæð áætluð af fræðslumálastjóra 53 þús. kr. Virðist mér því, að þrátt fyrir þessa hækkun geti ekki neinir nýir skólar komið til greina á næsta ári, eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, og er það illa farið. Ég verð því að játa vanmátt minn í því, frá ýmsum sjónarmiðum, að leggja til, að þessi liður verði hærri, í fyrsta lagi vegna þeirra erfiðleika á að fá nægilegt fé í allar þarfirnar, og ennfremur vegna þess, að ég býst við, að menn sjái yfirleitt, að þetta sé þó nokkur bót.

Þá vildi ég beina því mjög alvarlega til þeirra aðilja, sem mest hafa að segja um það, hvaða staðir eru valdir í hverju skólahéraði fyrir skólasetur, að ekki sé veittur styrkur í skólabyggingar á öðrum stöðum heldur en þar, sem jarðhiti er eða virkjunarskilyrði, ef þess er kostur í nærliggjandi umhverfi. Því að öllum má vera ljóst, hve gífurlega þýðingu það hefir fyrir rekstur slíks skóla í framtíðinni, að þessi skilyrði séu fyrir hendi. En ég þekki dæmi þess, að menn vilja byggja sína skóla á köldum stöðum, þar sem ekki eru virkjunarskilyrði, þrátt fyrir það, þó að nærri liggi heitir staðir og virkjunarskilyrði og jafnvel rafstöðvar.

Þá er 94. brtt. (stofnkostnaður héraðsskóla). Það er gerð allnákvæm grein fyrir þessari brtt. í nál. á þskj. 252. Sé ég ekki ástæðu til að eyða mörgum orðum að þeim brtt. fram yfir það, að vitanlega er sjálfsagt fyrir alla menntunarfúsa og framsýna menn að hlynna að því svo sem verða má, að skólarnir í sveitum landsins geti tekið á móti því fólki, sem í þá vill komast, því að mismunurinn á kostnaði þar og á kostnaði við dvöl í bæjaskólunum er svo gífurlegur. Það er því mikil ástæða til að hlynna að því, að skólar verði reistir á jarðhitasvæðum.

Fyrir liggja nokkrar beiðnir frá héraðsskólum um styrki til stækkunar á þeim og endurbóta á húsakosti þeirra. N. leggur til, að liðurinn til héraðsskóla hækki um 9 þús. kr., úr 19 þús. upp í 28 þús. kr., sem skiptist á milli fjögra héraðsskóla, þó að n. sé ljóst, að styrkurinn til Reykjanesskóla í Norður-Ísafjarðarsýslu sé of lítill.

Um skólann á Reykjum í Hrútafirði er það að segja, að hann er aðeins hálfbyggður, og slíkur skóli þarf vitanlega fjárveitingu til þess að verða fullbyggður.

Endurbætur á Núpsskólanum munu einnig vera mjög nauðsynlegar; og þessi fjárveiting til hans mun aðallega vera gerð í því skyni að bæta úr húsakosti skólans, þannig að kvennemendur þurfi ekki að sofa í einu og sama svefnhýsi sem karlnemendur, sem þar að auki er orðið gamalt.

Reykholtsskóli þarf að stækka sitt kennslupláss vegna vaxtar skólans.

95. brtt., sem er um aukna fjárveitingu til gagnfræðaskóla, er aðeins samkv. reynslu, þ. e. a. s. a-liður. En svo er till. um byggingarstyrk til gagnfræðaskólans á Ísafirði (b-liður). Á Ísafirði er verið að byggja nýtt hús fyrir gagnfræðaskóla. Og Alþ. hefir tekið upp þá stefnu að taka bæina hvern af öðrum til að styrkja þá til að reisa hús fyrir gagnfræðaskóla. Eitt slíkt hús var reist í Hafnarfirði í haust. Ísafjörður byggir nú nýtt hús til gagnfræðaskólahalds. Allt framlag ríkisins í þetta hús mun nema nálægt 30 þús kr. Þá eru fleiri slík hús ýmist í byggingu eða í aðsigi um bygginga, og dálítil fjárhæð er t. d. á fjárl. 1937 ætluð til byrjunarbyggingar á Akureyri fyrir slíkan skóla.

Þá er 96. brtt., um unglingafræðslu utan kaupstaða. Þetta er liður, sem væri vel þess vert að hækka meira en gert hefir verið. N. hækkaði hann úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr. Reynsla áranna 1936 og 1937 sýndi, að þau ár hefði verið þörf á dálítið hærri styrk til þessa. Þetta ætti hverjum hv. þm. að vera ljúft að styðja, þar sem reynt er (fyrir m. a. þetta fé) að halda uppi kvöldskólum eða smáskólum fyrir þá unglinga, sem hvorki eru í barnaskólum né hafa átt kost á að fara á aðra skóla. Það er getið um það í nál. á þskj. 252, hvernig þessir skólar eru styrktir.

Þá kemur loks húsmæðrafræðslan. Laugalandsskólinn tók til starfa í haust. Hann virðist þurfa 10 þús. kr. í stofnstyrk. N. ætlar honum 11 þús. kr. í rekstrarstyrk. En ekki er víst, að þessi liður (21 þús.) standist alveg, þ. e. a. s. ef miðað er við það, sem gert er ráð fyrir, að þörf sé á að veita til húsmæðrafræðslu samkv. frv., sem fyrir liggur um það efni.

Í 99. brtt. er lagt til, að til Staðarfellsskólans

verði veittur styrkur til rafstöðvarbyggingar; svo og rekstrarstyrkur, alls 55000 kr. Þá er eitt þús. kr. styrkur til heimavistaríþróttaskólans að Sauðhúsvelli undir Eyjafjöllum. Þetta er e. t. v. vafasamt fordæmi. En þessi skóli mun vera einstæður um fyrirkomulag, eins og sakir standa. Ennfremur er hér smástyrkur til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusdóttur, sem hún heldur uppi í Hveragerði í Ölfusi, þar sem hún á hús í þessu skyni.

Styrkir til þess að byggja steinsteyptar sundlaugar voru ákveðnir í fjárlagafrv. 5 þús. kr., og undanfarin ár hefir sú upphæð verið veitt í þessu skyni. En þetta er langt of lítið. Eftirsókn eftir slíkum styrkjum er gífurleg. Fjvn. hefir því lagt til, að þessir styrkir yrðu hækkaðir um 5 þús., upp í 10 þús. kr. En mér er alveg fyllilega ljóst, að þessi upphæð er ekki til þess að mæta nema litlum hluta af þeim óskum, sem fyrir liggja um sundlaugastyrki; og þetta mál er eitt af hinum þörfustu málum og þeim málum, sem unga fólkið í landinu og raunar allir hafa mikinn áhuga fyrir. Og ég hygg, að sundíþróttin sjálf og þetta, að áhugi unga fólksins skapast um að mynda sér svona löguð skilyrði, gæti orðið aðallyftistöngin í því að veita hugsunarhætti fólksins úr þeim farvegi, sem hann er allt of mjög kominn í nú, að fólk fari á íþróttamót og skemmtanir til þess að gleðja sig við Bakkus. Að greiða fyrir sundíþróttinni gæti orðið til þess að greiða fyrir slíkri breytingu á hugsunarhættinum.

Þá eru hér tvær smábrtt. Í fyrsta lagi framlag til menningar- og fræðslusambands alþýðu, 2 þús. kr., nýr liður. Ég býst við, að sumir líti hornauga til þessa liðs. En ég verð að segja það sem mína persónulegu skoðun, að hverri kr., sem látin er af hendi til þess að hafa af fyrir atvinnulítilli alþýðu og fólki, sem heldur ekki efna sinna vegna getur farið á skóla, sé vel varið. Og mér er kunnugt um, að erlendar fyrirmyndir eru fyrir þessu, að halda saman svona einskonar leshringum til þess að hafa af fyrir atvinnulausu fólki, sem ekki getur farið á skóla.

Svo er lítil till. til íþróttavallar á Laugarvatni. Þessi liður var í öðru formi í fjárlagafrv. Allt land, sem þarna kemur til greina til að gera að íþróttavelli, er hallandi mýri, sem kostar talsvert að gera að íþróttavelli. Um þetta tillag mætti ég fullkomnum skilningi í fjvn.

104. brtt. er um sandgræðslu. Sandgræðslan er stórmál. Fjárveiting til þeirra hluta hefir verið lægri að undanförnu en þurft hefði að vera. Eftir því sem sandgræðslugirðingunum fjölgar og svæðin stækka, sem þessi umbótastarfsemi nær yfir, eftir því verður viðhaldið vitanlega meira. Og ennfremur er stöðugt óskað eftir nýjum sandgræðslugirðingum, sem byggist á þeim mjög góða árangri, sem hefir orðið af sandgræðslustarfseminni. Og auk þess sem því fé almennt er vel varið, sem fer til sandgræðslu, þá er sérstaklega gott að fá fé þessum manni í hendur, Gunnlaugi Kristmundssyni, sem farið hefir með það fé, sem varið hefir verið til sandgræðslu, vegna þess, hve vel hann hefir á því haldið, svo að það hefir ekki verið hægt að gera betur. Þessi maður bað um 3500 kr. hækkun á tillaginu, en fjvn. hækkaði liðinn aðeins um 3000 krónur.

Þá er framræsla á löndum ríkisins á Eyrarbakka alveg óhjákvæmileg. En búast má við, að þetta verði nokkuð dýrt verk, vegna þess að það verður að setja ræsi alveg fram í sjó úr mýrunum og hefir þarna nú þegar verið hafin allmikil ræktun. En vegna þess að þurrkun er þarna ekki í eins góðu lagi og skyldi, er aftur farinn að myndast þarna mýrargróður í túnum manna. En ef þurrkun þarna tekst, þá kemur þarna sannarlegt gósenland fyrir þorpsbúa til ræktunar. Ef vel er hlynnt að því ríkislandi, sem þorpið stendur á, þá mun þetta plass eiga framtíð fyrir sér með þeim öðrum atvinnumöguleikum, sem þarna eru fyrir hendi.

Þá er hafin landþurrkun í Ölfusi, í svo kölluðum Ölfusforum, sem allir þekkja, sem er eitt hið mesta uppgripaslægjuland. Kostnaður við flutning á skurðgröfu úr Safamýri vestur í Ölfus er hér tilgreindur 13 þús. kr., vegna þess að taka þurfti hana sundur og gera við hana. En til framræslunnar sjálfrar eru áætlaðar 6 þús. kr., samkv. V. kafla jarðræktarlaga. Samskonar verki er nú lokið í Safamýri í Rangárvallasýslu, og með ágætum árangri, þó því aðeins, að áveiturnar komi á eftir. Í þeim tilgangi að hlynna að áveitum í Safamýri eftir þurrkun eru veittar 4500 kr. í þetta sinn, til þess að gera flóðgátt við Rangá. En veittur verður sennilega ⅓ kostnaðar þessa verks eftir skurðgröfulögum.

Þá er hér 50 þús. kr. fjárhæð ætluð til fyrirhleðslu á Markarfljótsaurum. Vötn Markarfljóts, Álar og Þverá valda og hafa valdið landbroti þarna eystra. Og til þess að koma í veg fyrir skemmdir af þessum vötnum er þessi fyrirhleðsla ætluð. Hin fagra sveit Fljótshlíðin er í allmikilli hættu fyrir þessu landbroti. Hér er að vísu farið fram á talsvert mikla fjárveitingu. En þegar til þess kemur, að hv. þm. ákveða, hvort þeir vilja fylgja þessu, verða þeir að gera upp við sig, hvort þeir vilja láta skeika að sköpuðu um það, hvernig fara muni um örlög þessarar fögru sveitar, eða hvort eigi að reyna að tryggja hana gegn árásum þessara eyðileggingarafla.

106. brtt. er ný, þ. e. a. s. sundurliðunin á framlaginu til rannsóknarstofu atvinnuveganna við atvinnudeild háskólans. En þess skal getið um tekjuliðina, að ekki er gott að fullyrða, hvort fást muni 30 þús. kr. tekjur af matvælaeftirliti, að frádregnum kostnaði. Þetta er í fyrsta sinn, sem þetta hefir verið sett upp, og nokkur óvissa mun vera um tilkostnaðinn.

Í sambandi við þessa gr. vil ég minnast á eitt stórmál, sem er friðun Þjórsárdals í Árnessýslu. Mörgum er það kunnugt, að þessi fagri dalur er nú að mestu orðinn upplásin auðn. En sérfróðir menn fullyrða, að með friðun einni saman mundi hann gróa upp á fáum áratugum. Í sambandi við þessa friðun kæmi aðeins einn bær til greina, Skriðufell. Og til þess að slík friðun gæti orðið framkvæmd, yrði ríkið að kaupa Skriðufell og girða síðan dalinn af. En á tvær hendur er þegar girðing, annarsvegar Þjórsá og sennilega afréttargirðing Flóahreppanna hinsvegar. Jörðin Skriðufell mun kosta 13—14 þús.

kr. eftir fasteignamati. Lántaka þyrfti ekki að vera nein í sambandi við þau kaup, heldur áþyrgð vegna áhvílandi skulda. Svo kemur til greina girðingarkostnaður, sem telja má litinn í samanburði við það landflæmi, sem þarna mundi afgirðast. Og ef litið er á aðgerðir vegna fjárpestarinnar, þá mundi sparast með friðun Þjórsárdals 20 km. varzla með Þjórsá fram af dalnum, ef þetta land væri girt af. Sjá þá allir menn, hversu miklu viturlegra er að nota girðinguna þessa 20 km. leið til þessa tvenns í einu, heldur en að láta dalinn vera ófriðaðan. Ég geri ráð fyrir, að í sambandi við fjárvörzluna gangi þetta mál fram. Fjvn. hefir lagt til, að jarðakaupasjóði verði heimilað að kaupa þessa jörð og afhenda hana forstjóra skógræktarmálanna. Má vera, að annað form verði haganlegra á þessu. En svona horfir málið við í augnablikinu.

Þá eru ræktunarvegirnir. Um það er deilt, hvernig eigi að styrkja þá. Þarna hafa komizt tveir vegir inn í brtt. fjvn., sem báðir eru um ríkislönd. En það liggja einnig fyrir óskir frá mönnum um framlag til ræktunarvega í löndum bæjar- og hreppsfélaga, og jafnvel í einstakra manna löndum. En á þetta þarf að koma skipulagi. Mér finnst, að ríkið ætti ekki að leggja fram fé til styrktar ræktunarvegum nema á sínu eigin landi. Væri þá vitanlega sanngjarnt, að leiga eftir þau lönd, sem ríkið legði þannig ræktunarvegi um, væri dálítið hærri, með tilliti til þessa.

Þá er loks 109. brtt., sem er um 20 þús. kr. styrk til stórstúku Íslands. Þar af er ætlað til bindindisfélaga í skólum landsins 3500 kr. Ég vil ætlast til, að allir, sem unna bindindisstarfsemi, líti hýru auga til þess fjár, sem til þeirrar starfsemi fer í landinu. Og ég get upplýst það hér — og ýmsir hv. þm þekkja þetta betur en ég —, að bindindisstarfsemi í skólum landsins fer mjög í vöxt og áhugi fyrir því máli. Eitt af því, sem ljósast ber þess vott, er það, að haldið var nú fyrir fáum dögum sambandsþing bindindisfélaga í skólum, þar sem mættu á annað hundrað nemendur úr ýmsum skólum landsins. Ég get tæplega hugsað mér félagsskap, sem eigi meiri rétt á sér heldur en bindindissamtök unga fólksins í landinu. Þeir menn, sem komið hafa á bindindissamtökum í skólum, þar sem drykkjumenn hafa ráðið lögum og lofum áður, sýna, að þeir vilja gera eitthvað til þess að skapa almenningsálit á móti drykkjuskapnum; og slíkir menn eiga sannarlega heiður skilið. Að því þarf að vinna, að drykkjumenn þrífist hvergi í félagsskap sem slíkir. En er það ekki svo enn í dag, að þeir menn séu mjög illa séðir, sem að því vilja vinna? Ég treysti engum betur til þess en skólunum að tortíma þeim ósið og því almenningsáliti, sem þann ósið líður, að drykkjumenn sem slíkir vaði uppi á mannfundum og í félagsskap yfirleitt.

Síðasta brtt. þarf ekki skýringar við. Hennar er líka getið í nál.

Þá hefi ég gert grein fyrir þeim brtt., sem fyrir liggja. Og þó að mál mitt sé e. t. v. orðið nokkuð langt, hefi ég samt ekki tekið nema litinn hluta af þeim brtt. til umr., sem fyrir liggja, með því að ekki var ástæða til að tala fyrir þeim öllum. Skal ég loks gefa stutt yfirlit yfir áætlanir á hverri gr., sem annars hefir orðið fyrir nokkrum breyt., og svo loks heildaryfirlit.

Þá eru fyrst tekjurnar:

2. gr.

Aukatekjur, hækkun	10000 kr.
Stimpilgj. af áv. og kvittunum	5000 —
Benzínskattur	15000 —
Kaffi- og sykurtollur	25000 —
Alls	55000 kr.

Lækkun:

Aðflutningsgjald	15000 kr.	
Veitingaskattur	10000 —	25000 kr.
Mismunur, hækkun		30000 kr.

3. gr. A. 1.

Póstsjóður:

Hækkun á tekjum	38000 kr.
— á gjöldum	38860 —
Rekstrarhagnaður lækkar því um	860 kr.

3. gr. A. 2.

Landssíminn:

Hækkun á tekjum	130000 kr.
— á gjöldum	95000 —
Mismunur, tekjuhækkun	35000 kr.

Eignabreytingar, út.

Hækkun	27000 kr.

3. gr. A. 3.

Áfengisverzlunin:

Lækkun á gjöldum	10000 kr.

3. gr. A. 5.

Ríkisútvarpið:

Hækkun á tekjum	50000 kr.
— á gjöldum	53000 —
Mism., rekstrarhagnaður lækkar um	3000 kr.

3. gr. A. 7.

Landssmiðjan:

Hækkun á gjöldum	900 kr.

Samandregið:

3. gr. A.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana hækka um	40240 kr.

Gjöld:

7. gr.

Vextir hækka um	154368 kr.

11. gr.

Hækkanir:

Skrifstofukostn. lögreglustj. Rvík	8900 kr.
Landhelgisgæzla	50000 —
Hegningarhúsið Rvík	2500 —
Kostn. við framkv. á vinnuhæli	10000 —
Fasteignamat	10000 —
Hækkun alls	81400 kr.

12. gr. Hækkanir:

Læknisvitjanastyrkur	500 kr.
Holdsveikraspítalinn	3000 —
Gamli Kleppur	4500 —
Nýi Kleppur	7000 —
Vífilsstaðir	17500 —
Reykir í Ölfusi	3900 —
Læknisbúst. og sjúkraskýli	1000 —
Alls	37400 kr.
÷ Lækkun (Jakob Ó. Lárusson)	550 —
Hækkun því alls	36850 kr.

13. gr. Hækkanir:

Til aðstoðarmanna og mælinga	6000 kr.
— nýrra akvega	115500 —
— vega af benzínskatti	15000 —
— ferjuhalds	1850 —
— að halda uppi byggð og gistingu	300 —
— strandferða	50000 —
— hafnargerða	31000 —
— bryggjugerða og lendingarbóta ..	20500 —
— lendingarbóta, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	15000 —
— hafnargerðar á Ólafsvík	5000 —
— brimbrjótsins í Bolungavík	10000 —
Alls	270150 kr.
Lækkun á stjórn og undirbúningi vitamála	150 —
Hækkanir því alls	270000 kr.

14. gr. A. Hækkun á framlagi til prestlaunasjóðs ..... 15000 kr.

14. gr. B. (Kennslumál). Hækkanir:

Til iðnskóla	1500 —
Laun barnakennara	40000 —
Byggingarstyrkur barnaskóla	20000 —
Stofnkostnaður héraðsskóla	9000 —
Til gagnfræðaskóla	20000 —
— — (byggingarstyrkur)	9000 —
— unglingafræðslu utan kaupstaða ..	5000 —
— alþýðuskólans í Rvík	2000 —
— húsmæðraskólans á Laugalandi ..	21000 —
— rafveitu á Staðarfelli	2500 —
— iðnaðrtaskóla á Sauðhúsvelli	1000 —
— Árnýjar Filippusdóttur	2000 —
— sundlaugabygginga	5000 —
— menningar- og fræðslusambands alþýðu	2000 —
Samtals	140000 kr.

15. gr. Hækkun.

Til lesstofu á Siglufirði	1000 kr.

16. gr. Hækkanir:

Til sandgræðslu	3000 —
— framræslu við Eyrarbakka	5000 —
— — í Ölfusi	19000 —
— fyrirhleðslu við Markarfljót	50000 —
— flóðgáttar við Rangá	4500 —
— rannsóknar á námum	1500 —
— rannsóknarstofu atvinnuveganna..	19700 —
— ræktunarvegar	11000 —
Samtals	113700 kr.

17. gr. Hækkanir:

Til bindindisstarfsemi	5000 kr.
— gamalmennahælis í Hafnarfirði ..	1000 —
Samtals	6000 kr.

Yfirlitið verður þá svo eins og fjárlfrv. kemur frá fjvn.:

Tekjur samkv. frv.	15826040 kr.
Hækkun samkv. till. n.	70000 —
Samtals	15896280 kr.
Gjöld samkv. frv.	15338940 kr.
Hækkun samkv. till n.	818318 —
Samtals	16157258 kr.
Rekstrarafgangur samkv. frv.	487100 kr.
+ Tekjuhækkun	70240 —
Samtals	557340 kr.
÷ Gjaldahækkun	818318 —
Tekjuhalli	260978 kr.
Greiðsluhalli samkv. frv.	726067 kr.
Hækkun á gjöldum ÷ tekjur	748078 —
Hækkun á eignum landssímans ...	27000 —
Samtals	1501145 kr.

Ég gat þess í upphafi ræðu minnar, að þessi útgjöld, sem eru aukin, eru bætt upp með þeim tekjuöflunarfrv., sem liggja óafgr. í þinginu, en auk þess eru útgjöld, sem vofa yfir. Þar á meðal er fyrst sýningin í New York, sem n. hefir þegar samþ. að veita fé til, til endurbygginga á sveitabýlum, jarðakaupasjóðs og bændaskóla. Þessar upphæðir munu nema samtals um 155 þús. kr. Þá er enn einn stór útgjaldaliður, en það er sauðfjárpestin. Samkvæmt áætlun, sem n. hefir í höndum frá Hákoni Bjarnasyni og Niels P. Dungal, þá mun þessi kostnaður verða um 180 þús. kr., að frádregnu framlagi annarsstaðar frá. Þá hefir einnig verið gert ráð fyrir einhverskonar þátttöku í erfiðleikum bænda vegna pestarinnar. Er helzt gert ráð fyrir vaxtagreiðslum fyrir þá, sem verst eru stæðir.

Ég get svo látið máli mínu lokið, en vil að lokum geta þess, að fjvn. mun vera einhuga um að skila frv. tekjuhallalausu. — Ég vil svo mælast til, að frv. verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

*Jón Pálmason: Eins og sjá má á nál. fjvn., höfum við sjálfstæðismenn í n. skrifað undir það með fyrirvara. Frsm. n. lét í ljós nokkra undrun yfir þessu. Ég verð að segja það, að stjórnarliðinu í n. gat nú ekki komið það á óvart, þó að við sjálfstæðismenn vildum ekki skrifa undir það fyrirvaralaust, sem fram fer nú í fjármálum þessa lands, ekki aðeins í n., heldur í stefnu stj. í fjármálum yfirleitt. Enda er það svo, að alltaf frá þeim tíma, sem þessi ríkisstj. tók við völdum, hafa fjárl. verið afgr. á þennan hátt. Sjálfstæðismenn hafa alltaf síðan skrifað undir nál. með fyrirvara, og hefir ekki borið á neinni undrun hjá meiri hl. yfir því fyrr en nú. Og það er sízt minni ástæða til þess að við gerum þetta nú heldur en þegar fjárl. voru afgr. fyrir yfirstandandi ár. Það hafa síðan komið fram allverulegar breyt. á fjármálalífi okkar lands. Atvinnuvegirnir bæði til lands og sjávar hafa orðið fyrir stórum áföllum, og þar með er fjármálagrundvöllur þjóðarinnar orðinn valtari en hann var þó áður. Það hefir einnig orðið sú breyt. á, að stjórnarflokkarnir hafa gert með sér nýjan samning um heildarafgreiðslu fjármálanna. Allt þetta hlýtur að hafa haft sín áhrif á afstöðu okkar sjálfstæðismanna. Okkur var það ljóst, er við tókum til starfa í fjvn., að við höfðum um tvo kosti að velja sem minni hl. í þessari merkilegustu n. Alþ. Annar kosturinn var sá, að fara okkar eigin götur og ráðast á frv. stjórnarinnar með brtt. í tugatali og frvflutningi, til þess að

marka þannig vilja okkar flokks eftir ýtrustu kröfum, sem hann mundi gera. Hinn kosturinn var sá, að ganga til samvinnu við stjórnarflokkana í n. í fullri einlægni, innan þess ramma, sem meiri hl. hafði þegar ákveðið fyrirfram. Við sjálfstæðismenn tókum síðari kostinn, og ég get lýst því yfir hér, eins og hv. frsm. n. gat um, að innan hennar hefir verið hin bezta samvinna um þetta. Ég skal líka geta þess, að hæstv. fjmrh. hefir af miklum áhuga unnið með n. og reynt að jafna milli eftir því sem tækifæri virðast hafa gefizt til. En þó að ég viðurkenni þetta, þá raskar það engu um þann skoðanamun, sem er milli okkar um fjármálastefnuna yfirleitt. Það raskar ekki því, að við teljum nauðsyn á að hefja allsherjar samvinnu milli þingflokkanna um miklar og róttækar aðgerðir til sparnaðar. — Ég skal nú víkja að ýmsu því, sem fram kemur í nál. fjvn., og gera grein fyrir afstöðu okkar í því sambandi.

Að því er brtt. við 2. gr. snertir, þá er um hana fullt samkomulag. Viðvíkjandi brtt. við 3. gr. vil ég segja örfá orð. Frsm. hefir bæði tekið það fram í framsögu sinni og eins kemur það fram í nál., að hækkunin á tekjunum muni verða um 40 þús. kr. meiri en hækkunin á gjöldunum, og skal ég ekki fara út í það. En ég get sagt það um þessa gr. yfirleitt, að það sé gr., sem lítið eða ekkert sé hægt að breyta af Alþ. eða fjvn., nema að um leið verði breytt ýmsum l. Þetta stafar af því, að þessar framkvæmdir eru svo bundnar við ráðh. á hverjum tíma. Þess vegna er okkur það fullkomlega ljóst hvað þessa gr. snertir, að það þýðir ekkert fyrir fjvn. annað en að taka til greina það, sem annaðhvort er búið að ákveða með l. eða af ráðh. á hverjum tíma. Hv. frsm. gat þess í ræðu sinni, að það væri þrennt, sem fjvn. væri sammála um að leggja áherzlu á í þessu efni. Í 1. lagi, að samræmi væri í launagreiðslum, í 2. lagi, að eftirvinna ætti sér ekki stað, í 3. lagi, að ekki væri teknir starfsmenn af stofnunum án þess að leyfi ráðh. kæmi til. Þetta er rétt hjá frsm., en að hann tekur þetta fram, stafar af því, að þetta hefir verið svo stórkostlega brotið að undanförnu af núverandi stjórnarflokkum, og af þeim brotum stafar það, að ekki er betri útkoma á rekstri ríkisstofnananna en raun er á. Ég skal þó geta þess, að viðvíkjandi þessari gr. er mikið starf óunnið í n. Útgjöld fjárl. eru nú orðin um 16 millj. kr. Af þeim gjaldahækkunum, sem n. leggur til, væri það vissulega ekki of mikið, þó að Alþ. fengi að ráðstafa einhverju, þó ekki væri nema litlum hluta. Meðal þeirra hækkana, sem lagt er til, eru hækkanir til vega eitthvað milli 120 og 130 þús. kr. Ég skal geta þess, að ég kom fram með það á n.fundi, að ef til vill væri réttast, að þetta kæmi fram sem hækkun á framlaginu til vega frá því, sem í frv. stendur, en það kom í ljós, að þetta gat ekki gengið, vegna þess hvað miklar kröfur voru gerðar frá einstökum héruðum um hækkun á þessum lið. N. hefir lagt í það mikla vinnu að komast að niðurstöðu um skiptingu þessa fjár. Ég skal taka það fram, að ég tel það sjálfsagt að samþ. alla þá vegi, sem n. hefir lagt til, eða að öðrum kosti engan. Ég er ekki í vafa um, hvor þessara 2 kosta verður tekinn. Ég vildi mega vænta þess, að við gætum staðið saman um að samþ. ekki neinar aðrar till. við þessa umr., en ef einhver hefði hugsað sér að koma að brtt., þá léti hann það bíða til 3. umr.

Þá kem ég að hækkunum til lendingarbóta og hafnargerða. Það er um þennan lið að segja, að þetta er náttúrlega stórmál, og ég álít, að í hafnarbætur þurfi að leggja miklu meira fé heldur en nú er gert. En það, sem þarf fyrst og fremst að sjá um í þessu efni, er það, að hægt sé að halda áfram með þau verk, sem byrjað er á. Hinsvegar tel ég rétt, að eins og nú standa sakir sé ekki byrjað á nýjum hafnargerðum nema brýn og aðkallandi nauðsyn beri til. Það eru 20 þús. kr. á þessum lið, sem ég er algerlega mótfallinn, en það eru 10 þús. kr. framlag til hafnargerðar í Súgandafirði og 10 þús. kr. til hafnargerðar í Dalvík. Á báðum þessum mannvirkjum er nú verið að byrja, og ég tel það efamál, að rétt sé að hefja slík verk eins og nú standa sakir. Um Dalvík er það að segja, að þar eru góðar hafnir í nágrenninu, og ennfremur er það kunnugt, að á þeim stað hefir nýlega gengið jarðskjálfti, og við getum ekkert um það sagt nema slíkt endurtaki sig innan fárra ára. Ég mæli því eindregið gegn því, að þessi fjárveiting verði samþ., og sömuleiðis fjárveitingin til hafnargerðar í Súgandafirði. Annars er það aðkallandi, að Alþ. taki fasta afstöðu til þess, hvaða skipulag það hefir á þessum hlutum, hvort eigi að ganga inn á þá braut að verja miklu fé til hafnar- og lendingarbóta í hverjum firði og vík, eða hvort eigi að ganga vel frá hafnargerðum á einum eða mest tveimur stöðum í hverjum af stærri fjörðum á landinu. Annars er full ástæða til að athuga þetta í sambandi við fjárframlög til vegagerða. Það var lengi hér á Alþ. uppi sú stefna, að á útkjálkum landsins, á Austfjörðum og Vestfjörðum, þar sem erfiðast er með samgögur á landi, þar ættu þær að fara fram á sjó, á bátum, en vegina ætti að leggja aðallega annarsstaðar um landið. Hinsvegar virðist nú vera komið inn á þá stefnu hér á Alþ., að bæði eigi að leggja fé í hafnargerðir á þessum stöðum (útkjálkunum) og líka í vegi eins og annarsstaðar á landinu. Þetta álít ég ofvaxið okkar fjárhagsgetu. Það hygg ég og meiningu Sjálfstfl. yfirleitt.

Þá hefir hv. fjvn. fallizt á að hækka liðinn, sem er stofnkostnaður héraðsskóla, um 9 þús. kr., úr 19 þús. kr. upp í 28 þús. kr. Ég er algerlega mótfallinn þessari hækkun og tel ákaflega vafasamt nú, eins og sakir standa, að fara að hækka styrk til byggingar héraðsskóla. Fyrst og fremst tel ég varhugavert að ráðast í að byggja nýja skóla eins og nú standa sakir. Um þessa hækkun hefi ég fengið nokkrar upplýsingar og komizt að þeirri niðurstöðu, að það, sem veltur á í þessu sambandi, er, hvort eigi að byggja nýtt skólahús á Núpi í Dýrafirði. Nú eru héraðsskólar starfandi í báðum Ísafjarðarsýslunum, Reykjanesskólinn og Núpsskólinn. Um þetta eru sennilega einhverjar deilur þar vestra, því að nú, eftir að till. fjvn. eru komnar fram, kemur till. frá einum hv. þm. um að

hækka framlag til Reykjanesskólans um 10000 kr. Því er skotið hér að mér af sessunaut mínum, að sú till. komi frá sjálfstæðisþm. Hún kemur þannig inn í þingið; en hún kemur raunverulega frá skólanefnd þessa héraðsskóla. Nú álít ég, að hæstv. Alþ. eigi að gera upp við sig, hvort sé hyggilegra að efla skólann á Núpi eða efla skólann á Reykjanesi, og að ekki sé forsvaranlegt að gera ráð fyrir að kosta dýra unglingaskóla á báðum þessum stöðum, því að það væri sama sem ég færi að gera kröfu til þess, af því að sessunautur minn (SkG) hefir héraðsskóla í sínu héraði, að þá fengi ég annan í mínu héraði.

Vðvíkjandi því, sem talað hefir verið um viðbótarframlög til ýmissa framkvæmda hér í sveitunum austurfrá, t. d. til fyrirhleðslu á Markarfljótsaurum, framræslu á Eyrarbakka og til flóðgáttar við Rangá, þá er um þetta það að segja, að þar er sennilega um mjög aðkallandi mannvirki að ræða, sem erfitt er að standa í gegn. Og um þessar 50 þús. kr. til fyrirhleðslunnar á Markarfljótsaurum er það að segja, að nú þegar er búið að eyða 20 þús. kr. til þessa mannvirkis, svo að þar er því um 30 þús. kr. framlag að ræða, sem eftir er að veita. Mér þótti þetta í fyrstu nokkuð há tala. En eftir lýsingum og áætlunum, sem fjvn. hafði við að styðjast, sannfærðist ég um, að það væri stórt vandamál, hversu langt á að ganga í þessum framkvæmdum. Hinsvegar sé ég mér ekki fært að taka harða afstöðu gegn þessari fjárveitingu, ef þetta verður til þess að vernda frá eyðileggingu dýrmætt land í hinni fögru sveit, Fljótshlíðinni. En það fer eftir því, hversu mikið fé þarf til þessa í framtíðinni, hvað hyggilegt er að ganga langt í þessu efni nú.

Þá eru ræktunarvegirnir. Við höfum gengið inn á að veita fé til tveggja þeirra, sem er þó kannske dálítið varhugavert, því að gera má ráð fyrir, að þær fjárveitingar dragi dilk á eftir sér. En samkomulag er í n. um þá liði.

Hv. frsm. fjvn. drap á fræðslul. og hinn gífurlega kostnað við barnafræðsluna. En þar er aðeins um að ræða eitt dæmi af mörgum um það, hvernig Alþ. hefir á síðustu árum hlaðið á ríkissjóð hinum og þessum stórum gjöldum, sem ég verð að segja, að a. m. k. flestir sjálfstæðismenn hafa verið á móti. Því að við vorum því mótfallnir, að þessi nýju fræðslul. voru samþ. á Alþ. 1936. Það er nú þegar sýnt, að þau orsaka ríkissjóði mjög mikil aukin útgjöld fram yfir það, sem eldri l. gerðu, og hversu sá munur er mikill, er ekki séð til hlítar. En þegar búið er að samþ. l., sem eru þannig bindandi fyrir ríkissjóð, að þau ákveða, hvað hann skuli leggja fram, þá er ekki á valdi fjvn. að breyta þeim framlögum, nema því aðeins, að Alþ. fáist til að breyta l., sem ákveða þessi framlög. Þetta er eitt dæmi af mörgum, sem sannar það viðvíkjandi Sjálfstfl., að þó að hann verði að vera með í því að áætla þær tekjur á fjárl., sem ætla má, að séu nauðsynlegar til þess að mæta útgjöldunum, þá er það ekki að vilja þess fl., að ýms löggjöf hefir verið sett, sem orsakar ýms þau fjárframlög, sem á fjárl. eru. Þetta er náttúrlega ákaflega viðtækt mál um að tala, ef ætti að fara nákvæmlega út í að tala um þetta við þessa umr. Tímans vegna sé ég ekki ástæðu til að ræða nú viðhorf okkar sjálfstæðismanna í þessu tilliti til fjármálastjórnarinnar í landinu í einstökum atriðum, svo sem þó þyrfti að gera, og ætti að gera, ef farið væri að skera niður útgjöld fjárl., eins og sýnilega þarf að gera fyrr eða síðar.

Þá er einn liður, sem hv. frsm. fjvn. var að tala um, sem er hækkun framlags til stórstúkunnar um 5 þús. kr. Ég sé ekki ástæðu til að hækka þann lið, og mæli ég gegn því, að bætt sé við fjárframlag til stórstúkunnar frá því, sem í frv. er ákveðið til hennar.

Ég vænti, að þetta, sem ég hefi nú hér sagt, sé nokkurn veginn nægilegt til að sýna og sanna, að það sé ekkert undrunarefni eða óeðlilegt, þó að við sjálfstæðismenn í hv. fjvn. viljum ekki að öllu leyti skrifa undir nál. fjvn. um fjárl. athugasemda eða fyrirvaralaust, og þar með játa, að fjármálastjórn sú, sem birtist í fjárlagafrv., sé að öllu leyti í því lagi, sem æskilegast er.

Að svo mæltu skal ég láta lokið máli mínu. Enda virðist svo, að hv. þm. vilji ekki næsta margir fylgjast með þeim umr., sem hér fara fram nú.

*Sigurður Kristjánsson: Mér skilst, að hv. fjvn. eigi eftir að fara yfir mikinn hl. af þeim fjárbeiðnum, sem henni hafa borizt. Af þeim ástæðum mun það vera, að komið hafa fram tilmæli um, að ekki komi fram mikið af brtt. við þessa umr., heldur frekar dregið að koma með þær til 3. umr. Ég varð að mestu við þeirri ósk. Þó á ég hér tvær brtt., sem ég ætla að leyfa með að fara um örfáum orðum.

Fyrri brtt. er við 14. gr., um stofnkostnað héraðsskóla. Báðir hv. frsm. fjvn. hafa nú minnzt á þessa skóla, og sérstaklega hv. þm. A.Húnv., sem lýsti allskorinort sinni afstöðu til þess máls. Skal ég nú ekki fara neitt út í það sérstaklega, hvort það sé réttmætt eða skynsamlegt að ætla stórmikið fé til þessara mála að þessu sinni. En það, sem fyrir mér vakir, er fyrst og fremst það, að þær fjárveitingar, sem í þessu skyni verða heimilaðar, komi skynsamlega niður. Nú hefir hv. fjvn. gert þá brtt. um þær fjárveitingar, að þær verði hækkaðar um 9 þús. kr. frá því, sem þær eru ákveðnar á fjárlagafrv., og jafnframt hefir fjvn. gert till. um, hvernig fénu skuli skipt á milli einstakra skóla. Ég geri nú ráð fyrir, ef þessi upphæð, sem hér er gert ráð fyrir, 28 þús. kr., verður samþ., þá muni ríkisstj. líta svo á, að með till. n. í hennar nál. sé í raun og veru gert út um það, hvernig fénu verði skipt. Ég vil nú á engan hátt spilla fyrir þeim skólum, sem n. ætlast til, að fái þarna riflegastar sneiðar. En hitt dylst mér ekki, að skipting hv. fjvn. er ekki byggð á þeirri réttsýni, sem jafnan þarf að ráða, þegar verið er að skipta slíkum fjárupphæðum milli stofnana. Ég sé ekki, að hv. fjvn. hafi farið að neinu leyti eftir því, sem virðist eiga að vera mælikvarði um úthlutanir slíks fjár, en það er í fyrsta lagi að taka tillit til þess, hvað þessar stofnanir hafa áður fengið hjá ríkissjóði, og í öðru lagi, hvaða afrek þessar stofnanir vinna

um að fræða nemendur sína, bæði hvað nemendafjölda snertir, lengd starfstíma og hagnýtingu þeirrar fræðslu, sem þar er ætlazt til, að fari fram. Sá skóli, hvers hlutur hér er gerður minnstur, er Reykjanesskólinn í Norður-Ísafjarðarsýslu. Um þann skóla er það að segja, að hann hefir engan styrk fengið enn til bygginga, og mætti eftir því ætla, að hann fengi stærstu sneiðina. En þar hafa till. fjvn. orðið alveg öfugar við það eðlilega. Ég leyfi mér að skýra frá því hér með, að aðstandendur þessa skóla hafa þegar, eftir því sem Þórir Baldvinsson, starfsmaður hjá byggingar- og landnámssjóði, hefir lauslega áætlað, lagt fram um 55 þús. kr. En byggingarkostnaður skólans er áætlaður alls um 150 þús. kr. Nú fer skólanefnd og aðrir aðstandendur þessa skóla fram á, að ríkissjóður leggi fram um helming af þessari upphæð, þó ekki í einu, því að í því augnamiði er aðeins farið fram á 15 þús. kr. fjárveitingu á árinu 1938. Ég vil nú benda þeim fáu hv. þm., sem hér eru viðstaddir, á, hver rök liggja að því, að þessar 15 þús. kr. ættu að veitast, ef á annað borð er veitt nokkur veruleg fjárhæð til héraðsskóla. Skóli þessi starfaði á síðastl. ári í 10 mánuði, og er ætlað, að hann muni starfa næstum allt árið, eða 12 mánuði að undanteknum tveimur vikum, einni viku að vori og einni viku að hausti. Á síðasta skólaári naut þar kennslu 241 nemandi. Til samanburðar skal ég geta þess um skólann á Núpi í Dýrafirði, sem af hv. fjvn. er ætlaður hæsti styrkur og ég í engu ætla að mæla á móti, að hann fái, að sá skóli starfaði á síðasta ári í 6 mánuði með 28 nemendum, að ég held. Það virðist vera einkennileg hlutföll, að sá skóli, sem áður hefir fengið styrk til byggingar og starfað hefir í 6 mánuði yfir árið með 28 nemendum, á að fá helmingi hærri upphæð frá því opinbera heldur en sá skóli, sem starfað hefir í 10 mánuði yfir árið með 241 nemenda og ætlað er framvegis að starfa allt árið. Einnig er á það að líta, að Reykjanesskólinn mun hafa verklega kennslu allverulega með höndum og að nemendur skólans vinna jafnhliða bóknáminu ýmislegt að byggingum, og hafa síðan nemendur alveg sérstök námskeið í byggingum úr steinsteypu og einnig í ýmiskonar ræktun, sem fram fer á landi skólans, garðrækt, túnrækt o. s. frv. Skilyrði eru þarna geysigóð. Og það verður sjálfsagt ekki við það ráðið, jafnvel þó einhver vildi stemma stigu fyrir það, að þessi skóli hlýtur að verða höfuðunglingaskóli Vesturlands, vegna þessarar góðu aðstöðu og líka hins, hversu myndarlega á skólamáli þessu hefir verið tekið af héraðsbúum sjálfum með fjárframlögum til skólans, og vegna þess, hve fólkið sækir skólann vel. Það má vel vera, og ég skal ekki mæla gegn því, að ríkissjóður hafi ekki verið fær um að leggja mikið fé fram til slíkra hluta undanfarin ár né heldur nú. En ég efast þó um, að hann verði færari um það síðar. Samkv. l. og venjum um héraðsskóla er sennilegast, að ef ríkissjóður synjar um þessa fjárveitingu nú, þá muni hann verða að leggja því riflegar fram til þessa skóla á næstu árum. Nú munu aðstandendur skólans leggja fram fé strax á móti framlagi ríkissjóðs. Og byggingar þær, sem fyrirhugaðar eru við skólann, eru tvær heimavistarbyggingar, og á þeim verður byrjað, hvernig sem þetta þing tekur undir þessa fjárbeiðni. Ég vil nú leyfa mér að fara fram á, að brtt. hér á þskj. 280, um að upphæð framlagsins til héraðsskóla verði 38 þús. kr., verði samþ. og að þessum skóla verði ætlaðar 15 þús. kr. þar af. Og ég geri fastlega ráð fyrir, þótt þetta yrði ekki samþ. nú, að þá muni verulegt fé verða lagt fram síðar til þessa skóla. Því að það mun sýna sig, að þessi skóli mun ryðja sér það til rúms, að það mun þykja verðugt að styrkja hann, og enda ekki þykja annað fært, vegna þeirra venja, sem ríkja um þessi mál. Vænti ég nú, að hv. fjvn. muni athuga þetta mál áður en til atkvgr. kemur um það. Mér er afarkært, að hv. n. komist að skynsamlegustu niðurstöðu um þetta mál. Því að vitanlega ber hv. fjvn. fyrst og fremst að leiðbeina hv. þm. um þessa hluti. Og svo er á hitt að líta, að n. þessi er svo fjölmenn, að það er vonlítið að koma fram málum, sem kosta útgjöld úr ríkissjóði, sem hún leggst beint á móti. En það er hinsvegar algerlega óviðeigandi, að hv. fjvn. skammti þessar og þvílíkar fjárveitingar af handahófi. Líka er það ekki viðeigandi, að hún rökstyðji ekkert mál sitt fyrir hv. þingheimi í þessu efni; á því er a. m. k. stór þörf, að mér sýnist, þar sem litur út fyrir, að hv. þm. séu þeirrar skoðunar, að þeir eigi ekki að hlusta á mál manna né vita neitt annað um það, sem greiða á atkv. um, en það, hvað flokksstjórnir þeirra hafa ákveðið. Það getur náttúrlega verið ákaflega þýðingarlítið að flytja mál sitt, ef þannig er í pottinn búið, að hv. þm. eru þess ekki sjálfráðir, með hverju og móti hverju þeir greiða atkv.

Þá á ég hér aðra brtt. á sama þskj., við 15. gr. Það er þessi gr., sem sífellt er höfð að umtalsefni á mannfundum og hvar sem menn hittast, og hefir inni að halda ýmiskonar styrki til einstakra manna. Þeir hafa í mín eyru, þessir menn, þó að þeir eigi enga sök á því, verið kallaðir sníkjudýr og öðrum niðrandi nöfnum, fyrir að þiggja styrk úr ríkissjóði. Og þessir styrkir vaxa mönnum svo í augum, að þegar um þá er rætt, þá er eins og fjárhagur ríkisins velti algerlega á því, hvort þar er einum manni fleira eða færra og 100 kr. meira eða minna er veitt til hvers eins þeirra. Ég athugaði, hvað styrkir til einstakra manna á þessari gr. næmu miklu, og líklega eru þeir ekki fjarri 30 þús. kr. Við erum að því komnir að samþ. fjárl., sem verða nokkuð hátt á öðrum tug millj. að útgjöldum. Í samanburði við það virðist þetta því ekki mikil upphæð. Í þessari upphæð eru ekki ómerkari menn heldur en Bjarni Sæmundsson fiskifræðingur, sem hefir 6 þús. kr., og ýmsir fræðimenn, sem ég held, að ekki fari illa með sína styrki, svo sem Guðmundur Finnbogason, Árni Pálsson prófessor, Þorkell Jóhannesson rithöfundur, og ýmsir merkir menn, sem ég gæti talið upp, sem eru starfandi að fræðilegum efnum og sannarlega eru ekki illa að því komnir, þótt þeir séu styrktir. Hér vantar að vísu þá menn, sem eru á 18. gr., og ýmsa styrki til manna, sem taldir eru með óþörfum greiðslum

og bitlingum. En það fer ákaflega illa á því, að þing, sem lætur fara í gegnum greipar sínar tugi og hundruð þús. til ýmissa mjög svo vafasamra hluta og afgreiðir fjárl., sem almenningur álítur ofvaxið landsfólkinu að rísa undir, láti sér sæma slíka smámunasemi, sem lýsir sér í þessu sífellda umtali um þessa styrki. Þeir, sem murka lífið úr styrkjum til námsmanna, sem svelta sig fyrir nám sitt, utan lands og innan, vita ekkert, hvað þeir gera. Ég tel ófært að telja svo mikið eftir þessa smástyrki sem sífellt er gert.

Ég hefi lagt til, að tveir menn, sem eru félausir, en hafa um mörg undanfarin ár barizt mjög heiðarlegri og góðri baráttu á sviði listar, þeir söngvararnir Sigurður Skagfield og Eggert Stefánsson, fái 2 þús. kr. hvor í styrk til þess að halda áfram starfi sínu og fullkomna sig í sinni list. Þetta er nú á 15. gr., svo að það ber ekki að skoða það sem fastan styrk; og held ég að hér sé ekki freklega á tekið. Þó hefi ég, með tilliti til skapsmuna hv. þm., sem mér virðist ég hafa rekið mig á undanfarið, sett til vara 1200 kr. til hvors þessara manna. Ég vil vænta þess, af því að hv. fjvn. er ekki búin yfirleitt að taka afstöðu til styrkbeiðna, að hún, áður en atkvgr. fer fram, taki til velviljaðrar athugunar, hvort hún geti ekki fallizt á, að þessir menn hljóti þennan litla styrk í þetta skipti. Um það getur ekki verið að ræða, að mennirnir séu þess ómaklegir, og ég held, að ekki geti heldur verið um það að ræða, að fjárhagur ríkisins velti sérstaklega á því, og ekki einu sinni þeim útgjaldabálki, sem talinn hefir verið styrkir, því að þótt fyrir séu margir, þá eru þeir svo smáir, að þeir gera enga verulega upphæð.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en ég vona, að þeir hv. þm., sem mál mitt hafa heyrt, láti það berast til þeirra, sem fjarstaddir eru, hvað ég fer fram á, og þeir sansist á, að þingsómi þeirra er ekki bundinn við að murka lífið úr öllum styrkjum til verðugra og þurfandi manna.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, 242, n. 252, 280, 290).

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Eins og vitað er, hefir Kommfl. engan mann í fjvn., svo þær brtt., sem við berum fram við 2. umr., verða að sjálfsögðu nokkuð margar, og geymum við þó nokkrar þeirra til 3. umr.

Við kommúnistar höfum áður á þessu þingi borið fram frv., sem miða að því að afla ríkissjóði tekna. Þessi frv. eru að vísu ekki enn komin úr n., en við höfum sannað með þeim, að möguleikar eru á að afla ríkissjóði tekna, sem nema um 1 millj. kr. Álít ég, að við höfum með þessum frv. rétt á því, að af okkar hálfu komi brtt. við frv. til fjárl., er fari í þá átt að auka útgjöld ríkissjóðs allmikið, eða sem a. m. k. samsvara því, sem við leggjum til með frv. okkar, að hann fái í auknum tekjum. Við höfum með þeim frv., sem við höfum borið fram til tekjuöflunar, sýnt, hvernig mögulegt er að taka peningana þar, sem þeir eru fyrir hendi, þ. e. hjá þeim ríku í þessu landi, svo hægt er að komast hjá að auka tolla og skatta á alþýðunni svo, að hún sé látin borga aftur þær lítilfjörlegu hagsbætur, sem hún fær með öðrum samþykktum í fjárl. Ég álít, að brtt. okkar séu þannig réttlættar með tekjuöflunartill. okkar, og skal ég ekki fara lengra út í það, en sný mér að brtt. okkar, en tek þó aðeins hluta af þeim, — flokksbræður mínir munu tala fyrir hinum.

Aðaltill. okkar er við 16. gr., till. um auknar atvinnubætur. Til atvinnubóta er ætluð ½ millj. gegn tvöföldu framlagi frá kaupstöðunum. Við leggjum til, að þetta verði hækkað upp í 850 þús. kr. frá ríkinu, gegn tvöföldu framlagi frá bæjarfélögunum. Þetta mundi þýða það, að á móti þessari hálfu millj. hefði aðeins komið ein, samtals því varið 1½ millj. kr. til atvinnubóta, en þar sem við leggjum til, að tvöfalt framlag frá bæjarfélögunum komi á móti 850 þús., mundu samtals fást 2½ millj., svo yrði þetta að lögum, ykist framlag til atvinnubóta um eina millj. næsta ár frá því, sem nú er gert ráð fyrir í fjárlfrv.

Ég álít, að fyrsta og eðlilegasta krafan, sem hv. Alþ. þurfi að sinna gagnvart fólkinu í landinu, sé krafan um atvinnu, og ég býst við, að það viðurkenni þm. allra flokka, að það, sem ríkisvaldinu beri sérstaklega skylda til að gera, sé að sjá um atvinnu handa fólkinu. Ekkert ömurlegra er til en það, að mönnum, sem vilja fá að vinna og skapa þannig nýj verðmæti fyrir land sitt og þjóð, skuli allar bjargir bannaðar nema að leita fátækraframfæris. Krafan um vinnu er sú krafa, sem hinar vinnandi stéttir í landinu, ekki einungis verkamenn, heldur og mikill hluti millistéttanna, gerir til ríkisvaldsins, svo að þær þurfi ekki að leita neins náðarbrauðs, það er aðalkrafan, sem alþýðan gerir til ríkisvaldsins og þessa þings. Það er ekkert eins fordæmanlegt í hinu ríkjandi skipulagi og það, að mönnum sé meinað að vinna, — banna mönnum að skapa ný verðmæti og dæma menn til þess að ganga atvinnulausa. Þegar verkamenn biðja um vinnu, eru þeir ekki að biðja um neitt náðarbrauð, heldur að heimta rétt sinn, þann rétt, sem hver maður á, sem er í heiminn borinn, réttinn til að vinna fyrir sér, og þeir biðja heldur ekki um meira en réttinn til að vinna fyrir sínu brauði í sveita síns andlits, og það er rangt skipulag, sem neitar mönnum um það. Það er ekki farið fram á af hálfu verkamanna að ríkissjóður úthluti þeim neinum bitlingum, heldur vilja þeir fá tækifæri til að vinna fyrir sér og sínum. — Nú er vitanlegt, að í skjótu bragði verður ekki séð fyrir þeirri vinnu, sem þarf, nema að auka verklegar framkvæmdir og atvinnubætur. Verkamenn fara fram á að fá að vinna fyrir sér og sínum, með því að leggja nýja vegi, byggja ný hús og vinna önnur þörf verk fyrir landið.

Ég álít, að eins og nú standa sakir, beri ríkinu alveg sérstaklega að sjá fyrir því, að árið 1938 sé meiri atvinna en áður, því eins og við kommúnistar höfum bent á, er vafalaust ný kreppa í aðsigi í heiminum, og það má mikið vera, ef langt verður þar til við Íslendingar fáum að kenna á því. Þeim, sem vilja hafa fyr-

irbyggju um fjárstjórn landsins, ber nú þegar að gera ráðstafanir við samþykkt fjárl. fyrir næsta ár, svo fé sé til að auka atvinnuna í landinu.

Í öðru lagi er allt útlit fyrir, að útgerð stöðvist að miklu leyti, og enn er mjög í tvísýnu, hve mikið verður gert í vetur í verstöðvunum. Ríkinu ber því í útliti sem þessu að sjá um, að eitthvað sé gert í þá átt að auka atvinnu, ef útgerðin skyldi stöðvast.

Í þriðja lagi er vitanlegt, að fátækraframfærsla er svo þung fyrir bæjar- og sveitarfélög, að hún er að sliga þau, og heilbrigðasta ráðið til að vinna á móti þessu er að auka atvinnu, vegna þess, að þessi mikla fátækraframfærsla stafar fyrst og fremst af atvinnuleysi. Verkalýðsfélögin í landinu hafa opin augun fyrir þessu og fara fram á, að yfirstandandi Alþ. auki að mun framlög til verklegra framkvæmda og atvinnubóta; m. a. hefir verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík samþ. einróma samþykkt um hækkun fjár til atvinnubóta, sem við þm. Kommfl. berum fram frv. um.

Ég vil minna alla þingfl., sérstaklega þó Framsfl., á það, þegar þeir taka sínar ákvarðanir í sambandi við þetta mál, að í vor fyrir kosningar, þegar hæstv. forsrh. talaði við kjósendur í landinu, þá komst hann svo að orði, að það væri ekki verkamannanna að heimta atvinnu, það væri okkar, þ. e. þingmanna, að koma til verkamannanna til að biðja þá um að vinna. Þannig var talað fyrir kosningar, og ég vona, að ekki sé svo langt síðan, eða breytingar hafi orðið svo miklar, að þessi orð séu liðin mönnum úr minni.

Nú eru verkamenn komnir til að biðja um vinnu; þeir eru ekki einu sinni svo kröfuharðir, að þurfi að koma til þeirra og biðja þá að vinna, og við búumst við, að orðið verði við þessari beiðni okkar. Ég þykist hafa sýnt í upphafi minnar ræðu, að nógir peningar séu til, og gegn því hafa engin rök komið, og við höfum bent á færa leið til að afla þeirra, þannig, að sú *mótbára*, að *peningar séu ekki* til, hefir við engin rök að styðjast. Spurningin er þá, hvort viljinn sé fyrir hendi til að tryggja mönnum atvinnu.

Ég ætla ekki að fara út í einstaka liði verklegu framkvæmdanna eða undirbúning þeirra, það munu aðrir flokksbræður mínir gera. En ég ætla þá að geta um fyrstu brtt. okkar, við 3. gr. a., 4. lið, um að sá liður falli niður. Þessi liður er um tekjur af tóbakseinkasölunni, og hefir áður verið borin fram till. um, að 3. liður félli burt. Ég vil, til að rifja upp fyrir hv. þm., hvað þarna er um að ræða, minna á, hvernig l. um tóbakseinkasöluna voru upphaflega samþ. Mér leikur grunur á, að sumir hv. þm. séu farnir að gleyma, hvernig l. voru, þegar þau voru samþ., og vildi ég því, með leyfi hæstv. forseta, lesa eina gr. úr þeim eins og þau voru samþ. 1931; það er 14. gr. og hljóðar þannig: „Tekjum ríkissjóðs samkv. lögum þessum skal verja þannig: Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. l. nr. 65 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingarsjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. l. nr 35 1928".

Með þessum l. er ákveðið, að allar tekjur af tóbakseinkasölunni skuli renna til byggingarsjóða í landinu, annar helmingurinn til sveitanna og hinn til kaupstaðanna. Þessi lög gengu í gegn með samkomulagi milli flokkanna, þar sem þetta var aðalatriðið af hendi Alþfl., að þessar tekjur rynnu til þess að bæta húsnæði alþýðunnar og skapa um leið atvinnu. Þessi lög eru einhver þau róttækustu, sem samþ. hafa verið á Alþ., og enginn vafi á, að ef þeim hefði verið beitt samkv. þessu ákvæði þau 6 ár, sem liðin eru síðan þau voru sett, hefði orðið mikil atvinna að því og stórkostlega bætt húsakynni um mikinn hluta landsins. En svo hefir farið með þessi *róttæku lög, að ár eftir ár er framkvæmd* þeirra frestað með sérstökum l., og tekjur tóbakseinkasölunnar hafa mestallar farið í ríkissjóð, en ekki nema 80 þús. kr. til byggingarsjóða. Tekjur tóbakseinkasölunnar eru nú áætlaðar 600 þús. Það gengur ekki, að þótt alþýðan fái samþ. einhver róttæk lög og góð, þá sé framkvæmd þeirra frestað. Það skapar vantrú hjá fólkinu á lýðræðið og þingræðið. Ef árangurinn er þannig af þeim lögum, sem bezt eru fyrir alþýðuna, hlýtur það að skapa vantraust á ríkjandi fyrirkomulagi og menn fara að álíta, að því eigi að breyta til og byggja á *grundvelli, sem uppfylli betur* kröfur manna.

Enn sem komið er, er sú bráðab. breyt. nokkurra laga, sem eiga við þessi lög fyrir árið 1938, ekki komin í gegnum þingið, og gildir því nú sem stendur ekki annað fyrir árið 1928 en lögin, sem sett voru 1931, og mér finnst við hafa gert rétt í að koma með þessa till. á þessu stigi málsins, og ég sé ekki hvað alþýðuflokksmenn í þinginu geta annað gert en styðja till. um, að þessar tekjur renni þangað, sem til var ætlazt í upphafi.

Þá höfum við lagt til, að minnkað sé borðfé konungs. Við álítum, að hann sé nægilega ríkur sjálfur til að sjá fyrir sér, og ekki sé þörf á, að við greiðum honum meira en þetta, fyrst það nú er í lögum, að hann fái þessa greiðslu frá Íslandi, enda sízt ástæða til, að við séum rausnarlegri en Danir; en þeir borga honum eina millj., sem samsvarar 30 aur. á mann, en við hér greiðum honum 60 þús., eða 60 aur. á mann. Nú munu menn segja, að það sé óviðkunnanlegt, að þessi æðsti embættismaður landsins hafi ekki hærri laun en t. d. bankastjórar við Landsbankann, en þeir virðast bæði hafa ólíkt meiri völd hér á landi en konungurinn og þar að auki höfum við hreyft því, að laun þeirra manna mættu líka lækka nokkuð. Þar að auki sleppur konungurinn við að greiða tekjuskatt og útsvar, sem hann mundi fá að gera, væri hann búsettur hér, og yfirleitt nýtur hann margra fríðinda. Tel ég því þessa till. hafa við rök að styðjast, þar sem þetta er þar að auki maður, sem enga ábyrgð ber á gerðum sínum.

Þá *koma till.* okkar viðvíkjandi lögreglunni í Reykjavík. Við leggjum til, að 8. liður 11. gr. a. falli niður. Álít ég fulla þörf á, að lögreglumálum sé hér öðruvísi skipað en nú er; sérstak-

lega er nauðsynlegt, að lögreglan sé vel trygg lýðræðinu, en það mun varla hægt að segja um lögregluna í Reykjavík, svo lengi sem það viðgengst, að menn, sem vitað er, að eru fjandsamlegir lýðræðinu, geta haft úrslitavald um, hvernig lögreglan er skipuð. Þess vegna vorum við á móti því, þegar lögreglan var aukin hér í Reykjavík.

Þá berum við fram till. um, að styrkurinn til Eimskipafélags Íslands sé felldur niður. Það hefir verið styrkt af ríkissjóði með 180 þús. Við leggjum til, að þetta verði fellt niður vegna þess, að Eimskipafélagið er nú orðið gróðafyrirtæki einstakra manna. Ríkissjóður hefir styrkt þetta félag með fleiri millj. kr. framlögum, en það er æ meir að komast undir áhrif nokkurra auðmanna hér í Reykjavík. Ég álít, að Eimskipafélagið hafi nú þegar notið það mikilla hlunninda, að nóg sé komið af því. Menn muna e. t. v., hvernig það hefir skorið niður eignir sínar, svo að „Gullfoss" er nú ekki metinn nema á 10 þús., enda er félagið mjög ríkt. Sé ég ekki ástæðu til, að ríkið haldi áfram að veita því stórfé, án þess að fá einhvern arð.

Þá er ég meðflm. að nokkrum smærri till. Í sambandi við 17. gr. leggjum við til, að bætt sé inn í gr. 10 þús. kr. fyrir dagheimilum handa börnum, og að viðkomandi ráðh. hafi yfirráð yfir þessum peningum og geti úthlutað þeim til þeirra félaga, sem mundu sækja um að fá þá til að starfrækja barnaheimili, og gætu fært sönnur á, að þau gerðu það eða gætu gert það. Það hefir vaxið mjög áhugi manna fyrir því að gera fátækum foreldrum og umráðamönnum barna mögulegt að koma börnunum burt úr bænum að sumrinu, og ennfremur fyrir því, að koma upp dagheimilum, þar sem hægt er að koma börnum fyrir meðan t. d. mæður þeirra stunda vinnu. Það mun nú vera veittur styrkur til tveggja félaga eða svo í þessu sambandi sérstaklega. En nú liggja fyrir þinginu umsóknir um slíka styrki. Og ég veit, að það mundi auka áhuga ýmissa félaga og einstaklinga og jafnvel bæjarfélaga fyrir því að koma upp slíkum barnaheimilum, ef þessir aðiljar ættu nokkra von þess, að ráðuneytið gæti hjálpað þeim í því efni. Ég vona, að ég fari rétt með það, að á síðasta ári veitti atvmrh. styrki til barnaheimila, sem verkakvennafélagið Framsókn í Rvík ásamt A. S. V. og fleiri félögum höfðu komið upp, og það án þess að þessir styrkir væru veittir í fjárl. Og á grundvelli þessara styrkja frá atvmrh. fengust líka styrkir frá Reykjavíkurbæ til þessara hluta. Þetta yrði heppilegt til þess að auka áhuga slíkra líknarfélaga og annara til að koma upp svona barnaheimilum. Hér er farið fram á aðeins 10 þús. kr. upphæð til þessa.

Þá er till. um styrk til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar, 300 kr., og til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingin á Akureyri, 300 kr. Það er ekki nýtt, að till. komi um að taka slíka styrki upp í fjárl. Í 5 ár voru veittir styrkir til þessara félaga í fjárl. Alþ., ég held árin 1929—1933. Verkakvennafélagið hefir 10 þús. kr. í sjúkrasjóði. En 1934 eða 1935 var þetta tillag fellt út af fjárl. af pólitískum ástæðum. En mér finnst réttlátt, að þetta verði tekið upp nú. Það standa þó nokkrir hliðstæðir styrkir enn frá þeim tíma, og mér finnst rétt að bæta þessu inn í líka.

Þá berum við kommúnistar fram till. um styrk til sundlaugarbyggingar á Siglufirði. Það væri sérstaklega mikil þörf á að leggja eitthvað til þessara framkvæmda, sérstaklega með tilliti til þess geysimikla fjölda aðkomumanna, sem á hverju sumri er á Siglufirði. Þar er sérstaklega tilfinnanleg vöntun á sundlaugum.

Þær brtt. frá okkur kommúnistum, sem við leggjum mest upp úr í sambandi við fjárl., verða náttúrlega í sambandi við atvinnuaukninguna, hvernig okkar till. um atvinnubætur og verklegar framkvæmdir reiðir af. Ég vonast til þess, að hv. þm. athugi vel þá ábyrgð, sem hvílir á þessum fjárráðamönnum þjóðarinnar, sem hér eiga sæti á Alþ., um það, hvernig afkoma almennings verður á næsta ári. Nú er útlit fyrir, að þyngdar verði byrðar á fátæku fólki þessa lands með auknum tollaálögum, sem Alþýðan verður að borga. Má þá ekki minna vera en það, að hinum vinnandi stéttum sé gert mögulegt að borga þetta, með því að stuðla að því, að þær hafi möguleika til þess að vinna fyrir sér. Alstaðar blasir við vaxandi atvinnuleysi. Er þá ómögulegt annað en að fulltrúar þjóðarinnar á Alþ. finni til þeirrar skyldu sinnar að auka atvinnuna í landinu, með því m. a. að auka framlag til atvinnubóta frá því, sem verið hefir meðan ástandið hefir verið tiltölulega skárst í atvinnulegu tilliti, sem ég býst við, að það hafi verið þessi ár, sem nú eru að líða, af því, sem það hefir verið nú í nokkur ár. En atvinnuútlitið er að versna, og er því ástæða til að gera ráðstafanir til þess að auka atvinnuna svo um muni.

*__Frsm. (Bjarni Bjarnason)__: Aðeins örfá orð. Ég vil beina því til hv. flm. að brtt. einstakra hv. þm. við fjárlagafrv., hvort ekki væri heppilegast vegna vinnubragða, að þeir taki till. sínar aftur til 3. umr., vegna þess að ég get búizt við, að þótt eytt verði tíma til þess að ræða nú brtt. þær, sem fyrir liggja, þá komi þær — a. m. k. þær af þeim, sem mundu falla nú — aftur fram við 3. umr. í einhverri mynd. Gæti því orðið tímasparnaður að því að geyma þær þangað til. En til þess að menn séu ekki varnarlausir, ef aðaltill. falla, þá er opin leið fyrir hv. þm. að hafa varatill., einnig við 3. umr. Þetta er aðeins til bendingar um hagkvæm vinnubrögð.

__Ásgeir Ásgeirsson__: Ég skal fyrir mitt leyti verða við tilmælum hv. frsm. fjvn. og taka aftur til 3. umr. þær tvær brtt. um persónustyrki, sem ég flyt.

__Thor Thors__: Ég á hér tvær smábrtt. um aukin fjárframlög til vegalagninga í Snæfellsnessýslu. En þar sem ég óska að mega ræða þetta mál frekar við hv. fjvn., tek ég till. aftur við þessa umr.

*__Jóhann Jósefsson__: Ég hafði flutt hér þáltill. fyrr á þinginu viðvíkjandi viðbótarfjárveitingu til Vestmannaeyjahafnar, og þeirri þáltill. var að lokinni fyrri umr. vísað til hv. fjvn. Að því

loknu sendi ég skjöl og skilríki, sem fyrir lágu frá hafnarn. í Vestmannaeyjum, til hv. fjvn. með tilmælum um, að mér gæfist kostur á að ræða við þá hv. n. um þetta mál. Ég hefi nú að vísu ekki fengið kvaðningu frá hv. n. þessu viðkomandi, en treysti því, að mér muni gefast kostur á að ræða við hana um þetta, áður en endanleg afgreiðsla á fjárl. fer fram, og skal ég því fyrir mitt leyti verða við tilmælum hv. frsm. fjvn. og taka aftur þá brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram um þetta atriði á þskj. 290. Sama gildir um tvær aðrar brtt. á sama þskj. Önnur þeirra er viðvíkjandi styrk búnaðarfélagsins í Vestmannaeyjum til þess að hafa kunnáttumenn í dýralækningum árlangt í Vestm. Hin er um laun yfirfiskimatsmanns í Vestm., *sem árum saman hefir búið* við lakari kjör en aðrir fiskimatsmenn. Þessar till. tek ég einnig aftur til 3. umr.

Guðrún Lárusdóttir: Sökum þessara tilmæla hv. form. fjvn. vil ég taka aftur til 3. umr. brtt. mína, sem ég á hér við 17. gr.

Einar Olgeirsson: Ég er til með, f. h. okkar kommúnista, að taka aftur brtt. okkar til 3. umr., eins og hv. frsm. fjvn. var að mælast til.

***Steingrímur Steinþórsson:** Mér var tjáð, að þessari umr. væri að verða lokið, þar sem flestir, sem hér eiga brtt. við fjárlagafrv., hefðu tekið þær aftur til 3. umr. Ég á að vísu enga brtt. við fjárlagafrv. við þessa umr. En ég álít rétt, einmitt *af þeirri ástæðu, að segja hér nokkur orð*, og það vegna vissra liða í fjárlagafrv., sem snerta sérstaklega þá stofnun, sem ég veiti forstöðu. Geri ég það þá með það fyrir augum, að hv. fjvn. taki það til sérstakrar athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki væri að einhverju leyti hægt þar úr að bæta.

Ég vil fyrst minnast á framlagið til Búnaðarfélags Íslands. Fyrir nokkrum árum nam það framlag úr ríkissjóði 240 þús. kr. Þá var starfsvið félagsins vikkað afarmikið og starfsmönnum við það fjölgað, og ríkið varpaði þá af sér yfir á Búnaðarfélagið mjög mörgum störfum, sem áður höfðu a. n. l. verið unnin af ráðuneytinu. Nú hefir þessi fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands verið lækkuð niður í 200 þús. kr., og síðan niður í 180 þús. kr. En til þess er þó ætlazt af Alþ. og ríkisstj., að Búnaðarfélagið *haldi* nákvæmlega jafnmiklum störfum uppi eins og það gerði áður með 240 þús. kr. framlaginu. Ég vil því beina til hv. fjvn. og Alþ. í heild að athuga, að annaðhvort hefir félagið, meðan það hafði þessa hærri fjárveitingu, ekki farið allskostar vel með það fé, sem því hefir verið veitt, eða þá að nú er Búnaðarfélagi Íslands ómögulegt að halda áfram öllum þeim störfum, sem því af Alþ. hefir verið fyrir sett, eða því ber að gera eftir fyrirmælum ráðuneytisins, sem gildir nokkuð sama. Enda verður það að segjast, að það er algerlega óhugsandi, að Búnaðarfélag Íslands geti haldið uppi þeirri leiðbeiningarstarfsemi annarsvegar, sem ráðunautar þess hafa innt af hendi, og hinsvegar framkvæmt ákvæði ýmissa l., sem því af ríkisvaldinu er gert að framkvæma, ef það fær ekki meira fé úr ríkissjóði en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það er alveg óhugsandi. Ég vil geta þess, að þegar þessi lækkun var gerð á tillaginu árið 1936, úr 200 þús. kr. niður í 180 þús. kr., þá var hægt með sérstökum sparnaðarráðstöfunum að láta þessa upphæð duga. En fyrir *yfirstandandi ár er þetta alveg* óhugsandi, sem stafar í fyrsta lagi af því, að búnaðarþing, sem kemur saman annaðhvert ár og kostar 10—14 þús. kr. í hvert skipti, verður aukakostnaður fyrir Búnaðarfélagið það ár, sem það er háð. Í þessu sambandi vil ég einnig minna á, að á þessu yfirstandandi ári hefir verið um merkisatburð að ræða í sögu búnaðarsamtakanna hér á landi, því að í ár eru liðin 100 ár síðan fyrstu búnaðarsamtökin voru mynduð hér á landi, er „Hús- og bústjórnarfélag suðuramtsins" var stofnað, sem voru fyrstu verulegu búnaðarsamtökin hér á landi og önnur búnaðarsamtök hér hjá okkur í raun og veru hafa myndazt af. Má því telja það hinn fyrsta vísi til Búnaðarfélags Íslands. Þessa afmælis var minnzt í sumar af Búnaðarfélaginu, en slíkt var ekki hægt að gera án þess að það kostaði töluvert fé. Þessi kostnaður varð fullar 30 þús. kr.; þar af yfir 20 þús. kr. til útgáfu minningarits. Ég verð að álíta, að það sé ekki ómerkilegt að gefa út slíkt minningarit á 100 ára afmæli búnaðarsamtakanna. Aftur mun eitthvað koma inn fyrir bókina, en líklega tiltölulega lítill hluti tilkostnaðar, þannig að allmikill kostnaður kemur á félagið vegna þessa. Það er því sýnt, af þessum sérstöku ástæðum, að þessi 180 þús. kr. *fjárveiting á þessu yfirstandandi ári* hrekkur alls ekki til, af þessum tveimur ástæðum, kostnaðinum við búnaðarþing og hinsvegar af þessu afmæli.

Það er einnig sýnt, að ef framlagið til Búnaðarfélagsins verður það sama næsta ár, 180 þús. kr., þá er ekki nema um eitt að gera fyrir félagið, að segja upp töluverðu af sínum starfsmönnum. Og þá býst ég við, að félagið verði að neita að framkvæma eitthvað töluvert af þeim málum, sem það nú framkvæmir í umboði ríkisvaldsins, t. d. framkvæmd búfjárræktarl. o. fl. Því að ef ekki er fé fyrir hendi til þess, þá getur félagið vitanlega ekki gert það. Ég sé alls ekki, að unnt sé fyrir Búnaðarfélag Íslands að leysa þann hnút, að geta haldið uppi starfsemi sinni á næsta ári á sama grundvelli og nú með því *fjárframlagi, sem því nú er ætlað*. Vil *ég í* þessu sambandi einkum nefna einn lið af útgjöldum Búnaðarfélagsins, sem orðinn er mjög tilfinnanlegur, sem landmælingastarfsemin og leiðbeiningar á sviði jarðræktar. Eftir slíkum leiðbeiningum hefir verið svo mikil eftirspurn, að nú á síðustu árum hefir Búnaðarfélagið haft tvo ráðunauta *í þjónustu sinni þess vegna*, Pálma Einarsson og annan mann. Eftirspurnin eftir þessari leiðbeiningarstarfsemi hefir ekki verið aðeins úr sveitum landsins, heldur jafnvel meiri úr kaupstöðunum. Því að sú ræktunarstarfsemi, sem framkvæmd hefir verið þar, er byggð á starfsemi þessara manna, af því að þeir eru búnir að mæla út löndin og gera áætlanir um ræktunarkostnaðinn. Þessi landmælinga- og leiðbeiningarstarfsemi kostar nú um 25

þús. kr. á ári; úthaldið fyrir einn mann kostar 12—13 þús. kr. Það er gefið, að ef ekki er lagt fram meira fé en 180 þús. kr. yfir árið til Búnaðarfélags Íslands, þá verður það að fella niður allmikinn hluta þessarar starfsemi, sem ég verð að telja mjög illa farið, því að það getur ekki verið meiningin, að þær ræktunarframkvæmdir, sem gerðar verða í landinu, skuli verða fálm út í loftið án þess að nauðsynleg undirbúningsáætlun og undirbúningur undir starfið að öðru leyti hafi verið gerður. Ég lýsi því hér með yfir sem framkvæmdarstjóri Búnaðarfélags Íslands, að ég sé ekki leið til þess, að Búnaðarfélag Íslands geti haldið uppi því starfi næsta ár, sem því er ætlað samkv. l. og fyrirmælum ráðuneytisins, með því framlagi úr ríkissjóði, sem því nú er ætlað, 180 þús. kr.

Ég vil í þessu sambandi einnig minna hv. fjvn. á það, að stjórn Búnaðarfélags Íslands hefir sérstaklega farið fram á það við hv. fjvn., að hún vegna 100 ára afmælis Búnaðarfélagsins, sem minnzt var nú í sumar, vildi mæla með því, að félagið fengi í tilefni af því dálitinn aukastyrk vegna þess aukakostnaðar, sem af því leiddi, að það var hátíðlegt haldið. Og ég legg áherzlu á það hér, að hv. fjvn. taki upp slíka till. Það er áreiðanlega ekki nema einu sinni á öld, sem Búnaðarfélag Íslands á slíkt afmæli sem þetta. Ég álít varla sæmandi, að Alþ. synji að sýna lit á að styrkja þetta. Alþ. hefir áður veitt smástyrki einmitt í sambandi við afmæli, og það þó ekki væri um eins merkilega markasteina að ræða eins og 100 ára afmæli búnaðarsamtakanna í landinu. Vil ég mjög ákveðið beina því til hv. fjvn., að hún fyrir 3. umr. athugi, hvort hún vill ekki taka upp í fjárl. aukaframlag til Búnaðarfélagsins vegna þessa afmælis. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að fjárl. verði lokað svo að þessu sinni, að ekki verði tekið upp á þau eitthvert tillag vegna þessa.

Þá vil ég líka minnast á aðra starfsgrein, sem ekki snertir Búnaðarfélag Íslands beint, þó að hún sé a. n. l. rekin í sambandi við það. Það er sandgræðslan. Hv. fjvn. hefir nú lagt til, að framlag til hennar verði aukið úr 27 þús. kr. upp í 30 þús. kr. Ég verð að þakka þá viðurkenningu, sem þar hefir komið frá hv. fjvn., um að of naumt hafi áður verið skammtað til þessara hluta. Ég verð líka að segja það, að frsm. fjvn. gat þess réttilega, að svo vel hefði verið farið með það fé, að leitun mundi að öðru eins. Ég vil benda á það, að að mínum dómi er ekki hægt einu sinni að halda við þeim sandgræðslusvæðum, sem nú eru, nema frekari fjárveiting komi til og að þetta verði hækkað meira, eða upp í 35 þús. kr. Ég held það væri mjög misráðið, ef þessum svæðum væri ekki haldið við, þar sem með þessu er verið að gera tilraunir til að verja mikil landsvæði fyrir þessum mikla vágesti, uppblæstrinum. Ég hefi tekið eftir því, að eftir till. n. er skógræktin komin upp fyrir sandgræðsluna. Það er síður en svo, að ég sé að telja eftir skógræktinni, en ég álít, að það sé varhugavert að klípa mjög af sandgræðslunni, jafnvel þó það gangi til jafnnauðsynlegra hluta eins og skógræktar, sem er að vissu leyti hliðstæð starfsemi.

Þá vil ég enn beina orðum mínum til fjvn. í sambandi við enn einn lið, sem snertir landbúnaðinn, en það er búfjárræktin. Til hennar eru ætlaðar 56 þús. kr., en búfjárræktarstyrkurinn er veittur samkv. sérstökum l. frá 1933. Nú skal ég lýsa því yfir, að það er ómögulegt að framkvæma þessi l. á næsta ári, ef ekki verður hækkuð þessi fjárveiting úr 56 þús. kr. upp í 62—65 þús. kr. Þetta stafar af því, hve mörg sveitarfélög hafa farið eftir þeim tilmælum Alþ. að stofna með sér fóðurbirgðafélög, en það er nú talið það heppilegasta form, sem fundizt hefir til að tryggja búpeninginn fyrir fóðurskorti. En samkv. búfjárræktarl. skal veita styrk til þessara félaga. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að það er áætlað í fjárlagafrv. 15 þús. kr. til fóðurtryggingarsjóða. Nú hafa engin sýslufélög orðið til að stofna fóðurtryggingarsjóði, og er ekki líklegt, að það verði gert. Þess vegna tel ég, að þennan lið mætti fella niður, en hinsvegar verði framlagið til búfjárræktarinnar hækkað um nokkuð af þeirri upphæð. Ég tel, að 65 þús. mundi nægja á næsta ári.

Ég skal þá ekki orðlengja um þessa liði frekar. Ég veit, að fjvn. hefir í mörg horn að líta, og ég veit, að hún hefir haft fullan vilja á að sýna þessum liðum sóma, en hefir hinsvegar ekki séð sér það fært. Ég vildi með þessum orðum benda á þær leiðir, sem ég taldi heppilegastar til að bæta úr fyrir þessum málum á næsta ári. —

Ég vildi þá minnast á eitt atriði, sem þessu er óskylt, en ég vil einnig beina til hv. fjvn., af því að ég hefi ekki flutt brtt. við það heldur. Það er viðvíkjandi stað norður í Skagafirði. Það hefir verið stofnað félag norður í Skagafirði og deildir á nokkrum öðrum stöðum, sem vinnur að því, að komið verði upp héraðsskóla í Varmahlíð, sem liggur í miðju héraðinu. Varmahlíð er einhver æskilegasti staður fyrir slíkan skóla. Ríkið keypti fyrir nokkru jarðhitasvæðið þarna, en það er tekið út úr jörðinni Reykjahóli. Nú stendur svo á, að eigandi Reykjahóls vill selja jörðina. En það er nauðsynlegt, að þessi jörð sé opinber eign og verði til afnota fyrir fyrirhugaðan skóla. Það eru þess vegna tilmæli okkar þm. Skagf., að fjvn. vildi taka upp í fjárl. heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa Reykjahól, ef viðunandi samningar næðust. Það mundi e. t. v. vera talið svo, að jarðakaupasjóður gæti keypt jörðina, en það mun ekki vera svo, enda mundi hún ekki verða keypt á sama grundvelli og þær jarðir, sem hann kaupir, heldur aðeins til að tryggja, að þessi jörð verði opinber eign. Mér er kunnugt um, að eigandinn muni geta selt jörðina einstökum mönnum, ef þessi heimild fæst ekki. Ég geri hinsvegar ráð fyrir, að jörðin muni fást fyrir fasteignamatsverð, af því að eigandinn hefir löngun til þess að hún geti orðið til afnota fyrir væntanlegan skóla. Ég bar, eins og ég sagði áðan, ekki fram brtt. við þetta, en vildi mega vænta þess, að fjvn. tæki þetta til greina. Ég get svo látið máli mínu lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 10. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 280 og 290 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 242,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 242,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 242,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 242,4 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 242,6 samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33:1 atkv.
Brtt. 242,7 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,8 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,9 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,10 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 242,11 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,12 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,13 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 242,14 samþ. með 36:1 atkv.
— 242,15 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,16 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,17 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,18 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,19 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,20 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,21 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,22 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,23 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 242,24 samþ. með 33:1 atkv.
— 242,25 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,26 samþ. með 32:1 atkv.
— 242,27 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,28 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 242,29 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,30 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 242,31 samþ. með 32:1 atkv.
— 242,32 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,33 samþ. með 40 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 242,34 samþ. með 34 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 31:3 atkv.
9.—10. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 242,35 samþ. með 30:3 atkv.
— 242,36 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,37 samþ. með 31:3 atkv.
— 242,38 samþ. með 34:3 atkv.
— 242,39 samþ. með 34 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 32:3 atkv.
Brtt. 242,40 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,41 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,42 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,43 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,44 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,45 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,46 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,47 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,48 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,49 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,50 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,51 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,52 samþ. með 38:1 atkv.
— 242,53 samþ. með 32:1 atkv.
— 242,54 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,55 tekin aftur til 3. umr.
— 242,56 samþ. án atkvgr.
Brtt. 242,57 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 242,58 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 242,59 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,60 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,61 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 242,62 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,63.a. samþ. með 41 shlj. atkv.
— 242,63.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,63.c samþ. með 34:1 atkv.
— 242,63.d samþ. með 32:1 atkv.
— 242,64 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,65 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,66 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,67 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 242,68 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,69 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,70.a samþ. með 35:1 atkv.
— 242,70.b samþ. með 35:1 atkv.
— 242,71 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 242,72 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,73 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,74 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,75 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,76 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,77 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,78 samþ. með 38:1 atkv.
— 242,79 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,80 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 242,81 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 242,82 tekin aftur.
— 242,83 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,84.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,84.b samþ. með 34:1 atkv.
— 242,84.c samþ. með 33:1 atkv.
— 242,85 samþ. án atkvgr.
— 242,86 samþ. með 37:1 atkv.
— 242,87 samþ. með 38:1 atkv.
— 242,88 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 242,89 samþ. með 34:1 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,90 samþ. með 35:3 atkv.
— 242,91 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 242,92 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 242,93 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,94 samþ. með 42:1 atkv.

Sigurður Kristjánsson: Ég hefi gert brtt. við þessa till., en tekið hana aftur til 3. umr. Að sönnu hefir n. hækkað þennan lið um 9 þús. kr., en ég hefi farið fram á frekari hækkun, og að öðru leyti er ég ekki ánægður með þá skiptingu, sem er gerð í nál. n. og ég býst við, að mundi gilda, ef till. yrði samþ. Ég vildi láta þess getið við atkvgr., að ég er í sjálfu sér samþykkur þessari hækkun, en áskil mér rétt til þess að vera með minni brtt., þegar hún kemur fram.

Brtt. 242,95 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,96 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 242,97 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 242,98 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 242,99 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 242,100 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,101 samþ. með 31:1 atkv.
— 242,102 samþ. með 37 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 242,103 samþ. með 37 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 242,104 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,105 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 242,106 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 242,107 samþ. án atkvgr.
— 242,108 samþ. með 37 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 242,109 samþ. með 35:3 atkv.
— 242,110 samþ. með 35 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
21. gr. með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 33 shlj. atkv.
22.—24. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflaskipti samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 343, 402, 406).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 406.
— Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Um leið og ég byrja að gera grein fyrir störfum fjvn. nú á milli funda Sþ. vil ég geta þess, að þingstörf ganga yfirleitt með nokkuð miklum hraða af þeim ástæðum, að keppzt er við að slita þingi fyrir jól. Þess vegna vildi ég segja fyrir mitt leyti og fyrir hönd n. í heild, að æskilegt hefði verið, að við hefðum getað athugað ýmislegt viðvíkjandi fjárlagafrv. betur en kostur hefir verið á. Vegna þess, að útgjaldaliðirnir sækja sífellt í það horfið að hækka og ennfremur bætast aðrir við, sem ekki hafa verið í fjárl. áður, eins og oft vill verða, en nú sérstaklega í sambandi við svokallaða mæðiveiki, leiðir það, að erfitt er að finna tekjuliði, sem geta mætt þeim gífurlegu útgjöldum, sem virðast skella á úr öllum áttum, enda hefði verið full þörf á að hækka útgjöld til atvinnuveganna og til þeirra, sem framfleyta sér með almennri daglaunavinnu, og mætti þar heyra undir vinna bæði til sjávar og sveita. Ennfremur má segja, að ýmis styrktarstarfsemi, sem er mjög nauðsynleg og stundum af mikilli óhlutdrægni af einstaklingum, væri einnig þörf á að styrkja meira en fjvn. hefir séð sér fært að gera.

Af þessari játningu minni má sjá, að reynsla fjvn. varð sú, að mörg útgjöld þyrfti að lækka, og hefir verið gripið til þess ráðs að draga saman allmarga liði og lækka þá alla um 10%, eða um ákveðna upphæð, sem fyrirfram var ákveðin. Við 2. umr. lét ég þess getið, að fjvn. mundi gera það, sem hún gæti, til að skila greiðsluhallalausu fjárlagafrv. Eru ekki miklar ástæður til að ætla, að þau hækki mikið frá því, sem fjvn. leggur til, sérstaklega þar sem mikið hefir verið gert að því að leita eftir því hjá hv. þm., hvaða hækkunartill. þeir myndu leggja fram. Þó skal ég geta þess, að ýmsir þm. munu telja sig knúða til að bera fram hækkunartill., einmitt af því, að fjvn. sá sér ekki fært að taka allar till. þeirra til greina, og er því óséð, hve mikið af þeim till. muni ná samþykki Alþingis.

Á þskj. 406 eru brtt. um hækkun tekna, sem stafar af breyt. þeim, sem vænta má í sambandi við bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, og sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í þá liði, sem nefndir eru á þessu þskj.; þeir skýrast af sjálfum sér í sambandi við það, sem ég hefi þegar getið um. Því til viðbótar vil ég lesa upp í einu lagi þá liði, sem ýmist hafa verið lækkaðir um 10% eða dregnar hafa verið frá vissar upphæðir: Það eru þjóðvegirnir, hafna- og lendingabætur, að undanteknum þeim stöðum, sem þegar hafa veðsett þá styrki, sem þeir hafa átt von á úr ríkissjóði, Eimskipafélagið, stórstúkan, styrkur til húsbyggingar, malbikun, þ. e. a s. utan kaupstaðanna, stúdentagarðurinn, viðhald landssímanna, nýbýlastyrkur, verkfærakaupasjóður, fóðurtryggingasjóður; styrkur vegna orma- og riðuveiki fellur niður, vaxtastyrkur til bænda fellur niður vegna ráðstafana um samskonar styrk í sambandi við hjálp vegna mæðiveikinnar, ræktunarvegir, styrkur til kláðalækninga. Ráðstafanir vegna inn- og útflutnings voru felldar niður vegna þess, að lagt verður gjald á innflutningsleyfi, og ennfremur styrkur vegna jöfnunarsjóðs fátækraframfærisins, 250 þús. kr. Þar, sem þessir liðir eru lækkaðir með prósenttölu, er það eingöngu bundið við 10%.

Þá kemur brtt. við 3. gr. a. l. Sá liður er hækkaður úr 60 þús. upp í 75 þús. Till. n. eru að miklu leyti gerðar í samráði við póst- og símamálastjóra, og er gert ráð fyrir, að þessar línur verði lagðar á næsta ári: Munkaþverá—*Laugaland, Setberg—Hallbjarnareyri*, lína til Grunnavíkur og Hesteyrar, úr Langadal að Gautsdal í Laxárdal, Ölfuslína, sem er lína á milli Hveragerðis og Hjalla, Viðfjarðarlína til Stuðla, Svignaskarð—*Hjarðarholt, Flókadalslína og lín*an Sveinseyri—Stóri-Laugardalur. Þessar línur hafa flestar eða allar verið áður ákveðnar af landssímastjóra í þeirri röð, sem ég hefi lesið þær, 2 mun hafa verið bætt við, án ágreinings við hann.

Þá kem ég að 4. brtt., við 12. gr., styrkir til læknisvitjana. Vil ég geta þess, að 1000 kr. styrkurinn til Öxarfjarðarhéraðs er þannig til kominn, að ástæða þykir til að gera það að sérstöku læknishéraði, en þar sem landlæknir taldi það ekki sérstaklega heppilegt að svo stöddu, varð að samkomulagi við hann að veita heldur ríflegan styrk, einkum vegna þess, að yfir síldveiðitímann, eða 4 mánuði ársins, þarf að vera læknir á Raufarhöfn.

Þá skal ég geta þess um 5. brtt., sem er styrkur til Kjartans Guðmundssonar læknis, til að nema geðveikralækningar, að þessi liður hefir verið bundinn við nafn sérstaks manns.

Þá kem ég að styrknum til læknisbústaða og sjúkrahúsa, sem er 6. brtt. Er ætlazt til, að sú hækkun, sem ætluð er til læknisbústaðar á Seyðisfirði, gangi til sjúkrahúss þar; að öðru leyti hefi ég áður gert grein fyrir, hvernig þetta fé skuli skiptast.

Þá kem ég að nokkrum till., sem ég sé ekki ástæðu að eyða tíma til að skýra mikið. Till. eru við 13 gr. 10 till., Vopnafjarðarvegur, skýrist þannig, að til þessa vegar átti áður að fara benzínfé, en því var breytt, það fé var tekið af honum, en hækkað með því framlag til vega út frá

Akureyri um 5 þús. kr., og í staðinn voru veittar 5 þús. til þessa vegar og hann síðan lækkaður um 10%, eins og aðrir vegir. Næstu brtt. eru allar um 10% lækkun til þjóðveganna.

Um brúargerðir er það að segja, að liðurinn hækkar um 20 þús. Allmiklar umframgreiðslur hafa verið á þessum lið, og hækkaði n. hann í því skyni, að reynt yrði að rétta við það, sem þegar hefir verið greitt þar umfram, án þess þó að hætt verði brúabyggingum með öllu. Nú þegar hafa verið byggðar nokkrar brýr fyrir umframgreiðslur, og er hætt við, að eftir verði sem svarar einu brúarverði, þegar þær hafa verið greiddar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega að tala um næstu liði, fyrr en kemur að 26. brtt., við 13. gr. Það er liður C. VIII, 7—9; þar stendur, að allir liðirnir eigi að hækka um 10%, en á að vera, að allir liðirnir lækki um 10%. Svo eru taldar upp nokkrar hafnargerðir og lendingabætur, og skal ég ekki endurtaka það.

Þá kem ég að 33. brtt. Til utanfarar presta. Þar eru veittar í einu lagi 2 þús. kr., og er ætlazt til, að ráðh. sá, sem fer með kirkjumál, úthluti styrknum. Annar liður er til Tjarnarkirkju, 1500 kr. vangoldið álag. Eignir þessarar kirkju munu hafa lent til þess opinbera, og á þeim grundvelli er talið rétt að leggja þetta fé fram til að endurreisa kirkjuna.

Til sr. Sigtryggs Guðlaugssonar eru ætlaðar 1500 kr., til þess að launa aðstoðarprest. Sr. Sigtryggur er orðinn allaldraður maður og að svo miklu og góðu kunnur, að ekki þykir sanngjarnt að neita þessari beiðni, enda mun hann ekki lengi þurfa á aðstoðarprestinum að halda.

35. brtt., er um hækkun á launaupphæð háskólans, til þess að launa tveim læknum, sem eru þegar ráðnir. Önnur launaaukning er nýr liður um dósentslaun næsta ár handa sr. Birni Magnússyni. Mönnum eru þar málavextir kunnir. Sú skoðun kom fram í n., að óþarfi væri að ætla honum laun lengur en þangað til kennsla hefst að hausti í sept. En 8 menn af 9 í nefndinni töldu ekki ofgert við Björn Magnússon, þó að honum yrðu greidd full árslaun.

Enn er ein brtt. um hækkun á því fé, sem læknadeild háskólans fær til aukinnar og óhjákvæmilegrar tilraunastarfsemi. Áhöld til þess eru dýr, en nemendur geta ekki án þeirra verið við nám í lífeðlis- og líffærafræði.

Þá koma hér tveir liðir við bændaskólana. Annar er um 4000 kr. til að byggja kennarabústað. Því er haldið fram af kunnugum, að brýna nauðsyn beri til að byggja yfir kennara við skólana. Fyrir lágu tvær umsóknir. N. taldi, að í þetta sinn yrði að láta nægja að veita fé til eins kennarabústaðar, en að síðan þyrfti að halda áfram. Það virðist hóflegt, ef hver kennarabústaður kostar uppkominn 10000—12000 kr., að byrja með þessari 4000 kr. fjárveiting. — Þetta þing, sem nú situr, mun afgreiða ný lög um bændaskóla, og kostnaður af rekstri þeirra hlýtur að vaxa vegna laganna, sérstaklega í sambandi við verklega kennslu. Áætlað er, að kostnaðaraukinn nemi um 4 þús. kr. við hvorn skóla um sig á næsta ári, og er lagt til, að það fé sé veitt.

42. brtt. er um 2500 kr. til viðgerðar á skólahúsi kvennaskólans í Reykjavík. Að vísu var óskað eftir allmiklu hærri upphæð. En n. leit svo til, að þetta mundi geta bætt að einhverju dálitlu leyti úr þörfum skólans. — Þá er styrkurinn til kvennaskólans á Blönduósi hækkaður úr 11000 í 12000 til samræmis við sambærilega skóla, sem hafa ríkisstyrk, t. d. húsmæðraskólana. — Geta má þess, að frv. um húsmæðrafræðslu hefir verið lagt fyrir þetta þing, og þó að það nái ekki samþykki að sinni, verður málinu haldið vakandi. Á næsta þingi eða í nánustu framtíð verður að athuga rækilega aðstöðu húsmæðraskólanna og afstöðu þeirra hvers við annan.

Þá skal ég geta þess, að liðurinn til byggingar barnaskóla hefir verið lækkaður, eins og svo margir aðrir, um 10%, úr 50 þús. í 45 þús. kr. Mér var sérstaklega sárt um þann lið, en svo varð að vera.

45. brtt. er um það, að liðurinn til Ríkarðs Jónssonar falli niður, en í staðinn er Ríkarður tekinn upp í 18. gr.

46. brtt. a. fer fram á það að hækka fjárveiting til Íþróttasambands Íslands úr 5000 í 8000 kr. Vitanlega hefir það þörf fyrir enn hærri upphæð, því að það er sorglegt, hvað ríkið leggur lítið til íþróttamála. Í flestum skólum er leikfimi ekki kennd nema 2—3 st. á viku. Sundhöll Reykjavíkur er ekki opin nemendum nema sjaldan án borgunar. Og það er ekki hægt að segja annað en íþróttakennsla sé vanrækt. Héraðsskólarnir hafa yfirleitt miklu betri skilyrði til íþrótta, enda ber það af, hve miklu meir þær eru stundaðar þar. — Ég get ekki bent á nokkurt tryggara meðal til þess að berjast við áfengisbölið heldur en leikfimi og fjölbreyttar íþróttir. Það ætti að auka svo íþróttastarfsemina, að vel menntir og hugsandi unglingar lærðu til íþróttakennslu, og svo, að hæfir menn gætu ferðazt um og hvatt fólk til að sinna íþróttum heima fyrir. Ef þetta tækist vel og samvinna næst síðan við bindindishreyfinguna í landinu, stórstúkuna og skólana, sem hafa tekið bindindi á stefnuskrá sína, þá hygg ég, að ekkert gæti orðið viðlíka vörn gegn áfengisbölinu. — Í 46. brtt. er einnig mælt með 750 kr. til róðrarsveitar Ármanns, til þess að standast kostnað af utanför á kappróðramót á síðastl. sumri.

Í 47. brtt. er lagt til, að lækka framlag til stúdentagarðsins um helming. Auðvitað er það ekki tilgangurinn að svipta háskólann 14000 kr., heldur að láta þann helming bíða. Ég er raunar óviss um nema þarna sé samningur um greiðsluna á næsta ári, en ég vona, að ekki verði úr því árekstrar.

Þá kemur að 15. gr., og eru þar fyrst 1600 kr. til kaupa á merkilegu Jónsbókareintaki, sem þegar hefir verið keypt. Næst koma 3000 kr. til Björns K. Þórólfssonar, til þess að hann vinni við Þjóðskjalasafnið. Mér er kunnugt um það, að skjöl safnsins eru ekki í því skipulagi og reglu, sem þau ættu að vera, og liggja ekki í því ámæli til þeirra, sem þarna hafa unnið undanfarin ár, heldur er þetta fyrir það, að skort hefir fjárframlög til þess að hafa kunnáttumenn til að raða skjölunum. Því að forstöðumennirnir, sér-

staklega dr. Hannes Þorsteinsson, hafa vitanlega þurft að sinna sínum vísindastörfum, og er ávalt eðlilegt, að forstöðumaðurinn þurfi þess, svo að öðrum verði að ætla daglega afgreiðslu og röðun skjala og skrásetning. Enn mun vera nokkuð mikið óskrásett í safninu. Annar maður, sem þar starfar, auk forstöðumanns, vinnur aðallega að því að gefa út vottorð, sem mikið er spurt um núna í sambandi við alþýðutryggingarnar.

50. brtt. er um dálitlar fjárveitingar til viðhalds á tveimur merkum, fornlegum kirkjum. Víðimýrarkirkju verður að geyma sem forngrip. Þingeyrakirkja þarf einnig styrkinn nauðsynlega.

Þá koma nokkrir liðir til bókasafna, nýir eða hækkaðir, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þá. Þó má geta þess, að allmörg lestrarfélög og bókasöfn óskuðu eftir styrk og fengu ekki. En nú liggur fyrir þinginu frv. um sérstakt fyrirkomulag á styrk til þeirra, svo að hagur þeirra batnar mjög, ef að lögum verður. Vitanlega er fyllsta nauðsyn að hlynna að slíkri starfsemi.

55. brtt. er um 1200 kr. styrk til leikskóla frú Soffíu Guðlaugsdóttur. Þessi kona er þegar þjóðkunn fyrir leiklist sína og snilldarlega framsögn. Hún hefir þegar stofnað skóla sinn, og væri gott, að hún næði til þeirra unglinga sem flestra, sem hafa gáfur og áhuga í þá átt að leika eða lesa upp.

56. brtt. er um 2000 kr. til hljómsveitar Reykjavíkur, og þarf varla að mæla með því. Þar næst er styrkur til tveggja Íslendinga, sem stunda músík-nám erlendis, Rögnvalds Sigurjónssonar og Guðmundar Matthíassonar, og eru þeir báðir efnilegir menn, hvor í sinni grein. — Ég vil geta um það í þessu sambandi, hversu mikill sársauki það er að geta ekki styrkt miklu meir en lagt er til í þessum brtt. ýmiskonar menningarlíf á þessu landi. Það er næstum því óbærilegt að geta ekki veitt miklu meira fé í styrki til ungra, gáfaðra listamanna á hvaða sviði sem er. Að vísu munu listamenn víða verr settir en hér, því að yfirleitt munu þeir njóta samúðar þjóðarinnar. Og sem stendur virðist ekki hægt að gera til muna meira en gert er fyrir þá.

58. brtt. er um 2500 kr. styrk til Jóns Leifs tónskálds. Maðurinn er mjög umdeildur. Hann kom hér heim til þess að fá fast starf við ríkisútvarpið og vann þar nokkurn tíma, en fór þaðan aftur. Hvað sem um list hans má segja, sæmir varla að synja honum allrar úrlausnar, og mér fannst rétt að veita honum þennan styrk, hvað sem gert verður í framtíðinni.

Þá er 1500 kr. hækkun á styrk til Sambands íslenzkra karlakóra. Ég tel starfsemi karlakóranna sérstaklega merkilega, bæði fyrir þá menningarlegu þýðingu, sem þeir hafa fyrir þjóðina og hafa sýnt jafnt í utanförum og innan lands, og fyrir það, að þar eru saman menn af öllum stéttum, ýmist með sæmileg laun og skilyrði til að stunda sönglist eða algengir verkamenn. Þeir fórna miklum tíma til æfinga. Þessi aukna fjárveiting er til þess að þeir geti haldið kennara til að raddæfa og þjálfa. Hingað til hefir aðeins einn maður haft á hendi alla kennsluna. En það er ónóg, og nú á að reyna að bæta öðrum kennara við fyrir þennan aukna styrk.

Það er ekki góð aðstaða fyrir fjvn. og Alþingi að neita Karlakór Reykjavíkur um 5 þús. kr. styrk, sem hann bað um. Kórinn hefir lengi getið sér gott orð, og hann hefir boðið þingmönnum á hljómleika, sem hann hélt hér í bænum og fékk mikið lof fyrir. Ég vil lýsa yfir því, að okkur nm. þykir það mjög miður, en sjáum okkur ekki fært að mæla með fjárveitingu, vegna fordæmis. Og ég er hér búinn áður að gera grein fyrir þeim örðugleikum, sem n. átti í, og þeim litlu tekjuöflunarmöguleikum, sem eru til að uppfylla þarfirnar.

Þá er hér styrkur til nokkurra rithöfunda og fræðimanna, sem n. mælir með. Þar eru m. a. 1000 kr. til Boga Ólafssonar, vegna útgáfu kennslubókar í ensku, og 500 kr. ritstyrkur til sr. Eiríks Albertssonar á Hesti, vegna bókar, sem hann ætlar að gefa út um sr. Magnús Eiríksson, og er styrkurinn aðeins lítill hluti af því, sem hann bað um.

66. brtt. er við 16. gr. 1. og er á þá leið, að í stað þess að verja 100 þús. kr. af atvinnubótafé til nýbýla skuli verja 150 þús. kr. af því til Suðurlandsbrautar. Mestu af þeirri fjárhæð, sem til nýbýla var ætluð, mun hafa verið varið til þurrkunar á mýri fyrir ofan Eyrarbakka. Þá skal þess getið, að ákveðið var, að 20 þús. af þessu fé yrði varið til atvinnubóta kvenna. En nú er það hækkað í 25 þús., og efast ég ekki um, að það er vel farið.

Því næst er þess að geta, að Búnaðarfélag Íslands varð fyrir miklum kostnaði á þessu ári vegna aldarafmælis síns, bæði vegna gesta, sem hér komu, og útgáfu rits um sögu félagsins. Því vildum við veita 3000 kr. upp í kostnaðinn, en það er aðeins brot af því, sem hann varð.

Þá er 68. brtt., um að lækka styrkinn til nýbýla og samvinnubyggða um 25 þús. kr., og 69. brtt., um 20 þús. kr. lækkun á framlagi til verkfærakaupasjóðs. Er það gert til þess að geta hækkað aðra liði sem því svarar: liðinn til búfjárræktar um 6 þús. kr., til jarðakaupa um 20 þús. o. fl. Auk 200 þús. kr. framlagsins til bygginga- og landnámssjóðs verða veittar 125 þús. kr. til bygginga í sveitum. Um þessar tilfærslur má segja, að lækkun sé alltaf óljúft verk, en hækkanirnar, eins og til búfjárræktarinnar, eru óhjákvæmilegar, ef halda á uppi umbótalöggjöf síðari ára.

Lækkun á styrk vegna ráðstafana um tilbúinn áburð nemur 10%, eins og á svo mörgum öðrum liðum. Styrkur til fóðurtryggingarsjóða fellur niður af því, að þeir eru engir til.

Þá er 75. brtt. um 500 kr. til Rakelar Þorleifsson linræktarkonu. Hún hefir sýnt mikinn áhuga fyrir því að rækta ýmsar merkilegar nytjajurtir, t. d. línfræ, og n. vildi sýna viðleitni til að mæta henni í þessu áhugamáli hennar.

Því næst koma nokkrir styrkir til ólærðra manna til þess að stunda dýralækningar, bundnir við það, að jafnmikið framlag komi annarsstaðar að. Lærðir dýralæknar eru fáir og langt að sækja þá. En til eru ýmsir lagnir menn, sem geta gert mikið gagn á þessu sviði. Ennfremur

er lagt til að styrkja ungan námsmann, Guðbrand Hlíðar, sem stundar dýralæknisnám, og er sett það skilyrði, að hann kynni sér loðdýrasjúkdóma. Tveir dýralæknar sóttu um utanferðastyrk í því skyni, en ekki þótti fært að veita til þess fé, heldur stuðla að því, að sérfræðingur fáist innan skamms tíma í þeirri grein, eins og nauðsynlegt er, þegar fótum er komið undir loðdýraræktina. Nú má vera, að Guðbrandur Hlíðar sé ekki það langt kominn í námi, að hann geti snúizt verulega að þessu sérsviði strax, en af honum má vænta alls hins bezta.

Liðurinn til kláðalækninga var lækkaður niður í 8000 kr., og voru ýmsir á því, að hann ætti að falla alveg niður. Má vera, að hann hrökkvi skammt til þess, sem honum er ætlað, að vinna á kláðanum að fullu.

Styrkur til Ungmennafélags Íslands, til eflingar íþróttum, skóggræðslu og bindindi, er hækkaður úr 4000 í 6000 kr. Stefnuskrármál þess félagsskapar eru mikil og merkileg og starfsemin til þjóðþrifa. Það er reynt að fá unga fólkið til að hópast saman og leiða það til drengskapar og dáða, en burt frá spillandi tækifærum. Og hefi ég þá, eins og þegar ég ræddi um íþróttirnar, áfengið í huga. Slík starfsemi verður að aukast og margfaldast, og tel ég, að hún geti orðið drjúg á metunum gegn þeim óhollu straumum, sem nú flæða um skemmtanalíf vort. Ungmennafélögin eiga þarna mikið hlutverk fyrir höndum.

84. brtt. er nýr liður, 1000 kr. til klakstöðvar við Mývatn. Fyrir n. lágu margar styrkbeiðnir frá klakstöðvum, en hún sá sér ekki fært að taka aðra en þessa til greina. Annars þarf fjvn. að kynna sér vel þetta mál og athuga, hvort ekki væri tiltækilegt á næstu þingum að veita eina upphæð til þessarar þjóðþrifastarfsemi, og væri henni síðan skipt milli klakstöðvanna að ráðum kunnáttumanna.

Um 86. brtt. er það að segja, að milli hennar og 89. brtt. er millifærsla. Styrkurinn til mjólkurbúa er í fyrri till. lækkaður úr 77000 kr. í 51300 kr., en í síðari till. er styrkur til frystihúsa hækkaður um sömu upphæð.

Þá kemur að stærsta liðnum, en það er kostnaður vegna mæðiveikinnar. Með því að brtt. liggur fyrir, eins og hún er hugsuð nú, sé ég ekki ástæðu til að rekja hana lið fyrir lið. Öllum má vera það ljóst, að það verður að koma einhversstaðar niður á fjárlögunum, þegar ný og óvænt útgjöld koma til sögunnar. Á það má sérstaklega benda, að þessa upphæð má ekki skoða sem hjálp til bændanna til að koma sér upp nýjum atvinnuháttum; til þess væri upphæðin allt of lítil. En þar sem varnir gegn veikinni, og þá ekki sízt fjárfrekar girðingar, standa enn yfir, þá er erfitt að leggja það fé í nýja atvinnuvegi, sem í raun og veru þyrfti. Ef svo giftusamlega til tækist, að hægt yrði að stöðva veikina, segjum við Héraðsvötn og Þjórsá, og kostnaður við girðingar og aðrar varúðarráðstafanir minnkuðu verulega eða féllu alveg niður, þá losnaði jafnframt mikið fé, sem hægt væri að verja til styrktar bændum, sem reyndu að leggja út á nýjar brautir í búnaðarháttum, svo sem rjómabúarekstur, loðdýrarækt, alifuglarækt o. fl.

Árið 1939 er ákveðið að halda heimssýningu í New York. Svo sem ég gat um við 2. umr., hafði n. ákveðið þá 75000 kr. styrk til þátttöku Íslands í þessari sýningu, en n. hefir ákveðið að lækka þetta niður í 62500 kr. og binda fjárveitinguna því skilyrði, að jafnmikið fé komi annarsstaðar að. Það eru skiptar skoðanir um það, hvort við eigum að taka þátt í sýningu þessari. En margir telja, að ekki sé völ á annari betri auglýsingu fyrir framleiðsluvörur okkar en slíkar sýningar, og til þess megum við ekkert tækifæri láta ónotað.

92. brtt. er um 1500 kr. styrk til Gísla Kristjánssonar, upp í sjúkrakostnað hans erlendis. Maður þessi veiktist á námsárum sínum í Kaupmannahöfn af berklum, en komst ekki undir berklavarnalögin. Leggur n. til, að honum verði veitt þessi litla upphæð sem smávegis raunabót. Heimilisfang Gísla er rangt tilfært, á að vera Dalvík.

94. brtt. er nýr liður: Til mæðrastyrksnefndarinnar, til sumarheimilis mæðra í Hveragerði, 1500 kr. Annarsstaðar í frv. er styrkur til mæðrastyrksnefndarinnar, en hann er til skrifstofuhalds í Reykjavík. En nefndin hefir undanfarin sumur haldið uppi merkilegri starfsemi, sem hefir gengið út á það að gera fátækum konum úr Reykjavík kleift að fá sumardvöl í sveit. Ekkert hefir verið til sparað af konum þeim, sem hafa beitt sér fyrir þessu, til að afla peninga og stjórna viðleitni þessari, sem nú þegar hefir gert mikið gagn. Þykir því rétt að veita þeim nokkurn styrk sem viðurkenningu löggjafans á starfi þeirra og sem uppörvun til að halda áfram á sinni braut.

Um 95. brtt., lækkun um 10% á styrk til stórstúkunnar, vil ég geta þess, að hér er miðað við byggingarstyrkinn.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um næstu liði. Sumir þeirra eru kunnir frá fyrri árum. Um hækkun á eftirlaunum embættismanna má segja, að það sé vandræðamál. Þegar menn láta af störfum vegna aldurs, er það vitanlega tilætlunin, að lögskipuð eftirlaun nægi mönnum til lífsframfæris. Reynslan sýnir, að margir þeirra embættismanna, sem láta af embætti fyrir aldurs sakir, eru efnalitlir eða efnalausir menn, og er það hart aðgöngu fyrir þjóðfélagið að verða að kasta þessum mönnum á gaddinn. Því er það, að Alþ. hefir undanfarið tekið upp þann sið, að bæta nokkurri fjárhæð við eftirlaun þeirra embættismanna, sem verst eru staðir. Þær fjárveitingar til embættismanna, sem hér eru taldar, eru allar veittar í því augnamiði.

Af brtt. við 18. gr. eru aðeins fáir liðir, sem ég sé ástæðu til að nefna. Ég vil þó minnast á tvo þeirra, vegna þess að þeir skera sig úr hinum með upphæðir. Er það 101. liðurinn, 1000 kr. til Margrétar Björnson, ekkju Guðmundar heitins Björnsonar landlæknis, og 103. liðurinn, 2000 kr. til Soffíu Guðmundsson, ekkju Magnúsar heitins Guðmundssonar. Konur þessar hafa báðar þá sérstöðu, að vera konur landsþekktra manna, og er hvorug þeirra vel efnum búin. Yfirleitt er það svo um þá menn, sem framarlega standa í þjóðmálabaráttunni og mikinn þátt taka í opinberum málum, að í hugum almennings

skapa þessi störf eftirlifendum þeirra meiri kröfurétt til þjóðfélagsins en venja er til.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að allmargir menn, sem verið hafa í opinberri þjónustu, svo sem póstar, fiskimatsmenn, ljósmæður o. fl., hafa sótt um styrk eða einskonar eftirlaun á undanförnum árum, og hafa nokkrir þeirra fengið áheyrn Alþ. Ég tel sjálfsagt, að komið verði á föstum reglum um það, hverja verðleika slíkt fólk verði að hafa til þess að komast á 18. gr. Þetta getur orðið endalaust, ef ekki er neitt ákveðið til að miða við, og þá helzt embættisaldur, er hafður væri nokkuð hár. Flestir, sem ráð eiga á fjárveitingum, eru svo gerðir, að þeir vildu með glöðu geði veita þessu fólki þær smáupphæðir, sem það fer fram á, flestir biðja ekki um nema 150—300 kr. En fyrir þessu þingi lágu beiðnir frá 50 mönnum um slík eftirlaun, og sá fjvn. sér ekki fært að taka allan þann fjölda upp á fjárlagafrv. Ég læt þessa getið til skýringar á því, hvers vegna þessum umsóknum var ekki sinnt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í brtt. við 22. gr. í einstökum liðum; þær skýra sig sjálfar. Annars er það varla annað en formsatriði að vera að mæla með þessum brtt., þar sem hv. þm. eru þær meira eða minna kunnar. Auðséð er líka, að þeir óska ekki eftir frekari skýringum á þeim, fyrst þeir eru aðeins örfáir á fundi.

Ég vil að lokum gefa yfirlit yfir fjárlagafrv. eins og það er nú.

Eftir 2. umr. nam rekstrarhallinn 260128 kr. Samkv. brtt. n. hækka gjöldin sem hér segir: Á 12. gr. 4550 kr., á 13. gr. 35450 kr., á 14. gr. 40550 kr., á 15. gr. 27900 kr., á 16. gr. 701500 kr., á 17. gr. 6000 kr., á 18. gr. 18895 kr., eða samtals 1094973 kr.

Gjöldin hafa verið lækkuð sem hér segir: Á 13. gr. 91900 kr., á 14. gr. 20500 kr., á 16. gr. 244700 kr., á 17. gr. 253500 kr., á 18. gr. 8956.40 kr.

Hækkun tekna á 2. gr. hefir orðið 1493000 kr., og á 3. gr. 75000 kr., og nemur því lækkun gjalda og hækkun tekna samanlagt 2187555.40 kr. Sé þar dregið frá það, sem gjöldin hafa hækkað, verður eftir 1092583.40 kr. Greiðsluhalli frv. er nú eftir till. n. 160000 kr., þó að ég léti skína í það við 2. umr., að n. hefði hug á að afgreiða frv. greiðsluhallalaust. En engin fullyrðing var gefin um, að það mundi takast. N. hefir gert allt, sem hún gat, til að hækka tekjurnar og lækka gjöldin, en ég geri ráð fyrir, að þær till., sem einstakir hv. þm. bera fram við þessa umr., verði heldur í hækkunaráttina. En ég vildi mega óska þess, að fjárlagafrv. yrði afgr. með ekki verri útkomu en því er skilað frá n. Í því trausti slít ég máli mínu og vænti þess, að hv. þm. vinnist tími til að athuga frv. sem heild, þó að stutt sé nú eftir af þingtímanum, og geti gert við það þær aths., er þeim þurfa þykir.

Forseti (JBald): Brtt. einstakra hv. þm. eru ekki enn komnar fram, og þykir mér ekki sanngjarnt að ætlast til, að þeir tali fyrir þeim meðan svo er. Ég vil geta þess, að ég ætla mér að hafa fund síðdegis í dag, og vildi ég þá reyna að koma af sem mestu af umræðunni, vegna útvarpsumræðnanna í kvöld, en þær verða einnig annað kvöld. Eftir tímann frá kl. eitt til kl. sjö á morgun vildi ég óska, að hv. þm. hefðu lokið að mæla fyrir brtt. sínum, svo að atkvgr. um fjárlagafrv. geti hafizt án tafar á mánudag. — Ég mun nú fresta fundi til kl. 5½. [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 427, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

***Gísli Sveinsson:** Ég vildi nota hinn stutta tíma til að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 427, sem nú var verið að útbýta.

Á ég fyrst brtt. undir IX. lið, við 13. gr. frv., um vegi. Ég skal taka það fram um einn af þessum vegum, sem ég flyt till. um, þ. e. a. s. Skaftártunguveginn, að hann er þegar kominn í till. fjvn. Get ég eftir atvikum sætt mig við þá till., þó að ég hinsvegar skilji ekki, hvers vegna sú upphæð hefir ekki verið tekin, sem er í minni brtt. og vegamálastjóri hefir talið vera það minnsta til þess að hægt væri að framkvæma nauðsynlegustu aðgerðir á þessum vegi. En ég mun að svo stöddu ekki fetta fingur út í þetta, heldur sætta mig við till. n., þó að hún sé 300 kr. lægri.

Í annan stað flyt ég svo undir þessum sama lið till. um veg, sem búið er að taka í þjóðvegatölu, og er það Meðallandsvegur, sem mjög mikil nauðsyn er á, eins og háttað er fyrir austan Mýrdalssand. Ég hafði hugsað mér að koma með nokkuð hærri till. um þann veg heldur en hér er farið fram á. En ég hugsaði sem svo, að lítið væri betra en ekki neitt, og vænti ég, að hv. þm. og sérstaklega fjvn. líti á það sem sanngirnismál að byrja á því að veita eitthvað til þessa vegar, til þess að gera hann a. m. k. það hæfan, að almenningur geti hugsað sér að nota hann.

Loks flyt ég svo, einnig undir IX. lið, hækkunartill. við Mýrdalsveg. Ég býst við, að fyrir fjvn. hafi legið till. vegamálastjóra um þennan veg, sem voru í samræmi við mína till. Við 2. umr. hafðist lítilsháttar hækkun á þennan veg, þ. e. a. s. úr 4 þús. kr. upp í 5 þús. kr., og þykir mér það satt að segja mjög lítið, með tilliti til þess, hvernig ýmsir aðrir liðir hjá fjvn. hafa hækkað og nýir liðir verið teknir inn, sem enginn sér, að eigi meiri rétt á sér heldur en vegagerð, sem þegar er byrjuð og mjög aðkallandi er fyrir bráðnauðsynlegar samgöngur heils héraðs, því að vegurinn í Mýrdalnum er fyrir allt héraðið, og ef honum er ekki sæmilega haldið við, má búast við því, að samgöngur við héraðið stöðvist, og sjá þá allir, í hvert óefni er komið, sérstaklega á haustin, þegar afurðaflutningarnir fara fram, því að ef þeir stöðvuðust, er farið forgörðum allt það, sem lagt hefir verið í það merkilega mál að koma upp frystihúsi, til þess að geta notað markaðinn hér í Reykjavík.

Ég vil sem sagt vænta þess, að líka sé litið með sanngirni á þær till., sem koma úr V.-Skaftafellssýslu, sem vitanlega eiga sammerkt öðrum till. í því að hækka lítillega þær fúlgur, sem ætlaðar eru til verklegra framkvæmda. En ég hefi ekki viljað bera fram lækkanir við þær

till., sem ég er viss um, að ekki eiga neitt til líka rétt á sér við þær till., sem ég ber fram, því að ég tel það ekki hlutverk þm. að klípa af öðrum, heldur reyna að jafna fjárveitingarnar svo, að ekki verði þar áberandi misræmi.

Svo á ég hér till. á sama þskj., undir XV. lið, samkvæmt erindi, sem legið hefir fyrir fjvn., en með því að ég hefi ekki séð þess vott, að n. tæki til greina þær óskir, sem þar komu fram, þá hefi ég borið sjálfstætt fram þessa brtt., þar sem farið er fram á, að veitt sé úr ríkissjóði nokkuð af stofnkostnaði brimbáts í Vík í Mýrdal. Ég þarf í raun og veru ekki að fara mörgum orðum um þessa till., því að allir, sem þekkja þarna til, vita, að ef það tækist með árangri að nota slíkan bát, þá væri það hin mesta framför. Og þar sem þeir aðiljar, sem hér standa að með þessar tilraunir, eru sjálfir ekki aflögufærir, þá er farið fram á hlutdeild hins opinbera, enda er það í fullu samræmi við þær miklu útgjaldaupphæðir, sem veittar eru til lendinga og samgöngubóta yfirleitt. — Ég vil því vænta þess, að fjvn. sjái sér fært að mæla með þessari fjárveitingu, enda þótt hún hafi ekki af sjálfsdáðum viljað taka hana upp.

Ég þykist nú eiginlega ekki þurfa að fara fleiri orðum um þær brtt., sem ég flyt á þessu þskj., og út í einstakar brtt. n. mun ég ekki — eins og tímanum er háttað — fara mikið, og allra síst út í einstaka persónulega styrki, sem alltaf hljóta að verða nokkuð misjafnir dómar um. En í ræðu hv. frsm., 2. þm. Árn., komu fram nokkur atriði, sem vert er að gefa gaum, en það er út af brtt. n. undir 46. og 83. lið á þskj. 402, sem eru styrkir til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Út af fyrir sig eru þetta vitanlega góðar stofnanir, sem hér er um að ræða. En þegar því er haldið fram, að þær eigi fyllsta rétt á sér út frá því sérstaka sjónarmiði, að þær geti orðið einskonar hjálparhella gagnvart ýmiskonar spillingu meðal æskulýðs landsins, t. d. áfengisbölinu, og verið er á þeim grundvelli að mæla með styrkjum til þeirra, þá tel ég, að fjvn. og raunar Alþ. í heild sinni verði að kynna sér þetta nokkuð nánar og krefjast þess, að skilríki séu lögð fram fyrir því, að þessar stofnanir, Ungmennafélag Íslands og Íþróttasambandið, séu virkilega mikils megnugar í þessum efnum.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að svo er komið með ungmennafélagsskapinn í landinu, að hann er orðinn hin mesta hneykslunarhella í samkvæmis- og útilífi landsins. Það er sem sé alkunna, að höfuð-íþróttamót ungmennafélaganna, t. d. í Borgarfirði og eins á Suðurlandi, Þjórsármótið, er eitt sökkvandi áfengisdíki. Og annað tveggja er, að þeir, sem að þessum mótum standa, reynast þess ekki umkomnir að halda uppi nokkurri reglu, eða þeir eiga sjálfir mikla sök á þessu. En því miður hefir það farið svo með ungmennafélagsskapinn í landinu, að hann hefir „degenerast". Hann hafði áður bindindi á sinni stefnuskrá eða einskonar bann við neyzlu áfengra drykkja. En þetta stefnuskráratriði hefir farið út um þúfur, og nú eru einstök ungmennafélög að reyna að rífa sig upp úr þessu aftur og stofna með sér deildir, sem eiga að vera bindindissinnaðar. — Þegar maður því ber þennan nokkuð fullorðna félagsskap saman við ýmsar aðrar uppvaxandi stefnur, þá stenzt hann því miður ekki samanburðinn. Vil ég í þessu sambandi t. d. minnast á skátahreyfinguna, sem hefir ýms tæki til uppeldisáhrifa, sem almennt hafa ekki verið notuð hér á landi, en alstaðar fara í vöxt og fá hinn bezta byr. Þessi hreyfing er því hin líklegasta til þess að geta rétt nokkuð við hinn uppvaxandi æskulýð landsins, og verður því að ætlast til þess, að hann fái meiri aðhlynningu frá því opinbera heldur en hingað til hefir verið. En svo er þessi félagsskapur kurteis, að enda þótt meðlimir hans hafi farið utan nú í sumar með mjög miklum kostnaði sjálfs sín, og gert okkur mikinn sóma og sjálfum sér gagn og ánægju, þá hafa þeir ekki viljað fara fram á hækkaðan styrk til sín, en hafa látið það orð falla, að þeir mundu koma á næsta þingi með þá málaleitun. — Nú hafði ég búizt við, að beðið yrði með að veita ungmennafélagsskapnum frekari styrk, þó að ég vildi allt gott um hann segja, en ég get því miður ekki sagt annað en það, sem ég hefi sagt. Ég skil að vísu röksemdafærslu hv. frsm.: hann vill láta þetta vera svona með ungmennafélagsskapinn, og þess vegna segir hann, að það sé, sem ekki er. — Ég er ekki heldur að áfellast hv. frsm., en er bara að segja sannleikann, sem hann líka sjálfur þekkir. Og vitanlega væri tilvinnandi að veita 2 þúsund kr. í viðbót til þessa félagsskapar, ef ástandið batnaði eitthvað við það, en mín orð eru einungis töluð til þess að leiða athygli manna að því, að það ber að krefjast skilríkja fyrir þessari starfsemi og hafa eftirlit með því, sem þar er að gerast, ef um áframhaldandi styrkveitingar verður að ræða.

Í þessu sambandi vildi ég einnig minnast á það — með tilliti til þess, að styrkurinn til stórstúku Íslands var hækkaður við 2. umr. —, að ég hefi aldrei séð nein skilríki fyrir því, til hvers sá styrkur gengur. Hvað er það, sem stórstúkan gerir, að hún þurfi á að halda til sinnar starfsemi svo þúsundum skiptir? Ég veit ekki betur en að allar stúkur, sem starfhæfar eru, fái tiltölulega mikið fé frá sínum meðlimum, því að þeim er leyfður ríflegur aðgangur að því að fá af almennu fé, og er ekkert við því að segja, ef það einungis kemur að tilætluðum notum eða — svo maður ekki segi meira — nokkrum notum. En nokkrar efasemdir eru nú um það hjá mér og öðrum, að þetta komi alltaf að því haldi, sem látið er í veðri vaka. Nú vil ég biðja hv. frsm. að skilja mig ekki svo, að ég sé að gerast neinn dómari í þessum efnum, en ég tel skylt, að ekki einungis fjvn., heldur og ríkisstj. og Alþ. í heild, fái að fylgjast með í því, hvað gert er við allt þetta fé og hver sé árangurinn. Það kemur alls ekki til mála fyrir Alþ. að gangast undir það ok við eina stofnun að halda áfram að hækka og hækka styrkinn til hennar, án þess að fá nokkru sinni skilgreiningu á því, hvernig honum sé varið.

Ég býst við, að hv. frsm. athugi þetta og gefi sín tilsvör eftir því, sem hann er þess um kominn, en sérstaklega er þetta þó talað til viðvörunar og leiðbeiningar framvegis.

*Sigurður E. Hlíðar: Á þskj. 427 flyt ég tvær smávægilegar brtt., sem ég vildi leyfa mér að fara örfáum orðum um.

Það er þá fyrst till. til breyt. við 14. gr. B. XVIII, 4, um sundkennslu o. fl. Þann lið hafði fjvn. hækkað úr 5 þús. kr. upp í 10 þús. kr., án þess að séð verði, til hvers það ætti sérstaklega að notast. En fyrir n. lá beiðni frá Akureyrarkaupstað um 5 þús. kr. til sundlaugarinnar þar, sem ekki hefir fundið náð fyrir augum n. Þess vegna datt mér í hug, að kannske væri hægt að rétta mál mitt með því að fara fram á það, að 5 þús. kr. af þessum 10 þús. kr., sem áætlaðar eru til sundlauga, mætti verja til sundlaugarinnar á Akureyri. Brtt. hljóðar því svo, að aftan við liðinn komi aths.: „Þar af til sundlaugarinnar á Akureyri 5 þús. kr.“ M. ö. o., þetta raskar ekki neitt niðurstöðutölu n., og er því ekki hægt að segja, að fram á mikið sé farið. Eins og mörgum hv. þm. mun vera kunnugt, þá er sundlaug á Akureyri, sem nú er fullger og talin er bezta sundlaug á landinu. Hún hefir nú kostað um 100 þús. kr., og á síðasta ári voru lagðar fram 20 þús. kr. til endurbóta á henni, steypa botninn og nýja rás og gera við hitaveituna. Og var það sérstaklega með tilliti til þess, að Akureyringar þóttust hafa hálfgert loforð frá Alþ. um að fá 5 þús. kr. styrk á þessu ári til laugarinnar, að ráðizt var í þessa endurbót einmitt á síðasta ári, en upp í stofnkostnaðinn, tæpar 100 þús. kr., hafa Akureyringar aðeins fengið 10 þús. kr. Nú hefir mér verið sagt af mönnum, sem standa nærri fjvn., að hún hafi undanfarin ár verið að hugsa um að veita lauginni 30 þús. kr. styrk, sem skipt væri niður á 6 ár, og svo ekki meira. Það er því ekki freklega til mælzt með minni brtt., þar sem hún fer ekki fram á neina röskun á fjárhagsáætluninni, heldur aðeins að mega nota 5 þús. kr. af þessum 10 þús. kr., sem ætlaðar eru til sundlauga.

Þá er hin brtt. mín við 14. gr. B. XXI. um að þær 600 kr., sem ætlaðar eru til Geirs Þormars, verði hækkaðar upp í 900 kr. Þetta er eina fjárhækkunin, sem ég fer fram á. Geir Þormar hefir undanfarið haft 600 kr. styrk úr ríkissjóði til þess að halda uppi námskeiðum í tréskurði. Hann er bláfátækur barnamaður og hefir ekkert annað fast heldur en þetta, auk þess sem hann smíðar dálítið, en markaðurinn er nú takmarkaður á Akureyri, svo að ég veit, að hans afkoma er mjög léleg. En þó er það eitt sérstaklega, sem mælir með þessari brtt. minni, sem sé það, að öðrum manni á fjárl., Guðmundi Mosdal á Ísafirði, sem hefir samskonar menntun og svipaða aðstöðu, en þó það betri, að hann hefir fastakennslu við skóla á Ísafirði, er ætlaðar 900 kr. styrkur. — Mér finnst því öll sanngirni mæla með þessari brtt. minni og vonast því til, að fjvn. sjái sér fært að mæla með henni.

Ég þarf svo ekki að orðlengja frekar um þessar brtt. mínar, en ég vona, að þær nái fram að ganga, þar sem þær raska ekki niðurstöðu fjárl. að neinu verulegu leyti, eða aðeins um einar 300 kr.

*Ísleifur Högnason: Ég hafði ætlað mér að bíða með að mæla fyrir þeim brtt., sem ég er 1. flm. að, þar til þær væru allar komnar, en til þess að umr. slitni ekki, vil ég aðeins drepa á þær till., sem við kommúnistar fluttum að vísu við 2. umr., en teknar voru aftur til 3. Hefir hv. 5. þm. Reykv. áður mælt fyrir þeim, svo að ég þarf ekki að vera margorður.

Í fyrsta lagi vil ég ítreka það sem okkar skoðun, að þessar 60 þús. kr., sem greiddar eru til konungsins, sé ósanngjarnlega mikið, sérstaklega með tilliti til þess, að Danir greiða konungi sínum eina milljón kr., sem ekki mun nema meiru en 30 aurum á hvern íbúa Danmerkur, en við borgum tvöfalt hærra. Auk þess er konungurinn ekki skattskyldur til ríkisins hér og þar að auki ábyrgðarlaus, svo að við álítum, að sjálfsagt sé í þessari miklu fjárþröng, sem við eigum við að búa, að lækka þennan lið, enda teljum við konunginn fullsæmdan með 15 þús. kr. árslaunum.

Þá er það undir III. lið, að við höfum gert brtt. um það, að þær 50 þús. kr., sem nú eru greiddar til lögreglunnar í Reyjavík, falli niður. Við álítum, að lögreglan hér í Reykjavík sé allt of mannmörg samanborið við fólksfjölda, og ekki nema sanngjarnt, að Reykvíkingar greiði sinni lögreglu eins og aðrir kaupstaðir. Það mun vera heimild fyrir þessari fjárveitingu, en ekki meir, svo að það mundi ekki vera brot á lögum, þó að þessi liður væri felldur niður.

Þá er það næst brtt. undir XII. lið, um að styrkurinn til Eimskipafélags Íslands falli niður. Ég sé, að í brtt. n. er þessi liður lækkaður úr 180 þús. niður í 162 þús. Það er mála sannast, að afkoma Eimskipafélagsins er ágæt. Eimskipin hafa verið afskrifuð ár frá ári niður í það lágt verð, að þau eru miklu meira virði heldur en þau eru skráð. Auk þess hafa reikningar félagsins sýnt, að það á stórfé í sjóði um hver áramót. Sýnist því ekki, eins og ástandið er, ástæða til að vera að ausa fé í stórgróðafyrirtæki, og virðist því öll sanngirni mæla með því, að þessi liður verði felldur burt af fjárl.

Þá er það nýr liður undir XVII. lið, sem við hv. þm. Vestm. flytjum, um að veita Bjarna Guðjónssyni 1800 kr. til þess að fullkomna sig í myndskurði. Fjvn. mun hafa átt þess kost að kynna sér listaverk þessa manns, sem er illa efnum búinn, en hefir áhuga fyrir sinni list og vill fullkomna sig í henni. Þau verk, sem ég hefi séð eftir hann, eru fögur og lofa góðu um hans framtíð. Þetta er eina fjárveitingin, sem ég fer fram á til einstakra manna, og vona ég að Alþ. líti með sanngirni á þessa till. og styrki þennan unga listamann til náms. Hann hafði sjálfur farið fram á 2500 kr., en við förum ekki hærra en upp í 1800 kr., og til vara 1500 kr., ef vera kynni, að einhverjir léðu till. þá frekar fylgi sitt.

Fleiri till., sem ég er 1. flm. að, liggja enn ekki fyrir, og mun ég geyma mér að tala fyrir þeim brtt., sem nú eru í prentun, þar til þær eru fram komnar.

*Stefán Stefánsson: Herra forseti! Ég á hér eina litla brtt. á þskj. 427, undir VIII. lið, um framlag til Öxnadalsvegar. Eftir að ég bar þessa brtt. fram hefir fjvn. hækkað framlagið til vega út frá Akureyri um 5 þús. kr. eða úr 10 þús. kr. upp í 15. þús. kr. Ég hefi einnig fengið það upplýst um það fé, sem varið hefir verið til vega út

frá Akureyri, að það hefir mest gengið óskipt til Öxnadalsvegar, og með því að fjvn. hefir hækkað þennan lið um 5 þús. kr. og í trausti þess, að þessu fé verði áfram varið að mestu til Öxnadalsvegar, tek ég mína brtt aftur.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 343, 402, 406, n. 422, 427, 428, 437, 444, 450, 451).

*Frsm. samgmn. (Gísli Sveinsson): Herra forseti. Samgöngumálanefndir Alþingis hafa á þskj. 427, XIII borið fram brtt. við 13. gr. fjárl., um að hækka framlagið til flóabátaferða úr 76 þús. kr. upp í 80 þús. kr. Nú hefðu n. gjarnan viljað, að ekki hefði þurft að hækka þetta framlag, eins og nú er ástatt. En vegna brýnnar nauðsynjar á þessum ferðum, sem treglega gengur að halda uppi, hafa samgmn. ekki séð sér fært annað en að leggja til, að þessi hækkun verði samþ.

Samgöngumálan. hafa gert grein fyrir þessum till. sínum í nál. á þskj. 422. Hafa þær ekki séð sér fært að sinna öllum umsóknum um hækkanir, jafnvel þó að þær hafi átt mikinn rétt á sér, eða ekki öðrum en þeim, sem í nál. greinir. Mestu munar um svokallaðan Skagafjarðarbát, sem er nýr og ætlazt er til, að haldi uppi ferðum milli Siglufjarðar og Skagafjarðar, með viðkomu í Fljótum. Norðurlandsbáturinn hefir áður gengið vestur á Skagafjörð og austur á Langanes. En ætlazt er til, að hann losnaði við þetta og gæti tekið upp ferðir alla leið austur til Seyðisfjarðar, en það er í samræmi við umsóknir frá þeim þarna á austurkjálkanum. En á þessum nýju Skagafjarðarferðum frá Siglufirði með viðkomu í Fljótum teljum við brýna nauðsyn vegna mjólkurflutninga og annars. Báturinn er til, og hann mun treysta sér til að taka upp þessar ferðir með því að fá þennan 3000 kr. styrk, sem við gerum ráð fyrir.

Stykkishólmsbáturinn hækkar hjá okkur úr 2600 kr. upp í 3200 kr., og hefði þó hækkunin þurft að verða meiri. En það sáum við okkur ekki fært. Fljótabáturinn hækkar úr 400 upp í 500 kr., og Gilsfjarðarbáturinn, sem er nýr, ætlumst við til, að fái 300 kr.

Nefndirnar ætlast til, að sérstaklega verði samið um heppilegar ferðir og flutninga, þar sem nú er ekki til skipakostur til að annast þetta.

Eins og í nál. segir, lágu fyrir umsóknir frá aðiljum í Vestmannaeyjum og við Eyjafjörð um styrk til nýrra bátaferða: Annarsvegar milli Siglufjarðar og Dalvíkur, um Ólafsfjörð, og mætti þannig tengja bílferðir frá Akureyri til Dalvíkur, sem um alllangt skeið hafa átt sér stað, við bátaferðir frá Dalvík til Siglufjarðar, og hinsvegar ferðir milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, sem hafa lagzt niður um hríð, þó að þeirra sé óefað mikil þörf. N. hafa þó ekki haft tök á að rannsaka þetta mál nánar, en vilja mælast til þess við ríkisstj., að hún láti Skipaútgerðina athuga möguleika á þessu fyrir næsta þing.

Báðar n. leggja mikið upp úr því, að samræmdar verði ferðir flóabátanna og strandferðirnar, enda virðist það vera sjálfsagt mál.

Þá segir í nál. frá nýju atriði, þar sem n. leggja til, að þessir flóabátar, sem allir berjast í bökkum, séu losaðir við að annast flutning milli skips og pósthúss á pósti þeim, sem þeir eru annars skyldir að flytja yfir sjóinn, og jafnframt losaðir við kostnað af þeim flutningi. Þessi flutningur hefir sumstaðar reynzt miklum örðugleikum háður, t. d. hjá Borgarnesbátnum, að flytja póstinn á bílum til og frá skipinu.

Þá vil ég geta þess, að fyrir nefndirnar kom skylt efni þessu, strandferðamál, þar sem farið var fram á, að athugað væri, að hve miklu leyti væri hægt að leggja niður ferðir v/b Skaftfellings, sem fer með suðurströndinni, og til hvers þá ætti að verja styrknum, sem hann hefir fengið. Þegar um þetta hefir verið rætt í Skaftafellssýslum, sýnist helzt hafa verið ráð fyrir því gert, að fénu yrði varið til samgöngubóta á landi. N. hafa þó komizt að þeirri niðurstöðu, að enn sé ekki tími til kominn að leggja niður ferðir Skaftfellings. En það hefir orðið að samkomulagi að leggja til, að þetta verði athugað fyrir næsta þing, svo að þá sé hægt að leggja fram skýrslu um það atriði. Það eru verzlanir, bæði kaupfélag og aðrar verzlanir í Skaftafellssýslu. Það er því ekki hægt að rasa að þessu, heldur verður undirbúningur að hafa átt sér stað, og fyrr má ekki aftaka þetta en sýnt er, að hægt sé að fullnægja þörfinni á annan hátt.

Ég hefi ekki talið tiltækilegt að minnka þennan styrk, því þessi útvegur, eins og reyndar fleiri útvegir, ber sig engan veginn og vinnur með stöðugu tapi. Hlutaféð er, eins og vant er að vera við slíkar stofnanir, allt tapað, og þeir, sem standa þarna að, hafa sumpart með lánum orðið að standa undir þessu. Styrkurinn var lika hærri á tímabili heldur en hann er nú. Ef klipið er af þessu og það minnkað nú með sömu „í rósentu“, sem fjvn. ætlast til að tekin sé af styrkjunum, bæði á sjó og landi, þá minnkar þetta af sjálfu sér. En það er ekki hægt að færa það beinlínis niður. Ég mun annars, og aðrir með mér, reyna að sjá um, að frekari skýrslur um þetta atriði liggi fyrir þinginu, þegar það kemur næst saman.

*Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Ég á 2 brtt. á þskj. 427. Önnur þeirra er við 13. gr. og er um hafnargerð. Þar er farið fram á, að til hafnargerðarinnar á Þórsh. sé hækkað tillagið úr 11 þús. kr. upp í 16 þús. kr. Þetta stendur þannig af sér, að hreppsnefndin hefir gert sínar áætlanir og byggt á þeim sínar ráðstafanir til fjáröflunar. Nú voru samþ. í fyrra hafnarlög fyrir Þórshöfn, og þar var ákveðið, að ríkið legði fram ⅔ til hafnarinnar, eins og reglan er nú orðin. En það er náttúrlega óbundið, hversu ört fé er veitt til þessa. Það er eðlilegt, að þetta fari nokkuð eftir getu staðarins sjálfs til þess að leggja fram sinn hluta. Það er viðurhlutamikið að raska áætlunum fyrir hreppsnefndinni, og ef kauptúnið sér sér fært að leggja fram verulegt fé í eitt skipti, þá er nauðsynlegt fyrir ríkissjóðinn að koma á móti því heldur en að vera að láta 2—4 þús. á ýmsa staði. Það virðist miklu óeðlilegra heldur en að gera

þetta dálítið myndarlega í eitt skipti. Það munar ekki mikið um 5 þús. kr., en þær geta haft mikla þýðingu fyrir framgang verksins, og þess vegna vil ég leggja áherzlu á, að hv. þm. taki það til athugunar, hvort þetta er ekki heppilegri ráðstöfun.En það er alveg víst, að hér er ekki um að ræða fé, sem annars myndi ekki vera veitt. Það er aðeins um tímaspursmál að ræða.

Á sama þskj. er brtt., sem ég hefi borið fram, við 14. gr. viðvíkjandi héraðsskólunum. Þar er um að ræða beina hækkun, sem stafar af því, að ég treysti mér ekki til þess að fara fram á, að þingið ákveði meira en helming af þeirri fjárhæð, sem þar er veitt til stofnkostnaðar héraðsskóla, til eins skóla. Mér hefir skilizt, að fjvn. ætlist til, að tillagið, sem er 28 þús. kr., skiptist milli 4 skóla. En nú stendur þannig á, að Reykjanesskólinn hefir engan eða lítinn byggingarstyrk fengið. Þessi skóli hefir starfað í nokkur ár og farið mjög myndarlega af stað, og sýnist ætla að verða höfuðskóli Vestfirðinga. Ég vil nefna sem dæmi um það, hversu myndarlega skólinn hefir farið af stað, að síðasta ár starfaði hann í 10 mánuði og hafði 241 nemanda alls. Skólinn er bæði fyrir bóklegt nám og fyrir iðnnám. Að sumrinu er ætlazt til, og enda fastákveðið, að þar verði verklegt nám, bæði lært sund og ýmiskonar jarðyrkjustörf, og þá sérstaklega garðyrkja, sem þessi staður er vel til fallinn, þar sem geysilegur jarðhiti er þar. Samanborið við starf annara héraðsskóla þá er ekki hægt að neita því, að það er geysimikið, sem þessi skóli hefir fyrir stafni, og það hefir sýnt sig, að hann þarf ekki að bresta nemendur.

Nú standa að þessum skóla það myndarlegir menn, að þeir treysta sér til að standa straum að sínu leyti af byggingum skólans eða þeim viðaukum, sem nauðsynlegir eru nú. Það er fastákveðið að byrja nú þegar í vetur á verklegu námi, sem getur að nokkru leyti orðið undirbúningur undir þessar byggingar. Það er víst og ekki hægt að mótmæla því, að þessi skóli mun fá ríkisstyrk, eins og reglan er í l., á móti framlagi héraðsins eða þeirra sveitarfélaga, sem að honum standa, og því er það, að þetta fé, sem farið er fram á að auka við upphæðina, eða þessi hækkun úr 28 þús. kr. upp í 38 þús. kr., er fé, sem verður veitt á sínum tíma. Það er því ekki hér að ræða um annað en tímatilfærslu. Það stendur alveg sérstakl. á með þennan skóla, að það er ekki hægt annað en eyða því fé á næsta ári, sem áætlunin fer fram á eða gerir ráð fyrir, svo héraðið yrði annars að leggja þetta fé fram í bráðina. En það getur verið óþægilegt fyrir héraðið að verða að fá lán upp á ríkisstyrkinn á fjárl. fyrir 1938, og það væri miklu æskilegra, að ríkissjóður gæti komið á móti héraðinu með fjárframlag nú þegar.

Það er að sönnu ekkert ákveðið um það í fjárlagafrv., hvernig þessu fé verði skipt, svo það væri eftir rekstri þessa skóla ekki óeðlilegt, að hann fengi þessar 10 þús. kr., sem hér er farið fram á, af fénu óskiptu, en það er þó ekki hægt að treysta því, að svo verði. Það getur ekki orðið nema með því móti, að um leið verði nokkuð skertur hlutur hinna héraðsskólanna, sem ætlazt er til, að eigi hlutdeild í þessari fjárveitingu. Ég hefi því heldur kosið að fara þá leið, að bera fram till. um þennan viðauka, 10 þús. kr., heldur en að hinir skólarnir yrðu ef til vill afskiptir, svo það raskaði fyrirætlunum þeirra um byggingar eða aðgerðir húsa.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að það er ákaflega óheppilegt að vera alltaf að smáklístra viðaukum við þessa skóla, en gera ekkert hreinlega í einu. Ég hefi veitt því athygli, að hús, sem byggð eru þannig smátt og smátt, verða dýrari, og það getur jafnvel dregizt svo lengi, að ein byggingin sé farin að fúna áður en hin er fullgerð, og verður að telja slíkt óheppilegt.

Þá á ég hér brtt. við 15. gr., sem eru smástyrkir til 4 manna. Ég hefi áður gert það, við 2. umr. fjárl., að mæla fyrir þessum till., sem ég tók þá aftur til 3. umr. Ég þarf ekki í raun og veru að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá. Það er hv. þm. kunnugt, að allir þessir menn eru mjög maklegir þessara styrkja, og ég geri ráð fyrir, ef hv. þm. greiða atkv. á móti þeim, þá sé það í sparnaðarskyni. En sá sparnaður er ákaflega lítilfjörlegur, þegar það er athugað, að sú hækkun, sem verður á fjárl. með þessum till., nemur ekki nema kringum 5 þús. kr. alls, til allra þessara manna.

Það eru nýir liðir til þriggja söngvara, Eggerts Stefánssonar, sem farið er fram á 2 þús. kr. styrk til, en til vara 1200 kr., Sigurðar Skagfields sömuleiðis 2 þús. kr. og til vara 1200 kr., og til Einars Markans 1000 kr. Svo er till. um 1000 kr. styrk til Eggerts Guðmundssonar listmálara.

Allir þessir menn eru þekktir í sinni list, og eins og ég sagði áður, þá þarf ekki að efa það, að hv. þm. álíta þessa menn vel verða þessara styrkja, og þó þeir væru miklu ríflegri. Það getur ekki verið af sparnaðarástæðum, ef menn skera þessa styrki niður.

Þá fer ég fram á, að styrkurinn til Guðbrands Jónsonar prófessors sé hækkaður. Hann er þjóðkunnur maður fyrir sín fræðistörf, og það er ekki hægt að neita því, að þessi maður er kominn í röð hinna merkari fræði- og vísindamanna í sinni grein. Eftir því sem ég bezt veit, þá gefur hann sig eingöngu við rannsóknum og ritstörfum, og er hann talsvert afkastamikill maður. Hann hefir 1500 kr. styrk á fjárl., en ég fer fram á, að hann hækki upp í 2400 kr., og í samanburði við ýmsa aðra, sem njóta styrks til svipaðra hluta, er þetta of lág heldur en of há upphæð.

Ég gæti sagt margt um verðleika þessara manna, hvers um sig, en ég ætla ekki að tefja tímann með því. Ég vil vísa til þess, sem ég hefi áður sagt við 2. umr. um þetta efni almennt eða um styrki til listamanna. Ég vil undirstrika það, að eitt af því, sem ber einna bezt hróður Íslands til annara þjóða, eru verk listamanna okkar, en auk þess eru þeir og list þeirra einskonar skóli, einskonar háskóli fyrir þjóðina, og þess vegna er það ekki rétt að mæla þá á neinu lúsarmælikvarða. Ég vil treysta hv. þm. til þess að gera það ekki. Það er ekki aðeins smækkandi fyrir listina að mæta slíku skilningsleysi, heldur er það smækkandi fyrir þá menn sjálfa, sem

leggja svo vitlausan mælikvarða á listina, eins og gert er með því að vera að myrða smástyrki til þessara manna, sem vitanlega eru allt of smáir.

Þá á ég hér brtt. við 16. gr., ásamt hv. 2. þm. Reykv. Það er ekki um nein ný fjárframlög, en ég vil leyfa mér að fara um þessa till. nokkrum orðum. Hún er um það, að af atvinnubótafénu, sem er ½ millj. kr., verði 60 þús. kr. varið til þess að vinna að íþróttasvæðinu hér við Öskjuhlíð. Það er orðið alveg ljóst allri þjóðinni, hversu geysilega mikilsvert það er fyrir þjóðina, að íþróttalíf eflist hér og verði sem heilbrigðast, og nú er þó svo langt komið, að íslenzkir íþróttamenn eru farnir að sækja mót í öðrum löndum, og einnig að bjóða mönnum og taka á móti mönnum og flokkum frá öðrum þjóðum, og það frá stórþjóðunum, til keppni hér á Íslandi. Það er út af fyrir sig mjög mikils virði, en hitt er þó aðalatriðið, hversu stórkostlega þýðingu það hefir fyrir uppeldi þjóðarinnar, að íþróttalífið eflist og verði almennt. Það er líklegt, að við munum græða meira á því að efla þessa hlið menningar heldur en nokkra aðra, sem einhver rækt er lögð við hér á landi. Líkamleg heilbrigði manna er svo mikils virði, og ekki sízt fyrir það, að henni fylgir einnig andleg heilbrigði. Það hefir verið á það minnzt og fyrir því færðar fullar sannanir, að mjög mikið af því, sem miður fer í fari manna, ýmsir lestir og brestir, sem ungir menn hafa, stafi af því, að þeir hafi ekkert fyrir stafni. Þá brestur atvinnu og þá brestur einnig verkefni, en íþróttalífið hrifur menn frá gjálífi og ýmsu, sem miður fer, og gerir þá að manndómsmönnum og styrkum stoðum í þjóðfélaginu.

Nú er það gefinn hlutur, að hér í Reykjavík eða í nánd við Rvík hlýtur að verða miðstöð þessarar íþróttamenningar, þar sem öll landsmót eru haldin hér, og svo þegar útlendir íþróttamenn koma hingað, þá fremja þeir aðallega listir sínar hér og hafa sína kappleika hér. Af þessu er það alveg ljóst, að hér í Reykjavík eða í nánd við hana verður að vera fullkomið íþróttasvæði, og vitanlega ekki aðeins fyrir Rvík, heldur einnig fyrir alla þjóðfélagsheildina. Reykjavíkurbær hefir litið á þessa nauðsyn og lagt út fé fyrir landssvæði, sem er 80 hektarar að stærð og liggur sunnan við Öskjuhlíð og alla leið suður að Skerjafirði. Þetta hefir kostað 80 þús. kr., sem Rvík hefir þegar tekið að sér að greiða. Auk þess hefir Rvíkurbær veitt til vinnu á þessu svæði 30 þús. kr. á fjárhagsáætlun þessa árs, og eru allar líkur til þess, að því verði haldið áfram og að þessi upphæð verði jafnvel aukin.

Ef mönnum er forvitni á að vita, hvað þarna eigi að gera, þá má í stórum dráttum segja, hvernig þessu mikla svæði á að skipta niður og hvað það er helzt, sem þar á að gera. Það er ætlazt til, að það komi sundskáli suður við Skerjafjörð, fullkomlega útbúinn eins og tíðkast erlendis, og það er ætlazt til, að þar komi jafnframt bátaskýli, svo menn geti iðkað kappróður suður á Skerjafirði. Það er ætlazt til, að þar komi fullkomnir knattspyrnuvellir, og eiga æfingarvellir að vera út af fyrir sig, og svo fullkominn knattspyrnuvöllur, sem við getum boðið útlendum knattspyrnufélögum að keppa á. Það hefir ekki verið vansalaust, að þegar við höfum fengið ágæta knattspyrnuflokka í heimsókn, þá er það svo, að þegar þeir eiga að fara að leika á vellinum, þá er hann frá þeirra sjónarmiði eins og urð, svo þessir menn njóta sín ekki af því þeir eru vanir grasvelli. Þar eiga líka að vera tennisvellir og hlaupabrautir. Svo á að koma almennur leikvangur, þar sem á að vera hægt að halda stór leikmót, og hægt á að vera að taka á móti 30—40 þús. manna, ef svo vill verkast. Loks er ætlazt til þess, að kappreiðar, sem fara vanalega fram 3—4 sinnum á ári, geti farið þar fram á sérstakri hlaupabraut fyrir hesta.

Ég hefi hvorki fræðilega menntun né tíma til þess að skýra þetta nánar, en vænti þess, að hv. þm., sem flestir munu að vanda hlusta á það, sem verið er að segja hér, muni sjá, að fyrirætlunin er ekki smá og heldur ekki óþörf.

Nú er það vitað um þetta atvinnubótafé, sem ríkissjóður veitir, að það fara misjafnar sögur af því, að hve miklu gagni þau verk verði, sem unnin eru fyrir það. En ég er sannfærður um, að þarna eru svo margháttuð verkefni, að það er ekki hætt við öðru en að vinnan muni verða þarna að fullu gagni, og að miklu meira gagni en verða mundi við ýms önnur störf, sem eru þess eðlis, að þau verði ekki unnin nema að sumri til. En þarna má vinna svo, að vinnan komi að fullu gagni jafnt sumar og vetur, vegna þess, að verkefnin eru svo fjölbreytt. Af því að hér er ekki um að ræða neina nýja fjárveitingu, en sennilega eitt stærsta menningarmál íslenzku þjóðarinnar, þá þykist ég fulltreysta því, að hv. þm. muni líta á þetta með fullkomnum velvilja og skilningi.

Ég á aðra brtt. við 16. gr., sem ekki er fyrirferðarmikil. Hún er um Gilsnámu í Hólshreppi. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefi ég flutt till. um rannsókn á Gilsnámu. Sú till., er enn ekki komin neitt áleiðis, en ég hefði talið heppilegast, að sú till. hefði verið samþ., svo það hefði ekki þurft að vera nein sérstök fjárveiting til þess að rannsaka þessa námu, því það er erfitt að setja ákveðna upphæð, vegna þess, að við þm. erum varla bærir að dæma um, hversu mikið fé þarf til að rannsaka þessa námu. En það er álit margra, sem meira vit hafa á þessu máli en ég, að þarna sé um verulega arðvænlega námu að ræða, og ef til vill séu þar miklu fleiri jarðefni heldur en beinlínis brennsluefni.

Nú hefir fjvn. lagt til, að ætlaðar verði 1500 kr. til rannsóknar á þessari námu og fleiri námum, en ég held, að n. hafi ekki gert sér grein fyrir, hvað námurannsókn þýðir. Það þýðir ekki að vera að senda Pétur eða Pál í námu og segja honum að rannsaka hana. Það verður að fá fullkominn vísindamann á því sviði til þess að framkvæma það verk og það er mjög líklegt, að það þurfi að fá útlendan sérfræðing til þeirra hluta. En þá er sýnilegt, að þessar 1500 kr. hafa lítið að segja. En þegar svo er orðað, að veitt sé allt að þessari upphæð, sem farið er fram á, þá er þar með tryggt, að ekki sé meiru til þess varið heldur en þarf og ríkisstj. er fært.

Ég hefi leyft mér að fara fram á, að þessi liður hækki upp í 5 þús. kr., því ég er alveg sannfærður um, að það er alveg eins gott að fella liðinn niður eins og að hafa hann með upphæð, sem engar líkur eru til, að hægt sé að vinna verkið fyrir, svo að það verði að nokkru gagni. Ef það er þess vert að rannsaka það, hvort dýrmæt jarðefni og vinnanleg eru til hér á landi, þá verður að haga undirbúningnum þannig, að hann sé ekkert kák, svo ekki fáist ályktanir, sem ekki eru byggðar á þekkingu og leiða menn kannske afvega í málinu.

Þá á ég hér tvær brtt. við 18. gr., báðar mjög fyrirferðarlitlar. Önnur þeirra er um það, að hækka skáldalaun Guðmundar Friðjónssonar úr 1800 kr. upp í 2400 kr. Ég hefi einhverntíma áður farið fram á hækkun á skáldalaunum Guðmundar, og fékk ég þau þá hækkuð úr 1500 kr. upp í 1800 kr. Ég vil nú minna á það, án þess að fara að endurtaka mikið af því, sem ég sagði þá, að þessi maður mun nú kominn nálægt sjötugu. Hann er heilsulítill maður og ekki líklegur til að verða þungur á fóðrunum hjá ríkissjóði úr þessu. En þetta er sá maður úr íslenzku bændastéttinni, sem langsamlega mest hefir lagt til íslenzkra bókmennta, auk þess er hann mikill fyrirmyndarmaður sem bóndi og heimilisfaðir. Hann hefir setið föðurleifð sína og bætt hana og prýtt á allan hátt. Hann hefir komið upp mörgum börnum, auk þess sem hann hefir lagt mikinn skerf til íslenzkra bókmennta og orðið til hins mesta sóma fyrir íslenzka bændastétt á því sviði einnig.

Hinn maðurinn, sem farið er fram á, að fái aukinn styrk, er Jakob Thorarensen. Hann er merkilegt skáld og rithöfundur, og eru honum ætlaðar 1200 kr. á fjárlögum. Þegar ég ber þennan mann saman við aðra rithöfunda og skáld, og þegar ég ber styrk hans saman við styrk ýmsra annara manna, sem að mínu áliti ættu sannarlega ekki að fá styrk, þá undrast ég það mat, sem kemur fram í þessu hjá hv. þdm., og ég veit satt að segja ekki, hvar þeir hafa fengið þann mælikvarða, sem þeir leggja á Jakob Thorarensen. Ég held helzt, að þeir hafi nagað hann; a. m. k. er hann ákaflega stuttur.

Þar sem hér er ekki um að ræða nema 800 kr. hækkun, eða upp í 2000 kr., þá vænti ég þess, að hv. þm. líti á þetta með sanngirni og vilji gera sér það til sóma að leggja dálítið réttlátari mælikvarða á þennan mann.

Ég hefi farið hratt yfir þessar till., til þess að tefja ekki mjög tíma hv. þm., en ég ætlast til þess, að þeir taki engu að síður tillit til þeirra vegna þess og sýni þeim verðskuldaða velvild.

*Pétur Ottesen: Ég á hér eina brtt. á þskj. 437, þar sem lagt er til, að ríkisstj. sé heimilað að ganga í ábyrgð fyrir Ytri-Akraneshrepp fyrir allt að 240 þús. kr. láni til vatnsveitu á Akranesi, en þó fari ábyrgðin aldrei yfir 80% af stofnkostnaði vatnsveitunnar. Ég sé, að í þeim ábyrgðarheimildum, sem samþ. hafa verið á þessu þingi, hefir sú regla verið tekin upp, að ábyrgð fari ekki fram úr þessu marki, 80% af stofnkostnaði, og hefi ég talið sjálfsagt að fylgja því fordæmi.

Það hagar svo til á Akranesi, þar sem nú búa yfir 1700 manns, að þar verða menn að búa við þau vatnsból ein, sem eru brunnar, grafnir víðsvegar á landi kaupstaðarins innan um húsin. Það hefir komið í ljós, að þessi vatnsból eru síður en svo góð, þannig að rannsóknir, sem hafa farið fram á vatninu á sumum þessum stöðum, sýna, að það er tæplega nothæft sem neyzluvatn, og getur stafað af þessu allmikil hætta frá heilsufarslegu sjónarmiði fyrir kauptúnið. Þess vegna er ákaflega aðkallandi mál fyrir Akurnesinga, að bót verði á þessu ráðin, þannig að vatn verði leitt til kauptúnsins frá fjarliggjandi stöðum. En aðstaðan er sú, að það verður að sækja vatn um alllangan veg og því er kostnaðurinn svo mikill. Það er hvorttveggja, að íbúar Akraness hafa staðið í miklum stórræðum um framkvæmdir undanfarið, þar sem er hafnargerðin, og auk þess hafa kauptúnsbúar haft með höndum allfjárfreka framkvæmd í ræktunarmálum á landi, sem kauptúnið eignaðist, þegar það keypti Garða. Þetta allt tekur svo mikið fé, að það er ekki kleift fyrir Akurnesinga, án þess að njóta nokkurs stuðnings, að ráðast í þetta stórfellda fyrirtæki. Þess vegna fer ég þess á leit við Alþingi, að það rétti kauptúninu hjálparhönd, til þess að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég veit, að það sjá allir og viðurkenna nauðsynina á þessu, og það, sem hér er um að ræða, er að vega og meta, hvort hægt sé að láta þessa ábyrgð í té.

Ég á hér aðra brtt., sem er brtt. við till. samgmn. um skiptingu á því fé, sem veitt er til flóabáta. Ég flyt till. um að hækka styrkinn til Akranesbátsins um 500 kr., eða upp í 2000 kr. Þessi styrkur hefir frá öndverðu verið bundinn því skilyrði, að það tækjust samningar um flutning á mjólk þarna ofan að, svo að þessi styrkur hefir orðið að mestu leyti til þess að lækka flutningskostnaðinn á mjólkinni hingað suður. En þeir, sem hafa flutt mjólk þarna ofan að hingað til Reykjavíkur, hafa orðið að borga allt að því 5 aura á hvern lítra í flutningskostnað. Hækkun á styrknum mundi draga lítilsháttar úr þessum flutningskostnaði, því mér er kunnugt um það, að þetta mundi fyrst og fremst verða til hagsbóta fyrir þessa flutninga.

Nú liggja fyrir þessu þingi breyt. á afurðasölulögunum, að því er snertir mjólkursöluna, sem ganga í þá átt, að jafnað verði, meir en nú er, mjólkurverðinu á milli þeirra, sem aðstöðu hafa til þess, að koma nýmjólk á Reykjavíkurmarkaðinn og hinna, sem fjær búa. Þetta verður vitanlega til þess að lækka nokkuð mjólkurverðið hjá þeim, sem flytja hingað mjólk daglega á sumrin, en 3—4 sinnum á viku á veturna. Þess vegna kæmi það ákaflega vel á fyrir þá, að samtímis því, að þessi ráðstöfun yrði gerð, yrði styrkurinn hækkaður, því það mundi verða þeim til dálítils léttis hvað flutningskostnaðinn snertir.

Ég vil svo fela þessar till. velviljaðri meðferð Alþingis og lýk þar með mínu máli.

Jón Pálmason: Hv. fjvn. hefir við þessar umr. ekki skilað neinu framhaldsnál. um sínar till., og skal ég taka það fram að því er snertir afstöðu okkar sjálfstæðismanna í n., að ég get í aðaldráttum vísað til þess, sem ég sagði við 2. umr. fjárl. Til viðbótar skal ég geta þess, að þegar komu til meðferðar þær lækkunartill., sem fjvn. leggur til, að gerðar séu frá því, sem ákveðið er í fjárlagafrv., þá var um þær hin bezta samvinna. En hinsvegar töldum við sjálfstæðismenn mjög eðlilegt, að úr því að farið væri að lækka um 10% framlag til opinberra framkvæmda, þá væri talsvert fleira tekið undir þann lið en gert er, og skal ég tilnefna benzínvegi, sem er ætlað 275 þús. kr., til atvinnubóta, sem 500 þús. eru ætlaðar til, skuldaskilasjóð útvegsmanna, sem ætlaðar eru 160 þús. kr., og auk þess lögðum við til, að felldur yrði niður af fjárlfrv. liðurinn til vinnumiðlunar, 15 þús. kr. Þetta er samtals 109 þús. kr. En það kom í ljós, þegar þetta var rætt í n., að það voru um alla þessa liði það fastir samningar á milli stjórnarflokkanna, að það gat ekki náðst samkomulag um þessa lækkun.

Það segir sig vitanlega sjálft, að við stjórnarandstæðingar berum enga ábyrgð á slíkum hlutum og stöndum utan við það að binda okkur við samninga stjórnarflokkanna á einn eða annan hátt. En þrátt fyrir það, þó að ég og flokksbræður mínir í n. litum svo á, sáum við ekki ástæðu til þess að fara að koma með brtt. við þessa liði, þar sem fyrir fram var vitað, að þær yrðu allar drepnar.

Fyrir mig persónulega skal ég taka það fram, að ýmsar af smærri till. n. eru á þann veg, að ég var á móti þeim í n. og geri ráð fyrir að greiða atkv. á móti þeim, þegar þar að kemur, en ég taldi þær ekki svo miklu varða, að gild ástæða væri til þess að fara að kljúfa n. vegna þeirra og koma með sérstakt nál.

Að öðru leyti skal ég ekki tala nánar um þessa útkomu, sem hér liggur fyrir, þar sem bæði er búið að minnast á hana í eldhúsdagsumr. og verður sjálfsagt gert frekar. En ég vil um leið mæla með nokkrum brtt., sem ég hefi gert við 18. gr. fjárlfrv. Í þessum brtt. legg ég til að lækka styrk til nokkurra manna, sem í 18. gr. eru ætlaðar upphæðir til og kallaðir eru rithöfundar og listamenn. Ég skal nefna þessa menn. Það eru: Kristmann Guðmundsson, Theodór Friðriksson, Ólafur Friðriksson, Þorbergur Þórðarson og Guðmundur Hagalín. Gert er ráð fyrir í mínum till., að öllum þessum mönnum sé gert jafnt undir höfði, og eru þeim ætlaðar 1000 kr. hverjum. Ég skal taka það fram, að Guðmundi Hagalín eru annarsstaðar í fjárlagafrv. ætlaðar 2 þús. kr., og með þessari lækkun eru honum þannig ætlaðar 3000 kr. Tel ég ekki, að hann hafi sýnt slík afrek, að hann eigi meira skilið.

Að því er hina snertir skal ég taka það fram, að ég tel vafasamt, hvort nokkur þeirra ætti að standa með listamannsstyrk í fjárl., en ég tel meiri von um, að þessar till. geti náð fram að ganga, ef ekki er farið fram á, að styrkurinn verði alveg felldur niður.

Þá á ég hér eina hækkunartill., og er hún um það, að Jakob Thorarensen fái 1500 kr. styrk í stað 1200 kr. Hv. 6. þm. Reykv. á brtt. um það, að styrkurinn verði færður upp í 2000 kr., og gæti ég fallizt á það. Og sannleikurinn er sá, að þegar maður er að vega og meta, hvað sanngjarnt sé í þessu sambandi gagnvart þeim mönnum, sem njóta rithöfunda- og listamannastyrks hjá Alþingi, þá rekur maður augun í það og undrast, að þetta merkilega skáld skuli hafa lægri styrk en margir þeir menn, sem að mínu áliti eiga ekki skilið að fá nokkurn styrk. Hvort hækkunin til þessa manns er 300 eða 800 kr., skiptir ekki miklu máli. Ég skal geta þess, að ég veit ekki til, að hann hafi sent neina beiðni til Alþingis um styrkhækkun, og persónulega þekki ég manninn ekki neitt, að öðru leyti en af hans skáldverkum.

Þá skal ég að síðustu víkja að till., sem ég flyt með hv. þm. V.-Húnv. um það, að styrkurinn til Halldórs Kiljans Laxness sé færður úr 5 þús. niður í 2 þús. kr. Ég skal taka það strax fram, að þessi till. er ekki flutt af því, að við teljum, að þessi maður eigi að hafa nokkurn eyri í fjárl., því við erum báðir sammála um, að hann eigi að fella niður.

Fyrir mig persónulega skal ég taka það fram og ítreka það, sem ég sagði síðast þegar fjárl. voru til umr. hér á þingi., að ég tel, að það, að veita þessum rithöfundi 5 þús. kr. skáldlaun, sé svartasti bletturinn á okkar ríkisfjárlögum. Að öðru leyti er það svo, að við flytjum þessa till. um niðurfærslu niður í 2 þús. í von um, að það nái frekar fram að ganga en hitt, að fella manninn alveg niður. Og frá mínu sjónarmiði er fyllilega ástæða til þess að fara ekki lengra í þessum efnum, vegna þess, að ég hefi á 2 þingum lagt til, að styrkurinn yrði felldur alveg niður, en það hefir ekki náð samþykki meiri hl. þm. Til frekari áréttingar skal ég taka það fram sem mikilsverða ástæðu í þessu sambandi, að það virðist svo sem þessi maður hafi það miklar tekjur nú af bókasölu, að það sé út frá því sjónarmiði ekki ástæða til, að hann fái ríkisstyrk sem rithöfundur.

Að öðru leyti er ágreiningur um þetta það kunnur, að ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum. Og þessar fáu og smáu till., sem ég hefi hér minnzt á, legg ég svo undir dóm hv. þm., gerandi ráð fyrir, að þeir taki til þeirra afstöðu, eftir því sem efni standa til.

***Ásgeir Ásgeirsson:** Af því að ég tala næst á eftir hv. þm. A.-Húnv., vildi ég aðeins leiðrétta það, sem hann og ýmsir halda, að Halldór K. Laxness hafi stórtekjur af þýðingum af bókum sínum erlendis frá. Mér er kunnugt um, að svo er ekki, enda er það erfitt að ryðja sér til rúms á erlendum bókamarkaði, og tekjur af fyrstu þýðingu eru venjulega litlar. Nú mun ekki hafa komið nema ein útgáfa af hverri þeirra bóka Kiljans, sem hafa verið þýddar erlendis, og af fyrstu útgáfu er lítið að hafa. Ég nefni þetta til þess að taka það fram, að H. K. L. hefir ekki stórtekjur af ritstörfum, en það er eina frambærilega ástæðan fyrir því að lækka við hann skáldalaunin.

Ég hefi stillt mig um að bera fram ýmsar

till., sem ég hefi þó haft hug á að flytja, en eina till. flyt ég, mjög smáa till., um það, að veita Guðmundi Eiríkssyni á Þorfinnstöðum 300 kr. á ári. Ég tek aðeins til máls til þess að vekja athygli á því, að hér er ekki um neitt hæ'ulegt fordæmi að ræða, þó að þessi smáa upphæð verði veitt þessum manni.

Guðmundur lét af hreppstjórn á síðastl. sumri og hafði þá verið hreppstjóri í 50 ár. Og eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er það mikið starf, sem búið er að vinna launalítið eða launalaust, þegar menn á níræðisaldri láta loks af hreppstjórn eða öðrum slíkum sveitarstörfum, sem útheimta mikinn tíma, en lítið sem ekkert er borgað fyrir. Guðmundur er nú 82 ára gamall, svo að það verður sennilega ekki lengi, sem þyrfti að greiða honum styrk, en hann mundi muna mikið um að fá þessa litlu fjárhæð.

Ég vek aðeins athygli á því, að hér er ekki um neitt hættulegt fordæmi að ræða, og ég vænti þess, að þessari smáu upphæð verði sleppt í gegn handa þessum ágæta gamla manni.

Forseti (JBald): Eins og kunnugt er, eiga að fara fram útvarpsumræður um fjárl. kl. 8 í kvöld. Verði eigi þá lokið umr. um einstakar till. þm., verður þeim haldið áfram að afloknum útvarpsumræðum., og vil ég biðja þá hv. þm., sem ekki hafa lokið sér af fyrir kl. 7, að vera þá viðstadda, til þess að mæla fyrir till. sínum, ef þeir óska þess.

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Ég á hér brtt. á þskj. 427,V við 13 gr. fjárlaga A. II. a. 9. Fyrri liður hennar er um framlag til Laxárdalsvegar, 3000 kr. Laxárdalsvegur liggur milli tveggja kauptúna, Borðeyrar í Strandasýslu og Búðardals í Dalasýslu, og hefir þar frá fornu fari verið fjölfarinn þjóðvegur, en vegna þess að hann hefir orðið útundan með endurbætur og viðhald í seinni tíð, hafa samgöngur þar um orðið allmjög að teppast, og hefir það orðið til mikils baga fyrir viðkomandi sveitir og jafnvel fyrir langferðafólk. Yfir sjálfa Laxárdalsheiði er vegurinn sæmilegur, en eftir Laxárdalnum má heita alger vegleysa. Kemur það sér mjög illa þar sem fjölmenn byggð á í hlut, og einkanlega verður þetta tilfinnanlegt nú, á þessum tímum, þegar Laxárdalurinn er orðinn eitt af fjársýkisvæðunum, en eitt af bjargráðunum, sem menn hugsa sér fyrir slík svæði, er stofnun rjómabúa. En fyrir þessar fjölmennu sveitir er engin leið að taka þátt í stofnun rjómabúa, meðan ekki eru gerðar þar meiri vegabætur en nú er.

Áður fyrr, eða fram til síðustu 3 ára, var það föst venja, að í þennan veg væru lagðar 2—3 þús. kr. árlega, annaðhvort í fjárl. eða með beinni fjárveitingu af viðhaldsfé. En nú síðustu árin hefir ekkert fé verið veitt í þessu skyni. Nú er vegurinn þannig, að oft verður að fara yfir Laxá, til þess að þræða þurr holt. En sú leið verður ófær, ef úrkomur eru miklar, jafnvel þó um mitt sumar sé, og er botn mjög slæmur í Laxá. Nú stendur svo á, að sá nýi vegur, sem byrjað hefir verið á í þessu héraði, er nú í miðri mýri, og er mikil nauðsyn á því, að hægt verði að halda áfram vegagerðinni, þó ekki væri nema lítinn kafla. Og því er farið fram á þetta litla framlag til þess að geta nú lítið eitt haldið áfram vegagerðinni. Vegna þess, hversu afskiptur þessi þjóðvegur hefir verið seinustu árin, verð ég að vænta þess, að Alþingi líti á þetta sem sanngirnismál.

Þá er á sama þskj. brtt. við sama lið 13. gr., A. II. a. 9, um 2 þús. kr. fjárveiting til Staðarfellsvegar. Vegna þess að hann er nýkominn í þjóðvegatölu, en hefir síðan ekkert verið gert til góða, er þörfin brýn fyrir vegalagning á köflum þeirrar leiðar. En menn kannast við, að ómögulegt er hjá þeim kostnaði að komast, eftir að vegir hafa verið teknir í þjóðvegatölu. Vegurinn liggur að skólasetri og kemur stórri sveit að notum til allskonar flutninga, og auk þess langferðafólki að gagni, strax þegar vegasambandið er komið og ferðamenn taka að heimsækja þessar fögru sveitir.

Þessar tillögur eru bornar fram til þess að jafna mismuninn, sem er á framlögum til héraðanna. Ég vonast til þess, að hv. Alþingi sýni þeim sanngirni, þar sem þetta hérað hefir svo mjög verið afskipt undanfarin ár.

Því næst á ég brtt. á þskj. 428, VIII lið, við 16. gr. 2, um að hækka styrk til Búnaðarfélags Íslands úr 180 þús. í 200 þús. Till. þessi er borin fram í samráði við fleiri þm., þó að það atvikaðist svo, að ég einn yrði flm. hennar. Eins og hv. þm. vita, var framlagið til félagsins hærra áður, og um nokkurt skeið 200 þús. kr. á ári. Samtímis því, að framlag er lækkað, bætast óhjákvæmileg útgjöld á félagið. Starfsemi þess og búnaðarsambandanna eykst, því að verkefnin fara alltaf sívaxandi með auknum vandamálum landbúnaðarins og fjölgandi möguleikum. Sú aukning tekur ekki aðeins til sveitanna, heldur vaxa engu síður búnaðarfélagsstörf í nágrenni kaupstaðanna, þar sem ræktun og mælingar, sem henni þurfa að fylgja, hafa aukizt mjög síðustu árin. Einnig hafa búnaðarfélögin aukið mjög tilraunastarfsemi sína, og nú er í undirbúningi stórfelld aukning og skipulagning, sem auðvitað krefst meiri fjár. Þar sem svo miklu fé er varið til að styrkja framkvæmdir, er koma mættu landbúnaðinum að beinu eða óbeinu gagni, virðist sízt mega skera við neglur sér þau framlög, sem tryggja, að hitt komi að notum. Og það er öllum ljóst, að sú trygging fæst ekki nema með auknum tilraunum. Ræktunarframkvæmdir landsmanna síðustu hundrað árin eru ekki aðeins því að þakka, að styrkir hafa verið veittir til þeirra, heldur hafa verið teknar upp nýjar aðferðir, sem menn hafa lært fyrir tilraunir. En þó sést það æ og æ betur, hversu þeim tilraunum er í rauninni skammt komið og bráðnauðsynlegt að auka þær. Vegna þessa er Búnaðarfélagi Íslands alveg sérstök nauðsyn á að fá aukið framlag frá ríkinu.

Búnaðarfélagið hefir ráðizt í það í fullu samráði við landbúnaðarráðuneytið að gefa út búnaðarblaðið Frey. Og því var í upphafi lofað af hæstv. landbrh. að veita til þess þann styrk, sem þyrfti. En nú er til kom, hefir hann ekki talið sér skylt að greiða styrkinn. Því hefir orðið

stór halli á útgáfunni. Búnaðarfélagið má ekki við því að taka fé frá öðrum þörfum upp í hallann. Og þar sem allir skynbærir menn eru sammála um, að Freyr sé til ómetanlegs gagns, ætti hvorki að þurfa til þessa að koma né hins, að leggja ritið niður.

Auk þessa er það vitað, að stjórn Búnaðarfélagsins hefir látið gefa út sögu félagsins í tveim bindum í tilefni af 100 ára afmæli þess. Ritið er stórmerk heimild. En það kostar félagið kringum 27 þús. kr. og veldur því miklum erfiðleikum þetta ár og lengur. En þar sem þess er væntanlega heila öld að bíða, að til þvílíkrar útgáfu komi aftur, er þess að vænta, að Alþingi telji ekki eftir styrk upp í kostnaðinn. Aðrar tillögur hafa að vísu verið fluttar um styrk vegna afmælisins. En sá styrkur mun ekki vera meira en til að standa straum af öðrum kostnaði, svo sem samanköllun búnaðarþings og öðru fleira, sem ekki varð hjá komizt í sambandi við afmælið.

Hv. 2. þm. Skagf. sýndi fram á það við 2. umr. fjárl., hver nauðsyn væri að hækkun styrksins. Ég vil því ekki auka þetta fleiri orðum. Vil aðeins vænta þeirrar sanngirni, að styrkurinn verði ekki gerður lægri en hann var, meðan heildarupphæð fjárl. var miklu lægri en nú, — þar sem réttmætt væri, að hann hefði hækkað í hlutfalli við hana.

Ísleifur Högnason: Ég vildi ræða um nokkrar brtt. á þskj. 428. Fyrst er það IV. liður, við 15. gr. 24., um 600 kr. til Leikfélags Vestmannaeyinga, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi frá Vestmannaeyjakaupstað. Ég sé, að leikfélög í öllum helztu bæjum landsins fá styrk til starfsemi sinnar. Félagið í Vestmannaeyjum hélt uppi leikstarfsemi allan síðasta vetur. Og þótt ekki sé séð, hvort framlagið frá bæjarsjóði Vestmannaeyja verði greitt, vonast ég til þess, að Alþingi vilji efla þessa starfsemi í Vestmannaeyjum eins og í öðrum stærstu kaupstöðum landsins.

Annað er IX. liður, við 16. gr. 11, með leyfi hæstv. forseta: „Til að styrkja tilraunastarfsemi bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga í ýmsum verklegum framkvæmdum (þar af til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjabæ 25 þús. kr.) 75 þús. kr.“ Hv. þm. Borgf. minntist á það í ræðu sinni í dag, hverjir örðugleikar steðji að bæjum eins og Akranesi, þar sem ekki er gott neyzluvatn fyrir hendi. Í Vestmannaeyjum er svo sem ekkert vatn hægt að fá úr jörð, og mjög spillt það, sem er. Það nægir á engan hátt þörfum bæjarins. Alþingi hefir einu sinni veitt lítils háttar styrk til úrbóta. Féð fór að öllu leyti til sérfræðings, sem rannsakaði skilyrðin, en úr framkvæmdum hefir ekkert orðið ennþá. Ég ætlast til, að hv. Alþingi líti með sanngirni á þetta nauðsynjamál. Vitanlega er það hér um bil eins dæmi hér á landi, að ekki sé nóg vatn til. Vatnið, sem nú er notað í Vestmannaeyjum, er látið renna af húsþökum og getur orðið mjög óheilnæmt, gruggugt af göturyki og sóti, spillt í sumarhitum og raunar alveg óhæft drykkjarvatn.

Tilgangur þessa 75 þús. kr. liðs er í öðru lagi sá, að gerðar verði tilraunir í bæjum um hagnýtingu orkulinda. Sérstaklega vil ég nefna móvinnslu. Það er eðlilegt, að nú mæti það nokkrum skilningi, hver nauðsyn er að hagnýta orkulindirnar. — Hér hefir verið samþ. ábyrgðarheimild fyrir láni til rafveitu fyrir Akureyrarkaupstað, 2 millj. kr., sem ég var mjög fús að greiða atkvæði mitt, því að ég tel takmarkið vera að losa sem flesta af kaupstöðum landsins við hinn erlenda hitagjafa, kolin. Það er vitað, að hér í grennd er víða góður mór, en ekki gerðar tilraunir til að hagnýta hann, svo að neinu nemi. En það mætti verða til þess að spara mikinn innflutning kola.

Þá er XX. liður á sama þskj. um nýjan lið við 17. gr. 7, 10 þús. kr. til dagheimila og sumardagheimila fyrir börn, og er þannig fyrir mælt, að ráðh. úthluti styrknum til þeirra félaga, sem um hann sækja og sanna, að þau séu fær um að reka slík heimili. Flest dagheimilin og dvalarheimili, sem stofnuð hafa verið, eru rekin frá Reykjavík. Það hefir sýnt sig, að heimilin eru til ómetanlegs gagns og auka hreysti og þroska þeirra barna, sem annars ekki komast í sveit yfir sumarið.

Þá er það síðasta brtt. mín á þskj. 428, XXXVI. liður, við 22. gr. XIV, og vil ég lesa hana með leyfi hæstv. forseta:

„Að ábyrgjast fyrir félög útgerðarmanna, sjómanna eða bæjarfélög lán til kaupa á nýjum dieselmótorskipum, 75—150 smálesta, er séu útbúin þannig, að á þeim megi stunda allar algengustu fiskveiðiaðferðir hér við land. Ábyrgðina má veita fyrir allt að ⅔ kostnaðarverðs skipanna, gegn 1. veðrétti í þeim, og fari ábyrgðir á árinu 1938 eigi fram úr 700 þús. kr.“.

Á þessu þingi hefir verið lýst með ómildum og ófögrum litum ástandi sjávarútvegsins. Úrbótatillögur, sem fram eru bornar, eru — að undanskildum frv. og hótunum um gerræðislegar breytingar á rekstri síldarverksmiðjanna, til að svipta sjómenn hluta af verði aflans, og um vinnulöggjöf — mestmegnis tillögur um skattalétti, bygging nýrra verksmiðja til hagnýtingar á afla og möguleika til togarakaupa. Inn á hitt hefir of lítið verið komið, að bæta veiðiflotann þannig, að sem mestur afli fáist með viðráðanlegum stofnkostnaði útgerðar. Að mínu áliti eru togarar mjög óheppileg veiðiskip, eins og nú er málum komið. Í erlendum veiðiskipum hér við land eru langmest notaðar dieselvélar. Því fylgir sá höfuðkostur, að miklu minna lestarrúm fer undir olíuna en kolin, svo að skipið rúmar þeim mun meiri afla eða má vera þeim mun minna. Ég er sannfærður um, að það er eins óheppilegt og það er óeðlilegt að flytja kolin hingað 4—5 daga sigling til að knýja með þeim fiskiskip, sem kolanámuþjóðirnar sjálfar eru að gefast upp við að kynda með kolum. Enda getur afstaða okkar versnað margfalt frá því, sem nú er. Kolaþörf hvers togara nemur nálægt 2300 smálestum á ári að meðaltali, eða þörf þeirra allra h. u. b. 80 þús. smálestum á ári. Ef við gerum ráð fyrir, að það komi til Evrópustyrjaldar, getur kolaverðið orðið 300 kr. smálestin, eins og í síðasta stríði. Það gerir 24 millj. kr. útgjöld á ári á þessari

einu vörutegund til útgerðar. Og ekki nóg með það, heldur gæti orðið ógerningur að ná kolunum frá nágrannalöndunum. Aftur á móti mundi ef til vill vera hægt að flytja olíu og benzín í stórum tankskipum frá Ameríku.

Það hefir komið fram frv. hér á Alþingi í þá átt að reyna að byrja á endurnýjun togaraflotans með því að kaupa tvo nýja togara. Ég mun ekki mæla móti því, að sú leið verði reynd. En ef velja ætti milli dieselmótorskipa og togara, þá teldi ég dieselmótorskipin tvímælalaust hagkvæmari. Ef hagskýrslur eru athugaðar, sést, að dieselmótorskip 75—150 smálestir að stærð eru ekki til í íslenzka veiðiskipaflotanum. Skip, sem eru 75 smálestir, gætu hæglega flutt ísaðan fisk til Bretlands. Og vegna þess, hve miklu minna lestarrúm þyrfti fyrir eldsneyti, gæti slíkt skip flutt 1000—1200 vættir fiskjar, eða jafnmikið og togari er vanur að flytja. En hver túr togarans kostar kringum 800 pd. sterling, en hver túr dieselmótorskips kostar ekki nema 250—300 pd. sterling. — Samkv. skýrslum, sem sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefir birt opinberlega, hefir meðalafli á hvern togara á síldveiðum verið 15—16 þús. mál, en rekstrarhagnaður ekki nema rúmlega 8 þús. kr. En af rekstri mótorbáta á síldveiðum varð miklu meiri ágóði, þó að á þeim væru borguð allt að því tvöfalt hærri laun til sjómanna. Og bezt báru sig þau skipin, sem nálguðust þessa stærð, en þó var ekkert þeirra fyllilega af þeirri gerð, sem hér er lagt til að útvega.

Þá ætla ég að drepa á þær veiðiaðferðir, sem stunda má með þessum skipum. Á þessum skipum er hægt að stunda allar veiðiaðferðir, síldveiðar með herpinót og reknetum og þorskveiðar með netum og lóð, og einnig til botnvörpuveiða. Það hafa að vísu ekki verið gerðar hér miklar tilraunir með veiðar á mótorskipum með léttri botnvörpu. En slíkar tilraunir hafa verið gerðar í stórum stíl í Bandaríkjunum og gefizt vel. Slík skip má hafa til veiða allan ársins hring, og auk þess geta þau flutt fiskinn milli landa. Mótorbátarnir eru of litlir til að vera verulega arðbærir.

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda gerði líka áætlun um rekstur vélbáta við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, og gaf út skýrslu, sem sýndi rekstrarafkomu vélbáta á þessum stöðum tvö til þrjú síðustu árin. En mynd sú, er skýrslan gefur, er ekki rétt. Þar er ekki tekið meðaltal, heldur eru teknir bátar, sem höfðu sérstaklega slæma rekstrarafkomu. Auk þess verður að taka tillit til þess, að afli hefir brugðizt tvö síðustu árin hér á suðvesturlandi. En viðhald og endurnýjun mótorbátaflotans er miklu betri en togaraflotans. Stöðugt bætast við nýir mótorbátar, en engir nýir togarar. Gert er ráð fyrir, að togararnir, sem kaupa á í tilraunaskyni, eigi að kosta 700—800 þús. kr. En verð diesel-mótorskipa, eins og þeirra sem ég hefi lýst, er aðeins ca. 100000 kr., sé sætt beztu kjörum. Atvinnu á einum togara fá ekki nema 35—40 manns, en á mótorskip, eins og þau, sem ég hefi lýst, þarf alltaf 20 sjómenn á hvert, atvinnuaukningin mundi nema 200 sjómönnum. Þess má einnig geta, að togara yrði að kaupa frá erlendum skipasmíðastöðvum. Mótorskipin mætti smíða hér heima. Enginn efi er á því, að ef samið er um tíu skip í einu, má fá verðið svo niður, að það muni ekki miklu, hvort skipin séu smíðuð hér eða erlendis. Atvinnuaukning af smíði skipanna hér heima mundi verða svo hundruðum þúsunda króna skipti.

Þessi tillaga um viðreisn sjávarútvegsins er seint fram komin, en það er vegna þess, að rannsókn á skilyrðum slíks veiðiflota stendur enn yfir. Áhætta ríkissjóðs af þessari ábyrgðarheimild yrði ekki mikil, þar sem ríkissjóður á að fá 1. veðrétt í skipunum. Og hv. alþm. ættu að hugsa sig um tvisvar áður en þeir leggjast á móti tillögu sem þessari.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Viðvíkjandi brtt. á þskj. 428, frá hv. 4. þm. Reykv., við 16. gr., vil ég minna á þingsályktun, sem samþ. var á haustþinginu 1933 og er svo hljóðandi:

„Alþingi ákveður að leggja til sundhallarbyggingar Reykjavíkurbæjar 100000 kr. á árinu 1934, enda verði verkinu haldið áfram með hæfilegum hraða og því lokið svo fljótt, sem unnt er. Ennfremur ákveður Alþingi að leggja til viðbótar það, sem á vantar, til þess að framlag ríkissjóðs samsvari ⅔ alls kostnaðarins, eigi síðar en tveim árum eftir að verkinu er lokið. Að öðru leyti haldast skilyrði þau frá landsins hálfu, sem sett eru í lögum um sundhöll í Reykjavík, nr. 32 7. maí 1928".

Í tilefni af þessari þál. frá 1933 og bréfaviðskiptum, sem fram hafa farið milli ráðuneytisins og borgarstjóraskrifstofunnar í Reykjavík, get ég lýst því yfir, að ríkistj. telur sig bundna til að greiða ⅔ hluta af stofnkostnaði sundhallarinnar fyrir tilskilinn tíma í þessari þingsályktunartillögu, ef skilyrði laganna frá 1928 verða haldin.

Eftir að þessar upplýsingar eru komnar fram, vænti ég þess, að hv. 4. þm. Reykv. taki till. sína aftur. Ástæðan er sú, að þó að ríkisstj. sé ljóst, að þessi skylda hvílir á henni, vildi hún geta valið gjalddaga fjárins sjálf innan þeirra tveggja ára, sem tilskilin eru. Því vildi ég síður hafa greiðsluna bundna á fjárlögum nú.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég á eina brtt. á þskj. 427, við 14. gr., og er það nýr liður, 1000 kr. og 500 kr. til vara, til Friðgeirs Grímssonar, til þess að nema útreikning og tilbúning véla. Eins og hv. þm. vita, hefir á síðari árum verið gert allmikið til að bæta skilyrði iðnaðarins í landinu. Leiðir þá af sjálfu sér, að brátt verður skortur á hæfum mönnum til að taka að sér ýms störf í sambandi við aukningu iðnaðarins. Þessi maður, sem hér er nefndur, er mjög duglegur og hefir ágæt meðmæli frá forstjóra iðnskólans, og þar lauk hann námi með góðri 1. einkunn. Síðan fór hann í vélstjóraskólann í Reykjavík og lauk þar prófi með hárri 1. einkunn. Hann hefir einnig tekið sveinspróf í járnsmíði með góðum vitnisburði. Friðgeir hefir nú hugsað sér að sigla til Þýzkalands, og hefir fengið upptöku á góðan iðnskóla þar í landi. Er það þriggja vetra skóli. En vissa er fengin fyrir því, að hann kemst í annan bekk skólans

nú þegar, og ætti því að geta lokið námi á tveimur árum. Styrkbeiðnin kom seint til þingins, því að hlutaðeigandi var bundinn við atvinnu sína — hann er annar vélstjóri á togaranum „Garðar“ í Hafnarfirði. Gat hann því ekki undirbúið umsókn sína fyrr en störfum fjvn. var lokið, og gat nefndin því ekki tekið afstöðu til umsóknarinnar. En ég vona, að hv. fjvn. og eins aðrir hv. þdm. taki vel undir þessa beiðni og minnist þess, að þetta er bláfátækur maður, sem þarf að kosta sig til tveggja ára náms erlendis. Þetta er eina brtt., sem ég ber fram við fjárlögin að þessu sinni, og vænti ég þess, að henni verði vel tekið.

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég vildi gera smávegis athugasemd við brtt. á þskj. 422. Þar er farið fram á að hækka á 13. gr. b. 2. úr 76 þús. kr. upp í 80 þús. kr. — Hv. frsm. n. skýrði þessa hækkun á þá leið, að þarna ætti að veita 3000 kr. til flóabáts á Skagafirði. Er ætlazt til, að sá bátur taki nokkurn hluta af þeim ferðum, sem Norðurlandsbáturinn hefir haft undanfarin ár. En Norðurlandsbáturinn hefir gengið milli Selvíkur í Skaga og til Skála á Langanesi. Undanfarin ár hefir hann haft til þess 13 þús. kr. styrk. En félagið, sem heldur bátnum úti, hefir borið sig upp undan því, að fjárhagur þess væri svo lélegur, að það sæi sér ekki fært að halda ferðunum áfram með sama styrk. Samvinnunefnd samgöngumálanna hefir litið svo á, að með því að taka Skagafjörð undan sé félagið vel haldið með sínar 13 þús. kr., og það þótt „rútan“ sé um leið lengd til Seyðisfjarðar. Nú virðist mér það liggja í augum uppi, að það er ekki létt á félaginu með því að losa það við ferðirnar milli Siglufjarðar og Selvíkur og taka svo kaflann frá Skálum á Langanesi til Seyðisfjarðar í staðinn. Ég get ekki unað við þessa afgreiðslu málsins og mun flytja brtt. þar að lútandi.

Þá vil ég minnast á brtt., sem ég á á þskj. 428, um styrk til Leikfélags Akureyrar. Leikfélagið sótti um 3000 kr. styrk, en umsókn þess hefir ekki fundið náð fyrir augum hv. fjvn. Ég hefi leyft mér að leggja til, að styrkurinn til leikfélagsins verði hækkaður upp í 1500 kr. Leikfélag Akureyrar er gömul stofnun, hefir starfað yfir 20 ár, og hefir notið 500—1000 kr. styrks frá Alþ. árlega. En starfsemin er alltaf rekin með halla. Samt hefir leikfélagið viðað að sér góðum kröftum og tekið sér erfið viðfangsefni. Mér finnst till. mín um styrk til félagsins sanngjörn, ef athugað er til samanburðar, að Leikfélag Reykjavíkur fær alltaf ríflegan styrk.

Á sama þskj. hefi ég borið fram brtt. um að hækka styrk til Braga Steingrímssonar dýralæknis upp í 2400 kr. Bragi Steingrímsson er ágætur dýralæknir með próf frá Hannover, og er hann eini lærði dýralæknirinn hér á landi, sem ekki hefir fasta stöðu, og á hann því skiljanlega erfiðara með að hafa ofan af fyrir sér. Tvö undanfarin ár hefir hann fengið leyfi til að skoða kjöt á Blönduósi, en nú hefir honum verið tilkynnt, að fyrir það verði tekið. Mér finnst því ekki hægt að skoða það sem neina ósanngirni, þó að farið sé fram á 2400 kr. styrk til hans.

Á sama þskj. flyt ég brtt. merkta XXXIII, um að greiða Steingrími Jónssyni, fyrrv. bæjarfógeta á Akureyri, 6000 kr. uppbót á skrifstofukostnaði. Tilmæli um þetta sama hafa áður verið borin fram hér á Alþ., en ekki sinnt. Hafa þó verið lögð fram full skilríki fyrir því, að Steingrímur Jónsson hefir orðið að leggja fram úr eigin vasa stórfé til skrifstofuhalds, og er það því fyllsta sanngirniskrafa, að honum verði endurgreiddur nokkur hluti þess.

Þá á ég brtt. við 15. gr., og er hún um styrk til Jóns Norðfjörðs leikara upp í námskostnað hans erlendis, 700 kr. Jón Norðfjörð er landskunnur sem efnilegur leikari, og stundaði hann nám í fyrra á konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn og einnig í Svíþjóð, og fékk ágæt meðmæli frá kennurum sínum. Leiknámið stundaði Jón Norðfjörð í 10 mánuði og hafði til þess dálítinn styrk frá forsætisráðherra Dana, og mun hann einnig hafa farið með hálfgerð loforð frá flokksmönnum sínum hér, jafnaðarmönnum, um að þeir útveguðu honum þingstyrk. Ég vona því, að vel verði tekið undir þetta hér. Það er í raun og veru eðlilegra, að hann fengi einhverja úrlausn, þar sem hann hefir lokið þessu námi með ágætis meðmælum frá þeim, sem honum hafa kennt, heldur en þó tekin væri upp ný fjárbeiðni til manna, sem vilja leggja af stað í slíka leiðangra.

Að síðustu vil ég leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir, að hún hefir séð sér fært að taka upp ábyrgð fyrir Akureyrarkaupstað vegna tunnusmíði. Þessi ábyrgðarheimild hefir verið í fjárl. undanfarið, og þó að Akureyri þurfi ekki á þessari ábyrgð að halda sem stendur, þá óskar bærinn eftir því að geta haft hana ef nauðsyn krefur. Vegna þess að tunnusmíðin er stórfelld atvinnubótavinna og framleiðsla, sem ekki má trufla undir neinum kringumstæðum, þá óskaði ég eftir því og færði það í tal við hæstv. fjmrh., hvort ekki væri hægt að taka upp þessa heimild, og ég sé hér á þskj. 437, að hv. fjvn. hefir orðið við þessum tilmælum, og er ég henni mjög þakklátur fyrir.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Mér hefir farið sem mörgum öðrum, að verða að flytja ýmsar brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, og skal ég í stuttu máli lýsa ástæðunni. Ég vil fyrst minnast á það, að samkv. tilmælum hafnarnefndar Vestmannaeyja flyt ég till. til þál. um það, að fá viðbótarframlag til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn, og var það miðað við þær framkvæmdir, sem unnar voru á síðastl. sumri, og þær framkvæmdir, sem vinna þarf á næstk. sumri. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að á þinginu 1935 fórum við fram á samskonar styrk til dýpkunar hafnarinnar og til að byggja stórskipabryggju, og var hann áætlaður með tilliti til þess, er þurfti að vinna árið 1936, um 120 þús. kr. Alþ. og ríkisstj. sáu sér ekki fært að veita þennan styrk öðruvísi en svo, að hann kæmi til útborgunar á 4 næstu árum, þ. e. til ársins 1939, 30000 kr. á ári. En okkur tókst með aðstoð banka, Brunabótafé-

lags Íslands og Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja að fá lánað hjá þessum aðiljum það fé, sem nauðsynlegt var til viðbótar við framlag ríkisins árið 1936, svo að hægt væri að vinna samkv. áætlun það ár. Svo var nauðsynlegt að vinna áfram sumarið sem leið, og eins og ég hefi áður sagt, er verkinu ekki lokið, heldur má ætla, að ef tekst að halda í horfinu þessari dýpkunarvinnu á næsta sumri, þá mundi höfnin verða orðin ekki aðeins hættulaus fyrir vélbátaflotann, heldur líka aðgengileg fyrir 15—16 tonna flutningaskip, og þegar það tekst, er viðhorfið orðið ákaflega mikið breytt til batnaðar frá því, sem áður var. Ég held, að ég hafi getið þess, þegar ég flutti þáltill., að smíði stórskipabryggjunnar hafi tekizt prýðilega vel. Það fer ákaflega vel um skipin, þegar þau eru lögzt við hana. Eins hefir dýpkunin gengið ákaflega vel. Dýpkunarskipið hefir reynzt þing. Þetta er ákaflega mikið verk, það hefir tekið langan tíma, gengið hægt og seint, en síðan Íslendingar sjálfir fengu yfirstjórn verksins í sínar hendur, starfsmenn vitamálaskrifstofunnar og sérstaklega Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur, hefir ekkert mistekizt af því, sem ráðizt hefir verið í, heldur hefir verkinu miðað jafnt og þétt áfram, og svo er enn. Ég hafði að vísu farið fram á það við hv. fjvn., að hún veitti beinlínis aukafjárveitingu til þess að tryggja, að unnið verði næsta sumar. Hv. n. hefir að miklu leyti orðið við tilmælum okkar Vestmannaeyinga, en þó á nokkuð annan veg en ég fór fram á, sem sé með því að fjölga þeim 30000 kr. tillögum, sem áttu að borgast á 4 árum, og bæta við 5. árinu. Þó að þetta sé ekki heppilegasta lausnin á málinu, þá skil ég ástæður hv. n., sem sé að hún getur ekki beinlínis tekið þetta upp sem hækkun á fjárl., heldur hefir hún það í þessu formi, en ég er þakklátur hv. n. fyrir það, sem hún hefir gert, og ég vona, að það verði til þess, að þessu mjög svo nauðsynlega verki, dýpkun Vestmannaeyjahafnar, verði haldið áfram á næsta sumri á sama hátt og áður, þannig að við getum aflað okkur fjár út á þann ríkisstyrk, sem veittur er með þessum lið, á sama hátt og við gerðum 1936. Vestmannaeyjar eru allt með höfninni. Þar er blómlegt í venjulegu árferði, en án hafnarinnar er búskapurinn lítilfjörlegur, og miðað við þann fjölda skipa, sem þaðan ganga, er svo að segja ómögulegt að komast af án góðrar hafnar, en hana á bærinn fyrir þrautseigju íbúa Vestmannaeyja og góðan tilstyrk stjórnarvaldanna og Alþ. síðan 1931, en þá var fyrst flutt frv. til hafnarl. fyrir Vestmannaeyjar. Nú geta öll smærri skip siglt inn höfnina, lagzt upp að stórskipabryggjunni og fengið sig þar afgr., í stað þess að áður urðu menn að afgreiða jafnvel minnstu skip fyrir opnu hafi, annaðhvort á ytri höfninni eða á Eiðinu.

Ég sé, að hv. n. hefir lækkað framlagið til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum eftir sömu hundraðstölu og hún hefir lækkað framlög til annara vega síðan 2. umr. fjárl. fór fram, og tjáir eftir atvikum ekki um það að sakast, þó að ég hefði kosið, að þessi styrkur hefði verið nokkru meiri en hann er.

Ég hafði sent hv. n. þó nokkur fleiri erindi, sem ég hefi ekki fengið svar við, en það er í tilefni af því, að ég hefi séð mig tilneyddan að bera fram nokkrar brtt. Skal ég fyrst minna á brtt. á þskj. 428, XVII, um launauppbót til fiskiyfirmatsmannsins í Vestmannaeyjum, að upphæð 1000 kr. og til vara 800 kr. Þessi maður, sem heitir Jón Sverrisson, hefir starfað þar alllangt árabil, síðan 1922, og ávallt unnið fyrir lægri laun en aðrir fiskimatsmenn. Ástæðan fyrir því er sú, að í upphafi voru laun hans ákveðin 700 kr. lægri en annara fiskimatsmanna, því að mönnum taldist svo til, að fiskimatsmaður á slíkum stað hefði ekki eins mikið að starfa eins og þeir, sem hafa stærri umdæmi. Þá til að byrja með hafði þessi maður 1800 kr., en síðan hefir aðstaðan breytzt mjög mikið. Þegar hann tók við sínu starfi, fór matið fram hjá nokkrum kaupfélögum eða stórverzlunum. Það var samtals á 8 stöðum í Vestmannaeyjum, sem þá þurfti að hafa eftirlit með undirmatsmönnum. En þegar fisksölusamlagið var stofnað, hættu menn að leggja fiskinn inn hjá kaupmönnum eða kaupfélögum, og er nú metið hjá hverjum einstökum útvegsbónda fyrir sig, þannig að nú verður fiskiyfirmatsmaðurinn að hafa eftirlit með mati, ekki á 8 stöðum, heldur á rúmlega 100 stöðum. Þetta sýnir bezt, hvað starf hans hefir aukizt, því að það vita allir, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að störf fiskimatsmannsins eru ekki mest vegna þess, hvort miklu eða litlu er afskipað frá einum stað, heldur hvað staðirnir eru margir, því að það þarf sama eftirlit og svo að segja sömu handtök við matið hjá einum smáfiskeiganda eins og hjá hinum stóra. Svo er annað, sem hefir komið til greina eftir að laun yfirfiskimatsmannsins voru ákveðin, og það er útflutningur á ísuðum fiski. Hann var í fyrstunni eftirlitslaus af hálfu yfirmatsmannsins, en nú hefir því verið breytt þannig, að hann á líka að hafa eftirlit með sendingu á ísuðum fiski, og ég held, að ég hafi heyrt, að búið sé að flytja frá Vestmannaeyjum 14000 kassa af ísuðum fiski. Það gefur dálitla hugmynd um hið aukna starf yfirfiskimatsmannsins. Nú er þess að gæta, að það er ekki svo að skilja, að ísfisksendingarnar séu stórar og gangi fljótt fyrir sig, heldur eru sendingarnar litlar, nokkur hundruð kassar með svo að segja hverju einasta skipi, sem fer til útlanda. Allar þessar sendingar þarf að „kontrollera“, undirskrifa farmskírteini og því um líkt. En það er samt ekki enn upp talin sú aukning, sem orðið hefir á verkahring yfirfiskimatsmannsins í Vestmannaeyjum, því að síðan viðskipti hófust við Suður-Ameríku og farið var að senda fisk þangað í kössum eða sérstökum umbúðum, hefir starf hans aukizt stórkostlega. Þegar 500—600 kassar eru sendir, fara 10—12 sett af hleðsluskírteinum, vegna þess að hver móttakandi tekur svo lítið í einu. Allt þetta eykur mjög mikið starf þessa manns, og það er engin sanngirni, að hann hafi lengur verri laun en hinir fiskimatsmennirnir. Ég veit, að hann hefir skrifað atvinnumálaráðuneytinu um þetta, og eins hefir yfirmatsstjóri landsins, Sveinn Árnason, sent ráðuneytinu umsögn sína,

og þar ber að sama brunni; hann telur, að fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum hafi svo mikil störf, að þau séu sízt minni en hjá öðrum fiskimatsmönnum. Hæstv. atvmrh. hefir kynnt sér þetta mál og hefir persónulega látið í ljós við mig þá skoðun sína, að laun þessa manns ættu að vera jöfn launum annara fiskimatsmanna, og mér er kunnugt um, að hæstv. atvmrh. hefir einmitt talað um þetta við hv. form. fjvn. Ég verð því að vona, að það verði tekið tillit til þessa af hv. n., vegna þess að hér er um að ræða starfsmann í þjónustu ríkisins, sem árum saman hefir setið við lægri kjör heldur en aðrir, og þó að full þörf hefði verið á því, að honum væri bætt upp fyrir þau 3 ár, sem vitað er, að hann hefir verið settur hjá, ef svo mætti segja, og það fór ég fram á við 2. umr. fjárl., en tók þá till. aftur, þá hefi ég í þetta sinn ekki farið fram á, að honum væri bætt upp meira en sem svarar þeirri viðbót, sem snertir laun hans árið 1938, að viðbættri áætlaðri dýrtíðaruppbót. Ég fer fram á, að uppbótin á launum hans, sem nú eru 3300 kr., verði ákveðin 1000 kr. á árinu 1938, og ef Alþ. getur ekki fellt sig við það, þá a. m. k. 800 kr. Með þessu hefi ég gert það, sem í mínu valdi stendur, til þess að leiðrétta það misrétti, sem hér er um að ræða, og ég ætla ekki að kenna neinum sérstökum manni um, en það er viðburðarásin, sem hefir gert það að verkum, að þessi maður hefir verið beittur misrétti. Nú liggur það í valdi Alþ. að leiðrétta það, og þar sem hæstv. atvmrh. hefir beinlínis samþ. þetta og lofað stuðningi sínum til þess, þá treysti ég því, að allir hv. þm. muni líka fylgja þessu máli.

Þá á ég brtt. á sama þskj. undir XIX, um að veita upp í kostnað við tilraunir til þess að afla neyzluvatns fyrir Vestmannaeyjar 6000 kr. og 5000 kr. til vara. Ég skal geta þess, að undir IX á þessu sama þskj. er till. frá kommúnistunum 3 um hærri upphæð til Vestmannaeyja í þessu skyni, og ég skal líka játa, að 6000 kr. er ekki nægileg upphæð til þessara rannsókna, svo að ég mundi sízt hafa á móti því, að sú till., sem flutt er af hv. 5. landsk. og félögum hans og kemur til atkvæða á undan minni till., yrði samþ., en ég vogaði ekki að fara fram á hærri upphæð en 6000 kr., eða jafnvel 5000 kr. á þessu stigi málsins. Mér er ljóst, að tilraunir til að afla neyzluvatns geta tekið nokkurn tíma, og það þarf mikinn undirbúning og rannsókn til þess að það fari vel úr hendi. Það mætti segja, að mín till. væri nokkurskonar varatill. við till. þeirra þremenninganna, sem ég vissi ekki um, þegar ég sendi þessa till., en með því að mér var falið af bæjarstj. Vestmannaeyja að gera þetta, þá taldi ég rétt að láta það ekki falla niður við umr. um fjárl.

Þá hefi ég á sama þskj. undir XXXV farið fram á, að hæstv. ríkisstj. heimili að endurgreiða hafnarsjóði Vestmannaeyja aðflutningsgjald af járni til hafnarmannvirkjanna. Eins og nærri má geta, er erfitt að vinna að hafnarmannvirkjum á þann hátt að verða að taka fé að láni út á ríkisstyrk jafnvel mörgum árum fyrir fram. Árið 1936 var keypt mikið af járni til þess að hafa í járnvegg, en það eru sverir járnbjálkar, sem reknir eru niður með þar til gerðum tækjum, eins og öflugur vörður utan um uppfyllingu stórskipabryggjunnar. Þetta járn kostaði um 80000 kr., og tollurinn af því til ríkissjóðs er sú upphæð, sem hér er nefnd. Með tilliti til þess, hvað allt þetta verk er kostnaðarsamt, og ekki sízt með tilliti til þess, hvað há vörugjöld verður að leggja á okkur Vestmannaeyinga og hafnargjöld af bátum okkar, til þess að standa undir hafnarmannvirkjunum, þá væri mjög sanngjarnt, að ríkið gengi ekki í fyllsta mæli eftir slíkum gjöldum eins og aðflutningsgjaldi af þessu járni. Vörugjald af þeim vörum, sem fluttar eru um höfnina og renna í hafnarsjóð Vestmannaeyja, eru hærri en nokkursstaðar á landinu. Eins er um legugjöld fyrir vélbáta okkar, sem eru miklu hærri en nokkursstaðar annarsstaðar hér á landi. Það er ekki skemmtilegt að verða að segja þetta, en það er nú einu sinni svo, að hafnarmannvirkið er að sjálfsögðu ákaflega dýrt, en á hinn bóginn í fyllsta máta nauðsynlegt, og það er það, sem réttlætir þessi háu gjöld, sem við Vestmannaeyingar leggjum á okkar atvinnurekstur til þess að reyna að fleyta áfram hafnarmannvirkjunum í heild sinni. Þessi till., sem ég minntist á síðast, er við 22. gr. fjárl., um heimild handa hæstv. ríkisstj. í þessu efni, sem mér er mjög kærkomið, að Alþ. vilji samþ.

Þá höfum við hv. 5. landsk. og ég flutt saman till. vegna Bjarna Guðjónssonar myndskera, sem búsettur er í Vestmannaeyjum, en ættaður úr Skaftafellssýslu. Þessi ungi maður er búinn að vera nokkur ár í Eyjum og þykir frábær listamaður í myndskurði. Hann hefir leitað til Alþ., og við hv. 5. landsk. höfum komið erindi hans á framfæri, sem gekk í þá átt, að hann fengi nokkurn fjárstyrk til þess að fara utan og fullkomna sig í myndskurði. Ég held, að hv. fjvn.menn hafi haft tækifæri til þess að sannfæra sig um, að þessi maður er frábærilega listfengur, af verkum hans, sem hann kom með á öndverðu þessu þingi. Þessi Skaftfellingur virðist hafa einstaka hæfileika í myndskurði og er að öðru leyti myndarlegur og reglusamur maður, og ég efast ekki um, að ef hann ætti kost á að afla sér fullkominnar menntunar í sinni grein, sem hann virðist hafa mjög mikla náttúrugáfu til, þá gæti hann orðið mjög framarlega í þessari list. Við höfum farið fram á, að hann fengi 1800 kr., og til vara 1500 kr. Minna þýðir varla að nefna, ef það ætti að verða honum að nokkru gagni.

Ég held, að ég hafi þá minnzt á þær brtt., sem ég er við riðinn.

Það gladdi mig að sjá brtt. frá hv. 5. landsk. á þskj. 428, um lítilsháttar styrkveitingu til leikfélags Vestmannaeyja. Það hefir starfað af og til mörg undanfarin ár, en ég hefi samt ekki talið, sérstaklega vegna húsnæðisins, að það væri hægt beinlínis að telja það svo fullkomið, að það ætti styrk skilið, þó að ég efist um, að sum félög annarsstaðar á landinu hafi öllu betri kröftum á að skipa heldur en leikfélagið hafði a. m. k. um skeið. En ég varð fyrir vonbrigðum, þegar ég

heyrði hv. þm. tala fyrir sinni till. og leiðrétti, að hann ætti ekki við Leikfélag Vestmannaeyja, heldur nýtt leikfélag, sem kallað er Leikfélag Vestmannaeyinga og hefir ekki þeim beztu leikkröftum á að skipa, sem til eru á staðnum.

Í sambandi við ræðu hv. 5. landsk. verð ég að segja það, að ég er honum ekki samþ. í því, að þegar útvegsmenn gáfu skýrslu um afkomu báta, hafi nokkuð verið seilzt til þess að velja báta, sem höfðu slæma rekstrarafkomu. Annars hefi ég ekki lagt þetta á vogarskálar, en svo mikið get ég sagt, að það er áreiðanlega fjöldi báta, sem hefir haft miklu verri afkomu en þeir bátar, sem ég hefi skýrslu yfir frá Vestmannaeyjum. Annað mál er það, að um meðaltalsútkomu alls útvegsins var ekki frekar að ræða en annarsstaðar; til þess þurfti lengri tíma en n. útvegsmannanna hafði til umráða. En ég held, að þessi orð, sem gætu orðið útvegsmönnum í Vestmannaeyjum til tjóns, ef einhver tæki mark á þeim, hafi frekar verið töluð af vangá en að hv. þm. hafi viljað með þeim vinna sveitungum sínum tjón.

Annars vita allir menn, og þarf enga skýrslusöfnun eða meðaltalsreikninga um allt land til að sýna fram á það, að útgerðarmenn hafa stórkostlega tapað og standa höllum fæti. Fyrst og fremst vita það allir, sem við þennan atvinnuveg eru riðnir, og ennfremur hefir stj. orðið vör við, að útvegurinn hefir þurft stuðnings við, *sérstaklega nú á þessum tímum, og stendur mjög* höllum fæti.

Ég get svo látið útrætt um þetta mál. Ég skal ekki fara að gera að umtalsefni margar aðrar till., en ég vil taka undir það, sem ýmsir hv. þm. hafa hér sagt, að þótt ég vilji ekki fara í mannjöfnuð um skáld og listamenn, þá virðist mér skáldið á Sandi sett hér á nokkuð lægri bekk hjá Alþingi heldur en slíkur maður á skilið. Ég vil taka undir þær raddir, sem fylgdu þeirri till., sem hér kom fram um að hækka dálítið styrkinn til Guðmundar skálds Friðjónssonar á Sandi. Þær bókmenntir, sem hann hefir lagt til íslenzks þjóðlífs, eru svo merkilegar og hollar að öllu leyti, að ég tel, að hann sé miklu hærra styrks verður en Alþingi hefir hingað til látið af hendi rakna til hans.

Þá er það aðeins ein brtt. hv. fjvn., sem ég vil stuttlega minnast á, en það er till. um fjárveitingu, sem á að nota til heimssýningar í New York. Till. hljóðar, að mig minnir, upp á eitthvað 62000 kr., og er það ekki nema hluti af því fé, sem búizt er við, að leggja þurfi fram til þátttöku Íslendinga í þessari sýningu, en búizt er við, að alls muni verða að leggja fram í þessu skyni um 250000 kr., þegar talið er, auk framlags ríkissjóðs, það fé, sem leggja á fram af bönkum og ýmsum stofnunum og félögum í landinu.

Ég veit nú ekki, hvort ég á að voga, þegar allir þeir, sem hér standa að, virðast vera á sama máli, að kritisera nokkuð svona ráðstöfun. En ef ég mætti voga það, þá vildi ég benda á, að það er ákaflega vafasamt, hvort það svarar kostnaði fyrir smáþjóðir eins og okkur að leggja svo mikið fé í að taka þátt í svo risavaxinni sýningu í Bandaríkjunum í eitt einasta skipti. Hversu miklar markaðsleitir og auglýsingar fyrir okkar vörur mætti ekki framkvæma víðsvegar um lönd fyrir ¼ millj. kr. Ég veit vel, að framlag ríkissjóðs á ekki að verða svona mikið, en ég tala um þá eyðslu, sem búizt er við, að lendi á landinu í heild vegna þessarar sýningar, og hvort fé kemur beint úr ríkissjóði eða frá atvinnuvegunum, skiptir ekki miklu máli. Það hafa verið haldnar ýmsar sýningar á ýmsum stöðum hér í álfu, sem menn hafa vakið máls á, að ef til vill væri rétt að taka þátt í, sem vitað er, að frændþjóðir okkar hafa tekið þátt í, t. d. heimssýningin í Brüssel, en menn hér á landi hafa verið tregir til að leggja fram fé í þessu skyni, og hefir þó ekki verið að ræða um líkt því eins gífurlegan tilkostnað eins og mér virðist liggja í loftinu, að verða muni í sambandi við þessa Ameríkuheimssýningu.

Ég skal ekki gera lítið úr þeim möguleikum til verzlunar við Bandaríkin, sem framundan kunna að vera fyrir okkur Íslendinga. Þó er ómögulegt að segja um það á augnablikinu, hversu *miklir þeir kunna að verða á næstu árum.* En það er bara þetta, sem mér hálfóar við, ef við eftir að hafa hleypt framhjá okkur mörgum sýningum, eigum nú að byrja með að taka þátt í svona risavaxinni sýningu í Vesturálfu, með gífurlegum framlögum miðað við fólksfjölda og getu landsins. Nú er vitað, að allt, sem Ameríka gerir í þessu efni sem öðrum, er í stórum stíl og *svo mikilfenglegt,* að það þarf náttúrlega voðaleg átök til að koma þarna fram svo að nokkuð beri á okkur. En ég efast um, að þótt við eyðum ¼ millj. í þessa sýningu, á þessum stað og í þessu umhverfi, þar sem allar stærstu þjóðir heimsins verða með stórar sýningarhallir, — ég efast um, að svari kostnaði fyrir okkur að vera að tildra okkur á þessum stað. Ég veit, að Norðmenn ætla á næstu kaupstefnu í Leipzig að hafa sýningu á sínum fiskafurðum, en sá tilkostnaður, sem þeir gera þar ráð fyrir, er ekki nema örlítill hundraðshluti af því, sem gert er ráð fyrir, að við Íslendingar eyðum í þessa einu sýningu.

Ég hefi ekki komið með brtt. við þessa till. hv. fjvn., því að ég tel það þýðingarlaust. Hæstv. stj. mun vera búin að gera sínar ákvarðanir og bankar og aðrar stærstu stofnanir landsins vera búnar að ríghinda sig við þessa sýningu. Ég held meira að segja, að búið sé að gera leigusamning um sýningarsvæði o. s. frv. Ég hefi því ekki komið með brtt., en vil bara varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki mundi vera heppilegra að taka þátt í kaupstefnum og auglýsa á annan hátt okkar vörur á fleiri stöðum heldur en að eyða þessari fjárupphæð í eina einustu þátttöku í heimssýningu í New York.

Ég gæti ef til vill síðar meir við umr. þessa máls gefið nákvæmar upplýsingar um, hvað kostar að taka þátt í kaupstefnunni í Leipzig. Ég hefi ekki þær tölur við hendina nú, en ég hefi séð umburðarbréf um þetta efni, og það voru ekki nema nokkur þús. kr., sem þar komu *til greina. Ég veit,* að það er ekki heimssýning, en það er kaupstefna, sem er svo almennt sótt, að þangað koma menn úr öllum hlutum veraldar til þess að skoða og kaupa vörur. Ég nefni kaupstefnuna í Leipzig aðeins sem dæmi, en ég veit

að annað veifið er alltaf kostur að taka þátt í sýningum hér í álfu í auglýsingaskyni og koma þar vörum sínum á framfæri við gífurlegan fjölda fólks.

Ég skal svo ekki frekar orðlengja um þetta mál. Ég held, að ég hafi minnzt á allt, sem ég hafði hugsað mér að taka fram í þessu sambandi. Þessar aths. að því er snertir brtt. þá, sem flutt hefir verið um fjárveitingu til þessarar heimssýningar, eru að vísu aðeins á víð og dreif, en ef umr. væru almennt um það mál, þá væri full ástæða til þess að benda með skýrari rökum en hér hafa fram komið á það, hvort svara muni kostnaði á þessum tímum að eyða svona miklu fé frá ríkinu og öðrum aðiljum í því skyni, sem hér er um að ræða.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Ég verð víst að neyðast til að tala yfir tómum stólunum. — Það eru nokkuð margar brtt., sem við kommúnistar flytjum hér við 3. umr. Flestar af þeim lágu fyrir við 2. umr., og var þá ýtarlega mælt fyrir þeim af flokksbróður mínum, hv. 5. þm. Reykv., og auk þess hefir hv. 5. landsk. mælt fyrir ýmsum af þessum brtt., sem við flytjum, svo að ég get haldið mér við þær, sem ekki hefir verið mælt fyrir hingað til.

Ég ætla þá fyrst að fara nokkrum orðum um till. okkar um aukið framlag til vegagerða.

Sú ráðsmennska hefir mjög verið ríkjandi í vegamálum landsins, að gera áætlanir um stóra vegi og leggja svo til þeirra á hverju ári smáframlög, svo að það hefir tekið óratíma að leggja þessa vegi. Við teljum slíka ráðsmennsku ófæra. Það fjármagn, sem þannig er lagt í vegi, liggur ónotað um langan tíma, og vegirnir grotna niður ónotaðir, samtímis því sem fjármagnið liggur óarðbært. Eitthvert bezta dæmið um þetta er Suðurlandsbrautin. Lengd hennar er áætluð rúmir 80 km. Lægsta áætlun um kostnað við lagningu þessa vegar er 1315 þús. kr. En þessi áætlun mun áreiðanlega vera allt of lág. Til þessa vegar hefir verið lagt á 2 árum, bæði með sérstöku framlagi í fjárl. og af atvinnubótafé og af Hafnarfjarðarbæ, samtals 195 þús. kr., og búnir munu vera alls um 17—18 km. af veginum. Það, sem eftir er, kostar eftir þessu 1315 þús. kr. Mundi þá taka 12 ár að leggja það, sem eftir er, með núv. framlagi, en allt að 16 ár, ef reiknað er með ríkisframlaginu einu saman; en kostnaðurinn er miklu meiri, og mundi verkið því taka meiri tíma en útreikningurinn sýnir.

Ef hægt væri að leggja til vegarins 150 þús. kr. árlega, mætti gera sér vonir um, að takast mætti að ljúka við hann á 8 árum, en á 6 árum með 200 þús. kr. árlegu framlagi. Ég sé, að hv. fjvn. hefir í sínum till. í raun og veru fallizt á þessa röksemd, því að hún leggur til, að auk framlags af benzínskatti verði lagt til vegarins af atvinnubótafé 150000 kr., en þar með er tekið burt framlag af atvinnubótafé til nýbýla, þ. e. a. s. að Síbería er þar með látin sigla sinn sjó. Þetta út af fyrir sig er vafalaust hyggileg ráðstöfun, að leggja svona stórt framlag í einu til vegarins, og vel má vera, að Síbería sé mislukkað fyrirtæki. Samt getum við ekki fallizt á þessa lausn málsins, vegna þess að hún felur ekki í sér það, sem við ætlumst til, auknar verklegar framkvæmdir og aukna atvinnu að sama skapi, heldur er hér aðeins um tilfærslu að ræða. Og ef Síbería er mislukkað fyrirtæki, þá er það okkar till., að því fé verði varið til annars, t. d. ræktunar á heppilegri stöðum.

Annað dæmi um þessa ráðsmennsku í vegamálum er Siglufjarðarskarð. Vegur sá, sem þar á að leggja, mun kosta á 3. hundr. þús. Og fyrst það er viðurkennt, að rétt sé að leggja þennan veg, hvaða meining er þá að vera að kótla til hans 10—15 þús. kr. á ári? Við leggjum til, að fjárveitingin verði hækkuð upp í 50 þús. kr., svo að hægt verði að ljúka við hann sem fyrst.

Þá leggjum við til, að lokið verði við Sogsveginn frá Þingvöllum til Kaldárhöfða, sem tengir saman Reykjavík og Suðurlandsundirlendið með nýrri línu. Samkv. áætlun vegamálastjóra mun það nema 106000 kr., að leggja þennan veg, svo að hann verði bílfær á sumrum, og er þá gert ráð fyrir, að 1,6 km. langur spotti verði ruddur austan við Miðfell. En til þess að ljúka við veginn til fulls, þannig að ekki verði um rudda kafla að ræða, svo að hann gæti orðið fær að vetrarlagi, þarf þá ca. 130000 kr. Við leggjum til, að það verði gert, og ríkið leggi fram til vegarins 100 þús. kr., en Reykjavíkurbær afganginn. Þessi vegur yrði vafalaust oft fær að vetrarlagi, þegar vegurinn yfir Hellisheiði er ófær. Hér er aðeins um örlítið haft að ræða, sem þarf að brúa, og þegar um svona mikla samgöngubót er að ræða, þarf ekki að eyða orðum að því, að ekkert vit er að ljúka ekki þessu verki.

Ég þarf ekki að fara út í að gera grein fyrir öðrum stórum till. okkar um verklegar framkvæmdir; það var gert ýtarlega við 2. umr. málsins, og fer ég því ekki að endurtaka það hér. Við leggjum til, að framlag til nýrra vita verði hækkað um 160 þús. kr., og lætur nærri, að það sé til byggingar 2 nýrra vita. Við 2. umr. voru teknir til tveir staðir, Þormóðssker og Meðallandssandur. Við höfum sleppt því hér, og tökum ekkert fram um, hvar nauðsynlegast sé að reisa nýja vita. Það getur verið deilumál, en um það viljum við ekki deila, heldur fara þar eftir till. kunnugustu manna. Hinsvegar vitum við, að brýn þörf er á nýjum vitum á mörgum stöðum á landinu, og þó ekki síður á þeirri atvinnuaukningu, sem slíkar byggingar hafa í för með sér.

Ein þýðingarmesta till. okkar er um ríkisábyrgð á lánum til kaupa á nýjum mótorskipum. Þetta er þýðingarmesta till. um atvinnuaukningu í landinu, en um hana þarf ég ekkert að segja, því að hv. 5. landsk. hefir haldið ýtarlega ræðu um það mál.

Þá er till. frá okkur um sérstakt framlag til fóðurbætiskaupa vegna óþurrkanna síðastl. sumar. Fyrir því máli hefi ég áður gert grein í sambandi við þáltill. um fóðurbætiskaup, svo að ég þarf ekki að fara nánar út í það nú.

Þá eru till. okkar um rannsókn á hagnýtingu raforku. Nú er mikið rætt og ritað um nauðsyn á fleiri atvinnugreinum á Íslandi, og enginn neitar þeirri nauðsyn, sem landsmönnum er á fjölbreyttara atvinnulífi. Þó er þar um alveg

sérstakt alvörumál að ræða fyrir einangraða þjóð eins og okkur, þar sem heimsástandið er svo, að enginn neitar því, að heimsstyrjöld getur verið yfirvofandi, og þá geta þeir tímar komið, að þjóðin verði neydd til að bjargast eingöngu við eigin framleiðslu, eða næstum því eingöngu. Í áliti og till. skipulagsn. í atvinnumálum er bent á ýmsa atvinnuvegi, sem til greina gætu komið, en víðast í þessum till. er niðurstaðan sú, að frekari rannsóknar þurfi við, áður en hægt sé að hefja framkvæmdir. Vöxtur raforkuvinnslu hlýtur að verða eitt aðalskilyrðið fyrir því, að hér geti risið upp iðnaður í stórum stíl, auk þess sem nauðsynlegt er, að haldið verði áfram á þeirri braut, að auka rafmagnsnotkun til ljósa, suðu og upphitunar, þar sem heita vatnið getur ekki komið til greina.

Þá eru hinir einstöku liðir í þessari brtt. okkar við 16. gr.

1. till. er um að athuga möguleika á því að reisa rafstöðvar og orkuveitur og framkvæma undirbúningsrannsóknir, 20000 kr. Vitanlega þarf fyrst og fremst að ljúka þeim rannsóknum, sem nú eru byrjaðar, um nýjar rafveitur. T. d. er nauðsynlegt í sambandi við virkjun Laxár að rannsaka möguleika á að leggja háspennulínu til Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, og ennfremur frá Ísafirði til Bolungavíkur og Suðureyrar og fleiri staða, sem er í samræmi við þáltill., sem hefir verið flutt hér. Ennfremur rafmagnsmál Neskaupstaðar, hvort hann á að fá rafmagn frá stöð á Eskifirði, og sömuleiðis á hvern hátt sé haganlegast að leggja rafmagn til Vestmannaeyja o. s. frv.

Þá er 2. liður brtt. við 16. gr., sem er um að veita 10 þús. kr. til að athuga möguleika á því að hagnýta raforku frá orkuveri við Sog til húsahitunar í Reykjavík og ef til vill víðar. Að okkar dómi er mikil nauðsyn á, að rannsókn fari fram á fjárhagshlið þess, að hita upp Reykjavíkurbæ með rafmagni frá Soginu, sérstaklega vegna þess, að það er ekki ennþá vitað, hvort heita vatnið á Reykjum nægir til þess, og þá þarf jafnframt að athuga, hvernig slíkri hitun yrði haganlegast fyrir komið, hvort ætti að hafa rafmagnsofna eða vatnsmiðstöðvar.

Þá er 3. till. við 16. gr., sem fer fram á 10 þús. kr. fjárveitingu til þess að athuga möguleika á því að virkja til raforkuvinnslu eitthvert stórt fallvatn í þeim tilgangi að framleiða svo ódýra orku, að hægt sé að hagnýta hana til stóriðnaðar, t. d. áburðarvinnslu. Það hefir ekki enn verið gengið úr skugga um, hversu ódýrt sé að framleiða raforku. Það er því brýn nauðsyn að láta fara fram fullnaðarrannsókn á því, hversu ódýra raforku er hægt að framleiða til stóriðnaðar eins og áburðarvinnslu.

Þá er 4. till., sem er um 15 þús. kr. framlag til skipulagðra vatnsrennslismælinga í fallvötnum, til þess að vinna úr þeim og gefa út skýrslur um þær. Þetta er nauðsynlegt fyrir okkur til þess að hægt sé að fá áreiðanlega vitneskju um vatnsrennsli í ám og fljótum, og hefir mjög mikla þýðingu fyrir væntanlegar virkjanir. En það er ekki nóg að láta vatnsrennslismælingarnar fara fram; það þarf líka að vinna úr þeim rannsóknum og gefa um þær skýrslur. Þá fyrst geta þær komið að gagni. Það hafa farið fram einstakar vatnsmælingar, en lítið úr þeim unnið og engar skýrslur gefnar út. Ef þetta á að geta komið að gagni, þá er ekki hægt að ætla til þess minna en 15 þús. kr.

Þá er 5. till., að veita 20 þús. kr. til hagnýtra jarðvegsrannsókna. Menn vita lítið, hvaða jarðarauðæfi hér eru, og sízt hvaða hagnýta þýðingu þau geta haft, svo sem leir og ef til vill málmar. Ýmsir einstaklingar hafa verið að fást við þetta af miklum áhuga, en litlum efnum. Þetta er auðvitað ófullnægjandi, og verður ekkert sagt með vissu, hvaða jarðarauðæfi Ísland hefir að geyma og hvaða hagnað megi af því hafa, fyrr en þetta hefir verið rannsakað, og ekki hægt að fá úr því skorið nema lagt sé í þann kostnað, að láta framkvæma rannsóknir á þessu sviði. Það er kominn tími til, að ríkið láti þetta mál raunverulega til sín taka, láti sem skjótast hefja rannsóknir og ráði til þess sérfróðan mann, sem annaðist þær, eins og hér er lagt til.

Ég ætla þá ekki að fjölyrða meira um þessar till., sem við flytjum. Ég held, að búið sé að gera grein fyrir hinum aðaltill., sem ég hefi ekki minnzt á.

En áður en ég lýk máli mínu, ætla ég aðeins að minnast á þær till., sem hér hafa verið fluttar af hv. þm. A.-Húnv. um lækkun á styrk til rithöfunda, sem eru pólitískir andstæðingar hans og hans flokks. Það er eftirtektarvert, að þessar lækkanir, sem hann ber fram á þeim Halldóri Kiljan Laxness, Guðmundi Hagalín og Þorbergi Þórðarsyni, snerta allar pólitíska andstæðinga hans og hans flokks. Hér er sem sagt smásálarskapurinn í algleymingi. Þó kastar fyrst tólfunum, þegar hann leggur til að lækka styrkinn við Halldór Kiljan Laxness um 3 þús. kr., og sagðist mundu hafa komið með till. um að taka styrkinn alveg af honum, ef hann hefði haft nokkra von um að fá þá till. samþ. Halldór mun vera einhver viðfrægasti Íslendingurinn, sem nú er uppi, ásamt Vilhjálmi Stefánssyni, og landi sínu meira til sóma en flestir aðrir núlifandi Íslendingar. Svo kemur hv. þm. A.-Húnv. og belgir sig upp eins og einhver bókmenntasérfræðingur og segir, að þessi styrkur sé svartasti bletturinn á fjárl. Og vegna hvers? Allt vegna þess, að Halldór hefir verið einhver djarfasti málsvari frjálsrar hugsunar gegn smásálarskapnum og kyrrstöðuhugsunarhættinum, sem hv. þm. A.-Húnv. virðist svo mjög haldinn af. Það væri gaman að bera þessa ræðu hv. þm. saman við þær ræður, sem haldnar voru á Alþingi á sínum tíma gegn Þorsteini Erlingssyni. Ég held, að þá mundi koma í ljós, að afturhald allra tíma er sjálfu sér líkt. Ég ber ekki neitt ótakmarkað traust til þessa þings, en svo mikið traust ber ég þó til Alþingis, að ég þykist þess fullviss, að till. hv. þm. A.-Húnv. á hér ekki miklu brautargengi að fagna.

*Garðar Þorsteinsson: Ég skal ekki tefja tímann mikið. — Ég á hér aðeins 2 brtt., og er önnur þeirra um, að veittar verði 10 þús. kr. til vegar fram Ólafsfjörð, sem tekur við af Lágheiðarvegi. Það er nú þegar búið að samþ., að þarna verði gerður bílfær vegur yfir Lágheiði

til Skagafjarðar, og nú er á fjárl. fjárveiting til að leggja veg hinumegin frá, frá Stiflunni. Ég hafði líka vænzt þess, að Ólafsfirðingar hefðu verið látnir njóta nokkurrar fjárhæðar á fjárl. til þessa vegar þeirra megin. Ég hygg, að þetta sé eini hreppurinn á landinu, sem engrar fjárhæðar á að njóta til vega. Þeir eiga fulla kröfu til að fá eitthvert fé til þess eins og aðrir, auk þess sem þetta þorp er þannig í sveit sett, að því er nauðsynlegt að fá veg vestur yfir í Stifluna. Ég vil þess vegna vænta þess, að þingið samþ. þessa upphæð.

Ég hefi einnig borið fram till. um 300 kr. styrk til Jóns Einarssonar í Rauðhúsum, til framfærslu fávita, sem hann hefir á framfæri. Þetta hefir verið á fjárl. 3 undanfarin ár. Ég vænti því, að Alþingi fari ekki að kippa að sér hendinni með þessa litlu fjárhæð. Ég skal geta þess, að nú er komin í fjárl. nokkur upphæð, 5 þús., sem á að verja til framfærslu fávita. Ég mun draga till. mína til baka, ef ég fæ að heyra góðar undirtektir um, að þessi maður fái af þessari upphæð með sérstöku tilliti til þess, að hann hefir fengið þessa upphæð áður beint úr ríkissjóði og samþ. á fjárl.

Um einstakar brtt. ætla ég ekki að tala; það gera þeir, sem þær flytja. Það er aðeins ein brtt., *sem ég vil mæla með.* Það er brtt. frá hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Ak. um aukinn styrk til báts fyrir Norðurlandi. Mér er kunnugt um, að þeir, sem hafa rekið þennan bát á undanförnum árum, hafa ekki fengið af honum þær tekjur, að hann hafi getað borgað sig þrátt fyrir þennan styrk, sem þeir hafa fengið frá Alþingi. Það er öllum þingheimi kunnugt af því bréfi, sem þeir hafa skrifað til Alþingis, að þeir hafa tekið á sig lengri ferðir en þeir eru skyldir til, með sérstöku tilliti til, hve slæmar samgöngur eru þarna, sérstaklega austur um. En það hefir reynzt svo, að beztu ferðirnar eru vestur um til Siglufjarðar, og svo er stutt leið til Hofsóss og Sauðárkróks. Ég vænti, að till. verði samþ.

***Magnús Jónsson:** Ég flyt hér 2 smábrtt. á þskj. 437 og vil aðeins mæla með þeim með nokkrum orðum. Þær standa báðar undir rómv. lið II. Sú fyrri er um það, að aftur verði upp tekin fjárveiting til útgáfu ársskýrslu hinnar ísl. þjóðkirkju, 500 kr. Þessi fjárveiting stóð um nokkur ár, og síðast var hún ekki notuð, að ég hygg, af því að erfitt var að koma skýrslunni út. Nú er aftur á móti gefið út mjög myndarlega tímarit af Prestafél. Íslands, og þar er gott tækifæri til að gefa út skýrsluna.

Það mun mörgum finnast einkennilegt, að svo stór stofnun sem þjóðkirkjan er skuli ekki gefa út skýrslu um starfsemi sína, en það verður ekki gert nema með fjárstyrk, svo að ég leyfi mér að fara fram á 500 kr. í þessu skyni.

Hin brtt. mín er við eina af brtt. fjvn. Hún er um að hækka um 2500 kr. það, sem hv. n. hefir áætlað, að verði veitt til viðgerðar á kvennaskólanum í Rvík, þannig að veittar verði alls 5000 kr., eins og farið er fram á í erindi skólanefndar. Auðvitað er það viðurkenningarvert, að hv. n. hefir að hálfu leyti orðið við umsókn skólan., en sá er gallinn, að þegar er búið að verja á 5. þús. kr. í þessu skyni. Það var sótt um þessa fjárhæð til síðasta þings. Aðgerðin var þá svo aðkallandi, að það varð að byrja á henni, og var varið til hennar kr. 4053.94. Það er mjög erfitt fyrir skólann að geta ekki fengið þann kostnað uppborinn, því að fjárhagur skólans hefir mjög þrengzt síðan Alþ. dró úr árlegum styrk til hans. Það var lengi, að veitt var sú fjárhæð, sem skólan. reiknaðist hinn árlegi kostnaður vera. Það var óhætt að því leyti, að skólinn hefir alltaf verið rekinn mjög gætilega fjárhagslega séð. Það hafa verið notaðir tímakennarar, sem eru mjög ódýrir, samanborið við fasta kennara. Um tíma var svo veitt sú upphæð, sem þurfti til þess að skólinn bæri sig. Fyrir 5 árum var tillagið lækkað, og það varð til þess, að halli kom á reksturinn, og við það hefir gengið á eigur, sem skólinn átti, úr 25 þús. kr. niður í líðlega 9500 kr., og er fyrirsjáanlegt, að ef viðhaldskostnaður mæðir mjög á skólanum auk rekstrarhallans, verður hann að fá meira fé. Það hefir nokkuð verið um það rætt, að breyta ætti skólanum í húsmæðraskóla, og ég hefi þá trú, að það, að dregið hefir verið úr rekstrarstyrknum, stafi af því, að menn hafa verið með þessa hugmynd um að breyta skólanum. Ég skal ekki hafa á móti því, að hér komi stór og myndarlegur húsmæðraskóli. En hvað á þá að gera við þá nemendur, sem vilja ganga í kvennaskólann eins og hann er nú? Er nokkursstaðar pláss fyrir 100 stúlkur með mikið nám? Kvennaskólinn er fullkominn gagnfræðaskóli. Það má ef til vill loka honum og breyta honum í húsmæðraskóla, en þá vantar pláss fyrir nemendurna í gagnfræðaskóla. Og þó að ég sé ekki mótfallinn samskólum, verð ég að segja, að mér finnst mjög gott, að líka sé til skóli fyrir stúlkur einar. Það verður að vera til í landinu einn slíkur skóli. Ég nefni þetta aðeins, af því að mig grunar, að eitthvað af andstöðunni gegn því, að kvennaskólinn fái fullan styrk, stafi af þeirri hugmynd, að breyta honum í húsmæðraskóla. Ég vil mæla með því, að till. verði samþ. og skólinn fái þær 5000 kr., sem hann hefir sótt um, því að það hefir verið föst regla, að skólan. hefir ekki farið fram á að fá hærri fjárhæð en bráðnauðsynlegt hefir verið.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil leyfa mér að minnast á nokkrar brtt., sem hér hafa komið fram, og 2 till., sem ég stend að sjálfur. Aðra till. flyt ég einn, en hina með 2 öðrum þm.

Till., sem ég flyt einn, er við 18. gr., um að fella niður fjárveitingu til Guðmundar Kambans. Í því sambandi vil ég geta þess, að Guðmundur Kamban er ekki lengur búsettur hér á landi. Hefir hann í því efni sömu aðstöðu og t. d. Gunnar Gunnarsson, en þeir af rithöfundum okkar, sem eru beinlínis búsettir erlendis, eru ekki teknir upp í 18. gr. fjárl. Í öðru lagi hefir Guðmundur Kamban haft nokkrar aukatekjur frá því opinbera með sérstökum hætti, bæði árið 1930 og líka fyrir 1—2 árum, þegar hann ætlaði að koma hér upp kvikmynd, sem hann gekk ekki vel frá. Í fyrra sinnið varð ekki neitt úr neinu, en síðari myndin var ekki send út, af því að hún misheppnaðist, og nú hefi ég frétt,

að hann og þýzkur maður, sem vann að þessu með honum, hefðu selt myndina kvikmyndafél. fyrir 5—6 þús. mörk. Þetta ættu að vera nægilegar aukatekjur fyrir hann.

Seinni till. er um að ríkið kaupi á næsta ári eignina Amtmannsstíg 1 í Rvík. Eins og hv. þm. muna, var það ákveðið árið 1930 með þál., að stj. keypti lóðirnar í Ingólfsbrekku undir opinberar byggingar. En þá fékkst ekki keypt eign Guðmundar sál. Björnssonar. Nú vilja erfingjar hans selja eignina. Það þarf ekki að greiða útborgun, heldur gefa skuldabréf. Ef þessi eign verður keypt, fæst samfelld röð af lóðum á þessum fagra og hentuga stað.

Þá vil ég minnast á till. fjvn. við 14. gr., um 4500 kr. greiðslu til séra Björns Magnússonar. Hv. fjvn. hefði ekki átt að bera hana fram öll, heldur var þetta till. meiri hl. Því hefir verið lýst yfir af hæstv. atvmrh., að séra Birni mundi verða greidd laun og hann mundi kenna til 15. sept. Eftir samningi við hann á hann að fá rúml. 3500 kr. En af sérstökum ástæðum reiknar meiri hl. þetta 4500 kr. Mér finnst, að ekki hefði átt að víkja frá því, sem greiða átti samkv. samningnum.

Ég vil geta þess, að í fjvn. var ekki samkomulag um ýmsar till., en ég mun ekki gera það að umræðuefni. En ég vil aðeins minnast á Eimskipafél. Kommúnistar vilja fella niður styrk til þess, en þar er ég á annari skoðun. Þar stendur öðruvísi á en um venjuleg atvinnufyrirtæki hér. Um mörg ár hefir ekki verið úthlutað arði, og nú er hann takmarkaður við 4%, og er ekki hægt að segja, að það sé mikið. Nú er ráðgert, að félagið endurbæti skip sín og kaupi ný, og eins er í ráði, að byggt verði stórt skip, sem sé einum degi skemur á milli Englands og Íslands en gömlu skipin. Þá þyrfti það að fá meiri styrk en það hefir nú, en því vildi fjvn. ekki sinna. En ef till. kommúnista yrði samþ. mundi það draga úr félaginu allan kjark.

Þá vil ég minnast á það, að hv. þm. A.-Húnv. fann að því í fjvn., að ekki væri 10% niðurfærsla á fé til atvinnubóta, vinnumiðlunarskrifstofunnar, skuldaskilasjóðs og benzínveganna. Skuldaskilasjóðsféð og benzínvegaféð er lögákveðið, eða a. m. k.hugsa ég, að allir þm. búist við, að þau l. verði samþ., og þá er ekki hægt að taka þar af 10%. Af vinnumiðluninni er hægt að draga 10%, en hvað ætti að draga úr henni? Sumir þm. mundu kannske segja, að hún væri óþörf, út frá sama sjónarmiði og þeir veitast að atvinnubótafénu. En ekki hygg ég, að það yrði vinsælt, og væri nær fyrir okkur að hækka féð. Annars er það ákaflega undarlegt að heyra hv. þm. A.-Húnv. og aðra sjálfstæðismenn tala um sparnað og hvernig þeir vildu hafa fjárl., því að engar sparnaðartill. hafa komið frá þeim, og þeir æskja sízt minni útgjalda fyrir ríkissjóð en aðrir þm., svo að sparnaðartal þeirra er meira í munni en í verki.

Þá á hv. þm. A.-Húnv. eina till. um lækkun á rithöfundastyrk í 18. gr. Þar er allt öðru máli að gegna en um till. mína um Guðmund Kamban. Því hefir verið haldið fram um Halldór Laxness, að hann hefði svo miklar tekjur. Hvað sem um hann má segja, er ekki vafi á því, að hann er fremsti skáldsagnahöf. landsins. Mætti því skoða þennan styrk til hans sem nokkurskonar heiðurslaun fyrir ritverk hans, en ekki sem fátækrastyrk. En ég vil geta þess út af tekjum af ritverkum hans, að árið 1936 gaf hann ekkert út og hafði því engar tekjur, því að hann fær bara ritlaun fyrir hverja bók. En af útlendu þýðingunum hefir hann engar tekjur haft enn í dag, vegna l. um rithöfundarrétt.

Þá eru hér nokkrar till. frá kommúnistum, í fyrsta lagi um að auka tekjur verkamannabústaðanna með tekjum tóbakseinkasölunnar. Ég gat þess þegar þetta var til umr., að þetta yrði athugað í Alþfl. og hann hefði áður gert samkomulag við Framsfl. um að fella þetta burt. Þá hafði ekki verið talað við stj., en síðar hefir komið loforð frá hæstv. fjmrh., sem tryggir samskonar uppbót með láni, og við Alþýðuflokksmenn höfum haldið okkur að því samkomulagi. Við eru ekki á móti því, að tekjur tóbakseinkasölunnar gangi til verkamannabústaða, enda er það okkar till., en við gerum þetta til samkomulags.

Þá vilja kommúnistar lækka borðfé konungs niður í 15 þús. kr. Við Alþýðuflokksmenn höfum oft borið fram till. um að fella þennan lið niður, en það er ekki ástæða til að setja nýtt mat um, hvað hann þurfi til borðfjár.

Ýmsar till. þeirra kommúnista eru gagnlegar, ef við gætum framkvæmt þær, en við verðum að miða við þær tekjur, sem við höfum nú. Ég vil t. d. benda á till. þeirra um hækkun til Sogsvegarins. Nú er það svo um benzínskattinn, að það er sérstaklega getið um það, til hvers eigi að nota hann. Rauði þráðurinn í því máli er sá, að aukabenzínskattinum skuli varið til Suðurlandsbrautar, Holtavörðuheiðarvegar, veganna kringum Akureyri og nokkurra fleiri vega, og sé ég ekki ástæðu til þess að rugla því, enda væri það ekki hægt nema l. yrði breytt. Hinsvegar er það sjálfsagt, að eftir því, sem vegirnir verða tilbúnir, komi aðrir vegir inn. T. d. þegar Holtavörðuheiðarvegurinn er tilbúinn, er hægt að taka þær 25 þús. kr., sem þar eru bundnar, til einhvers annars stórvegar.

Ég fyrir mitt leyti hefði óskað þess líka, að töluvert meira hefði verið lagt í Sogsveginn heldur en gert hefir verið af hv. fjvn., en hún hefir þó sett þar 1500 kr. í stað þess, að þar var ekkert eins og frv. lá fyrir. En það er ekki svo, að það fari ekki nema þessar 15000 kr. í þetta, því að auk þess mun bærinn leggja fram ¼ þar á móti, svo að það verða 20000 kr., og þar að auki hefir unglingavinnuféð farið þangað á móti jafnmiklu framlagi frá bænum. Fyrst minnir mig, að sett hafi verið sérstök aths. um þetta, en þess hefir ekki þurft nú í seinni tíð, og ég hefi talað við borgarstjórann í Rvík, og hann hefir sagt, að sá flokkur, sem hefir meiri hl. í bæjarstj., mundi enga breyt. hugsa sér á því til lækkunar. Svo að þarna mundu koma 50000 kr. í þennan veg, og mundi hann þá, a. m. k. án þess að auka þyrfti mjög mikið fjárveitingu til hans á næstu árum, verða kominn að hraunveginum til Þingvalla, en þá er töluvert mikið eftir af honum, því að það þarf að breyta veginum þaðan til Þingvalla, og til þess að geta

haft hann sem varaveg fyrir Suðurlandsundirlendi, þarf að breyta veginum nálægt Kárastöðum, setja hann niður að vatninu og koma honum framhjá Almannagjá. Það kostar dálitið fé, en ég er sannfærður um, að þegar þessu verki er lokið á nokkrum næstu árum, þá er þarna allgóður vetrarvegur í flestum tilfellum, og ef Suðurlandsbrautin kemur líka, þá er nokkurnveginn öruggt, að hægt sé að komast þessa leið, hvernig sem veturnir verða.

Viðvíkjandi öðrum till., sem fram eru komnar, held ég, að ég hafi ekkert verulegt að segja annað en það, að ég vil geta þess viðvíkjandi till. á þskj. 428, XXXV, um ábyrgð til þess að kaup ný dieselmótorskip, að í þeim samningi, sem stjfl. hafa gert, hefir samhliða því, sem talað hefir verið um togaraútgerðina, einnig verið talað um kaup á vélbátum, og enda þótt það hafi í þetta sinn ekki komizt lengra, geri ég ráð fyrir, að þessu máli verði á sínum tíma haldið vakandi. En í þetta sinn munum við halda okkur við þá afgreiðslu á fjárl., sem við höfum komið okkur saman um.

*Árni Jónsson: Ég á hér eina litla brtt. á þskj. 437, um að hækka styrkinn til Íþróttasambands Íslands úr 8000 kr., eins og hv. fjvn. leggur til, upp í 10000 kr. Ég ætla að leyfa mér að mæla örfá orð fyrir þessari till. Erindi um þetta hefir legið fyrir hv. fjvn., og ég hefi verið beðinn af þeim mönnum, sem sendu þetta erindi til hv. n., að tjá henni þakkir fyrir þær undirtektir, sem það fekk, þar sem styrkurinn var hækkaður úr 5000 kr. upp í 8000 kr., en þó að þetta hafi verið góðar undirtektir af n. hálfu, þá er það svo, að þessar 8000 kr. nægja engan veginn til þess að íþróttasambandið geti innt af höndum það fjölbreytta hlutverk, sem því er ætlað, og þess vegna fara þessir menn fram á, að þeir fái þessar 10000 kr., sem þeir upphaflega báðu um. Ég verð að segja, að mér finnst eiginlega, þegar litið er á það, hvers krafizt er ef þessari stofnun, þessi upphæð satt að segja ekki há, heldur furðulega lág. Ég vil leyfa mér að vekja athygli Alþ. á því, að ósk um aukinn styrk til Íþróttasambands Íslands er fyrst og fremst komin utan af landi. Á síðasta sumri komu fram einróma og háværar raddir frá íþróttafélögum víðsvegar af landinu um nauðsynina á auknu fé vegna íþróttastarfseminnar, og þessir menn kvörtuðu yfir því neyðarástandi, sem víðast ríkti í þessu efni, þar sem íþróttafélögin eru févana og skortir nauðsynlegar leiðbeiningar og kennslu í ýmsum íþróttagreinum. Að loknum umr. á þessum síðasta aðalfundi Í. S. Í. var kosin 7 manna nefnd í málið, og í þessa nefnd völdust formenn úr 7 íþróttafélögum í Reykjavík, og þessir menn hafa síðan haldið málinu vakandi og snúið sér svo til Alþ. með þetta erindi, sem ég minntist á áðan. Mér þykir nú rétt að gera stuttlega grein fyrir, til hvers á að verja þessum 10000 kr., sem hér er farið fram á. Það er talið nauðsynlegt að hafa fastan mann, sem ferðast til hinna ýmsu íþróttafélaga landsins, safnar skýrslum um starfsemi og ástand félaganna á hverjum tíma og gefur um leið nauðsynlegar leiðbeiningar í íþróttamálum. Þá er í öðru lagi hugsunin að halda námskeið t. d. í Reykjavík, og raunar víðar um landið, undir leiðsögu duglegra, erlendra kennara, t. d. í útiíþróttum, eins og sundi, fimleikum og knattspyrnu, og þar að auki ættu að vera kenndar reglur fyrir keppni í þessum íþróttum, svo að þátttakendur námskeiðanna væru færir um að leiðbeina og dæma í þessum íþróttagreinum. Það er ætlunin, að mikil áherzla verði lögð á, að sem flest íþróttafélög utan af landi gætu sent íþróttakennara á námskeið, og í þessu sambandi er sérstaklega nauðsynlegt að fá umrædda styrkhækkun. Á námskeiðunum yrðu fluttir fyrirlestrar um íþróttamál almennt, heilsufræði og einnig sýndar kennslukvikmyndir, en þær eru þegar fyrir hendi í ýmsum íþróttagreinum, og yrði samfara því, sem kvikmyndirnar væru sýndar, gefnar leiðbeiningar um rekstur íþróttastarfseminnar almennt. Loks vil ég geta þess, að þessi fjárveiting snýr ekki síst að skíðaíþróttinni, en hollusta hennar hefir nú hlotið almenna viðurkenningu hér. Það vakir fyrir íþróttamönnum að koma sem allra fyrst upp námskeiðum í skíðaíþrótt upp til sveita, og það er, eins og nú standa sakir, gott útlit fyrir, að hægt verði að fá hæfa og góða kennara í þessari grein, þar sem vitað er um a. m. k. tvo menn, sem eru erlendis til þess að fullkomna sig í því að kenna þessa íþrótt, en það er þeir Tryggvi Þorsteinsson frá Ísafirði og Gísli Steingrímsson frá Húsavík. Auk þess eru þrír menn úr Reykjavík á skíðanámskeiði í Noregi. Þá má einnig benda á, að sundnámskeið upp til sveita með góðum kennurum eru mjög nauðsynleg. Þegar á allt þetta er litið, þá skilja menn, að það er ekki til sérstaklega mikils mælzt, þó að farið sé fram á þessa fjárveitingu, sem hér er um að ræða.

Ég vil svo að endingu taka það fram, að allar þjóðir keppast nú um að efla íþróttalífið hjá sér sem allra mest. Ég ætla ekki að halda hér neinn íþróttafyrirlestur, því að sannleikurinn er sá, að þótt fjárveitingin sé ekki meiri en það, sem hv. fjvn. hefir lagt til, þá er það vitanlega ekki vegna þess, að ekki sé fyrir hendi full viðurkenning á gildi íþróttanna, heldur vegna þess, hvað fjárhagur okkar er þröngur. En þó að ég sé fús til þess að viðurkenna, að það verði að fara sparlega með fé ríkisins, eins og sakir standa, þá treysti ég því þó, að hv. þm. séu mér sammála um, að 2000 kr. til eða frá, þegar um slíka stofnun er að ræða, muni ríkissjóð svo litlu, að þeir geti með sæmilega góðri samvizku greitt atkv. með þessari lítilfjörlegu hækkun á útgjöldum, sem hér er farið fram á.

*Jörundur Brynjólfsson: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við 22. gr. fjárlfrv., sem er á þskj. 444, og er hún þess efnis, að ríkisstj. fái heimild til þess að veita Mjólkurbúi Ölfusinga fjárhagslegan stuðning til bráðabirgða til næsta þings og athuga svo fjárhag búsins og rekstur þess. Ég vil vona, að fyrir þann tíma gefist hæstv. ríkisstj. tóm til þess að láta slíka athugun fara fram, svo að hún geti legið fyrir næsta þingi. Fjárhagur þessarar stofnunar er ákaflega erfiður og hefir verið frá fyrstu tíð. Að þessu búi hefir staðið sérstaklega ein sveit,

sem sé Ölfusið, enda þótt menn úr öðrum sveitum, bæði í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, hafi selt mjólk sína í það. Þegar Ölfusingar lögðu út í byggingu þessa fyrirtækis, þá var gert ráð fyrir, að allt mannvirkið með vélum og tækjum mundi kosta liðlega 100000 kr., en reynslan hefir orðið sú, að kostnaðurinn hefir orðið lítið eitt yfir 300000 kr. Nú hefir þessi stofnun fengið allríflegan styrk eins og önnur mjólkurbú úr ríkissjóði, en samt sem áður hefir fjárhagurinn verið svo þröngur frá fyrstu tíð, að búið hefi alltaf barizt í bökkum. Það hefir reynt að greiða bændum sama verð og önnur bú, en stundum hefir verðlagið verið fyrir neðan það, vegna þess að engin tök hafa verið á því að halda til jafns við önnur samskonar fyrirtæki, svo að að því leyti hafa þeir menn, sem við þetta bú hafa skipt, borið skarðan hlut frá borði. Því hefir ekki auðnazt að standa alltaf við skuldbindingar sínar gagnvart þeim stofnunum, sem fyrirtækið hefir fengið lán hjá, og eins og búast má við, getur það ekki haldið þannig áfram til lengdar. Er þess vegna fyrir allra hluta sakir sjálfsagt að reyna að koma þessu á réttan kjöl, reyna að koma starfrækslunni fyrir á þann hátt fyrir framtíðina, að hún geti borið sig, og þeir, sem við búið skipta, verði ekki verr settir heldur en aðrir, sem skipta við önnur samskonar fyrirtæki. Mjólk sú, sem send er til vinnslu í búið, hefir minnkað mikið fyrir það, að menn úr öðrum sveitum hafa hætt að skipta við búið, svo að nú er mjólkurmagnið mjög lítið, borið saman við það, sem áður var, en bændurnir í þessari sveit vilja af eðlilegum ástæðum gera sitt ýtrasta til þess að halda starfrækslunni áfram og una illa við að sjá þetta fyrirtæki verða að hætta starfsemi sinni. Nú stendur einnig svo á, eins og kunnugt er, að mæðiveikin er komin í fé hjá bændum í þessari sveit, og þó að hún sé að vísu ennþá á byrjunarstigi, er enginn leið að segja, hversu skjótlega kann að skipta til verri vegar í því efni, og er bændum þá að sjálfsögðu enn meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr á því að reyna að halda starfrækslu þessarar stofnunar í lagi.

Ég vil því vona, að Alþ. taki þessari till. vel, og jafnframt vil ég vona, að hæstv. ríkistj. sinni þessu máli og geri ráðstafanir til þess að kynna sér allan fjárhag þessarar stofnunar og geri af sinni hálfu það, sem hún telur mögulegt, stofnuninni til viðreisnar og starfrækslunni til öryggis í framtíðinni. Það á ekki við á þessu stigi málsins að vera með bollaleggingar um, hvernig bezt sé að leysa þetta mál; það kemur bezt í ljós á sínum tíma, þegar athugun fer fram á fjárhag stofnunarinnar, svo að það er tilgangslaust að fjölyrða frekar um þetta.

Ég vil svo enda mál mitt með því að vænta svo góðs af Alþ., að þar sem þetta er mjög mikið nauðsynjamál, fyrst og fremst fyrir þá menn, sem í þessari sveit búa, þá bregðist það vel við þessari málaleitun, sem borin er fram af hálfu þessara manna af fullri nauðsyn.

Pétur Halldórsson: Ég á brtt. við 16. gr. frv. um það að auka fé til framlags Sundhallarinnar í Reykjavík um 80000 kr., en eftir að hæstv. fjmrh. hefir lýst yfir því, að hann muni greiða þetta fé, svo sem til stendur og óskar eftir, að þetta sé ekki tekið á fjárl. að þessu sinni, þá fellst ég á, að þessi brtt. verði ekki borin upp, heldur tek ég hana til baka.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég á enga brtt. við þessa umr. frekar en við 2. umr. og þarf því af þeim ástæðum ekki að taka til máls. Ég ætla ekki heldur að tala almennt, hvorki um einstakar till. hv. fjvn. né einstakar till. hv. þm., sem hér liggja fyrir, heldur mun ég sýna með atkv. mínu, hvernig ég snýst við þeim. Þó vil ég geta þess út af því, sem ég sagði við 2. umr. fjárl. um fjárframlög til nokkurra þátta í landbúnaðarstarfseminni, að ég get að sumu leyti verið þakklátur hv. fjvn., að því leyti sem þær bendingar, sem ég gaf, hafa verið teknar til greina, t. d. að því er snertir aukið framlag til búfjárræktarinnar og till. hv. fjvn. um 8000 kr. styrk til Búnaðarfélagsins vegna 100 ára hátíðahalda þess í vor. En ég verð að segja, að mér þykir smátt skammtað, og eins og ég hefi lýst, sé ég ekki, að Búnaðarfélagið geti, eins og fjárhagur þess er nú, haldið sinni starfsemi uppi, en ég sé ekki til neins að koma með sérstaka brtt. í þessu sambandi, því að það er búið að skjalleggja þetta fyrir hv. n.

Það, sem kom mér aðallega til að standa upp, er brtt. á þskj. 444, II., sem þeir flytja hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Ak. Hv. þm. Ak. hefir þegar mælt fyrir þessari till., svo að mér finnst ég geta sagt mitt álit á henni, þó að hv. aðalflm. hafi ekki talað fyrir henni. Þar er farið fram á það, að sá styrkur, sem samvn. samgöngumála leggur til, að veittur sé til Skagafjarðarbátsins frá Siglufirði, sem samvn. leggur til, að sé 3000 kr., sé færður niður í 2000 kr., en hinsvegar er lagt til, að aukið sé framlag til Norðurlandsbátsins, sem á að fara austur um, um 2000 kr. Ég vil í þessu sambandi benda á það fyrst, að ég tel, að hv. frsm. samvn. samgöngumála hafi ekki skýrt rétt frá þessu í sinni framsöguræðu, því að þar kom það þannig fram, að sú aukning á styrk til flóabáta, sem hv. n. leggur til og nemur 4000 kr., gangi næstum því eingöngu til Skagafjarðar, þannig að 3000 kr. af þessu fari til Skagafjarðarbátsins. Þetta er alls ekki rétt, því að Norðurlandsbáturinn, sem annazt hefir flóaferðir allt frá Skagafirði og austur að Skálum, hefir verið styrktur með 13000 kr. Skagafjörður hefir vitanlega átt sinn hluta í þessari upphæð, en sá hluti getur ekki hafa numið minna en ¼, eða rösklega 3000 kr., svo það orkar ekki tvímælis, að þetta, sem ætlazt er til að lagt sé til Skagafjarðar, er ekki meira en sá hluti, sem héraðið átti áður í styrknum til Norðurlandsbátsins, og þar sem hann á að hætta við Skagafjarðarferðirnar, en á aftur á móti að fara til Austfjarða, þá skoða ég það mjög ósvífna till. af þessum hv. þm., að ætlast til þess, að klipið verði af þessum 3000 kr., sem er varla jafnmikill hluti eins og Skagafjörður átti í styrknum til Norðurlandsbátsins.

Vil ég nú færa rök fyrir því, hvers vegna er farið fram á það, að sérstakur bátur verði

styrktur til flutninga á Skagafirði. Það stendur í sambandi við það mjólkurbú, sem sett hefir verið upp á Sauðárkróki fyrir 1½ ári síðan. Mjólkursalan byggist vitanlega á því einu, að hægt sé að hafa ferðir við Siglufjörð ekki sjaldnar en tvisvar sinnum í viku, a. m. k. sumarmánuðina, en til þess hefir Norðurlandsbáturinn reynzt alls ónógur. Þess vegna hefir kaupfélag Sauðárkróks orðið að semja við sérstakan bát um þessa mjólkurflutninga, og til þessa báts, sem nú er í förum, hefir gengið allmikill hluti af þeim flutningi, sem póstbáturinn áður hafði til Skagafjarðar, enda tók hv. þm. Ak. það fram áðan, að síðan þessi mjólkurbátur fór að verða í förum, hefðu ferðirnar til Skagafjarðar borgað sig verr en áður. Það er því sannað samkv. umsögn kunnugra manna á þessum stað, að póstbáturinn hefir ekki getað fullnægt þörf Skagfirðinga og er því orðinn óþarfur að miklu leyti. Það þarf annað fyrirkomulag á þessu, og er ætlazt til, að þessi bátur annist flutninga á hafnir í Skagafirði, en féð, sem lagt er til hans, má ekki verða minna en Skagfirðingar áttu áður í þeim styrk, sem gekk til póstbátsins. Það vil ég sérstaklega leggja áherzlu á í þessu sambandi. Ég vil minna á, að það þykja líkur fyrir því, að fjárpestin sé komin í Skagafjörð, og ef það reynist svo, að hún breiðist út vestan Héraðsvatna, þar sem aðalsvæði mjólkurbúsins er, þá er enginn vafi á, að það er mesta nauðsyn á því að auka mjólkurframleiðsluna þar nokkuð, og þá er það óhugsandi á öðrum grundvelli en þeim, að nokkuð af mjólkinni sé hægt að flytja til Siglufjarðar yfir sumarmánuðina, meðan markaðurinn er þar mikill. En mjólkursamlagið getur alls ekki séð um flutninginn öðruvísi en að fastur bátur sé þar í ferðum, en það er óhugsandi, að það haldi áfram nema því aðeins, að báturinn fái nokkurn styrk. Það er eitt, sem kemur hér til greina og stendur í sambandi við fjárpestina, sem sé það, að allmikill hluti af því, sem flutt er frá Skagafirði til Siglufjarðar, er hey. Nú er bannað að flytja hey af svæðinu vestan Héraðsvatna til Siglufjarðar, og ef pestin kemur í Skagafjörð fyrir alvöru, þá verður að banna allan heyflutning þaðan nema með sérstakri undanþágu, og ef heyflutningurinn félli niður, þá væri enn verra að láta bátinn bera sig, nema hann fengi styrk til þess. Ég vil lýsa því yfir, að ef Alþ. ætlar að lækka styrkinn til Skagafjarðarbátsins niður í 2000 kr., þá sé ég ekki annað en að við verðum að afþakka styrk í þennan sérstaka bát, en gera kröfu til þess, að póstbáturinn verði notaður eins og áður, því að ég hefi enga trú á því, að hægt sé að halda uppi bát til þessara ferða með 2000 kr. styrk. Lágmarkið hlýtur að vera 3000 kr., enda hefi ég þegar fært rök að því, að það er ekki meira en sem svaraði þeim hluta, sem Skagfirðingar áður höfðu rétt til af þeim styrk, sem veittur var til póstbátsins.

Sú hækkun, sem ég legg til, að varið verði til flóabátsins, ætti að tryggja, að hann færi til Skagafjarðar, en ekki eins og nú frá Skaga og austur á Seyðisfjörð. Ég held, að ég hafi gert grein fyrir, hvernig þetta horfir við fyrir Skagfirðingum, og fært fyrir því full rök, að það er ómögulegt að reka Skagafjarðarbátinn með tvö þúsund kr. fjárframlagi. Það er hæpið, að það takist með þrem þús., en er þó hóti nær.

Ég vil taka fram aftur, að verði þessi till. lækkuð niður í 2 þús. kr., verðum við að gera þá kröfu, að heldur verði horfið að gamla laginu, að póstbáturinn gangi til Skagafjarðar, svo við getum notað hann.

Guðrún Lárusdóttir: Ég á ekki nema eina brtt. við þetta fjárlfrv. Í sambandi við þá brtt., sem hljóðar um það, að veita hjúkrunar- og elliheimilinu Grund nokkurn styrk, get ég ekki komizt hjá að skýra frá starfssögu þessarar starfsgreinar, sem er tiltölulega ung í landi voru, sem sé starfið fyrir stofnun heimila handa gamla fólkinu. Ég hygg, að fyrsta sporið til stofnunar elliheimila hafi verið stigið árið 1921 eða þar um kring, og voru þá stofnuð svo að segja samtímis elliheimili hér í Reykjavík og á Ísafirði. Á Ísafirði hefir bærinn rekið þessa starfsemi, fyrstu árin undir umsjá Hjálpræðishersins, en síðar undir eigin forsjá. Heimili þetta hefir 23 gamalmenni, og fer starfsemin fram í gamla sjúkrahúsinu, sem notað var áður en spítalinn var byggður. Á þessu heimili er forstöðukona, ein starfsstúlka og ein hjúkrunarkona, að vísu ekki lærð, en æfð í hjúkrunarstarfi. Elliheimili þetta er einungis fyrir Ísafjarðarkaupstað og rekið á kostnað bæjarins.

Á Seyðisfirði kom kvenfélagið Kvik upp elliheimili fyrir átta árum. Þar dvelja nú 13 gamalmenni; af þeim eru aðeins 4, sem hafa fótavist. Meðgjöf á mánuði er 75 krónur. Kvenfélagið ber kostnaðinn, sem umfram er tekjur heimilisins. Seyðisfjarðarbær styrkir stofnunina ekkert og hefir kvenfélagið, sem rekur þessa líknarstofnun, engan styrk nema þann litla 1000 kr. styrk, sem því er veittur af Alþ. Á þessu elliheimili dvelja gamalmenni annarsstaðar frá en úr Seyðisfirði einum.

Í Hafnarfirði starfar 3. elliheimilið hér á landi. Bærinn rekur það á sinn kostnað. Vistmenn munu vera þar 22. Bærinn leigir húsnæði hjá Hjálpræðishernum. Forstöðukona og 3—4 starfsstúlkur auk hjúkrunarkonu bæjarins, sem veitir aðstoð á heimilinu, ef þurfa þykir, starfa þar. Stofnunin er nú á 3. aldursári.

Fjórða elliheimilið er hér í Reykjavík og nefnist nú hjúkrunar- og elliheimilið Grund. Allra fyrstu upptök þessa heimilis verða rakin til ársins 1921. Nefnd manna, sem hafði starfað hér í bænum að nokkru leyti að tilhlutun umdæmisstúkunnar nr. 1 og staðið fyrir matgjöfum handa fátæku fólki, steig fyrsta sporið að stofnun þessa elliheimilis. Í gegnum starf sitt við „Samverjann“ — en þannig nefndist hjálparstarfsemi nefndarinnar — höfðu nefndarmenn orðið þess mjög áskynja, hvílík þörf var hér í bæ fyrir elliheimili, hvíldarstað gömlu og lúnu fólki, sem fyrst og fremst þarfnaðist næðis og nærgætinnar aðhlynningar.

Starf nefndarinnar var borið uppi af frjálsum gjöfum bæjarbúa, og við kynningu manna af starfsháttum og starfsrekstri forgöngumanna Samverjans áunnu þeir sér traust bæjarbúa og fengu þeir því góðar undirtektir, er þeir hreyfðu

elliheimilishugmynd sinni, svo góða, að þeir höfðu ráð á að festa kaup á húseign og dálitilli túnspildu vestan við bæinn. Var þá stigið fyrsta sporið, fleiri komu á eftir, eins og allir vita, sem fylgzt hafa með þróun og rekstri elliheimilisins. Húsið, sem keypt var, Grund, rúmaði um 22 menn auk starfsfólks og kostaði 36 þús. kr. Féð, sem lagt var í húskaupin, var sem fyrr er sagt mestmegnis gjafir, og nokkuð safnaðist þó við skemmtanir, sem bæjarbúar kannast við undir nafninu gamalmennaskemmtanir. Allra fyrsta gamalmennaskemmtunin, sem haldin var hér í bæ, fór fram í ágúst 1921. Það var útiskemmtun, haldin á túnunum í kringum Ás og Hof í Vesturbænum, í blíðskaparveðri á sunnudegi. Safnaðist þarna saman mannfjöldi mikill, en ekki voru allir sérlega fráir á fæti, sem þar komu; haltir og hrumir gestir stauluðust áfram, en bros var á hverju andliti, því að þarna var gamla fólkið heiðursgestir og viðburður dagsins. Næsta sumar var aftur haldin svipuð skemmtun. Að kvöldi voru þá 400 kr. lagðar í sjóð. Það voru gjafir frá góðum mönnum, sem skildu málefnið og vildu styrkja það, og svo ágóði af kaffi, sem selt var á staðnum, öllum nema sextugu fólki; það fékk þá og fær enn ókeypis kaffi á gamalmennaskemmtunum. Það má segja, að þessar 400 kr. hafi verið stofnfé elliheimilisins, því við þær bættust svo gjafir og áheit mjög margra. Um haustið í október var hælið vígt að viðstöddu margmenni. Þótti mörgum þetta ærið dirfskufullt fyrirtæki af fáeinum efnalausum mönnum, sem þar að auki höfðu engan tíma afgangs frá störfum sínum til að sinna slíku heimili, og ómótmælanlega er slíkt framtak þess virði, að í minnum sé haft. Fyrir því ætla ég að nefna hér nöfn forgöngumannanna, svo að þau geymist í þingtíðindum íslenzku þjóðarinnar. Vera má, að eitt sinn verði skráð sú saga, er geymist um afrek einstaklinga, er þeir sjálfir eru brautu gengnir og niðjar njóta starfs þeirra. Nöfnin eru þessi: Flosi Sigurðsson trésmíðameistari, Haraldur Sigurðsson verzlunarmaður, Júlíus Árnason verzlunarmaður, Páll Jónsson, sem var ritari nefndarinnar, og Sigurbjörn Gíslason cand. theol., sem var formaður þessarar nefndar. Fyrsta ráðskonan á elliheimilinu varð María Pétursdóttir, sem vel og lengi hafði starfað að matgjöfum Samverjans. Þótti það vel við eiga, að hún tæki að sér forstöðu elliheimilisins, enda var hún hin ágætasta kona í hvívetna.

Brátt kom þar, að húsrúm brast að Grund fyrir þau hin mörgu gamalmenni, sem þangað sóttu, og var nú farið að svipast um eftir stærra húsrúmi, og var þá ráðizt í það þrekvirki að koma upp stórhýsinu við Hringbraut 150. Bærinn lagði til lóðina, og þess ber vissulega að geta, að Reykjavíkurbær hefir frá öndverðu veitt fyrirtæki þessu hinn bezta stuðning. Upphaflega var ekki ætlað að byggja allt húsið í einu, heldur bæta við bygginguna eftir hendi og efnum. En þá var væntanlegur í heimsókn frá Vesturheimi fjöldi íslenzkra gesta til þess að vera við þjóðhátíðina hér 1930, og sökum þess, að útlit var fyrir þrengsli í bænum, bauð ríkisstjórnin stjórn elliheimilisins 50 þús. kr. lán til þess að fullgera húsið og geta svo hýst Vestur-Íslendingana. Lánstilboðið varð til þess, að húsið fullgerðist, en það batt stjórn elliheimilisins vitanlega jafnframt allþunga fjárhagslega ábyrgð, sem hún ella hefði komizt hjá. Þess skal getið hér, að þær 50 þús. kr., sem ríkisstjórnin lánaði, voru greiddar að fullu á sama ári. Óneitanlega hefði stjórn elliheimilisins verið það fyrirhafnarminna að leita eftirgjafar á láni þessu, eins og margur gerir nú á dögum. Það, að húsið fullgerðist í einu, en ekki smátt og smátt, eins og áætlað var, dró þann dilk á eftir sér, að óhemju kostnaður hlóðst á fyrirtækið og allt varð í helmingi stærra stíl en ella hefði orðið. Rentur af lánum eru árlega um og yfir 30 þús. kr. Segir það sig sjálft, að erfitt er að róa jafnþungum bát, og er þar við bætast vanhöld á meðgjöfum frá ýmsum illa stæðum hreppum og sveitarfélögum, er auðsætt, að hér er um erfiðismuni að ræða, sem of lítill gaumur hefir verið gefinn hér af háttv. Alþingi, þar sem heimilið var svipt styrk, er það þó hlaut um 3 ára bil, fyrst 5 þús. og síðan 4 þús. kr.

Hér er þó fyrst og fremst um þjóðnýtt starf að ræða, starf, sem sjá má m. a. af styrk þeim, sem Alþ. veitir 3 öðrum elliheimilum, að fjárveitingavald þingsins telur styrkhæft og verðugt viðurkenningar. Ef einhver skyldi láta sér detta í hug, að forgöngumenn elliheimilisins eigi heimilið eða taki laun fyrir störf sín við stjórn þess nú um 15 ára skeið, þá er það hvorttveggja fjarri öllum sanni. Elliheimilið Grund er sjálfseignarstofnun og forstöðunefndin hefir aldrei tekið eina krónu í þóknun, og er það meira en sagt verður um allflestar stofnanir hér á landi. Eins og þegar er sagt, er elliheimilið bæði hjúkrunar- og elliheimili, en þrátt fyrir nafnið nýtur það ekki sjúkrahússréttinda, þrátt fyrir góðar sjúkrastofur, 3 lærðar hjúkrunarkonur og sérstakan heimilislækni. Það hefir verið sótt um þessi réttindi, en ekki fengizt, hvað sem því veldur.

Húsrúm er á elliheimilinu fyrir 150 vistmenn, en flestir hafa dvalið þar í einu 142.

Ég hefi dvalið alllengi við umtalsefni mitt í sambandi við brtt. mína, og reynt til að sýna, að öll sanngirni mælir með henni. Fjarri væri það mér að amast við styrk til elliheimilanna utan Reykjavíkur, enda þótt ég telji styrkinn, sem ánafnaður er 2 þeirra, fremur styrk til bæjarfélaga en stofnananna sjálfra, en misrétti tel ég það og illa sæmandi löggjafarþingi hverrar þjóðar sem er, að mismuna þannig stofnunum, sem allar inna samskonar starf af hendi í þágu og þarfir alþjóðar, og harla einkennilegt, ef sú stofnunin, sem stærst er og fullkomnust að öllum útbúnaði, sé beinlínis látin gjalda þess hjá þeim, sem með fjárveitingu fara. Ég held það auki ekki hróður þjóðarinnar, og það er ekki beinlínis hvatning fyrir duglega, framtakssama menn, sem vilja ráðast í framkvæmdir slíkar sem þessar eða aðrar henni líkar, þegar einu launin, sem þeir fá frá þeim, sem með völdin fara, er mótspyrna gegn sanngjörnum styrkbeiðnum, fullkomin lítilsvirðing á fyrirhöfn og striti í þjóðarþarfir. Ég leyfi mér að óska og vænta, að þótt hv. fjvn. hafi ekki tekið þessa

till. upp — ég álasa henni ekkert fyrir það — að hv. Alþ. greiði atkv. með till. eða varatill.

Ef gera ætti samanburð á elliheimilinu Grund og þeim fjórum elliheimilum, sem fá sínar þúsund kr. hvert, og veita því styrk hlutfallslega miðað við tekjur þess og hinna heimilanna, þá ætti það að fá eitthvað í kringum 7 þúsund kr.

Ég læt svo lokið orðum mínum um þetta mál; ég hefi áður staðið í sömu sporum á sama stað og mælt fyrir till. um þetta efni, sem þá var felld. Hvað hv. Alþ. gerir nú, veit ég ekki, en ég veit, að það er fullkomin þörf fyrir þessa stofnun að fá styrk. Ég sé ekki betur en að margar aðrar stofnanir hafi fengið slíka viðurkenningu, sem síður hafa átt hana skilið.

Ég ætla þá að snúa mér ofurlítið að öðru máli í sambandi við fjárhagsáætlun þessa árs. Ég varð þess áskynja, að hv. fjvn. hafði enga fjárveitingu ætlað til að koma á fót einhverskonar hjálparstöð fyrir drykkjumenn. Fyrir hv. Ed. lá frv., sem ég hefi flutt þing eftir þing um hæli handa drykkjumönnum, enda virðist full þörf á því hér í þessu landi, þar sem viðurkennt er, *að mjög mikið er drukkið, og ég veit, að fjöldi* manna staðfestir, að frv. sé réttmætt. Þetta frv. var afgr. frá hv. Ed. með rökstuddri dagskrá, með þeim tilmælum, að hv. fjvn. veitti styrk að upphæð 15—25 þús. kr. í þessu skyni. Lengi vonaði ég, að þetta mundi komast í kring á einhvern hátt, en nú sé ég, að þær vonir mínar hafa brugðizt. Ég sé hvergi styrk til þessa í brtt. fjvn. eða í fjárlagafrv. eins og það kom frá n. Ég tel þetta illa farið. Ástandið hjá oss nú er þannig, að ekki er hægt að komast hjá því að hafa einhvern samastað handa þeim vesalings mönnum, sem illa eru farnir af nautn áfengra drykkja. Þar við bætist, að rúm er svo takmarkað á Kleppi, að þar er allt yfirfullt, svo að þótt menn vilji bjarga sér með því að fá rúm fyrir einn og einn mann skamman tíma í senn, þá er útilokað, að það fáist. Vegna alls þessa vonaði ég, að hv. fjvn. mundi sjá sér fært að veita einhverja fjárhæð í þessu skyni, til að bæta úr mestu þörfinni fyrir þessa menn, sem hvergi eiga höfði sínu að að halla, og engu síður aðstandendum þeirra til hjálpar, sem venjulega eru í mjög miklum vandræðum með þá.

Í ræðu hæstv. fjmrh. í gærkvöldi kom hann inn á það, sem dæmi þess, hvað við sjálfstæðismenn bærum fram miklar hækkunartill. við fjárl., að frv. um drykkjumannahæli, sem fram hefði verið borið af sjálfstæðismönnum, myndi ekki kosta minna en 100 þús. kr. Mér hnykkti við þegar ég heyrði hæstv. fjmrh. nefna þessa upphæð. Ég hélt, að hann væri það hygginn maður í peningamálum, að hann skildi, að slíka upphæð hafði ég aldrei hugsað mér og að vel má bæta úr brýnustu þörfinni um að koma þessari stofnun upp fyrir miklu minna fé. En það vill verða svo, að þegar komið er í eldhúsið og búið að taka skörunginn og farið að skara í eldinn, að þá er margt sagt, sem ekki er gott að standa við síðar meir. Ef hv. þm. vissu um öll þau voðalegu vandræði, sem hvíla á einstöku heimilum og einstöku mönnum vegna drykkjuskapar, mundu þeir hugsa sig tvisvar um áður en þeir réttu upp hendina til að greiða atkv. á móti þessu máli.

Ég skal ekki taka upp meiri tíma. En ég vil taka það fram, hvort hv. fjvn. sér sér ekki fært að taka upp fjárveitingu til þessarar starfsemi.

Formaður fjvn. er sjálfur mikill bindindismaður og hefir oft talað fagurlega um það hér í hv. Alþ., hvað gera ætti til að létta áfengisbölinu af þjóðinni. Vænti ég þess því, að hann neyti aðstöðu sinnar til þess að styðja málefnið einnig í verki.

Umr. frestað um hríð, en var fram haldið síðar á fundinum.

*Gísli Guðmundsson: *Ég skal ekki vera langorður, enda á ég ekki í raun og veru neinar brtt. um tekjur og gjöld fjárl., og áheyrendum er heldur farið að fækka. Ég finn ástæðu til að þakka, að mér virðist hafa bætzt einn aðstoðarmaður í hóp þm. til að vinna að máli míns kjördæmis, þar sem er hv. 6. þm. Reykv., sem hefir sýnt mér þá vinsemd að bera fram á þskj. 427 brtt. XIV um að hækka framlag til hafnargerðar á Þórshöfn úr 11 þús. í 16 þús. kr. Það er nú svo, að fjvn. hefir lagt til, að varið verði nokkru til þessa mannvirkis, sem ég sætti mig við; og í öðru lagi vil ég segja það, að ég hygg, að þessi till. hv. þm. sé byggð á nokkrum misskilningi og ókunnugleika hans um, hvernig málið er hugsað og framkvæmd þess. Skal ég svo láta útrætt um það.

Kem ég þá að því, að við hv. þm. Ak. eigum hér brtt. á þskj. 444, og er brtt. við brtt. frá samvinnunefnd samgöngumála. Samvinnunefnd hefir lagt til, að upphæðin, sem varið skuli í þessu skyni, hækki um lítils háttar fjárupphæð, og jafnframt, eins og venja er til, hvernig styrkurinn skiptist. Við getum ekki sætt okkur við þá skiptingu að öllu leyti. Því er þessi till. fram komin. En hún fer fram á, að til Norðurlandsbátsins, sem gangi á svæðinu frá Siglufirði til Seyðisfjarðar, verði styrkurinn hækkaður úr 13 þús. kr. í 15 þús. kr. Þetta þýðir ekki hækkun á fjárl., því að við erum þeir sparnaðarmenn, heldur ætlumst við til, að tekið verði ofurlítið af bátunum beggja megin við, Skagafjarðarbátnum og Austfjarðabátnum. Þessi Norðurlandsbátur hefir undanfarið haldið uppi ferðum á svæðinu frá Eyjafirði að Skálum á Langanesi, og hefir fengið 13 þús. kr. styrk. Nú hefir legið fyrir þessu þingi erindi um það, að styrkurinn yrði verulega hækkaður, og færð gild rök að því, að ekki gæti komið til mála að halda uppi ferðum fyrir þennan styrk, og væri ekki um annað að ræða en að þessar ferðir legðust niður. Ég hefi hinsvegar fengið um þetta mjög ákveðnar áskoranir frá þeim stöðum, sem þarna hafa hagsmuna að gæta, að hindra það eftir mætti, að slíkt þyrfti að verða. Enda eru samgöngur á þessu svæði landsins ákaflega strjálar, og það væri *þess vegna hið mesta tjón, af þessar ferðir legðust niður. Í staðinn fyrir að hækka þennan styrk, sem full rök mæltu með, hefir nefndin látið styrkinn standa í stað, en jafnframt ætlazt til þess, að þessi bátur gengi yfir talsvert stærra svæði en honum var áður ætlað; svo að n. hefir

einungis gert hag bátsins verri en hann var. Og þetta viljum við ekki sætta okkur við.

Hitt er annað mál, hvort sanngirni mæli með því, að lækkaður sé styrkur til bátanna, sem ég nefndi áðan. Ég vil telja, að svo sé. Og rök okkur fyrir því eru þau, að um leið og þessum bát er ætlað að halda uppi ferðum alla leið til Seyðisfjarðar, þá verður Austfjarðabátnum ætlað minna hlutverk en áður. Styrkurinn til Skagafjarðarbátsins, sem ég nefndi áðan, þrjú þúsund kr., er alveg nýr styrkur, og er hugsað, að báturinn, sem nú gengur um Skagafjörð og til Siglufjarðar, fái þennan styrk. Þessum ferðum hefir verið haldið uppi undanfarið án styrks, vegna þess að þær standa í sambandi við mjólkurbú á Sauðárkróki. Þess vegna hygg ég, að þessar ferðir muni hafa borið sig. Og ég hygg einmitt, að með því að flóabáturinn frá Akureyri er ekki lengur látinn ganga til Skagafjarðar, hafi verkefni Skagafjarðarbátsins aukizt, þannig að meiri líkur séu til, að rekstur hans standist en áður hefir verið.

Þegar ég hefi nú gefið þessar upplýsingar, þá vænti ég, að hv. þm. sannfærist um, að þessi till., sem við hv. þm. Ak. berum fram, er mjög sanngjörn. Og þau ummæli, sem hv. þm. Skagf. hafði um þetta í kvöld, eru ekki rétt, sem mun stafa af því, að hann er ekki búinn að kynna sér þetta mál svo að vel sé.

Ég skal þá koma að brtt. á þskj. 451, sem ég hefi leyft mér að flytja ásamt hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Borgf. Er hún við 22. gr., um að stj. verði heimilað að láta nú fyrir næsta þing fara fram rannsókn á ritum Jóns Dúasonar og gera kostnaðaráætlun um útgáfu þessara rita. Fyrir Alþingi hefir legið erindi frá þessum manni, þar sem hann fer fram á, að ríkið hlutist til um, að þessi rit verði gefin út. Fylgja erindinu nokkur ummæli frá þekktum mönnum, sem nokkurt skyn bera á þetta mál. En svo er málum háttað, að þessi maður, dr. Jón Dúason, hefir unnið að því árum saman, fram undir áratug, að safna saman öllum gögnum, sem fyrir leggja bæði hér á landi og erlendis í söfnum og fræðiritum frá ýmsum tímum viðvíkjandi landnámi Íslendinga á Grænlandi og í Vesturheimi og veru Íslendinga á Grænlandi. Hefir hann einnig tekið að sér að rannsaka réttarstöðu Grænl. fyrr og síðar með tilliti til afstöðu okkar Íslendinga til þess lands. Ég skal ekki fara hér að tala um Grænlandsmál — þó að ef til vill væri þess vert, og þingið hefir á sínum tíma látið það mál til sín taka, — en aðeins segja það, að hvernig sem á það er litið, er í öllu falli um nokkuð þýðingarmikið mál að ræða. Í öðru lagi er enginn vafi á, að sú vinna, sem þessi maður hefir í þetta lagt, sem er allverulegur hluti af æfi hans, verðskuldar að minnsta kosti, að henni sé gaumur gefinn af hálfu hins opinbera og tekið verði til rækilegrar íhugunar, hvort ekki beri að styðja að því, að verk hans komi fyrir almenningssjónir. Þegar einstakur maður leggur á sig slíka vinnu, þá er sjálfsagt, að hið opinbera gefi því þann gaum að athuga, hvers virði það er. Ég fjölyrði ekki meira um þetta, en vænti þess, að hv. þm. sýni málinu þann skilning, sem það á skilið.

*Pálmi Hannesson: Að vísu er lítið gagn að mæla hér yfir tómum stólum í Alþingi. En ég á eina litla till. á þskj. 428, sem ég vil þó flytja örfá orð með. Hún er um það, að heimila ríkisstj. að greiða Jóni Ófeigssyni full laun, ef hann lætur af starfi í ár vegna veikinda. Ástæður eru þær, að dr. Jón Ófeigsson er og hefir verið mjög veikur og verður að taka sér hvíld frá kennarastörfum. Við væntum þess, að hann eigi afturkvæmt í skólann. En það er engan veginn víst. Hér á í hlut tvímælalaust einn merkasti skólamaður og kennari landsins. Hann er þekktur sem stúdentakennari fjöldamörg ár, kennslubókahöfundur og stórmerkur orðabókahöfundur. Þetta er landslýð kunnugt. En ég vil bæta hér enn nokkru við. Dr. Jón er framúrskarandi embættismaður, sem gerir öll sín embættisverk fullkomlega. Hann hefir að vísu þótt gera nokkrar kröfur til annara, en ég fullyrði, að hann hefir alltaf gert mestar kröfur til sín sjálfs.

Um þetta mál tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Ég vænti þess, að allir hv. þm. greiði atkv. með þessari till. minni.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég hefði haft löngun til að bera fram ýmsar brtt. við fjárlögin, sem ég tel ekki eiga minni rétt á sér en margt, sem tekið er inn af fjvn. Ég hefi samt stillt mig um það, því að vitanlega verður einhverntíma staðar að nema. Ég hefi komið fram með rétt eina brtt. á þskj. 428, XV, um það, að Ásgeiri Ólafssyni dýralækni í Borgarnesi sé veittur utanfararstyrkur til að kynna sér nýjungar í dýralækningum, einkum loðdýra. Ég skal færa rök fyrir þessu. Fyrst er þess að geta, að það er nauðsynlegt dýralæknum, ekki síður en öðrum læknum yfirleitt, að fylgjast nokkurn veginn með þeim nýungum, sem gerast á þeirra sviði. En til þess hafa þeir vitanlega ekki aðstöðu með því að sitja hér alltaf heima. Það er allt of lítið gert að því að veita dýralæknum okkar tækifæri til að fara utan öðru hverju og kynnast nýjungum. Nú stendur svo á um þennan dýralækni, að það eru 10—12 ár síðan hann lauk námi, og vitanlega hefir margt komið á daginn síðan, eins og í öðrum læknavísundum. En ofan á þetta bætist það, að nú er að rísa upp ný atvinnugrein í landbúnaðinum, loðdýraræktin. Enginn dýralæknir íslenzkur mun hafa lagt stund á þessa lækningagrein. Að vísu hefir fjvn. borið fram till. um það, að ungum dýralæknanema við háskólann í Kaupmannahöfn sé veittur styrkur með því skilyrði, að hann kynni sér þessa grein. Er það vel, en ég hygg, að nokkuð langur tími sé enn þangað til hann lýkur prófi. En í Borgarfirði er mikill áhugi fyrir aukinni loðdýrarækt, enda er hún þegar mikið tekin að aukast, sem ein af nokkrum tilraunum, sem gerðar hafa verið til að beina framleiðslu hér á landi inn á nýja braut, vegna þess afhroðs, sem bændur héraðsins hafa goldið af völdum fjárpestarinnar. Það er því mikil þörf, að einmitt maður í þessu héraði fái aðstöðu til að kynna sér meðferð og lækningu loðdýra, því að vitanlega mega bændur ekki við því, að þessi búnaðargrein verði mjög vanhaldasöm vegna þekkingarleysis og skorts á læknum. Ég tel því mikla nauðsyn, að

sá dýralæknir, sem hefir aðsetur í Borgarfjarðarhéraði, fái aðstöðu til að kynna sér meðferð loðdýra og loðdýralækningar.

Ég heyri sagt, að fyrir fjvn. hafi legið styrkbeiðni frá dýralækni á Austurlandi í svipuðu augnamiði. Að sjálfsögðu mæli ég ekki á móti slíku. En þar sem ég tel ekki líklegt, að hægt sé að senda út á einu ári meira en einn dýralækni, þá tel ég réttara, að sá í Borgarfirði gangi fyrir, bæði af því, að lengra er síðan hann lauk námi og því meiri nýjungar uppi síðan hann var að námi heldur en hinn, sem útskrifaðist fyrir einu eða tveimur árum. Og enn er það, að Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu, sem eru í umdæmi þessa dýralæknis, er það nauðvörn að koma upp loðdýrarækt til þess að reisa við fallinn atvinnuveg.

Ég sé, að komin er hér fram brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (PZ). Veit ég ekki, hvernig á að skilja hana, og vildi gjarnan fá skýringu. Mig langar til að vita, hvort þm. álítur, að þessi maður, sem ég hefi lagt til að fengi styrk, væri rangt feðraður. Ég hefi aldrei heyrt því fleygt fyrr, og vildi gjarnan vita rök, ef svo er, því að vitanlega er rétt að taka það, sem sannara reynist. En meðan ekki liggja óvefengjanleg rök fyrir því, að maðurinn sé Einarsson, en ekki Ólafsson, eins og prentað er í till. minni, þá vænti ég þess, að hv. þm. taki till. sína aftur. Því að ég geri ekki ráð fyrir, að um mannrán sé að ræða, eins og tíðkast í Vesturheimi. En ef svo er, að eigi að stela þessum manni út af fjárlfrv. og setja á annan stað, þá er tími til kominn, að *Alþingi Íslendinga setji löggjöf um hegninu við* mannránum, eins og nú er komin á í Vesturheimi.

Annars vil ég geta þess út af till. hv. þm. Borgf. um ábyrgðarheimild fyrir vatnsveitu á Akranesi, að ég hefi flutt svipaða beiðni fyrir Borgarnes, en var ekki sinnt, og sagt, að fyrir fjvn. lægju sex beiðnir frá ýmsum kaupstöðum og kauptúnum. Samkomulag varð í fjvn. um að vísa öllu frá í þetta skipti, hvað sem yrði á næsta þingi. Af þeim ástæðum tók ég ekki málið upp. (Rödd: Þessi till. verður felld vafalaust). *Í því trausti bar ég ekki fram hina till., annars* væri ég illa hlunnfarinn, því að ekki er þessa síður þörf í Borgarnesi en Akranesi.

*Páll Zóphóníasson: Það eru nokkur atriði, sem mig langaði til að tala um. En þar sem orðið er svo áliðið, skal ég ekki minnast á nema nokkuð af því. Ég hefi talað við fjvn. oftar en einu sinni um það, að það þyrfti að breyta nokkuð læknisvitjanastyrk í minu kjördæmi. Einn hreppur, sem hefir 300 kr. læknisvitjanastyrk, þarf ekki lengur á honum að halda, vegna bráðabirgðaráðstafana landlæknis um læknisvitjanir í þeim hreppi. En vegna sömu ráðstafana hafa aðrir hreppar þessa læknishéraðs yfir langan og erfiðan fjallveg að sækja og þurfa þess vegna læknisvitjanastyrks. En ekki þótti rétt að taka upp breytingu á þessu í fjárl., þar sem ekki er vitað, hvað lengi læknirinn situr þarna. Og þess vegna hefi ég fallið frá að koma með slíka brtt., en treysti því jafnframt, að meðan þetta ástand ríkir í Hróarstungulæknishéraði, verði af hæstv. stjórn og landlækni, sem hafa með þetta mál að gera, séð um það fyrst og fremst, að sá læknisvitjanastyrkur, sem átti að fara til Borgarfjarðarhrepps, sé látinn fara til hinna hreppanna, og bætt einnig við 200—300 kr., þótt ekki sé beint tiltekið í fjárl.

Þá vil ég í öðru lagi leyfa mér að benda á, að allmargir þm. eru með brtt. til viðauka á framlögum til vega. En ég hygg, að ýmsir þeirra hafi ekki áttað sig á, hvað það er, sem þeir bera fram. Á þskj. 402 er undir 90. lið, tölul. B. b, ætlazt til, að lagðar séu fram 110000 kr. til vegagerða á mæðiveikisvæðinu. Ég hygg, að við athugun muni allir þm. sjá, að það kemur gegnum þessar ráðstafanir minna vegafé inn á þessi svæði en ella, og þess vegna sé ekki ástæða til þess að samþ. þessa till., þó að hún sé fram komin.

Í sambandi við þetta vildi ég vekja athygli á því, að í 90. lið a. er gert ráð fyrir, að varið verði í sambandi við ráðstafanir gegn mæðiveikinni 300 þús. kr. *Ég vil benda á þetta af því,* að maður verður var við hér í þingi, að sumir líta svo á, að þetta svokallaða mæðiveikisvæði sé ekkert sérstakt svæði á landinu. Og þá vil ég láta þessa menn vera sjálfum sér samkvæma og vera á móti því, að verið sé að takmarka þetta svæði sérstaklega. Það verður áreiðanlega eitt af verkefnum þingsins, sem kemur saman í vetur, að gera í því máli eitthvað frekar en gert er í þessum fjárl. Þess vegna er rétt fyrir menn að athuga nú, hvaða tökum þeir vilja taka þessi mál.

Ég hefi ekki flutt hér nema eina litla brtt., þá sem hv. þm. Mýr. minntist á áðan. Hann hélt, að í þeirri brtt. lægi, að vafi léki á, hvort Ásgeir Þ. Ólafsson væri rétt feðraður og ég mundi vita eitthvað um faðerni hans. Svona er þessu þó ekki varið, heldur þannig, að fyrir hv. fjvn. lágu umsóknir frá tveimur dýralæknum. Önnur var frá Ásgeiri Þ. Ólafssyni um utanfararstyrk til að kynna sér nýjungar, að ég held í lækningum á húsdýrasjúkdómum. Hin var frá Ásgeiri Einarssyni um styrk til að kynna sér loðdýralækningar. Þegar ég sá brtt. hv. þm. Mýr., hélt ég, að þar væri um misritun að ræða, því að Ásgeir Þ. Ólafsson hafði aldrei sótt um styrk til loðdýralækninga. Hér er því um leiðréttingu að ræða frá minni hendi, sem er líka í samræmi við umsókn Ásgeirs Einarssonar, því að það er hann, sem hefir sótt um styrk til loðdýralækninga, en ekki Ásgeir Þ. Ólafsson. (BÁ: Vill hv. þm. ekki taka till. aftur?). Nei, alls ekki, því að það var Ásgeir Einarsson, sem sótti um þennan styrk, en ekki hinn. Ég skal ekki dæma um þessa menn, en vil þó benda á, að á síðasta þingi voru afgr. l. um búfjársjúkdóma, sem lögðu dýralæknum þá skyldu á herðar að koma í hvern hrepp og safna skýrslum um búfjársjúkdóma, og áttu þeir að fá 500 kr. fyrir. Ég talaði ekki í þessu máli, en ég lét í ljós við marga menn, að ég teldi vafasamt, að þessu yrði framfylgt, og ég held, að á þessu ári hafi enginn nema Ásgeir Einarsson gert þetta. (SvbH: Það voru aldrei samþ. l. um þetta; frv. dagaði uppi). Þetta sýnir þó, hvaða áhuga Ásgeir Einarsson hefir samanborið við hina dýralæknana, og því er

sjálfsagt að hjálpa honum til að auka þekkingu sína.

*Eiríkur Einarsson: Ég á brtt. við fjárl., en af því maður veit, hvernig högum er háttað, er ekki ástæða til að bæta miklu við vegna fjárhagsafkomunnar, og lét ég því nægja að bera fram eina smávægilega brtt. á þskj. 427, 10. lið. Er það lítilsháttar hækkun á framlagi til þjóðvegarins í Gnúpverjahreppi, eða úr 3000 kr. upp í 4500. Ég varð til þess að flytja þessa brtt. af því, að mér er það ljóst vegna kunnugleika míns, að þessi hreppur, sem liggur til fjalla, á yfir ákaflega miklar vegalengdir að sækja, og það til daglegra nauðsynja, þar sem menn verða þarna uppi í vegleysunum að brjótast við að flytja til mjólkurbús Flóamanna. Er þetta svo mikil fyrirhöfn og starf hjá þeim, að illkleift má teljast, þótt framkvæmt sé. Í þessu sambandi vil ég geta um það, að nágrannasveitir þessa hrepps til beggja hliða, Landmannahreppur og Hrunamannahreppur, hafa hærri styrk, þó að ég telji það ekki eftir, en viðurkenni, að það sé veitt að maklegleikum. T. d. var framlag til Landmannabrautar ákveðið miklu lægra í frv. heldur en það er nú, því að í fjárlagafrumvarpinu eins og það nú liggur fyrir er það ákveðið 10 þúsund krónur. Þetta sýnir, að sá vegur hefir haft góða meðmælendur, og er það vel farið. En ég tel, að þar sem 10 þús. eru lagðar til annarar sveitarinnar, en 8 þús. til hinnar, sem sé Hrunamannahrepps, þá sé ekkert samræmi í að veita ekki nema 3000 kr. til þessa hrepps, því að vegalengdir eru svo svipaðar hjá öllum þessum þremur hreppum, en það hefir verið svo nú í síðustu ár, að þessi hreppur hefir borið heldur lítið frá borði; en ég skal ekki fara nánar út í þá sálma.

Þá vil ég benda á, að þessi hreppur, Gnúpverjahreppur, verður fyrir mikilli áníðslu á sumrum á vegum sínum, sem stafar af því, að á einum efsta bæ sveitarinnar er gististaður, og er þangað sífelldur bílastraumur allt sumarið svo að segja hvern góðveðursdag, og segir sig sjálft, að það er mikil áníðsla á veginum. Þetta eru ástæður, sem ég vona, að hv. þm. sjái og vilji virða til réttlætingar fyrir þessari örlitlu hækkunartill., sem ég ber hér fram.

Það er talað hér um mæðiveikina í sambandi við vegagerð og aðrar fleiri framkvæmdir til þeirra sveita, þar sem þessi veiki er og von á henni. Við vitum ekki, hvenær hún kann að koma í þessar sveitir, en það getur orðið áður en varir. En ef á að fara að skilgreina, eins og mér virðist vaka fyrir hv. 1. þm. N.-M., hvaða fjárveitingar væru samþ. vegna veikinnar, þá veit ég satt að segja ekki, hvar á að draga markalínuna, því að það liggja fyrir till. um fjárframlög til vegagerða í nærri því öllum sveitum landsins, hvort sem þær eru á mæðiveikisvæðinu eða ekki.

Ég læt þá máli mínu lokið um þessa brtt, en fyrst ég stóð upp, þá vil ég aðeins minnast á tvö málefni, sem fyrir liggja. Annað er brtt. á þskj. 444, frá hv. 1. þm. Árn., um styrk til Mjólkurbús Ölfusinga. Hann mælti sjálfur fyrir till. réttilega í dag og óskaði eftir, að Alþingi veitti henni samþykki sitt, og þarf ég ekki að ítreka það. Ég vil aðeins taka þar í sama strenginn og óska eftir, að sem flestir, helzt allir hv. þm., verði til að samþ. hana eins og hún liggur fyrir, án alls tillits til þess, hvort ég hefði helzt viljað hafa hana eins og hún er eða í einhverju öðru formi, því að hún er sprottin af góðum vilja og mikilli nauðsyn.

Þegar Ölfusbúið var reist samtímis Flóabúinu, þá var ég einn þeirra, sem unnu að því að koma upp búinu fyrir austan Ölfusá, og ég var einn þeirra manna, sem voru ákveðið á móti því, að Ölfusbúið væri reist. Ég áleit glapræði að reisa tvö bú svona sitt á hvorri þúfu. En ég gat þar engin áhrif haft, heldur fengu aðrir því ráðið, að reist voru tvö bú. En úr því að sú varð niðurstaðan, að búin urðu tvö, þá tel ég, að það sé þingleg skylda að styðja að því, að þetta bú, fyrst það er til og starfar, líði ekki þrengingar, heldur fái staðizt. Að búinu standa margir bændur með miklum trúnaði og þrautseigju, þrátt fyrir alla þeirra erfiðleika, og þegar mæðiveikin er komin inn í þeirra sveit og þegar Ölfusið er kúasveit og til þess ætluð af náttúrunnar hendi, þá aukast enn rökin fyrir því, að nauðsyn sé að styðja mjólkurframleiðslu þessara bænda og mjólkurbú þeirra.

Svo er það þetta stóra vegamál, Suðurlandsbrautin. Það sýnist koma úr hörðustu átt frá mér, sem svo oft hefi farið og flækzt milli Reykjavíkur og austursveitanna, bæði vetur og sumar, ef ég fer að mæla á móti mikilli fjárveitingu til þessarar vegagerðar, enda er öðru nær en ég vilji gera það. En ég vil ekki láta þetta þing svo hjá líða, að ég mótmæli ekki né sýni fram á, hversu röng ákvörðun það er, að Suðurlandsbrautin skuli hafa verið ákveðin á þeim stað, sem raun hefir á orðið, þar sem á að króklegga hana suður í Krýsuvík, 40—50 km. lengra en þurfti að vera, og engin rök hafa enn komið fram, sem hafa sýnt, að sú leið væri ekki eins góð, ef einhverjir annarlegir duttlungar hefðu ekki ráðið því, að lengri leiðin var valin suður í Krýsuvík. En þó að 10 þing í röð og breiðfylking hvers þings í röð segi, að það skuli vera Krýsuvíkurleiðin, þá tek ég í strenginn með þeim, sem segja— og undir það mun framtíðin taka —, að þetta var rangt, því að það er rangt að verja 150 þús. kr. af atvinnubótafé og benzínskatti til að halda áfram þessum vegi. Vitanlega er þetta nauðsynleg fjárveiting og rétt að láta atvinnubótaféð fara til þess, úr því að þetta ráð var tekið, í staðinn fyrir að leggja veginn á hinum staðnum, þar sem hann átti að vera.

*Þorbergur Þorleifsson: Ég þarf ekki að standa upp til þess að mæla fyrir neinni brtt. við fjárl., vegna þess að ég hefi enga borið fram. Ég taldi mér það skyldu sem einn af fjvnm. að flytja ekki hækkunartill. við þetta frv., þó að ég hafi tilhneigingu til að flytja ýmsar brtt. eins og hver annar þm. En ég stend hér upp af því að ég finn mig knúðan til að segja nokkur orð í tilefni af því, að nokkrir hv. þm. hafa flutt till. um að fella niður eða lækka styrk til nokkurra rithöfunda á 18. gr. Það mun vera svo, að ég sé talinn fulltrúi þeirra manna hér á

þingi, sem hafa þann hugsunarhátt, að slíkir styrkir, eða réttara sagt laun, eigi nokkurn rétt á sér. Og það er síður en svo, að það sé andstætt vilja alþýðu manna í landinu, að slík laun séu veitt þeim, sem geta lagt eitthvað verulegt af mörkum á þessu sviði, nefnilega á sviði lista og vísinda. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að á umliðnum öldum hefir það, sem skáld og snillingar þjóðarinnar hafa lagt af mörkum, ekki síður en annað orðið til þess að halda lífinu í þjóðinni gegnum allar þær hörmungar, sem yfir hana hafa dunið. Það er að vísu svo komið, að það er ákaflega erfitt fyrir ríkissjóð að geta staðið undir öllum þeim greiðslum, sem það opinbera þarf að inna af höndum. En ég held samt, að þegar reynt er til að lækka þessi fjárl. með því að fella niður nokkur skáldalaun á 18. gr., sem að upphæð eru fáar þúsundir króna, þá sé óhætt að segja, að verið sé að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Það er að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægstur þegar verið er að hneppa af þeim, sem eru að reyna að hugsa fyrir þjóðina og lýsa henni á framtíðarbrautinni. Ég fullyrði, að þeir, sem flutt hafa þessa brtt., hafa ekki gert sér grein fyrir því, að þeir eru að fremja ranglæti með flutningi hennar. Og þar sem tekjur ríkissjóðs eru teknar ekki aðeins með beinum sköttum, heldur einnig með tollum, hér eins og víða annarsstaðar, þá er það víst, að öll alþýða manna borgar eitthvað í ríkissjóð, bæði ríkir og fátækir. En það er alveg óhrekjanleg staðreynd, að í þessum fjárl. er ekkert, sem kemur að eins almennu gagni og veldur eins almennri ánægju og það, sem skáld og listamenn láta af höndum og þeir eru launaðir ofurlítið fyrir á þessari 18. gr. Það er þess vegna bein árás á hagsmuni fólksins, að gera tilraun til þess að svelta skáld og listamenn þjóðarinnar, svo að hugsunarháttur þeirra nái síður út til fólksins. Það er enginn maður svo djúpt sokkinn niður í eymd og niðurlægingu, að hann hafi ekki ánægju af einhverri tegund listar. Ég skal taka t. d. söng-listina. Hver er það, sem hefir ekki ánægju af söng? Barnið í vöggunni og gamalmennið í kör hefir jafnvel ánægju af þessari list. Hún nær til allra, ungra og gamalla, svo að aðeins ein tegund listar sé nefnd. Við vitum líka, hvað leikrit, kvæði og sögur skálda fljúga út meðal allra og brenna sig inn í hverja einustu mannssál í landinu. Og ætli mörgum alþýðumönnum fyndizt ekki dagarnir dimmir og nóttin löng, ef þessu öllu væri kippt burt? Og ef það er svo, sem enginn mun þora að neita, að andlegir fjársjóðir skálda og listamanna séu einhvers virði, þá leiðir af sjálfu sér, að þessir menn eiga heimtingu á að fá eitthvað fyrir þá vinnu, sem þeir vinna, ekki einu sinni fyrir nútíðina, heldur einnig alla framtíð. Fyrir löngu síðan hefir þetta líka verið viðurkennt af allri þjóð, fyrir löngu síðan hefir Alþingi viðurkennt þetta, fyrir löngu síðan hafa skáld og listamenn verið teknir upp á fjárl. til þess að gefa þeim tækifæri til að lifa eins og aðrir menn og vinna að hugðarmálum sínum, sem um leið hafa verið hugðarmál allra hugsandi manna í landinu. Á 15. gr. fjárl., þar sem eru fjárveitingar til vísinda, bókmennta og lista, voru fyrst tekin flest skáld og listamenn, — á þá gr. hafa síðan verið tekin ýmis skáld og listamenn og standa þar enn þann dag í dag. En það er ekki skoðað sem fastur samningur um ókomin ár, þó að maður sé tekinn á þessa gr. fjárl., enda hefir það oft verið svo, að þótt eitthvert skáld eða listamaður sé tekinn upp á þessa gr. í ár, þá hefir ekkert þótt við það að athuga, þótt hann hafi verið felldur niður næsta ár. Þess vegna var það, að Alþingi þótti það á sínum tíma ekki nægilega tryggt með þá andans snillinga, sem það vildi tryggja, að gætu lifað og starfað meðal þjóðarinnar, að þeir fengju að standa á þessari gr. Þess vegna varð það úr að setja þau skáld og rithöfunda og listamenn á aðra gr. fjárl., 18. gr., og hefir það verið skoðað sem fastur samningur við viðkomandi persónur, sem teknar hafa verið á þá gr. Og til þess að tryggja, að ýmsir þeir menn, sem Alþingi áleit, að launa skyldi fyrir sín störf, skyldu ekki eiga undir duttlungum Alþingis í hvert skipti, hvort þeir fengju að lifa áfram eða ekki, þá voru þessir menn settir á 18. gr.

Nú er það svo, að þessi skáld og þessir listamenn eru bláfátækir, því að það er ekki arðsvon af þeirra starfi, enda mun varla nokkurt skáld eða listamaður geta lifað af því starfi, sem þeir vinna fyrir fólkið. En með því að setja slíka menn á 18. gr. var litið svo á, að einskonar samningur hefði verið gerður við þá, að þeir skyldu hafa áfram þau laun, sem þeim voru ákveðin, þegar þeir voru settir á þessa gr. Nú á að færa þessum mönnum þá jólagjöf að skammta þeim enn minna. Hvað myndu t. d. embættismenn segja, ef eins væri gert við þá?

Ég sé hérna í dyrunum að deildinni aldraðan mann, sem róið hefir á sjó margar vertíðir, en síðan skrifað listrænar bækur. Hann er nú kominn um sjötugt. Fyrir 2 árum ætlaði Alþingi honum nokkurn styrk og setti hann á þessa gr. Á nú að vísa honum út á hafið aftur og neyða hann til að hætta við merkilegt verk? Ef ekki er hægt að treysta Alþingi til að standa við hluti, sem almennt eru skoðaðir sem samningar, er þess ekki að vænta, að virðingin fyrir Alþingi fari vaxandi.

Hv. þm. A.-Húnv. virðist vera mjög hneykslaður á ritum Halldórs Kiljans Laxness. Hann sagði, að þeir tveir hv. þm., sem flytja brtt. um að lækka skáldalaun hans, hafi í rauninni báðir verið sammála um að fella hann alveg niður af fjárl. Hv. þm. sagði ennfremur, að það, að veita þessum höfundi ritlaun, væri svartasti bletturinn á fjárl. okkar Íslendinga. Ég býst varla við, að hv. þm. sé ljóst, að með slíkum ummælum er hann einmitt að styðja hugsunarhátt fólksins á Fæti undir Fótarfæti, sem H. K. L. getur um í síðustu sögu sinni, en það fólk leit svo á, að skáldmenning væri einskonar plága, líkt og svarti dauði til dæmis, sem þyrfti að útrýma. Þetta er sá hugsunarhátturinn, sem svelti Bólu-Hjálmar, drap Sigurð Breiðfjörð og lét Jónas Hallgrímsson veslast upp af skorti handan við hafið, í landi, sem stundum hafði reynzt þess háttar Íslendingum jafnvel meiri griðastaður en sjálft heimalandið. Er hv. þm. ljóst,

að hann er að stuðla að því, að saga Ólafs Kárasonar Ljósvíkings endurtaki sig? En á sama hátt og fólkið á Fæti undir Fótarfæti skildi ekki Ólaf Kárason, eins má segja, að hv. þm. skilji ekki H. K. L., þó að sá munur sé hér á, að fólkið á Fæti var heimskt og óupplýst, en hvorugt er, sem betur fer, hægt að segja um hv. þm. A.-Húnv.

Hv. þm. A.-Hún. hefir þann metnað fyrir sína þjóð að vilja ekki, að þjóðin fái að heyra þessar sögur úr fortíð sinni, sem eru raunar engu ljótari en sögur þær ýmsar, sem nú eru að gerast víða um heim, t. d. á Spáni og annarsstaðar. En ég hefi þann metnað fyrir mína þjóð, að ég vil ekki, að saga Ólafs Kárasonar Ljósvíkings endurtaki sig. Ég vil ekki, að litið sé á skáld og listamenn eins og litið var á hreppsómaga á undanförnum öldum.

Um það má vitanlega alltaf deila, hversu há skáldalaun eigi að vera. Það þótti ýmsum glannalegt, þegar Alþingi veitti H. K. L. 1934 þau hæstu skáldalaun, sem veitt hafa verið hér á landi. En fyrir þessu voru þó færð mjög gild rök í hv. fjvn., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr nál. eftirfarandi:

„Þá leggur nefndin til, að Halldór Kiljan Laxness fái rithöfundarlaun til jafns við hið aldurhnigna höfuðskáld Einar Benediktsson. Hefir Halldór að baki sér glæsilega braut sem rithöfundur. Hefir hann farið víða um lönd, numið tungur og siðvenjur annara þjóða, en jafnframt orðið einn hinn orðauðugasti og snjallasti maður að rita móðurmál sitt og skilja eðliseinkenni sinnar eigin þjóðar. Hann hefir óvenjulega mikla skapandi gáfu, svo að hann minnir þar mest á Matthías Jochumsson. En slík er aðstaða þvílíks skálds með fámennri þjóð, að í ritlaun fær H. K. L. fyrir hinar síðustu bækur sínar svo sem ⅓ hluta þess, sem hóflegt þykir, að framkvæmdarstjóri í togarafélagi fái til árlegrar eyðslu hér í Reykjavík. En það er hverjum manni ofvaxið að skrifa árlega þvílíka bók eins og Sjálfstætt fólk. Með svo miklu átaki, ekki sízt í sárri fátækt, slítur jafnvel hið mesta skáld kröftum sínum á fáum árum.

Með því að tryggja Halldóri K. Laxness föst laun á borð við það, sem lágt settir verzlunarmenn fá hér í bænum, er stefnt að því, að hann geti með þeirri hagsýni, sem honum er lagin, lifað sem óháður rithöfundur og ritað bækur sínar eftir því sem viðfangsefni leyfa, en ekki til að hafa undan prentaranum. Halldór Kiljan er sá nútímarithöfundur, þeirra, sem nú rita á íslenzku, sem langnæst stendur því að geta unnið sér og landi sínu skáldfrægð með öðrum þjóðum og á þann hátt aukið hróður lands síns og þjóðar“.

Þetta eru þau rök, sem þá voru færð fyrir því, að þessi maður yrði settur á fjárl. Síðan eru liðin nokkur ár, og á þeim hefir skáldfrægð Halldórs aukizt stöðugt, utan lands og innan. Jafnvel hörðustu andstæðingar hans, eins og t. d. Guðmundur Friðjónsson, verða að viðurkenna, að hér er um snilling að ræða. Ef rétt hefir verið á sínum tíma að taka hann upp á fjárl., hvaða rök liggja þá til þess, að rétt sé að taka hann þaðan nú, eftir að hann hefir að staðaldri numið enn ný lönd og nú að síðustu gefið út safn af ritgerðum, þar sem sumt er með því merkilegasta, sem skrifað hefir verið á íslenzku?

Hugsunarháttur hv. þm. A.-Húnv., sem kemur fram í þessu máli, er enginn annar en hugsunarháttur fólksins á Fæti undir Fótarfæti. Og saga Ólafs Kárasonar Ljósvíkings er engin önnur en saga íslenzku þjóðarinnar gegnum aldirnar. Nú vill hv. þm. láta þessa sögu endurtaka sig hér á Alþingi. Framkoma hv. þm. er að vísu áferðarfallegri en fólksins, sem ég gat um, en hugsunarhátturinn er í raun og veru hinn sami, sá, að þessir andans snillingar séu einskis virði og að þá beri að þurrka út.

Hv. 3. þm. Reykv. upplýsti það hér, sem ég vil þakka honum fyrir, að H. K. L. hefði ekki miklar tekjur af ritum sínum, er þýdd væru á erlend mál, vegna svonefnds gagnkvæms rithöfundaréttar, svo að þess vegna getur ekki verið um að ræða ástæðu til að fella hann niður af fjárl. En annars teldi ég það ekki svo voðalegt, þó að skáld hefði sæmilegar tekjur. Það er ekki verið að hneykslast á því, þó að menn, sem t. d. selja ýmiskonar varning, hafi miklar tekjur, ef til vill allt upp í 100 þús. kr. á ári, en ef það kemur í ljós, að skáld hafi miklar tekjur, þá kveður oft við annan tón.

Hvernig sem á er litið, verður það að teljast óverjandi að fella niður nokkurn af þeim listamönnum og skáldum, sem teknir hafa verið upp á 18. gr. Það yrði aldrei hægt að skoða öðruvísi en sem einskonar svik við þessa menn. Þeir hafa reitt sig á að fá þennan styrk í framtíðinni. Margir hv. þm. hafa sjálfir orðið að berjast fyrir lífi sínu einhverntíma, og ættu þeir því að geta skilið, hversu illa það gæti komið sér, ef þessir menn yrðu sviptir styrk sínum, sem þeir eiga eins mikinn rétt á og aðrir launþegar hins opinbera í landinu á sínum launum.

Það væri ef til vill ástæða til að fara lengra út í þetta mál, en vegna þess, að orðið er áliðið nætur, mun ég ekki gera það. En ég treysti svo á drengskap hv. þingmanna, að ég vona fastlega, að þeir láti þessar till. fara sömu leið og þær hafa farið á undanförnum þingum.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Það er aðeins lítil leiðrétting, sem ég vildi bera fram. Ég ætla raunar ekki að fara að blanda mér í deilu þeirra hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Mýr. út af styrknum til stéttarbræðra minna. En hv. 1. þm. N.-M. kom fram með ásökun á okkur dýralækna, er hann sagði, að sá, sem hann vildi mæla með um að hljóta styrk, væri sá eini dýralæknanna, sem framkvæmt hefði ákveði laga frá síðasta þingi. Það er mikil ásökun í garð okkar hinna dýral. að halda því fram, að við höfum sett okkur á móti landsl. Þetta væri vitanlega hart, ef satt væri. En sannleikurinn er sá, að þessi l. voru aldrei sett, eins og hv. þm. vill vera láta. Þau eru ekki til. Á síðasta þingi var borið fram frv. af hv. 2. þm. N.-M., og gekk það í þá átt, er hv. 1. þm. N.-M. vill vera láta, að orðið hafi að l. En frv. þetta dagaði uppi. Af þessu er ljóst, að við 4 embættisdýralæknar og Ásgeir Einarsson höfum hér ekki brotið í

bága við nein l. Við getum ekki hafa brotið í bága við lagastaf, sem aldrei var til.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Þó að það kynni að hafa þýðingu að tala nokkuð um brtt. þær, sem hér liggja fyrir, eru tvær ástæður til þess, að ég læt það hjá líða. Önnur er sú, að áliðið er nætur, en hin þó veigameiri, sú, að ég hefi ekki getað haldið fund í fjvn., svo að það, sem ég segði, myndi ekki vera álit fjvn. allrar. En ég mun gera till. um það við mína flokksmenn, hverjar till. beri að samþ. og hverjum að hafna. Annars hefir ekki gefizt tilefni þess, að ég tæki hér til máls, af því að fjvn. hafi verið áreitt. Hv. þm. hafa þvert á móti talað mjög hlýlega um störf n., og við 2. umr. var aðeins af einum hv. þm. deilt á n. vegna nokkurra atriða. Ég fyrir mitt leyti get því vel við unað.

Flestar af till. til útgjalda, er hér hafa verið lagðar fram, eru frá Kommfl., og þá öllum þm. hans í sameiningu. Ég ámæli þeim ekki, þó að þeir beri fram slíkar till. Það gera flestir flokkar, sem fámennir eru á þingi. Tel ég flestar þessar till. bera almenningsheill fyrir brjósti, og væru þær góðar í sjálfum sér, af fjármunir væru fyrir hendi til að fullnægja þeim. — Upphæðirnar nema alls um 1½ millj. kr., þegar búið er að draga frá lækkunartill., er fram hafa komið. Sjá væntanlega allir hv. þm., hver fjarstæða væri að samþykkja þær og afgreiða þannig fjárl. með 1½ millj. kr. greiðsluhalla. Af þessari 1½ millj. kr. upphæð hafa kommúnistar borið fram till. um 1,2 millj. kr. útgjöld. Þá hafa kommúnistar komið með till. um 700 þús. kr. ríkisábyrgð, en aðrir flokkar 250 þús. kr. Að því athuguðu, að Kommfl. er lítill á þingi, er eðlilegt, að hann láti í ljós skoðun sína með fjárkröfum. En þessar kröfur eru yfirleitt tiltölulega hógværar, eins og kröfur annara hv. þm., og sýnir það, að álit manna á störfum fjvn. muni vera það, að hún hafi gert sitt bezta.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil hér með færa hv. fjvn. þökk fyrir starf hennar. Mér hefir oft, síðan ég tók við ráðherraembættinu, fundizt fjvn. starfa vel, en þó aldrei betur en nú. Ég er ánægður með þær niðurstöður, er hún hefir komizt að, og vil ég færa henni þakkir fyrir.

Forseti (JBald): Hv. þm. Snæf. á allmargar till. á þskj. 437, og hefir hann ekki talað fyrir þeim enn. Ætla ég þá, að flestir aðrir hafi talað fyrir sínum brtt.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hringdi til hans fyrir klukkutíma og benti honum á, að komið væri að honum um að tala fyrir till. En fyrst hann er ekki kominn, býst ég ekki við að hann komi héðan af.

Umr. (atkvgr.). frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 20. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 406,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 406,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 406,3—22 samþ. með 45:1 atkv.
— 402,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 406,23 kom ekki til atkv.
— 427,I felld með 30:3 atkv.
— 402,2—3 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 427,II felld með 30:4 atkv.
— 427,III felld með 34:3 atkv.
— 402,4 samþ. með 46:1 atkv.
— 402,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 402,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 402,7 samþ. með 35:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BjB, BSn, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, HG, HelgJ, HV, IngP, JakM, JBald.

Nei: PZ, TT, BJ, BÁ.

SÁÓ, BrB, EOl, EE, GG, GSv, HermJ, ÍslH, JJós greiddu ekki atkv.

1 þm. (GL) fjarstaddur.

Brtt. 402,8 samþ. með 37:1 atkv.
— 402,9 samþ. með 40:7 atkv.
— 437,I,1 felld með 26:15 atkv.
— 437,I,2 felld með 25:16 atkv.
— 427,V felld með 26:18 atkv.
— 427,VI felld með 25:14 atkv.
— 427,VII felld með 27:4 atkv.
— 427,VIII tekin aftur.
— 402,10 samþ. með 35:2 atkv.
— 402,11 samþ. með 34:6 atkv.
— 402,12 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 402,13 samþ. með 35:6 atkv.
— 402,14 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 427,IX,1.a tekin aftur.
— 427,IX,1.b felld með 25:18 atkv.
— 402,15 samþ. með 34:5 atkv.
— 427,IX,2 felld með 26:16 atkv.
— 427,X felld með 26:15 atkv.
— 427,XI,1 felld með 27:6 atkv.
— 427,XI,2 kom ekki til atkv.
— 427,IV felld með 35:6 atkv.
— 402,16—22 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 427,XII felld með 46:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, ÍslH.

nei: SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GSv, GL, HG, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JakM, JJós, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PHalld, PO, JBald.

Brtt. 402,23 samþ. með 33:10 atkv.
— 444,I felld með 25:16 atkv.
— 444,II felld með 25:11 atkv.
— 427,XIII samþ. með 33:1 atkv.
— 402,24 samþ. með 31:7 atkv.
— 402,25 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 402,26 samþ. með 31:5 atkv.
— 427,XIV felld með 27:12 atkv.
— 402,27—32 samþ. með 34:6 atkv.
— 427,XV felld með 28:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHalld, SEH, SK, TT, ÞBr, ÁJ, BJ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, GL, ÍslH, JakM, JJós, MT, ÓTh.

nei: PHann, PO, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH,

VJ, ÞorbÞ, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ.
JBald greiddi ekki atkv.
1 þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 402,33 samþ. með 32:5 atkv.
— 402,34 samþ. með 31:3 atkv.
— 437,II.1 felld með 25:16 atkv.
— 402,35 samþ. með 35:1 atkv.
— 402,36 samþ. með 34:5 atkv.
— 402,37 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 402,38 samþ. með 27:4 atkv.
— 427,XVI (aðaltill.) felld með 25:12 atkv.
— 427,XVI (varatill.) felld með 25:18 atkv.
— 427,XVII (aðaltill.) felld með 27:7 atkv.
— 427,XVII (varatill.) felld með 25:11 atkv.
— 402,39—41 samþ. með 33:1 atkv.
— 437,II.2 felld með 27:12 atkv.
— 402,42—43 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 402,44 samþ. með 27:7 atkv.
— 427,XVIII felld með 24:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, ÍslH, JakM, JJós, MJ, ÓTh, SEH, SK, SÁÓ, StSt, TT, VJ, ÞBr, ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, EE, FJ, GÞ, GSv, GL.
nei: HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, GG, HG, JBald.
JPálm[1]), PHalld greiddu ekki atkv.

Brtt. 437,III felld með 29:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, BJ, BSn, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv, GL, ÍslH, JakM, JJós, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, TT, ÞBr.
nei: ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JPálm, JJ, JörB, PZ, PHann, PO, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞÞ, JBald.
PHerm greiddi ekki atkvæði.

Brtt. 402,46 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 402,47 samþ. með 36:1 atkv.
— 427,XIX felld með 25:5 atkv.
— 427,XX.1 felld með 25:14 atkv.
— 427,XX.2 felld með 25:18 atkv.
— 402,48 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 402,49 samþ. með 33:2 atkv.
— 402,50 samþ. með 35:4 atkv.
— 402,51—52 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 428,I.1 felld með 27:6 atkv.
— 428,I.2 felld með 28:10 atkv.
— 428,I.3 felld með 28:10 atkv.
— 428,II samþ. með 25:5 atkv.
— 402,53 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 402,54 samþ. án atkvgr.
— 402,55 samþ. með 31:4 atkv.
— 428,III felld með 25:15 atkv.
— 428,IV felld með 27:8 atkv.
— 402,56—57 samþ. með 31:2 atkv.
— 428,V.1.a (aðaltill.) felld með 27:19 atkv.
— 428,V.1.a. (varatill.) samþ. með 23:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TT, ÁJ, BSn, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GSv, GL, HG, ÍslH, JakM, JJós, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, StSt, JBald.
nei: StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BJB, EÁrna, EystJ, GG, HelgJ, HV, IngP, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
3 þm. (ÞBr, BJ, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 428,V.1.b (aðaltill.) felld með 27:7 atkv.
— 428,V.1.b (varatill.) felld með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, StgrSt, ÞorbÞ, ÞBr, ÁJ, BSn, EÁrna, GÞ, GSv, GL, JakM, JJós, JPálm, MJ, ÓTh, PO, SEH, SK.
nei: SvbH, TT, VJ, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EOl, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, HV, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHalld, SÁÓ, JBald.
BrB, EE, IngP, greiddu ekki atkv.
4 þm. (EmJ, HermJ, ÍslH, PHann) fjarstaddir.

Brtt. 428,V.1.c felld með 19: 19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, EmJ, GÞ, GSv, GL, HV, ÍslH, JakM, JJós, MJ, ÓTh, PO, SEH, SK, TT, ÞBr, ÁJ, ÁÁ.
nei: BjB, EÁrna, EystJ, GG, HelgJ, IngP, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHalld, SÁÓ, SkG, SvbH, VJ, ÞÞ, BÁ, JBald.
BSn, EE, FJ, HG, HermJ, PHann, StgrSt, ÞorbÞ, greiddu ekki atkv.
3 þm. (StSt, BJ, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 428,V.1.d felld með 25:22 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SK, SÁÓ, StSt, TT, ÞBr, ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EÁrna, EOl, EE, GÞ, GSv, GL, HG, HV, ÍslH, JakM, JJós, MJ.
nei: PO, SkG, StgrSt, VJ, ÞorbÞ, ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HelgJ, HermJ, IngP, JPálm, JörB, PHerm, PZ, PHann, PHalld, JBald.
2 þm. (SvbH, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 402,58 samþ. með 25:10 atkv.
— 437,IV samþ. með 25,18 atkv.
— 402,59 samþ. með 40:1 atkv.
— 402,60 samþ. með 34:2 atkv.
— 402,61 samþ. með 35:2 atkv.
— 402,62.a samþ. með 36:1 atkv.
— 402,62.b samþ. með 25:6 atkv.
— 402,63 samþ. með 39:3 atkv.
— 402,64 samþ. með 27:4 atkv.
— 402,65 samþ. með 27:3 atkv.
— 428,V.2 felld með 25:11 atkv.
— 428,VI felld með 33:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, ÍslH, JakM.
nei: JörB, MJ, PZ, PHann, PHalld, PO, SEH, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EystJ, GG, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JPálm, JJ, JBald.
EmJ, FJ, HG, JJós, greiddu ekki atkv.
8 þm. (BJ, GÞ, GL, HV, ÓTh, PHerm, SK, TT) fjarstaddir.

Brtt. 402,66 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 428,VII felld með 27:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, PHalld, PO, SEH, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁJ, BSn, EE, GSv, JakM, JPálm, JJ.

---

1) **JPálm**: Eg var alveg á móti því að hækka tillag til þessara héraðsskóla nokkurn hlut, eins og kom fram við síðustu umræðu; en þar sem nú er búið að minu áliti að sýna rangindi um úthlutun þessa fjár, frá því sem ég tel eðlilegt, greiði ég ekki atkv.

nei: JörB, PHerm, PZ, PHann, SÁÓ, SkG, SvbH. VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, BrB, EÁrna, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG[1]), HelgJ, HermJ, HV, IngP, ÍslH, JBald.

JJós greiddi ekki atkv.

6 þm. (SK, TT, ÞBr, BJ, GÞ, GL) fjarstaddir.

Brtt. 428,VIII felld með 26:8 atkv.
— 402,67—73 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 428,IX felld með 32:3 atkv.
— 402,74 samþ. án atkvgr.
— 428,X felld með 36:5 atkv.
— 402,75 samþ. með 29:2 atkv.
— 402,76 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 428,XI felld með 25:9 atkv.
— 428,XII samþ. með 25:19 atkv.
— 428,XIII felld með 25:13 atkv.
— 428,XIV (aðaltill.) felld með 25:12 atkv.
— 428,XIV (varatill.) felld með 29:13 atkv.
— 402,77 samþ. með 35:1 atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Ég vil vekja athygli á því, að það er vafasamt, hvort næsta brtt. (450) getur komizt að, því að hún er borin fram sem leiðrétting á brtt. minni, en er um það, að feðra upp manninn, sem um er að ræða. Ég sé ekki, að það sé á færi Alþingis að gera slíkt.

Forseti (JBald): Mér skilst á hv. flm., að hann vilji ætla fjárveitinguna manni í öðrum landsfjórðungi. En ég skal játa, að þetta er óvenjulega orðað.

Pétur Ottesen: Ég vil taka undir það með hv. þm. Mýr., að það er ekki rétt að lögleiða allt önnur nöfn en vottorðin sýna.

Bergur Jónsson: Ég vil spyrja hv. 1. þm. N.-M., hvað hann meini. Brtt. hans er um orðalag á faðerni manns, og ég býst við, að hv. þm. óski eftir frekari skýringu á því.

Brtt. 450 felld með 30:9 atkv.
— 428,XV felld með 25:12 atkv.
— 402,78 samþ. án atkvgr.
— 402,79 samþ. með 26:1 atkv.
— 428,XVI.1 felld með 28:3 atkv.
— 428,XVI.2 felld með 29:4 atkv.
— 428,XVI.3 felld með 30:3 atkv.
— 428,XVI.4 felld með 26:3 atkv.
— 428,XVI.5 felld með 26:3 atkv.
— 402,80—81 samþ. með 29:4 atkv.
— 437,V.1 felld með 25:14 atkv.
— 428,XVII (aðaltill.) tekin aftur.
— 428,XVII (varatill.) samþ. með 30:1 atkv.
— 402,82 samþ. án atkvgr.
— 437,V.2 felld með 25:13 atkv.
— 402,83—85 samþ. með 33:2 atkv.
— 428,XVIII tekin aftur.
— 402,86—90 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 402,91 samþ. með 25:8 atkv.
— 428,XIX (aðaltill.) felld með 25:15 atkv.
— 428,XIX (varatill.) felld með 25:16 atkv.
— 402,92—93 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 437,V.3 felld með 26:8 atkv.
— 402,94 samþ. með 27:5 atkv.

1) **Atvmrh.:** Ég tel, að það sé æskilegt og sennilega hægt að leggja fram nokkuð af atvinnubótafénu til þessara framkvæmda, en þar sem með samþykkt brtt. á undan er búið að binda svo mikið af því, tel ég ekki fært að binda þetta til viðbótar, og segi því nei.

Brtt. 428,XX felld með 27:10 atkv.
— 402,95.a samþ. með 27:13 atkv.
— 402,95.b samþ. með 30:4 atkv.
— 428,XXI felld með 28:7 atkv.
— 402,96—97 samþ. með 33:1 atkv.
— 428,XXII (aðaltill.) felld með 25:10 atkv.
— 428,XXII (varatill.) felld með 26:16 atkv.
— 428,XXIII tekin aftur.
— 402,98—121 samþ. með 34:1 atkv.
— 428,XXIV felld með 25:16 atkv.
— 428,XXV felld með 25:6 atkv.
— 428,XXVI felld með 28:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: BJ, BSt, BrB, EÁrna, EOl, EmJ, FJ, HV, IngP, ÍslH, PZ, SÁÓ, SkG, SvbH.

nei: ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, BÁ, BjB, BSn, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JakM, JJós, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, PHalld, PO, SEH, SK, StSt, StgrSt, TT, VJ, JBald.

ÁÁ, GL greiddu ekki atkv.

5 þm. (HG, HermJ, JPálm, JJ, PHann) fjarstaddir.

Brtt. 428,XXVII felld með 22:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, TT, ÞBr, ÞÞ, BJ, BSn, GSv, GL, JakM, JJós, JPálm, PZ, PHalld, PO, SK, SkG.

nei: StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BjB, BrB, EOl, EmJ, EystJ, HG, HelgJ, HV, IngP, ÍslH, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, JBald.

ÁJ, BSt, EÁrna, EE, FJ, GÞ, HermJ, SEH, SÁÓ greiddu ekki atkv.

2 þm. (GG, PHann) fjarstaddir.

Brtt. 428,XXVIII felld með 25:17 atkv.
— 428,XIX.1 samþ. með 26:8 atkv.
— 428,XIX.2 felld með 27:4 atkv.
— 402,122.a samþ. með 31:1 atkv.
— 402,45 samþ. án atkvgr.
— 402,122.b samþ. með 37:1 atkv.
— 428,XXIX.3—5 felld með 27:5 atkv.
— 402,123 samþ. með 26:2 atkv.
— 428,XXX samþ. með 29:11 atkv.
— 402,124 samþ. án atkvgr.
— 437,V.4 felld með 27:14 atkv.
— 437,V.5 felld með 25:16 atkv.
— 402,125—126 samþ. með 27:1 atkv.
— 437,V.6 samþ. með 25:16 atkv.
— 402,127—128 samþ. án atkvgr.
— 428,XXXI felld með 29:4 atkv.
— 428,XXXII samþ. með 44 shlj. atkv.
— 402,129 samþ. án atkvgr.
— 444,III samþ. með 26 shlj. atkv.
— 451 samþ. með 37:1 atkv.
— 428,XXXIII tekin aftur.
— 428,XXXIV samþ. með 27:3 atkv.
— 428,XXXV felld með 25:19 atkv.
— 402,130 samþ. með 29:1 atkv.
— 437,VI samþ. með 35:1 atkv.
— 437,VII felld með 26:20 atkv.
— 402,131 samþ. með 35:2 atkv.
— 406,24 samþ. með 34:3 atkv.
— 428,XXXVI felld með 27:4 atkv.
— 402,132.a—b samþ. með 30:1 atkv.
— 402,132.c samþ. með 31:6 atkv.
— 428,XXXVII samþ. með 29 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 452).

Almennar umræður.

Á 15. fundi í Sþ., 17. des., hófust almennar umræður, er að þessu sinni hafði orðið samkomulag milli þingflokka um að láta fram fara við 3. umr. fjárlagafrv.

Ólafur Thors: Það er nú orðin föst venja við útvarpsumræður frá Alþingi, að beina máli sínu til hlustenda utan þingsalanna. Ég mun því nú, er mér í fyrsta skipti eftir kosningar gefst færi á að ná eyra kjósenda Sjálfstæðisfl. um land allt, leyfa mér að snúa máli mínu til þeirra og færa þeim þakkir fyrir ötula framgöngu við kosningarnar. — Kosningaúrslitin sýndu, að stefna Sjálfstfl. á nú meiri ítök með þjóðinni en nokkru sinni fyrr. Hitt, að Sjálfstfl. fær ekki nema 17 þingmenn með milli 24 og 25 þúsund atkvæðum, en Framsfl. hinsvegar fær kosna 19 þingmenn með einum 14 til 15 þúsund atkvæðum, sýnir aðeins og sannar, hversu því fer fjarri, að ákvæði stjórnarskrárinnar tryggi lýðræði hér á landi.

Við síðustu kosningar gerðu frambjóðendur stjórnmálaflokkanna og aðrir forráðamenn þeirra þjóðinni grein fyrir aðstöðunni til þeirra aðalmála, er um hafði verið barizt síðasta kjörtímabil og á dagskrá voru þegar kosningar fóru fram. Mun ég ekki, svo skammt sem um er liðið frá kosningum, rifja upp þá sögu nema að örlitlu leyti, heldur snúa mér að því, sem gerzt hefir eftir kosningarnar, og þá einkum á þessu þingi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að snemma í nóvember gerðu stjórnarflokkarnir með sér nýjan samning, sem á að gilda fyrst um sinn til næsta þings. Þessir samningar hafa sætt gagnrýni okkar sjálfstæðismanna, bæði að formi og efni, og mun ég alveg sérstaklega gera þá að umræðuefni.

Ég vil þá fyrst minna á viðburði síðasta þings, þess er rofið var í aprílmánuði síðastl. Urðu þá, sem kunnugt er, viðsjár miklar með stjórnarflokkunum, og harðnaði sú deila er leið á þingið. Báru þá jafnaðarmenn fram mörg frumvörp og gerðu samþykkt þeirra að skilyrði fyrir áframhaldandi stjórnarsamvinnu. Lauk þeirri deilu með yfirlýsingum þeim, er ráðherrarnir, Haraldur Guðmundsson fyrir hönd Alþfl. og Hermann Jónasson fyrir hönd Framsfl., gáfu við útvarpsumræður, sem fram fóru frá Alþingi þann 16. apríl síðastl.

Haraldur Guðmundsson mælti þá á þessa leið:

„Alþýðuflokkurinn getur ekki sætt sig við það, að einstök smærri atriði séu tekin út úr frumvörpum hans, en meginatriðin, þau sem mest veltur á, séu felld . .“

Og ennfremur segir Haraldur Guðmundsson:

„Svör Framsfl. við frumvörpum þeim, sem ég hefi gert hér að umræðuefni, sýna, að sá skilningur og vilji til aðgerða er því miður nú ekki fyrir hendi. Af þeim ástæðum, sem ég hefi nú greint, verð ég fyrir hönd Alþfl. að tilkynna hæstv. forsrh., að Alþfl. getur ekki haldið áfram samstarfi á Alþingi við Framsfl. né samvinnu við hann um stjórn landsins, að óbreyttri þessari aðstöðu Framsfl.“

Þessari yfirlýsingu Alþfl. svarar Hermann Jónasson forsrh. þannig:

„Er þá bersýnilegt, að ágreiningurinn milli stjórnarflokkanna er aðallega um þau stórkostlegu þjóðnýtingaráform, er fram koma í frumvörpum Alþfl. um sjávarútvegsmálin, og í sambandi við það gerbreytta fjármálastefnu.

Og þegar Alþfl. ber sérstefnumál sín fram hér á Alþingi og krefst þess, að þau verði þar samþ., þá hlýtur hann að gera sér það ljóst fyrirfram, að það leiddi til samvinnuslita við Framsfl.“

Með þessum yfirlýsingum voru stjórnarflokkarnir formlega skildir að skiptum. Stjórnin hafði ekki lengur stuðning meiri hl. þings, og var því eigi þingræðisstjórn, og hefði því borið að segja af sér, sem hún þó ekki gerði. En þar eð upplýst var, að að óbreyttri aðstöðu flokkanna á þingi var ekki unnt að mynda stjórn á þingræðisgrundvelli, var þing rofið og stofnað til nýrra kosninga. Úrslitin urðu þau, sem kunnugt er, að Framsfl. og Alþfl. fengu til samans meiri hl. á hinu nýkosna Alþingi.

Við sjálfstæðismenn lítum þannig á, að það sé algert brot á þingræði og lýðræði, að þessir tveir flokkar skuli nú að nýju hafa tekið höndum saman um samstarf á Alþingi og í stjórn landsins. Við rökstyðjum þá fullyrðingu með því að benda á, að:

Jafnaðarmenn lofuðu því fyrir kosningar, að bera fram til sigurs hin miklu þjóðnýtingaráform sín, og önnur þau málefni, er þeir létu valda samvinnuslitum.

Kjörfylgi sitt fengu þeir vegna þessara loforða.

Framsóknarflokkurinn lofaði hinsvegar að standa gegn þessum sömu málum, og aflaði sér síns kjörfylgis með þeim loforðum.

Milli þessara flokka var því alls engin brú, önnur en sú, að gera með sér nýjan málefnasamning, en rjúfa síðan þing og boða til nýrra kosninga, til þess þannig að leita samþykkis kjósenda beggja flokkanna á hinum nýja málefnasamningi.

Hinir nýju stjórnarsamningar eru því, hvað formið áhrærir út af fyrir sig, fullkomin brigðmælgi við kjósendur af hendi annarshvors flokksins eða beggja, og brot á anda alls þingræðis og lýðræðis. Þetta er augljóst og ótvírætt. Hitt er svo rannsóknarefni, hve stór er sök hvors flokksins um sig í þessu máli, og mun ég síðar víkja að því.

Þetta er formshlið samninganna.

Að efni til eru samningarnir í höfuðdráttum þannig:

Leggja skal nýjar álögur á þjóðina, er samkv. áætlun fjmrh. nema árlega 2 millj. 650 þús. króna. Er ætlað að ná helmingi þeirrar upphæðar með því að innheimta alla eldri tolla og skatta með 10% álagi, en afganginn með nýjum tollum á allar innfluttar vörur, er nema frá 2—5 % af andvirði vörunnar.

Í meðferð þingsins lítur út fyrir, að á þessu verði gerðar þær breytingar, að hætt verði við að leggja nýja tolla á kol, salt, olíu, girðingarstólpa og áburðarefni, og stjórninni veitt skilorðsbundin heimild til að endurgreiða toll af salti og kolum, sem notuð yrðu til saltfiskveiða.

Í þess stað myndi 5% verðtollurinn hækkaður í 6% og 10% álagið á eldri skattstofna hækkað í 12%.

Ætlað er, að réttur helmingur þessa fjár gangi til vaxandi þarfa ríkissjóðs, en hinum helmingnum verði varið þannig:

1. Afnám útflutningsgjalds af saltfiski 225 þús. kr.
2. Nýtt framlag til fiskimálanefndar 400 þús. kr.
3. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga 700 þús. kr.

Það verður ekki með sanni sagt, að samningur þessi tryggi almenningi nein fríðindi, sem að verulegu haldi megi koma.

Þær 700 þús. kr., er ætlaðar eru til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga koma í stað 250 þús. kr., sem nú eru á fjárlögum í því skyni, og er því sá auki 450 þús., en ekki 700 þús. Ætla má, að það verði til bóta, svo langt sem það nær.

Svo sem kunnugt er hafa sjálfstæðismenn í mörg ár krafizt þess, að afnumið verði útflutningsgjald af sjávarafurðum. Hafa stjórnarflokkarnir æfinlega staðið gegn þeirri sjálfsögðu réttlætiskröfu, og nú enn á ný eytt málinu, og skammtað í þess stað aðeins nokkurn hluta þess, er krafizt var, þ. e. a. s. að útflutningsgjaldinu verði létt eingöngu af saltfiski, og þó ekki nema að nokkru leyti, því enn á að gjalda af saltfisknum ½% til fiskimálasjóðs. Er það í samræmi við annað úr þeirri átt í garð útvegsins.

Þá hafa stjórnarflokkarnir vísað frá eða eytt öllum merkustu umbótamálum sjálfstæðismanna útvegnum til framdráttar, en í þess stað úthlutar fiskimálanefnd framangreindum 400 þús. kr. Það er þessi makalausa rausn í garð sjávarútvegsins, þessar 400 þús. kr., sem skína eiga í augum þjóðarinnar eins og demantur í hinni nýju stjórnarkórónu.

Er því rétt að staldra við og virða hann fyrir sér.

Frumv. það, er um þetta fjallar, er flutt af nokkrum stjórnarliðum. Með beinum ákvæðum þess og upplýsingum, er nú liggja fyrir um framkvæmd málsins, er því slegið föstu, að af þeim 400 þús. kr., er um ræðir, eigi að verja a. m. k. 350 þús. kr. þeim til styrktar, er ráðast vilja í að kaupa tvo nýtízku togara. Má í þessu skyni styrkja „félög sjómanna, verkamanna eða annara", — menn taki eftir, „eða annara", — án allra skilyrða, annara en þeirra, að eigendur leggi fram 15—20% af byggingarverði skipanna, og að félagið sé stofnað undir eftirliti fiskimálanefndar, þ. e. a. s. Héðins Valdimarssonar. Er helzt að sjá, að fyrra skilyrðið sé sett til að útiloka sjómenn og verkamenn, því framlag eigenda á að vera frá 210—280 þús. kr., en hið síðara til þess að Héðinn Valdimarsson fái ráðið því, hverjir þessir „aðrir" verða, sem þiggja eiga þessar 350 þús. krónur.

Þegar svo búið er að afhenda þessa gjöf, eru í hæsta lagi eftir einar aumar 50 þús. kr. til frystihúsa, niðursuðu og margvíslegra annara nýrra úrræða, sem þörfin kallar á, auk þess skattgjalds, er af útveginum hefir að undanförnu verið reytt í hít fiskimálanefndar, og þar hefir að mestu horfið í skyssur og slys, laun og risnu.

Það er nú fyrst í þessu máli, að eins og alkunnugt er, hefir fiskimálanefnd fyrir löngu, og mjög að verðleikum, glatað svo trausti alls þorra útvegsmanna, að þeir hafa margkrafizt þess, að hún yrði tafarlaust lögð niður, en verkefni hennar falið S. Í. F. Það er því út af fyrir sig misráðið, og beinlínis vítavert, að fá henni til umráða það fé, sem ætlað er útvegnum til hagsbóta. En þótt sú hlið málsins sé látin liggja milli hluta, er einnig að öðru leyti mikill skortur framsýni og fyrirhyggju í þessu máli, og liggja til þess mörg rök.

Það er fyrst, að ríkisstj. hefir nú um hríð haft handa á milli skýrslur, er sanna, að meðalrekstrartap ísl. togaranna var í fyrra 70 þús. kr., er í ár 49 þús. kr., og yrði að ári, ef kaupkröfur þær, er fyrir liggja, næðu fram að ganga, en að óbreyttu aflamagni og verðlagi, 109 þús. kr. Sýnist því eigi sérstök ástæða til, að hið opinbera ýti undir nýjar erlendar lántökur til aukningar á þessari útgerð, og raskar í því máli engu, þótt talað sé um nýtízku togara. Er því fjarri, að hér sé að ræða um nokkurt nýtt fyrirbrigði, því Íslendingar gerþekkja allt hið nýjasta í þeim efnum, og enda þótt útgerð nýtízku skipa yrði eitthvað ódýrari, er þó fyrirsjáanlegur taprekstur á þeim, að óbreyttum kringumstæðum.

En hér við bætist svo, að enda þótt þorskveiði hafi brugðizt hér við land undanfarin ár, svo að saltfiskframleiðslan hefir eigi einu sinni náð helmingi af meðalframleiðslu áranna 1930—'35, þá höfum við þó, svo sem kunnugt er, ekki getað losnað við fiskinn nema með því að selja hann langt undir kostnaðarverði. Allar líkur benda því til þess, að strax og afli glæðist munum við lenda í mestu vandræðum með sölu saltfisksins.

Af þessu leiðir alveg augljóslega tvennt:

Að Íslendingar geta með engu móti byggt afkomuvonirnar á auknum saltfiskveiðum, og

að það er alveg ófrávíkjanleg nauðsyn, að að því sé hiklaust gengið með framsýni og fullum krafti, að breyta til um verkun og sölu framleiðsluvöru útvegsins.

Þetta er kjarni málsins, en af því leiðir, að fyrr ber að veita opinberan styrk til nýrra úrræða um verkun og sölu aflans, er komi öllum útvegnum að notum, en aukningar flota til saltfiskveiða. Stjórnarliðið gengur þessa heldur ekki dulið, því í sjálfri greinargerð nefnds. frv. er í fyrsta lagi skýrt frá því, að saltfiskútflutningur Íslendinga hafi fallið úr 36 millj. króna árið 1936 ofan í 14,6 millj. í fyrra, og „er ekkert útlit, að útflutningur á saltfiski aukist að mun í náinni framtíð" eins og flutningsmenn frumv. sjálfir orða það. Jöfnum höndum taka flutningsmenn með mörgum og fögrum orðum undir gömul og ný rök okkar sjálfstæðism. um nauðsyn nýrra úrræða, og viðurkenna án allra undanbragða, að eftir þeim leiðum verði Íslendingar að sækja á til sjálfsbjargar, og að afkomuhorfur þjóðarinnar beinlínis velti á því, hversu til tekst um þá sókn.

En þegar svo að því kemur að ráðstafa því fé, sem hið opinbera leggur fram útveginum til framdráttar, þá er öllu snögglega snúið við, þá leggja þeir til, að hverjum eyri sé varið til kaupa á skipum, er að miklu eða jafnvel mestu leyti

verða að byggja afkomuna á saltfiskframleiðsu, en litlu eða engu sé varið til þess, sem allt ætti að ganga til, þ. e. a. s. frystihúsa, niðursuðu, eða annars þess, er til nýrra úrræða horfir.

Í rauninni er þessi aðstaða stjórnarflokkanna með öllu óskiljanleg. Sennilega er þó skýringin sú, að sósialistar telji sig eitthvað bættari með þessum gjafa-togurum. En þeir eru í því jafnglámskyggnir sem öðru, því bæði er nú það, að nú kemur upp, að þeir eru runnir frá bæjar- og ríkisútgerð, en auk þess mun ekki einn einasti Íslendingur vilja kaupa þessa tvo gjafa-togara því verði, að til þeirra gangi allt eða nær allt það fé, sem hið opinbera ver útvegnum til framdráttar. Mun fylgisauki þeirra fáu manna, er að gjöf eiga að fá þessar 350 þús. kr., reynast léttur á metum, enda mun gjöfin mælast enn verr fyrir, þegar þess er minnzt, að einustu rökin, sem færð eru henni til ágætis, eru þau, að nýtizku togarar séu ódýrari í rekstri en þeir eldri, og því arðvænlegra að reka þá en hina, sem fyrir eru. Á því hér að taka fé af þeim, sem betur eru settir, og munu sjómenn og útvegsmenn almennt una því illa að þurfa að halda áfram að greiða útflutningsgjald af fiski, hrognum, lýsi og yfirleitt öllum útfluttum sjávarafurðum, öðrum en saltfiski, eingöngu í því skyni, að fiskimálanefnd, undir forystu Héðins Valdimarssonar, geti gefið nokkrum mönnum ¼ hluta af byggingarkostnaði tveggja nýrra togara, eða alls 350 þús. kr., meðan útvegurinn að öðru leyti er eftir skilinn án allrar aðstoðar í baráttunni við brestandi saltfiskmarkað og margvíslega aðra örðugleika.

Dómur almennings um þetta aðaldjásn stjórnarsamninganna verður því þessi:

Öllum nauðsynjamálum útvegsins er bægt frá. Haldið er áfram að kreista út úr útvegnum mestan hluta útflutningsgjaldsins, og það fé fengið þeirri nefnd í hendur, er enginn ber traust til. Síðan er með beinum lagafyrirmælum og samningsákvæðum beinlínis girt fyrir, að þessi nefnd geti nokkurt verulegt gagn gert, enda þótt hún hefði til þess bæði vit og vilja.

Og allt er þetta gert með ráðnum hug, í þeirri tálvon, að afla sósíalistum kjörfylgis við bæjarstjórnarkosningarnar.

Ég hefi þá gert grein fyrir þeim gjöfum, sem þjóðinni eru gefnar með hinum nýju stjórnarsamningum, og sýnt, hversu efnt er fyrirheitið um „alhliða viðreisn sjávarútvegsins“.

Hinar nýju kvaðir, þriggja milljóna skattana, sem enn á að leggja á þjóðina, er síður þörf að fjölyrða um, því af reynslu undanfarinna ára geta menn gert sér í hugarlund, hvað í vændum er, þ. e. a. s. hækkun á vöruverði, minnkandi kaupgeta, sennilega vaxandi atvinnuleysi og auknir örðugleikar almennings.

Mjög er það eftirtektarvert, að stjórnin lýsir nú yfir því, að búið sé að hækka svo gífurlega beina skatta hér á landi, að eigi verði lengra komizt í þeim efnum.

Eru þau rök framfærð því til skýringar, að stjórn hinna vinnandi stétta, stjórnin, sem gaf fyrirheitið um að létta tollum af nauðsynjum almennings, fer nú framan að almenningi og tekur þessar 3 millj. að mestu leyti beint af öllum nauðsynjum þjóðarinnar. Skyldi maður þó sannarlega halda, að einnig þar hefði stjórn hinna vinnandi stétta talið bikarinn fylltan, enda voru strax á haustþinginu 1934 lagðir á nýir tollar og skattar, er samtals námu á þriðju milljón króna.

Á þinginu 1935 var bætt við um 1700 þús. kr., en nú eru lagðar ofan á nær 3 millj. Eru allar þessar tölur miðaðar við áætlun sjálfs fjármálaráðherrans, er hann lagði skattafrumvörp þessi fyrir þingið. Eru hinir nýju tollar og skattar þannig nær 7 millj., auk milljónagróðans á afnámi bannsins. Er mjög mikill hluti þessara álaga hreinir neyzlutollar, beinlínis lagðir á nauðsynjar almennings, og hefir þó í þeim efnum aldrei verið lengra gengið en nú, er fyrst eru teknar a. m. k. 11—12 hundruð þús. með hinum nýja verðtolli, sem lagður er á nauðsynjar fólksins nær alveg undantekningarlaust, en síðan er jafnhá upphæð tekin með því að leggja 12% ofan á alla tolla og skatta, er nú hvíla á þjóðinni.

Þannig eru þá þessir nýju friðarsamningar, þessi ársfjórðungsliftrygging ríkisstj.

Sýnist mér, að vel fari saman form og efni, lítilsvirðing á lýðræði og þingræði annarsvegar, en nýir skattar í stað friðinda hinsvegar.

Hér í sölum Alþingis, þar sem flestir þó eru vel kunnir öllum málavöxtum, hefir það vakið mikla undrun, að sósialistar skyldu dirfast að ganga að þessum skilmálum, enda verður að játa, að í íslenzku stjórnmálalífi þekkjast þess engin dæmi, að nokkur flokkur hafi nokkru sinni staðið jafnbeygður og heillum horfinn í augsýn alþjóðar sem sósialistar nú gera.

Skal ég nú færa þeim orðum stað.

Mönnum er enn í ferska minni, er hið volduga 13. þing Alþfl., með miklu yfirlæti, hóf störf hér í bænum í fyrra haust. Samþykkti það alveg spánýja stefnuskrá fyrir Alþfl., tók upp í hana nær öll stefnumál kommúnista, en sendi síðan Framsfl. þau skilaboð, að þess sé krafizt, að þessi nýja kommúnistiska starfsskrá sé „í öllum atriðum lögð til grundvallar löggjafarstarfi og stefnu núverandi ríkisstjórnar“, eins og það var orðað, og skuli Framsfl. „innan þriggja mánaða hafa gengið að þessum kostum“ ella „skuli slíta samvinnu um ríkisstjórnina“.

Alþýðublaðið lét svo viðeigandi skýringar fylgja þessari vinarkveðju, og sagði m. a.: „Alþýðublaðið verður að láta leiðandi menn Framsfl. vita það í eitt skipti fyrir öll, að þess er krafizt, að hvert einasta atriði í starfsskrá Alþfl. verði framkvæmt á næstu tveim árum“.

Minna dugði nú ekki þá, meðan mest voru mannalætin.

Líður nú og bíður og gerðist ekkert til tíðinda, en þó báru sósialistar sig borginmannlega, og enduðu þau hreystiyrði með yfirlýsingu Haralds Guðmundssonar, þeirri er að framan getur, er hann 16. apríl síðastl. lýsti því hátíðlega yfir á Alþingi, að slitið væri samvinnu við Framsfl. á þingi og um stjórn landsins“. Segir síðan ekki af köppunum fyrr en nýtt alþýðusambandsþing, háð hér í Reykjavík í síðastl. mánuði, sendir Framsfl. nýja orðsending, og er nú völlurinn talsvert minni. Þar segir:

Fjórtánda þing Alþýðuflokksins telur samvinnu

Alþfl. og Framsfl. í ríkisstjórn og þingmálum nauðsynlega, enda væntir þingið þess, að gagnkvæmrar sanngirni gæti af hálfu beggja flokkanna.

Hér eru ekki harðir kostir settir og ekki heldur neinar kröfur fram bornar, ekki um eitt einasta, hvað þá „hvert einasta atriði“ í starfsskrá 13. alþýðuþingsins og ekkert minnzt á að „slíta samvinnu“. Nei, nú eru mögru kýrnar búnar að gleypa þær feitu, — 14. þingið búið að renna hljóðalaust niður öllum stóryrðum 13. alþýðuþingsins. Nú er það „gagnkvæma sanngirnin“! sem á að ráða.

Mönnum verður á að brosa og líta til ráðherrans, sem 16. apríl tilkynnti, að vegna þess að hann sætti sé ekki við, að minni atriðin úr málefnakröfum sósialista væru tekin út úr og lögfest, en þau stærri felld, þá segði hann slitið við Framsfl. „á þingi og um stjórn landsins“. Og þegar nú þessi maður enn hittist í ráðherrastól, er rétt, að rifjaðar séu upp kröfurnar, er hann bar fram á Alþingi 16. apríl og gerði að skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku í stjórn landsins, og þær bornar saman við hina nýju stjórnarsamninga.

Hvað var það nú, sem ráðherrann krafðist 16. apríl?

Hann krafðist í fyrsta lagi, að samþ. yrði frumv. Alþfl. um, að meginhluti stórútgerðarinnar yrði á þessu ári gerður gjaldþrota, en útgerðin síðan rekin af ríki og bönkum. Skyldi ríkið í því augnamiði taka tveggja millj. króna nýtt lán.

Hann krafðist í öðru lagi, að rekstur h/f Kveldúlfs yrði tafarlaust stöðvaður og félagið gert gjaldþrota.

Hann krafðist í þriðja lagi, að fiskimálasjóður tæki á ábyrgð ríkisins þriggja millj. króna lán, og skyldi fiskimálasjóður fyrir það fé eignast ¼ hluta í 6 nýtízku togurum í ríkis- og bæjarútgerð og ¼ hluta í frystihúsum, smáfiskimjöls-, síldar-, karfavinnslu- og niðursuðuverksmiðjum. Skyldu frystihús og verksmiðjur þessar reistar í sem flestum verstöðvum landsins, og allur þessi rekstur að sem mestu leyti vera í höndum og háður áhrifavaldi fiskimálanefndar og hins opinbera.

Hann krafðist í fjórða lagi, að tafarlaust yrði breytt yfirstjórn Landsbanka Íslands.

Og loks krafðist ráðherrann í fimmta lagi, að samþ. yrði frumv. Alþfl. um stækkun iðnlánasjóðs, og skyldi ríkið leggja fram í því skyni milljón króna, en auk þess skyldi iðnlánasjóður fá 1% af aðfluttum iðnaðarvörum, þar til höfuðstóllinn næmi 8 millj. króna.

Það voru þessar kröfur, sem ráðh. setti fram í ræðu sinni á Alþingi 16. apríl og gerði að skilyrði fyrir að vera í ráðherrastól.

Og nú spyrja menn:

Er ef til vill búið að uppfylla kröfurnar á þessu þingi?

Eða felast kannske fyrirheitin um það í hinum nýja málefnasamningi?

Þingskjölin svara fyrir sig. Þau sýna, að hvorki ráðh. né flokkur hans hafa svo mikið sem borið fram frumv. til uppfyllingar einni einustu af þessum 5 aðalkröfum ráðherrans. Þar eru engin milljónalán, ekkert „uppgjör“ Kveldúlfs eða annara útgerðarfélaga, engin þjóðnýting, enginn ríkisrekstur, engin breyting á stjórn Landsbankans, engin krafa um iðnlánasjóð, ekkert nema vonir um að geta gefið einhverjum skjólstæðingum Héðins Valdimarssonar 350 þús. kr. til smíða tveggja togara, með því skilyrði þó, að á þeim verið engin ríkisrekstur.

En stjórnarsamningarnir?

Sýna þeir kannske, að nú eigi að framkvæma „hvert einasta atriði“ úr starfsskrá 13. alþýðuþingsins?

Eða sýna þeir ef til vill, að Alþfl. hafi látið sér nægja að eiga von á að fá framgengt þessum 5 kröfum ráðherra síns?

Nei, ónei. Þeir sýna hvorugt. Þeir sýna allt annað.

Þeir sýna, að um ekkert hefir verið samið umfram það, sem lagt hefir verið fram á þinginu.

Þeir sýna, að Alþfl. hefir engri kröfunni fengið fullnægt, hvorki alþýðuþingsins né ráðherrans.

Þeir sýna, að ráðh. þarf ekki lengur að fjargviðrast út af því, að „einstök smærri atriði af kröfum hans verði tekin út úr, en meginatriðin séu felld“, eins og hann orðaði það 16. apríl. Nei. Þar hefir ekkert verið tekið út úr, hvorki „smærri atriði“ né „meginatriði“. Því hefir öllu verið vísað á bug, öllu nema ráðh. sjálfum. Hann situr enn kyrr í ráðherrastól, alveg grafkyrr með einn litinn utan-stefnudósent í hnappagatinu. En kannske ráðherrastóllinn sé líka „meginatriðið“ í augum ráðherrans?

Kjósendur Alþfl. munu þó sennilega telja hitt enn stærra atriði, að þeir hafa verið sviknir um allar milljónirnir, alla „viðreisnina“, en í þess stað fengið á sig hátt á þriðju milljón í nýjum sköttum og tollum — nýtt risagjald í ríkissjóðinn af hverjum einasta munnbita og hverri spjör.

Þessi mynd er af þeirri hliðinni er að Alþingi veit og samstarfi sósialista og Framsfl. Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að þetta framferði eykur ekki virðingu almennings fyrir lýðræðinu og þingræðinu, enda munu þess hvergi dæmi í þingræðislöndum, að ráðh. í umboði flokks síns setji í alþjóðar áheyrn ákveðin skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi, þing sé rofið vegna þess að samstarfsflokkurinn neiti að fullnægja settum skilyrðum, en síðan sé, að afloknum kosningum, samstarfinu haldið áfram, án þess að svo mikið sem einu einasta af settum skilyrðum sé fullnægt, rétt eins og ekkert hafi í skorizt.

Hitt er svo aukaatriði, þó það auki auðvitað óvirðingu og niðurlægingu Alþfl., að síðan, að afloknum kosningum, réðust sósialistar heiftuglega á kommúnista, kölluðu þá óvini alþýðunnar, sprengingarliðið, málalið frá Moskva, sem í einu og öllu dansaði eftir fyrirskipunum Stalins, o. s. frv.

En í sumar hefir svo hvert biðilsbréfið rekið annað frá Alþýðusambandinu til kommúnista, og er tæplega sjálfrátt, hversu áfjáðir sósialistar eru í að komast í sem allra innilegasta sambúð við mennina, er þeir töldu ekkert nema verkfæri erlends einvalds.

Það er von, að almenningur sé eigi aðeins vonsvikinn, heldur og alveg undrandi og höggdofa.

Það er von, að spurt sé, hvað það sé, sem breytt hafi andúð og fyrirlitningu sósialista á Moskva-þýjunum, sem þeir kölluðu, í svo skjótri svipan í heita samstarfsþrá við þessa sömu menn.

Það er von, að menn spyrji, hvers vegna 14. alþýðuþingið hafi gleypt í einum bita allar hugsjónir hins volduga 13. alþýðuþings.

Svarið er: Stóridómur kosninganna.

Kosningaúrslitin sönnuðu sósialistum, að fólkið fordæmir lélega og lúalega blaðamennsku þeirra, persónulegar ofsóknir, innantómt hugsjónaglamur og algeran skort á málefnalegri sannfæringu. Sósialistar skildu þá, að fólkið var búið að koma auga á, að atvinnan hafði ekki vaxið, heldur atvinnuleysið, tollum hafði ekki verið létt af, heldur lagðir á nauðsynjar, og að það var ekki alþýðan, heldur alþýðuforingjarnir, sem neituðu í orði kommúnistum og öllu þeirra athæfi, en rændu síðan öllum aðalmálum þeirra og tóku þau upp á sína eigin baráttuskrá.

Allt þetta rann upp fyrir sósialistum, þegar kosningatölurnar sýndu hrun flokksins, ekki síst hér í aðalvígi þeirra, þar sem þeir töldu sér 8000 atkvæði, en fengu aðeins rúm 4000, eða aðeins um ⅖ hluta á móti okkur sjálfstæðismönnum.

Það er þessi dómur þjóðarinnar, sem runninn er frá vaxandi skilningi almennings á viðfangsefnum stjórnmálalífsins, sem svo gersamlega hefir lamað sósialista, að þeir síðan eru sem villuráfandi sauðir í pólitísku hjörðinni, sem ýmast híma við húsvegg kommúnista eða leita skjóls og saðnings við jötu Framsóknar.

Það kann að vera, að mannlegt sé, að ýmsir foringjar sósialista kvíði þeirri lífsvenjubreytingu, sem kynni að bíða þeirra, ef þeir reyna að standa við stóru orðin, a. m. k. þeir, sem tekið hafa ellefu þúsundir fyrir tæpt tveggja mánaða starf. En um það getur enginn ágreiningur verið, að allt lýðræði og þingræði er ekki eingöngu dregið ofan í sorpið, heldur raunverulega að engu gert, ef ekki má taka meira mark á yfirlýsingu ráðh. í allra veigamestu þjóðmálunum, yfirlýsingu, sem gefin er samkv. umboði og í nafni flokks hans, en um gersamlega ómerkt óvitahjal væri að ræða. Ég hefi þá innt af hendi þá skyldu stjórnarandstöðunnar, að gagnrýna hina nýju stjórnarsamninga og jafnframt, til frekari skýringar á þeim, rakið lítið eitt raunasögu sósialista og varpað birtu yfir hina alveg einstöku niðurlægingu þeirra.

Ætla ég þá, eftir því er takmarkaður ræðutími minn leyfir, að víkja að nokkru því helzta, er fyrir liggur.

Eins og ég áður drap á, höfum við sjálfstæðismenn lengi séð, hver nauðsyn var til að breytt yrði um meðferð og sölu sjávarafurðanna. Höfum við, sem kunnugt er, borið fram margar tillögur í þeim efnum, sem flestar hafa verið alveg að vettugi virtar, en einstaka þó teknar upp, en þá venjulega eyðilagðar í framkvæmdinni.

Á þessu þingi höfum við haldið þessari baráttu áfram og borið í því skyni fram mörg nýtileg frumvörp, svo sem um styrk og lánsfjáröflun til að reisa niðursuðuverksmiðjur og frystihús, um afnám útflutningsgjalds á sjávarafurðum, um efling fiskveiðasjóðs, um að útvegsmenn fái frjáls afnot gjaldeyris til eigin þarfa, um nýjar síldarbræðslustöðvar, um efling landhelgissjóðs o. fl. Öllum þessum frumvörpum hefir stjórnarliðið vísað á bug og ekkert látið koma í staðinn, annað en áðurnefnt framlag til fiskimálanefndar, þ. e. a. s. 350 þús. kr. gjöf til örfárra manna, og smávægilega tilslökun á tollum, sem þó er tekin aftur með hinni hendinni, þ. e. a. s. nýjum tollum.

Allt þetta framferði valdhafanna er misráðið og vítavert.

Ég vil í þessu sambandi og því til skýringar, hversu allt sinnuleysi um afkomu útvegsins er hættulegt, leyfa mér að skýra frá því, að á aðalfundi S. Í. F., er haldinn var í októberlok síðastl., var, í tilefni af hinum sívaxandi þrengingum útvegsins, stjórn, framkvæmdarstjórn S. Í. F. og 5 öðrum trúnaðarmönnum útvegsmanna falið að koma málefnum útvegsins á framfæri við þing og stjórn. Lögðu útvegsmenn fram skýrslur, er sönnuðu, að með öllu er vonlaust að reyna að fást við útgerð að óbreyttum kringumstæðum, en stjórn S. Í. F. ritaði ríkisstj. bréf, er skýrði hinar sívaxandi þrengingar útvegsins. Segir þar m. a.:

Það er kunnugt, að síðan 1931 hefir útgerðin verið rekin með stórtapi . . . Undanfarin ár hafa útgerðarfyrirtæki landsmanna sífellt safnað skuldum, og virðist nú svo langt komið í þessu efni, að tími sé til kominn að taka til alvarlegrar íhugunar, hvort fært er fyrir útvegsmenn að halda áfram á þeirri braut, ef ekki reynist kleift að koma þeim atvinnuvegi á þann grundvöll, að hann geti borið sig í meðalaflaári . . . Af framansögðum ástæðum leyfir stjórn S. Í. F. sér að beina því til ríkisstj. og Alþingis að gera nú þegar þær ráðstafanir, sem tiltækilegastar virðast til að forða útveginum frá því hruni, sem óumflýjanlegt er framundan, ef haldið verður áfram að reka þessa atvinnugrein með fyrirsjáanlegu tapi".

Bréf þetta er undirritað af allri stjórn S. Í. F., þar á meðal þeim tveim mönnum, er þangað eru settir samkv. tilnefningu atvmrh., þeim Jóni Árnasyni framkv.stj. í S.Í.S. og Jónasi Guðmundssyni framkvstj. Alþýðuflokksins.

Allir áðurnefndir umboðsmenn útvegsmanna áttu síðan fund með ríkisstjórn, formönnum stjórnmálaflokkanna og bönkunum. Lögðu þeir fram nokkrar uppástungur til bóta, en fóru þess að öðru leyti á leit, að stjórn, þing og bankar tækju málið til meðferðar.

Ég get svo stytt þá sögu. Valdhafarnir hafa, að heita má, leitt málið hjá sér, og er þá framundan óumflýjanlegt hrun útvegsins eins og bankastjórar Landsbankans og Útvegsbankans, trúnaðarmenn ríkisstj. í fiskimálunum og umboðsmenn útvegsmanna komast að orði.

Ég viðurkenni, að úrlausn þessa máls er miklum vanda bundin, og má vel vera, að okkur verði ofraun að glíma við þá örðugleika. Hitt fullyrði ég, að með öllu sé óverjandi að taka

málinu með því alvöruleysi, er raun ber vitni um, og fæ ég ekki nógsamlega harmað það.

Það, sem allir hefðu átt að geta verið sammála um, er þetta:

Að heimila útvegnum að nota sinn eigin gjaldeyri.

Að skera niður útgjöld fjárlaganna eftir fremstu föngum, létta síðan tollum og sköttum af framleiðslunni og leggja jafnframt fram álitlega fjárfúlgu, er fyrir forgöngu þar til hæfra manna yrði varið til að ryðja nýjar brautir samkv. tillögum sjálfstæðismanna, og

Að forðast að beita innflutningshöftunum til verðhækkunar á þörfum útvegsins.

Ekkert af þessu hefir verið gert, en í þess stað eru teknar 400 þús. kr. í útflutningsgjald af þessum sligaða útvegi, til að gefa nokkrum skjólstæðingum Héðins Valdimarssonar, er eignast vilja tvo nýtízku togara, og til rökstuðnings þessari vitleysu er svo það fært fram, að arðvænlegra sé að reka togarana, sem gjöfina þiggja, en þann útveg, sem á að kosta gjöfina.

Menn verða að afsaka, að mig brestur orð til að lýsa skoðun minni á öllu þessu framferði.

Af mörgum öðrum gagnlegum tillögum, er við sjálfstæðismenn höfum borið fram á þessu þingi, en ekki hafa náð fram að ganga, vek ég aðeins athygli á því stærsta: Vinnulöggjöfinni. Hefir verkfallsvitfirran þó magnazt og verið mjög til meðmæla slíkri löggjöf. Má og fullyrða, að tveir stærstu flokkarnir eru sammála um nauðsyn slíkrar lagasetningar, og hafa blöð Framsfl., undir forystu formanns flokksins og Jóns Árnasonar framkvstj., fært á það ágætar sönnur. Að málið samt sem áður er þagað í hel, er aðeins ein af mörgum sönnunum þess, hve örðugt er að koma góðum málum fram með sósialistum.

Af löggjöf þingsins er breytingin á mjólkurlögunum hvað skaðlegust. Er það of langt mál og flókið til þess að því verði nokkur skil gerð í slíkum eldhúsumræðum, en reynslan mun sanna, að þau fyrirmæli munu að lokum reynast flestum til ills, en engum til góðs.

Tvennt hefir þingið vel gert.

Breyting sú á lögunum um síldarbræðslustöðvar ríkisins, er svipta þingmann Ísfirðinga, Finn Jónsson, völdum yfir bræðslustöðvunum, er hið mesta hagsmunamál útvegsins.

Og tilraunir Alþingis til að draga úr sárustu afleiðingum fjárpestarinnar eru virðingarverðar. Veit ég að vísu, að tjón bænda er óbætanlegt, er bústofninn hrynur þannig niður og bændur missa jafnt af starfi sínu sem voninni um lífvænlega afkomu. En aðgerðir þingsins sanna þó, að þegar ógæfan sækir bændur heim, stendur þingið alveg samhuga að því að meta meir þörf bændanna en þrengingar og getuleysi ríkissjóðs.

Af málefnum landbúnaðarins hefir að öðru leyti lítið legið fyrir þinginu annað en frv. sjálfstæðismanna um byggingar í sveitum. Verður og að viðurkenna, að á þessum krepputímum, þegar gjaldeyrisskorturinn er að verða óþolandi og tekjur þegnanna og ríkisins þverra, er eðlilegt, að mest sé til útvegsins litið.

Öllum er ljóst, að afkoma útvegsins hefir nú um langt árabil verið og verður á næstunni grundvöllur undir afkomu annars atvinnureksturs landsmanna og tekjum ríkissjóðs. Án viðunandi afkomu útvegsins fer því allt í rústir hér á landi.

Um versta embættishneyksli síðari ára, utanstefnudósentinn, munu fara fram sérstakar útvarpsumræður. Læt ég nægja að segja um það, að með einni embættisveitingu hefir engum íslenzkum ráðh. áður tekizt að baka sjálfum sér neitt svipað því eins mikla andúð, svo vægilega sé nú að orði kveðið, sem kennslumálaráðh. nú hefir tekizt, enda kannske enginn ráðh. átt þess kost að svivirða jafneftirminnilega allt í senn, kirkju landsins, æðstu menntastofnun þjóðarinnar og flest það, er sæmileg siðmenning og innræti vill í heiðri hafa.

Þessari embættisveitingu var í öndverðu engu betur tekið af framsóknarmönnum en okkur sjálfstæðismönnum. Brugðust þeir hinir reiðustu við og hugðu á hefndir. Úr þessu hefir þó minna orðið en ætlað var, og fer vel á því, að úr því Haraldur Guðmundsson í allri sinni niðurlægingu átti að fá einskonar auðmýktaruppbót, með því að stjórna gerðum Frmsfl. í einhverju einstöku máli, þá skyldi til þess valið einmitt langóþrifalegasta verkið, sem hann hefir gerzt sekur um í ráðherrastól.

Við sjálfstæðismenn höfum á undanförnum árum litlu ráðið um gang þjóðmálanna, en við höfum gert þá skyldu að gagnrýna og aðvara, og ég held, að það verði varla vefengt, að við höfum reynzt sannspáir, mér liggur við að segja allt of sannspáir.

Hér á Alþingi hafa margar tilraunir til úrbóta verði gerðar. Við höfum reitt fram 1½ tug milljóna í kreppuhjálp bænda, útvegsmanna og sveitar- og bæjarfélaga. Sumir héldu, að það mundi nægja. Nú vitum við allir og viðurkennum þann raunverulega sannleika, að við erum alveg jafnnær. Allt er á kafi í skuldafenum eftir sem áður.

Frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna liggur meinið að nokkru leyti í því, að örðugleikarnir eru teknir skökkum tökum.

Stjórnin hefir að undanförnu hneppt allt framtak í viðjar. Við sjálfstæðismenn játum, að ýms bönd voru óumflýjanleg, en það skilur okkur frá stjórnarliðum, að við trúum á frelsið og viljum því sem allra minnst hefta framtakið, en stjórnarliðar trúa langt úr hófi á ágæti þess, að hið opinbera sé forsjón einstaklingsins, og hafa því a. m. k. í upphafi fagnað því, að ekki varð komizt hjá þvingunarráðstöfunum og gengið allt of langt í þeim efnum.

Á sviði fjármálanna hefir ágreiningurinn lýst sér í því, að þegar óhagstætt verð útflutningsvörunnar, hátt kaupgjald, þungir skattar og takmarkað athafnafrelsi tók að lama atvinnulífið, taldi stjórnin það sína skyldu að hlaupa í skarðið og halda þá þegar uppi þeirri atvinnu, er niður féll sakir samdráttar einkaframtaksins. Þetta kostaði auðvitað fé, mikið fé. Samtímis og af sömu ástæðum, þ. e. a. s. vegna minnkandi viðskiptaveltu, er leiddi af óhagstæðum framleiðsluskilyrðum og minnkandi framleiðslu, biluðu að verulegu leyti ýmsir skattstofnar ríkissjóðs. Stjórnin sá ráð, — aðeins eitt ráð, —

þ. e. a. s. að leggja á nýja milljóna-skatta, til þess þannig að vega á móti rénandi tekjum, en vaxandi gjöldum ríkissjóðs.

Afleiðingin hefir orðið sú, að fleiri hafa gefizt upp, færri hafa greitt gjöldin og ríkissjóður er nú í meiri vandræðum og atvinnulífið verr farið en nokkru sinni áður.

Við sjálfstæðismenn vildum frá öndverðu, og viljum enn, fara aðra leið, þá að draga sem allra mest úr útgjöldum ríkissjóðs, en létta síðan sem allra mest sköttum af framleiðslunni og sýna henni velvilja og greiðvikni á alla lund. Við trúum því, að með þessum hætti megi endurvekja meðfædda hneigð Íslendinga til sjálfstæðs framtaks, svo að einkaframtakið hefji sókn og taki í sína þjónustu hinar mörgu og margbreytilegu auðlindir landsins og hafsins, sem umlykur strendur þess. Takist þetta, mun atvinnan aukast, hagur almennings blómgast og ríkissjóður fá tvo peninga fyrir einn.

Verði því haldið fram, að við sjálfstæðismenn lifum aðeins í trú, getum við vísað til reynslu fyrri valdaára, og raunar miklu víðtækari reynslu þjóðarinnar, og enda þótt margt sé nú breytt og aðstaðan að ýmsu önnur, er þó full ástæða til þess að gefa orðum okkar, ráðum og vilja gaum, og það því fremur, sem reynslan hefir þegar dómfellt stefnu núverandi valdhafa, m. a. á þann hátt, að því meira sem hið opinbera leggur fram til atvinnuauka, því meira verður atvinnuleysið í landinu.

Og hér í sölum Alþingis er nú enginn sá, að hann treystist til að andmæla því, að heildarsvipurinn er þessi:

Versnandi afkoma til sveita og sjávar, vaxandi örbirgð og atvinnuleysi í réttu hlutfalli við hinn síaukna skattþunga á gjaldþegnana, og vaxandi íhlutun og umráð hins opinbera á sviði athafnalífsins.

Ég veit ekki hvað við tekur, hvorki um stjórnarsamvinnu né löggjöf. Hitt veit ég, að framundan eru hörð átök í þjóðfélaginu.

Í þeirri baráttu standa annarsvegar þeir menn, sem náð hafa völdum með því að gera kröfur á hendur öðrum, jafnt framleiðendum sem riki, án allrar hliðsjónar af gjaldgetunni.

Hinumegin hljóta þeir að safnast, sem viðurkenna, að eins og nú er komið högum Íslendinga, eigum við einskis annars úrkostar en að láta framleiðsluna bera sig og sætta okkur við það hlutskipti, sem misjafnt árferði þannig skammtar okkur.

Ég hefi þá trú, að dómur reynslunnar muni smátt og smátt einangra kröfumennina.

Ég hefi þá trú, að óbærilegur, sívaxandi skattþungi sannfæri almenning um það, að nú verður að stilla í hóf um kröfur á hendur ríkissjóði, til alls annars en þess, sem eflir atvinnulífið.

Ég hefi þá trú, að fólkið skilji, að með því að samþykkja nær 15 milljóna kreppuhjálp til útvegsmanna og bænda hafi sjálfir kröfumennirnir viðurkennt, að af framleiðendum sé þegar búið að krefjast of mikils.

Og ég er viss um, að þeir sem af þessu ekki láta sér skiljast, að úr því búið er að reyta allt af flestum, hlýtur kröfupólitíkin að vera ófrjó og dauðadæmd, þeir muni þó láta sannfærast, þegar þeir athuga gerðir þessa þings, því þar sést, að sjálfir kröfumennirnir eru í raun og veru gengnir af trúnni og krefjast nú þess að eins, að mega halda sínu, — fá að búa áfram í þeim fáu gróðurreitum, sem enn sjást í hinni miklu eyðimörk sósialismans.

Baráttan við kröfumennina getur vel orðið hörð. Úrslitin velta svo sem nú er komið fyrst og fremst á því, hvort Framsfl. ætlar að halda áfram að veita sósialistum viðnám, og eigi aðeins neita þeim um samfylgd á ógæfubrautinni, heldur og að snúa við og eiga þátt í að færa margt til rétt horfs, hvort sem sósialistum líkar betur eða miður, eða hvort Framsfl. hinsvegar fellur í fyrri farveg og flýtur þar með sósiallistum að feigðarósi.

En á úrslitum þessarar baráttu veltur framtíð Íslendinga.

*__Brynjólfur Bjarnason__: Við kosningarnar í vor unnu vinstri flokkarnir glæsilegan sigur og fengu 30 þm. af 49, sem kosnir voru. Hafa nú þessir hv. þm. allir gert sér ljóst, að þeir fengu ákveðið og bundið umboð frá kjósendum sínum til að framkvæma alveg ákveðin verkefni, sem þeim voru lögð á herðar?

Þennan tíma, sem ég hefi setið á Alþ., hefir mér virzt mikið skorta á, að þm. hafi yfirleitt gert sér ljósa grein fyrir þessu undirstöðuatriði lýðræðisins. Það verður mikið og margt skrafað hér við þessar umr., sem standa í meira en 16 klst. samtals, og þar af margt óþarft og vafalaust til leiðinda einna fyrir þá, sem á hlýða. En það, sem hlustendurnir fyrst og fremst óska að fá svör við, er þetta: Hvernig hafið þið drengir góðir, framkvæmt umboðið, sem við fólum ykkur, hvað líður verkefnunum, sem við sendum ykkur inn á Alþingi til að leysa af hendi?

Alþýðan í landinu, bændur, verkamenn og aðrar vinnandi stéttir í borg og byggð, sendu fulltrúa Framsfl., Kommfl. og Alþfl. inn á Alþ. til þess að vinna þar saman að hinum brýnustu hagsmunamálum þeirra, sem úrlausnar bíða. Og þessi verkefni, sem okkur, er fyrir valinu urðum, voru falin, voru fyrst og fremst þessi: Að framkvæma ráðstafanir, sem duga til að bæta úr atvinnuleysinu, að endurbæta tryggingarlöggjöfina í samræmi við þær ákveðnu kröfur, sem komið hafa frá fólkinu, að leysa úr vandræðum fiskimanna og bænda, að gera ráðstafanir til að draga úr dýrtíðinni í landinu og afla ríkissjóði tekna á kostnað hinna ríku, en ekki hinna fátæku, að kveða endanlega niður allar tilraunir til að koma á þvingunarlögum í vinnudeilum, að gera ráðstafanir til að afstýra þeirri hættu fyrir land og lýð, sem vofir yfir frá fasistaklíkunni, afturhaldsmönnum og ofbeldispostulunum í flokki auðmannastéttarinnar.

Þetta voru veigamestu málin, sem alþýðan fól fulltrúum sínum að hrinda í framkvæmd. En hún fól þeim líka fleira. Hún fól þeim að binda enda á það ástand, sem ríkt hefir í Landsbankanum undanfarið, ástand, sem hefir verið fólgið í eftirfarandi:

Bankinn hefir lánað einni fjölskyldu mikinn part, án þess að tryggingar kæmu á móti, svo

gegndarlaust, að þessi fjölskylda komst í 5—6 millj. kr. skuld við bankann, sem engir vextir eða afborganir voru greiddir af í lengri tíma. Bankinn hefir stuðlað að því að eyðileggja lánstraust landsmanna, með því að neita um greiðslu á erlendum gjaldeyri, sem gjaldeyrisleyfi hafa verið fengin fyrir. Veðdeildinni hefir verið lokað, gegndarlaus okurstarfsemi í sambandi við húsabyggingar þar með látin þróast og dafna. *Bankanum og útibúum hans hefir verið beitt* í kaupkúgunarskyni, jöfnum höndum gegn smáútvegsmönnum og sjómönnum. Ég veit, að margir, sem á mál mitt hlýða, munu kannast við dæmi um það, hvernig útgerðarmönnum hefir verið neitað um nauðsynleg lán, nema með því skilyrði, að þeir gengju ekki að kröfum sjómanna um kaup og kjör. Og loks hefir bankinn með allri þessari ráðsmennsku sinni tapað 15 millj. af veltufé þjóðarinnar á 16 árum.

Þúsundirnar, sem kusu vinstri flokkana, fólu fulltrúum sínum að kippa þessu öllu í lag. Smáútvegsmennirnir fólu þeim að sjá til þess, að þeir fengju umráð yfir nægilegum gjaldeyri, til þess að þeir þyrftu ekki allt undir högg að sækja hjá einokunarhringunum og fengju betri skilyrði til þess að láta útgerð sína, sem svo mjög berst í bökkum, bera sig.

Smákaupmennirnir fólu þeim að sjá til þess, að þeir gætu fengið gjaldeyrisleyfi sín beint, svo að þeir ættu ekki allt undir högg að sækja hjá heildsölunum og hefðu betri skilyrði til að selja vöru sína ódýrt.

Bændurnir fólu þeim að greiða fyrir betri og hagkvæmari sölu á afurðum sínum, ekki með því að hækka verð á landbúnaðarafurðum gegndarlaust og þrengja þannig markaðinn, heldur gera ráðstafanir til að tryggja góðan og öruggan innanlandsmarkað, og þá ekki síst með því að auka atvinnuna og bæta kjör fólksins í bæjunum. Þeir fólu þeim að gera ráðstafanir til að létta skuldabyrðinni af þeim bændum, sem verst eru staðir, þeir fólu þeim að gera ráðstafanir til að draga úr skuldaviðskiptunum, sem gera bændurna að efnahagslega ófrjálsum mönnum, og þeir fólu þeim að veita drengilega hjálp gegn því hallæri, sem vofir yfir mörgum héruðum landsins af völdum fjárpestarinnar.

Sjómennirnir fólu þeim að gera ráðstafanir til að reisa sjávarútveginn úr rústum og koma öryggismálum sjómanna í viðunandi horf.

Iðnaðarmennirnir fólu þeim að sjá til þess, að innlendi iðnaðurinn yrði studdur með hagkvæmum lánum o. fl., og að komið yrði í veg fyrir það, að slík hneyksli endurtækju sig eins og innflutningsleyfi á „Persil" og á vélunum í verksmiðju Lever Brothers.

Fátæklingarnir, sem vegna langvarandi atvinnuleysis og annarar óstjórnar auðvaldsskipulagsins hafa ekki getað komizt af án opinbers styrks, fólu þeim að koma fátækralöggjöfinni í mannúðlegra horf, sem frjálsum mönnum sæmir.

Og þá er spurningin? Hvað hafa þá þm. gert og hvað ætla þeir sér að gera? Og þá verður fyrst og fremst spurt: Hvað hafa stjórnarflokkarnir gert og hvað ætla þeir sér að gera? Hvernig hafa þeir reynzt sem þjónar fólksins?

Við skulum leitast við að svara þessu, og þá er fyrst og fremst að líta á fjárlfrv., sem fyrir liggur og er einskonar brennipunktur, þar sem allar línur skerast. Af því má fyrst og fremst marka stefnu stj. í veigamestu málunum.

Þá er fyrst að líta á mál málanna — atvinnumálin. 30 þús. alþýðumanna og kvenna fólu fulltrúum sínum við kosningarnar í vor að nota ríkisvaldið til að auka atvinnuna í stórum stíl, *að gera drengilega tilraun til að létta að einhverju leyti af því hörmulegasta böli*, sem nú þjakar þessa þjóð, atvinnuleysinu. Hvaða raun hafa þeir sýnt á því? Í fjárl.frv. eru framlög til vega, brúa, hafnargerða og vita lítið hækkuð, framlög til atvinnubóta eru ekki hækkuð, og yfirleitt ekki til verklegra framkvæmda að neinu ráði. Af þeim millj., sem inn eiga að koma í ríkissjóðinn vegna tollahækkunarfrv. stj.flokkanna, eiga um 400 þús. að ganga til fiskimálan. til stuðnings sjávarútveginum. Þegar tillit er tekið til ástandsins í sjávarútveginum, er þetta eins smásmuguleg fúlga og hægt er að hugsa sér, og reynslan á eftir að sýna það, hvernig henni verður varið og að hvaða notum hún kemur. Nokkrum hluta þessa fjár á að verja til styrktar kaupum á nýtízku togara, en enn er allt á huldu, hvernig menn hugsa sér rekstrarfyrirkomulag slíkrar útgerðar, kaup og kjör, og það er vitaskuld undir þessum hlutum komið, hvaða not verða af þessari tilraun fyrir verkalýðinn.

Þá er jarðabótastyrkurinn hækkaður dálítið, og auk þess verða einhver aukin fjárframlög vegna mæðiveikinnar, en ekki er ennþá vitað, hver þau verða.

Þá eru það endurbæturnar á alþýðutryggingunum. Hvað verður gert í því máli? Um það hefir verið gert samkomulag á milli stj.flokkanna, og nú er komið fram á Alþ. frv. frá þeim um þetta efni. Er þar skemmst frá að segja, að þær breyt. á l. um alþýðutryggingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru algerlega ófullnægjandi, *og að mjög litlu leyti tekið tillit til þeirra* krafna, sem alþýða manna hefir svo að segja einróma gert til Alþ. í þessu máli. Nokkur atriði eru þar til bóta, en á móti því koma aðrar till., sem að flestra dómi eru til hins verra.

Það hefir ekki heldur bólað á neinum till. frá hv. stjflokkum, sem boða nein umskipti í lífi bænda, fiskimanna og annara vinnandi millistétta í landinu. Það hefir ekki bólað á neinum till. frá þeim um að breyta um stefnu Landsbankans, og þeir hafa ekki heldur sýnt neitt snið á sér um djarflegar endurbætur á félagsmálalöggjöfinni, t. d. að koma fátækralöggjöfinni í mannúðlegra horf.

Og hvernig hafa þeir svo staðið sig í því að framkvæma vilja kjósenda sinna um að láta þá ríku bera byrðarnar, en hlífa hinum fátæku við nýjum sköttum og kvöðum?

Í umboði stjórnarflokkanna á Alþ., en sannarlega ekki í umboði flokksmanna sinna og kjósenda utan þings, leggja þeir hv. 10. landsk. Jón Baldvinsson, og hv. 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson, fram frv. um bráðabirgðatekjuöflun í ríkissjóð, þar sem tolla- og skattahækkanir frá í fyrra eru ekki aðeins framlengdar, heldur

hætt við eftirfarandi tollum: Hækkun á aðflutningsgjaldi um 6% á þeim vörum, sem aðflutningsgjald er á samkv. gildandi l., 2% aðflutningsgjald á þeim vörum, sem áður voru undanþegnar þessu gjaldi, og loks er ríkissjóði heimilað að innheimta alla tolla og skatta, að undanskildu útflutningsgjaldi, með 11% álagi. Þessir tollar eiga að gefa ríkissjóði tekjuauka, sem nemur hátt á þriðju milljón króna. Og þessara milljóna er aflað með þeim hætti, að hver biti og sopi, sem hinir fátæku láta inn fyrir sínar varir, er skattlagður, hver spjör, sem þeir klæðast, er skattlögð, hvert áhald, sem bóndinn og verkamaðurinn kaupir, er skattlagt o. s. frv.

Sé þessu jafnað niður, kemur að meðaltali talsvert á annað hundrað króna skattur á hvert 5 manna heimili í landinu, og að því er tekur til mestu nauðsynjavaranna. Þetta er lagt jafnt á bóndann, sem hefir 800 kr. í árslaun, og verkamanninn, sem hefir 1000—1500 kr. í árslaun, eins og hátekjumennina, sem hafa tugi þúsunda í árslaun.

Allt eru þetta kallaðir bráðabirgðatollar, eins og gert hefir verið undanfarin 10 ár í hvert skipti, sem nýir tollar hafa verið lagðir á nauðsynjavörur, og alltaf hafa þessir tollar verið hækkaðir og nýjum tollum bætt við. Þessi hræsni og lítilsvirðing við dómgreind almennings er kannske frá margra sjónarmiði það hvimleiðasta í allri þessari raunasögu. Þeir tala mikið um það, þeir hinir sömu, sem stöðugt eru að stynja undir ábyrgðinni, sem á þeim hvílir, að beinu skattarnir séu orðnir svo háir, að ekki sé hægt að hækka þá meira. Nú eru beinu skattarnir, eins og fjárl. sennilega koma til með að líta út, þegar þau verða afgr. frá þessu þingi, aðeins ca. 12% af tekjum ríkissjóðs, og aðrar tekjur þá ca. 88%. Hundraðshluti beinu skattanna fer lækkandi, en óbeinu skattanna hækkandi á sama tíma, sem þeir ríku verða ríkari og þeir fátæku fátækari. Hvaða ábyrgðartilfinning er nú það, sem þessir hv. fulltrúar þjóðarinnar, sem að þessari pólitík standa, þjást svo mjög undir? Er það ábyrgðartilfinning gagnvart hinum ríku eða þeim fátæku? Ég bið þá sjálfa og aðra, sem á mál mitt mega hlýða, að leysa úr þeirri spurningu.

Ég mun nú í sem stytztu máli reyna að skýra frá till. þeim, sem þm. Kommfl. hafa borið fram á Alþ. í þeim málum, sem við teljum, að þurfi bráðastrar úrlausnar við.

Þá er fyrst til að taka brtt. okkar við fjárl. til aukningar atvinnunni í landinu. Í fyrsta lagi berum við fram till. um hækkun atvinnubótaframlags ríkisins upp í 850 þús. kr., sem myndi þýða, að framlag til atvinnubóta að meðtöldu framlagi bæjar- og sveitafélaga hækkaði úr 1½ millj. upp í 2½ millj., eða hækkun um rösklega 1 millj. kr. Ef menn halda, að þetta sé ekki í samræmi við vilja fólksins, þá er skylt að benda á, að verkamannafélagið Dagsbrún hefir margsinnis einróma samþ. kröfu um þessa hækkun á atvinnubótafénu, ásamt fjölmörgum öðrum verkalýðsfélögum, sem einróma hafa samþ. svipaðar kröfur.

Þá leggjum við til, að framlag til Suðurlandsbrautar sé hækkað úr 70 þús. kr. upp í 200 þús. kr. og að vegurinn meðfram Þingvallavatni — frá Þingvöllum til Kaldárhöfða — verði fullgerður, sem myndi ekki kosta ríkið meira en ca. 100 þús. kr., og þannig skapaður nýr tengiliður milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, sem er afaroft fær að vetrarlagi, þegar núverandi vegur er ófær. Ennfremur að vegur verði fullgerður yfir Siglufjarðarskarð og veittar til hans á næsta ári 50 þús. kr., í stað 15 þús. kr. eins og frv. gerir ráð fyrir.

Öll þessi auknu framlög til vegagerðar myndu nema hátt á þriðja hundrað þúsund kr. Hér er ekki aðeins að ræða um aukna atvinnu, heldur og um hin mestu þjóðþrifamál að öðru leyti, sem sé stórlega bættar samgöngur. Það er alveg furðuleg ráðsmennska að byrja á löngum vegalagningum og vera að dunda við þetta kannske áratugum saman, meðan fjármagnið, sem í þetta hefir verið lagt, liggur ónothæft og vegirnir grotna niður jafnharðan, engum til gagns. Með núverandi framlagi yrði t. d. verið a. m. k. 16—17 ár að leggja Austurlandsbrautina um Krýsuvík, en ef farið væri eftir okkar till., myndi vera hægt að gera sér vonir um að fullgera hana á 6 árum.

Þá höfum við lagt fram till. um nýjar vitabyggingar, um að 2 nýir vitar verði byggðir á þýðingarmestu stöðunum.

Þá höfum við lagt fram till. um stóraukin framlög til verkamannabústaða og til bygginga- og landnámssjóðs. Samkv. l. um tóbakseinkasölu eiga tekjur hennar að skiptast jafnt milli verkamannabústaðanna í bæjunum og byggingar- og landnámssjóðs. En á hverju ári hafa verið sett l., sem mæla svo fyrir, að þessi l. skulu ekki vera í gildi. Nú eru tekjur tóbakseinkasölunnar áætlaðar 600 þús. kr. og áttu því verkamannabústaðirnir að fá 300 þús. kr. og byggingar- og landnámssjóður aðrar 300 þús. kr. En í stað þess fá verkamannabústaðirnir aðeins 30 þús. kr., eða 1/10 af því, sem þeim ber, en byggingar- og landnámssjóður 50 þús. kr. Við leggjum nú til, að bæði verkamannabústaðirnir og byggingar- og landnámssjóður fái allt, sem þeim ber að lögum, eða um ½ millj. fram yfir það, sem þeir fá nú. Það myndi þýða, að hægt væri að stórauka byggingarstarfsemina bæði í kaupstöðum og sveitum, sem ekki þýddi aðeins stóraukna atvinnu, heldur og ómetanlegar kjarabætur fyrir alþýðuna, með bættum híbýlakosti, bæði í bæjum og sveitum.

Þá höfum við lagt fram till. um framlag til bæjarfélaga eða einstaklinga til tilraunastarfsemi í ýmsum verklegum framkvæmdum, t. d. til móvinnslu með nýjustu aðferðum, sem mikil líkindi eru fyrir, að sé atvinnuvegur, sem eigi mikla framtíð fyrir höndum hér á landi.

Loks höfum við lagt fram till. um undirbúning nýrra rafveitna og til rannsókna á fallvötnum til framleiðslu rafmagns til hitunar og til iðnaðar, t. d. til áburðarvinnslu. Ennfremur um rannsókn á jarðarauðæfum landsins.

Þessi atvinnuaukning, sem hér er gert ráð fyrir, jafngildir framkvæmdum fyrir ca. 2 millj. kr., sem að mestu leyti myndi fara í vinnulaun. Ef þessar till. okkar næðu fram að ganga, myndi það tákna mikil umskipti í atvinnulífi landsins,

sem þúsundir manna, sem nú ganga atvinnulausir, myndu njóta góðs af. Seinna í þessum umr. mun verða skýrt frá till. okkar um aukning atvinnunnar á sjónum og efling sjávarútvegsins.

Ég ætla þá næst að drepa á þau frv. okkar og aðrar till., sem hafa að einhverju leyti í för með sér útgjöld úr ríkissjóði. Skal þá fyrst nefna frv. okkar og þáltill. um alþýðutryggingar. Þessar breyt. eru í aðalatriðum fólgnar í eftirfarandi: Sjúkrasamlög greiði læknishjálp að fullu, bæði í sjúkrahúsum og utan þeirra. Allir þeir, sem eiga fyrir skylduómögum að sjá, fái fjölskyldudagpeninga. Biðtími dagpeninga verði ekki lengri en ein vika. Iðgjöld almennings verði stórlega lækkuð, með því að hafa þau stighækkandi og létta kostnaði af langvarandi sjúkdómum af sjúkrasamlögunum. Atvinnuleysingjar séu undanþegnir iðgjaldagreiðslu. Foreldrar beri ekki ábyrgð á iðgjaldagreiðslu barna sinna og fósturbarna. 7 króna nefskatturinn til lífeyrissjóðs sé afnuminn og allar tekjur lífeyrissjóðs séu notaðar jafnharðan til ellilauna handa þeim gamalmennum, sem komnir eru yfir 60 ára aldur. Komið verði á viðunandi atvinnuleysistryggingum, eingöngu á kostnað atvinnurekenda, ríkis og bæjarfélaga. Allar þessar till. eru í samræmi við kröfur 5200 Reykvíkinga og flestra verklýðsfélaga landsins. En þar sem útvarpsumræður hafa farið fram um þetta mál frá Alþ., er ekki ástæða til að fjölyrða um það hér. Kostnaður af þessu er mjög lítill fyrir ríkissjóð, en myndi hinsvegar verða mikill léttir á bæjarfélögum og sveitarfélögum.

Þá flytjum við frv. um að ⅓ hluti af framfærslukostnaði berklasjúklinga og annara, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sem nú er greiddur af bæjar- og sveitarfélögum, ef sjúklingarnir geta ekki greitt þennan kostnaðarhluta sjálfir, verði eftirleiðis greiddur af ríkinu. Kemur þá allur kostnaður af sjúklingum með langvarandi sjúkdóma yfir á ríkið. Er þessi till. ekki einungis flutt til að létta þungum bagga af fátækum bæjar- og sveitarfélögum, heldur er hér um að ræða nauðsynlega réttarbót fyrir berklasjúklinga og aðra.

Þá flytjum við frv. um ráðstafanir til hjálpar þeim bændum, sem hafa orðið fyrir tjóni af völdum mæðiveikinnar. Samkv. því skulu lánsstofnanir afskrifa skuldir bænda, sem svarar þeirri rýrnun, sem orðið hefir á veðum fyrir þessum skuldum af völdum mæðiveikinnar og skal, ef svo er ástatt, ekki vera heimilt að segja upp lánum né að taka andvirði fjár, sem slátrað hefir verið vegna fjárpestarinnar, til að lækka skuldirnar. Þá skulu lánsstofnanir veita bændum, sem standa höllum fæti vegna þess tjóns, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, gjaldfrest á vöxtum og afborgunum um óákveðinn tíma. Sumt af þessu hefir verið tekið upp í frv. því, sem fyrir liggur frá landbn. Ennfremur flytjum við till. um styrk til bænda, til fóðurbætiskaupa, vegna óþurrkanna síðastliðið sumar.

Þá koma till. okkar um tekjuöflun fyrir ríkissjóð og bæjarfélög, til að standast kostnað af allri þessari atvinnuaukningu og öðrum kjarabótum fyrir alþýðuna. Skal ég þá fyrst nefna frv. okkar um stóríbúða- og háleiguskatt, vaxtaskatt og verðhækkunarskatt, stighækkandi fasteignaskatt og hækkaðan skatt á einkabifreiðar. Þessir skattar eru allir lagðir eingöngu á óhófseyðslu yfirstéttarinnar og á fjármagn, sem er í braski og sumpart svikið undan skatti vegna þess, að núgildandi skattalög ná ekki til þess. Við áætlum, að þessi lög myndu auka tekjur ríkissjóðs a. m. k. um eina millj. kr. Ennfremur höfum við í undirbúningi frv. um sparnað á starfsmannahaldi ríkisins og lækkun á hálaunum embættismanna. Á þann hátt má sennilega spara um 1 millj. kr. Þá flytjum við frv. um bæjarrekstur á uppskipun og útskipun og kvikmyndahúsum, sem myndi gefa bæjarfélögunum ríflegar aukatekjur.

Auk þess sem hér er um nauðsynlega tekjuöflun til hins opinbera að ræða, þá fela öll þessi frv. í sér þjóðþrifamál, þjóðfélagsleg umbótamál. Stóríbúðaskatturinn hefir þau áhrif, að ýtt er undir þá, sem búa í óhóflega stórum íbúðum, um að draga saman, og myndu þá losna íbúðir til leigu, framboð aukast og draga þannig úr húsnæðisskortinum. Stighækkandi fasteignaskattur, sem fyrst og fremst er lagður á verzlunarhús, og verzlunarskattur miða að því að draga úr braskinu og stemma stigu fyrir óhæfilegu verði á fasteignum. Skattur á óbyggðum lóðum er hið mesta nauðsynjamál til að koma í veg fyrir, að lóðunum sé haldið í braski, án þess að byggt sé á þeim. Vaxtaskatturinn leggst að miklu leyti á fé, sem nú er dregið undan skatti. Allir þessir skattar miða að því að hrekja það fjármagn, sem nú er í braski, yfir í nytsamari atvinnugreinir. Einkabifreiðaskatturinn miðar að því að fækka lúxusbílunum, til hagsmuna fyrir bílstjórastéttina og til gjaldeyrissparnaðar fyrir landið.

Það er erfitt að halda því fram, að braskararnir, spekúlantarnir og óhófsseggirnir geti ekki borgað þessa skatta, meðan landið er í nauðum statt, meðan þúsundir manna og kvenna skortir föt og fæði, meðan 20 millj. af fjármagni þjóðarinnar eru dregnar undan skatti, meðan innan við 1000 manns í Reykjavík hafa yfir 10 millj. krónur í nettótekjur, sem þeir gefa upp til skatts, meðan gróðinn af verzluninni er árlega 4—5 millj. og hreinn gróði síldarútgerðarinnar í sumar að minnsta kosti 4 millj. Það er líka erfitt að skilja það, hvernig stjórnarflokkarnir fara að afsaka það fyrir fólkinu, að þeir fáist ekki til að sinna till. um stóríbúða- og háleiguskatt eða till. um lækkun á launum hálaunaðra embættismanna, þó hér sé um sömu till. að ræða og þeir hafa sjálfir flutt á undanförnum þingum. En nú bregður svo undarlega við, að þegar þeir þurfa á tekjum að halda í ríkissjóðinn, þá er eins og sumir þessara sömu manna kjósi helzt að sjá sínar eigin till. dánar og grafnar.

Þá vil ég aðeins drepa á önnur umbótamál, sem við leggjum fyrir þingið. Við flytjum frv. um gagngerðar endurbætur á fátækralögunum. Helztu atriði þessa frv. eru, að landið er allt gert að einu framfærsluhéraði, til stórkostlegra hagsbóta, bæði fyrir fátæk bæjarfélög og styrkþegana sjálfa. Upphæð framfærslustyrks skal ekki

lengur miðuð við duttlunga framfærslunefnda, heldur skal hann ákveðinn með gjaldskrá fyrir hvert bæjar- og sveitarfélag. Þar með er eðli framfærslustyrksins breytt þannig, að hann hættir að vera ölmusa, heldur verður hann ákveðinn réttur. Framfærslumálin færast þá meir í það horf, að verða ein tegund þjóðfélagstrygginga. Meðlög með börnum skulu öll greidd af ríkinu. Ófrelsisákvæði núgildandi framfærslulaga eru öll afnumin, svo sem sérstakir fangelsisdómar fyrir styrkþega, þvingunarvinna o. s. frv. Það er undir öllum kringumstæðum bannað að sundra heimilum vegna fátæktar. Framfærslunefndum er breytt þannig, að verkamannasamtökin fá fulltrúa í þeim. Framfærslueyrir skal allur greiddur í peningum. Framfærsluþurfar eru í öllum atriðum gerðir jafnréttháir öðrum þjóðfélagsborgurum.

Þá flytjum við brtt. við l. um greiðslu verkakaups, sem tryggir það, að verkakaup sé undantekningarlaust greitt í peningum. Brtt. á lögum um aðför flytjum við, sem fer í þá átt, að undanskilja megi lögtaki 500 kr. eign, jafnvel þegar um greiðslur opinberra gjalda er að ræða eins og við einkaskuldir. Ennfremur till. um úthlutun gjaldeyrisleyfa til smásala og útvegsmanna til innkaupa á vörum til útgerðarinnar.

Þessi síðasta krafa okkar hefir borið þann árangur, að komizt hefir inn í frv. um gjaldeyrisverzlun ákvæði um, að útgerðarmönnum sé heimilt að ráðstafa gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra.

Till., sem við lögðum fram um innflutning ávaxta, hefir að vísu aldrei komið til umræðu, en virðist hafa verið tekin til greina að nokkru leyti.

Nú spyr almenningur, hvað verði um öll þessi umbótamál, sem þm. kommúnista bera fram. Því er til að svara, að hv. þm. virðast sofa nokkuð fast á þeim. Sú stefna, sem í þeim felst, virðist ekki eiga miklu brautargengi að fagna hjá hv. stjórnarflokkum. Stefna hv. ríkisstj. virðist horfa í allt aðra átt, eins og ég hefi lýst áður. Og þá spyr alþýða landsins, hvernig sé þá hægt að koma þessum málum í framkvæmd, Hvernig er hægt að gera vilja meiri hluta þjóðarinnar gildandi á Alþ.? Hvernig er hægt að láta lýðræðið vera í gildi?

Það varðar mest til allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin. Er þá fyrst að leita orsakanna fyrir þessari íhaldsstefnu stj., orsakanna fyrir því, að vilji kjósendanna, vilji meiri hluta þjóðarinnar fær ekki að ráða á Alþ., þrátt fyrir þann glæsilega kosningasigur, sem alþýðan vann í vor.

Þá er fyrst að gera sér ljóst, að þessi kosningasigur var vissulega ekki unninn fyrir gýg, þrátt fyrir allt. Hvað hefði gerzt, ef Sjálfstfl. eða Breiðfylkingin hefði orðið í meiri hluta? Sjálfstfl. hefir sýnt svo greinilega klærnar hér á Alþingi, að það þarf nú ekki framar vitnanna við. Það, sem gert hefði verið, ef Breiðfylkingin hefði sigrað, er í stuttu máli eftirfarandi: Það hefði verið komið á þvingunarlögum í vinnudeilum, sem lagt hefðu verkalýðsfélögin í fjötra, og síðan hefði verið látið til skarar skríða að koma á almennri kauplækkun í landinu. Strax og í odda hefði skorizt í stéttabaráttunni hefðu foringjar verkalýðsfélaganna og verkalýðsflokkanna verið fangelsaðir. Sjálfstæðismenn hafa nú lagt hér fram frv. sitt um þvingunardóm í vinnudeilum enn einu sinni, og það var mjög athyglisvert, sem hv. 8. landsk. (GÞ) sagði í umr. um það mál. Hann sagði, að þetta afkvæmi íhaldsins skyldi verða að l., hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Svona er hægt að telja upp ótal dæmi um hótanir afturhaldsmannanna í íhaldsflokknum, um að ofbeldið skuli látið skera úr, ef þeir fá ekki að ráða. Breiðfylkingarstjórn myndi ekki hafa látið sitja við að leggja verkalýðsfélögin í rústir, heldur líka stefnt að því að leggja samvinnufélögin í rústir, eins og menn hennar hafa margsinnis boðað, bæði í ræðu og riti. Mikil líkindi eru til, að stjórn Breiðfylkingarinnar hefði lækkað gengi krónunnar, og hefði það þá verið ein aðferðin til almennrar kauplækkunar. Og þið þurfið ekki annað en hlusta á ræður þessara herra til þess að komast að þeirri niðurstöðu, að þeir hefðu lækkað beinu skattana á auðmönnunum og í stað þess hækkað tollana á nauðsynjavörur enn meir. Verklegar framkvæmdir hefðu verið skornar niður. Það er þetta, sem að baki býr í ræðum þessara manna, þegar þeir eru að barma sér yfir háu sköttunum og skammast út í „eyðslu“ stj. Þegar þeir tala um „eyðslu“, þá meina þeir framlög til verklegra framkvæmda. Lýðskrum sjálfstæðismanna á yfirstandandi þingi er annar þáttur út af fyrir sig, og mun verða komið nánar inn á það mál síðar í þessum umræðum. Því var afstýrt með kosningunum í vor, að þessi íhaldspólitík kæmist til framkvæmda. Og það var mikill sigur. En um leið vil ég minna á það, sem við kommúnistar sögðum fyrir kosningarnar í vor. Við sögðum eftirfarandi:

„Til þess að tryggja lýðræðið í landinu er ekki nóg að koma í veg fyrir, að íhaldið fái meiri hluta. Það er ekki hægt að búast við því, að hinar vinnandi stéttir verndi það lýðræði sem fjöregg sitt, sem gefur auðvaldinu og afturhaldinu tækifæri til að drottna í skjóli sínu, sem heldur hlífiskildi yfir fjárglæfamönnum og lyftir þeim upp í æðstu valdastöður þjóðfélagsins, sem hlífir þeim ríku, en leggur byrðarnar á hina fátæku. Lýðræðið hlýtur nú að byggja áframhaldandi tilveru sína á stuðningi hinna vinnandi stétta, því annars er það dauðadæmt. Og það lýðræði, sem styðst við alþýðuna, verður að sjá hagsmunum hennar borgið. Það er lífsskilyrði þess. Til þess að tryggja lýðræðið dugir ekki sú stefna, sem stjórnarflokkarnir hafa starfað eftir undanfarin þrjú ár. Til þess að tryggja lýðræðið duga hvorki svikin loforð né undanlátssemi og jafnvel samstarf við versta afturhaldið.“

Á þessu þingi sjást engin glögg merki þess, að hv. stjórnarflokkar ætli að hverfa af þeirri braut, sem þeir hafa gengið undanfarin ár. Og orsakirnar eru þær, að áhrif auðmannastéttarinnar á stjórnarflokkana mega sín enn sem fyrr meir en áhrif hins vinnandi fólks. Það er skylt að segja það hér, hverjir eru höfuðábyrgir fyrir þessari íhaldspólitík. Það eru fyrst og fremst örfáir afturhaldssamir menn innan Framsfl. með hv. þm. S.-Þ., formann Framsfl., Jónas Jónsson, í broddi fylkingar. Formaður Framsfl. hótar stöðugt, ým-

ist samstarfi við Íhadsfl. um stjórnarmyndun eða hann ógnar með Landsbankanum. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan þessi hv. þm. ógnaði opinberlega hér á Alþ. með valdi Landsbankans. Það var í umræðunum um frv. framsóknarmanna og íhaldsmanna um síldarverksmiðjur ríkisins.

Þá getum við aftur snúið okkur að spurningunni, sem mestu varðar: Hvað geta hinar vinnandi stéttir gert til að skapa það ástand, að þingfulltrúar þeirra þjóni hagsmunum þeirra og vilja, svo ríkisstj. verði mynduð í landinu, sem framkvæmir þá pólitík, sem meiri hluti þjóðarinnar vill? Þetta er meira Grettistak en mörgum virðist í fljótu bragði, því það er einmitt einkenni hins borgaralega lýðræðis, að auðmennirnir geti meira eða minna drottnað í skjóli þess, hvernig sem ríkisstj. er skipuð á hverjum tíma.

Það, sem fyrst og fremst er nauðsynlegt til að hrinda málstað fólksins áleiðis, er, að hinar vinnandi stéttir efli samtök sín, og að öll þessi samtök verkamanna og bænda, smáútvegsmanna og annara vinnandi manna tengist órjúfandi einingarböndum.

Og til þess að þetta megi takast, verður verkalýðurinn, sem á þróttmestu samtökin og þau, sem bezt eru til forystu fallin, að sameinast. Þess vegna er nú brýnni nauðsyn á því en nokkurn tíma fyrr, að náið samstarf takist með verkalýðsflokkunum, Alþfl. og Kommfl. og verkalýðsfélögunum, og að þetta samstarf hafi að takmarki sameiningu Alþfl. og Kommfl. í einn flokk, jafnskjótt og þeir hafa skapað sér sameiginlegan, pólitískan og fræðilegan grundvöll, jafnskjótt og þeir hafa komið að sameiginlegri niðurstöðu um þau mál, sem örlög verkalýðshreyfingarinnar í nútíð og framtíð veltur á og varanleg eining þeirra er tryggð.

Jafnframt verða öll samtök alþýðunnar í landinu að koma sér saman um dægurmálastefnuskrá og mynda með sér traust bandalag. Þátttakendur í þessu bandalagi verða að vera hinir pólitísku flokkar bænda og verkamanna, Framsfl. og deildir hans, verkalýðsflokkarnir og deildir þeirra, og auk þess öll verkalýðsfélög, samvinnufélögin í bæjum og sveitum, samtök þau, sem smáútvegsmenn skapa sér, æskulýðsfélög, frjálslynd kvenfélög og allur annar félagsskapur, sem taka vill þátt í vörninni gegn afturhaldinu og fasismanum og berjast fyrir bættum kjörum alþýðunnar til sjávar og sveita. Öll þessi samtök mynduðu svo með sér sameiginlegar nefndir víðsvegar um landið í sveitum og bæjum. Verkefni þessara nefnda væri svo að samræma pólitík alþýðunnar, bæði í bæjar- og sveitarmálum og í landsmálum, og hafa á hendi framkvæmd hinnar sameiginlegu stefnuskrár. Á grundvelli slíkra styrkra samtaka gætu svo hinar vinnandi stéttir falið fulltrúum sínum á Alþ. að mynda ríkisstjórn. Slík stjórn væri þá ekki aðeins háð þingmeirihluta vinstri flokkanna og styddi sig ekki aðeins við þingmeirihlutann, heldur væri hún háð hinum sameinuðu samtökum hins vinnandi fólks í landinu og nefndum þeirra og styddist jafnframt við þessi samtök.

Það er þetta, sem við köllum þjóðfylkingu, og þá stjórn, sem þannig er mynduð, þjóðfylkingarstjórn. Slík stjórn myndi vera hin sterkasta stjórn, sem nokkurn tíma hefir farið með völd á Íslandi, því öll hennar verk myndu vera unnin í samvinnu við fólkið sjálft og samtök þess og öll hennar ráð ráðin í samráði við alþýðuna, sem hún styddist við, og samtök fólksins á hverjum stað myndu slá skjaldborg um stjórn sína og túlka málstað hennar meðal þjóðarinnar. Slík samtök sem þessi myndu verða þess megnug að grípa algerlega fyrir kverkar fasismans, og fyrir slíkri stjórn, sem framkvæmdi vilja fólksins og gætti sameiginlegra hagsmuna þess, myndi fylgi afturhaldsins, sem nú veður uppi í Sjálfstfl., hverfa eins og dögg fyrir sólu. Slíka stj. myndi Kommfl. styðja af heilum hug, og bær þúsundir, sem honum fylgja, myndu leggja fram alla sína starfskrafta og allan sinn eldmóð í baráttunni fyrir málstað hennar og fyrir því, að hrinda stefnumálum hennar í framkvæmd.

Því er ekki að neita, að margir spyrja nú með ugg og kvíða. Er samvinna milli Framsfl. og verkalýðsins möguleg lengur? Er ekki Framsfl. að undirbúa vinnulöggjöf, til þess að hugsjónir Eggerts Claessens megi rætast? Hefir ekki Framsfl. lagt fram á þessu þingi frv. um síldarverksmiðjur ríkisins, sem er bein árás á verkamenn, sjómenn og alla útvegsmenn nema Kveldúlf og Alliance, og ætlar hann ekki að gera þetta frv. að l. með fulltingi íhaldsins? Stendur ekki Framsfl. eins og múrveggur gegn öllum sköttum á þá ríku, og getur ekki hugsað sér aðrar tekjuöflunaraðferðir í ríkissjóðinn en að leggja hækkaða tolla á nauðsynjavörur? Er ekki formaður Framsfl. í stöðugum þingum við form. Sjálfstfl., brosandi út í hægra munnvikið? Allt þetta er rétt, og það er vitað, að menn, sem allt til þessa hafa verið og eru áhrifamenn í Framsfl., vinna að því öllum árum, að samvinna takist milli Framsfl. og íhaldsins, þannig að Framsfl. verði gerður að einskonar íhaldsfl. no. 2, íhaldsfl. sveitanna, og þannig mynduð ný breiðfylking, sem myndi gera vesalings Bændafl. aldeilis óþarfan fyrir hina drottnandi auðmannaklíku í landinu. En þessu er til að svara, að ef bændurnir eru á verði, þá er ekki hægt fyrir neina foringja að fremja slíkt fantabragð gegn bændastétt landsins og allri alþýðu. Framsfl. getur ekki verið íhaldsfl. og bændafl. í senn, því bændurnir og peningamennirnir í bæjunum hafa ekki samstæða hagsmuni, heldur andstæða hagsmuni. Hvernig haldið þið, að hagsmunum bændanna væri borgið í samvinnu við íhaldið? Hvernig haldið þið, að skuldamálum bænda yrði skipað? Og hvað haldið þið, að yrði úr skipulagi afurðasölunnar í samvinnu við Eyjólf í Mjólkurfélaginu, hv. þm. G.-K. (ÓTh) og aðra slíka? Og hvernig haldið þið, að jarðræktarlögin mundu líta út eftir nokkurra ára samvinnu við íhaldið? Og hverjir ættu svo að kaupa afurðir bændanna, eftir að búið væri að leggja verkalýðsfélögin í rústir, og verkamenn yrðu að búa við þau smánarlaun, þau sultarkjör og bágindi, sem atvinnurekendur myndu skammta úr hnefa?

Nei, Framsfl. getur ekki tekið höndum saman

við ihaldið án þess að fremja sjálfsmorð. Bændur yrðu þá að bindast samtökum á öðrum vettvangi. Og bændur munu aldrei líða það, að slíkt sjálfsmorð yrði framið. Bændur eiga ekki samleið með neinum nema verkalýðnum. Framsfl. styður sig við fátæka bændur og samvinnusamtök þeirra, og þess vegna á Framsfl. heima í vinstra-bandalagi, — hann á heima í fylkingum þess hluta íslenzku þjóðarinnar, sem vinnur fyrir brauði sínu í sveita síns andlitis. Það eru líka margir, sem líta með ugg og kvíða á samstarf samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna. Menn benda á Akureyri, þar sem þessi samtök fólksins hafa átt innbyrðis í harðri kaupdeilu. Á Akureyri á S. Í. S. iðnfyrirtæki, sem hafa haldið uppi kaupkúgun og telja það óhjákvæmilegan lið í rekstrarfyrirkomulagi þessara fyrirtækja og þess vegna eigi verkafólkið að sætta sig við þessa kaupkúgun. Á Akureyri komust menn, áður en núverandi samningar voru gerðir, ekki upp í eins hátt kaup á 10 árum eins og menn fá við samskonar fyrirtæki hér, eftir eitt ár. Verkafólkið fór nú ekki fram á annað en að sama kaup yrði greitt á Akureyri og iðnverkafólkið í Reykjavík hefir nú samkv. samningi, sem félag iðnverkafólksins hér í Reykjavík hefir sagt upp, í því skyni að fá allverulega kauphækkun.

Út af þessu lögðu hinir afturhaldssömu foringjar sambandsins út í langvinna kaupdeilu, að hætti hinna forstokkuðustu atvinnurekenda. Hér er því miður að rætast það, sem hinn ágæti frömuður samvinnuhreifingarinnar, Hallgrímur Kristinsson, renndi grun í, þegar hann lét svo um mælt, að hann „óttaðist um framtíðarörlög samvinnustefnunnar, er eldur hugsjónanna félli í fölskva hjá gröfum frumherjanna".

Þetta er nú komið á daginn, með þeim hætti, sem annar ágætur frömuður samvinnuhreyfingarinnar, Benedikt Jónsson á Auðnum, lýsir í grein, sem hann skrifaði á fertugsafmæli Ófeigs úr Skörðum í fyrsta blað samvinnustefnunnar á Íslandi. Benedikt á Auðnum skrifar eftirfarandi, sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Hálfleiki, hálfvelgja, hugdeigla gagnvart ríkilætinu virðist vera einkenni nútímakynslóðarinnar. Smáhygli og sérgæðingsháttur veður uppi hvívetna í almenningsmálum, eyðir áhrifum þess, sem bezt er gert, og truflar alla skipulagsviðleitni.

Að þetta sé ekki ofmælt, sannar það furðulega fyrirbrigði, að jafnvel þeir menn, sem kalla sig samvinnumenn, gera sig að undirtyllum gamalla selstöðuverzlana og reka erindi þeirra við almenning. Með því auðga þeir þær og efla, en vinna gegn þeirri stefnu, sem þeir þó dingla aftan í með látalæti sín.

Hvernig er þess að vænta, að nokkrir sigrar vinnist með slíku fylgdarliði? Það er ekki til svo gott og réttmætt málefni, að það nái fram að ganga, ef unnið er að því með slíkum smásálarskap, tómlæti og tvöfeldni."

Svo að ég snúi mér nú aftur að kaupdeilunni á Akureyri, þá vaknar spurningin: Hvaða hag hafa bændur af því, að fyrirtækjum samvinnuhreyfingarinnar sé beitt í kaupkúgunarskyni? Það hlýtur að vera eitthvað bogið við þau samvinnufyrirtæki, sem ekki geta keppt við fyrirtæki einstakra manna í sömu iðngrein, með sama kaupgjaldi, og þá er það vitaskuld hagur allra samvinnumanna, að slíku sé kippt í lag. Og ekki getur það verið hagur bænda, að samvinnufélögin færi meir og meir út kviarnar með lágu kaupgjaldi og lækki þar með allt kaupgjald í landinu. Þannig myndu samvinnufélögin verða þess valdandi, að bilið milli stéttanna stækaði, gróði einstakra atvinnurekenda yrði meiri og kjör verkafólksins versnuðu. Og hver vill halda því fram, að bændunum sé hagur að því, að kaupgeta almennings í bæjunum minnki, að verkafólkið neyðist til að kaupa minna af mjólk og kjöti? Hver vill halda því fram, að það sé hagur bænda, að alið sé á úlfúð milli samvinnufélaganna og neytendanna í bæjunum, svo þeir minnki viðskipti sín við samvinnufélögin? Þeir herrar, sem standa að því að etja saman samtökum bænda og verkamanna, eru ekki aðeins andstæðingar verkamanna heldur líka andstæðingar bænda.

Ég vil nú nefna eitt dæmi um það, hvernig samvinnusamtök og verkalýðssamtök geta unnið saman. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis er eitt stærsta samvinnufélag landsins og er byggt upp af róttækum verkamönnum í Reykjavík. Það eru kommúnistar og margir ágætir menn úr öðrum flokkum, sem hafa unnið að því að gera það stórt og öflugt. Þeir hafa unnið að þessu í bezta samstarfi og yfirleitt í samræmi við stefnu Kommfl. í neytendamálum. Kaup og kjör starfsfólksins við kaupfélagið eru yfirleitt betri en tíðkast í Reykjavík. Það er eina verzlunarfyrirtækið, sem gert hefir samning við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. Þrátt fyrir þetta getur kaupfélagið selt ódýrara en aðrir og haldið vöruverðinu í Reykjavík niðri. Nú standa yfir samningar milli Verzlunarmannafélagsins og kaupfélagsins og það er almenn skoðun manna í báðum félögunum, að í þessum samningum eigi aðeins eitt sjónarmið að koma til greina, og það er, hvað báðum aðiljum er fyrir bestu. Félögin vilja veita hvort öðru gagnkvæman stuðning. Kaupfélaginu ber að líta á það sem hlutverk sitt að hjálpa Verzlunarmannafélaginu svo sem unnt er til þess að bæta kjörin, og Verzlunarmannafélaginu ber að líta á það sem hlutverk sitt að efla og styrkja kaupfélagið.

Svona samvinna og gagnkvæmur skilningur getur verið og á að vera milli allra samvinnufélaga og verkalýðsfélaga á landinu.

Margur mun nú segja sem svo, að það muni eiga langt í land, að verkamenn og bændur taki þannig höndum saman eins og vera ber. En því er til að svara, að þetta er næsta sporið, sem alþýðan í landinu verður að stíga, til þess að afstýra vandræðum og glundroða og koma í veg fyrir, að afturhaldið noti sér sundrung hinna vinnandi stétta, til þess að hrifsa til sín völdin. Vissulega eru margir örðugleikar á þessari leið. En hvers vegna skyldu þeir vera óyfirstíganlegir? Eru ekki hagsmunir allra þeirra, sem vinna í þessu þjóðfélagi, nátengdir? Er það ekki hagur bændanna, að kjör fólksins í bæjunum séu sem bezt, svo að innanlandsmarkaðurinn sé sem

öruggastur fyrir afurðir þeirra? Og er ekki samstarfið við bændurna nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að verkamennirnir í bæjunum geti komið málum sínum áleiðis? Er það ekki sameiginlegur hagur smáútvegsmanna og sjómanna, að hlynnt sé að sjávarútvegnum og komið í veg fyrir, að peningavaldið og einokunarhringarnir hirði arðinn af striði þeirra? Hversvegna skyldi þetta fólk þá ekki geta unnið saman, jafnvel þótt menn héldu áfram að deila um lífsskoðanir? Og það er líka alveg víst, að hið vinnandi fólk í landinu vill vinna saman. Bændur og verkamenn vilja vinna saman. Hvað er þá í veginum? Í veginum standa einstakir steingerðir foringjar, sem daðra við auðvaldið og afturhaldið, eða eru gersneyddir öllum skilningi á þeim miklu straumhvörfum, sem nú eru að gerast í íslenzku þjóðlífi. Það þarf að gera slíka menn óskaðlega. Það fyrsta, sem verkamennirnir og bændurnir og aðrir alþýðumenn þurfa að gera, það er að taka sjálfir stjórnina í sínum eigin flokkum og samtökum og sameinast í einu traustu bandalagi. Þar með eru tryggð áhrif alþýðunnar á stj. landsins og þau umskipti í íslenzkri pólitík og íslenzkum þjóðfélagsmálum, sem allir frjálslyndir menn og allir góðir drengir óska eftir.

*Þorsteinn Briem: Það er kunnugt, hvers vegna hinum svonefndu eldhúsdagsumr. var frestað við 1. umr. fjárl. og koma nú fyrst við 3. umr. Það mun og mörgum kunnugt, hvers vegna svonefndar eldhúsumr. verða nú með öðrum hætti en áður hefir tíðkazt. Þ. e. af því, að á herðum þjóðarinnar og fulltrúa hennar hvíla nú meiri vandamál til úrlausnar en menn hafa allt til þessa gert sér ljóst.

Og meðan þeir menn, sem nú eru í stórnaraðstöðu og því bera ábyrgðina á afkomu lands og þjóðar, eru í fyrsta lagi að gera sér ljóst, hvernig ástandið er, og í öðru lagi að reyna að komast að niðurstöðu um, hvernig úr því ástandi verði bætt, þá vil ég ekki endurvekja eldri ágreiningsmál né væringar, nema sérstakt tilefni gefist til, heldur mun ég um þau efni óhræddur geyma síðari tímum dóminn.

Afkomuhorfum atvinnuveganna og högum lands og þjóðar er nú svo komið, að þess ætti að mega fastlega vænta, að menn fyndu nú meira til ábyrgðar sinnar en áður. Ætla ég, að svo muni og vera um ýmsa þá reyndari menn, sem verið hafa með í því að byggja upp samvinnufélagsskapinn í landinu frá upphafi og starfað hafa að málum hans.

Hinsvegar veit ég ekki, hvort svo er um aðra minna ráðna og óreyndari menn, sem ekki hafa vaxið upp í starfinu fyrir samvinnufélagsskapnum, heldur aðeins notað samvinnuhreyfinguna til þess að lyfta sjálfum sér upp til vegs og valda, þó að þeir standi að öðru leyti nær öðrum róttækari flokkum. En í von um, að hinir reyndari menn innan fjölmennari stjórnarflokksins fái meiru áorkað í flokki sínum hér eftir en nú hefir um skeið verið, vil ég sjá, hvaða stefnu þeir menn, sem enn eru óráðnir, taka í þeim málum, sem nú hljóta að valda öllum hugsandi mönnum þyngstum áhyggjum. Ég mun því ekki flytja venjulega eldhúsræðu að þessu sinni, heldur aðeins reyna að vekja athygli hugsandi manna á því, hvar vér stöndum nú.

Alþingi er nú að afgreiða fjárlög. Á þeim eru útgjöldin ákveðin hærri en nokkru sinni áður. Til þess að láta tekjur vega á móti þeim gjöldum, hefir orðið að hækka skatta og tolla m. a. á sjálfsögðustu nauðsynjavörum hvers heimilis. Og það hefir orðið að gera meira. Það hefir orðið að leggja verðtoll einnig á þær vörur, sem verðtollur hefir aldrei verið lagður á áður.

Það hefir ekki aðeins orðið að hækka fasteigna- tekju- og eignarskattana um 11% upp úr því hámarki, sem sósialistar, sem fram að þessu hafa verið fylgjandi beinum sköttum, hafa áður talið frekast fært. Enda hefir hæstv. fjmrh. viðurkennt, að beinir skattar væru nú orðnir hærri á Íslandi en í nokkru öðru nálægu ríki.

Það hefir ekki aðeins orðið að hækka alla gömlu tollana, sem sósialistum þóttu áður fyrr vera fullháir, enn að nýju um 11% ofan á þær hækkanir, sem komnar voru áður. Það hefir líka orðið að hækka hina svo til nýju tolla, viðskiptagjaldið svonefnda, um 50%, á velflestum nauðsynjavörum, sem þó verður án verið, um 40% á nauðsynjavörum, sem alls ekki verður án verið, eins og búsáhöldum og þvottavörum. Og loks hefir orðið að leggja þennan nýja verðtoll einnig á þær vörur, sem engum hefir áður komið til hugar að leggja á verðtoll, eins og rúgmjöl og ýms alnauðsynlegustu áhöld og verkfæri. Nú er ekki aðeins kominn nýr verðtollur á mjölið, sem fer í brauðin, heldur og á skóflurnar í hendi bóndans og saumnálina í hendi konunnar, hvað þá annað. Þessi nýju gjöld koma, eins og gefur að skilja, að langmestum hluta niður sem nefskattur og verður því þyngri sem menn hafa fleiri munnana að fæða á hverju heimili. Hefir verið áætlað, að þau nemi 40—150 kr. á sveitaheimili, eftir stærð og aðkeyptu vörumagni hjá hverjum einum. Og það mundi þykja allveruleg hækkun á útsvari hjá hverjum almúgamanni, sem á fyrir heimili að sjá.

Móti þessari gjaldahækkun kemur svo að vísu nokkur ívilnun í útflutningsgjaldi, þ. e. afléttíng útflutningsgjalds af saltfiski, sem mun nema um 225 þús. kr., eða rúmlega 7% af viðbótarálögunum.

Þá er lofað nokkurri aukningu á því fé, sem varið hefir verið til jöfnunar milli þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem eru lakast stödd, og fara væntanlega til þess um 14% af hinum nýju álögum. Ekki munu þó sveitahrepparnir fá mikið af því fé, því að mest fá hlutfallslega þau kauptún og bæjarfélög, þar sem sósialistar fara með fjárstjórnina, því að þar er fjárhagurinn aumastur.

Hinsvegar fer allur kúfurinn af þessum nýju skatta- og tollaálögum til þess að jafna þann nær millj. tekjuhalla, sem var á fjárl. eins og stj. lagði þau fyrir. Nokkur upphæð fer væntanlega í vexti af 3 millj. kr. láninu, sem nú á að taka til þess að jafna greiðsluhallann síðustu þrjú árin. En afgangurinn fer til ýmsra ráðstafana, sem sumar eru sjálfsagðar og óhjá-

kvæmilegar, svo sem ráðstafanirnar gegn Deildartunguveikinni, en aðrar orka tvímælis eins og nú er ástatt.

Það skal þegar játað, að fjvn. hefir nú sýnt nokkru meiri sanngirni í till. sínum en nú var í fjárlagafrv. stj. og oft áður. Er það vert allrar viðurkenningar, þó að með því sé auðvitað ekki mikið sagt.

En þó að maður vilji sýna hina fyllstu sanngirni í dómum um afgreiðslu þessara fjárlaga og um þær nýju álögur, sem nú er verið að leggja á hvern einasta mann í landinu, þá fær maður ekki varizt þeirri spurningu, hvort þjóðin sé fær um að taka á sig þessar nýju álögur í viðbót við sveitargjöldin og útsvörin, sem stöðugt eru að þyngjast víðast hvar á landinu.

Þing og stj. hefir nú stöðugt aukið yfirbygginguna á þjóðarbúinu, og það þó vitanlegt sé, að undirbyggingin sé stöðugt að veikjast.

Skattar og tollar og álagning á einkasölu-vörum og útsvör og aðrar opinberar álögur munu nú nema 25—30 millj. alls á þjóðinni. — En til samanburðar má benda á það, að allar útfluttar vörur landsins, sem eru vor eini gjaldeyrir til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum og til kaupa á öllum þeim nauðsynjum, sem vér verðum að flytja inn, nema sum árin ekki nema rúmum 40 millj. alls. Jafnvel þótt vér miðum við einsdæmis síldarhappdrættisár eins og nú var, þá nema opinberu álögurnar um helmingi af öllum útflutningnum. Getur þjóðin borið þetta, að greiða sama sem aðrahverja kjöttunnu, sem út er flutt, annaðhvert gærubúnt og annanhvern síldar- eða fiskfarm, sem fer úr landi, í opinber gjöld? Getur hún borið það? Eru atvinnuvegir landsmanna með þeim blóma, að slíkt sé mögulegt? Er undirbyggingin svo sterk, að hún þoli slíka yfirbyggingu?

Undirbyggingin er framleiðslan. Hún skapar atvinnu. Hún fæðir fólkið og hún gefur ríkinu og bæjar- og sveitarfélögunum tekjur. Ef sá grunnur hrynur, hrynur og yfirbyggingin af sjálfu sér. Það verður því ekki hjá komizt að líta á þessa undirstöðu um leið og verið er að auka yfirbygginguna enn að nýju.

Elzta undirstöðuatvinnugrein þessarar þjóðar er landbúnaðurinn. Og eins og menn vita, leggur nútíminn þeirri atvinnugrein ekki lítið verkefni á herðar. Þeir, sem nú stunda landbúnað, verða flestir að vinna tvennt í senn, að rækta jörðina og reisa sér hús yfir fólk og fénað.

Aðrar landbúnaðarþjóðir álfunnar hafa verið öldum saman að vinna þetta verk. Og þar þykir bændum það ærið verkefni nú á tímum, að halda þessum mannvirjum við og endurbæta þau eftir kröfum tímans.

En hér hefir þorri bænda orðið að taka við landinu sem nær ónumdu að ræktun og húsum. Hér verður sama bændakynslóðin að vinna margra kynslóða verk. Það mættu einstæð undur teljast, ef sú kynslóð, sem færist slíkt í fang, gæti jafnhliða þessu verki verið fær um það, að bera — ekki aðeins þung gjöld heima fyrir í sveitar- og sýslugjöldum, heldur þar í ofanálag einnig þung gjöld fyrir ríkissjóðinn.

Það má miklu fremur segja, að á meðan ræktunar- og byggingarmálum sveitanna er ekki lengra komið en er, þá sé þar enn verið að vinna að því að reisa grunninn undir viðunandi landbúnaðarafkomu. Og á meðan ekki er enn búið að reisa grunninn, þá er ekki hægt að byggja þar ofan á mikla yfirbyggingu. Skýrslur þær, sem safnað var um fjárhagsafkomu landbúnaðarins fyrir nokkrum árum, sýndu almennan taprekstur í landbúnaðinum allt frá árinu 1928. Og sama má vafalaust einnig segja um hin síðustu ár, ef miðað er við það, að reksturinn gefi ekki aðeins klippt og skorið fæði og klæði fjölskyldunnar, heldur einhverja möguleika til að rækta og gera sér þak yfir höfuðið, auk viðhalds og vaxta af höfuðstól.

Fram yfir þetta mun búskapurinn hvergi hafa gefið arð, heldur víða verið taprekstur, enda hafa útgjöldin hækkað fyllilega á móti auknum tekjum.

Þetta síðasta ár var að vísu stríðsólguverð á ull og gærum. En þó er ullin nú þegar fallin, og óvíst um endanlegt gæruverð, svo að ekki gefur það miklar vonir fyrir næsta ár.

Hjá öllum þorra bænda eru engir möguleikar á að byggja upp, þó að þörfin sé jafnknýjandi og almenn sem kunnugt er.

Hjá fjölda bænda eru og ekki heldur möguleikar á að standa undir lánum af byggingar- og umbótaskuldum. Um það ber vitni sá fjöldi jarða, sem kominn er og alltaf er að komast í eigu bankanna, og svo allur sá jarðafjöldi, sem verið er að bjóða ríkinu til kaups, af því að menn sjá sér ekki neina leið til þess að halda þeim sjálfir áfram. Ofan á allt þetta er nú fjársýkisvoðinn kominn yfir mörg héruð landsins, svo að við liggur, að leggi landbúnaðinn í rúst í mörgum sveitum, og fær enginn vitað til fulls, hvaða vágest er þar við að eiga, enn sem komið er. Nær skammt sú aðstoð, sem Alþingi veitir, þó erfitt hafi verið að hafa hana ríflegri, eins og nú er öllu komið í þrot.

Hjá ýmsum bændum á mjólkurframleiðslusvæðinu hefir sú framleiðsla ekki borið meiri arð en svo, að þeir tala nú um, að þeir mundu nú hafa breytt um til meiri sauðfjárbúskapar, ef ekki væri fjársýkin. En nú er afskorið um þann hlut í bráð. Nú lógar fjöldi bænda fé sínu, bæði vegna fjársýkinnar og af ótta við fjárpest, þar sem hún er að byrja eða komin á næstu grös. Og er öll von, að þeim þyki hart að verða að greiða verðjöfnunargjald af því kjöti, sem svo stendur á um. Sanngjarnt hefði verið að hækka kjötverð innanlands í hlutfalli við hækkun kjötsins erlendis og til samræmis við hækkað verð á erlendum matvörum.

Öll sanngirni hefði og mælt með því, að nú, þegar hvorttveggja steðjar að hinum sömu héruðum, óþurrkarnir og fjársýkisvoðinn, þá hefði mjólkurverð eitthvað hækkað, — þar sem bændur hafa ekki aðeins fengið minni hey þrátt fyrir meiri tilkostnað, heldur og miklum mun minni og lakari mjólkurafurðir af því litla heymagni, vegna þess hve hrakið það var.

Það var talið sanngirnismál, er Eyfirðingar hækkuðu sína sölumjólk nú í ár, þó að bændur hér á aðalsölusvæðinu, sem urðu fyrir mestu tjóni af óþurrkunum, fengju enga hækkun.

Það verður að teljast stór slysni í mjólkurskipulagningunni, að þar skuli hafa verið lagt svo mikið kapp á að gera osta til útflutnings, sem ekki gefa í aðra hönd meira en nemur verðgildi smjörfeitinnar, að ekki hefir aðeins orðið að hætta við blöndun smjörs í smjörlíki, heldur hefir nú um skeið verið stórkostlegur skortur á smjöri og rjóma hér í höfuðstaðnum.

Meðan ekki er betri markaður fyrir osta vora erlendis en svo, að gefa verður undanrennuna í meðlag með feitinni, þá er nær að nota til fulls þann smjörmarkað, sem til er í landinu og alltaf má auka með meiri blöndun í smjörlíkið. Þann veg má og skapa nokkra framleiðslumöguleika fyrir þær fjársýkisveitir, þar sem fært þykir að stofna rjómabú. En víða eru ekki á því neinir möguleikar vegna vegaleysis og ónógrar ræktunar.

Allar vonir fyrir landbúnaðinn verða að byggjast á aukinni og betri ræktun. Aðalvonin fyrir hann er, að unnt sé að lækka framleiðslukostnaðinn. En til þess er vart önnur leið en meiri og betri ræktun.

Ræktunarkostnaðurinn þarf að verða viðráðanlegur, og ræktuninni verður að flýta, m. a. til þess, að unnt verði að standa síðan undir nauðsynlegum og óhjákvæmilegum byggingarkostnaði í sveitunum.

Frumvörp, sem miða í þá átt að auka og bæta ræktunina með viðráðanlegum kostnaði, hafa verið flutt hvað eftir annað á undanförnum þingum. En meiri hlutinn hefir ekki viljað láta sér skiljast, að ræktunin er skilyrði þess, að fremur verði á eftir hægt að standa undir óumflýjanlegum byggingarkostnaði og bera skatta og opinber gjöld. Því að hver er ástæðan til þess, að landbúnaðurinn er ekki kominn í þrot? Hún er eingöngu sú, að bændur vinna nú fyrir lægra tímakaup en nokkur önnur stétt landsins. — Bóndinn verður að greiða öðrum 35 ærafurðir fyrir þá vinnu, sem 10 ærafurðir nægðu til að greiða áður, samkv. skýrslu þess manns, sem hefir rannsakað verzlunarárferði landbúnaðarins í síðastl. 100 ár. — En bóndinn sjálfur hefir ekki fengið þessa kauphækkun. Hann og kona hans verða því flestar ársstíðir að hafa lengri vinnutíma en þolið leyfir til lengdar. Á annað þúsund bændur búa á jörðum, þar sem allt húsaverð fer ekki fram úr 1000 kr. að fasteignamati. Og á mörgum jörðum eru öll hús metin 500—600 kr. Bóndinn og kona hans verða því ekki aðeins að búa við meira og stöðugra strit en nokkur önnur heil stétt í landinu, heldur og lakari húsakost og meiri sjálfsafneitun í flestum greinum. Bændastéttin íslenzka er að reyna að lyfta því Grettistaki að rækta landið og byggja það upp samtímis. Það er meira afrek en bændastétt í nokkru öðru landi hefir gert. Annarsstaðar í álfunni hefir það ekki aðeins verið heillar aldar tak, heldur margra alda. Það má því vera ljóst, að meðan ein bændakynslóð í hrjóstrugu landi við harða veðráttu er að reyna að lyfta margra alda taki suðrænna landbúnaðarþjóða, þá fær hún ekki tekið á sig stóra, nýja skatta þar á ofan.

Úti í sveitunum er því undirbyggingin enn of veik til þess, að hún fái borið stóra og síaukna yfirbyggingu.

En hvernig er þá við sjóinn?

Eina von vor á síðastl. sumri var sá eindæma síldarafli og stríðsólguverð á sumum síldarafurðum, sem gaf nær ferfalt verð við meðallag áður.

Síldarafurðir þessa árs nema nú fyllilega eins miklu og **allur verkaður saltfiskur** nam á öllu landinu 1933, en það ár var Spánarmarkaðurinn enn að mestu óskertur. (Verð 24261.910 kr.). Hefði þó mátt veiða síld og selja svo, að numið hefði milljónum króna í viðbót, ef menn hefðu haft frjálsari hendur um að nota þá markaði, sem menn gátu sjálfir útvegað sér, m. a. í annari heimsálfu. — Var landið þar með svipt ekki aðeins milljónaaukningu á útflutningsverðmætum, heldur voru ýmis kauptún, svo sem hér við Faxaflóa, þar með svipt sinni beztu atvinnu heima fyrir og sæmilegum afkomuvonum.

En þrátt fyrir þessi óheyrilegu mistök, sem oft fylgja skilningslítilli ofstjórn, þá varð síldarverðmætið eitt meira en nam aðalútflutningsvörunni, verkuðum saltfiski, 1933, meðan við héldum saltfisksmarkaðinum á Spáni, bezta markaðslandi okkar.

Þessi eindæma síldarafli og verðbólga framan af árinu bjargaði greiðslumöguleikum ríkissjóðs, að svo miklu leyti sem þeim varð bjargað.

Hann bjargaði greiðslu- og viðskiptajöfnuðinum við útlönd. — Og er öllum ljóst, hvernig farið hefði, ef slíkt einstætt happ hefði ekki borið að höndum. Allir vita, að án þess happs værum við nú þegar orðin **gjaldþrota þjóð!**

Þessi óvænta hamingja bjargaði okkur frá því að þessu sinni að vera teknir til meðferðar af erlendum þjóðum sem vanskilamenn. Og þessi óvænta hamingja vakti einnig hjá oss þær vonir, að síldaraflinn gæti hjálpað sjávarútveginum til að létta á skuldum og rétta ögn við.

Því fer að vísu mjög fjarri, að allur fiskifloti vor sé af þeirri stærð og gerð, að hann geti með árangri síldveiðar stundað. En flestir okkar, sem stöndum utan við sjávarútveginn, gerðum okkur þó vonir um, að þau skip, sem á síld gátu komizt, hefðu svo mjög bætt með henni afkomu sína, að vel vægi á móti tapinu á þorskveiðunum.

En því fer þó mjög fjarri, þegar á heildina er litið. Gera má ráð fyrir, að þetta komi miklum hluta þjóðarinnar mjög á óvart.

Af hinni glæsilegu aukningu sjávarútvegsins og tiltölulega góðu afkomu fram á stríðsárin og á aflaárinu 1924 höfðu margir, sem þar voru ekki sjálfir framleiðendur, fengið þá staðföstu skoðun, að sjávarútvegurinn gæti borið nær ótakmarkaða skatta og tolla og greitt æ hærra og hærra kaup. Nú er það í ljós komið, að þetta er blekking. Það kom þegar í ljós af skýrslum nefndar þeirrar, er skipuð var að tilhlutun Alþingis 1933, að afkoma sjávarútvegsins stóð svo tæpt, að stofnaður var sérstakur skuldaskilasjóður fyrir vélbátaeigendur, til þess að létta undir byrðarnar af fyrri ára töpum. Og nefndarskýrslurnar báru það með sér, að hagur togaranna eða stórútgerðarinnar svonefndu stóð engu síður hallur.

Þessar niðurstöður voru staðfestar í skýrslu skipulagsnefndar atvinnumála, sem kom út í

byrjun þessa árs. Þó höfðu víst fáir vænzt, að útlitið væri jafnslæmt og nú er komið í ljós.

Af skýrslum þeim, sem lagðar hafa verið fyrir ríkisstj. af stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, sem í eru ekki ómerkari menn en aðalbankastjórar beggja aðalbankanna og framkvæmdarstjóri Sambandsins, Jón Árnason, formaður bankaráðs Landsbankans, -- og af annari þar til kjörinni nefnd frá smábátaútvegsmönnum, — verður fyrst fullljóst, hve ástandið er ískyggilegt, — og jafnvel alveg vonlaust, ef ekki eru sérstakar ráðstafanir gerðar.

Ríkisstjórninni hafa nú verið afhentar skýrslur þessar fyrir nokkru og henni boðið að sannprófa þær með því að láta yfirfara öll þar til heyrandi skilríki, ef henni þætti eitthvað athugavert. Þessar skýrslur hafa og verið afhentar þingflokkunum. Og þar sem nokkur atriði úr þeim hafa þegar verið birt í blöðum, tel ég mér heimilt að víkja að þeim hér:

Af reikningum togaranna kemur í ljós, að í fyrra hefir rekstrartap þeirra á síldveiðum orðið um 30 þús. kr. á skip og álíka á saltfiski, en um 10 þús. á ísfiski, eða um 70 þús. rekstrartap á skip að meðaltali. T. d. tapaði bæjarútgerðin í Hafnarfirði 180 þús. á sínum tveim togurum 1936.

Í ár hefir orðið álíka taprekstur á saltfiski, en nær þrefalt tap á ísfiskveiðum og aðeins rúmlega 8 þús. kr. rekstrarhagnaður á síldveiðunum, svo að rekstrarhallinn verður þrátt fyrir þennan óvenjulega síldarafla um 50 þús. kr. á togara að meðaltali. Er þetta þrátt fyrir síldarhappdrættið álíka útkoma og 1935, en mun lakari en 1934. Þess er ekki að vænta, að togaraflotinn vaxi eða sé endurnýjaður, meðan hann tapar þannig á aðra milljón króna á rekstrinum árlega.

Hæstv. atvmrh. spilaði hér sína alþekktu grammófónplötu um viðreisn sjávarútvegsins og afrek fiskimálanefndar. Auðvitað hafði nefndin kippt öllu í lag með milljóninni, sem hún fékk til umráða. Henni var það að þakka, að harðfiskur, sem ekki hafði borgað sig að flytja út áður, varð eftirspurð vara erlendis. Karfavinnslan, sem aðrir áttu hugmyndina að, er öll talin nefndinni að þakka. Svo er talinn Póllandsfiskur, sem raunar þýddi þúsundatap fyrir þjóðina, Steady-fiskur, sem tóbakssalinn var sendur með vestur um haf, o. s. frv. Þessi grammófónsplata um afrek fiskimálan. er nú útslitin. Því að á hennar afrek trúir varla nokkur maður lengur, *og sízt þeir, sem stunda sjóinn.*

Því miður vekur það enga bjartsýni að kynnast starfi nefndarinnar. Og svo slæm sem útkoman er þetta ár, er þó útlitið miklu ískyggilegra fyrir næsta ár.

Eftir þeim rekstraráætlunum og reikningum, sem fyrir liggja og ekki virðist hægt að vefengja í verulegum atriðum, kemur í ljós, að ef reiknað er með sama afla og verði og nú í ár, verður rekstrarhallinn um 110—117 þús. á togara að meðaltali.

Þessi útreikningur er miðaður við sömu vexti og sömu skatta og síðastl. ár, en við núverandi hækkað verð á útgerðarvörum, og við kaupgreiðslur samkv. nýjum töxtum í uppköstum til nýrra samninga frá félögum sjómanna og vélstjórafélagi Íslands. Hann er og miðaður við sama aflamagn og síðastl. ár, sem vitanlega var með minnsta móti á þorskveiðum, en aftur óhemjumikið á síld, svo að óvíst er um slík uppgrip og slíkt verð næsta ár.

Þetta gerir um 3¾ milljón króna tap á togaraflotanum. Og verður ekki séð, hvernig hann fær staðizt það.

Það blasir því við sá möguleiki, að vonlaust sé að geta gert út togara 1938, ef ekki eru sérstakar ráðstafanir gerðar.

Segja mætti, ef til vill, að togararnir mættu þá stöðvast og hverfa úr sögunni, ef smábátaútvegurinn væri í þeim blóma og vexti, að hann gæti fyllt upp í skörðin.

En útlitið er sízt betra þar. Uppgerðin, sem farið hefir fram við skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, gefur hugmynd um afkomuna undanfarið. Og skýrslur þær, sem fyrrgreind nefnd hefir lagt fram, staðfestir það, að því er tekur til aðalverstöðvanna hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum.

Fjöldi vélbáta er og ekki heldur af þeirri stærð, að von sé um, að þeir geti stundað síldveiðar sér til ávinnings, þó að reiknað væri með jafngóðri síldveiði og síldarafurðaverði og síðastl. ár.

Útlitið til sjávarins er því alstaðar jafnískyggilegt, hvar sem litið er. Og töpin virðast svo fyrirsjáanleg, að enginn veit enn, hvað útgerðarmenn eða lánardrottnar þeirra sjá sér fært að gera í því efni, ef ekki eru sérstakar ráðstafanir gerðar.

Það verður að játa, að lítt hefir verið skeytt um töp sjávarútvegsins, meðan menn þóttust vita, að þeir, sem lagt höfðu í hann efni sín, ættu eitthvað eftir ótapað. Þessi efni, sem í sumum tilfellum voru saman sparað fé margra manna í hverju útgerðarfyrirtæki, voru kölluð „**kapital**". Og ýmsir hafa litið á kapitalið, og jafnvel einkum það kapital, sem væri starfandi í atvinnuvegunum, sem óvin þjóðfélagsins. Menn létu sig því einu gilda, þó að **það** tapaðist.

Skattar og tollar voru því hækkaðir og þar á ofan lagðar með nýjum lögum ýmsar kvaðir á útgerðina, sem allar hafa kostnað í för með sér, jafnvel fram yfir það, sem á sér stað hjá öðrum fiski- og farmannaþjóðum.

T. d. verður hver aðal-vélbátur, sem kemur daglega að landi, að hafa fjóra sérlærða menn með prófi af fimm, sem fara á flot í hverjum róðri.

Þetta eykur vitanlega útgerðinni útgjöld. En auk þess hefir þetta nýja lagaákvæði valdið misrétti, þar sem vanir og reyndir sjómenn með nægu kunnáttu til að stjórna skipi eða vél, þó að próflausir væru, hafa orðið að ganga af skipi fyrir aðkomnum prófmönnum, þó að viðvaningar væru, þar sem ekki má vera nema einn óbreyttur háseti á bátnum.

Með vaxandi álögum og með síauknum margvíslegum lagaþvingunum og auknum útgjöldum hefir stofnféð, sem lagt hefir verið í útveginn, eyðzt, svo að ekki er nú lengur yfir þeim óvini að kvarta. Enda er nú svo komið, að Alþingi hefir viðurkennt, að lækka þurfi skatta og gjöld á þessum atvinnuvegi.

En það kemur þó auðvitað því aðeins að gagni, að álögurnar séu ekki jafnframt hækkaðar í annari mynd.

En þegar stofnfé er að miklu leyti horfið og sá óvinurinn yfirunninn, þá þarf bæði bankanna vegna og þjóðfélagsins í heild að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að útvegurinn geti gengið án þess að bíða fyrirsjáanleg stórtöp. Og er það meira virði en að sakast um orðinn hlut. Þessar ráðstafanir hefði þurft að gera áður en þessu þingi lauk. En þar sem svo er ekki, nema að örlitlu leyti, verður það að vera verk þess þings, sem kemur saman síðar í vetur.

Í fyrsta lagi verður vitanlega að ætlast til þess af útvegnum, að hann hafi samtök um að gæta allrar hagsýni og sparnaðar, einnig um eigin eyðslu. Það verður einnig að ætlast til þess, að menn láti ekki veiðiáhugann freista sín til meiri eyðslu en full hagsýni er að, því að oft veldur veiðikappið meiri kostnaði og sliti eða töpum veiðarfæra en því svarar, sem í aðra hönd kemur.

Í öðru lagi verður að ætlast til þess af útvegnum, að hann leiti allra bragða að fá sem bezt og hentugust innkaup á veiðarfærum og öðrum vörum til útgerðarinnar, og af ríkisstjórninni, að hún veiti útvegnum **frjálsræði til þess.**

Hvers virði það getur verið útvegnum að fá að hafa frjálsar hendur fyrir innflutnings- og gjaldeyrishömlum í þessu efni, er augljóst, og má minna á það sem smádæmi, að þegar loks var hætt, eftir aðfinnslur hér á Alþingi, að tefja fyrir netjainnflutningi og nokkrum smáútvegsmönnum veitt í tæka tíð innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 300 þús. kr. virði af veiðarfærum, þá munaði það hvorki meira né minna en 90 þús. kr., hve varan var ódýrari en áður, eða 23%. Útgerðarvörurnar nema nú fullum 8 millj. alls, svo að ef útvegurinn getur með því að fá frjálsan gjaldeyri til þessara innkaupa sparað 10—12%, nemur sá hagnaður nær einni milljón. Jafnframt verður auðvitað að ætlast til þess, að útvegsmenn hafi öll þau samtök og samvinnu, sem til hagsbóta horfir um sameiginleg innkaup og samlög um vinnslu afurða, þar sem hagur er að. Er þar glæsilegt dæmi til fyrirmyndar, þar sem er lýsisvinnsla og sölusamlag togaranna, er hefir stórbætt vöruvöndun og vöruverð á því sviði, og sama er að segja um lýsissamlag Vestmannaeyja.

Allir slíkir möguleikar þurfa að athugast af útvegsmönnum sjálfum og öðrum kunnáttumönnum í þjónustu útvegsins, en ekki koma undir einræðisvald þekkingar- og reynslulausra ofstopamanna í pólitík, eins og við hefir brunnið nú um skeið, til mikils skaða fyrir atvinnuvegina og afkomu landsins.

Það þarf að breyta launakjörum togaraskipstjóra og annara, sem hæst laun taka, því að oft hefir óánægja háseta stafað af of miklum mismun á launum.

En jafnframt þarf að létta af útflutningsgjaldinu og lækka, svo sem unnt er, innflutningstoll á útgerðarvörum eins og öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar.

Spor í rétta átt hefir þetta þing stigið — með afnámi útflutningsgjalds af saltfiski —, og er það viðurkenning í orði, þó að hún verði minni á borði, þar sem jafnframt er hækkaður tollur á sumu öðru til útgerðar. Útflutningstollar og tollar á þær vörur, sem til framleiðslunnar þarf, eru hættuleg tekjuöflunarleið, af því að þeir veikja liftaug þjóðfélagsins — framleiðsluna.

Þetta er því miður ekki nóg. Það þarf meira til þess, að útvegurinn fái haldið áfram og náð því burðarmagni, sem hann þarf að hafa til þess að geta í sama mæli og áður borið uppi atvinnulífið hjá helmingi þjóðarinnar og framkvæmdir ríkisins að sínum hluta.

Ýmsir munu nú hallast að þeirri leið, sem Bændafl. einn flokka hefir áður bent á til viðréttingar framleiðslunni, og telja hana, eða aðra svipaða, hina **einu** leið til bjargar. En með því að sú leið er nú í rannsókn hjá milliþinganefnd, er rétt að bíða fyrst eftir áliti hennar. Og með því að ég vil ekki, sakir nauðsynjar málsins, færa málið yfir á flokkspólitískan grundvöll, heldur styðja að samstarfi allra flokka í þessu lífsbjargarmáli sjávarfólksins, þá skal ég ekki ræða neina eina ákveðna leið út úr ógöngunum.

En hins vænti ég, að þar sem þingi slítur nú svo, að lítið verulegt er aðhafzt til bjargar og úrræða í máli, sem jafnmikið veltur á, þá hafi ríkisstj. samvinnu við fulltrúa útvegsmanna og banka og flokka og aðra, sem hún má góðs af vænta um lausn málsins, svo að það sé a. m. k. undirbúið af hennar hálfu, er þing kemur aftur saman.

Það má nú öllum ljóst vera, að því er til landbúnaðarins og sjávarútvegsins kemur, hversu undirbyggingin undir hinni síauknu yfirbyggingu þjóðfélagsins er veik.

Þá er iðnaðurinn. Sú atvinnugrein hefir tekið miklum framförum. Á árunum 1910—30 tvöfaldaðist tala þeirra, sem af iðnaði lifðu. En síðan hefir auknin orðið enn örari. Er það mikill menningarauki hjá þjóðinni, hve vér erum nú í því efni meir sjálfbjarga en áður.

En iðnaðurinn, sem þotið hefir upp síðustu árin, getur minnt á vermihúsgróður, og verður að hafa sterkan fyrirvara um stuðninginn við sumar þær iðngreinir, sem vinna úr erlendu efni og hafa aðeins vaxið upp í skjóli innflutningshaftanna. Að sliku getur orðið tvísýnt happ, þegar eðlileg viðskiptasambönd hefjast, — og verið dýr baggi fyrir ríkissjóð vegna tollamissis og fyrir notendur vegna verðlags. En þegar á heildina er litið, er iðnaðurinn mikið bjargráð. Einkum á þetta við vinnslu þeirrar vöru, sem landbúnaður og sjávarútvegur framleiða. Því að mikið er undir því komið, að vér fáum gert þær framleiðsluvörur vorar sem verðmætastar með því að fullvinna þær í landinu. — Má þar einkum nefna kjöt- og mjólkuriðnaðinn, skinnaiðnaðinn og fisk- og síldariðnaðinn, sem afkoma vor veltur svo mjög á. Er það ljóst, hvar vér stæðum nú, ef vér hefðum ekki þann iðnað.

En allur þessi iðnaður er ungur. Hann á enn við ýmsa byrjunarerfiðleika að stríða, og þó að hann sé vaxinn upp af ærleði og ríkum framfaraáhuga, þá þarf þar einnig fullkomna gætni og varfærni, svo að ekki verði árekstrar eða kollsigling.

Allur stóriðnaðurinn verður að selja megin-

vörurnar á erlendum markaði og því bundinn þeim órjúfanlegu skilyrðum, að framleiðslan verði ekki dýrari en svo, að hún beri sig með því verði, sem þar er að fá. Með því er oss algerlega stakkur skorinn um allan tilkostnað, kaup sem annað. Annars fer þessi atvinnugrein í rústir sem aðrar.

En nú hafa enn fyrir skemmstu gerzt þau tíðindi, sem sýna oss, hverjir örðugleikar eru á að reka iðnaðinn, eins og aðrar atvinnugreinir, á þeim grundvelli, að hann geti borið sig. Allir muna deiluna milli Sambands ísl. samvinnufélaga og Alþýðusambandsins nú í vetur. Sambandið hefir hafið mikinn og þjóðnýtan iðnað með því tvöfalda markmiði, að gera vörur bænda sinna verðmeiri og auðseljanlegri og að skapa fólkinu atvinnu við störf, sem annars hefðu verið unnin erlendis. Sambandið fór gætilega af stað, og því hefir þessi iðnaður smávaxið í höndum þess þar til iðnaðurinn er nú orðinn mikill atvinnuvegur og stórt bjargáð fyrir næststærsta bæ landsins. Þessi iðnaður S. Í. S. kom sem framrétt hönd til Akureyrarkaupstaðar einmitt þegar önnur atvinna var að dragast saman, og á bærinn því mikið undir því, að þessi iðnfyrirtæki geti borið sig. Sambandið hefir reynt að miða kaupgjaldið við getu fyrirtækjanna, og mun jafnan hafa fylgt þeirri reglu, að gefa starfsfólkinu uppbót um áramót, ef fyrirtækið hefir borið sig vel á árinu. Vinna hjá því er eftirsótt, og ekki hefir annað heyrzt en að starfsfólkið teldi sig heppið að hafa þarna fasta og örugga atvinnu. Fæst af þessu starfsfólki hefir viljað ganga í Alþýðusamband Íslands. Flest af því mun hafa viljað fá að stunda þar atvinnu sína í friði, óáreitt af forkólfum þess. — Svo kemur allt í einu aðvífandi maður frá Alþýðusambandinu og heimtar nýja samninga. Og áður en S. Í. S. fær fullt ráðrúm til að svara þessum kröfum óviðkomandi manna, þá er einn morguninn settur vörður við verksmiðjudyrnar og starfsfólkinu varnað inngöngu til vinnu sinnar. K. E. A. fær ekki vörur sínar afgreiddar beint frá skipshlið, heldur eru þær settar annarsstaðar undir lás. — Kaupfélagsstjórinn, Vilhjálmur Þór, fær ekki að komast inn í skrifstofu verksmiðjunnar, sem er í öðru húsi, til að ná í bækur og önnur áríðandi skjöl verksmiðjanna. Vörðurinn varnar honum og verksmiðjustjóranum inngöngu í sína eigin skrifstofu. Alþýðubl. skorar á fólkið að vera þolinmótt, þó verkfallið standi lengi, en loks eftir mánaðar vinnufall verður þó þunginn frá fólkinu, sem þarna á mest í að missa, svo mikill, að gengið er að svipuðum skilyrðum og S. Í. S. hafði áður gengið að, en æsingafundir hafnað. Allir sjá, hversu sá atvinnurekstur er veikur, sem á slíkt oft yfir höfði sér. Allir sjá, að meðan sá iðnrekstur, sem miðar að því að gera framleiðslu annara atvinnugreina fjölbreyttari og verðmeiri, er að ná nauðsynlegum vexti, þá má ekki íþyngja honum með álögum. Í flestum iðngreinum er undirbyggingin enn of veik til að þola aukna yfirbyggingu.

Á það hefir réttilega bent verið, að S. Í. S. er bundið þrem ófrávíkjanlgum skilyrðum í iðnrekstri sínum. Það verður að geta greitt bændunum sama verð fyrir þær vörur, sem verksmiðjurnar vinna, og fæst fyrir þær erlendis. Það verður að selja iðnvöru sína á erlendu markaðsverði, eða sambærilegu innanlands. Og það verður sem umbjóðandi samvinnubændanna að láta verksmiðjurnar bera sig. S. Í. S. getur ekki í iðnrekstri sínum farið út yfir neitt þessara takmarka. Við þetta þrennt verður það að miða iðnrekstrarútgjöld sín, — kaup eins og annað. Annars er iðnaður þess fallinn í rústir og hundruð manna svipt atvinnu sinni og lífsbjörg.

Sambandið hefir reynt að reisa iðnstofnanir sínar á traustum grundvelli. En er nokkurn tíma hægt að segja, að sá rekstur sé á traustum grundvelli, sem á slíkt ofbeldi óviðkomandi manna yfir höfði sér? S. Í. S. mun óefað af tvennu illu kjósa þann kostinn heldur að stöðva iðnrekstur sinn að meira eða minna leyti eða draga hann saman, þegar næst verður á það ráðizt, heldur en að láta kúga sig til að reka hann með fyrirsjáanlegu tapi fyrir bændastétt landsins. Og svo munu bændurnir sjálfir líta á. En svona er um allan iðnað í landinu og hvern atvinnurekstur, svona er einnig um landbúnaðinn og sjávarútveginn og hverja aðra atvinnugrein landsins. Það er ómögulegt til langframa að reka hana, ef ofbeldið eitt á að ráða, þó tapið sé fyrirsjáanlegt. Og hvað aðrar stéttir snertir, svo sem verkamenn, sjómenn og aðra, sem að atvinnuvegunum vinna, þá er það sú eina fullkomna atvinnutrygging, sem til er, að atvinnuvegirnir geti borið sig. Það var alls ekki til atvinnuleysi meðan atvinnuvegirnir báru sig. Og sama mun verða, ef atvinnurekstrinn getur borið sig aftur, að þá er atvinnuleysið aftur úr sögunni. Það er lítill hagur þeim, sem fyrir kaupinu vinnur, þó að tímakaupið hækki um ½, ef atvinnan dregst saman um ½ samtímis. Það er misskilningur foringjanna, ef þeir halda, að tímakaupsmaðurinn vilji ekki heldur fá vinnu í 250 daga ársins fyrir 12 kr. á dag eða 3000 kr. á ári en að hafa 15 kr. á dag og fá aðeins 150 vinnudaga á ári, eða 2250 kr. í árstekjur. Og munu þó þær árstekjur ekki tíðari í Reykjavík nú meðal verkamanna en 3000 kr. voru með lægra tímakaupinu fyrir 8 til 9 árum. Ég býst ekki við, að nokkur verkamaður telji sig betur farinn nú með meiri dýrtíð og hærra tímakaup heldur en fyrir 9 árum, af því að þá voru fleiri atvinnudagar. Það er sem lengst atvinna og árstekjurnar, sem allt veltur á.

Á hverju valt atvinnan 1928—29? Hún valt á því, að þá höfðu menn a. m. k. enn trú á, að atvinnuvegirnir gætu borið sig. Nú er það traust að miklu horfið vegna tapanna að undanförnu og vegna útlitsins framundan. Þess vegna vofir nú e. t. v. meira atvinnuleysi yfir en nokkurn tíma áður, og það þrátt fyrir það, þótt annar valdaflokkur þingsins hafi löngu lofað því að útrýma atvinnuleysinu, ef hann kæmist til valda.

Það er eina haldkvæma atvinnutryggingin, að atvinnuvegirnir fái borið sig. Þess vegna á það að vera höfuðmál allra stétta að stuðla að því, að svo geti orðið til sveita og við sjó. Hvernig hugsa embættis- og launamennirnir að lifa, ef svo gengur enn lengi, að atvinnuvegirnir ekki beri sig? Hvað verður til bjargar fyrir

verkamennina, sjómennina, og iðnaðar- og verzlunarfólkið, ef framleiðslan er rekin með tapi, þangað til hún hrynur svo í rústir, að hún fær ekki aftur við reist? Og hvers virði eru þá önnur verðmæti þjóðarinnar? Hvers virði eru skipin, ef það svarar ekki kostnaði að sigla þeim út? Og hvers virði er sparifé, sem allt stendur fast í atvinnuvegum þjóðarinnar, ef atvinnuvegirnir geta ekki svarað af því vöxtum, af því að þeir fá ekki borið sig? Allir Íslendingar, hvar í stétt sem þeir standa, eiga því sitt undir því, að atvinnuvegirnir geti borið sig.

Sú eina pólitík, sem á fullan rétt á sér eins og nú horfir, er því sú, að stuðla að því á alla vegu, að framleiðslan fái borið sig. En til þess þarf hið sama að vera fyrir hendi eins og mörgum var ljóst af Akureyrardeilunni, að framleiðsluverð og framleiðslukostnaður verður að *vera í samræmi hvað við annað*. Það er sjálfsblekking, hver sem í hlut á, að viðurkenna ekki þetta. Þetta þarf að skiljast. Og það þarf líka að skiljast hverjum manni, hvers virði vinnufriður er í landinu. Það er skiljanlegt, að hver liti á sitt, en þegar um sameiginlega hagsmuni er að ræða, þá þarf *líka að líta á fleira*. Og þess vegna mega verkföll eða verkstöðvanir af hvorugs aðilja hálfu skella á fyrirvaralaust. Eitt af því, sem þjóðarheildina skiptir hvað mestu, er, að hún hafi vinnufrið. Og mér fær alls ekki skilizt það, hvers vegna allir flokkar geta ekki orðið sammála um það hér, eins og í öðrum löndum, að lögbanna fyrirvaralausar verkstöðvanir og fyrirvaralaus verkföll, því það kemur æfinlega í ljós, þegar hitinn er rokinn, að menn sjá, að svo lengi mátti a. m. k. bíða, að hafður væri fyrirvari á. En hinsvegar er mikið í húfi fyrir heildina, þegar störf stöðvast af skyndingu þegar verst stendur á. Ég hafði því ætlað, að þó að stjórnmálaflokkana greini á um vinnulöggjöf almennt, þá gætu þeir þó allir sameinazt um það eitt út af fyrir sig, að koma í veg fyrir fyrirvaralaus verkföll, og þá auðvitað fyrirvaralausar vinnustöðvanir af hendi atvinnurekenda um leið. Ég hafði vænzt, að Akureyrardeilan gæfi Framsfl. nokkurn lærdóm í þessu efni, og að hann reyndi að koma fram með aðstoð andstöðuflokkanna löggjöf um þetta eina atriði, sem allar þjóðir aðrar hafa sameinazt um og engum dettur í hug að andmæla.

Ég hefi nú reynt að gera mönnum ljóst ástand höfuðatvinnuveganna þriggja. Ég ætla, að fáum fái dulizt það, hversu þessar undirstöður þjóðfélagsins eru veikar, og hversu þær eru allt of veik undirbygging undir síaukna yfirbyggingu. Þess vegna má ríkisvaldið ekki auka á erfiðleikana með því að íþyngja atvinnuvegunum með auknum tollum né heldur með of lágu verði gjaldeyrisins. En af því að það mál er nú í athugun sérstakrar n., skal ég ekki fara frekar inn á það.

Það hlýtur að vera öllum augljóst, þótt héðan af verði ekki hjá tollaaukningu komizt nú á þessu þingi, þá verður að staðnæmast á þeirri braut. Leiðir verða að finnast til að draga úr framleiðslukostnaði atvinnuveganna. Hefir verið *bent á sumar þeirra hér á þingi*, svo sem þær, að tryggja útvegsmönnum frjáls umráð síns eigin gjaldeyris, til að kaupa útgerðarvörur. Og er ekki örgrannt um, að þær umr. einar hafi þegar haft hagstæð áhrif á verðlagið. Þannig verður að reyna allar leiðir til að draga úr framleiðslukostnaðinum, því að framleiðsluverðið er bundið af erlendum þjóðum. Atvinnuvegunum verður að tryggja vinnufrið, og þó menn vilji ekki fara þá leið, sem jafnaðarmaðurinn Stauning fór í Danmörku um leið og hann setti réttara verð á krónuna, þá ætti þó að vera fær sú leiðin, sem allar aðrar þjóðir hafa farið, að koma í veg fyrir fyrirvaralaus verkföll og vinnustöðvanir. Það er hin eina haldkvæma trygging landsmanna, að atvinnuvegirnir fái borið sig. Þetta er í augnablikinu okkar fyrsta þjóðmál. Líf og dauði fullveldis vors og framtíð vor sem sjálfstæðrar þjóðar veltur á því, að það takizt

Sá maður í *stærri stjórnarflokknum*, sem nú virðist ná betur eyrum manna utan þings en innan, mælti svo nýlega í blaðagrein út af ákveðnu máli, sem hér hefir áður verið drepið á, „að vera mætti, að það skapaði timamót í atvinnusögu þjóðarinnar, að hér eftir verði lifað *eftir því kjörorði: Atvinnulífið verður að bera sig*. Og kalt og rólega verði að gera þá kröfu til allra aðilja, að þeir verði að haga sér eftir því." Þetta er réttilega mælt. Nauðsyn þjóðarinnar krefst þessa. En þá verður ríkisvaldið sjálft að ganga á undan og haga sér eftir því kjörorði bæði um framlög og álögur. Það getur vart orðið á valdi neins eins stjórnmálaflokks að jafna svo niður útgjöldum ríkisins og álögum, að þetta takist. Til þess þarf sameiginlega vinnu og átök, þó að valdaflokkarnir hafi hingað til viljað vera þar einráðir um. — En sjái stjórnin, hvert stefnir, og vilji hún í alvöru og einlægni bera sig saman við aðra þingflokka, þá mundi ekki standa á þeim andstöðuflokknum, sem ég tilheyri, til allrar sanngjarnrar samvinnu að þessu lífsbjargarmáli þjóðarinnar. Einn stjórnarandstöðuflokkurinn hefir að vísu áður átt samvinnu við stjórnarflokkana í fjvn. um milljónarsparnað, en hann var svikinn á málinu og gjöldin hækkuð á einni nóttu um 2 milljónir í staðinn. Þetta kennir öðrum andstöðuflokkum nokkra varfærni að vísu, því að sporin hræða. En þó verður hver flokkur að beygja sig fyrir nauðsyn þjóðarinnar. — Og að óreyndu er ekki unnt að gera ráð fyrir, að þingflokkarnir séu allir svo mönnum skipaðir, að þeir geti ekki með samvinnu fundið ráð til að sníða þjóðinni stakk eftir vexti — og bjarga þjóðinni með því að bjarga atvinnuvegunum.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Góðir tilheyrendur. Þó hér hafi ekki sérstaklega verið minnzt á niðurstöður á rekstri ríkissjóðs á undanförnum árum, verð ég að víkja að þeim með nokkrum orðum, sem nauðsynlegum inngangi ræðu minnar. Þau ár, sem núverandi ríkisstj. hefir setið að völdum og fullnaðar reikningsskil ríkissjóðs eru fengin fyrir, árin 1935 og 1936, því reikningsskil fyrir árið 1937 eru ekki fullgerð, þar sem það er enn ekki liðið, þau ár hafa skuldir ríkissjóðsins, sem stofnað hefir verið til vegna rekstrar ríkissjóðs, staðið í stað,

Að vísu hefir orðið um 5 millj. kr. hækkun á skuldum ríkissjóðs á þessum tveimur árum, en nokkuð á fjórðu millj. kr. af þessum auknu skuldum er fé, sem farið hefir til Útvegsbankans og bankinn stendur að öllu leyti straum af, en hinu hefir verið varið til að auka eignir ríkissjóðs, til kaupa á eignunum Eyrarbakka og Stokkseyri og til sjálfvirku miðstöðvarinnar hér í Reykjavík, sem einnig stendur undir því fé, sem í hana var lagt. Þegar hinsvegar eru athugaðar skuldlausar eignir ríkissjóðs, kemur í ljós, að þær hafa vaxið um 1 millj. kr. á þessu tímabili. Af þessu er ljóst, að hagur ríkissjóðs hefir því ekki versnað, heldur batnað, miðað við árslok 1934. Ef svo litið er á vaxtabyrði ríkisjóðs, kemur í ljós, að hún hefir sama sem ekkert vaxið á þessu tímabili, eða aðeins um 40 til 50 þús. kr. Um þetta hefir ekki verið deilt, heldur hitt, að þessari niðurstöðu hafi verið náð með gífurlegri sköttum og tollum á þjóðinni heldur en nokkru sinni hafi þekkzt. Hv. þm. G.-K,. sem talaði hér áðan, sagði, að viðbótarskattar á þessu tímabili næmu 7 millj. kr. Þetta er ekki rétt. Það eina, sem rétt er að miða við, þegar athugað er, hvort tollar og skattar á þjóðinni hafa hækkað eða lækkað, er heildarupphæð þessara álagna, og hún hefir verið þessi: Árið 1933 námu tollar og skattar samtals 11 millj. kr., árið 1934 12 millj. kr., árið 1935 12 millj. og 200 þús. kr., og árið 1936 12 millj. 300 þús. kr. Raunverulega hafa þá þessar álögur ekki hækkað nema um 300 þús. kr. síðan 1934. Það skal fúslega játað, að samhliða þessu hafa tekjur af ýmsum ríkisstofnunum hækkað verulega og borið uppi gjöld ríkissjóðs. Útgjöld ríkissjóðs í heild hafa hinsvegar ekki hækkað, heldur hafa þau orðið lægri en þau voru sum árin á undan. Mismunurinn vegna hærri heildartekna ríkissjóðs kemur því fram í því, að enginn halli hefir orðið á rekstrinum og eignir ríkisjóðs hafa vaxið, en ekki minnkað. Um þessa útkomu er ekki deilt, en hún viðurkennd sæmileg, og hún er sá rétti grundvöllur til að skilja það, sem um er rætt. Þrátt fyrir þetta hefir ekki náðst það, sem þarf að ná, að lækka skuldir ríkissjóðs sem nemur afborgunum af föstum lánum, án þess að taka ný lán til þess. Þetta er erfiðara hér en annarsstaðar fyrir það, hve erfitt er að fá innlend lán, og þegar næst ekki að niðurborga föstu lánin, verður að fara út fyrir landssteinana til að fá fé til þess. Þetta verður að hafa í huga, þegar dæmt er um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á þessu þingi hér að lútandi.

Þá skal ég víkja að því, að á fjárlfrv. eins og það var lagt fyrir Alþingi vantaði 900 þús. kr. upp á tekjur til þess að hægt væri að greiða vexti og fastar afborganir af skuldum ríkissjóðs. En því marki þarf að ná. Verkefni þingsins er því mjög erfitt að þessu sinni, — annarsvegar að jafna þennan tekjuhalla, hinsvegar að sinna margháttuðum kröfum frá landbúnaði og sjávarútvegi, sem ekki er hægt að ganga framhjá. Á ég þar sérstaklega við hvað landbúnaðinn snertir óhjákvæmilegar ráðstafanir vegna hinnar ægilegu fjárþestar. Ég býst við, hefði þessi plága ekki verið, þá mundu auknar kröfur til ríkissjóðs frá landbúnaðinum hafa verið sáralitlar eða engar. Eins og brtt. hv. fjvn. við 3. umr. fjárlfrv. bera með sér, er þar gert ráð fyrir, að tekjuhallinn verði að mestu leyti afnuminn, þannig að ríkisbúskapurinn árið 1938 verði tekjuhallalaus, ef svo vel fer, að tekjur og gjöld standist áætlun. Þegar farið var að tala um það í hv. fjvn., á hvern hátt ætti að jafna halla frv. og mæta hinum nýju kröfum, var fyrst rætt um þann möguleika, að lækka útgjöld fjárl. til þess að komast hjá því eins og unnt væri að hækka tekjur ríkissjóðs. Hv. fjvn. tókst að gera brtt. um lækkun eldri gjaldaliða fjárl. um 500—550 þús. kr., og var n. sammála um þessa lækkun. Þrátt fyrir þetta hafa útgjöld fjárl. samkv. till. n. hækkað um 700 þús. kr. Þar af fer til ráðstafana vegna fjárþestarinnar ½ millj. kr., en hinar aðrar hækkanir fara til ýmissa bráðnauðsynlegra framkvæmda í sveitunum, svo sem aukins styrks til bygginga og hækkun fjárframlaga til ýmsra héraða landsins, sem ekki þótti fært að neita. Loks voru gerðar nokkrar lækkanir á tekjuliðum, til þess að áætlunin stæðist betur í reyndinni.

Til þess að vega upp þann mismun, sem fyrir var á frv., þarf ríkissjóður að fá nýjar tekjur, sem þurfa að nema 1½ millj. kr., nema frekari niðurskurður verði gerður á gjöldum ríkissjóðs. Slíkt væri erfitt að gera, þó það væri hægt með því að snerta tilfinnanlega þá liði, sem mönnum er sárast um. Stjórnarflokkarnir telja réttara að afla nýrra tekna heldur en að snerta þá liði. Því hefir verið haldið hér fram, að það eigi að afla 2 millj. og 650 þús. með nýjum sköttum og tollum. Þetta er ekki rétt. Ríkissjóður á að fá 1½ millj. kr. í nýjum tekjum. Af því eiga 1350 þús. kr. að fara til að vega á móti útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem á að fella niður. Afgangurinn fer sem hjálp eða ríkisstyrkur til bæjar- og sveitarfélaga. Reyndar ætti sá hluti ekki raunverulega að verða nýr skattur á þjóðina, því auðvitað ætti þessi hjálp til bæjar- og sveitarfélaganna að hafa þau áhrif, að bæjar- og sveitarfélögin lækkuðu álögur sínar á borgarana. Nú hefir hér nokkuð verið deilt á stjórnarflokkana fyrir að fara þessa leið, að hækka tekjur ríkissjóðs. Ég vil fyrst benda á það, að fyrir síðustu kosningar lá fyrir viðurkenning frá fulltrúum allra flokka um það, að beinir skattar hér væru orðnir það háir, að erfitt væri að hækka þá og ná í ríkissjóðinn meiri tekjum á þann hátt svo nokkru verulegu næmi. Þetta var viðurkennt af öllum flokkum með till., sem komu fram á fyrri þingum, og vil ég þar vísa til till. um vörugjald, sem óskað var eftir á ýmsum stöðum til að bæta fjárhag bæjar- og sveitarfélaga. Og síðar, þegar Framsfl. og Alþfl. hækkuðu tekju- og eignarskatt, var því haldið fram, að með því væru rýrðir tekjumöguleikar bæjar- og sveitarfélaga, þar sem hátekjumenn væru. Af þessu hlaut að leiða, að ef átti að auka tekjur ríkissjóðs, þá varð að ná þeim með almennari skattaálagningu en áður. Þar við bættist minnkandi innflutningur af þeim vörum, sem gáfu tolla og aðflutningsgjöld. Það var því óhjákvæmilegt að fara þessa leið, ef ekki ætti að skera niður gjöld ríkissjóðs samsvarandi og tekj-

ur hans rýrnuðu. Það varð því að færa aðflutningsgjaldið, sem hvílt hafði á þeim vörum, sem hætt var að flytja inn, yfir á aðrar vörur, sem ekki höfðu borið aðflutningsgjald áður. Þetta hefði verið með öllu óforsvaranlegt, ef ekki hefði áður verið búið að hækka tekju- og eignarskattinn eins og hægt var, því það hefði þá verið ranglátt að hækka aðflutningsgjaldið. Eins er það ef innflutningur hefði verið frjáls, þá hefði ekki þurft að leggja vörugjald á nauðsynjavörur, því þá hefðu aðrar vörutegundir gefið þær tekjur, sem leitað var eftir, eins og áður var, og verið hægt að hækka toll á ónauðsynlegum vörum.

Andstöðuflokkar stjórnarinnar hafa gagnrýnt stefnu stjórnarflokkanna í þessu efni með tvennskonar hætti. Kommúnistar hafa viðurkennt, að það væri rétt að afla ríkissj. aukinna tekna, en það eigi bara að taka af þeim ríku. Þetta lætur vel í eyrum, en þeir hafa ekki bent á, hvernig eigi að fara að því; þeir hafa ekki sjálfir treyst sér til að koma með till. um hækkun á tekjuskatti. Í stað þess koma þeir með till., sem þeir segja, að eigi að gefa 1 millj. kr. í ríkissjóð, sem hv. 1. landsk. var að tala hér um áðan. Ég fullyrði, að þessi till. þeirra gefur enga millj. kr. í ríkissjóðinn, þótt hún væri samþ., auk þess sem sá skattur, sem þeir eru að tala um, mundi alls ekki fyrst og fremst lenda á hinum ríku. Ég vil í því sambandi benda á stighækkandi skatt á verzlunarhúsum. Hvar mundi sá skattur lenda? Vitanlega mundi hann lenda á vöruumsetningunni. Hann mundi verða tekinn af almenningi í landinu með hækkuðu vöruverði. Það er því meira orðaleikur en raunveruleiki bak við þessa till. hv. kommúnista.

Ég vil benda á það, að annarsstaðar, þar sem vinstri flokkar fara með stjórn, t. d. í Noregi og Danmörku, þá eru aðflutningsgjöld og tollar alveg nákvæmlega sama eðlis og hér, og hafa verið lögð á meira að segja áður en beinir skattar voru orðnir eins háir og þeir eru hér. Þessu er ekki hægt að mæla á móti. Og ég vil benda hv. fulltrúum Kommfl. á og þeim, sem þykja fögur þeirra orð, að á þeim eina stað í heiminum öðrum en Rússlandi, þar sem kommúnistar bera ábyrgð á stjórn landsins, nefnilega í Frakklandi, eru skattar á hinum efnaðri sízt hærri en hér í hlutfalli við tolla. Ég vil benda hv. þm. á, að þar er ekki búið að leggja nándar nærri eins háa skatta á þá ríku og hér, — en hvað gera kommúnistar þar? Þeir bera ábyrgð á þeirri stjórn, sem þannig hagar sér. Ekki af því, að þeir séu verri menn, heldur af því, að þeir bera ábyrgðina, og það er dálítið annað að tala en framkvæma. Frá Sjálfstfl. kemur aftur á móti sú gagnrýni, að það sé algerlega rangt að hækka tolla og skatta á þjóðinni. Tollarnir og skattarnir séu að sliga borgarana og atvinnuvegina. Ég vil nú fyrst tala um atvinnuvegina. Hvert hafa þessir tollar og skattar runnið?

Meginhlutinn af þessu fé hefir runnið til stuðnings þess atvinnuvegar, sem alltaf er talað um í þinginu af stjórnarandstæðingum, að sé verið að íþyngja með sköttum. Og hingað til hefir það a. m. k. verið svo, að sneitt hefir verið hjá því að leggja gjöld á atvinnuvegina sjálfa, þannig að það kæmi beint við þá, heldur hefir fjármagn runnið meir til þeirra en nokkurra annara aðilja. Og ég fullyrði, að með þeim tilfærslum, sem gerðar hafa verið á þennan hátt, hefir verið létt undir með atvinnuvegunum undanfarin ár með niðurfellingu á ýmsum gjöldum, t. d. landbúnaðinum, og auknum styrk til beggja aðalatvinnuveganna. Hitt er annað mál, að sjávarútvegurinn hefir orðið fyrir þungum búsifjum annarsstaðar frá, svo að þessi léttir, sem reynt hefir verið að láta honum í té, hefir hvergi nærri hrokkið til þess, að sá atvinnuvegur gæti gefið góðan árangur, a. m. k. sá hlutinn, sem byggir á saltfiskframleiðslunni. Það er hverjum heilvita manni ljóst, að engar opinberar ráðstafanir er hægt að gera, sem komið geti til leiðar, að hægt sé að reka saltfiskútgerð með árangri, með því verði og aflabrögðum, sem voru undanfarin tvö ár. Það er verið að tala um yfirbyggingu og aukna yfirbyggingu ríkissjóðs á kostnað atvinnuveganna. En ég held, að hver einasti eyrir af þeim viðbótarálögum, sem lagðar eru nú á þjóðina og nema 1½ milljón, renni einmitt til atvinnuveganna sjálfra. Hvert halda menn, að renni það fé, sem fólgið er í afnámi á útflutningsgjaldi af saltfiski? Eða framlagið til fiskimálasjóðs, eða til stuðnings mönnum á fjárpestarsvæðinu? Eða það sem fer til að styrkja byggingar í sveitum landsins? Hvert rennur þetta fé? Til atvinnuveganna fer það, og það er vitanlega ekkert annað en orðaleikur, og hann af lélegustu tegund, þegar talað er um, að með því t. d. að auka styrk til manna á fjárpestarsvæðinu sé verið að auka yfirbygginguna á kostnað undirstöðunnar. Það væri æskilegt, að nánari grein væri gerð fyrir, hvað það er, sem gert hefir verið til að auka þessa yfirbyggingu, sem talað var um áðan. Hitt er annað mál, að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að komast í því að taka fjármagn frá þjóðinni og færa gegn um ríkissj. til annara. Og það hafa núv. stjórnarfl. sýnt greinilega í sinni afgreiðslu, að þeir skilja þetta mætavel, með því að færa töluvert burt af fjárlögunm af þeim greiðslum, sem fyrir voru, til þess að þau skyldu ekki hækka úr hófi fram. Ég held það hafi verið sagt áðan, að þegar slík vandræði steðjuðu að bændum sem nú með sauðfjárveikinni, þá væri skylda að hjálpa. Ég efast ekki um, að þetta sé rétt. En hvers vegna þá að horfast ekki í augu við það, að þær ráðstafanir, sem til þess verður að gera, kosta peninga. Hvers vegna að stagast á því, að þetta og hitt sé eðlilegt og heimta og heimta úr ríkissjóði, og viðurkenna ekki hitt, að það þarf að afla fjár til þess að framkvæma þessar ráðstafanir með?

Þá er það Sjálfstfl., sem ber svo ákaflega mikla umhyggju fyrir því, að af þeirri tolla- og skattahækkun, sem eigi að gera, sé svo ákaflega hætt við verðhækkun á nauðsynjavörum þjóðarinnar. Ég ætla nú bara að segja það, að það er alveg nýtilkomið, að hv. þm. G.-K. og flokkur hans beri slíkan kvíðboga fyrir þesshättar verðhækkun. Ég held mér sé óhætt að segja, að sá flokkur hefir barizt hiklaust móti þeim ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. hefir verið að gera und-

anfarið til þess að koma í veg fyrir verðhækkun, og málgagn hans gegn því, að Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis og samvinnufélögunum megi takast á þessum vandræðatímum að halda niðri verði og koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun í skjóli innflutningshaftanna. Mér hefir ekki verið legið á hálsi fyrir annað meira en það, að ég eigi að hafa sýnt stórkostlega hlutdrægni með því að veita kaupfélaginu aukinn innflutning, eftir því sem það stækkaði að félagatölu. En kaupfélagið hefir haft þau áhrif á verðlagið hér, að tollarnir, sem nú er verið að leggja á, eru ekki nema lítið brot af þeirri upphæð, sem þetta félag er búið að spara Reykvíkingum nú þegar. Á móti þessu hefir Sjálfstfl. barizt. Þá hefi ég aldrei orðið var við þessa viðkvæmni hjá sjálfstæðismönnum í þessu efni í sambandi við tollalög áður hér á þingi, þegar þeir hafa farið með völd. Voru það ekki sjálfstæðismenn, sem hér á Alþingi haustið 1933 heimtuðu, að ekki yrði aukinn tekju- og eignarskatturinn, en þess í stað yrði lagður tollur á kaffi og sykur? En nú koma þessir sömu menn og þýsnast hér í útvarpinu yfir því, að núv. stjórnarflokkar skuli leyfa sér að bæta nokkru við þessar vörur og fleiri, af því — segja þeir — að það hafi svo mikla verðhækkun í för með sér fyrir almenning. Við afnámum gengisviðauka á sykri og kaffi haustið 1934, en árið 1935 og 1936 tók verzlunarstéttin hér í Reykjavík þennan gengisviðauka til sín. Það er hægt að sanna þetta með tölum, að á þessu tímabili fór innkaupsverð á þessum vörum heldur lækkandi, en útsöluverðið féll ekki, þrátt fyrir lækkunina vegna gengisviðaukans, fyrr en kaupfélagið kom og gat komið verðlækkun á. Þá heyrðist ekkert hljóð úr horni um það frá Sjálfstfl., þó að kaupmenn tækju verðhækkunina, sem áður rann til ríkissjóðs. Þá var ekki talað um það, að það væri ómögulegt fyrir verkalýðinn og fólkið í landinu að standa undir því óskaplega verðlagi, sem á þessum vörum væri. Og ég verð að segja það, að þegar ég sé og heyri sjálfstæðismenn gráta hér haglkornum í útvarpið af meðaumkun með þeim, sem verða að greiða hærra verð vegna tolls, en eru þó í „prinsípinu“ með tollum, en móti beinum sköttum, og hafa sýnt fullan fjandskap þeirri viðleitni að forða fólki frá óeðlilegri dýrtíð, þá blöskra mér óheilindin í málafærslu flokksins. Þeim er ekkert sárt um verðhækkun, ef hún bara rennur til kaupmanna, til millilíðanna, en ekki til ríkissjóðs, til að standa undir þarflegum framkvæmdum. Þetta eru stór orð, en ég ætla, að framkoma Sjálfstfl. í Reykjavík gagnvart ráðstöfunum til varnar verðhækkun réttlæti þessi ummæli fullkomlega.

Nú skulum við hugsa okkur, að það kæmi betra árferði en verið hefir og vöruinnflutningur ykist. Er það enginn vafi, að tolltekjur ríkissjóðs myndu einnig aukast mjög mikið. Segjum, að innflutningur færi í 70 millj., sem var algengt áður, þá er hugsanlegt að lækka eitthvað af þeim sköttum, sem renna til ríkissjóðs. Hugsum okkur, að Sjálfstfl. sé þá við völd. Hvaða skatta og tolla myndi hann lækka fyrst? Það leikur enginn vafi á, að hann myndi lækka tekju- og eignarskattinn fyrst, en ekki tollana, sem nú er verið að fjargviðrast út af. Á þessu leikur enginn vafi, að í stefnu allri er flokkurinn fyrst og fremst með tollaálagningu, en móti beinum sköttum. En hugsum okkur Framsfl. í sömu kringumstæðum. Hvaða tolla eða skatta mundi hann lækka? Alveg tvímælalaust þá tolla og skatta, sem hvíla þyngst á framleiðslunni og á nauðsynjavörum almennings. Þetta er áreiðanlega rétt, og á þessu sjá menn í raun og veru, hver er hin eiginlega skattamálastefna hvors flokksins um sig. Nú skyldi maður ímynda sér, þegar Sjálfstfl. er svona ákaflega mikið á móti hækkun á sköttum af tollum, þá myndi hann sýna það í verki með flutningi tillagna, og að þau frv., sem frá flokknum kæmu, hlytu aðallega að stefna í sparnaðarátt, eða í þá átt að bæta afkomu ríkissjóðs frá því, sem er, til þess hægt væri að lækka skatta og tolla almennings. En ekki er nú því að heilsa. Ég ætla bara að lesa upp dálítinn lista yfir frv., sem fyrir liggja frá sjálfstæðismönnum hér á þingi, og hvað þau kosta ríkissjóð. Það er síldarmjölsstyrkur til bænda á óþurrkasvæðinu, 125 þús. kr. (Ég skal játa, að sumt af þessu er áætlunarupphæðir, en mjög eru þær lágar). Þá er krafizt þess, að húsmæðrakennaraskóli verði stofnaður, 60 þús. kr., drykkjumannahæli fyrir 100 þús. kr., landhelgissektir renni óskertar til þess að byggja nýtt varðskip í viðbót við þau, sem fyrir eru, ekki undir 100 þús. kr. á ári, tillag til fiskveiðasjóðs 200 þús. kr., til byggingarsjóðs sveitanna 100 þús. kr., hraðfrystihús, aldrei undir 100 þús. kr., og styrkur til niðursuðuverksmiðju, sem er hlægilega lágt áætlað 50 þús. kr. Þá er heimtað, að vitaféð renni óskert til vitarekstrar, sem er aldrei undir 100 þús. kr. Þarna er rúm milljón, sem á að leggja í nýjum útgjöldum á ríkissjóð samkv. tillögum, sem fyrir liggja í frv.-formi frá fulltrúum Sjálfstfl. á þingi. En hér er ekki nema hálfsögð sagan. Svo er frv. um afnám útflutningsgjalds á sjávarafurðum um 650 þús. kr., og að ríkissjóður láti af höndum til bæjar- og sveitarfélaga fasteignaskatt allan, hálfan tekju- og eignarskatt og 25% af útsöluverði áfengra drykkja. Tekjurýrnun af þessu fyrir ríkissjóð má áætla 2 millj. 100 þús. Útgjaldatill. eru rúmein milljón kr., og niðurskurður á tekjum ríkissjóðs óhætt um 3 millj. kr. Þetta er samtals um 4 millj. kr. Þá þarf að mæta hallanum, sem nú er á fjárlfrv. 900 þús. Og það er meira. Svo eru þeir með flestum þeim hækkunartill., sem lagðar eru fram, styrk til plágunnar um hálfa milljón kr. (eins og allir aðrir). Og þess vegna held ég fram, að er Sjálfstæðisflokkurinn á að framkvæma þessar ráðstafanir sínar (nema ráðstafanir gagnvart plágunni um hálfa milljón), þá þyrfti að skera niður af fjárlögum milli 5 og 6 millj. króna. Og þá er eftir allur niðurskurður, sem ætti að verða þess valdandi, að skattar og tollar lækkuðu, því að þetta er miðað við óbreytt, að öðru leyti en bæjar- og sveitarfélög fengju tekjur samkv. till. þeirra. Í samræmi við þetta neita svo þessir hv. þm. að greiða atkv. í Ed. með frv. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, — ekki af því, að ekki sé of hátt framlagið, heldur af því, að það sé of lágt. Á sama tíma neita þeir að greiða atkv. í Nd. með afnámi af útflutn-

ingsgjaldi af saltfiski, — ekki af því, að það sé of mikið og ríkissjóður þoli það ekki, heldur af því, að það er of lítið. Þannig er samræmið í þessu. Þannig er skripaleikurinn, sem leikinn er af stærsta þingflokki á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Þegar Sjálfstfl. er krafinn um það, hvernig hann færi að skapa jöfnuð á fjárl., þá eru svörin lítið annað en skætingur. Það lengsta, sem formaður flokksins hefir komizt að ræða um þetta mál, er það, að hann lýsti yfir í umr. í Nd. um viss frv., að hægt væri að gera allt í senn, auka útgjöldin og lækka skattana og tollana og bæta afkomu ríkissjóðs. Nánar aðspurður, hvernig þetta yrði skilið, lýsti hann yfir, að við það, að till. Sjálfstfl. um útgjöld og niðurskurð á tekjum yrðu teknar til greina, myndi hlaupa slíkt fjör í atvinnulífið, að gömlu skattarnir og tollarnir mundu hækka næstu ár og ekki mundi *þurfa neinar áhyggjur af þessu meir að hafa*. Þetta er svo sem ekkert vandamál. Það er ekki annað en auka nógu mikið útgjöld ríkissjóðs og taka nógu mikið af þessum tekjum, sem fyrir eru, þá kemur allt aftur hlaupandi í ríkissjóðinn! Ég held, að lengra verði ekki komizt í vandræðunum en með þessum yfirlýsingum hv. þm. G.-K., formanns Sjálfstfl. Og ég held, að vandfundnir verði þeir menn, sem leggi trúnað á það, að með samþ. og framkvæmdum á frv. sjálfstæðismanna muni þegar á næsta ári hlaupa slíkt fjör í atvinnulífið, að hægt væri að treysta því, að tekjur ríkissjóðs yrðu þær sömu og áður. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að það er ekki til samræmi í till. Sjálfstfl. á Alþingi um útgjöld annarsvegar og sífelldrar kröfu hans um niðurfellingu skatta og sparnað hinsvegar. Og í raun og veru verður þetta ekki skilið nema á einn veg, — þann veg, að Sjálfstfl. brestur algerlega kjark til þess að sýna sína eigin stefnu, ef hún er þá nokkur, í frumvarpsformum hér á Alþingi. Það hefir nefnilega verið alveg ómögulegt á undanförnum árum og er enn, að á sama tíma, sem atvinnuvegir heimta aukinn opinberan stuðning og tekjur ríkissjóðs af eldri tollum fara lækkandi, að lækka skattana og tollana. Það er staðreynd, að ekki er hægt að komast hjá því að afgreiða nýja tolla og skatta til þess að vega upp tap, sem hefir orðið á þeim eldri. Og ég er ekki í vafa um það, að ef við tökum þann kost að skella skolleyrunum við þeim óskum, sem koma frá atvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi, um aukinn stuðning í þeim vandræðum, sem að þeim steðja, ef við neitum að leggja á þessi nýju gjöld, þá eru þeir verr farnir *en ef þau nýju gjaldaákvæði, sem fyrir liggja*, verða samþ. Ég vil svo að endingu aðeins skora á fulltrúa Sjálfstfl. í þessum umr. að gera einu sinni grein fyrir því, hvernig beri að líta á þessar till., sem þeir hafa lagt hér fram fyrir Alþingi, hvort það beri að líta á þær sem mark*leysu, og ef ekki beri að líta á þær sem mark*leysu og lýðskrum, þá spyr ég: Hvar eru þessar 5—6 milljónir kr., sem á að fella niður, og eitt hvað til viðbótar, til þess að hægt sé að lækka skatta og tolla? Hvar eru þær?

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Góðir áheyrendur. Ræða hæstv. fjmrh. og ræða hv. þm. Dal. — eða réttara sagt fyrirlestur — gefa mér ei tilefni til sérstakra athugasemda, að öðru leyti en því, að ég get ekki stillt mig um að samgleðjast hv. þm. Dal. um það, að hafa nú loks komizt til föðurhúsanna, ef svo mætti segja. Því að ég heyrði ekki betur í hans ræðu heldur en sá greinarmunur, sem hingað til hefir verið reynt að gera á Sjálfstfl. og Bændafl., væri nú með öllu þurrkaður út, og að hann ætlaði að fara að kenna formanni Sjálfstfl., hvernig ætti að reka útgerð hér á landi, þannig að hún gæti borið sig, og að hann væri að keppa við hann um þekking og fróðleik í þeim efnum.

Við hv. 1. landsk. vildi ég bara segja það í sambandi við það, sem hann sagði um sameiningu verkalýðsins á Íslandi og ósk sína um það, að hún mætti takast, að Alþfl. er reiðubúinn og hefir þegar boðið sameiningu á þeim grundvelli, *sem samþ.* var á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var s. l. haust. Það tilboð var að vísu miðað við það, að sameining færi fram 1. des. s. l. En því var hafnað af Kommfl. Ef sá flokkur sér sig um hönd og vill ganga að sameiningartilboðinu, sem liggur fyrir, þá geri ég ráð fyrir, að *auðvelt verði að koma sameining*unni á. En sameining milli Alþfl. og Kommfl. á kommúnistiskum grundvelli kemur að minni hyggju ekki til nokkurra mála. Um þau einstöku atriði, sem hann að öðru leyti drap á í ræðu sinni, get ég verið fáorður. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um það, að mikið af þeim tekjum, sem þeir benda á, kommúnistar, í sínum frv., sé sýnd veiði, en ekki gefin. Þó skal ég taka fram, að ég er sammála honum um, að fullkomin ástæða sé að athuga vaxtaskatt og fasteignaskatt, sérstakan stighækkandi skatt á verðmiklu landi. Geri ég ráð fyrir, að þetta verði tekið til athugunar síðar. Þó vil ég taka fram, að af þeim síðarnefnda tel ég ekki tekna að vænta í byrjun.

Ég held, að öðrum atriðum í ræðu þessa hv. þm. geti ég að mestu svarað um leið og ég svara formanni Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., því að nokkru leyti var sama hljóðið í báðum, — auðvitað um það, að leggja miklu meira fé fram og gera meira en gert er, án þess þó að gera um leið grein fyrir, á hvern hátt ætti að fá til þess fé, heldur gefa þeir í skyn, að allt þetta megi gera samtímis því, að hægt er að minnka skatttekjur ríkissjóðs, sem vitaskuld er sú mesta firra.

Um ræðu hv. þm. G.-K. mætti í raun og veru margt segja. Hann hefir nú haft það fyrir venju, ýmist í eldhúsi eða við áramót, að tilkynna þjóðinni það, að stóratburðir væru í vændum, að stórtíðindi myndu brátt gerast. Hann kom inn á þetta sama svið nú, því að hann sagði, að hörð átök væru framundan. Hann gerði ekki nákvæmlega grein fyrir því, í hverju þessi hörðu átök ættu að liggja og að hverju þau ættu að beinast. En hann gaf það svo greinilega í skyn, að ekki getur orkað tvímælis, við hvað hann átti. Hann sagði í lok ræðu sinnar: Ætlar Framsfl. að veita sósíalistum viðnám? — Þ. e. að fella þau mál, sem jafnaðarmenn beita sér fyrir. Eða ætlar hann að falla í fyrri farveg? — Þ. e. að halda áfram samvinnu við Alþfl. Og öll ræða hans var, ef svo *mætti segja*, eitt óslitið „vinstra bros“ frá upphafi til enda. Ekkert annað en bónorðsför til

Framsfl., svo áleitin, að ég minnist ekki að hafa heyrt hana jafnáleitna í opinberri ræðu. Hann forðaðist vandlega að mæla nokkurt styggðaryrði til ráðherra Framsfl. eða til þess flokks yfirleitt. En að sjálfsögðu lítur hann á mig sem væntanlegan meðbiðil sinn sérstaklega. Þá taldi hann skyldu sína að lýsa öllum stærri ágöllum á mér og mínum flokki, enda hneig meiri hluti inn af ræðu hans í þá átt. Ég get ekki sagt, að þessi bónorðsför hv. þm. komi þingmönnum mjög á óvart, vegna þess að það er á almanna vitorði í þinginu, að form. Framsfl. hefir varla frið til að sitja þingfundi fyrir því, að hv. þm. G.-K. hefir svo mikið við hann að tala á einmæli, að það tefur tíma hans frá þingstörfum. Einu sinni hefðu nú þetta þótt tíðindi, að svo dátt gerðist með þessum tveimur mönnum. En svona hefir það verið á þessu þingi. Ég verð að segja það, að ýmsir menn leita sér nú kvonfangs og fara í biðilsbuxur, án þess að það verði svona átakanlega áberandi eins og það var í þessari ræðu hv. þm. G.-K. nú, og eins og það yfirleitt hefir verið á þessu þingi. Ég skal í sjálfu sér engu um það spá, hversu undirtektir verða hjá Framsfl. undir þetta bónorð hv. þm. fyrir hönd Sjálfstfl.; það verður náttúrlega tíminn að leiða í ljós. En hv. þm. vék að einu atriði sérstaklega í sambandi við mig og Alþfl., sem ég ekki get látið ósvarað. Hann taldi, að með þeirri yfirlýsingu, sem ég gaf fyrir hönd Alþfl. á þingi í apríl s. l., hafi því verið yfirlýst af Alþfl., að hann gæti ekki sætt sig við, að Framsfl. samþ. aðeins nokkur smáatriði úr frv. hans, heldur mundi hann kjósa að slíta samstarfinu. Þetta er alveg rétt tilvitnun í mína ræðu. En niðurlaginu er sleppt: Að þá kysi Alþfl. heldur, að málin væru lögð undir dóm kjósendanna og þeir skæru úr. Og hann gleymdi að geta þess, að vegna þess að ekki náðist samkomulag um lausn þessa máls á seinasta þingi, þá var þingið rofið og alþingiskosningar fóru fram. Eftir þær kosningar var sýnt, hver var vilji kjósendanna í landinu. Vilji kjósendanna í landinu var ekki sá, að Breiðfylkingin svokallaða tæki við völdum. Þvert á móti. Vilji kjósendanna kom alveg ótvírætt í ljós í þessu efni, að áframhaldandi yrði reynt að halda uppi samstarfi á svipuðum grundvelli og verið hafði milli Alþfl. og Framsfl. Yfirlýsing mín gilti að sjálfsögðu á því þingi. Og afleiðingin af minni yfirlýsingu var laukrétt, að kosningar fóru fram og málin voru lögð fyrir dóm kjósendanna. Og sá dómur féll á þann veg, sem kunnugt er. Hv. þm. sagði, að kosningarnar hafi verið stóridómur yfir Alþfl. Ég skal hreinskilnislega játa, að mér og Alþýðuflokksmönnum flestum var kosninganiðurstaðan nokkur vonbrigði. Við bættum við okkur svo að segja engum atkvæðum. En kosningarnar hafa verið stóridómur líka um fleiri en Alþfl., og ánægjulegt að sjá, liggur mér við að segja, að hv. þm. G.-K., formaður Sjálfstfl., sér og viðurkennir þennan dóm. Fyrir kosningarnar var svo komið málefnum flokksins undir hans forustu, að hann taldi vonlaust, að hann næði meiri hl. á þingi. Eina vonin til þess, að Sjálfstfl. gæti fengið stjórnaraðstöðu á þingi, lá í því, að hann gæti náð bandalagi við Bændafl., og til þess var Bændafl. stofnaður. Ólafur Thors setti sig niður og reiknaði saman atkv. Bændafl. og Sjálfstfl. í flestum kjördæmum landsins, og sjá, niðurstaðan varð sú: jú, jú, við komum að svo og svo mörgum við kosningarnar, og við náum meiri hl. saman. — Á þeim grundvelli var bandalagið gert, vegna þess að formaður Sjálfstfl. var vonlaus um, að hann næði meiri hl. En útreikningar hv. þm. brugðust mjög herfilega. Það sýndi sig, að það er annað að reikna með tölum á blaði en að reikna með lifandi fólki með heilbrigða skynsemi. Niðurstaðan af þessu herbragði var sú, að Sjálfstfl. lánaðist að ganga af Bændafl. dauðum án þess að bæta sinn hag nokkurn skapaðan hlut. Niðurstaðan varð sú, að þjóðin lýsti því yfir svo greinilega sem frekast varð á kosið, að hún vill ekki, að Sjálfstfl. fari með stj., ekki einu sinni þó að Bændafl. sé þar með. Það er sá stóridómur, sem hv. þm. verður að hlíta hér. Þess vegna er þessi hv. þm. kominn á þessar nýju bónorðsbuxur, sem hann var að flíka með nú frammi fyrir þingheimi og áheyrendum. Nú er hann líka orðinn vonlaus um að ná þingmeirihl. með Bændafl. Nú er eina vonin að geta náð bandalagi við Framsfl., og í það hefir hans orka nú farið á þessu þingi, og í þá átt, til þess að undirbúa slíka samvinnu, hneig ræða hans öll. Öllu ámáttlegri uppgjöf, öllu meiri vantraustsyfirlýsingu á sjálfan sig sem foringja og flokk, sem hann kallar stærsta flokk landsins, er naumast hægt að hugsa sér. Mér er ánægja, að þessi hv. þm. gerir sér grein fyrir, hvernig þessi stóridómur síðustu kosninga er.

Hv. þm. taldi, að þeir samningar, sem gerðir hafa verið milli Alþfl. og Framsfl. um lausn mála á þessu þingi og áframhaldandi stjórnarsamvinnu, væru á þann veg, að heiðri Alþfl. væri stórlega misboðið með því að ganga að slíkum samningum. Ég mætti að sjálfsögðu vera hv. þm. þakklátur fyrir þá umhyggju, sem hann virðist bera fyrir Alþfl., en ég held, að honum væri nær að hugsa um velferð síns eigin flokks, því að þar getur hann áreiðanlega fengið nóg að starfa. En ég tel rétt vegna þessara ummæla hv. þm. að gera grein fyrir þessum samningum milli stjórnarflokkanna um lausn mála á þessu þingi, og get ég þá um leið svarað nokkru því, sem hefir verið drepið á í umr.

Í fyrsta lagi hefir verið samið um stuðning við sjávarútveginn, og skal ég koma nánar að því síðar í sambandi við ummæli hv. þm. um fiskimálasjóð.

Í öðru lagi var samið um frv. um alþýðutryggingar, sem ekki gekk fram á síðasta þingi. Felur það aðallega í sér þá breyt., að framlag til ellilauna er hækkað um ⅓, eða 50 þús. kr. Styrkur, sem greiddur er til sjúkrasamlaga, er hækkaður um 1 kr. fyrir félaga úr bæjar- og sveitarsjóðum og 1 kr. frá ríkissjóði, og ennfremur er verulegur hluti af sjúkrakostnaðinum færður yfir á ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, þannig að þeir, sem eru haldnir virkum langvinnum sjúkdómum, færast yfir á þessa framfærslu, en verða ekki tryggingunum til byrði. Yfirleitt má segja, að tryggingarnar hafi á þessu þingi fengið verulegar umbætur frá því, sem áður var. Og það er mín von, að takast

megi áframhaldandi á næsta þingi að endurbæta þau svo, að þau komist skjótlega í það horf, sem við teljum æskilegt.

Þá hefir orðið samkomulag um, að sveitar- og bæjarfélög hækki fasteignaskattinn að vissu marki af lóðum og húsum og leggja úr ríkissjóði til þeirra um 700 þús. kr., til þess að jafna útgjöld vegna fátækraframfærslu og vegna ellilauna og kennaralauna. Þessi upphæð er hækkuð um 450 þús. kr. frá því, sem verið hefir, og þótt segja megi, að æskilegra hefði verið, að hún hefði getað verið hærri, þá má þó með þessu bæta mjög úr erfiðleikum þeirra bæjarfélaga, sem við erfiðust kjör eiga að búa.

Þá hefir verið samkomulag um að gera nauðsynlegar ráðstafanir gagnvart sauðfjárpestinni, bæði sem varnir gagnvart útbreiðslu hennar og líka óhjákvæmilega hjálp til handa þeim bændum, sem mest afhroð hafa þar goldið.

Þá hefir verið samið um, að fjárlög skuli afgr. greiðsluhallalaust og séð fyrir tekjustofnum í því skyni að mæta þeim nýju útgjöldum. Ég skal játa, að með þessu, að afgr. greiðsluhallalaus fjárlög, er tekinn á sig ákaflega þungur baggi, þegar afborganir fara næstum því upp í 1½ millj. kr. Það þarf vissulega mikið átak til að greiða svo mikið af skuldum, en það er óhjákvæmilegt að standa að fullu í skilum, ef lánstraust okkar á ekki að bíða hnekki, en á engu er þjóð eins og okkur jafnmikil þörf eins og að halda góðu lánstrausti, vegna þess hvað lítið fjármagn er til innanlands. Mér er því ánægja að skýra frá því, að upplýst er, að nú er nokkurnveginn víst, a. m. k. mjög sennilegt, að okkur standi til boða 2 erlend lán til framkvæmda hér á landi, sem bæði nema milljónum. Þau eru bæði ensk og með sæmilegum vaxtakjörum. Það er fullvíst, að ef við höfum ekki staðið að fullu í skilum með greiðslur, þá væru þessir möguleikar nú ekki til. Ég nefni þetta til þess að sýna fram á, hver nauðsyn er að standa að fullu í skilum við erlenda lánardrottna.

Þá hefir orðið samkomulag um að breyta mjólkurlögunum, og mun verða nánar um það rætt síðar.

Til þess að mæta þessum útgjöldum á að leggja 10%, sem hefir í meðferð þingsins verið hækkað upp í 12%, á þá tekjustofna, sem ríkið hefir fyrir. Var talið, að komizt yrði næst sanngirni með því að leggja á þá skattstofna, sem áður höfðu verið samþ. af þinginu. Þá var viðskiptagjaldið hækkað um 2% og á einstökum flokkum 5—6%.

Þetta eru grundvallaratriðin, sem stjórnarflokkarnir hafa orðið sammála um á þessu þingi. Það segir sig sjálft, að þegar tveir flokkar semja, verða þeir að taka tillit hvor til annars, og hvorugur getur fengið allt, sem hann vill, en báðir verða að fá nokkuð, og tel ég, að þessir samningar beri þess vott.

Ég skal benda á, að fjárl. hjá okkur eru með því sniði, sem ég hygg, að vart muni þekkjast annarsstaðar. Þegar frv. var lagt fram, var gert ráð fyrir, að til verklegra framkvæmda og beins stuðnings við atvinnuvegina væri lagt yfir 7 millj. kr., en í meðförum þingsins hækkaði það um 500—600 þús. kr., þannig að helmingur af öllum tekjum ríkissjóðs fer til beinna ráðstafana til að draga úr erfiðleikum kreppunnar og jafna aðstöðuna milli þjóðfélagsþegnanna og láta þá, sem betur mega sín, leggja fé til opinberra þarfa til þess að bæta aðstöðu þeirra, sem verr eru settir. Þá er gert ráð fyrir því, að til trygginga og sjúkrahjálpar verði varið um 2½ millj., til fræðslumála, vísinda, bókmennta og lista næstum því 2 millj. samtals. Með breyt. Alþingis á frv. verður það því 12 af 16 millj., eða fullir ¾ af öllum útgjöldum fjárl., sem gengur til verklegra framkvæmda, stuðnings við atvinnuvegina, fræðslumála og vísinda, tryggingarmála og sjúkrahjálpar. Mér þætti fróðlegt að heyra þá menn, sem nú geipa hæst um sparnað samtímis því sem þeir bera fram till. um milljónaútgjöld, benda á, hverjir af þessum liðum þeir vilja, að séu felldir niður.

Þá er eitt atriði úr samningum stjórnarflokkanna, sem enn er órætt, en það er stuðningurinn við sjávarútveginn, en það er því nauðsynlegra sem hv. þm. G.-K. gerði það atriði sérstaklega að umtalsefni. Á þeim fundi, sem hv. þm. gat um, að útgerðarmenn hefðu komið á ásamt ríkisstj., báru þeir fram tilmæli um ívilnanir og stuðning sjávarútveginum til handa af hálfu þess opinbera. Þessi tilmæli voru í 8 liðum. Þar var farið fram á afnám útflutningsgjalds, fella niður skyldu til að hafa vélstjóra, athuga um lækkun vaxta, frjálsan ráðstöfunarrétt útgerðarmanna og útgerðarfélaga yfir öllum erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir afurðir útgerðarinnar, og frjálsan innflutning á öllu, sem til útgerðarinnar þarf. Stj. hefir þegar svarað þessum málaleitunum að svo miklu leyti sem það er í hennar valdi að svara þeim, og svörin eru á þessa leið:

Í fyrsta lagi hefir hæstv. fjmrh. gefið yfirlýsingu um það, að hann muni taka til athugunar í samráði við bankana, hvort hentugra muni að veita innkaupafélögum útgerðarmanna leyfi til að nota gjaldeyrinn fyrir afurðir sínar til greiðslu á útgerðarvörum, svo og að gera sitt til þess, að eigi standi á innflutningsleyfum fyrir útgerðarvörur. Í sambandi við innflutning á veiðarfærum, sérstaklega línum, hefir hann tjáð mér, að hann muni hlutast til um, að leyfður verði innflutningur á línum, ef verðlag á innlendum línum fer verulega fram úr því, sem erlendar línur kosta.

Að því er snertir skatta og tolla, þá hefir þingið samþ. að fella niður útflutningsgjald af saltfiski. Nemur það 225—230 þús. kr. miðað við 2 síðustu ár, en meira, ef útflutningurinn eykst. Í frv. um tolla og skatta, sem fyrir Alþingi liggur, hefir verið samþ. að fella niður nýja skatta af kolum, salti og olíu, ennfremur tollundanþágu fyrir hamp til veiðarfæragerðar og tunnuefni.

Þá hefir ríkisstj. leitað eftir heimild Alþingis til að endurgreiða fiskiskipum kolatollinn á saltfisksvertíðinni, en á ísfisksvertíðinni kaupa skipin kolin erlendis, ennfremur að fella niður innheimtu tolla af mótorolíu og salti, að því tilskildu, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög veiti þar tilsvarandi ívilnanir.

Um verðlag á útgerðarvörum er það að segja,

að Alþingi hefir samþ. l., um eftirlit á verðlagi, og nær það einnig til útgerðarvara. Verð á hráolíu hefir verið lækkað um 1 eyri kg., úr 17 niður í 16 aura. Verð á línum hefir einnig verið lækkað. Þær kostuðu 115,74 dus., en hafa verið lækkaðar niður í 98,50, sem er sagt, að sé ekki langt frá því verði, sem er nú á norskum línum; verðmismunurinn mun ekki vera meiri en 2 kr., er mér sagt, án þess að ég hafi fullar sönnur fyrir því.

Um önnur atriði, sem rætt var um á þessum fundi, hefir stj. ekki getað veitt ákveðin svör enn þá, því að það stóð ekki í hennar valdi.

Ég vil þá að lokum draga saman nokkurn veginn þann stuðning, sem þetta þing, sem nú situr, hefir samþ. að veita og mun veita sjávarútveginum, sumpart með beinum framlögum og sumpart með eftirgjöfum á sköttum. Það verður á þessa leið:

1. Framlag til fiskveiðasjóðs eldra	40000 kr.
2. Framlag til skuldaskilasjóðs ..	160000 —
3. Framlag til fiskimálasjóðs ..	400000 —
4. Framlag til sama, eldra	120000 —
Fjárframlög samtals	720000 kr.

Þá eru tollaeftirgjafir, afnumin útflutningsgjöld og endurgreiðslur.

1. Afnám útflutningsgjalds á saltfiski	230000 kr.
2. Tollur af kolum og olíu	100000 —
3. Tollur af tunnum, hampi o. fl.	50000 —
	380000 kr.

Bein framlög og niðurfelling eða ívilnanir skatta og tolla samtals — ein milljón og eitt hundrað þúsund kr. —, sem Alþingi hefir samþ. og mun samþ. til styrktar útgerðinni. Þetta er allt nýtt nema 40000 til fiskveiðasjóðs og 120 þús. til fiskimálasjóðs, sem var samþ. fyrir 2 árum.

Í sambandi við það, hversu mjög þungum búsifjum útgerðin hafi sætt af stj., þykir mér rétt að rifja það upp, að fyrstu vikuna eftir að stj. tók við 1934 var afnumið sérstakt útflutningsgjald af síld, 1 kr. á tunnu; það, sem var endurgreitt fyrir 1934, nam 125000 kr. Ef þessi tollur hefði ekki verið afnuminn, þá hefði þessi skattur á síldarframleiðendur numið yfir 500000 kr. Þá var lagt til fiskimálasjóðs milli 800 og 900 þús. kr.; 1935 var greitt upp í ofviðristjón á bátum og veiðarfærum yfir 100 þús. kr.; 1936 var svo ástatt fyrir útgerðarmönnum við Faxaflóa, vegna aflabrests, að þeir gátu ekki greitt aflahlut, og þá var veitt sérstök hjálp þeim til handa, 230 þús.; 1937 var Vestmannaeyingum og fleirum veitt samskonar hjálp, 120 þús. Auk þess var stofnaður skuldaskilasjóður fyrir vélbáta og línuveiðara, sem veitti lán með 4½% vöxtum til 18 ára, og samið um gamlar skuldir svo mörgum millj. skipti, sem annars hefðu á þeim hvílt.

Ég ætla, að af þessu sé sýnt, að stjfl. hafa séð erfiðleika útgerðarinnar og hafa jafnan sýnt viðleitni til hjálpar.

Hv. þm. G.-K. talaði þannig, að ætla mætti, að hagur útgerðarinnar væri nú svo mjög bágborinn vegna skattpyntinga og skilningsleysis stj. En ég hefi fyrir mér vitnisburð, sem hann getur ekki vefengt, að svo getur ekki verið. Hann hefir verið vanur á hverju þingi, síðan stjórnarskiptin urðu, að lýsa ástandi landsins þannig, eins og dómsdagur væri á hurðabaki og hversu allt væri komið í hrun á því augnabliki, sem hann hélt ræður sínar á. Árið 1934 segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir tveimur árum fór fram rannsókn á hag bænda. Hún leiddi til þess, að Alþingi samþykkti tólf millj. króna fjárframlag til bjargar þeim bágstöddustu. Enn er þó allt í óvissu, og þó raunar heldur voða um fjárhagsafkomu bænda, þar eð búskapurinn ber sig ekki.

Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum hefir nú upplýst, að ennþá verr eru útvegsmenn farnir. Hálfum öðrum milljónatug hafa þeir tapað í síðustu 5 árin og standa nú uppi eignalausir með óarðbæran atvinnurekstur.

Hér við má bæta fátækum verkalýð og illa höldnum embættismönnum. Þá sjá menn þjóðarauðinn, þó að því viðbættu, að skuldir okkar erlendis eru orðnar milli 90 og 100 millj. króna, en nýjar, geigvænlegar utanaðkomandi hættur steðja að þjóðinni, svo að allt má heita í óvissu um sölu framleiðsluvörunnar".

Þannig lýsir þessi hv. þm. ástandinu 1934, sama haustið og stjórnarskiptin urðu. Þá hafði Magnús Guðmundsson verið atvmrh. sem fulltrúi Sjálfstfl., og þannig er þá ástandið í atvinnumálunum, þegar hann lætur af völdum.

Enn kveður við sama tón 1935. Þá er niðurstaðan af hugleiðingum hans þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Kreppan, sem leiða kann af hruni saltfiksmarkaðanna, er enn ekki komin fram nema að óverulegu leyti, og þrengingarnar, sem við nú tölum mest um, stafa í rauninni ekki aðallega frá neinum nýjum örðugleikum í atvinnulífinu, því þar hefir ekkert nýtt skeð. En nú er búið að eta upp eignirnar. Nú er lánstraustið þrotið. Nú er ekki lengur hægt að leyna þjóðina sannleikanum, því nú verður íslenzka þjóðin eins og hver annar fátæklingur að láta afrakstur liðandi stundar nægja fyrir þörfunum".

Þannig lýsir hann þá ástandinu fyrir tveimur árum. Allt í kaldakoli, og þó er kreppan vegna söluörðugleika á saltfiskinum ekki farin að gera vart við sig. En veit hann það ekki, þessi hv. þm., að tvö síðustu ár, árin, sem liðin eru síðan hann gaf þessa lýsingu, hafa að ýmsu leyti og reyndar að öllu leyti, sérstaklega að því er snertir þorskveiðarnar, verið þau langerfiðustu ár, sem nokkurntíma hafa yfir Ísland komið. Spánarmarkaðurinn hefir gersamlega lokazt og Ítalíumarkaðurinn lokazt að hálfu leyti. Þar við bættist svo óminnilegur aflabrestur, að nærri lá, að við gætum ekki aflað þess fiskjar, sem við þó máttum selja á hina þröngu markaði. Heldur hv. þm. ekki, að það hafi verið örðugt að halda öllu gangandi þessi ár eftir að ástandið er eins og hann hefir lýst því áður en kreppan byrjaði? Ég get fullvissað hv. þm. um, að ef haldið hefði verið áfram samskonar stjórn og sama lagi á þessum málum og hafði verið til þess tíma, þá hefði verið ómögulegt að fleyta sér yfir þá erfiðleika, sem yfir okkur hafa gengið þessi tvö síðustu ár.

Það er satt, síldveiðin var mikil og blessaðist vel í sumar, — en hvers vegna? Vegna þess að búið var að gera þann undirbúning, sem þurfti bæði til að notfæra sér síldina og líka til að fyrirbyggja, að menn í óviti söltuðu hver í kapp við annan og eyðileggðu söluna hver fyrir öðrum. Norðmenn veiddu ekki síður en við, en hvaða hagnað höfðu þeir af þeirri veiði? Mikið af síldinni varð ónýtt og varð að fara í bræðslu, eftir að búið var að salta hana niður í tunnur. Fyrir það skipulag, sem sett hafði verið á þessi mál, á síldarmálin og fisksölumálin, fyrir þá lögvernd, sem samtök útgerðarmanna hafa fengið í fiskimálunum og síldarmálunum, og fyrir þær auknu síldarbræðslur, sem komið hefir verið upp hér á landi, hefir verið hægt að hafa svo mikið upp úr síldinni sem raun varð á.

Ég hefi gert grein fyrir, hvað gert hafi verið á þessu þingi til að mæta erfiðleikum sjávarútvegsins. Á þessu eina þingi hefir verið lagt fram í afnámi skatta og tolla og í beinum framlögum um 1100 þús. kr. til sjávarútvegsins. Hv. þm. segir, að þetta sé hégóminn einn. Ég man þá tíð, að hv. þm. sagði, að ef útflutningsgjaldinu væri aflétt, væri hag útgerðarmanna borgið. Ég man þá tíð, þegar Jóni Þorlákssyni var hælt fyrir þann stuðning, sem hann hefði veitt sjávarútveginum, þegar hann féll frá innheimtu á 25% gengisviðauka á tolli af salti og kolum. Það var rómað mjög. En hvað er það hjá því, ef tollinum er nú létt af og svo að segja allt útflutningsgjaldið af saltfiski og allt hitt útflutningsgjaldið og meira til er lagt til sjávarútvegsins? Hann segir, að þetta sé lítilsvert, og vera kann, að honum finnist það. Þegar Jón Þorláksson var við stjórn, var það stórvirki að létta af 50 aura tolli. Nú er einskis vert að létta af 1 kr. tolli auk alls annars, sem gera á fyrir þennan atvinnuveg og ég hefi nú lýst.

Út af þeim áætlunum, sem útgerðarmenn lögðu fram við stj. í þeim viðræðum, sem ég hefi áður minnzt á, vil ég taka fram, að eins og þær eru, er vonlaust að hægt sé að fylla í þau skörð, sem þær sýna. Það er gert ráð fyrir, að togarar fiski á saltfisksveiðum 1400 skippund, og söluverðið sé 70 kr. hvert skippund af fullverkuðum fiski. En það er að minni hyggju ekki hægt að gera neinar ráðstafanir, sem tryggja rekstur togara yfir vetrarm. með slíkum afla. Það mun rétt vera, að á síðustu vertíð, 50 dögum, fiskuðu togararnir 1450 skippund. En er nokkur ástæða til að byggja áætlanir á útkomu þess versta árs, sem yfir þennan atvinnuveg hefir komið?

Það má telja líklegt, að selja megi blautfisk sæmilegu verði upp úr áramótum, sem getur svarað til 90 kr. á skippund. Og ég verð að segja það, að það væri herfilegt slys, ef ekki eru þeir möguleikar notaðir, sem þar kynnu að vera í boði. Í sambandi við þessi viðtöl öll kom greinilega fram, að þeir, sem orð höfðu fyrir útgerðarmönnum, töldu í raun og veru lítils um vert þær skattaívilnanir, sem farið var fram á, en meira vert, að útgerðarmenn fengju sjálfir heimild til að selja þann gjaldeyri, sem þeir fá fyrir sínar afurðir. Í staðinn fyrir að halda föstu gengi, fengju útgerðarmenn að selja erlendan gjaldeyri fyrir það verð, sem vera kann á hverjum tíma þ. e. a. s. að ísl. krónan lækkaði í verði, — og ekki einasta það, heldur væri laust gengi, eftir því sem hægt væri að selja á hverjum tíma. Það var aðalatriðið, að þeirra hyggju. Þeir viðurkenndu, að þó að þeir fengju allir óskir sínar uppfylltar um fækkun manna og skattaívilnanirnar, þá mundi áætlunin um 110 þús. kr. tap á hvern togara, eins og þeir áætluðu það, ekki minnka nema um 20—25 þús. kr. Ég hefi spurt hv. þm. G.-K. að því, hvort hann væri fylgjandi því, að gjaldeyrisverzlunin væri gefin frjáls eða gengið lækkað. Hann hefir farið undan í flæmingi og neitað að svara. Hann sagði í ræðu sinni áðan, að útgerðarmenn teldu rétt, að þeir fengju sjálfir sinn eiginn gjaldeyri. Hvað meinar hann? Vill hann, að gjaldeyrisverzlunin verði gefin frjáls? Að útgerðarmenn fái gjaldeyrinn og selji hann hæstbjóðanda á hverjum tíma. Vill hann gengislækkun og laust gengi? Þetta er þýðingarmikið mál, og honum er óhjákvæmilega skylt að svara því, ekki sízt eftir þær viðræður, sem fram hafa farið, þar sem ýmsir útgerðarmenn töldu skattaívilnanir og annað slíkt ekki megnugt að hjálpa, heldur verði að fara þessa leið eina. Ég hirði ekki að ræða nú um afleiðingarnar af slíku. En það er broslegt, að maður, sem óskapast út af dýrtíðinni, hann telji það líklegasta ráðið að fella íslenzka krónu, guð má vita hvað mikið, og láta „spekúlera“ með hana eins og hverja aðra vöru, sem menn óska að hafa í brask. Ég vildi óska, að hv. þm. vildi svara þessari spurningu greinilega í næstu ræðu.

Þá kemst ég ekki hjá því að minnast á það, sem sagt var, að væri veitt til fiskimn. Hann nefndi 350 þús., sem verja ætti til togarakaupa, og þá væru aðeins 50 þús. kr. eftir í annað. Þetta er rangt. Að vísu er gert ráð fyrir, að fiskimálasjóður sé styrktur til kaupa á tveimur togurum að fjórða parti, sem ætti að geta numið 370 þús. kr. fyrir bæði skipin. En svo er til ætlazt, að þessu fé verði skipt niður á tvö ár, þannig að þetta nemur 180—190 þús. kr. hvort árið. Eldri tekjur sjóðsins eru 120 þús. kr., og með tekjum af eignum og fleiru er þetta samtals 550 þús. kr., þannig að eftir verður til annara starfa enn um 350 þús. kr. Og jafnvel eftir fyllstu kröfum um það, hvað leggja skuli mikið til frystihúsa og niðursuðuverksmiðja, þá nægir þetta næstu tvö árin. Því að það er öllum ljóst, að það þýðir ekki að byggja hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðjur örar en hægt er að selja vörurnar, sem framleiddar eru. Það er óunninn markaður a. m. k. fyrir niðursuðuvörur algerlega, og að verulegu leyti fyrir hraðfrystan fisk. Þó hefir lánazt á þessu ári til nóvemberloka að selja fyrir 1085000 kr. hraðfrystan fisk, það er að segja 11 sinnum meira en 1933. Og þetta hefir gerzt fyrir starf fiskimálan. En að því er kaup á togara snertir, þar getur hann nú ekki séð neitt annað en Héðin; hann sér ekki nema einstaka menn, Héðin í fiskveiðunum og Finn í síldarútveginum, þó að flokksmenn hans séu í nefndinni og séu sammála hinum. Um togaraflotann sagði þessi hv. þm. árið 1934, með

leyfi hæstv. forseta: „Svo hörð er lífsbaráttan, svo örðug glíma við hið lága afurðaverð og sligandi skattpyndingar ríkisvaldsins, að útvegsmenn gefa sér hvorki tíma til þess að líta um öxl eða horfa fram á veginn, en einblína á þann hjallann, sem næstur er, til þess að missa ekki fótanna. Þannig draga þrengingar líðandi stundar athyglina frá þeim voða, sem framundan bíður, þegar útvegsmenn, sjómenn og verkamenn, þegar öll íslenzka þjóðin vaknar til fulls skilnings á þeirri hræðilegu staðreynd, að fiskiskipin eru orðin mannskaðabollar, ósjófærar fleytur, sem samt verða notaðar, af því að okkar fátæka þjóð á ekki annars úrkosta til lífsframfæris, notaðar þar til þeim smáfækkar sem líkkistum dugmestu sjómanna heimsins."

Þetta er lýsingin, sem hv. þm. gaf fyrir þremur árum, og segir, að alltaf hafi hallað undan fæti síðan. En nú telur hann það svo óskaplegt að gera tilraun til að fá ný skip í stað þeirra gömlu, sem eru að týnast úr tölunni. Annað eins ósamræmi hefi ég ekki vitað nokkurn ábyrgan stjórnmálamann leyfa sér að bera fram í opinberum málflutningi. Ég lít svo á, að einmitt vegna þess, að svo sterkar líkur eru færðar fyrir því, að togaraútgerðin, með þeim tækjum. sem við höfum nú, sé yfirleitt rekin með tapi, þá sé það lífsnauðsyn fyrir þjóðina íslenzku, sérstaklega fyrir útgerðina og sjómannastéttina, að fá úr því skorið, hvort hægt sé með því að byggja nýtízku skip, svo sparneytin sem unnt er, búin fullkomnum tækjum til þess að hagnýta allt, smátt og stórt, bein og roð og ugga og þess háttar, sem óhjákvæmilega hlýtur að fara meira og minna í súginn hjá okkar skipum, — fá úr því skorið, hvort þetta getur borgað sig. Ef það getur ekki heldur borgað sig, þá er ekki til neins annað en að viðurkenna þá sorglegu staðreynd og leita annara úrræða. En ef það sýnir sig, að svona útbúið skip getur borið sig, þá er ekki vafi á, að það rísa margir menn, sem vilja nota fé sitt og orku til þess að reka slík atvinnutæki. Það er vitað, að þau skip í togaraflotanum, sem bezt bera sig á síðustu árum, eru nýjustu skipin og bezt útbúnu. Ef skip, sem keypt er og búið er nýjustu tækjum og þarf ekki að skulda meira en 60% af kaupverði, getur fengið sæmilega útkomu á rekstri, — og það sýnist, að svo ætti að geta orðið, þá er þar með blásið nýju lífi í togaraútgerðina á Íslandi. Og það er það, sem við þurfum að fá. Ég held persónulega, að það séu möguleikar fyrir slík skip. Ég hefi nokkuð athugað útgjaldaliði fyrir togara. Aðeins viðhald og fyrning á þessum skipum á hverju einasta ári er meira en vextir af nýtízku togara, fullbúnum með öllum tækjum. Af togara, sem metinn er á 200 þús. kr., er þetta hvorki meira né minna en 55 þús. kr. Það er meira en 5% af heilli milljón. Á þessa leið eru margir tilkostnaðarliðir. Það er enginn vafi á, að togarar eyða meiri kolum en þyrfti að vera, þá vantar vinnslutæki um borð o. fl. o. fl. Ég lít svo á, að einmitt þessa tilraun hér sé bein skylda gagnvart þjóðinni að gera nú. Einstakir menn kjósa ekki eða hafa ekki fjármagn til að gera slíkt óstuddir. Þess vegna á hið opinbera að taka áhættuna og leggja fram þau 25%, sem mest áhættan fylgir. Mig furðar að vísu ekki, þótt hv. þm. G.-K. sé á móti þessu. Hann hefir yfirleitt verið á móti allri þeirri nýbreytni, sem hafin hefir verið í sjávarútveginum á síðustu þremur árum. Hann var á móti karfaveiðunum og rækjuveiðunum. Flokkur hans og blöð hafa gert gys að þessum rauðu smádýrum, sem rauðu flokkarnir væru nú farnir að vingast við, og fleira þess háttar. En rækjur hafa verið fluttar frá litilli verksmiðju fyrir 150 þús. kr. Karfaveiðarnar voru litið stundaðar í ár, vegna þess hve síldveiðin tók langan tíma, en gáfu þó 750 þús. kr. Harðfiskur var fluttur út fyrir 500 þús. kr. og freðfiskur fyrir 1100 þús. kr. Nú til loka nóvembermán. er búið að flytja út fyrir hátt á þriðju milljón vörur, sem aflað var eða verkaðar voru með nýbreytni fyrir tilstilli fiskimálanefndar. Yfirleitt má segja, að hv. þm. G.-K. og flokkur hans hafi ekki einasta verið á móti þessari nýbreytni, heldur reynt að afflytja nefndina, sem að þessu hefir unnið, og afflytja þessar tilraunir og tortryggja og rógbera. Og það er býsna mikil fífldirfska að mælast til þess hér, að honum og þeim, sem eru slíks sinnis gagnvart nýbreytni, sé falið að annast þetta, — manni, sem lýsir yfir því oft, að hann viti ekki hvort nýtízku togari beri sig, manni, sem hefir helzt ekki annað viljað sjá en saltfiskmarkað á Spáni. Ég er ekki í vafa um, að við munum geta selt verulegt af saltfiski til Spánar þegar ástandið batnar í heiminum, og aukið okkar útflutning. En það er engin ástæða til að auka hann mikið á næstunni frá því, sem verið hefir nú undanfarið, og við munum varla þola að festa 50 þús. tonn í saltfiski án þess að nokkur hætta stafi af.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti! Góðir hlustendur. Þessar eldhúsumræður, sem fara fram hér í kvöld, eru með talsvert öðru sniði heldur en við höfum haft undanfarið, og munu hlustendur hafa veitt því eftirtekt. Það er ekki nema gott um það að segja, að notað sé minna af stórum orðum en stundum hafa verið notuð við útvarpsumræður, þó að hlustendum kunni að þykja þær með daufara móti. En ég hefði þó kosið, að útvarpsumræðurnar hefðu — fyrst þær tóku á sig þetta snið — farið fram með öðrum hætti heldur en þær hafa gert af hálfu andstæðinganna. Ég held það sé æskilegt, að í slíkum umr. komi greinilegar fram stefnur flokka. Það er ekki hægt að segja, að stefnur andstöðuflokkanna hafi á neinn hátt verið markaðar með þessum útvarpsumræðum í kvöld. Þær hafa verið fremur lausleg ádeila, án þess að hafi verið reynt að gera hlustendum ljóst, hvaða leiðir þessir flokkar vildu fara til þess að stýra gegnum þau vandræði, sem nú steðja að þjóðinni og hafa steðjað undanfarin ár. Við þessar umr. höfum við haft sömu vinnuaðferð eins og hingað til, að hver ráðherra hefir svarað fyrir þá stjórnardeild, sem hann sérstaklega ræður yfir, atvmrh. fyrir sjávarútveginn og fjmrh. fyrir framkvæmdir í fjármálum. Og vegna þess að talsvert meira var deilt um fjármálin nú, en minna um landbúnaðarmálin heldur en verið hefir, þá hefi ég stuttan tíma til umráða og þarf líka á

stuttum tíma að halda. Því að ég býst við, að hv. hlustendur hafi veitt því athygli, að viðvíkjandi framkvæmdum í þeirri stjórnardeild, sem ég hefi yfir að ráða, hafa ekki komið fram verulegar ádeilur. Að vísu er ekki nýtt, að ekki komi fram ádeilur viðvíkjandi réttarfarsmálum, því að þær munu aldrei hafa komið fram við útvarpsumræður síðan núv. stjórn tók við völdum. En það er nýtt, að ekki komi fram við útvarpsumræður ádeilur á þau mál, sem ég sérstaklega hefi til umráða fyrir landbúnaðinn, hin stóru skipulagsm., afurðasölumálin, ásamt jarðræktarlögunum nýju og ýmsum fleiri framkvæmdum, sem miklar deilur hafa staðið um undanfarin ár. Og þetta er vegna þess, að mönnum mun vera orðið það fullkomlega ljóst í þessu landi, að þessi skipulagsmál hafa, eftir því sem tíminn hefir liðið, unnið meiri og meiri vinsældir. Það er orðið ljóst hverjum manni í landinu, að lögin eru nauðsynleg og hafa orðið til gagnsemi. Því eru ádeilurnar út af þeim að hverfa. Og þetta er ekki nema gott.

Þess hefir mjög gætt í þessum útvarpsumræðum, að deilt hafi verið á jafnaðarmenn og þá samninga, sem þeir hafa gert við Framsfl. um stjórnarsamvinnu. Þetta er af svipuðum toga spunnið og ádeilurnar gegn Framsfl. á seinasta stjórnartímabili. En ég lít þannig á, að samvinnan milli flokkanna sé eins og hún eigi að vera og byggist á svipuðum grundvelli og seinast. En ég hygg hinsvegar, að þessar ádeilur eigi sínar eðlilegu orsakir, eins og flest annað, nefnilega bæjarstjórnarkosningarnar, sem eiga að fara fram í janúarmánuði. En það er vitað, að þær kosningar verða sóttar af miklu harðfylgi af hálfu flokkanna, og er kosningaundirróður þegar byrjaður í þessum umræðum.

Þó að það séu fá atriði, sem ég þarf að svara, eru einstök atriði, sem ég vil nota tímann til að leiðrétta. Hv. 1. landsk. deildi talsvert á samvinnufélögin, og af tvennskonar tilefni, sem hann taldi fyrir hendi. Hann gerði það að árásarefni á okkur framsóknarmenn, að við beittum okkur fyrir því, að tekin væri upp í síldarverksmiðjum ríkisins samskonar útborgunaraðferð á andvirði síldar eins og notuð er í samvinnufélögunum, að fyrst er borgaður út nokkur hluti áætlunarverðs, en síðan sannvirði, þegar reynslan hefir leitt í ljós, hvert sannvirðið væri. Og þetta kvað hann — eins og kommúnistar gera í sínu blaði — vera arðrán verkamanna. Eftir því er það arðrán, sem samvinnufélögin nota við útborgun, og er það nýtt að heyra. Hitt er sanni nær, að einmitt þessi aðferð samvinnufélaganna sé sú eina aðferð, sem getur tryggt verkamönnum til fulls að fá það verð fyrir síldina, sem þeir eiga að fá fyrir hana. En það má vera hverjum manni augljóst mál, að það gengur aldrei til lengdar, að verkamenn eða aðrir fái meira fyrir þessa vöru heldur en verksmiðjurnar geta greitt án þess að bíða tap, því að það endar vitanlega ekki nema á einn veg. Í þessum ummælum hv. þm. kom þess vegna fram fullkomin rökblekking. Og hið sama kom fram í ádeilu hans á samvinnufélagsskapinn á Akureyri vegna kaupdeilunnar þar. Ég hygg, að fáir verkamenn í landinu hafi búið við betri kjör en verkamenn í verksmiðju Sambandsins á Akureyri. Meðal annars var reynt að nota þá reglu við greiðslu kaups, að láta verkamenn fá hlutdeild í arði verksmiðjunnar, sem er að mínu áliti stórt spor í framfaraátt. Og þessi kaupdeila endaði líka þannig, að þessu atriði var að miklu leyti haldið, og sú breyting, sem gerð var á launakjörum, var á engan hátt í ósamræmi við það, hvernig Sambandið ætlaði sér að greiða og hafði lýst yfir, að það mundi greiða um þessi áramót. En það er alveg óhætt fyrir hv. 1. landsk. að gera sér það ljóst, að við framsóknarmenn og samvinnumenn munum hvorki af kommúnistiskum verkamönnum eða öðrum þola yfirgang yfir samvinnufélögin í landinu á þann hátt, sem stefnt var til á Akureyri, en þó varð að mestu leyti afstýrt.

Hv. þm. G.-K. minntist aðeins á breytinguna á mjólkurskipulaginu, sem nú er verið að lögleiða á Alþingi, og taldi það mundi verða öllum til ills. Þessi hv. þm. hefir oft spáð svipað þessu fyrir mjólkurskipulaginu, og skal ég ekki orðlengja neitt um þessa spádóma hans, en aðeins gefa hlustendum þær upplýsingar, að skipulagið, sem er verið að innleiða, er samsk. skipulag og bændur í Noregi hafa innleitt hjá sér og hefir staðið nú um þriggja ára skeið og reynzt mjög vel. Ég hefi talið ástæðu til að breyta skipulaginu í svipað horf. Ég þarf ekki að rekja þetta mál, það er svo margrakið við síðustu kosningar og í blöðum. Hann minntist á það jafnframt, að vinnulöggjöf væri frestað. Það er rétt. Og ég tel það alveg tvímælalaust rétt, að reynt sé til hins ýtrasta að ná samkomulagi um þessa löggjöf við verkamenn. Og ég vona það, að þeim auðnist á þeim tíma, sem nú líður milli þinga, að átta sig á því máli, þannig að hægt verði að leysa málið með þeim á næsta þingi. Og ég tel það miklu betur farið, þó að beðið sé með þetta mál 1—2 mánuði, ef hægt væri að leysa málið í samkomulagi við þessa aðilja; því að það hefir alstaðar verið nauðsynlegt að gera. En fari svo, að það auðnist ekki, þá verður vitanlega að reyna að leiða verkamönnum það fyrir sjónir á annan hátt.

Eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Dal., þótti mér vænt um að fá tækifæri til að leiðrétta, og það er eina atriðið, sem ég þarf að svara í hans ræðu. Hann minntist á, að það væri talsvert ólag á mjólkurskipulaginu hér í Reykjavík, og taldi sterkar sannanir fyrir slíku, að ekki fengist smjör keypt í Reykjavík; það væri framleitt svo mikið af ostum. Ég vil álíta, að þessar upplýsingar, ef á að kalla þetta því nafni, séu komnar fram af því, að hann þekkir ekki inn á þetta mál, en ekki af því, að það sé gefið mót betri vitund. Fyrst og fremst ætti hann að vita það, svo oft sem hann er búinn að deila um þetta skipulag, að smjörsalan heyrir ekki undir mjólkurskipulagið, og alls ekki undir löggjöfina, sem ég sem landbúnaðarráðh. hefi sett um þessi mál. En ég vil gefa nánari upplýsingar, og þær eru þannig: Eins og allir vita, voru miklir óþurrkar á Suðurlandi s. l. sumar, og hafði það sín áhrif á mjólkurframleiðsluna. Þar sem hey verkuðust illa, varð að farga gripum í stórum stíl, og fóðrið í vetur er lélegt. En að smjörekla

stafi af framleiðslu osta, eins og hv. þm. sagði, er algerlega ósatt. Í mánuðunum sept.—nóv. í fyrra var ostaframleiðsla í mjólkurbúunum af verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar 12612 kg., en á sama tíma í ár 639½ kg. Og það var hætt að framleiða osta í byrjun sept. Smjörframleiðslan var á sama tíma í fyrra 17182½ kg., en í ár 8531½ kg. Þó að ostaframleiðslan hafi verið algerlega felld niður, þá er þessi geysilegi munur á mjólkurframleiðslunni, sem stafar af þessum ástæðum, sem öllum landsmönnum eru kunnar. En það er álíka mikil sanngirni í því að kenna skipulaginu um þetta atriði, sem það heyrir ekki undir, eins og það að kenna sjómönnum um það, að fiskaðist ekki s. l. ár.

Það eru svo ekki fleiri atriði, sem þarf að svara í þessum umræðum. En ég mun sennilega, þegar þessar útvarpsumræður halda áfram á morgun, ræða nokkuð um viðhorf stjórnmálanna almennt, eins og það kemur mér fyrir sjónir, og ræða um aðstöðu flokkanna, eftir því sem þeir hafa komið fram hér á Alþingi og við þessar umræður. Ég læt svo máli mínu lokið og þakka hlustendum, og býð þeim, sem ennþá hlusta á mál mitt, góðar nætur.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 18. des., var umr. fram haldið.

Finnur Jónsson: Herra forseti! Góðir hlustendur! Í útvarpsumræðunum hér í gær taldi hv. þm. G.-K., Ó. Th., þetta þing, sem nú situr, hafa aðeins tvennt vel gert. Hið fyrra að samþ. lög um að létta undir með bændum vegna þess tjóns, er þeir hafa orðið fyrir af fjárpestinni, og hið síðara að setja ný lög um síldarverksm. ríkisins, er miðuðu að því að afnema mitt einræði, sem hann svo nefndi, yfir þeim. Um þessa pestarhjálpina eru allir þm. sammála, og þurfa þau ummæli engra skýringa við. Um einræði mitt, sem hv. þm. svo nefndi, yfir ríkisverksmiðjunum vil ég hinsvegar fara nokkrum orðum og jafnframt leiða rök að því, hvers vegna hv. þm. G.-K. telur það skaða á borð við fjárpestina, að ég skuli vera formaður í stjórn ríkisverksmiðjanna.

Undanfarin tvö ár höfum við setið þrír í stjórn verksmiðjanna, Þorsteinn M. Jónsson bókaútgefandi á Akureyri, Þórarinn Egilsson útgerðarmaður úr Hafnarfirði og ég. Vald formanns stjórnarinnar er í engu meira en hinna annara stjórnenda. Ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar á stjórnarfundum, og hefir hver stjórnarmaður eitt atkvæði. Báðir meðstjórnendur mínir eru þjóðkunnir fésýslumenn, og er því ekki um neitt einræði að tala frá minni hálfu í stjórn verksmiðjanna, nema því aðeins, að hv. þm. vilji halda því fram, að ég hafi hnýtt þeim aftan í mig, á sama hátt og honum illu heilli fyrir Sjálfstfl. og þjóðina í heild hefir verið hnýtt aftan í þann flokk. Ég mótmæli þeim ásökunum í garð meðstjórnenda minna í verksmiðjunum sem alröngum, að þeir séu atkvæðaþý eða óþarfir taglhnýtingar á borð við hv. þm. G.-K.

Þá vil ég einnig mótmæla þeim alröngu ummælum hv. þm. G.-K. að núv. verksmiðjustjórn hafi unnið síldarverksmiðjum ríkisins tjón eða viðskiptamönnum eitthvað svipað og fjárpestin bændum. Þessi ásökun er ekkert annað en órökstudd og ósönn fullyrðing, og hreinasta ófugmæli þó.

Einmitt þau tvö ár, sem núv. verksmiðjustjórn hefir setið að völdum, hefir það tvennt farið saman, að viðskiptamönnum verksmiðjanna hefir bæði árin verið greitt hærra verð fyrir bræðslusíld en nokkurn tíma áður síðan verksmiðjurnar tóku til starfa, 1936 kr. 5,50, 1937 kr. 8,00 fyrir málið, og jafnframt hefir hagur verksmiðjanna sjálfra bæði þessi ár batnað stórkostlega.

Þegar við tókum við verksmiðjunum í byrjun rekstrartímans 1935, var fyrningarsjóður verksmiðjanna og afborganir frá byrjun um ½ millj. króna. Í árslok 1936 voru eignir þessar ásamt varasjóði og tekjuafgangi rúm 1100 þús. og nú í árslok um 1½ millj. króna.

Sjóðseignir, afborganir og varasjóðir hafa þannig þrefaldazt á þessum tveim árum.

Þetta tvennt: að borga sjómönnum og útgerðarmönnum hærra verð en nokkru sinni áður fyrir bræðslusíld og þrefalda eignir ríkisverksmiðjanna, er þest í augum hv. þm. G.-K.

Háttv. hlustendum kunna að hljóma þessi ummæli undarlega í eyrum, en ég er ekkert hissa á þeim, því hv. þm. G.-K. hefir aðeins eitt sjónarmið í öllu sínu pólitíska brölti, sem sé hagsmuni h.f. Kveldúlfs. Á árinu 1936 heimtaði þm. G.-K. allt að átta króna verð fyrir bræðslusíld og stofnaði til síldarverkfalls til þess að reyna að koma af stað „stórum atburðum“, eins og hann boðaði sí og æ. Gerði hv. þm. G.-K. kröfu til, að verksmiðjurnar greiddu svo ógætilegt verð fyrir síldina, að þær færu á höfuðið. Þá var það þest í hans augum, að standa á móti þessu, eins og við gerðum í verksmiðjustjórninni. Þá var Kveldúlfur enginn kaupandi að bræðslusíld, heldur seljandi að henni. Þá voru það hagsmunir þessa skulduga félags, sem síldarseljanda, að hafa síldarverðið ógætilegt.

Nú í ár er þessu snúið gersamlega við. Nú er Kveldúlfur orðinn stór bræðslusíldarkaupandi, og nú er það orðin þest í augum hv. þm. G.-K. hvað síldarverðið var ákveðið hátt í sumar.

Ég hefi heyrt þá menn, sem ekkert vit hafa á þessum málum, segja, að bræðslusíldarverðið hafi verið ákveðið ógætilega hátt í sumar. Þetta hefir ekki við nein rök að styðjast. Verðið var ákveðið nákvæmlega eftir sömu reglum eða jafnvel varlegar en á árinu 1936. Því til sönnunar má nefna, að síldarverksmiðjur ríkisins höfðu selt fyrirfram fyrir árið 1937 5775 tonn af lýsi á 21 stpd. pr. tonn, en aðeins um 3000 tonn á árinu 1936 fyrir 17,10,0 stpd. Mjölverðið var lengi framan af árinu 1936 8 stpd. tonnið og fór aldrei hærra en í 9 stpd., en á árinu 1937 11,2,6 stpd. Ef hv. þm. hefði verið samkvæmur því, sem hann var á árinu 1936, hefði hann átt að stofna til nýs síldarverkfalls á árinu 1937 og heimta bræðslusíldina a. m. k. upp í 10—12 kr., því hafi síldarverðið verið ákveðið óhæfilega lágt 1936, þá var það líka ákveðið óhæfilega lágt 1937. En hv. þm. G.-K. þagði, og hann gerði raunar

meira en þegja við verðinu 1937. Hann leggur það beinlínis á borð við fjárpestina, hve verðið var skaðlega hátt að hans dómi.

Og fyrir hans fyrirtæki getur það að vissu leyti haft sömu afleiðingar eins og fjárpestin fyrir bændur. En það er engum að kenna nema stjórnendum þessa fyrirtækis sjálfum. Allar aðrar verksmiðjur notuðu sér háa verðið á síldarlýsinu og seldu lýsi fyrirfram, meðan verðið var hátt. Kveldúlfur einn taldi sig hafa ráð á að spekúlera með alla framleiðslu sína.

Hv. þm. mun sennilega segja, að þetta sé þeim vondu Alþýðuflokksmönnum að kenna, sem ekki vildu veita félaginu verksmiðjuleyfi á Hjalteyri. En þetta er haldlaus afsökun. Allar sölur á síldarlýsi fyrirfram eru gerðar með þeim fyrirvara, að lýsið verði framleitt. Framleiði seljandi ekki lýsi, fellur samningurinn úr gildi án nokkurra skaðabóta frá hendi seljanda. — Hvað sem Hjalteyrarverksmiðjunni leið, átti Kveldúlfur verksmiðju á Hesteyri, en seldi þaðan heldur ekkert síldarlýsi, meðan verðið var bezt. Þetta er full sönnun þess, að stjórnendur fyrirtækisins spiluðu fjárhættuspil eins og svo oft áður.

Þeir þurfa ekki að óttast tapið; þeir eru að spila með fé allrar þjóðarinnar. Þeir eiga enn óselt tiltölulega mest allra af síldarlýsi sínu. Verðið hefir farið stöðugt lækkandi, og það svo mjög, að fullt útlit er fyrir, að ekkert geti bjargað þessu stóra skulduga fyrirtæki frá tapi nema enn víðtækari styrjöld en nú geisar, eða einhverjir óvæntir stórir viðburðir, eins og hv. þm. G.-K. myndi orða það. Í stað þess, að hv. þm. G.-K. vildi spenna síldarverðið upp úr öllu valdi 1936, er hann nú farinn að hafa áhyggjur út af því, hvað síldarverðið var hátt 1937, og er það að vonum, því ætlunin hefir verið að láta síldina borga stóru skuldirnar, en ekki auka við þær. Þess vegna hefir hann nú svarizt í fóstbræðralag við hv. þm. S.-Þ., Jónas Jónsson, sem vill ekki greiða sjómönnum og útgerðarmönnum nema 85% af verði bræðslusíldarinnar við móttöku, um sérstakt frumv. til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Frumv. þetta miðar að því að veikja stjórn ríkisverksmiðjanna með því að gera hana svo ósamstæða, að þar verði sífelldur ófriður og vandræði, eins og var á árinu 1935 og framan af árinu 1936. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að ríkissjóður beri framvegis ekki ábyrgð á rekstrarfjárlánum verksmiðjanna. Þetta veikir verksmiðjurnar mjög, og í sambandi við hótanir þær, sem hv. þm. S.-Þ. hefir haft í frammi hér á Alþingi um að láta bankaráð Landsbankans — það er hann og hv. þm. G.-K. — ákveða verð á bræðslusíld, er vert að benda á, að þetta ákvæði mun eiga að nota til þess að gera það að skilyrði fyrir rekstrarfé ríkisverksmiðjanna, að ekki sé greitt nema 85% út á bræðslusíld við móttöku. Þetta myndi geta gefið ráðamönnum Kveldúlfs tækifæri til ógætilegra og óhæfilegra spekulationa með síldarafurðirnar í framtíðinni, eins og þeir hafa gert á þessu ári, en sjómenn og útgerðarmenn bæru af þeim áhættuna.

Ég nota tækifærið til þess að aðvara ykkur, hlustendur, sérstaklega sjómenn og útgerðarmenn, við þeirri hættu, sem ykkur er af þessu búin. Þið eigið heimtingu á réttu verði, fullri greiðslu fyrir bræðslusíldina. En þið verðið að leita allra bragða til að koma í veg fyrir að þið verðið misrétti beittir í því efni.

Þið, megið af þessu sjá, hvað hv. þm. G.K. meinar með stöðugu bónorði sínu til Framsfl., og þá sérstaklega til hv. þm. S.-Þ. Hann gerir gælur við þennan gamla fjandmann sinn. En það er ekki með neinni sanngirni hægt að ætlast til, að þið borgið skuldir Kveldúlfs af bræðslusíldarverði ykkar. Ég veit, að ykkur er þetta ljóst, og ég veit, að þið eruð menn til að verja hagsmuni ykkar gegn óhæfilegri kúgun og rangsleitni, ef með þarf.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Herra forseti! Góðir hlustendur!

Blær þessara eldhúsumr. hefir, eins og ég benti á í gær, verið með nokkuð öðrum hætti nú en áður. Það er sameiginlegt einkenni á ræðum hv. þm., sem eru í stjórnarandstöðu, að þeir telja sig vera fúsa til samvinnu til að ráða fram úr erfiðleikunum. E. t. v. eru það erfiðleikar tímanna, sem þokað hafa hv. þm. inn á þessa hugsun, og það, að þeir finna, að landsmenn yfirleitt eru þeirrar skoðunar, að samvinnan ætti að vera meiri en hún hefir verið hingað til. Ég býst einnig við, að hv. stjórnarandstæðingum sé það ljóst orðið, að ekki sé auðvelt að reka hér stjórnmálastefnu, sem í aðalatriðum sé öðruvísi en sú, sem framfylgt hefir verið hin síðari ár af núv. stjórnarflokkum. Að vísu reyndu stjórnarandstæðingar að benda á galla á stefnu núv. ríkisstj., en þær ásakanir, sem þeir báru fram, voru mjög veigalitlar, og þær aðfinnslur, sem fram komu, áttu yfirleitt litla stoð í veruleikanum, eins og ég mun nú sýna fram á með nokkrum orðum. En það, sem hlaut að vekja alveg sérstaka athygli, var það, að **enginn af hv. stjórnarandstæðingum reyndi að marka fyrir sinn flokk þá stefnu, sem hann vildi fylgja til lausnar núverandi erfiðleikum.**

Eitt af því, sem hv. þm. G.-K. (ÓTh) lagði áherzlu á, var það, að lýðræði og þingræði landsins væri misboðið með samvinnu stjórnarflokkanna, vegna þess að þeir hefðu í vor gengið til kosninganna í fullkominni andstöðu. Þessi rök fá ekki staðizt, því að stefna núv. stj. er mörkuð í fullu samræmi við þann vilja, sem kom fram í síðustu kosningum frá kjósendum í landinu. Og eftir þessari kenningu hv. þm. myndi í framtíðinni verða mjög erfitt að mynda stjórn á Alþ., þar sem engar líkur eru til þess, að nokkur einn fl. nái fullkomnum meiri hl. þar í nánustu framtíð. Það eru allar líkur til þess, að þeir fl., sem nú eiga þar fulltrúa, gangi á sínum tíma til kosninga í fullkominni andstöðu hverjir við aðra. Og samkv. kenningu hv. þm. G.-K. ætti þeim því að vera óheimilt að hefja stjórnarsamvinnu, þótt málefnislegt samkomulag næðist, nema með því að ganga til kosninga á ný um málefnasamninginn! Þetta er vitanlega firra, sem ekki er farið eftir í nokkru lýðræðislandi, þótt þingræði sé þar í hávegum haft. En það er annað, sem ég tel, að sé hættulegt fyrir þingræðið og lýðfrelsið í landinu, **og það er málflutningur sá, sem nú tíðkast frammi fyrir alþjóð.** Menn reyna

að gylla sinn málstað, en þegar betur er að gáð, er þetta, sem fram er borið, aðeins skrumauglýsingar. Til þess að finna þessum orðum mínum stað, vil ég fyrst og fremst benda á málflutning kommúnistanna. Þeir segjast vilja þjóðfylkingu — ef stjórnin vilji fara að sínum ráðum. Og ráðin, sem þeir benda á, eru að taka um 1 millj. kr. með ýmsum beinum sköttum. Fyrst og fremst er nú þessi eina millj. kr., þótt fáanleg væri á þennan hátt, með engu móti fullnægjandi fyrir ríkissjóð, því að tekjuaukaþörf hans er um 3 millj. kr., miðað við þær lágmarksráðstafanir, sem Alþ. hefir orðið sammála um, að gera þyrfti vegna fjárpestarinnar og sjávarútvegsins. En jafnframt er öllum ljóst, að þessi 1 millj. kr. er ófáanleg með þeim aðferðum, sem kommúnistar hafa bent á. Þeir benda á hækkun tekjuskattsins, og þó er þessi skattur orðinn hærri hér á landi en í landi, þar sem kommúnistar sjálfir styðja og bera *ábyrgð á ríkisstjórn, nefnilega í Frakklandi.* Þar hefir tollaleiðin verið farin. Kommúnistar benda á skatt af óbyggðum lóðum og segja, að framsóknarmenn hafi verið fylgjandi þessum skatti áður. Nú vita kommúnistar hinsvegar, að allt öðruvísi stendur á nú en fyrir nokkrum árum í þessu efni. Lóðaverð stendur í stað, eða fer jafnvel heldur lækkandi, og þess vegna leggur enginn óvitlaus maður fé sitt í slíka hluti með gróða fyrir augum. Kommúnistar benda á stóríbúðaskattinn, sem einnig var nauðsynlegur fyrir nokkrum árum, meðan menn voru of bjartsýnir og byggðu of stórt. Nú hefir reynslan kennt mönnum að hætta slíku. Og þar sem ýmsir eigendur stærstu húsanna eru farnir að leigja þau út af því að tímarnir knýja þá til þess, þá er stórum minni ástæða nú en fyrir nokkrum árum til þess að leggja á þennan skatt, enda er um sáralítið fé að ræða, sem hann gefur af sér. Þeir benda á að ákveða hámarkslaun hjá starfsmönnum ríkisins, sem við höfum verið fylgjandi. Þeir vita það þó, kommúnistarnir, að með hækkun tekjuskattsins er tekinn kúfurinn af launum hátekjumannanna, ekki einungis þeirra, sem eru starfsm. ríkisins, heldur og þeirra, sem atvinnu hafa hjá einkafyrirtækjum, og þannig er náð til fleiri en til næðist með l. um hámarkslaun embættismanna og starfsmanna ríkisins. Þannig er það auðsætt, að ábendingar kommúnistanna eru ekki gerðar til þess að efla og viðhalda stjórnarsamvinnu vinstri flokkanna á grundvelli raunveruleikans, heldur þvert á móti eru þær skrumauglýsingar, gerðar til þess að reyna að afla sjálfum sér fylgis. Þær eru af sama toga spunnar, þessar aðfinnslur, og tillögur þeirra um óframkvæmanlega framfærslu fyrir bændur á fjárpestarsvæðunum og um gefins fóðurbæti til bænda á óþurrkasvæðunum. Þetta eru samskonar till. og í sama tilgangi fram bornar og till. þær, sem Bændafl. hefir verið aðalhöfundur að hér á Alþ. til þessa.

Sama eðlis eru og ádeilur kommfl. á hendur Framsfl. fyrir það, að við viljum taka upp samvinnufyrirkomulag í útborgunum við síldarverksmiðjur ríkisins, sömu aðferð og bændur nota í sínum samvinnufélögum, aðferð, sem tryggir sjómönnum sannvirði fyrir síldina. Hér er verið að reyna að smeygja inn tortryggni og óánægju, þótt kommúnistar viti það eins vel og við, að verksmiðjurnar geta ekki greitt meira en sannvirði fyrir síldina; því að hvaðan ætti þeim að koma mismunurinn, ef meira væri greitt?

Aðferð kommúnistanna í Akureyrardeilunni sýndi það líka vel, að þeim lék meiri hugur á að rjúfa stjórnarsamvinnuna heldur en að efla hana, og sama sýnir undirróður þeirra og andstaða gegn vinnulöggjöfinni, sem þeir vita, að er óhjákvæmilegt að setja til þess að tryggja vinnufriðinn og koma í veg fyrir hrun atvinnulífsins, sem orsaka mundi tjón og eyðileggingu fyrir alla jafnt, og ekki síst verkamennina, ef ekki er komið í veg fyrir það. Þessa löggjöf vita þeir, að Framsfl. sem ábyrgur stjórnmálafl. hlýtur að leggja mikla áherzlu á, að verði samþ. Það er ekki verið að skýra frá því jafnframt þessari andstöðu gegn vinnulöggjöfinni af hálfu kommúnista, að Rússland hefir sína vinnulöggjöf, „akkords"-vinnu og sterkari lögreglu og her en flest ríki í Evrópu. Þessi vinnuaðferð kommúnistanna, sem þeir hafa alstaðar tekið upp til að afla sér fylgis, að bjóða vinstri flokkunum samvinnu í orði, getum við framsóknarmenn ekki tekið alvarlega, meðan þeir bæði hér á Alþ. og utan þings breyta gegn þessu skrafi sínu. Ef kommúnistar hafa í einstökum kjördæmum stutt frambjóðendur Framsfl. við kosningarnar s. l. sumar, þá hafa þeir gert það af ótta við breiðfylkinguna og afleiðingarnar af valdatöku hennar, og er þeim sá stuðningur fulllaunaður með því að koma í veg fyrir þessar afleiðingar. Enda hefir Framsfl. ávallt lýst yfir því, að hann myndi ekkert tillit taka til vilja kommúnista, meðan þeir ekki í verkum sínum kæmu svo fram sem hæfði ábyrgum stjórnmálafl. En þannig hefir hann ekki komið fram hingað til, þrátt fyrir sín fögru orð.

Sama máli gegnir að ýmsu leyti um Sjálfstfl. og Bændafl. Sjálfstfl. vill taka 4 millj. kr. úr ríkissjóði með tilflutningi tolla og auknum útgjöldum úr ríkissjóði og auka á þann hátt hallann á fjárl. um þessar 4 millj. kr. Þessar ráðstafanir segist sá flokkur vilja gera til þess að styðja sjávarútveginn. Þetta er sagt fyrir sjávarútvegsmennina. Hinsvegar segjast þeir ekki vilja hækka skatta og tolla, og deila harðlega á ríkisstj. fyrir hinar þungu álögur á þjóðina. Þetta er sagt fyrir skattgreiðendurna.

Þegar stjórnin fer milliveg og greiðir um hálfa millj. kr. til sjávarútvegsins og annað eins til hjálpar landbúnaðinum vegna fjárpestarinnar, og hækkar tolla og skatta til þess að vega upp þessar greiðslur ásamt fyrirsjáanlegum tekjuhalla, sem fyrir var á fjárl., þá er ráðizt á ríkisstj. fyrir tvennt: Annarsvegar fyrir það, að hún geri ekkert fyrir sjávarútveginn, og hinsvegar fyrir það, að hún leggi drápsklyfjar tolla og skatta á þjóðina. Það er talað um, að færa þurfi niður útgjöld fjárl. En í hv. fjvn. benda stjórnarandstæðingar ekki á neinar leiðir til þessa. Hér er sama ábyrgðarleysið og tvöfeldnin og gætir svo mjög hjá kommúnistum.

Fyrir ríkisstj. eru og lagðir reikningar og áætlanir, þar sem gert er ráð fyrir, að 110 þús. kr. tap muni verða á rekstri hvers togara yfir

vetrarvertíðina á næsta ári, miðað við afkomu hinna tveggja lélegu undanfarinna ára á vetrarvertíðinni. Og svo er farið fram á að afnema toll, sem myndi í hæsta lagi geta létt um 3—4 þús. kr. gjöldum af útgerðinni. Síðan er sagt við sjómennina, að vegna þess, að ríkisstj. hafi ekki viljað létta þessum 3—4 þús. kr. gjöldum af útgerðinni, þá sé ekki mögulegt annað en að kaupgjaldið hljóti að hækka, sem útgerðin þarf að greiða. Sömu aðferðinni er beitt, þegar útgerðarmenn gera kröfur til þess að fá umráð yfir gjaldeyrinum, sem fæst fyrir þeirra framleiðsluvörur, til frjálsra afnota til þess að selja hann fyrir það verð, sem þeim kynni að bjóðast, og lækka þannig gengi krónunnar ófyrirsjáanlega. Hér á Alþ. og í áheyrn alþjóðar segir hv. þm. G.-K., að hann vilji verða við þessari kröfu útgerðarmanna, að þeir fái umráð yfir sínum eigin gjaldeyri, og þá skilja sennilega flestir útgerðarmenn þessi ummæli hans svo, að hann vilji í raun og veru verða við kröfum þeirra og óskum. En þegar þessi hv. þm. er spurður að því uppi í stjórnarráði, hvort hann vilji horfast í augu við afleiðingar þeirra framkvæmda, sem gera þyrfti til að þóknast útgerðarmönnum í þessu, þá vill hann láta útgerðarmenn fá umráð yfir gjaldeyri sínum til kaupa á nauðsynjum til útgerðarinnar, sem er allt annað en það, sem þeir í aðalatriðum óska eftir að fá, og sem tekið hefir verið vel í að athuga. En ástæðan til þessa er sú, að útgerðarmenn ýmsir vilja gengislækkun; peningamennirnir vilja hana hinsvegar ekki.

Svipuð afstaða kemur fram hjá Sjálfstfl. hvað snertir útborgun síldarverksmiðjanna. Þeir vilja láta sjómennina vinna upp á hlutaskipti nú við þorskveiðarnar, þótt þeir væru því mótfallnir meðan vel áraði og gróðinn var mikill af þeirri útgerð. En viðvíkjandi síldarverksmiðjunum telur Sjálfstfl. sig ekki geta fallizt á þetta, því að þar eiga útgerðarmenn í hlut.

Það er stöðugt talað í blöðum Sjálfstfl. um dýrtíðina, sem ríkisstj. leiði yfir landið. Þetta er sagt við neytendurna. En svo er stjórnin látlaust skömmuð fyrir innflutning þann, sem hún hefir veitt kaupfélaginu hér í bænum, sem allir vita þó, að hefir gert stórkostlega mikið í þá átt að halda niðri og lækka vöruverðlagið í bænum. Þetta er sagt, þ. e. a. s. stjórnin er skömmuð fyrir þetta, vegna kaupmannastéttarinnar.

Það mætti nefna mörg fleiri dæmi þess, að Sjálfstfl. á enn langt í land til þess að reka ábyrga stjórnmálastefnu, þar sem samræmi er milli athafna og orða, þar sem tekið er á staðreyndunum og reynt að leysa málin með tilliti til staðreyndanna, þótt komið sé við hagsmuni einstakra manna. Það er mjög langt bil á milli ábyrgrar stjórnmálastefnu og þeirrar, að telja sjómönnum trú um, að hægt sé að hjálpa þeim með milljónum króna og segja skattgreiðendum jafnframt, að þeir þurfi ekki að greiða hærri skatta eða tolla.

Flokkar þeir, sem ekki reka ábyrga stjórnmálastefnu, reyna stöðugt að tala tveim tungum og haga máli sínu eftir því, við hvern talað er í það skiptið. Gott dæmi um þetta er Sjálfstfl. Hann hefir áður rekið ábyrga stjórnmálastefnu. En það er orðið langt gengið frá slíkri stefnu, er flokkurinn telur sjómönnum nú trú um, að hægt sé að ráðstafa fjórum millj. króna til eflingar sjávarútveginum og jafnframt lækka alla tolla og skatta. Með slíkum flokki getur Framsfl. ekki unnið nema hann breyti um stefnu. Aðalástæðan til þess, að Framsfl. rauf stjórnarsamvinnu við Alþfl. var sú, að okkur þótti þess gæta um of, að Alþfl. tæki upp þær ábyrgðarlausu baráttuaðferðir, sem nú eru mest notaðar af Sjálfstfl. og Kommúnistafl. Með flokkum, sem beita slíkum bardagaaðferðum, getur Framsfl. ekki unnið. Jafnaðarmenn hafa á þessu þingi tekið á sig ábyrgð á þeim tollum og sköttum, sem óumflýjanlega hefir orðið að leggja á vegna ráðstafana Alþingis, sem allir flokkar eru sammála um, að eigi að gera. Bæði Sjálfstfl. og Kommfl. ætla sér að reyta fylgi af jafnaðarmönnum fyrir þessa afstöðu þeirra, fyrir það, að hafa sýnt ábyrgðartilfinningu í þingstarfinu. Framsfl. er óhræddur við slíkar tilraunir. Allir vita, að það verður að gera ráðstafanir til að hjálpa sjávarútveginum og bændum þeim, sem orðið hafa fyrir mestu tjóni af völdum fjárpestarinnar. Til þess að það væri hægt, hafa stjórnmálaflokkarnir orðið að leggja á skatta og tolla, og þeir hafa sagt þjóðinni frá því. Ég fyrir mitt leyti geri það óhræddur. Framsfl. hefir alltaf tekizt að gera kjósendum sínum ljóst nauðsynina á því, að flokkurinn ræki ábyrga stjórnmálastefnu, og hann gerir kröfu til þeirra flokka, er með honum vinna, að þeir geri það einnig. Vinnuaðferðir Framsfl. eru öllum kunnar.

Hann hefir veitt viðnám flutningi fólksins til sjávarsíðunnar, svo að sveitirnar skuli ekki leggjast í auðn. Hann hefir stöðugt fylgt þeirri viðreisnaraðferð, að það eigi að hjálpa mönnum til að hjálpa sér sjálfum. Hann hefir stuðlað að stofnun rjómabúa, en þau hafa sjálf orðið að bera hita og þunga rekstrarins. Sama stefnan liggur til grundvallar hinni stórkostlegu skipulagningu á afurðasölumálum bænda, sem flokkurinn hefir komið á. Það er marg enn ógert fyrir bændurna, og þar er verið að halda áfram á sömu braut og hingað til, byggðar nýjar mjólkurstöðvar, mjólkurskipulagið endurbætt, verðjöfnunarsjóðurinn aukinn, byrjað að blanda þurrmjólk í brauð, endurbætt skipulag grænmetisframleiðslunnar. Í vor verður settur á stofn garðyrkjuskóli, sem mun hafa mikil áhrif þegar á næstu árum. Það má ekki ganga svo lengur, að hverahitinn sé að mestu ónotaður. Það er fullvíst, að viðreisnarstarfsemi sveitanna og landbúnaðarins verður haldið áfram á sama grundvelli og árin að undanförnu. Og þar eins og annarsstaðar miðast starf Framsfl. við það, að auka verklegu þekkinguna, hjálpa þegnunum til sjálfshjálpar, og það þarf engum að koma á óvart, þó að við Framsóknarmenn bendum á sömu leiðirnar til viðreisnar við sjávarsíðuna. Framsfl. hefir varað við stórútgerðinni, stórgróðafikninni.

Meðan allt lék í lyndi, vildu stórútgerðarmennirnir kaupa vinnuna og græða. Framsóknarmenn hafa frá byrjun bent á hlutaskipti og samvinnuútgerð sem leiðirnar til heilbrigðrar útgerðar. Og nú eru útgerðarmenn orðnir fylgjandi hlutaskiptum, af því að gróðahlutföllin hafa snúizt

við. En þetta fyrirkomulag á ekki bara að gilda á erfiðleikatímum, heldur einnig þegar batnar í ári. Sjómenn eiga að fá sannvirði fyrir vinnu sína. Til lengdar geta þeir ekki heldur fengið annað. Framsfl. er reiðubúinn til að rétta útgerðinni hjálparhönd, en engan þarf að undra, þó að hann setji þau skilyrði, að þar verði teknar upp þær vinnuaðferðir, sem bezt hafa reynzt bændum.

Þau orð hafa verið látin falla, er bent gætu til þess, að fleiri flokkar en núv. stjórnarflokkar vildu styðja viðreisnarviðleitni stjórnarinnar. Ég vildi óska, að sá stuðningur kæmi meira fram á borði en í orði. Til þess að slík samvinna gæti tekizt, verður að vera samræmi í orðum og gerðum, og það ólíkt meira en gætt hefir hjá andstöðuflokkum stj. á þessu þingi. En eins og sýnt hefir verið fram á, er skraf Kommfl., Sjálfstfl. og Bændafl. einungis í skrumtilgangi og á sér enga stoð í veruleikanum. Tal kommúnista um stuðning við stj. er eingöngu gert í þeim tilgangi að afla sér kjörfylgis. Ég legg ekki mikið upp úr tali Sjálfstfl., þó að það væri óneitanlega ánægjulegt, ef sjálfstæðismenn væru loksins farnir að átta sig á því, að stefna Framsfl. er sú eina stjórnmálastefna, sem hægt er að reka í landinu á yfirstandandi tímum.

*Ísleifur Högnason: Herra forseti, góðir hlustendur!

Því hefir verið lýst hér á Alþingi, hvernig hag sjávarútvegsins er nú komið, og þær áætlanir, sem útgerðarmenn hafa samið um væntanlega afkomu togara og mótorbáta árið 1938, gefa ekki glæsilegar vonir um framtíð þessa þýðingarmikla atvinnurekstrar.

Þessar áætlanir ber þó að taka með varfærni. Það má búast við, að framundan séu og það innan skamms, deilur um launakjör sjómanna, og er þá jafnan venja útgerðarmanna að uppmála ástandið enn skuggalegri litum en ástæður eru til. Til dæmis má geta þess, að árið 1935 nam kolaeyðsla hvers togara tæpum 56 þúsund krónum, en samkv. áætlun þeirri, sem nú liggur fyrir um kolaeyðslu hvers togara að meðaltali, er eyðslan áætluð ca. 100000 krónur. Að vísu hafa kol hækkað nokkuð í verði, en þó ekki svo, að skeiki tæpum helmingi.

Þó að því skuli ekki neitað, að horfurnar um gróðamöguleika togaraútgerðarinnar á komandi ári séu ekki miklar, eru viðhorf sjómanna til komandi árs miklu dapurlegri vegna aukinnar dýrtíðar, sem hlýtur að leiða til aukins skorts meðal sjómanna, ef þeir ekki ná verulegum kjarabótum frá því, sem nú er.

Ég ætla ekki að fara að rekja sögu sjávarútvegsins hér, en á það ætla ég þó að minnast, að allt fram til ársins 1930 hafa togaraeigendur rakað saman gróða, þótt undantekningar megi finna. Þessum gróða hafa þó togaraeigendurnir ekki varið sem skyldi til endurnýjunar skipastólnum, heldur notað gróðann til annars, aukinna lífsþæginda, húsa- og jarðakaupa, o. s. frv. Á þetta eflaust rót sína að rekja til þess, að flestir þessara togaraeigenda hafa mestan áhuga fyrir því að klippa arðmiðana af hlutabréfum sínum, menn sem á blómaskeiði útgerðarinnar hugsuðu einvörðungu um gróðann, en ekki um hina þjóðfélagslegu þýðingu útvegsins.

Um mótorbátaútveginn gegnir öðru máli. Eigendur bátanna vinna flestir sjálfir meira eða minna að útgerð sinni og láta sér miklu meira annt um framtíð útvegsins, enda verður naumast um það deilt, að viðhald og endurnýjun mótorbátaflotans er mun betra en togaranna. Undanfarin tvö aflaleysisár á þorskveiðunum við Vestmannaeyjar og Faxaflóa hafa þó mjög þrengt að smáútvegsmönnum á þessum verstöðvum.

„Stóru þingflokkarnir þrír“ — en svo vilja þeir láta kalla sig, Sjálfstæðis,- Framsóknar- og Alþýðuflokkurinn — hafa allir tjáð þessum aðþrengdu atvinnuvegi hollustu sína. Strax í byrjun þessa þings birtist fyrsta viðreisnartillaga sjálfstæðismanna í frv. þeirra um vinnulöggjöf. Með frv. þessu var stefnt að því að takmarka verkfallsrétt verkalýðsins, og þó að ýmiskonar málskrúði um „jafnrétti“ og „frið“ væri ofið inn í greinargerð frv., var tilgangurinn auðsær: Aukið misrétti á kostnað verkafólks og sjómanna, bætt skilyrði atvinnurekenda til að lækka laun verkalýðsins á sjó og landi.

Annað aðalþjargráð mun eiga að felast í frv. um síldarbræðslur ríkisins, sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn lögðu fram í Ed. — Frv. þetta mun eiga að afgreiða sem lög frá þessu þingi. Enda þótt því sé ekki lýst í greinargerð frv., hver tilgangur þess sé, er það auðsætt, að með lögum á að lækka verð bræðslusíldar til hlutamanna og útvegsmanna, annara en þeirra, sem eru svo lánsamir að eiga sjálfir síldarbræðslur, en það eru Kveldúlfur og Alliance. Þessi tilgangur kom skýrt í ljós í ræðu hv. þm. Barð., er hann varði frv. við 1. umr. í Nd. Hann sagði, að síðastl. sumar hefði hans flokkur ekki viljað ákveða hærra verð en sjö krónur fyrir síldarmálið, en það var átta krónur. Ennfremur sagði hann, að ef frv. yrði að lögum og stjórn síldarverksmiðjanna ákvæði lægra verð en efni stæðu til, myndi það ekki koma til með að verða síldarbræðslum ríkisins hættulegt í samkeppni við aðrar bræðslur, því að þær mundu fara að dæmi ríkisbræðslanna og ákveða sama verð. Það er auðskilið mál, að á þennan hátt eru skapaðir miklir gróðamöguleikar eigi aðeins fyrir síldarbræðslur ríkisins, heldur og fyrir síldarbræðslur Kveldúlfs og Alliance, og skilur maður þá jafnframt áhuga landsbankastjórnarinnar fyrir því að lækka síldarverðið, því að það mundi þýða lækkun á skuldasúpu Kveldúlfs við bankann. Það er eftirtektarvert, að engir sjálfstæðismenn í Nd. hafa lýst skoðun sinni á þessu máli. Þetta er þó ef til vill ofmælt, því að í útvarpsræðu sinni sagði formaður Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., að það væri vel gert, ef þingið samþykkti og afgreiddi frv. þetta, og svipti þar með Finn Jónsson yfirráðum í síldarbræðsluverksmiðjunni. Um málið sjálft talaði hann ekki orð, en lét sér nægja að lýsa yfir ánægju sinni vegna þess að hann gat fengið tækifæri til þess að losna við persónulegan andstæðing sinn úr verksmiðjustjórninni. Til þessarar athugasemdar um eitt umþrátt-

aðasta frv. þingsins varði hv. þm. G.-K. fráleitt meiru en ½ mínútu af ræðutíma sínum. Að mínum dómi eiga sjómenn og útgerðarmenn skilyrðislaust heimtingu á því, að Sjálfstfl. skýri afstöðu sína til þessa máls.

Þess má geta, að inn í frv. þetta er skeytt ákvæði um skyldu verksmiðjanna til að selja bændum fóðurmjöl við kostnaðarverði, og öðru um skattskyldu verksmiðjanna til bæjarins á Siglufirði. Tilgangurinn með þessum innskotum er auðsær. Þau eiga að afsaka afstöðu Framsfl. til frv. En það mega þeir framsóknarmenn vita, að sú afsökun er ekki haldbær, þar eð vitanlegt er, að lagaákvæðum sem þessum er mjög auðvelt að koma í gegnum þingið, óháðum því ránsákvæði, sem meginefni frv. stefnir að, sem er að lækka síldarverðið til allra sjómanna og útvegsmanna á landinu til gróða fyrir Kveldúlf og Alliance.

Hæstv. forsrh. vil ég benda á það, að það væri bjarnargreiði við útgerðina að koma á hlutaskiptum á togurum, ef dæma má eftir því, sem reynslan hefir sýnt um hlut skipstjóra. Premía af afla til skipstjóra veldur því, að skipstjóri hugsar um það eitt að fiska sem mest og verður ósýnna um tilkostnað en annars. Þessi aths. hæstv. forsrh. ber vitni um vanþekkingu á sjávarútvegsmálum, og annað ekki.

Ein aðaltillagan, sem við kommúnistar flytjum hér á Alþ. til viðreisnar sjávarútveginum, felst í brtt. þeirri við fjárlögin, sem útbýtt var í dag. Í tillögu þessari er farið fram á, að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast lán til útgerðarfélaga og bæjarfélaga, 700000 krónur til kaupa á 75—150 smálesta mótorskipum, er séu útbúin til allra algengustu fiskveiðaaðferða. Má ábyrgðin vera fyrir allt að ⅔ hlutum kostnaðarverðs gegn 1. veðrétti í skipunum.

Hugmyndin um, að 75—150 smálesta mótorskip muni bezt henta íslenzkum staðháttum, og miklu betur en þau veiðiskip, sem nú eru fyrir hendi, en það eru togarar og minni mótorbátar, er komin frá sjómönnum, sem við höfum rætt þessi mál við, og byggist á athugunum þessara manna fremur en reynslu. Síldveiðarnar í sumar sýndu þó mjög áþreifanlega yfirburði mótorbáta, og þá sérstaklega hinna stærstu, umfram togarana, sem að meðaltali höfðu eigi í rekstrarhagnað nema röskar 8000 krónur með 15—16000 mála veiði, þar sem mótorbátar með miklu minni afla og hærri kaupgreiðslu til sjómanna skiluðu margfalt hærri rekstrarhagnaði.

Norskir útvegsmenn hafa sett fram heila hagfræðilega kenningu í heilræði, sem hljóðar svo: „Ef þú átt óvin, þá gefðu honum gamalt járnskip“. Sé kenning þessi rétt, sem mér er nær að ætla, má með sanni segja, að togaraflotinn íslenzki, eins og hann er nú, sé orðinn nokkurskonar hefndargjöf á íslenzkum þjóðarbúskap. Vegna stöðugs rekstrarhalla undanfarin sex ár, eftir því sem útvegsmenn herma, hafa útsvör af þessum langstærsta atvinnuvegi þjóðarinnar að kalla má lækkað niður í ekki neitt. Sama máli gegnir um beina skatta í ríkissjóð. Í útvarpsræðu sinni í gærkvöld talaði formaður Sjálfstfl. um hörð átök, sem stæðu fyrir dyrum, og get ég mér þess til, að hann hafi átt við deilurnar um launakjör hásetanna. Hann telur, að mikill rekstrarhalli muni verða á útgerðinni á næsta ári, en vitanlega er það meining hans að nota þær áætlanir, er útgerðarmenn hafa þar um gert, sem yfirvarp til árása á launakjör sjómanna. Ég viðurkenni það, að togaraútgerð er tæpast orðinn mikill gróðavegur, en ein af orsökum ófarnaðar togaraútgerðarinnar eru einmitt gömlu járnskipin, sem nota kol til orkugjafa.

Það kann að vera eitt hið veigamesta atriði fyrir allan þjóðarhag okkar að losna sem allra fyrst við innflutning kola sem hita- og orkugjafa, en um það er ég sannfærður, að fyrir veiðiskip okkar er það tilveruskilyrði. Í samkeppninni við aðrar fiskveiðiþjóðir, sem þegar eru farnar að nota og nota æ meir nýtizku diesel-mótora í skip sín, hljótum við fyrr eða síðar að biða lægra hlut, ef ekki er breytt um til batnaðar. Það er ekki nóg með það, að kolin taka upp óhæfilega mikið af burðarmagni skipanna, borið saman við olíu, heldur þarf miklu fleiri menn við að þjóna gufuvél en mótor.

Ef gerður væri samanburður á hagkvæmni kola og olíu sem orkugjafa véla, og tekið tillit til hnattstöðu landsins, er ég viss um, að enginn léti sér detta í hug að nota framar kol sem orkugjafa. Á það bendir sú eina reynsla, sem við höfum í þessu efni, en það er rekstur Ægis, sem er helmingi ódýrari en rekstur gufuskips.

Þá ætla ég með nokkrum orðum að lýsa mótorskipum þeim, sem við ætlumst til, að eigi að leysa togarana og mótorbátana af hólmi.

Á 75 smálesta mótorskipi mætti stunda allar algengustu veiðiaðferðir, sem nú tíðkast: Línu- og netaveiði, dragnótaveiði, veiði í léttar botnvörpur, herpinóta- og reknetaveiði. Vegna þess, hve mótorbátarnir okkar eru litlir, eru þeir um of staðbundnir við ákveðnar verstöðvar, og flestir ekki í notkun nema nokkurn hluta ársins. 75 smálesta skip mætti nota til ýmissa veiðiaðferða mestallan hluta ársins. Mótorskipið gæti flutt ísfisk til erlendra markaðshafna á líkum tíma og togarar, — er þá auðvitað gengið út frá, að skipið hafi hæfilega sterkan mótor. Mótorskipin gætu flutt álíka fiskmagn og togarar. Mismunurinn er sá, að kostnaður við för hvers togara er allt að því þrefalt dýrari en við för mótorskipsins.

Ég mun ekki fara nánar inn á að lýsa kostum mótorskipanna, en læt mér nægja að vísa til greinar um þetta efni, sem kom í Þjóðviljanum í dag.

Eins og nú er högum háttað, er óhjákvæmilegt að halda áfram togaraútgerðinni að meira eða minna leyti, en um það munu flestir sammála, að á útgerðarháttunum verður að verða gagngerð breyting, ef atvinnuvegur þessi á ekki að fara í kalda kol. Og ég álít, að til þess að bjarga sjávarútveginum úr öngþveitinu, sé leið sú, er við höfum bent á, hin eina rétta.

Þá vil ég minnast nokkuð á landhelgisgæzluna. Ég hefi hér fyrir framan mig skýrslu, sem ég fékk hjá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum, um sektir og andvirði afla og veiðarfæra vegna landhelgisbrota í embættistíð bæjarfógetans, eða frá árinu 1924 til 1936. Skýrsla þessi sýnir,

að á fyrri sex árunum voru dæmdir 100 togarar, en á hinum síðari aðeins 17. Á fyrri sex árunum nema tekjur landhelgissjóðs 1314166 kr., en síðari sex árin aðeins 235510 kr. Þessi skýrsla sýnir, að annaðhvort eru landhelgisbrotin að minnka, eða hitt, að landhelgisvarzlan hefir verið vanrækt.

Því miður mun það síðara vera það sanna í þessu efni. Snemma á þessu þingi spurði ég hæstv. atvmrh. um það, hverju það sætti, að tekjur ríkissjóðs af sektarfé landhelgisbrota færu minnkandi ár frá ári, og hvort það væri að kenna ákvæðum þýzku viðskiptasamningsins, sem felur í sér það ákvæði, að ríkisstj. gefur skipstjórum varðskipanna fyrirmæli um að aðvara, en taka ekki þýzka togara, sem eru í landhelgi með ólöglegan umbúnað veiðarfæra. Þessari fyrirspurn svaraði ráðh. út í hött, eða á þann hátt, að sömu lög gengju yfir þýzka og brezka togara, sem fyndust í landhelgi.

Morgunblaðið, blað Sjálfstæðismanna og „höfuðmálsvara útvegsins", sem þeir ómaklega kalla sig, var mjög hreykið af þessu svari hæstv. ráðh. og hældi honum fyrir, sem væri það hjartfólginn skoðanabróðir.

Þýzku viðskiptasamningunum er haldið leyndum, en bæði þjóð og þing á kröfu til þess, að samningar þessir verði opinberlega birtir. Kemur þá til álita, hvort það sé nauðsynlegt að selja þýzku fasistastjórninni landhelgisréttindi vor fyrir ísfisksmarkað togaranna, og ennfremur það, hvort sú ½ millj., sem á fjárlögum er ætluð til landhelgisgæzlu, er annað en óþarfa eyðsla, sem aðeins er goldin til að dylja það, hve hörmulega er komið þessu þýðingarmikla sjálfstæðismáli okkar, verndun íslenzkra fiskimiða og íslenzkrar landhelgi.

Þessi mál, sem ég hefi hér drepið á, endurnýjun veiðiskipaflotans í hagkvæmara form og verndun landhelginnar, eru vafalaust undirstöðuatriði þess, að sjávarútvegurinn geti dafnað hér á landi.

Það veltur mjög á skilningi hv. Alþ. á þessum málum, hvort giftusamlega tekst um lausn þeirra.

Ólafur Thors: Hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, sagði, að ég hefði líkt sér við fjárpest. Fjárkláði hefði verið betri samlíking, — það játa ég.

Þetta á þó ekkert skylt við verðlag á síld til bræðslu, heldur það, að þegar maður, sem lokar fyrst öllum síldarmörkuðum með aðeins hálfu því síldarmagni, sem hægt er að selja þar, en semur síðan þannig, að strax og á reynir eru samningarnir haldlausir, og þegar auk þess beinlínis er upplýst, að um bakprovision er að ræða, þá þykir mér vel við jafnað að líkja slíkum manni við kláðamaur.

Ráðsmennska Finns Jónssonar yfir síldarbræðslunum er svipuð þessu. Sukkið og óreiðan keyra þar úr hófi. Nær alstaðar eru þar 2 menn fyrir einn, mikið pólitiskur bitlingalýður, en af axarsköftunum er það stærst og þekktast, að byggð hefir verið þró, er kostar hátt á þriðja hundrað þúsund krónur, en gerir hvorki annað né meira gagn en þró, er kosta myndi um ⅓ hluta þess.

Síðferði þessa heiðursmanns má vel marka af árásum hans á Kveldúlf út af því að hafa ekki selt síldarlýsi frá Hjalteyrarverksmiðjunni fyrirfram, en rök hans voru þessi: „Allir seldu með þeim fyrirvara, að síldin veiddist". Við þessu er nú fyrst þess að geta, að það er fyrir beinan atbeina F. J. og hans samherja, að Kveldúlfur gat ekki selt lýsið fyrirfram. Ef hæstv. atvmrh. Haraldur Guðmundsson, hefði ekki neitað að framlengja verksmiðjuleyfið, enda þótt honum væri kunnugt um, að Kveldúlfur í rauninni var búinn að tryggja sér lánið, myndi Kveldúlfur að sjálfsögðu hafa selt sitt lýsi í svipuðu hlutfalli og aðrir, og þótt Finnur Jónsson telji, að nægilegt hefði verið að setja þann fyrirvara, að „síldin veiddist", skilja auðvitað allir aðrir, að frumskilyrðið hlaut þó að vera, að verksmiðjan kæmist upp, en frumskilyrði þess var aftur, að leyfi ráðherra til þess fengist, en það er nú einmitt eitt af afrekum sómamannsins F. J. og nokkurra annara slíkra pilta, að kúga hinn ístöðulitla ráðherra til þess að neita að framlengja byggingarleyfið. Það er því F. J. og nokkrir félagar hans, sem beinlínis eiga alla sök á því, að Kveldúlfur gat ekki selt sitt lýsi fyrirfram. Þeir ættu því að sjá sóma sinn í því að þegja um þetta.

Finnur Jónsson er nýsloppinn úr mesta gjaldþroti, sem hér þekkist. Hann ætti því að hafa þá vitglóru að þegja einnig um þrengingar þeirra, sem borgað hafa 50—60 milljónir í verkalaun, en 10 milljónir í skatta. En svo þessi ráðvandi maður hafi nú eitthvað að hugsa um þar til hann tekur hér næst til máls, vil ég upplýsa, að *sama* daginn og Alliance seldi sitt lýsi á £ 22 smálestina seldi F. J. fyrir £ 21, eða £ 1 lægra á smálest, og *sama* daginn og Kveldúlfur seldi á £ 19 seldi F. J. á £ 18, eða líka £ 1 lægra á smálest. Alls nam salan um 8000 smálestum, og er því þessi mismunur um kr. 180 þús., sem ríkið hefir skaðazt. Nú spyr ég þennan strangheiðarlega mann, hvort heldur hafi bilað, verzlunarvitið eða siðferðið. Bilunin er talsvert alvarleg, vegna þess að lýsi er opinberlega skráð vara, og þekkist víst trauðla tvennskonar verð *sama* daginn.

Hæstv. forsrh. hélt í gær eina af sínum alkunnu smáræðum, sem honum lætur svo einkar vel að flytja. Í henni var ekkert, sem um þarf að ræða. Ræða hans í dag var eitthvað dálítið stærri, og í henni var þetta athyglisvert: Ráðh. var að ræða um vinnulöggjöfina og sagði: „Ég tel rétt, að reynt sé að ná samkomulagi við verkamenn um málið og því bezt að bíða næsta þings". Er þetta að vísu það sama og ráðh. hefir sagt frá upphafi málsins, og því fremur ómerkilegt orðið, en ráðh. bætti það þá líka upp með því að bæta þessu við:

„En fari svo, að það auðnist ekki, verður vitanlega að leiða verkamönnum það fyrir sjónir á annan hátt".

Ég spyr nú hæstv. ráðh., hvað hann meini með þessu. Hvað hann eigi við með því, að náist ekki samkomulag við verkamenn um vinnudóm, skuli hann sannfæra þá „á annan hátt".

Mér verður alltaf á að taka kommúnistana ekki alvarlega. Sjálfsagt er þetta yfirsjón, svo

miklu fylgi sem þeir nú hafa náð. Blóðsúthellingar eru svo fjarri mínu skapi, að ég á erfitt með að trúa, að til slíks geti komið hér á landi, og mætti þó kannske vita betur, sbr. 9. nóv. 1932. En hvað sem því líður, — þessir kommúnistar hér á Alþingi eru eitthvað svo meinleysislegir, að mér dettur aldrei annað í hug, þegar ég sé þá og heyri, en eitthvað svipað því, sem grípur kristinn mann þegar hann hittir heiðingja fyrir sér. Mig langar að snúa kommúnistunum frá villu síns vegar, gera þá að góðum borgurum, trúum sonum síns ættlands, í stað þess að vera klafabundnir og villuráfandi í hjörð Stalins, — viljalaus verkfæri erlends einvalds.

Í ræðu hæstv. fjmrh. eru nokkur atriði, sem ég tel rétt að víkja að.

Ráðh. sagði, að það væri rangt, að nýjar skattaálögur í hans tíð næmu 7 milljónum. Hann treysti sér þó ekki til að mótmæla því, að þær tölur hefði hann sjálfur tilgreint, þegar hann lagði skattafrumvarpið fyrir þingið, enda gat hann það ekki. Heldur greip hann til þeirra markhröktu falsraka, að úr því ríkissjóður fengi ekki nema 1—2 milljónum meira í skatta en áður, væri auðsætt, að hækkunin næmi ekki meiru en þeirri upphæð.

Sannleikurinn er sá, að vegna fátæktar verður þjóðin að neita sér um margt, er hún áður veitti sér. *Af þeim ástæðum minnka tekjur* ríkissjóðs. Hitt stendur óhrakið, að ríkissjóður tekur nú, eftir að þessi nýju skattalög hafa verið samþ., meira en tvær krónur fyrir hverja eina, er hann tók fyrir nokkrum árum. Það stafar af því, og er sönnun þess, hversu ægileg skatthækkunin er. Skal ég sem dæmi um skatthækkunina aðeins nefna það, sem ráðh. sérstaklega miklaðist af, að hann hefði aflétt 25% gengisviðauka af kaffi og sykri. Það er rétt. En hitt er líka rétt, að með stöðugum smáhækkunum eru kaffi- og sykurtollurinn nú komnir upp fyrir það, er þeir voru með 25% viðaukanum. Þá sagði ráðh., að þessir nýju skattar hefðu runnið til atvinnuvega. Þetta er líka rángt, og *mun það sannað síðar í þessum umræðum.*

Ráðh. sagði, að ég færi rangt með, að nýju skattarnir væru 2,65 millj. kr., vegna þess, að 400 þús. gengju til fiskimálan., en 700 þús. til jöfnunarsjóðs. Nú, en hvaðan kemur það fé? Það er tekið með hinum nýju skattalögum beint úr buddu almennings, alveg eins og aðrir skattar. Þetta skilur auðvitað fjmrh. ekki síður en aðrir.

Þá sagði ráðh., að við sjálfstæðismenn værum með framlagi til bænda vegna fjárpestarinnar, en vildum þó ekki samþykkja nýja skatta. Slík framkoma væri auðvirðileg. Nei, hún er það ekki, heldur rök ráðherrans.

Krafa okkar sjálfstæðismanna er sú, að fyrst sé skorið niður allt, sem hægt er að skera niður, og að því búnu sé gripið til buddu borgaranna. Þetta hefir að vísu verið gert í einstökum efnum, en alls ekki eins og hægt er á slíkum neyðartímum, — og enn segi ég: Þetta veit enginn betur en einmitt fjmrh.

Út af ummælum ráðh. um eigin afrek í sambandi við vöxt Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis þykir mér rétt að minna hann á, að okur kaupmanna í Reykjavík hefir til þessa ekki verið meira en það, að hvert einasta kaupfélag, er hér reyndi að keppa við þá, fór á hausinn, þar til nú, að hægt er að styrkja það í skjóli sérréttinda til innflutnings.

En annars er ráðh. ráðlegast að tala sem minnst um kaupmannaokur, því enn muna menn ummæli flokksbróður hans, Guðbrands Magnússonar, í útvarpsumræðum fyrir síðustu alþingiskosningar, þau, að kaupfélögin réðu verðlaginu í landinu.

Ég hefi áður, bæði í blaðaskrifum nú nýverið og hér á Alþingi, svarað þeirri firru ráðh., að *Sjálfstfl. ætlaði að afgreiða fjárlög með 4—5* millj. tekjuhalla. Það skiptir minna máli, að engin tala, sem ráðh. nefndi, var rétt. Hitt er aðalatriðið, að enda þótt tölurnar hefðu verið réttar, eru rökin röng.

Sú talan, er mestu skipti, var 2150 þús., er hann sagði, að ætti að renna í bæjar- og sveitarsjóði og taldi okkur til skulda. Ég man ekki betur en það væri þessi ráðh., sem skipaði milliþinganefnd til að rannsaka möguleikana til tekjuöflunar bæjar- og sveitarsjóða. Það voru þeir Bernh. Stefánsson og Jónas Guðmundsson. Þeir töldu óumflýjanlegt að afla þessara tekna. Þörfin er því viðurkennd af stjórnarliðum og stjórninni sjálfri. Sá ber því ábyrgð á slíkum sköttum, *sem valdið hefir þörfinni*, en það er ráðherrann sjálfur og stjórnarliðið allt, sem með nýrri löggjöf hefir lagt nýjar og nýjar kvaðir á bæjar- og sveitarsjóði, án þess að afla þeim tekna í staðinn.

Þegar ég við þetta bæti útflutningsgjaldinu, sem ráðh. er í öðru orðinu að miklast af að hafa afsalað ríkissjóði, eru foknar 3 af 4 milljónunum. Sú eina, sem þá er eftir, fer að nokkrum hluta sömu leið, ef hún er krufin.

En að öðru leyti minni ég á margendurtekið tilboð okkar sjálfstæðismanna um að afgreiða hallalaus fjárlög. Allar útgjaldatillögur okkar ber því að skoða innan þess ramma, eingöngu sem uppástungu um, hvernig verja eigi örlitlum hluta þeirra mörgu millj., er árlega eru af þjóðinni teknar.

Ráðh. getur því sparað sér bæði hreystiyrðin og brigzl um kjarkleysi sjálfstæðism. í fjármálum. Við *tókum fullan þátt í milljón kr.* niðurskurði 1935. Við gerðum hið sama í ½ milljónar niðurfærslu á þessu þingi. Við fullyrðum, að enn er hægt að skera niður um milljónir. Okkur brestur til þess hvorki kjark né vilja. Ráðh. brestur ekki heldur viljann, en enn sem komið er hefir hann brostið kjarkinn, ekki þó kjarkinn til að reiða til höggs gegn þeim, sem niðurskurðurinn bitnar á, — nei, til þess hefir hann þor, heldur kjarkinn til þess að rísa gegn vilja sósialista, vegna þess að þá teflir hann ráðherradómnum í tvísýnu.

Þetta skora ég á ráðh. að hrekja, ef hann getur það.

Ég kem þá að ræðu hæstv. atvmrh. Haralds Guðmundssonar. Ég viðurkenni, að hann átti örðugan málstað að verja — vörn hans bar vott um, að sjálfum var honum það líka ljóst.

Höfuðáðeilu mína leiddi hann að mestu hjá

sér. Hann viðurkenndi, að ég hefði farið rétt með ummæli hans, er hann 16. apríl setti fram 5 aðalkröfur, krafðist, að þær yrðu uppfylltar, og tilkynnti, að ella væri slitið samvinnu á Alþingi og um stjórn landsins. Hann reyndi ekki að hrekja rök mín fyrir því, að ekki svo mikið sem ein einasta af þessum kröfum hefir náð fram að ganga, og hann færði engar varnir fram fyrir þeirri háðung, að hann samt sem áður situr í ráðherrastól, alveg eins og ekkert hefði í skorizt, aðrar en þær, að hann hefði sagt fleira þann 16. apríl, sem sé þessi orð:

„Alþýðuflokkurinn kýs þá hitt heldur, að málin, stefnurnar, séu lögð undir úrskurð kjósenda í landinu".

En hverju raskar þetta?

Álitur hæstv. atvmrh., að vegna þess að þjóðin hefir dauðadæmt „málin, stefnurnar", sem hann gerði að fráfararatriði, þá eigi hann sjálfur að hanga sem allra fastast í ráðherrastólnum.

Eða hvað ætlaði hæstv. atvmrh. að gera, ef flokkur hans, mál og stefnur hefðu ekki fengið dauðadóm, heldur fengið t. d. 14 þús. atkvæði í stað 11 þúsund.

Ætlaði ráðh. þá að segja af sér? þ. e. a. s. hanga, ef þjóðin var móti honum, en fara, ef fylgið jókst! !

Nei, þögn — alger þögn er skárri vörn en svona rökvillur. Það þýðir aldrei að ætla sér að hrekja augljósar staðreyndir, og vænti ég, að öllum almenningi sé ljóst, að samvinna stjórnarflokkanna er fullkomið brot á þingræði og lýðræði, og með áframhaldandi setu í ráðherrastól gerir Haraldur Guðmundsson sjálfan sig að vesaldarlegu háðsmerki aftan við stóryrðaglamur 13. alþýðuþingsins og þær kröfur, er hann sjálfur gerði að fráfararatriði þann 16. apríl, — og þetta veit enginn betur en H. G. sjálfur.

Öll málsvörn hæstv. atvmrh. í gær sannaði vel vandræði hans. Hann greip til þess að lesa upp gamlar ræður eftir mig, sem vel rökstuddu það, er ég sagði, að við sjálfstæðismenn höfum reynzt of sannspáir. Hitt var auðvitað helber útúrsnúningur, og ekkert annað, að ég hefði talið íslenzku togarana manndrápsbolla. Ég sagði, og segi enn, að fái menn eins og Haraldur Guðmundsson að ráða í þessu þjóðfélagi, mun því enn fara fram, sem lengi hefir verið, að áníðslan á útgerðinni sé svo mikil, að hún geti aldrei eignazt neitt, en af því leiðir, að skipin að lokum verða fúaduggur og ryðkláfar.

Hitt er rétt, að 1935 taldi ég, að útgerðin væri eignarlaus, og það var því miður satt. Hún var þá búin að tapa mestu af eigin fé. Síðan hefir hún tapað miklu af annara fé. Þetta veit væntanlega sjálfur atvinnumálaráðherra þjóðarinnar. —

Þá skildist mér helzt, að ráðh. vildi að menn féllu fram og tilbæðu hann, í þakklætisskyni fyrir að honum hefði tekizt að bjarga frá hungri, þrátt fyrir brestandi saltfiskmarkaði.

„Veit ekki ÓTh.", spurði H. G., alveg yfirlætislaust, „að tvö síðustu árin hafa verið verst?" — „Veit ekki ÓTh., að ofan á markaðsmissinn bætist svo þyngsta bölið, aflabresturinn?"

Jú, ef til vill veit ég svona viðlíka, hvað líður velfarnaði útvegsins, eins og ráðh. En ég veit þá líka, að síldin kom í stað þorsksins, og ég veit þá líka, að síldin var seljanleg, en þorskurinn ekki, og ég veit þá líka, að úr því þorskurinn var óseljanlegur, var það ekki þyngsta bölið, að afli var minni en venjulega, og loks veit ég, að ef þorskurinn hefði aflazt, en síldin brugðizt, þá hefði þorskurinn og Haraldur Guðmundsson til samans ekki megnað að bjarga þjóðinni frá voða.

Og þegar hæstv. atvmrh. með mikilli drýldni talar um, að síldin hafi orðið að notum, vegna þess að góðir menn eins og hann sjálfur hafi verið búnir að undirbúa móttökuna, langar mig aðeins að minna hann á, að það voru sjálfstæðismenn, sem fyrstir Íslendinga starfræktu síldarbræðslu hér á landi. Það var líka á þeim tveim árum, sem sjálfstæðismenn höfðu æðstu völd þeirra mála, að afköstin jukust úr 7 og upp í 17 þús. mál á dag. Það eru sjálfstæðismenn, sem síðan hafa aukið afköstin upp í 26 þús. mál á dag, og það eru sjálfstæðismenn, sem nú vilja enn stórauka þau afköst.

Allt, sem hæstv. atvmrh. og hans lið hefir gert í þeim málum, er að róa lífróður gegn Hjalteyrarverksmiðjunni, og neita um og takmarka þau byggingarleyfi, sem um er beðið, eftir fremstu getu, alveg eftir því sem þeir þora.

Ég veit ekki, að hve miklu leyti hæstv. atvmrh. ætlast til, að tekin séu alvarlega ummæli hans um velgerðir stjórnarinnar við útgerðina, gjafatogarana og ágæti fiskimálanefndar.

Flest það, er ráðh. nefndi, að gera ætti fyrir útgerðina, var ýmist, að ekki myndi verða breytt eldri lögum, í því skyni að níða útgerðina, svo sem lögum um tollfrelsi á hampi eða tunnum, ellegar að hætt yrði við einhverja af nýju tollunum, sem hann ætlaði að leggja á útgerðina, svo sem tolla af kolum, salti og olíu, eða að standa ætti við fyrirmæli eldri laga, svo sem um skuldaskilasjóð. Sé ég ekki, að það sé þakkarvert, heldur er hitt vítavert alvöruleysi, að ráðh. skuli í slíkum stórmálum vera að reyna að blekkja fólkið, sem nú er ráðþrota, sumpart af hans eigin völdum.

Var í upptalningu ráðh. ekkert nýtt annað en framlagið til gjafatogaranna. Rakti ég það hneykslí svo rækilega í ræðu minni í gær, að ég þarf þar engu við að bæta. En sé það þó svo, að sjálfur kjarni þessa máls sé enn dulinn þeim manni, sem er ráðh. útvegsmálanna, skal ég aðeins segja honum þetta:

Auðvitað er það út af fyrir sig æskilegt, að geta endurnýjað veiðiskipin, jafnt vélbáta sem togara. Eins og sakir standa er þetta þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að sjá farborða þeim flota, sem fyrir er í landinu. Til þess getur ríkisvaldið m. a. gert það tvennt, að létta sköttum af útgerðinni og að leggja fé fram til nýrra úrræða undir hæfri forustu.

Hvorugt er gert, en í þess stað er reytt útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum frá ½% upp í 6—7%, og því varið í tvo gjafatogara.

Þetta er hneykslí.

Mér þykir rétt að vekja enn á ný athygli á því, að það er hrein fjarstæða, er ráðh. talar um, að fiskimálan. geti greitt gjafatogarana á

tveim árum. Sýnir það að vísu, að ráðh. hefir orðið skelkaður við rök mín fyrir því, hversu fjarstætt væri að verja þannig því fé, er ganga ætti til nýrra úrræða, en hitt er ljóst, að fiskimálanefnd á engar eignir nema tekjur líðandi stundar, og getur því alls engar slíkar skuldbindingar gefið fram í tímann, enda veit enginn, hvort henni er einu sinni ætlað líf lengur eða skemur. Vænti ég, að fjmrh. *sjái fyrir þeirri hlið* málsins.

Hæstv. atvmrh. taldi, að ég væri móti gjafatogurunum vegna þess, að ég væri alltaf móti öllu nýju á sviði útvegsmálanna. Ræddi ráðh. í því sambandi mikið um ágæti fiskimálanefndar.

Ég verð líklega að rifja upp fyrir hæstv. ráðh. (HG) það, sem ég áður hefi kennt honum, og hann sem allir aðrir veit, að er satt:

Það erum við sjálfstæðimenn, utan þings og innan, sem alla forustu höfum haft á öllum sviðum útvegsmálanna, allt frá öndverðu og fram á þennan dag.

Það voru sjálfstæðismenn, sem að því stóðu, að Íslendingar á fáum árum fjórfölduðu fiskframleiðslu sína, og ruddu alltaf framleiðsluaukanum braut á beztu mörkuðum heimsins.

Það erum við sjálfstæðismenn, sem sáum og sögðum fyrir, hvað koma ætti. Það vorum við, sem 1934 bárum fram frumvarpið um fiskiráð, þar sem við m. a. bentum á nauðsyn á hraðfrystingu, herðingu, niðursuðu, rýmkun saltfiskmarkaða í Suður- og Norður-Ameríku, Cuba, Argentínu o. fl., nýrri hagnýtingu ísfisksins, hraðfrystingu og reykingu síldar, sem og nýjum aðferðum við söltun og kryddun síldar, nýjum lifrarbræðslum, beinaverksmiðjum o. fl. o. fl., eða m. ö. o., allt það, sem hæstv. atvmrh. talar um sem einhvern nýjan sannleika, sem fiskimálanefnd hafi fundið upp, en enginn annar komið auga á.

Það erum við sjálfstæðismenn, sem fyrstir byrjuðum á karfavinnslunni. Það erum við, sem fyrstir Íslendinga starfræktum síldarbræðslur hér á landi.

En hvað hefir hæstv. atvmrh. og hans flokkur gert í þessum málum?

Þeir hafa gert tvennt:

Þeir börðust með öllum vopnum gegn því, að síldarverksmiðja yrði reist á Hjalteyri, og þeir bera ábyrgð á skipun Héðins Valdimarssonar til formennsku í fiskimálanefnd. Að skipa H. V. til forustu á sviði fiskimálanna, öldungis þekkingarsnauðan, einmitt þegar eldri markaðir eru að bregðast, en þjóðin hinsvegar á frelsi sitt og framtíð undir fjárhagsafkomunni, er réttilega jafnað til þess, að senda björgunarbát út í brimlöðrið undir stjórn þess manns, er aldrei hefir á sjó komið og ekki kann að stýra. Enda hefir allt gengið sem til var stofnað, og munu flestir hafa fundið, að vörn hæstv. atvmrh. var eins og málefni stóðu til. Hann reyndi að vísu að fegra málstað fiskimálan. á alla lund og sagði að lokum, að hún hefði með starfi sínu aukið útflutninginn um á 3 milljón. Auðvitað er þetta hin mesta fásinna og auðvirðileg blekking, því meginhluti — *99/100* — þess starfs, er þar lýsir sér, er af öðrum unninn. En segjum, að þetta væri rétt — segjum, að fiskimálan. hefði í raun og veru unnið það afrek að auka útflutninginn um á 3. milljón. Segjum, að hún verðskuldaði hið taumlausa lof ráðh., og segjum, að H. G. og H. V. mættu deila þeim heiðri. En leyfið mér þá að minna þessa herra á, að Hjalteyrarverksmiðjan hefir líka aukið útflutning um 2½—3 milljónir, og ef barátta H. G. og H. V. gegn henni hefði lánazt, *myndi á þann hátt að engu gert starf fiskimálanefndar.*

En hér er svo bara sá munur á, að Hjalteyrarverksmiðjan hefir þegar aflað ríkissjóði á einu ári a. m. k. 200 þús. kr., en fiskimálan. þegið úr ríkissjóði milli 800 og 900 þús. kr., og auk þess lítið gert annað en klína stimpli sínum á annara verk. Engin nefnd hefir verið dýrari en fiskimálanefnd, og er þó sá skaðinn mestur, að þjóðin hefir verið svipt hæfri forystu í þessum miklu nauðsynjamálum.

Hæstv. atvmrh. hugðist að tefla á mig með því að leiða mig fyrir rétt út af kröfu útgerðarmanna um frjáls umráð eigin gjaldeyris. Spurði ráðh. í því sambandi, hvort ég vildi ganga inn á þá kröfu.

Það er alltaf óviðfelldið, að ráðherrar séu með allt of áberandi látalæti frammi fyrir þjóðinni.

Ráðh. veit, að með tillögum mínum hér á þingi hefi ég viljað heimila útvegsmönnum afnot eigin gjaldeyris til eigin þarfa. Lengra hefi ég að svo komnu ekki viljað ganga, annars hefði ég gert um það tillögur. Ráðh. þarf ekkert um þetta að spyrja, ef hann fylgist eitthvað með störfum þingsins. Hitt játa ég, að mjög er eðlilegt að útgerðin krefjist umráðaréttar yfir lögformlegri eign sinni, og það skal ráðh. sanna, að finnist engin önnur ráð til að forða frá því hruni, sem bankastjórarnir, Jón Árnason, Jónas Guðmundsson og trúnaðarmenn útgerðarmanna staðhæfa að sé framundan, þá verður ekki staðið gegn þessari kröfu útvegsmanna, í einu formi eða öðru, og það alveg jafnt þótt krónan verði með því móti felld eitthvað meira en núverandi ríkisstjórn er búin að gera.

Ég ætla þá að lokum að víkja örfáum orðum að því, að hæstv. atvmrh. var að draga dár að því, er hann kallaði hljóðskraf formanns Framsfl. og mitt.

Það er að vísu alkunna, að lengi hefir verið fátt milli þess manns og mín, og hitt er líka rétt, að á þessu þingi höfum við átt mörg samtöl.

En er ástæða til að harma það?

Veit ekki ráðh., að þjóðin er í voða stödd?

Veit hann ekki, að pestin er að drepa jafnt búpeninginn sem allan velfarnað bændanna?

Veit hann ekki, að útvegurinn sér ekkert nema hrun framundan.

Heldur hann þá, að það sé fyrsta skylda mín, að rannsaka vel allar heimildir og athuga með Nygrens nákvæmni, hvort Jónas Jónsson hefir skammað mig meira eða minna en samboðið var sóma hans.

Heldur hann, að það sé helgasta hlutverk þjóðarfulltrúanna á þessum tímum, að koma fram *persónulegum hefndum?*

Nei. Ráðherrann veit um þrengingar þjóðarinnar, og hann veit, að hér á Alþingi hafa menn

almennt allt of lengi troðið illsakir hver við annan, sjálfum sér til lítils sóma, en þjóðinni til bölvunar. Hann veit, að á þeim tímum, er nú fara í hönd, er það ekki mesta nauðsynin, að þingmenn rækti víkingseðli, heldur hitt, að sem flestir taki höndum saman til þess að bægja vá frá dyrum almennings í landinu.

Ef við Jónas Jónsson með hljóðskrafinu höfum gengið á undan í þeim efnum, er það til lofs, en ekki lasts, og væri vel, að sem flestir fylgdu eftir. Mætti þá svo fara, að þessa þings yrði síðar getið að einhverju góðu.

Þetta ætti maður í ráðherrasæti að skilja, og er leitt til að vita, ef afbrýðisemi glepur honum svo sýn, að hann geri þetta að árásarefni.

Hitt er svo óheppni fyrir hann sjálfan, að hann skuli vera sérstaklega að minnast á biðilsbuxur, vegna þess, að hér á Alþingi hefir aldrei nokkur maður sézt í öðrum eins tötrum eins og þeim biðilsbuxna-görmum, sem þessi ráðherra gengur í. Á hnjánum hafa þær gatslitnað í leitinni að kommúnistum, en botninn er slitinn, máður og glansandi eftir mjögsitjandann í ráðherrastólnum.

Ég mun taka hér til máls aftur eftir 20 mínútur og þá svara því helzta, er mér þykir vansvarað.

*__Stefán Stefánsson:__ Herra forseti, góðir hlustendur! Það, sem mestu mun skipta um afkomu alla og framtíð hverrar þjóðar, er, að fjárhagur hennar sé góður og að atvinnuvegir hennar séu reknir á heilbrigðum grundvelli og með sæmilegum arði. Hversu er nú háttað um þessi efni með okkar þjóð? Ef við athugum nú fyrst fjárhaginn, þá verður ekki framhjá þeim beiska sannleika komizt, að hann er í mesta máta iskyggilegur. Skuldir þjóðarinnar við útlönd fara vaxandi með hverju ári, og á árunum 1933—1936 hafa þær vaxið um 30 millj. kr., eða úr 74,6 millj. upp í 104,3 millj. Beinar skuldir ríkisins hafa vaxið á sama tíma um ca. 4 millj., eða frá 18,4 millj. upp í 22,5 millj. Yfirfærslu og gjaldeyrisvandræði vaxa með hverju ári. Engum, sem nokkuð þekkir til, getur blandazt hugur um það, að fjárhagsástæður þjóðarinnar eru mjög alvarlegar, og að ekki má út af bera, eigi ekki að keyra um þverbak. Svona er ástandið, þrátt fyrir auknar álögur með hverju ári, bæði beinar og óbeinar, og má óhætt telja, að svo nærri hafi nú verið gengið þegnum þjóðfélagsins um greiðslu tolla og skatta, að lengra verði eigi farið. Til sanninda um hinar miklu álögur vil ég leyfa mér að benda á ummæli hv. 9. landsk. (JBald) við umr. um tollafrv. stj. í Ed., er hann gat þess, að svo nærri þegnunum hafi þegar verið gengið um greiðslur beinna skatta, að lengra yrði þar eigi komizt, og því yrði að grípa til tolla, þótt það væri neyðarúrræði. Ennfremur sagði hæstv. fjmrh. í þingi þann 14. þ. m., að beinir skattar væru hvergi hærri en á Íslandi, a. m. k. eigi í nokkru nálægu landi. Á þessu má sjá, hversu langt hefir verið gengið á lagningu beinna skatta á Íslandi, að þessir tveir háttsettu menn þjóðarinnar, fjmrh. og 9. landsk., forseti sameinaðs þings og formaður Jafnaðarmannafélags Íslands, telja, að lengra verði eigi komizt um álagningu beinna skatta. Á þessu stutta yfirliti verður það ljóst, að fjárhagsástandið er allt annað en glæsilegt.

Þá vil ég með nokkrum orðum minna á hina tvo höfuðatvinnuvegi landsmanna, og er þar engu bjartara yfir en um fjárhaginn. Um sjávarútveginn er það alkunna, að hann hefir verið rekinn með tapi undanfarin ár. Í áliti því, er skipulagsnefnd atvinnumála hefir gefið út, segir svo: Afkoma útvegsins hefir verið mjög slæm síðustu sex ár, verri en annara atvinnuvega, þegar yfir öll árin er litið. Öll þessi ár hefir útgerðin í heild sinni verið rekin með tapi. Nú undanfarið hefir nefnd manna setið á rökstólum hér í bænum til að rannsaka ástand útvegsins nú á þessu ári. Og hefir hún komizt að þeirri niðurstöðu, að taprekstur útvegsins muni nema um þrjár millj. kr. á árinu, eða ca 50 þús. kr. á togara, en 10—15 þús. kr. á mótorbát. Er gert ráð fyrir, að taprekstur muni hækka a. m. k. um helming á næsta ári, eða allt upp í 6—8 millj., miðað við sama afla og verðlag og verið hefir á þessu ári, en þá er gert ráð fyrir auknum kaupkröfum, svo sem gerð hefir verið krafa um af sjómönnum, og auknum skatta- og tollaálögum samkv. frumvörpum þeim, sem nú liggja fyrir Alþingi. Um útveginn verður eigi annað sagt í heild en að hann sé í rústum. Þótt naumast verði hið sama sagt um landbúnaðinn, er hann allt annað en glæsilegur. Torfbæir í landinu skipta ennþá þúsundum. Margir — og jafnvel flestir — þeirra eru að falli komnir. Bændur geta eigi byggt þá upp; og þótt þeir gætu fengið hagkvæm lán, treysta þeir sér ekki til að standa undir byggingarkostnaði. Búrekstur, sem eigi getur byggt hin nauðsynlegustu íverurhús á jörðunum og eigi heldur staðið undir vöxtum og afborgunum af hagkv. lánum til bygginga, hann er í rústum. Bændur hafa frá öndverðu og vilja enn eiga ábýlisjarðir sínar, enda er sú reynsla á okkar landbúnaði á undanförnum öldum, að það er sá búrekstur, sem hefir reynzt traustastur fyrir þjóðina. Þeir vilja hvorki vera landsetar einstakra manna eða hins opinbera. En hversvegna koma þá bændur í hópum til ríkisstjórnarinnar og vilja selja ríkinu jarðir sínar? Slíkt er aðeins gert vegna þess, að bændur sjá sér eigi fært að halda jörðum sínum sakir skulda. Þegar nú atorkusamir bændur verða að selja jarðirnar gagnstætt vilja sínum, þótt þeir skuldi út á þær nokkur þúsund, þá verður eigi litið öðruvísi á en svo, að atvinnuvegur sá, er þeir stunda, sé í rústum. Mesti fjöldi bænda eru nú þegar orðnir einyrkjar, og þeim fjölgar með ári hverju. Þessir bændur vinna svo að segja dag og nótt. Flestir eru bændur þessir einyrkjar sökum þess, að þeir hafa eigi efni á því að halda verkafólk. Þeir geta aðeins séð sér og sínum farborða með því að þræla myrkranna á milli. Sá atvinnuvegur, sem gerir slíkar kröfur til vinnuþrælkunnar, hann er í rústum. Því miður eru þessir gömlu atvinnuvegir vorir allt annað en glæsilegir, enda hefir þjóðin fengið á þeim hina megnustu ótrú. Menn flýja frá framleiðslunni og gerast launþegar og verkamenn. Enginn, sem fé hefir

handa milli, þorir að hætta því í framleiðsluna. Reynslan hefir kennt mönnum, að það fé, sem í hana er lagt, gefur engan arð að jafnaði. Þetta þarf og verður að breytast. Það er fyrsta og stærsta skylda hvers stjórnmálaflokks í landinu að vinna að því að reisa við atvinnuvegi landsins, vekja aftur hjá þjóðinni trú á framleiðsluna og möguleika hennar. Aðeins þannig verður þjóðinni bjargað úr þeim fjárhagsvandræðum, sem öllum kemur saman um, að hún sé stödd í. Og þeir einir pólitískir flokkar, sem að þessu vilja vinna af heilum hug og fullum drengskap, eiga á þessum tímum nokkurn tilverurétt. Því verður ekki neitað, að þeir flokkar, sem nú fara með stjórn og hafa farið undanfarin ár, virðast eigi hafa skilið sem skyldi hlutverk og þýðingu framleiðslunnar í landinu og það, að afkoma þjóðarinnar er órjúfanlega tengd afkomu framleiðslunnar. Kröfur neytenda og launamanna hafa mátt sín meir en kröfur og þarfir framleiðendanna. En nú upp á síðkastið virðist nokkur breyting á þessu að verða með Framsfl. Markmið Bændafl. hefir verið allt frá stofnun hans að efla framleiðsluna til lands og sjávar. Flokknum hefir verið ljós sú þjóðarhætta, sem fram undan hefir verið og fram undan er, ef atvinnuvegir landsmanna eru áframhaldandi reknir með tapi, og að taka verði fyrir þennan taprekstur, sem nú vofir fyrir dyrum. Það er eins og fjöldinn átti sig ekki á því, hversu öll framleiðsla er mikilvæg fyrir þjóðarheildina. Mörgum hættir við að skoða hana svo, að hún snerti aðeins framleiðendur; hún snertir ekki þá, sem að framleiðslunni vinna, og því síður aðra út í frá. En við nánari athugun má öllum vera ljóst og þarf að vera ljóst, að öll fjárhagsleg velsæld einstaklingsins og þjóðarheildarinnar byggist á því, að framleiðslan sé rekin með sæmilegum arði. Sú framleiðsla, sem ekki ber sig um lengri tíma, hlýtur að falla í rústir, svo sem telja verður um okkar höfuðatvinnuvegi að meira eða minna leyti. Bændafl. hefir frá byrjun gert þá kröfu fyrir bænda hönd, að þeir fengju greitt framleiðslu- eða tilkostnaðarverð, og yrði því verðlag á þeim vörum, sem seldar yrðu frá bændum á innlendum markaði, við þetta miðað. Kom þetta fram í till. þeirri, er Jón í Stóradal flutti á þingi 1933 um skipulagning afurðasölumála, og einnig í brtt. þeim, sem núv. þm. Dal. (ÞBr) og fyrrv. þm. Rang., Pétur Magnússon, báru fram við mjólkurlögin 1934, þar sem svo er tilskilið, að við verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða skuli sérstaki tillit tekið til kostnaðarverðs á hverjum tíma. Og ennfremur, að það, sem vinnst á hinu breytta mjólkursölufyrirkomulagi frá því, sem verið hefir, gangi óskipt til bænda, þar til þeir a. m. k. hafa fengið borið upp kostnaðarverð. Það er vert að geta þess, að Framsfl. felldi þessar brtt. ásamt sósíalistum. Þeir munu í þessu hafa viljað fylgja ummælum hv. 9. landsk., er hann lét falla við útvarpsumræður um mjólkurmálið, að það græddust tveir aurar á hinu breytta mjólkursölufyrirkomulagi frá því, sem áður hafði verið, og skyldi deilast milli framleiðenda og neytenda, einn eyrir til hvors, og það án tillits til þess, hvort bændur fengju greitt tilkostnaðarverð eða eigi.

Þessar kröfur um tilkostnaðarverð hafa allt til þessa fengið misjafna dóma hjá stjórnmálaflokkunum. Það hefir verið reynt að gera þær hlægilegar á þeim grundvelli, að eigi væri hægt að finna þetta verð, og það jafnvel dregið í efa, að það hefði verið tilgangurinn með afurðasölulögunum að ná tilkostnaðarverði. En ef svo hefir eigi verið, hver var þá tilgangurinn? Allir muna hróp þau, er gerð voru að þremur bændum, er kosnir voru á búnaðarþingi 1935, þeim Jóni Hannessyni, bónda í Deildartungu, Jóni Sigurðssyni, bónda á Reynistað, og Sveini Jónssyni, bónda á Egilsstöðum, er þeim var falið að reikna út tilkostnaðarverð á kindakjöti. Eins og kunnugt er, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að framleiðsluverð á kindakjöti mundi nema kr. 1,27 pr. kíló. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að benda á það, að norskir bændur telja sig þurfa að fá kr. 1,40—1,50 pr. kíló af kjöti. Og má þó geta þess, að kaupgjald í Noregi er helmingi til tveim þriðju lægra en á Íslandi. T. d. er vorkaup karlmanna kr. 2,68 á dag, en kr. 3,05 sumarkaupið, og má á þessu sjá, hversu sanngjörn krafa nefndarmanna um kr. 1,27 pr. kíló hlýtur að vera, miðað við verðlag í Noregi. Á það skal minnzt, að Búnaðarfélag Íslands hefir tvívegis gert kröfu um það, að bændur fengju tilkostnaðarverð, bæði árið 1935 og 1937. Ályktun þingsins 1935 var eitthvað á þá leið, að það teldi það rétta stefnu, sem fram kom í hinum nýju afurðasölulögum. En það gerði þá kröfu, að þegar ríkið tæki sölu afurða landbúnaðarins í sínar hendur, þá verði það um leið að tryggja bændum fullt framleiðslukostnaðarverð fyrir afurðirnar. Ályktun búnaðarþings frá 1937 var gerð út af till. frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga um að hækka verð á dilkakjöti með hliðsjón af framleiðslukostnaði. Og ályktaði búnaðarþing í tilefni af því að skora á kjötverðlagsnefnd að miða verð á kjöti á innlendum markaði við það, að bændur fái fullt framleiðsluverð, eftir því sem unnt væri.

Í sambandi við þetta framleiðsluverð vil ég drepa á stjórn afurðasölumálanna. Bændafl. hefir frá öndverðu gert þá kröfu, að framleiðendur fengju þar öll ráð. Búnaðarþing 1935 gerði einnig þá kröfu. Samband ísl. samvinnufélaga gerði einnig þá kröfu, þegar afurðasölulögin voru sett. En allar till. framleiðenda og forráðamanna framleiðenda um þessi efni hafa verið virtar að vettugi af hæstv. landsstj. og kröfur neytenda og verkamanna verið settar ofar kröfum bænda um þessi efni. Verkamenn vilja hafa óskertan rétt til að ákveða sinn vinnutaxta. Vinnan er þeirra vara. Þeir munu ekki vilja veita okkur bændum eða öðrum framleiðendum þar um nokkra hlutdeild. Búnaðarafurðir eru vörur okkar bænda. Við viljum einnig fá að ráða verðlagi á þeim, án nokkurrar íhlutunar neytenda eða verkamanna. Og að því ber okkur að vinna, að við fáum þessi yfirráð, sem við eigum kröfu til. Ég gat þess áður, að stjórnarflokkunum, og sér í lagi Framsfl., væri að skiljast krafan um tilkostnaðarverð, og má

benda á, að það er þegar komið inn í löggjöfina, t. d. í lögum um grænmetisverzlun. Og það er vissulega eigi orðin jafnerfið gáta að finna tilkostnaðarverð nú og áður var, að áliti ýmissa ráðamanna Framsfl. Eftir greinum, sem birzt hafa í dagblöðum Framsfl. nú undanfarið, mætti líta svo á, að flokkurinn, eða a. m. k. nokkur hluti hans, hefði séð sig um hönd og væri nú á góðum vegi með að taka upp hina gömlu bænda- og samvinnupólitík flokksins, þá stefnu, sem Bændafl. fylgir og hefir fylgt. Blöðin tala nú um, að öll framleiðsla þurfi að bera sig. Allt verður að bera sig; og er þetta í sjálfu sér rétt. En þjóðin hefir eigi átt slíku að venjast úr herbúðum stjórnarinnar undanfarið. Í kosningabaráttunni s. l. vor talaði frambjóðandi jafnaðarmanna norður í Eyjafirði um hin verri og hin betri öfl Framsfl. Að foringjar flokksins hér í Reykjavík gera einnig svo, má sjá undanfarið í Alþýðublaðinu. Frambjóðandinn gat þess, að hin verri öfl væru undir stjórn Jóns Árnasonar framkvæmdarstjóra. Ég vildi mega vænta þess, að „hin verri öfl", sem jafnaðarmenn svo kalla, innan Framsfl. undir forustu Jóns Árnasonar og S. Í. S. ættu eftir að verða yfirsterkari í flokknum, ættu eftir að vinna að viðreisn framleiðslunnar. En slíkt verður eigi gert í samstarfi við þjóðnýtingarflokka. Menn, sem fyrst og síðast gera sjauknar kröfur til örbjarga atvinnuvega um hækkað kaup, styttan vinnutíma og allskonar friðindi, vitandi um taprekstur þeirra og illa afkomu, þeir eru síztir allra líklegir til að bjarga framleiðslunni og þar með þjóðinni. Enda er vitað um suma þeirra, að þeir óska öllu atvinnulífi í kalda kol, þar sem þeir telja það greiðustu leiðina að hinu langþráða takmarki, sæluríki kommúnismans.

Frumvörp þau, er Bændafl. hefir borið fram á undanförnum þingum, miða flest að því á einn eða annan hátt að bæta afkomumöguleika atvinnuveganna, og þá einkum landbúnaðarins. Má þar benda á frv. um jarðræktarlög eða framhaldsnám bændaskólanna, tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, fóðurmjölsbirgðir o. fl. Ennfremur vil ég benda á eitt frv., sem flokkurinn hefir borið fram á undanförnum þingum, en það er frv. um rétta gengisskráningu. Það mál er nú komið í höfn hjá milliþingan. í bankamálum. Afstaða hinna stóru stjórnmálaflokka hefir verið nokkuð reikul í því máli. En svo mun nú komið, að ýmsir áhrifamenn innan þeirra flokka telja nú frv. Bændafl. um rétta gengisskráningu, eða frv., sem gengur í sömu átt, einna líklegasta og jafnvel einustu björgun út úr hinni fjárhagslegu þrengingu, til þess að reisa við atvinnulífið í landinu.

Bændafl. var stofnaður fyrir fjórum árum af Tryggva Þórhallssyni. Var hann stofnaður vegna ágreinings, sem upp kom innan Framsfl. Flokknum er borið á brýn af andstæðingum hans, að hann hafi svikið málefni bænda. Hvar er þá svikin að finna? Tryggvi Þórhallsson er kunnur sem hinn einlægasti og tryggasti vinur og málsvari bænda á Íslandi. Stefna flokksins var af honum mörkuð, og henni hefir verið fylgt fram á þennan dag. Dettur nokkrum í hug, að Tryggvi Þórhallsson hefði svikið sín helgustu mál, mál bændanna á Íslandi og íslenzkra sveita með stofnun flokksins? Þar sem flokkurinn hefir verið í stjórnarandstöðu frá byrjun, og hann jafnframt hefir verið fámennur, hefir hann fengið litlu áorkað, en eigi að síður hefir hann unnið það hlutverk að forða Framsfl. frá því að falla í þjóðnýtingarfaðm sósíalista. Og það hlutverk eitt er svo stórt, að íslenzkir bændur og hin íslenzka þjóð má vera flokknum þakklát fyrir.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að hv. 3. þm. Reykv. (HV) sagði í útvarpsræðu frá síðasta þingi, að af hræðslu við Bændafl. hefði Framsókn eigi þorað að ganga inn á þjóðnýtingar-„plön" sósíalista. Þetta voru nú ummæli þessa sterkasta og áhrifamesta manns innan jafnaðarmannaflokksins. Það var trú mín, þá er Bændafl. var stofnaður og ég skipaði mér undir merki hans, að sá flokkur mundi þess megnugur að safna bændum í einn allsherjar flokk. Framsfl. og Sjálfstfl. hafa eigi megnað svo að gera. Eins og nú er komið högum þjóðanna um hina harðvítugu stéttabaráttu — og þar erum við eða verðum engin undantekning —, þá er það hverri stétt lífsnauðsyn, og eigi síður bændastéttinni en öðrum stéttum, að sameinast til baráttu fyrir sínum hagsmunamálum. Þetta er öllum stéttum að verða ljóst, nema ef vera kynni bændastétt Íslands. Virðist svo sem hún hafi öðrum stéttum minni skilning á mætti og áhrifum samtakanna. En svo má það eigi vera. Íslenzkir bændur verða að skilja það, að sameining og samtök þeirra er fyrir öllu, eigi þeir ekki að verða undir í lífsbaráttunni, verða undirlægjur annara stétta. Ég treysti því, að sú eining muni um síðir takast undir merki og stefnu Bændafl., þar sem ég hefi talið og tel hann fremur öðrum flokk bænda og landbúnaðarins. En nafnið skiptir í raun og veru minnstu, ef stefnunni er fylgt. Sú stefna, sem nú er vissulega upp hjá ýmsum áhrifamönnum Framsfl. og hjá ráðamönnum S. Í. S., mætti vel verða til þess, að skemmra verði nú til samtaka og einingar íslenzkrar bændastéttar en margan grunar.

Ég vil enda þessi orð mín með þeirri ósk, að allir íslenzkir bændur bæru gæfu til þess fyrr en síðar að standa saman til baráttu fyrir sínum hagsmunamálum, án tillits til þess, hvaða pólitískum flokki þeir nú fylgja; og að hvaða nafn, sem sá flokkur ber, sem minnstu skiptir, þá verði hann helgaður byggðum landsins og íslenzkum landbúnaði. Íslenzkir bændur verða að bera sín mál fram til sigurs með félagssamtökum sínum. Geri þeir það eigi sjálfir, verður það ekki gert af öðrum. Íslenzka þjóðin hefir allt til þessa fyrst og fremst verið bændaþjóð. Vinnum að því, allir íslenzkir bændur, að svo megi verða í framtíðinni. Það verður vissulega íslenzku þjóðinni fyrir beztu.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. síðasti ræðumaður lýsti mjög greinilega hlutverki Bændafl., sem mér skildist hann telja, að væri nú með öllu lokið. Gengismálið, sem hefir verið hans aðalmál, er nú komið í örugga höfn og liggur þar, skildist mér á honum, bundið

öruggum tengslum. Hitt aðalhlutverkið, sem var að gæta bróður síns — framsóknarmanna fyrir jafnaðarmönnum — hefir einnig tekizt prýðilega. Og þar með skilst mér sem raunverulegu hlutverki flokksins sé lokið, svo að hann geti skoðað sig sem slíkan úr sögunni og gengið inn í Framsfl., eins og líka raun hefir borið vitni um á þessu þingi. —

Ég kemst ekki hjá því að minnast örfáum orðum á ræðu hæstv. forsrh. bæði í dag og í gær. — Ummæli hans í gær gefa mér tilefni til þess að segja það, að því miður er það ekki svo, að nokkrar líkur og því síður vissa sé fyrir því, að sú niðurstaða hefði fengizt að því er snertir kaup og kjör verkafólks í verksmiðjunum á Akureyri, er raun varð á, ef ekki hefði til verkfalls komið. Ég harma það að vísu að þurfa að segja þetta, en það er þó satt. Ég hirði ekki að fara nákvæmlega út í þær kjarabætur, sem fengust, en vinnutíminn var lækkaður úr 9 stundum niður í 8, og 12—17% kauphækkun og nokkur upphót fékkst þar að auki. Og það er víst, að ekki stóð þetta til boða, þegar verkfallið var hafið, og hafði þó lengi verið sótt á. *Ég segi þetta af því að ég harma það, að til slíkra átaka þurfi að koma milli félagsskapa, sem eru jafnskyldir eins og samvinnufélögin og verkalýðsfélögin, og vona ég, að slíkt þurfi ekki að endurtaka sig í framtíðinni.*

Út af ræðu hæstv. forsrh. í dag, þar sem hann sló því föstu, að hlutverk Framsfl. sé það að koma á því skipulagi yfirleitt, og þó sérstaklega núna, að hlutaskipti verði viðhöfð í útgerðinni, þannig að sjómenn og útgerðarmenn fái sannvirði fyrir sína vinnu, þá vil ég biðja hann að taka það til athugunar, hvort tímarnir nú séu heppilegir til þess að taka upp þessa aðferð, þegar það er margyfirlýst, að útgerðin sé rekin með tapi, og skýrslur hafa legið fyrir hjá sjálfum forsrh., sem sýna, ef þær eru réttar, að í raun og veru er ekkert eftir til þess að borga sjómönnunum, þegar búið er að greiða allar þarfir útgerðarinnar. Væri það því heppilegt að borga sannvirði vinnunnar á þessum tímum? Og hvert yrði það sannvirði og hverjir ættu að finna það út? — Ég get ekki stillt mig um að skjóta þessu fram til athugunar, þó að ég sé hæstv. forsrh. að ýmsu leyti sammála hvað þetta snertir. Því er ekki að leyna, að Frmsfl. og Alþýðufl. hafa mjög mismunandi skoðanir í ýmsum greinum þjóðfélagsmálanna, en að minni hyggju er það svo, að þeir ættu að geta unnið saman að þeim málum, er snerta hagsmuni sjómanna, verkamanna, bænda og iðnaðarmanna, og á því hefir í meginatriðunum stjórnarsamvinnan byggzt til þessa. Og það er von mín, að það lánist á þessum grundvelli að halda áfram samvinnunni, því að ennþá eru svo mörg mál óleyst, eins og hæstv. forsrh. benti á, að þar er nægilegt verkefni fyrir hendi, en þá þurfa flokkarnir að hafa gagnkvæman skilning á aðstöðu og nauðsyn hvors annars.

Hv. 5. landsk. hafði þau ummæli um Þýzkalandssamninginn, að hann væri þannig úr garði gerður, að ekki mætti taka þýzka togara, sem væru við ólöglegar veiðar í landhelgi. Reyndar sagði hann við mig í viðtali á eftir, að hann hefði ekki meint þetta nákvæmlega svona, heldur á þann veg, að ekki mætti taka þýzka togara, sem væru með ólögleg veiðarfæri innan landhelginnar. Þetta er ekki heldur rétt. Ég get ekki skýrt nákvæmlega frá efni þessa samnings, því að hann er leynilegur. Það er samkomulag um að birta hann ekki, og það veit þessi hv. þm. og skákar ósanngjarnlega í því skjóli. En ég vil aðeins segja það, að engin frekari fríðindi eru í þessum samningi til handa þýzkum veiðiskipum heldur en hefir verið um mörg undanfarin ár til handa brezkum veiðiskipum, og það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði um þetta atriði.

Sami hv. þm. var að tala um það, að heppilegra væri að byggja nýj mótorskip heldur en togara, og flytur hann till. um það, að ríkissjóður ábyrgist allt að 700 þús. kr. til kaupa á slíkum skipum á árinu 1938. Ég tel afaræskilegt, að hægt sé að auka veiðiskipaflotann, en tel ekki miklar líkur til þess, þó að till. verði kannske samþ., að hægt sé að framkvæma það í bili af ýmsum ástæðum.

Ég vil þá víkja að hv. þm. G.-K. Hann var *óvenjulega úfinn í skapi*, sá prúði maður, og næstum því óvenjulega stórorður, þó að það sé ekki neitt nýtt. Enda skildi ég ástæðuna, því að hann má hvorki heyra né sjá mann, sem heitir Finnur Jónsson, svo að hann ekki trylli ist með öllu og tapi sönsum. Hann byrjaði ræðu sína með einhverjum mesta illindavaðli, sem nokkru sinni hefir heyrzt hér á Alþ., talaði um mútur og ósæmilegt framferði og notaði yfirleitt þau verstu orð, sem hann gat upp hugsað, gersamlega frá sér numinn. Og hvert var svo tilefnið? Það er það, að Finnur hefir verið formaður sjútvn. og formaður síldarbræðslustjórnarinnar s. l. 2 ár. — Hann sagði t. d. um það, hversu hrópleg stjórn Finns Jónssonar hefði verið, að hann hefði selt lýsið fyrir £ 21 sama daginn sem annað firma, Alliance, seldi fyrir £ 22. Og þetta er rétt, og það eina rétta í ræðu hv. þm., en hann veit það mæta vel, að það var ekki hægt að selja nema það litla „partí", sem Alliance seldi, fyrir £ 22, og annaðhvort var að selja þá fyrir £ 21 eða hver veit fyrir hvað lágt verð einhverntíma síðar. Og hvers vegna seldi ekki Kveldúlfur fyrir £ 22, úr því að það var glópskapur af Finni Jónssyni að fá ekki það verð, og hvers vegna seldi hann ekki fyrir £ 21? Hann sagði, að síldarverksmiðjur ríkisins hefðu selt fyrir £ 18 samtímis því, sem Kveldúlfur hefði getað selt fyrir £ 19. En hvers vegna gerði hann það ekki?

Ég hirði svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. En viðvíkjandi störfum síldarútvegsnefndar má benda á það, að samtímis því sem Norðmenn stórtapa á síldveiðunum og verða að eyðileggja mikið af sinni síld, er útlit fyrir, að okkur lánist að selja við sæmilegu verði alla okkar framleiðslu, og sumt af henni fyrir mjög hátt verð.

Hv. þm. G.-K. taldi, að það væri býsna hart að fara þá leið í skattamálum að sækja fé beint ofan í vasa skattborgaranna. Ég verð nú að segja það, að mér er með öllu óskiljanlegt, hvaða aðra leið ríkisstj. á að fara til þess að

fá fé heldur en þá að taka það úr buddu skattborgaranna, nema þá með því að taka lán eða fara inn á stórfeldan ríkisrekstur, sem verði til hagnaðar fyrir ríkissjóð, eins og gert er nú að nokkru leyti hér, með t. d. einkasölu á tóbaki og áfengi, sem að vísu er ekki ánægjuleg verzlun. En ég kann engin tök til þess að taka tolla og skatta af fólkinu á annan hátt en þann að taka það úr buddu þess.

Um setu mína í ráðuneytinu sagði hv. þm. G.-K., að það væri Alþfl. og mér til hinnar mestu háðungar að sitja áfram í ráðherrastóli. Hann verður nú að sætta sig við það, að ég fer ekki að hans orðum um það, hvort ég sit lengur eða skemur í ráðherrastóli. Ég skýrði frá því í gær, að vegna ágreinings, sem varð milli stjórnarflokkanna, og vegna þeirrar yfirlýsingar, sem ég gaf á síðasta þingi, var efnt til kosninganna nú í sumar, og þær felldu þann stóra dóm yfir „breiðfylkingunni", að þjóðin vildi ekki með nokkru móti, að hún kæmist til valda. Átti ég þá að óska þess, að „breiðfylkingunni", t. d. hv. þm. G.-K. og hans flokksmönnum, yrði falið að mynda stjórn, þegar vilji kjósendanna var greinilega sá, að haldið yrði áfram því samstarfi, sem verið hafði milli Framsfl. og Alþfl? Að gera slíkt hefði verið svik við kjósendur.

Um það samkomulag, sem varð milli stjórnarflokkanna, sé ég ekki ástæðu til að vera fjölorður, en vil aðeins benda á það, að aldrei nokkurntíma fyrr hefir verið hér á Alþ. varið jafnmiklu fé til eflingar og stuðnings sjávarútveginum eins og einmitt nú á þessu þingi. Samanlagt nema framlög til sjávarútvegsins og léttir á sköttum um 1100 þús. kr. samkv. lögum og samþykktum, sem gerðar hafa verið á þessu þingi. Og ég verð að segja það, að kröfur sjálfstæðismanna í þessum efnum hafa allar verið smærri en þetta. En hitt er skiljanlegt, að okkur hv. þm. G.-K. greinir mjög á um það, á hvern hátt heppilegast sé að verja þessu fé.

Hv. þm. G.-K. vildi hlaupa frá þeim orðum sínum, sem hann viðhafði um togaraflotann 1934, þegar hann komst svo að orði, að togararnir væru „ryðklafar og fúaduggur". Nú vildi hann segja, að ummæli sín hefðu verið á þá leið, að ef Haraldur Guðmundsson fengi að ráða, mundi svo fara, að þessir ryðklafar yrðu fúaduggur og mannhættulegar fleytur. En þetta lætur undarlega í eyrum, þegar þess er minnzt, að hann svo hatramlega berst á móti því nú á Alþ. að endurnýja lítinn part togaraflotans. Og það er hart, að sá maður, sem svo átakanlega hefir lýst ástandi fiskiflotans, skuli leyfa sér að spyrna gegn því, að reynt sé að endurnýja lítinn part af flotanum. Annars vil ég í sambandi við þær lýsingar, sem þessi hv. þm. og raunar fleiri hafa látið sér tíðrætt um ástandið hér á landi nú, segja það, að þar er mjög hallað til verri vegar. Ég verð að segja það, að ástandið hjá okkur nú er engu verra en það hefir verið undanfarin 3 haust, og að sumu leyti er það betra. Ég veit ekki betur en að landbúnaðinum hafi vegnað vel síðastl. ár, að undanskildu því afhroði, sem hann hefir hlotið af pestinni. Ég veit ekki betur en að síldveiðarnar hafa gengið vel í sumar, svo að það hefir bætt upp þann halla, sem af þorskveiðunum varð. Ég veit ekki betur en að húsbyggingar, iðnaður og jarðræktarframkvæmdir séu með mestum blóma, sem þær hafa verið í þessu landi. Það hefir verið meira unnið að hafnargerðum og lendingarbótum, meira unnið að vegagerð en nokkurntíma áður. Þetta sýnir, að fólk hefir trú á því, að það sé til einhvers að vinna að bæta aðstöðuna og skilyrði fólksins hér á landi. Ég veit að vísu, að það hefir verið þurrkleysissumar á nokkrum hluta landsins. En ég veit líka, að það hefir lánazt að afstýra, að af þessu hlytist verulegt tjón, með fóðurbætiskaupum. Ég verð þess vegna að mótmæla því, að útlitið fyrir atvinnuvegina sé sérlega vont, að einu undanskildu, og það er ekki því að neita, að það hefir verið meginþátturinn í okkar atvinnulífi, en það eru saltfiskveiðarnar og saltfiskverkun. Þar er útlitið slæmt. En þó er það ekki verra en það, að ef miðað er við 2 síðustu ár síðan markaðslokunin varð fyrir alvöru, þá er óhætt á næsta ári að veiða 50 þús. tonn af fiski til söltunar. Og ég verð að segja það, að ef við hefðum í ár fiskað 50 þús. tonn af saltfiski í stað 29 þús. tonn, þá hefði hér orðið veltiár, jafnvel þó að verðið væri ekki hærra en raun varð á. Ég álít, að það sé óþarft að mála framtíðina eins svart eins og gert er. Ég vil líka minna á, að þrátt fyrir erfiðleika í sambandi við markaðslokanirnar, þá hefir samt lánazt að fá fullan greiðslujöfnuð 2 síðustu ár. Ég verð að segja það, að það má ekki um of telja kjark úr fólki, eins og ég tel þó heimskulegt að draga úr erfiðleikunum. Það getur auðvitað enginn sagt um framtíðina, en það eru líkur til þess, að ekki verði 3. árið jafnvoðalegur aflabrestur og 2 síðustu ár. Ég kemst ekki hjá því að minnast á endurtekin ósannindi hv. þm. G.-K. um það, að ég hafi neitað h.f. Kveldúlfi um byggingarleyfi fyrir verksmiðju á Hjalteyri. Því hefir aldrei verið neitað. Leyfið var þvert á móti veitt, og það var ekki notað innan þess tíma, sem það var veitt til, og þess vegna var það tvisvar framlengt. Þegar það svo rann út í síðasta skiptið, var komið fram frv. í þinginu um að gera h.f. Kveldúlf upp. Einnig stóð á því, að lán til byggingarinnar fekkst ekki nema með því, að Landsbankinn veitti viðbótarlán. Meðan þessu fór fram var þýðingarlaust að endurnýja leyfið. Og ég vildi ekki leggja hönd að því, að Landsbankinn veitti nýtt milljónalán til Kveldúlfs í viðbót við það, sem fyrir var. Það var þess vegna ekki ég, heldur Landsbankinn og Alþ., sem stóð á um byggingu verksmiðjunnar á Hjalteyri. En nú hefi ég veitt Kveldúlfi byggingarleyfi til að bæta við verksmiðjuna fyrir 2400 málum. Hv. þm. G.-K. sagði í lok ræðu sinnar, að það væri Sjálfstfl., sem alla tíð hefði haft forustuna í sjávarútvegsmálunum allt fram á þennan dag. Þetta mun vera rétt. En ég er ekki viss um, að það sé mikið um að hælast. Hv. þm. hefir sjálfur lýst ástandinu, ekki einasta nú, heldur líka á árunum 1934—1935. Og þær lýsingar eru hroðalegar á frammistöðunni í sjávarútvegsmálunum undanfarin ár. Það hefir verið svo mikil einhæfni í þessum atvinnuvegi, að slíks eru ekki dæmi meðal siðaðra þjóða.

Eina markaðsvaran, sem þessi atvinnuvegur hefir haft upp á að bjóða, hefir verið saltfiskurinn. Það er þess vegna, að það var svo mikið áfall fyrir útveginn, þegar saltfiskmarkaðirnir lokuðust. Um gengislækkunina sagði hv. þm., að hann hefði tekið sína afstöðu hér á Alþ. Og hann sagðist hafa flutt tvisvar frv. um það, að útgerðarmenn fengju yfirráð yfir sínum gjaldeyri. Ég er sammála honum um það, að það er nauðsynlegt, að gjaldeyrir sé jafnan til reiðu fyrir útvegsmenn til innkaupa á útgerðarvörum. En hv. þm. bætti við þessi ummæli sín, að hann teldi eðlilegt, að útgerðarmenn krefðust að fá sinn gjaldeyri allan til eigin ráðstöfunar. Hann kvaðst, þegar hann bar þessi frv. fram, hafa gert það sem þm., en hinsvegar sagði hann, að það væri ekki nema eðlilegt, að hann sem útgerðarmaður vildi fá allan gjaldeyri útgerðarinnar henni til handa, enda var það hljóðið í honum, þegar ég sat ásamt honum fund með útgerðarmönnum. Það er sami tvískinnungurinn í honum í þessu eins og fyrir kosningarnar. Hann slær úr og í og þorir í hvoruga löppina að stíga. Það er ef til vill mannlegt hjá hv. þm., en karlmannlegt er það ekki. Hv. þm. sagði, að það væri sízt undrunarefni, þó að þeir tækju með sér hljóðskraf, hv. þm. S.-Þ. og hann, nú á þessum vandræðatímum, þegar pestin væri að drepa landbúnaðinn, útvegurinn væri að sligast og þrengingarnar þjökuðu alla þjóðina, þá væri sízt ástæða til þess að þykja það miður, þó að menn hugsuðu ekki um hefndir eða væru að troða illsakir, þá færi vel á, að menn létu gamlar væringar niður falla. Ég verð að segja, að þetta er fallega mælt, og eiginlega öllu blíðlegar en ég hefði búizt við af þessum hv. þm. En ég vildi mega spyrja hann í þessu sambandi: Er það svo, að hann og form. Framsfl. séu að verða sammála um það, hvernig eigi að mæta þrengingunum? Hefir ágreiningurinn milli þeirra ekki verið um það, hverjar ráðstafanir skyldi gera af hálfu sjórnarvaldanna til að mæta erfiðleikum þjóðarinnar? Er það ekki þetta, sem hefir skipt þeim í 2 flokka, hv. þm. G.-K. og hv. þm. S.-Þ.? Eru þeir nú allt í einu orðnir sammála um það, hvernig eigi að mæta þessum erfiðleikum? Það væri fróðlegt að vita, og eiginlega á þjóðin heimtingu á að fá að vita, hver þessi sameiginlega lausn er. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að hv. þm. sé hér á þessu þingi og við þessar umr. á biðilsbuxunum. Og ég verð að segja, að síðustu orð hv. þm. bentu til þess, að það væru engir garmar, heldur hefði hann nú puntað sig í sínar beztu buxur. Ég vil endurtaka þessa fyrirspurn: Er það svo, að á þessum tíma séu þeir hv. þm. G.-K. og hv. þm. S.-Þ. búnir að finna einhver sameiginleg ráð til að afstýra erfiðleikum þjóðarinnar? Og hver eru þessi ráð, sem þeir eru sammála um?

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þeir fulltrúar Bændafl., sem hér hafa talað, virðast vera í vandræðum með ræðuefni, og er í raun og veru ekki ástæða til að svara þeim. Hv. þm. Dal. minntist á það hér í gær, hvað gífurleg hækkun það væri á tollunum, sem núv. stjórnarflokkar væru að koma í kring. Hv. þm. tók 2 dæmi. Annað var um það, að nú ætti að tolla rúgmjöl og nú ætti að tolla saumnálina í höndum húsmóðurinnar. Ég get upplýst þennan hv. þm. um það, að sá tollur, sem nú er fyrirhugaður, er ekki meiri en það, að hann mundi nema á hverja rúgmjölstunnu eitthvað um 26 aur., miðað við verðið 1936. Ég hygg nú, að enginn blikni eða bláni við það. Viðvíkjandi saumnálinni ætla ég að segja honum það, að ég hefi ekki haft tíma til að reikna út tollinn á henni, en ég vil leyfa mér að gera fyrirspurn um það til hv. þm., hvað hann muni vera mikill. Til þess að gera hv. þm. hægra fyrir, þá skal ég gefa honum það eftir, að hann segi mér aðeins hvað tollurinn er af stoppunál, því það mun auðveldara að reikna það. Ég vænti þá, að þessi hv. þm. þurfi ekki að vera í vandræðum með ræðuefni næst.

Það hefir dregizt hér inn í umr. Akureyrardeilan. Hæstv. atvmrh. sagði hér út af orðum hæstv. forsrh., að þau kjör, sem fengust, mundu ekki hafa fengizt fyrirfram. Um þetta veit hæstv. atvmrh. ekkert, því að það reyndi ekkert á það. Út af því, sem hér hefir verið rætt um síldarverksmiðjufrv., sem liggur fyrir þinginu, þá hefir hv. þm. Barð. beðið mig að leiðrétta það hjá hv. þm. Ísaf., sem hann sagði, að hv. þm. Barð. hefði sagt, að það hefði átt að greiða 7 kr. fyrir málið í sumar. Hann sagði þetta aldrei. Út af því, sem hv. þm. Ísf. sagði um það, að eitthvert bandalag væri milli Sjálfstfl. og Framsfl. um ákvæðin viðvíkjandi greiðslu síldarinnar til sjómanna, þá vil ég svara því, að Framsfl. hefir lagt til, að ekki yrði greidd nema 85% af áætluðu verði síldarinnar við afhendingu, en afgangurinn yrði greiddur, þegar séð yrði, hvers virði síldin væri. Á móti þessu hafa allir hinir flokkarnir gengið, Sjálfstfl., Alþfl. og Kommfl. Ef þannig um einhverja samfylkingu er að ræða í þessu máli, þá er hún á milli þessara flokka.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að útgerðarmenn ættu heimtingu á réttu verði. Það er rétt, þeir eiga heimtingu á réttu verði, en hvorki meira eða minna. Eina leiðin til þess að fá þetta verð er að borga það, sem síldin gefur af sér. Hver hefir orðið var við það, að bændurnir hafi komið til kaupfélaganna og sagt við þau, að ef þau gætu ekki tryggt þeim ákveðið verð, þá hættu þeir bara atvinnurekstrinum. Þetta hefir aldrei komið fyrir. Og hver getur fyrirfram ímyndað sér, að útgerðarmenn séu svo mikið öðruvísi menn, að þeir myndu taka upp á slíku. Alþýðuflokksmenn hafa látið sér tíðrætt um það, að formaður Framsfl. og formaður Sjálfstfl. sætu á hljóðskrafi. Það eru haldnar langar ræður um þetta, eins og það séu einhver sérstök tíðindi, þó að hv. þm. tali saman. Ég veit ekki til, að það séu neinir af hv. þm., sem eru þannig í hver annars garð, að þeir ekki geti talað saman. Ég held meir að segja, að hv. þm. Ísaf. og hv. þm. G.-K. geti talað saman, þó að það kunni að þykja óliklegt. Þessar dylgjur um það, að eitthvað sérstakt sé hér á ferðinni, eiga ekki við neitt að styðjast. Hv. þm. G.-K. sagðist geta leitt hjá sér að svara hæstv. forsrh. Ég hygg, að það hafi verið vegna þess, að hann skorti rök til

að hnekkja þeim glögga samanburði, sem forsrh. gerði á málflutningi þessa hv. þm., eftir því við hverja hann talaði, og þeirri lýsingu, sem ráðh. gaf á skrumauglýsingum Sjálfstfl. Hv. þm. G.-K. sagði, að það væri rangt að halda því fram, að skattarnir hefðu hækkað um 7 millj., þó að þeir sýndust hafa hækkað verulega, en það taldi hann stafa af því, að fólkið gæti ekki borgað. Heldur hv. þm., að það sé verra fyrir fólk að borga 12 millj. kr. í skatt nú en fyrir 2 árum, af því að ekki er leyft að flytja inn óþarfa? Hv. þm. talaði með sínum venjulega hroka um hinar gífurlegu nýju tolla- og skattaálögur stjórnarinnar. En það er nú svo, að tollarnir eru ekki ennþá komnir upp fyrir það, sem þeir voru þegar núv. stjórn tók við völdum. Þetta kallar hv. þm. G.-K. gífurlegar álögur. En var það ekki hans flokkur, sem ákvað þessar álögur, á þessum vörum, sem nú eru allt í einu orðnar svona gífurlegar. Þetta er lítið sýnishorn af röksemdum hv. þm. Hv. þm. sagði, að það væri röng málfærsla hjá mér að krefja hann reikningsskapar á því, hvernig Sjálfstfl. ætlaði sér að mæta þeim útgjöldum, sem leiddu af þeim frv., sem hann ber hér fram. Er ekki eðlilegt, að flokkurinn sé krafinn reikningsskapar á því, hvernig hann ætlar að framkvæma sínar eigin till. Þetta ber að skoða sem yfirlýsingu um það, að Sjálfstfl. meini raunverulega ekkert með þeim till., sem hann er að flytja hér á Alþ. í skrumauglýsingaskyni, eins og hæstv. forsrh. skýrði hér áðan. Ég skal nú leysa hv. þm. undan þeirri skyldu að standa við þau frv., sem hann hefir sjálfur flutt og flokkur hans, en þá ætlast ég til, að hann geri annað; það er að hann sýni fram á, hvernig hann ætlar með niðurskurði að mæta þeim nýju greiðslum, sem nú hafa verið samþ., ásamt þeim halla, sem fyrir er. Til þess að standast það þyrfti að skera niður útgjöldin um 2 millj. og 700 þús. kr., eða með öðrum orðum þá upphæð, sem nú er tekin með nýjum sköttum. Til þess að gera hv. þm. ennþá léttara fyrir, skal ég ekki fara fram á meira en það, að hann bendi á, hvernig hann ætlar að skera niður 1 millj. af þessari upphæð. Ég vil með þessu gefa honum tækifæri til að standa við lítið brot af þeim fullyrðingum, sem hann hefir haft yfir hér á Alþ. Ef hann ekki hefir sjálfur tíma til, þá ætlast ég til þess, að það verði gert af öðrum ræðumönnum Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstfl. þarf ekki að halda, að hann geti komizt upp með það þing eftir þing að tala um sparnað og á móti nýjum sköttum án þess að gera minnstu tilraun til að sýna fram á, hvernig eigi að mæta greiðslunum, sem þeir telja þó sjálfir óumflýjanlegar.

Þá var hv. þm. að minnast á verðlagið í Reykjavík. Það var nú mest óskiljanleg þvæla, en mér skyldist þó, að hann meina það helzt, að hér hefði aldrei þrifizt kaupfélag fyrr en Kaupfélag Reykjavíkur, af því að það hefði verið verndað af ríkisstj. Hver er þessi vernd? Kaupfélag Reykjavíkur hefir enga vernd fengið. Það hefir aðeins fengið innflutning í hlutfalli við meðlimatölu sína. En í frjálsri samkeppni við kaupmennina hefir kaupfélaginu tekizt að halda niðri verðlaginu í Reykjavík þrátt fyrir hækkað verð í innkaupi. Ég ætla því að standa við það, að núv. stjórn hefir með þessum ráðstöfunum forðað mönnum frá verðhækkun sem nemur miklu meiri upphæð en tollarnir. En hv. þm. G.-K. sýnir með þessu, að það er ekki verðlagið, sem hann er að hugsa um, þegar hann er að tala á móti tollunum; það sýnir hann bezt með afstöðu sinni til kaupfélaganna. Þannig stenzt raunveruleikinn um fjármálastj. bæjarstj. Rvíkur, enda er mér ekki kunnugt um, að á þessu tímabili hafi verið gerð minnsta tilraun til þess að skera niður fjárhagsáætlun bæjarins, á sama tíma og skorið hefir verið niður frá ríkinu.

Þá mun ég ekki tala meira um fjármálin, en af því að hér hefir verið rætt mikið um sjávarútvegsmál, ætla ég að snúa mér að þeim með nokkrum orðum. Þegar rætt hefir verið um sjávarútvegsmál á undanförnum þingum, og sjálfstæðismenn hafa verið spurðir, hvar þeir ætluðu að taka peningana til að sinna öllum þeim kröfum, sem þeir hafa borið fram, hafa þeir alltaf svarað: „Við erum reiðubúnir til að semja um það, svo að till. okkar valdi ekki tekjuhalla hjá ríkissjóði“. En þegar um svipaðar till. er að ræða frá stjórnarflokkunum, ráðast sjálfstæðismenn á okkur fyrir að bera þær fram. Á sínum tíma lækkaði Jón Þorláksson gengisviðauka á kolum og salti, og fyrir það var hann dásamaður í blöðum Sjálfstfl., og var þó góðæri þá. Nú, á þessum erfiðleikatímum erum við búnir að fallast á um tollgreiðslur sjávarútvegsins sem hér segir:

Allan kola- og salttollinn.

Þegar Jón Þorláksson gerir 1/10 af því, sem við gerum, er hann dáður af þeim sömu mönnum, sem segja, að það muni ekkert um það, sem við gerum, þegar við gerum 1% á móts við Jón Þorláksson. Þetta sýnir, að kröfur sjálfstæðismanna eru ekki gerðar til þess að fá ákveðinn árangur, heldur til þess að troða illsakir við þá flokka, sem taka á sig ábyrgðina.

Nú vil ég spyrja um eitt. Hvernig stóð á því, að Sjálfstfl. hékk við stjórn árin 1932 og 1933, á þeim miklu tapsárum, án þess að hreyfa hönd né fót til þess að styrkja útgerðina á nokkurn veg? Vill hv. þm. G.-K. reyna að svara þessu?

Að síðustu vil ég segja þetta: Útgerðarmenn hafa ekki eingöngu beint kröfum sínum til ríkisstj., heldur líka til þingflokkanna. Hverju hefir hv. þm. G.-K. svarað þar fyrir hönd síns flokks? Engu nema vífilengjum. Höfuðkrafa útgerðarmanna er sú, að þeir fái að selja gjaldeyri sinn á frjálsum markaði, en það þýðir gengislækkun. Þetta vill hv. þm. ekki hér á þingi, en þegar hann talar við útgerðarmenn, heldur hann þeim uppi á snakki um, að þeir geti bætt útveg sinn með þessum kröfum. Sjálfur hefir hv. þm. sagt, að afnám tollanna hafi enga höfuðþýðingu, enda sjáum við það, hvað 3000—4000 kr. á togara eru af 110 þúsundum.

***Einar Olgeirsson:** Hæstv. forseti! Það vantaði ekki rostann í hv. þm. G.-K., þegar hann var að tala í útvarpið í gær og í dag. Það var

eitthvað annað en framferði þeirra íhaldsmanna annars hér á þingi, því að hér nenna þeir varla að mæla með sínum eigin frv.; hér í útvarpinu, frammi fyrir hv. kjósendum, þenja þeir sig um nýju tollana og hve ósvífnir þeir séu, en við 1. umr. um aðaltollafarganið í hv. Nd. hreyfði enginn þeirra legg eða lið til að mótmæla tollunum. Það vorum við hæstv. fjmrh. einir, sem deildum um þá. Svona er nú munurinn á þeim íhaldsmönnum, eftir því, hvort þið hlustið á eða ekki.

Það er alveg sérstaklega eftirtektarvert, hvað íhaldið hefir haft hægt um sig á þessu þingi, þó að það hinsvegar hafi borið fram frumvörp í þingbyrjun, sem þýddu minnkaðar tekjur og aukin útgjöld ríkissjóðs upp á 4—5 millj., og þó að það bregði sér á þeysingssprett í lýðskruminu hér í útvarpinu. Á þinginu hefir auðsjáanlega ein hugsun gagntekið íhaldsforingjana — hugsunin um bandalagið við Jónas frá Hriflu. Hægra brosið hefir seitt þá, lyktin af kjötkötlunum, sem þeir eru alltaf að fordæma, hefir lokkað þá. Eftir að hafa drepið aumingja Bændafl. í flatsænginni hjá sér í vor, þá mæna þeir nú hungruðum augum til Framsóknar og vilja nú fá hana til að fara sömu leiðina. Þið tókuð líka eftir því í gær, að það féll vart styggðaryrði af vörum hv. þm. G.-K. í garð Framsóknar. Þeir vilja nú taka sig vel út í augum samvinnumanna, þessir nýju vinir Jónasar frá Hriflu. En það er dálítið annað að heyra til þeirra íhaldsmannanna stundum hérna í þinginu, ef þeir reiðast og fara að tala um „þjóðlygina", sem Framsókn byggi tilveru sína á, svo sem t. d. kenninguna um „tvöfalda skattinn", eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði í ræðu um daginn. En það var ekki ætlað fyrir eyru samvinnubændanna, sem átti að fara að fleka til samstarfs við íhaldið, á móti verkalýðnum. Ég býst við, að í umtalinu um tvöfalda skattinn birtist hvað bezt tvöfeldnin í íhaldinu, þegar það er að manga til við Framsókn nú, þegar arftakar selstöðukaupmannanna vilja fara að vingast við samvinnuhreyfingu landsins.

Og þá vantaði nú ekki blíðmælgina við alþýðuna hjá hv. þm. G.-K. í gær. Hann viknaði, þegar hann talaði um tollana. Jú, þeir eru nógu slæmir, nýju tollarnir upp á á aðra millj. En hv. þm. gleymdi bara að minnast á skattinn, sem heildsalaklíkan í Reykjavík, aðaluppistaðan í íhaldinu, leggur á þjóðina. Kostnaðurinn við að koma innfluttum vörum, sem kosta 50 millj. kr. í innkaupi, út til þjóðarinnar, er yfir 20 millj. kr., og af því tekur heildsalastéttin 4—5 millj. kr. í hreinan gróða. Og þegar við kommúnistar höfum lagt til að skera þennan 4—5 millj. kr. heildsalatoll niður, þá þýtur íhaldið upp til handa og fóta og æpir sig hást um verzlunarfrelsi. En þegar alþýðan hefir viljað njóta verzlunarfrelsisins og skapað sín eigin samtök, þá hefir íhaldið hamazt á móti því, að þau fengju gjaldeyrisleyfi, hrópað upp um óréttlæti o. s. frv. Verzlunarfrelsið á að þeirra dómi að vera frelsi 10—20 heildsala til að okra á þjóðinni, — og verstu tollarnir eru að dómi íhaldsins sjálfsagðir, ef það bara eru heildsalarnir, sem leggja þá á og kalla þá álagningu. —

Ósvífnast verður þó þetta hjartnæma hjal íhaldsins út af dýrtíðinni, þegar það er athugað, að sjálfir forsprakkar íhaldsins heimta á sama tíma gengislækkun, sem alltaf næmi ca. 20%, m. ö. o. um leið og þeir bölsótast út af tollum upp á 2—3 millj. — og ég ætla vissulega ekki að mæla þeim tollum bót —, þá heimta þeir verðhækkun á öllum innfluttum nauðsynjavörum, sem myndi nema um 8 millj. minnsta kosti.

Svo tala þessir sömu herrar af mikilli andakt um atvinnuleysið, — það vantar ekki tilfinninguna með verkamönnum og sjómönnum, þegar t. d. hv. þm. G.-K., ÓTh, talar hér í útvarpið um hið sívaxandi atvinnuleysi. En á sama tíma er bróðir hans, Richard Thors, að tilkynna f. h. togaraeigenda, að eftir nýár verði togurunum lagt, neitað að ganga að kaupkröfum sjómanna og atvinnuleysið aukið. — Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri, má íhaldsfl. segja.

En samt er nú allt, sem íhaldið vill gera fyrir neytendur, verkamenn og sjómenn, bara smásmíði hjá öllu því, sem þessir háu herrar vilja gera fyrir útgerðina. Það er ekkert smáræði, sem þeir segjast vilja gera fyrir hana núna. En hvað gerðu þeir, þegar þeir höfðu sjálfir ráðin til þess?

1932 komu þeir á einokun á saltfiskinum, og Ólafur Thors gaf út bráðabirgðalög, sem lögfestu einkasölu á saltfiski handa hring, sem h.f. Kveldúlfur réði. Og 1934 höfðu þessir herrar líka tækifæri til að gera dálitið fyrir saltfiskútgerðina, — og hvað gerðu þeir? Þeir settu verðjöfnunargjaldið alræmda á fiskinn, 5 kr. á skippund, sem síðan var mest allt notað í mútur til Spánar. Sem sé: þegar þessir herrar réðu, fengu ísl. fiskimenn að borga 1½ milljón, en spánskir auðmenn og fasistar hirtu það! Svona er nú veruleikinn!

Hv. þm. G.-K. talaði af miklum móði áðan um makk sitt við formann Framsfl. Hann kvað þjóðina í voða. Ég vil segja honum, að einn aðalvoðinn stafar einmitt af þessu makki þeirra í þjónustu Landsbankavaldsins. Hann kvað pestina vera að drepa sauðfénað bænda. Það er rétt, en það bætir ekki að koma andlegri pest íhaldsins í Framsfl. líka.

Og hv. þm. kvaðst ekki mundu fangelsa okkur kommúnista, þó að hann kæmist til valda. Annað hugði hann á, þegar hann var að undirbúa fangelsun helztu foringja Kommfl. og Alþfl. eftir 9. nóv. 1932, og annað sýna stéttardómarnir yfir 30 kommúnistum á Siglufirði, svo að honum er bezt að spara sér blíðulætin við okkur. Mér finnst, að hv. þm. ætti að lofa því að afnema alla tolla og skatta, og svo gæti hver fengið það, sem hann þyrfti, úr ríkissjóði, því að heildsalarnir og stórútgerðarmennirnir mundu borga í hann af fúsum vilja allt, sem þyrfti — eftir trú hv. þm. G.-K.!

Þegar þessi flokkur, sem nú kallar sig Sjálfstæðisflokk, kom fram í íslenzku þjóðlífi, kallaði hann sig *sparnaðarbandalag* og ætlaði sérstaklega að berjast á móti allri eyðslu rauðu flokkanna. Nú stendur hann sjálfur með útgjaldafrekustu till., sem nokkur flokkur hefir

borið fram á nokkru þingi og kvartar um, að of lítið sé að gert. Þetta sýnir betur en nokkuð annað þróun þessa flokks úr gamaldags íhaldi yfir í nútíma hálffasistiskan flokk, með öllu því lýðskrumi, sem slíkum fylgir. Ég vona, að menn láti því tal hans ekki villa sig, en dæmi íhaldið nú sem fyrr eftir verkum þess.

Ég verð að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Dal. Nú er hann svo langt leiddur, að hann er farinn að hæla Jónasi frá Hriflu, eða ætti ég heldur að segja, að hv. þm. S.-Þ. væri svo djúpt sokkinn, að hann væri orðinn fyrirmynd í augum foringjans í Bændafl.?

Hv. þm. Dal. talaði um nauðsynina á vinnulöggjöf. Ég ætla ekki að fara að deila við hann um hana. Ég ætla bara að segja honum það, að *allir verkamenn og margir bændur líta svo á*, að áður en farið verði að skerða dýrmætustu réttindi verkamanna — rétt þeirra til samtaka og verkfalla, rétt þeirra til að setja sanngjarnt verð á vinnu sína —, áður en það verði gert, ætti að setja lagalegar skorður við því, að hægt sé að braska með jarðir og lóðir í landinu, öllum vinnandi mönnum til óþurftar, og hindra það, að menn geti sett svo ósanngjarnt verð á það, sem þeir selja, að menn t. d. kaupi á 4000 kr. og selji aftur á 40000 kr.

Þá kem ég að hæstv. ráðherrum. — Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, að tekjuöflunarfrv. okkar gæfu ekki 1 millj. Þetta er alrangt, og ég skal sanna það með framburði stjórnarsinna sjálfra:

1) Stóríbúða- og háleiguskattur, sem lendir eingöngu á lúxusíbúðum og óhóflegri leigu, gefur ..... kr. 200000

Nú, hv. þm. S.-Þ. segir 1933, að hann sé varlega áætlaður *150000* kr. Hæstv. núv. atvmrh. áætlar árið 1931 hvern skattinn um sig 200000 kr. Þá sé ég ekki, að sé of mikið að við áætlum báða skattana 200000 kr. nú.

Hæstv. forsrh. gerði þá aths., að menn væru ekki svo bjartsýnir nú, að þeir reistu stórhýsi yfir sig, en annað sýnir nú verulcikinn. En má ég spyrja hæstv. ráðh.: Var bjartsýnin meiri árið 1933, á svartasta kreppuári, þegar hv. þm. S.-Þ. bar fram samskonar frv.?

2) Vaxtaskatturinn. Hv. þm. S.-Þ. hefir áætlað 25% af sömu stofnum og við, og verða það alls 1250000 kr. Við höfum áætlað 10% = 500000 kr.

Þá eru eftir: Verðhækkunarskattur á fasteignir. Lúxusbílaskattur. Stighækkandi fasteignaskattur. Alls minnst 300000 kr.

Hæstv. forsrh. talaði hér áðan af miklum móði um að við kommúnistar værum ekki að deila hér á til að efla stjórnarsamvinnuna. Við deilum hér á stjórnarflokkana til að fá þá til að hætta við íhaldsstefnuna. Við heimtum af þeim, að þeir framkvæmi stefnuskrá Framsfl. og Alþfl. Við erum rödd kjósendanna til þeirra, ég vil næstum segja rödd samvizku þeirra sjálfra. Þess vegna reiddist hæstv. forsrh. því, sem við höfum sagt hér.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði um síldarverðið og deildi á Kommfl. fyrir afstöðu hans til síldarverksmiðjumálsins, þá hefði hann eins mátt snúa sér að samstarfsflokki sínum, Alþfl., um það. Kommfl. og Alþfl. standa alveg saman í því máli, og ég ætla, að það væri nær fyrir hæstv. forsrh. að snúa geiri sínum að því valdi, Landsbankavaldinu, sem nú ógnar Alþ., ef það ekki láti að vilja þess um að ræna síldveiðendur milljónum króna handa Kveldúlfi.

Ég held, að hæstv. forsrh. ætti að sýna hina margumtöluðu ábyrgðartilfinningu sína í því að fara að taka alvarlega á yfirdrottnun Landsbankaklíkunnar og kalla þá menn til ábyrgðar, sem hafa á síðustu 15 árum tapað upp undir 20 millj. kr. af þjóðarauði okkar fátæku þjóðar.

Hæstv. forsrh. vitnar til Kommfl. Spánar og Frakklands. Ég vil spyrja: Vill hæstv. forsrh. taka þátt í samskonar þjóðfylkingu og þar er, þjóðfylkingu, sem sýni ábyrgðina gagnvart fólkinu *í framkvæmd*? En þá er honum bezt að prédika ekki hlutaskipti og vinnulöggjöf í óþökk verklýðssamtakanna. Og stjórn, sem sýndi þannig í framkvæmdinni ábyrgðartilfinningu, mun Kommfl. styðja sem ábyrgur flokkur.

Ég ætla að síðustu að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. atvmrh., Haraldur Guðmundsson, sagði í gærkvöldi. Hann tók undir það með hæstv. fjmrh., að tekjuöflunarleiðir okkar kommúnista væru sýnd veiði, en ekki gefin. Ég er búinn að sanna, hvað rétt er í þessu. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. að því, þar sem við erum svo hæverskir að koma ekki með kröfur nema upp á 1 millj. kr. og benda á tekjur á móti, hvað hann myndi þá segja, ef við kæmum með frv. um 11 millj. kr. til atvinnubóta, og ef við hefðum t. d. tekið þessi frv., sem hann sjálfur hafði samið, og soðið upp úr þeim frv. og borið fram nú. Hefði hann þá sagt, að það væri sýnd veiði en ekki gefin? Ég vil minna hann á, að það er *ekki nema 1 millj.*, sem við förum fram á í þessu sambandi, að tekin sé af tekjum ríkissjóðs, en atvmrh. og flokksmenn hans voru ekki í vandræðum með að bera fram á þinginu 1931 frv. um 11 millj. kr., sem verja átti úr ríkissjóði til baráttu gegn atvinnuleysinu.

Þá reyndi hæstv. atvmrh. ennfremur að verja tollana. Ég verð í því sambandi að leyfa mér að vísa í þingræðu hans 1931 um verðtollinn. Hann segir þá, með leyfi hæstv. forseta: „Skatta- og tollalöggjöfin er óhæf handahófssmíð, og stefna hennar er ekki önnur en sú, að hlífa þeim við að greiða skatta, sem bezta hafa aðstöðuna til þess að greiða þá. Niðurstaðan verður sú, að beinu skattarnir verða 14,5% af tekjum ríkissjóðs, en óbeinir skattar 85,5%, eða nærri því sex sinnum hærri.“

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort þetta hafi batnað síðan hann var að deila á þetta. Hæstv. ráðh. mun verja sig með því, að ekki *sé hægt að afla fjár til framkvæmdanna, nema* með því að auka tollana. Við kommúnistar höfum bent á, að það, að tolla brýnustu nauðsynjar alþýðu til að auka með því framlög, væri að taka úr einum vasanum og setja í hinn. Hæstv. ráðh. sagði á þinginu 1931 í ræðu sinni um verðtollinn eftirfarandi orð:

„Langmest af útgjöldum ríkis og sveitar- og bæjarfélaga er falið í kaupgjaldi og sveitarstyrk. Þessar greiðslur nema fast að 20 millj. kr. á ári. Samkv. útreikningi hagstofunnar eru það a.

m. k. 10% af þessari upphæð, eða fast að 2 millj. kr., sem beinlínis eru til orðnar vegna tolla. Það virðist léleg fjármálavizka hjá því opinbera að leggja á þessa háu tolla, sem gera það að verkum, að það verður að greiða fast að 2 millj. kr. í aukið kaupgjald og aukinn sveitarstyrk vegna dýrtíðar, sem hið opinbera sjálft skapar með þessum ráðstöfunum. Það, sem gert er með þessu, er ekkert annað en að það, sem tekið er úr öðrum vasanum, er sett í hinn."

Þetta eru ekki mín orð, heldur orð hæstv. atmrh., en ég get strikað undir þau.

En viðvíkjandi því, að þetta sé gert sérstaklega til þess að hjálpa hinum fátækari, þá ætla ég að leyfa mér að lesa upp, hvað hæstv. atvmrh. sagði um það þá:

„En í hverju koma þessar ráðstafanir fram? Í því, að öllum, sem hafa lítið, á að hjálpa með því að leggja 20% á lífsnauðsynjar þeirra. Hann er að hjálpa bændunum, sem þurfa að kaupa fyrir segjum 200 kr., með því að taka 40 kr. af þeim. Naprara gys er ekki hægt að gera að mönnum, sem eiga bágt."

Svo sagði hæstv. atvmrh. þá, þegar hann var ekki ráðh. Hvað hefði hann sagt nú, ef hann hefði ekki verið ráðh.?

Hvað á að gera við stj., sem þannig hefir hagað sér og brugðizt vonum kjósendanna? Þið vinnandi menn og konur, sem hafið kosið flokkana, sem höfðu lækkun tollanna á stefnuskrá, þið, sem hafið ekki atvinnu, fæði eða föt, en bjuggust við atvinnu, fáið nýja tolla. Ég efast ekki um dóm ykkar.

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp, hvernig hæstv. atvmrh. dæmdi um slíkt 1931. Hann var þá að deila við þáv. forsrh. viðvíkjandi þessu, og af því að þetta er mjög skemmtilegur kafli, þar sem hann kemur m. a. inn á stefnuskrá Framsfl., þá ætla ég að lesa það allt. Það er í ræðu hans um verðtollinn 1931. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Og loks á flokksþingi þeirra hér í Rvík síðastl. vetur var samin stefnuskrá Framsfl. í tolla- og skattamálum. Stefnan er þessi: Að lækka tolla, sem hvíla á nauðsynjavörum, en auka beina skatta og hækka tekju- og eignarskatt af miklum tekjum og eignum.

Þessi stefnuskrá var samþ. af Framsfl. á fundi, sem haldinn var í apríl í vor, og var síðan prentuð með skrautletri á fremstu síðu í Tímanum og öðrum framsóknarblöðum og send út um allt land til að sýna, hvaða ágætismenn þessir framsóknarmenn væru.

Þessi stefnuskrá skýtur dálítið skökku við stefnu stj. hér á Alþ., því að fyrsta verk stj. var að reyna að fá verðtollinn framlengdan um 2 ár, en sá tollur er að mestu leyti tekinn af nauðsynjum fólks, þeim vörum, sem eftir stefnuskrá Framsfl. átti að lækka tollinn á, en engin viðleitni er sýnd til að færa þetta í réttlátara horf. Þetta bendir á, að ennþá hafi lítið verið gert í tolla- og skattamálum, nema að gefa loforð. Þannig hafa þeir ginnt og gabbað kjósendur og breytt þvert ofan í það, sem þeir hafa lofað. Ég fullyrði það, að í hverju öðru landi hefði slík framkoma skapað slíkum stjórnmálaflokki aldurtila."

Svona sterkt komst hæstv. atvmrh. að orði, þegar hann var að deila á Framsókn þá. Við erum nú ekki svona vondir við stjórnarflokkana eins og hann var þá. Við deilum á stjórnarstefnuna nú, af því það er ekki þeirra stefna, heldur stefna íhaldsins. Íhaldsstefnunni í Framsfl. og Alþfl. verður að kippa upp með rótum. Það er þessi íhaldsstefna, sem þarf að skapa aldurtila, en stjórnarflokkarnir eiga vonandi eftir að blómgast á öðrum grundvelli heldur en þeir starfa nú á.

Þá minntist hæstv. atvmrh. síðast á það, að nauðsynlegt væri, að verkalýðurinn sameinaðist, og það hefði ekki staðið á Alþfl. að sameinast. Við kommúnistar erum hvað eftir annað búnir að gera tilraunir til þess að komast að samvinnu eða sameiningu við Alþfl. En í gær fengum við þá tilkynningu frá stjórn Alþýðusambandsins, að nú vildi hún ekki tala við okkur í nefnd, sem kosin væri til að ræða um málið. En það er enginn vafi á því, að íslenzki verkalýðurinn vill sameinast, — og hann mun sameinast. Það er leitt, ef ýmsir helztu foringjar Alþfl. bera ekki gæfu til að verða með í þeirri sameiningu, ef þeir skilja ekki tímanna tákn, en daga uppi sem nátttröll, þegar eining alþýðunnar er nú að skapast.

Þegar tilboðunum á Alþýðusambandsþinginu, sem við myndum hafa getað gengið að, var hafnað, en því eina tilboði, sem vitað var, að við gátum ekki gengið að, tekið, þá sýndi það sig, að það var ekki fyrir hendi vilji til sameiningar. En nú er verkalýðurinn að sameinast. Hann hefir þegar ákveðið að ganga saman til bæjarstjórnarkosninganna á Siglufirði, Norðfirði, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði. Þetta sýnir, að eining hins fátæka, vinnandi lýðs er að skapast, og nokkrir háir herrar í Reykjavík skulu aldrei megna að hindra hana.

Við höfum viðvíkjandi bæjarkosningunum í Reykjavík boðið Alþfl. sameiningu um lista, en þeir svöruðu ekki. Er þetta að sýna einingarviljann í verkinu? En íslenzki verkalýðurinn mun sameinast um róttæka pólitík, og þróttmesta alþýðan í Framsfl., Alþfl. og Kommfl. mun eiga eftir að vinna að sameiningunni, og við treystum því, að íslenzk alþýða standi saman í þeim hörðu átökum, sem formaður Sjálfstfl. talaði um. Hann mun eiga eftir að yfirvinna íhaldið, hvort sem það beitir ofbeldi eða lýðskrumi, eftir að hafa sigrað veilurnar í sínum eigin flokkum.

*Stefán Stefánsson: Ýmsum vopnum var beitt gegn bændaflokksmönnum í kosningunum á síðastl. vori. Það væri ástæða til að minnast þeirra nokkuð, en nú er ekki tími til þess. Eitt af þeim vopnum, sem beitt var gegn okkur, var, að við ætluðum að hjálpa heildsölunum í Reykjavík til að drepa S. Í. S. og kaupfélögin. Þessu vopni beitti hv. 1. landsk., Brynjólfur Bjarnason, gegn okkur bændaflokksmönnum í gær, og gefur það mér tilefni til þess að minnast nokkuð á þessa hluti. Hann lét þau orð falla, að ef sjálfstæðismenn og bændaflokksmenn hefðu náð meiri hluta í kosningunum á síðastl. vori, þá hefðu samvinnufélögin og kaupfélögin verið lögð í rústir. Ég verð að segja, að þessi að-

dróttun í garð okkar bændaflokksmanna er beinlínis svívirðileg, þar sem kunnugt er, að flokkurinn hefir verið og mun verða samvinnuflokkur. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á ræðu eftir forseta Alþjóðasambands samvinnumanna um það, hvernig kommúnistar búa að samvinnufélögunum þar sem þeir ráða, en Kommfl. hér fylgir eins og kunnugt er hinum brennandi vita frá Moskva um sín mál, og þá sjálfsagt einnig í afstöðu þeirri, sem þeir taka til samvinnumálanna. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur ummæli eftir forseta Alþjóðasambands samvinnumanna, sem tekin eru úr grein, sem birtist í Nýja dagblaðinu. Þar segir svo um foringja Kommfl.: „Margir þeirra urðu á eitt sáttir um það, að sú hreyfing væri borgaraleg og ætti hvergi heima nema í borgaralegu ríki". — Það er því skoðun þeirra, að samvinnustefnan sé borgaraleg stefna og eigi hvergi heima nema í borgaralegu ríki. En það vita allir, að þessi flokkur, Kommfl., vill drepa hið borgaralega þjóðfélag og þá um leið samvinnustefnuna í landinu.

Á öðrum stað segir svo: „Afleiðingin af þessu varð sú, að þótt samvinnufélögin væru lögð niður sem frjáls, sjálfstæð og hlutlaus fyrirtæki, voru þau endurreist sem öreigafélagsskapur og tekin í þjónustu byltingarinnar." Það er svo með þennan félagsskap eins og alla aðra, að hann er tekinn í þjónustu byltingarinnar.

Hann segir ennfremur: „Samvinnufélögin áttu að annast dreifingu nauðsynjavara fyrir ríkið." Og enn segir hann: „Er nú harla lítið eftir af sjálfsákvörðunarrétti samvinnuhreyfingarinnar innan rússneskra landamæra."

Ef maður gæti hugsað sér, að Kommfl. fengi hér æðstu ráð, þá býst ég við, að lítið myndi verða eftir af sjálfsákvörðunarrétti samvinnufélaganna íslenzku, ef þeir fengju nokkru þar um ráðið.

Forseti Alþjóðasambandsins bendir að síðustu á, að afleiðingin af þessum aðförum hafi orðið sú, að meðlimum samvinnufélaganna í Rússlandi hafa fækkað úr 73 millj. manna niður í 36 millj. Af þessu má sjá, hvernig aðbúnaðurinn er í Rússlandi. Öll stærstu kaupfélögin hafa verið tekin og eignir þeirra gerðar upptækar og lagðar undir ríkið. Aðeins úti í sveitunum, þar sem félögin hafa verið sterk, hefir Kommfl. ekki þorað að leggja samvinnufélögin niður með öllu, en hann hefir gert eins lítið úr þeim og verða má.

Þá má ganga út frá því sem vísu, að ef Kommfl. Íslands verður nokkurn tíma nokkurs megnugur, sem vonandi ekki verður, þá muni hann beita slíku vopni, sem flokksbræður þeirra í Rússlandi hafa beitt í þessu efni. Það situr illa á slíkum flokki að vera með aðdróttun í garð Bændafl. um áform hans í garð S. Í. S. Enda er þess skemmst að minnast, að flokkur þessi, Kommfl., talaði um S. Í. S. sem auðhring og glæfrafyrirtæki, sem þyrfti að gera upp sem fyrst. Hv. 1. landsk. (BrB) mun hafa haft þessi ummæli, þegar hann var ritstjóri Verkalýðsbl.

Um hinn þjóðnýtingarflokkinn, sósialista, er það einnig vitað, að þó þeir á yfirborðinu telji sig vinveitta samvinnufélagsskapnum, þá líta þeir S. Í. S. hinu versta hornauga og tala um það sem ríki í ríkinu og telja það standa í vegi fyrir útbreiðslu hinna sósialistisku hugsjóna um byggðir landsins. Báðir þessir þjóðnýtingarflokkar viðurkenna ekki samvinnufélagsskapinn, enda er ríkisverzlun þeirra takmark. Mundi lítið verða úr sjálfsákvörðunarrétti samvinnufélaganna á Íslandi, eigi síður en er nú á Rússlandi, ef þessir flokkar réðu.

Það má að gamni aðeins drepa á, að þessir þjóðnýtingarflokkar hafa í blöðum sínum undanfarið ekki aðeins talið Bændafl. og Sjálfstfl. í vasa heildsalanna, heldur einnig er Framsfl. kominn þangað líka. Alþýðublaðið hefir hvað eftir annað verið með þetta í sínum skrifum undanfarið.

Hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, gat þess í gærkvöldi, að engin ádeila hefði komið fram gegn afurðasölulöggjöfinni. Ég verð að segja, að hvað Bændafl. snertir, þá hefir hann aldrei hafið ádeilur viðvíkjandi löggjöfinni sjálfri, heldur aðeins viðvíkjandi framkvæmd hennar, enda átti Bændafl. mestan þátt í því, að afurðasölulöggjöfin var sett. Það má minna á það, að till. um skipun afurðasölumálsins voru fyrst bornar fram af Jóni Jónssyni í Stóradal 1933. Það má líka minna á það, að afurðasölulöggjöfin var að mestu fullbúin í hendur hæstv. landbrh. og forsrh., Hermanns Jónassonar. Það féll aðeins í hans hlut að setja bráðabirgðal. um þetta. Bændafl. hefir gert þær tvær kröfur viðvíkjandi þessari löggjöf, að framleiðendur fái í sínar hendur stjórn afurðasölumálanna og bændur fái tryggt afurðaverð.

Hæstv. forsrh. gat þess í gær um ríkisverksmiðjurnar, að verksmiðjureksturinn byggðist á því, að þær liðu ekki tap, eða m. ö. o. að atvinnureksturinn bæri sig. Það er eins með búskapinn. Það, sem við bændaflokksmenn förum fram á, er, að atvinnureksturinn líði ekki tap, eða m. ö. o. að hann beri sig, svo að bændur fái greitt tilkostnaðarverð fyrir sínar afurðir. Búskapurinn getur því aðeins staðizt, að hann líði ekki tap, eins og hæstv. forsrh. sagði um ríkisverksmiðjurnar.

Hv. þm. Dal. (ÞBr) gat þess í gær og færði fyrir því full rök, að bændur hefði ekki enn fengið tilkostnaðarverð fyrir sínar afurðir. Mér þykir hæstv. forsrh. vera nægjusamur fyrir bændanna hönd, ef hann heldur, að öll afurðasölulöggjöfin sé komin í það horf, sem hún á að komast í. Þangað er hún ekki komin enn, en Bændafl. mun halda uppi sífelldri baráttu þangað til því takmarki er náð, sem hann hefir sett sér í þessu máli.

Ég vil aðeins drepa á það, að í byrjun þessa þings bárum við bændaflokksmenn fram mikilvægt frv. viðvíkjandi landbúnaðinum, um fóðurmjölsbirgðir, þar sem ákveðið var í 1. gr., að ríkisstj. skuli sjá um, að fyrirliggjandi séu í landinu nægilegar, innlendar fóðurmjölsbirgðir. Jafnskjótt og búið var að flytja framsögu í þessu máli, reis hæstv. forsrh. upp og lýsti því yfir, að ríkisstj. hefði samskonar frv. í undirbúningi, og tilnefndi hann flm. að því hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt) og hv. þm. Mýr. (BÁ) og gat þess þá, að þetta frv. yrði lagt fram einhvern næstu

daga. Þetta frv. er ekki komið fram á þinginu enn, og ég hefi fyllstu ástæðu til að ætla, að þetta frv. hafi ekki verið í undirbúningi, eins og hæstv. forsrh. vildi vera láta, heldur hafi hann séð, að þarna var góð hugmynd á ferðinni, sem bændaflokksmenn fluttu, og því hafi verið um að gera að reyna að ræna flokkinn hugmyndinni og eigna hana Framsfl. Það hefir verið svo með Framsfl., að hann hefir ekki þolað Bændafl. að koma sínum áhugamálum fram, heldur hefir hann hnuplað þeim og borið þau fram sem frv. Framsfl. og látið líta svo út sem þau væru fram borin af þeim flokki upphaflega.

Þá er það hæstv. atvmrh. (HG). Hann lét þau orð falla hér í gær og einnig í dag — og þau orð hefir einnig væntanlegur samherji hans í Kommfl., Einar Olgeirsson, látið falla hér —, að Bændafl. væri dauður. Ég get strax lýst því yfir, að við bændaflokksmenn kippum okkur ekki upp við slíkar dánartilkynningar, því við allar útvarpsumræður frá því að flokkurinn var stofnaður hefir því verið lýst yfir, að Bændafl. væri dauður. En það er samt svo, að Bændafl. lifir, og hann lifir góðu lífi. Bændafl. jók sína atkvæðatölu um 200 eða rúmlega það við síðustu kosningar, en á sama tíma minnkaði atkvæðatala Alþfl. um 200 kjósendur. Og hvort er nú meira lífsmark? Ég geri ráð fyrir, að hæstv. atvmrh. segi sem svo, að nokkuð af atkv. okkar bændaflokksmanna sé frá Sjálfstæðisfl. Ég skal ekki draga í efa, að eitthvað kunni að vera þaðan. En ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað mörg atkv. hann haldi, að hans flokkur hafi fengið frá Kommfl. og Framsfl. Það mun vera nokkurn veginn víst, að 3 kjördæmakjörnir þm. Alþfl. eru kosnir með atkv. Kommfl. og Framsfl. Þessir þm. eru hæstv. atvmrh. sjálfur, þm. N.-Ísf. (VJ) og þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Þessir þm. eru ekki komnir inn á þing á atkv. sósíalista eingöngu. Það gæti meira að segja verið vafi á því, hvort sósíalistar yrðu langlífari hér á landi heldur en Bændafl.

Ég vil segja við þennan hæstv. ráðh.: Maður, líttu þér nær! Ég hefði talið það vel viðeigandi, að hæstv. ráðh. hefði hafið útfararsönginn yfir sínum eigin flokki, en hæstv. ráðh. er þar nokkur vorkunn, þar sem hann mun ætla þetta hinum nýja dósent, sem hann mun telja manna hæfastan til yfirsöngva. Nú standa fyrir dyrum bæjarstjórnarkosningar, og svo segja kunnugir menn, og það flokksmenn hæstv. ráðh., að hjarta hans og annara foringja sósíalista séu þegar tekin að síga, þó 6 vikur séu til kosninga, svo þau munu verða komin nokkuð langt niður á kjördegi. Svo vonlitlir eru þessir foringjar, að þeirra eigin sögn, að þeir telja sig aðeins vissa með 2 fulltrúa, en hafa von um 3, þar sem þeir nú hafa 5 fulltrúa í Reykjavík. Reynist svo að vera, sem foringjarnir munu telja, þá er hinum nýja dósent óhætt að fara að semja líkræðuna, þar sem líklegt má telja, að hæstv. menntmrh. telji sæmd sína þar við liggja, að hún verði fyrst send Nygren til yfirlestrar, svo þannig fáist sönnuð hæfni dósentsins til yfirsöngva.

Allir minnast þess, að í 4 ára áætlun sosialista, sem þeir hafa að mestu leyti svikið — en af því er flóttinn svo ör frá þeim til kommúnista — lofuðu þeir ýmsu, og m. a. lofuðu þeir að færa nýtt fjör í atvinnuvegi landsmanna. Því miður hefir enginn orðið var við þetta fjör. En það er eitt, og aðeins eitt, sem þessum sósialistaforingjum hefir tekizt að færa fjör í, og það er vinnudeilur og verkföll í þessu landi. Ég vil ráða þessum góðu mönnum til þess næst, þegar þeir gefa út 4 ára áætlun, að fella þá niður hina feitletruðu liði um að hleypa fjöri í atvinnuvegina, en setja með feitu letri í staðinn, að þeir ætli að hleypa nýju fjöri í vinnudeilur og verkföll. Þeir eru óhæfir til að hleypa nýju fjöri í atvinnuvegina, og því er þessi breyting á stefnuskrá þeirra tilhlýðileg og heppileg. Annars mætti kannske segja þeim til hróss um fjörspretti, sem þeir hafa fært í hlutina, að þeim hefir tekizt að færa fjör í eitt, og það er flóttinn úr þeirra eigin herbúðum og yfir til kommúnista. Svo ör hefir þessi flótti verið, að þar hefir ekki verið farinn seinagangur, heldur hefir verið farið á harðaspretti á milli herbúðanna. Þannig hefir þessum flokki tekizt að verða þess valdandi, að þau fræ, sem kunna að vera til fasisma í þessu landi, fái að dafna sem bezt.

Jón Pálmason: Af því að ég hefi jafnan í huga þau lífskjör, sem fólkið í sveitum landsins á við að búa, þá býst ég við, að ýmislegt af því, sem ég segi hér, láti illa í eyrum þeirra manna, sem telja allt, sem hefir verið að gerast í okkar fjármála- og atvinnulífi, eðlilegt og sjálfsagt; þannig eigi það að vera og hljóti að verða.

Ef við, sem nú erum á fimmtugsaldri og eldri, hefðum fengið að vita það fyrir 20—30 árum, að á yfirstandandi tíma væru komnar í framkvæmd allar þær verklegu umbætur, sem síðan hafa gerzt í samgöngumálum, ræktunarmálum, byggingum, fiskiveiðum, hafnarbótum, iðnaði o. fl., þá mundum við hafa gert ráð fyrir, að nútímans fólk lifði í ríki sælunnar. Svo miklu munar á þægindum allskonar, skilyrðum fyrir meiri framleiðsluarði, aukinni menningu og auðsæjum líkum fyrir vaxandi þjóðarsjálfstæði, fjárhagslega og andlega. En hefðum við jafnhliða fengið að vita, að mitt í þægindunum, inni í óskalöndum verklegrar tækni, stæði þjóðin eða mestur hluti hennar í hinum mesta vanda, undir fjötrum vaxandi skulda og beygð af vonsvikum árlegs rekstrarhalla í flestum framleiðslugreinum landsins, þá mundu flestir hafa talið slíkt öfgar og fjarstæður, sem aldrei gætu stuðzt við kaldan veruleikann. Þó er nú svona komið okkar hag; um það vitna talandi staðreyndir. Það er því fullkomlega ástæða til að aðgæta, hvernig á því stendur, að slík undur hafa skeð. Því verður ekki neitað, að orsakirnar eru margar. Sumar eru þannig, að enginn mannlegur máttur innlendra manna hefir getað við ráðið. Aðrar eru sjálfráðar, þannig að þær eiga rót sína að rekja til mistaka og óstjórnar í félagslífi, menningu og stjórnmálum þjóðarinnar. Í hinum fyrra flokki ber að telja verðsveiflur og verzlunarhöft í okkar viðskiptalöndum, misbestasamt árferði o. fl. Við ýmsum þvílíkum örðugleikum má alltaf búast annað kastið. En það, hve þjóðin reynist fær um að mæta slíku, sannar betur en annað manndáð hennar og fyrirhyggju, eða hið gagnstæða.

Í hinum síðara flokki ber að telja öll mistök,

sem eru og verið hafa í atvinnulífi og stjórnmálum á síðustu tímum, svo sem alla kröfufrekju um laun og kaupgjald, skatta og tolla og yfirleitt alla þá eyðslu, sem ekki er þörf á, en hvílir á framleiðslunni eins og farg, sem verkar lamandi og sligandi á heilbrigt framtak. Í því efni hafa hlutverkin snúizt svo við á síðustu árum, að fyrir 10—20 árum gátu framleiðendur landsins og yfirleitt allir landsmenn horft með bjartsýni og gleði fram á veginn. Þá gekk starfsemi félaga og opinberra aðilja út á það, að ræða um og vinna að framförum í þess orðs beztu merkingu, en nú er þetta svo snúið við, að mestöll félagsstarfsemi og yfirleitt megnið af opinberri vinnu í sveitarfélögum sýslu- og bæjarfélögum og Alþ. fer í það að bjarga vandræðum, sem fyrir hendi eru. Svo raunalega hafa hlutverkin snúizt við, og um það er ekki að villast, að þannig verður þetta fyrst um sinn, eftir öllum horfum. En því er ekki að neita, að þetta er að mestu leyti sjálfskaparvíti. Í höfuðdráttum er það því að kenna, að erlend öfgastefna, sósíalismin, hefir undanfarið verið að flæða yfir landið, en menning þjóðarinnar og félagsþroski ekki orðin nægilega sterk til þess að standa til varnar. Áhrifin hafa því orðið svipuð eins og þegar flóðmikið jökulvatn fer að rífa niður gróið land.

Það, sem meðal annars hefir skapað áhrifastyrk þeirra manna, sem öllu vilja bylta og breyta, er, að það lætur vel í eyrum, sem landsfólkinu hefir verið talin trú um, að hið opinbera ætli, hvernig sem veltur, að sjá um, að það hefði sem mest þægindi við að búa, og það væru fyrir hendi ótakmörkuð tækifæri til þess að ná með sköttum og lánum öllu því fé, sem til þess þarf að koma í framkvæmd hverju því verki, sem skapar ný og aukin þægindi, og öllu væri óhætt, hvað sem heimtað væri, t. d. í launum, kaupgjaldi og nýrri atvinnu. Nú er þó svo komið, að jafnvel sumir höfuðsmenn stefnunnar verða sjálfir að játa, að lengur sé ekki hægt að halda áfram með síaukna beina skatta, og á því sviði hafa staðreyndirnar hrakið þá frá einum sviknunum til annara, eins og kunnugt er. En þrátt fyrir allt virðast þeir vilja halda áfram til síðustu marka, jafnvel þó að áfram haldi í þá átt, að tæma sveitir landsins að vinnandi fólki og hópa saman í hinum stærri bæjum sívaxandi fjölda þjóðarinnar, báðum aðiljum, sveitum og bæjum, til óbætanlegs tjóns. Í öllum atvinnurekstri er alþekkt óhjásneiðanlegt lögmál, og það er, að hann getur ekki staðizt, nema um stund, án þess að hafa einhverjar nettó tekjur, þ. e. tekjur umfram útgjöld. Því meiri sem þær eru, því meiri framtíðar velgengni. Hitt er jafnvíst, að öllum atvinnurekstri fylgja ákveðin lágmarksútgjöld til rekstrarkostnaðar, þ. e. minnstu útgjöld, sem hægt er að komast af með. Því er ekki hægt að breyta. En allt, sem bætt er við minnstu hugsanleg útgjöld, verður að greiðast af nettótekjum. Og einmitt það, sem mest hefir verið gert að í okkar atvinnulífi, er að bæta sí og æ á minnsta nauðsynlegan rekstrarkostnað. Því er það, að allir nýir og auknir skattar og tollar, allt hækkað kaupgjald, öll launahækkun o. s. frv. er tekið af þeim nettótekjum, sem annars væru, og út í það hefir komizt á undanförnum árum í okkar framleiðslu, að allar nettótekjur eru uppétnar á þennan hátt, og oft þar til viðbótar meira eða minna af þeirri eign, sem áður hafði safnazt. Þannig hefir gengið í landbúnaðinum og sjávarútvegnum undanfarin hallaár. Sama lögmál gildir með sveitarfélögin, bæjarfélögin og ríkissjóðinn, alstaðar hefir stefnt í sömu átt, meiri kröfur, meiri eyðsla, meiri skuldir.

Það er líka augljóst mál, að hvar sem drepið er niður fingri í okkar þjóðfélagi, þá er lengst gengið í kröfum og frekju, þar sem sósialistar koma nærri eða ráða málum.

Þetta, sem ég nú hefi vikið að, eru staðreyndir, sem auðvelt er að sanna með ótal dæmum, en hitt, sem fram kemur í öllum deilunum um það, hverjir eigi sök á þessu og hinu og hvaða menn og hvaða stefnur eigi mestar syndir og mestar dyggðir, þá er náttúrlega margs að minnast og sjálfsagt engir, sem eru með öllu saklausir, og heldur engir, sem ekkert hafa gott gert. En þegar sakir eru bornar á okkur sjálfstæðismenn, eins og hæstv. ráðh. gerði hér í gærkvöldi, fyrir versnandi ástand, þá er því til að svara, að við höfum verið minnihlutaflokkur á Alþingi í 10 ár, og okkar andstæðingar þar hafa haft öll völd, en einmitt á þessum 10 árum hefir lakast farið í okkar fjármálum. Ef minni hlutinn á sökina, þá eru höfð endaskipti á réttu og röngu. Nú skal ég leitast við að svara nokkru af þessu og höggva niður á nokkrum atriðum í þeirri deilu, en halda mig að mestu við þá hliðina, sem að ríkissjóðnum snýr.

Þegar Jón Þorláksson var fjmrh., 1924—'27, linntu andstæðingar hans aldrei látum með að brigzla honum og hans stjórn um eyðslu og óhyggilega meðferð fjármuna. Það er því ekki úr vegi að gera nokkurn samanburð á einstökum atriðum í fjárstjórn ríkisins frá þeim tíma og síðan, en ég ætla að gera það frá allt annari hlið en áður hefir verið mest gert að, og það er á þeim liðum fjárlaganna, sem helzt ber að telja rekstrargjöld og eyðslu, að fráteknu því, sem beinlínis fer til verklegra framkvæmda. Ég miða við landsreikninginn frá 1926 og svo reikninga áranna 1932 og 1936, og svo aftur það fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir.

Frá 1926 þar til nú hafa þessar hækkanir orðið:

1.	Útgjöld	póstmála samtals	123	þús.
2.	—	símans samtals	664	—
3.	—	í stjórnarráðinu samtals	56	—
4.	—	til hagstofunnar samtals	9	—
5.	—	til kirkjumála samtals	26	—
6.	—	til kennslumála samtals	572	—
7.	—	til dómgæzlu og lögreglustjórnar	695	—
8.	—	til sameiginlegs embættiskostnaðar	154	—
9.	—	til lækna og heilbrigðismála	71	—
10.	—	til almennrar styrktarstarfsemi	1192	—
11.	—	til eftirlauna og styrktarfjár	176	—
12.	—	til vísinda og lista	6	—
13.	—	til vaxta af skuldum	979	—
		Alls	4723	þús.

Hér eru ekki teknar með þær gr. fjárl., sem mest er í af verklegum framkvæmdum, 13. og 16. gr., og ekki heldur annað í þessu sambandi, sem eru verklegar framkvæmdir. Þetta eru nú aðeins þau útgjöld, sem hægt er að bera saman frá 1926. En síðan hafa verið settar á fót margar stofnanir, sumar til tekjuöflunar og af ýmsum öðrum ástæðum. Í öllum þessum stofnunum hefir verið hlaðið upp mjög miklum rekstrarkostnaði með fjölda embætta, háum launum o. s. frv. Þannig hefir kostnaðurinn við reksturinn aukizt frá 1932 og þar til nú í 5 stofnunum, í útvarpinu, áfengisverzluninni, tóbakseinkasölunni, prentsmiðjunni og landssmiðjunni, um 460 þús. kr., eftir því sem næst verður komizt. Auk þessa eru margar aðrar stofnanir og n., sem settar hafa verið á fót og enginn samanburður frá eldri tíma er um, en þar hefir alstaðar verið hrúgað upp gífurlegum rekstrarkostnaði. Þannig er rekstrarkostnaður, eftir því sem næst verður komizt, í raftækjasölunni 121 þús. kr., bílasölunni 44 þús. kr., viðtækjaverzluninni 87 þús. kr., ferðaskrifstofu ríkisins 80 þús. kr., tryggingarstofnun ríkisins 80 þús. kr., fiskimálanefnd 66 þús. kr., veðurstofunni 66 þús. kr., rannsóknarstofu atvinnuveganna 112 þús. kr., rannsóknarstofu háskólans 95 þús. kr., síldarútvegsnefnd 157 þús. kr., hjá síldarbræðslustöðvum ríkisins, til yfirstjórnar og fastra starfsmanna, ásamt síma og ferðakostnaði 149 þús. kr., hjá mjólkursölunni, föst laun yfirstjórnarmanna um 50 þús. kr., hjá gjaldeyrisnefnd laun 74 þús. kr., kjötverðlagsnefnd 10 þús. kr. Hjá Brunabótafélagi Íslands er launin 31 þús. kr., og svona mætti áfram telja. Í þessum 15 stofnunum og n. er rekstarkostnaðurinn 1222000 kr., og sé þar við bætt hækkuninni frá 1932 við áðurnefndar 5 stofnanir, 460 þús. kr., þá nemur þetta 1680000 kr. Mætti á þeim lið spara miklu meira en flesta grunar, — það fullyrði ég.

Allur þessi gífurlegi aukni rekstrarkostnaður hefir orðið með tvennum hætti: Í fyrsta lagi með margvíslegri nýrri löggjöf á þessu tímabili, og í öðru lagi með sífjölgandi starfsmannaliði og síhækkandi launum, — launum, sem yfirleitt eru í fullu ósamræmi við gildandi launalög. Virðist svo komið, að launalögin frá 1919 séu ekki lengur haldin, nema gagnvart starfsmönnum ríkisins utan Reykjavíkur og fáeinum öðrum. Má í því sambandi margt nefna, sem ekki er þó tími til að rekja mikið hér. Í stjórnarráðinu eru greidd samtals milli 20 og 30 þús. kr. í laun umfram það, sem launalögin heimila, og þó er þar ekki að finna verstu dæmin, heldur hjá öðrum stofnunum. Hjá útvarpsstjóra kostar allur reksturinn 1170 kr. hvern einasta dag á árinu að meðaltali. Þar hefir á árinu, sem er að enda, verið eytt um 30 þús. umfram það, sem heimilað var í fjárlögum, bara í laun, og hefir fjvn. í einu hljóði neitað að taka þá hækkun upp í áætlun framvegis, enda nóg samt. Föstum starfsmönnum, hátt launuðum, er jafnt sem öðrum aukreitis borgað fyrir upplestur, í hvert sinn 25 kr., útvarpssögu 35 kr., hvern barnatíma 50 kr., hvert leikrit 200 kr., einsöng 35 kr. o. s. frv.

Í pósthúsinu í Reykjavík var rekstrarkostnaðurinn hækkaður á einu ári um 40 þús. kr., eftir reglugerð frá atvmrh. og svo að segja eingöngu með launahækkun og starfsmannafjölgun. Þar er vinnutíminn 6½ klst. á dag, til þess að vinna fyrir laununum, en 2 kr. og 2,50 kr. fyrir hvern tíma í eftirvinnu og næturvinnu, svo að meðallaun samtals eru orðin hátt á 7. þús. kr. hjá hverjum póstfulltrúa, svo aðeins sé tekinn sá hópurinn.

Í þessa sömu átt hefir síðustu árin gengið í allflestum ríkisstofnunum. Þar er ríkisreksturinn í sinni réttu mynd. Í sumum stofnunum er eytt hundruðum og jafnvel þús. kr. í tækifærisgjafir, skemmtiferðir o. s. frv. Mætti mörg einkennileg dæmi færa um fjárstjórnina yfirleitt, m. a. það, að ýmsir menn hafa margföld laun, ein í þessum stað, önnur í hinum o. s. frv. Jón Vestdal heitir t. d. einn slíkra og hefir haft 900 kr. samtals á hverjum mánuði. Forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins hefir þetta ár tvöföld forstjóralaun, eða nokkuð yfir 20 þús. kr. Framkvæmdarstjóri síldarbræðslnanna hefir 12 þús. kr. föst laun, 4 þús. í uppbót, og auk þess hefir hann fengið 110 kr. í ferðakostnað hvern dag, sem hann hefir verið á ferðalagi erlendis. Framkvæmdarstjóri mjólkursamsölunnar hefir 12 þús. kr. Annar maður þar hefir 13 þús., og svona mætti áfram telja.

Nú er svo komið, að rekstrargjöld ríkisins verða nærri 17,5 millj. króna og innheimtar tekjur álíka upphæð. Þar við má bæta rekstrarkostnaði þeirra ríkisstofnana, sem ég hefi nefnt, sem dreginn er frá tekjum og var alltaf áður talinn í heilu lagi til gjalda og allar tekjurnar í tekjuhlið. Þetta nemur rúmum 5 millj. Þar við bætast öll útsvör, sem nema yfir 7 millj., og til viðbótar má telja rekstrarkostnað bankanna o. fl. opinberra stofnana, sem hafa sérreikninga, og mun ekki of í lagt að reikna þetta 2 millj. Eru þó öll gjöld, sem tekin eru gegnum hina opinberu starfrækslu um 30 millj., eða 3 krónur af hverjum 5, sem fást fyrir allar útfluttar vörur.

Svo er allt, sem verzlunin tekur frá því minnsta til þess mesta það mikið, að ekki mun mikið til vanta, að þar fari það, sem eftir er af verði útfluttrar vöru.

Það er því ekki nein furða, þó illa sé komið fyrir okkar framleiðslu, enda er sannleikurinn sá, að fyrir 10 árum áttu framleiðendur til lands og sjávar miklar skuldlausar eignir, sennilega ekki minni en 70—80 millj. króna. Þessar eignir eru nú eyddar að mestu, því það, sem enn telst til eigna hjá framleiðendum, er í óseljanlegum fasteignum og umbótum, sem ekki mundu seljast nema fyrir brot af tilkostnaðarverði, því þegar halli er á rekstri, þá eru fasteignir ekki útgengilegar. Nokkuð mikið af þessari fyrrv. eign hefir skipt um eigendur og er nú í eigu hinnar eiginlegu yfirstéttar þjóðfélagsins, launastéttarinnar og verzlunarstéttarinnar, en mest er tapað og hefir farið til að fullnægja auknum kröfum til þæginda hjá miklum hluta þjóðarinnar.

Það hefir verið um það spurt í þessum umr., hvað við sjálfstæðismenn viljum spara. Ég hefi nú sýnt fram á, að síðan 1926 hafa ríkisgjöldin verið hækkuð um 4,78 millj. fyrir utan allt, sem fer til verklegra framkvæmda, og fyrir utan

rekstrarkostnað þeirra ríkisstofnana, sem síðan hafa verið settar á fót. Þar er ekki heldur með það, sem nú er eftir að samþykkja vegna pestarinnar o. fl. En við má bæta ½ millj. til atvinnubóta, sem fyrst er tekið á fjárlög 1932. Auk þess 460 þús. kr., sem rekstrarkostnaður 5 stofnana hefir verið hækkaður um síðan 1932, o. fl., en aðeins þetta er á 6. millj. Þar við bætist óhóflegur kostnaður við hinar nýjustu nefndir og stofnanir.

Það er nú náttúrlega svo, að það er hægra að riða út í fenið en að draga hestinn upp úr, þegar hann er nærri sokkinn, og það er hægra að hlaða á gjöldunum en að taka þau af. Það er t. d. ekki hægt að láta vera að greiða vexti af skuldum, en þeir hafa aukizt um nærri heila millj. í meðferð framsóknarmanna.

Um allar hinar dýru ríkisstofnanir skal ég ganga framhjá öllum ágreiningi um það, hvað af þeim eigi rétt á sér sem slíkar og hvað ekki. Þær eru, eiga margar að vera og geta verið mikil gróðafyrirtæki ef rétt er á haldið. En það fer ekki síst eftir því, hve miklu er eytt í laun og annan kostnað. Forstjórar þeirra flestra hafa komið til fjárveitinganefndar og allir viljað hafa há laun fyrir sig og sitt fólk og fengið það. Margir heimta fleiri menn og hærri laun. Þannig hefir þetta gengið ár frá ári og mun ganga, ef alltaf er undan látið.

Mjög mikið af þessu lít ég sömu augum eins og ég mundi gera, ef heim til mín kæmi sendimaður frá Alþýðusambandi Íslands eða Kommfl. og segði: Þú verður nú að hafa 5 vinnumenn og borga hverjum 100 kr. á mánuði allt árið og allt fritt, en þú mátt ekki láta þá vinna nema 6 tíma á dag. Allt, sem þar er umfram, verðurðu að greiða með 2 kr. á tímann. Þannig er hugsunarhátturinn hjá sósialistum og mörgum háttsettum mönnum í okkar landi, og hann hefir markað línurnar undanfarið í okkar launamálum og fjármálaháttum. Sjálfur hæstv. fjmrh., sem er velviljaður maður, getur ekki fótað sig á hinu hála svelli, þegar til ríkisstofnananna sumra kemur. Vegna þess hvað hann er í vondum félagsskap og vegna þess hve fjármálavaldinu er dreift, þá er hann á mörgum sviðum máttvana gegn hóflausum kröfum og verður að borga.

Um það er nú enginn vafi, að það má spara svo skiptir millj. á ári í okkar opinberu starfrækslu, en það verður ekki gert nema að litlu leyti með ákvæðum fjárlaga eingöngu. Til þess þarf lagabreytingar og skipulagsbreytingar á flestum sviðum, en þó fyrst og fremst sterkt framkvæmdarvald manna með gagnólíkum hugsunarhætti við þá, sem mestu hafa ráðið undanfarið, sem hafa hugrekki og manndóm til að breyta því, sem breyta þarf, sem hafa fullan skilning á því, hvernig komið er okkar framleiðslu, og sem aldrei láta sér detta í hug, að framleiðendur eigi að vera meðhöndlaðir sem annars flokks menn í þjóðfélaginu, eins og nú er gert, því mismunurinn á þeirra hag og launaliði ríkisins er þannig, að þetta er svo.

Framsfl. hefir nú verið valdaflokkur í landinu í 10 ár, og er það enn. Hann verður nú að láta sér skiljast, að um tvennt er að velja á komandi tíð. Annaðhvort að hlaupa glötunarveginn á enda og taka alla framleiðslu og framfærslu þjóðarinnar undir ríkið, eins og kommúnistar vilja, og horfast í augu við alla þá eymd, hungur og vesöld, sem það hefði í för með sér, — eða snúa gersamlega við, bjarga því, sem hægt er að bjarga á grundvelli einstaklingsréttar og félagsfrelsis, og láta allar villukenningar sósialista og kommúnista sigla sinn sjó.

Það þarf enginn að efast um, hvorn kostinn við sjálfstæðismenn viljum taka, og ég verð að segja það, að þeim, sem hér hafa verið að sökkva framleiðslu þjóðarinnar í hyldýpið, er það allra síst sæmd, að hrópa út til þjóðarinnar spádóma og ásakanir um það, að allt illt sé minni hlutanum að kenna.

Við sjálfstæðismenn höfum ekki vald á málum á Alþingi, og okkar stefna hefir á mörgum sviðum verið borin fyrir borð árum saman, en hún er sú fyrst og fremst, að vinna að því, að framleiðslan sé rekin hallalaust.

Hæstv. fjmrh. ferst því ákaflega illa að kalla valdlega eftir bjargráðatillögum frá minni hlutanum, þegar 10 ára óstjórn hans eigin flokks er búin að fara þannig að, að mestallar eignir framleiðenda eru eyddar og hrunið blasir við. Þegar svo er komið, þá er ekki um góða kosti að velja; það vita allir landsmenn.

Ég vil svo ljúka þessu máli með því að óska hlustendum og þjóðinni allri gleðilegra jóla og batnandi aðstöðu og bjartari vona á komandi ári.

*Finnur Jónsson: Mér heyrðist á síðasta ræðumanni, að hann hefði mikla löngun til þess að frelsa hæstv. fjmrh. úr þeim vonda félagsskap, sem hann væri í við okkur jafnaðarmenn. Ef þetta skyldi einhverntíma takast fyrir þessum hv. þm., að véla hæstv. fjmrh. yfir í félagsskap sjálfstæðismanna, þá vildi ég óska þess gagnvart þessum unga, efnilega og sjálfsagt tiltölulega óspillta fjmrh., að hann ekki tæki upp það ljóta orðbragð, sem formaður Sjálfstfl. temur sér, því ég teldi það mjög illa farið gagnvart virðingu þessarar stofnunar, ef allir leiðandi menn flokkanna gerðu sig seka í jafnstrákslegu og raunar svívirðilegu orðbragði og hv. form. Sjálfstfl. lætur sér sæma oft og tíðum. Hv. þm. sannaði það með fúkyrðaþvælu sinni, að hann hefði engin rök fyrir sig að bera í því máli, sem ég hefi reifað hér áður, síldarverksmiðjumálinu, og í þeim tilraunum, sem hann er nú að gera til þess að lögbjóða það og koma því fram gegnum bankavaldið, að sjómenn og útgerðarmenn verði sviptir miklu af andvirði bræðslusíldarinnar á ári hverju.

Ég hefi sýnt fram á, að bræðslusíldarverðið 1937 var ákveðið eftir sömu reglum og bræðslusíldarverðið 1936, en árið 1936 var Kveldúlfur síldarseljandi, en 1937 var hann kaupandi, og þá kvartar Ólafur Thors yfir of háu verði.

Í gegnum allan þann fúkyrðapistil, sem hv. þm. flutti yfir mér, kom fram máttlaus reiði yfir því, að hafa ekki getað haldið síldarverðinu niðri. Rökum mínum svaraði hann með órökstuddum ásökunum um gegndarlaust sukk í stjórn síldarverksmiðjanna. Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það, enda er

enginn tími til þess. Ég legg það óhræddur undir dóm þeirra sjómanna og útgerðarmanna, sem skipt hafa við síldarverksmiðjur ríkisins síðustu tvö ár, hvort þessar ásakanir hv. þm. G.-K. eru á nokkrum rökum byggðar. Ég fyrir mitt leyti kvíði ekki þeim dómi, hvorki fyrir mína hönd eða meðstjórnenda minna.

Ég verð að segja það, að það er ólíkt betri útkoma hjá síldarverksmiðjum ríkisins heldur en hjá þeim verksmiðjum, sem Kveldúlfur hefir með höndum. Hv. þm. G.-K. gat þess, að Kveldúlfur hefði getað selt lýsi fyrir £ 19 í sumar. Hvers vegna gerði hann það ekki? Verðið hefir haldið áfram að falla og er nú milli £ 15—16. Kveldúlfur mun nú eiga um 4000 tonn af lýsi óselt. Hann vildi ekki selja á meðan það stóð í £ 19, og nú hefir það fallið þannig, að ef sala ætti að fara fram í dag, mundi tapið, sem Landsbankinn yrði fyrir, nema milli 300—400 þús. kr. Það er óþarfi að spyrja hv. þm. hver eigi að borga þau pund. Vitanlega er það þjóðin, sem verður að borga þau, eins og önnur þau pund, sem Kveldúlfur hefir illa ávaxtað undir stjórn Ólafs Thors.

Ég hefi engan tíma til þess að svara þeim átölum, sem hv. þm. bar fram í garð síldarútvegsnefndar. Hv. þm. var að tala um allskonar brögð og mútur í sambandi við síldarsöluna. Ég skora á hann að kæra þá menn, sem hafa gert sig seka í slíku; ella ef hann ekki gerir það, verða þessi ummæli hans skoðuð sem ummæli manns, sem er frávita af reiði og veit ekki, að hann er á Alþingi og á að svara til saka fyrir þau orð, sem hann þar segir.

Ég vil segja það, að okkar síldarsala hefir farið þannig tvö síðustu árin, að við höfum grætt á henni, þótt aðrir, sem hafa selt síld, og það frekar vel, t. d. Norðmenn, hafi stórtapað. Okkur hefir tekizt, í gegnum þá skipulagningu, sem við höfum á síldarsölunni, að halda síldarverðinu það uppi, að við höfum fengið gott framleiðsluverð fyrir okkar síld, en Norðmenn hafa tapað. Nú selja þeir sína matjessíld fyrir 18—20 kr., þegar við seljum fyrir 30—32 kr. fob.

Eftir opinberum skýrslum að dæma, sem ég hefi frá Noregi, er tapið á hverri síldartunnu um 6 kr. hjá þeim, og ekki nóg með það, heldur hafa þeir orðið að setja 40 þús. tunnur í bræðslu, sem þeir söltuðu hér í sumar. Ef síldarútvegsnefnd heldur uppi 10 kr. hærra verði á matjessíld heldur en Norðmenn og á að hafa stórfé upp úr þeim viðskiptum, þá verð ég að segja, að hv. þm. G.-K. gerir enn meira úr viðskiptahæfileikum síldarútvegsnefndar en ég vil gera, þótt ég sé viss um, að hún hafi staðið vel í sinni stöðu.

Í þeirri skýrslu, sem ég hefi með höndum, sem er frá trúnaðarmanni síldarútvegsnefndar í Noregi, segir svo, að allir þeir síldarútgerðarmenn, sem hann hafi átt tal við um tapið á síldinni, telji, að ástæðan fyrir því sé það skipulagsleysi, sem á þessum málum er í Noregi.

Ég hefi leyft mér að stinga við þessar umr. á Kveldúlfskýlinu. Og það hefir sýnt sig, að sá fúkyrðaforði, sem hv. þm. G.-K. ræður yfir, muni aldrei þrjóta. Ég er ánægður meðan sá hv. þm. telur mig svo hættulegan andstæðing, að hann hellir yfir mig skálum reiði sinnar, svo að hann verður sér til athlægis hér á Alþingi. Ég mun standa móti því, meðan kraftar endast, að skuldasúpu Kveldúlfs verði velt yfir á sjómenn og útgerðarmenn gegnum starfrækslu síldarverksmiðja ríkisins.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Hv. 5. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, las upp prýðilegan ræðukafla eftir mig frá þinginu 1931 — og það var nú bezti hlutinn í ræðu hans. — Ég vildi mega minna hann á það, að síðan 1931 hafa miklar breytingar orðið. Ég vildi minna á tekju- og eignarskatt, sem var hækkaður á hærri tekjum aðallega, auk þess sem barnafrádráttur var hækkaður. Með útsvarinu eru þessir beinu skattar orðnir svo háir, að sjálfir kommúnistar hafa ekki treyst sér til að bera fram frv. um hækkun þeirra á þessu þingi. Síðan 1931 hefir verið afnumið útflutningsgjald af síld og saltfiski, og tollum af kolum og salti verður væntanlega aflétt á þessu þingi. Enn fremur hefir verið afnuminn tollur af nær öllum efnivörum til iðnaðar. Kaffi- og sykurtollur hefir verið lækkaður. Þetta hefir breytzt síðan 1931. — Annað hefir líka breytzt. Vegna minnkandi innflutnings og hafta, sem sérstaklega hindra innflutning hinna tollhærri vörutegunda, hafa vörutollur og verðtollur hrapað niður síðan 1931. Vörutollurinn var þá á 3. millj. króna einn saman. En árið 1936 urðu samanlagðir vörutollar og verðtollar ekki nema rúmlega 2 millj. eða minna en vörutollurinn einn áður.

Hv. þm. veit, að nú er ekki nema um tvennt að ræða, að taka fé þar, sem það fæst, eða taka það ekki og leggja ekkert til þeirra mála, sem samkomulag er um meðal vinstri flokkanna, að séu nauðsynleg. Annaðhvort er að láta hvorttveggja ógert, nýja fjáröflun og framkvæmdir, eða velja þá leið, sem stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að fara. Ég játa, að sú leið er að ýmsu leyti neyðarúrræði; En var hitt betra, að gera ekki neitt?

Ég verð að segja það, að enda þótt kommúnistar standi sig vel í yfirboðum, þá skáka sjálfstæðismenn þeim þar, og þó sérstaklega hv. þm. G.-K., Ólafur Thors. Það er kostulegt að heyra, þegar hann hneykslast á tollum og bölsótast í nafni flokks síns yfir tollaálögum á neyzluvörur fólksins, hverja skóbót, matarbita og sopa, — í nafni borgaraflokksins, íhaldsflokksins, Sjálfstfl. eða hvað sem hann hefir kallað sig. Því að hverjir hafa alltaf barizt fyrir óbeinu sköttunum, tollunum? Hverjir hafa alltaf barizt gegn lækkun þeirra? Hverjir andmæltu lækkun síldartollsins? — Það voru þeir sjálfstæðimenn. — Hverjir stóðu móti lækkun kaffi- og sykurtollsins? — Sjálfstæðismenn. — Hverjir vilja lækka tekju- og eignarskatt efnamanna og velta þeim álögum yfir í tolla á nauðsynjum almennings? Það og einmitt það vilja sjálfstæðismenn og hv. fulltrúi þeirra, þm. G.-K., Ólafur Thors.

Og þeir heimta töluvert fleira. Þeir heimta, að kaupgetan sé skorin niður, svo að alþýða spari sér erlendar vörur. Þeir hafa barizt móti því að leggja fé í verkamannabústaði í Reykja-

vik. Þeir þykjast vorkenna Reykvíkingum fyrir dýrtíð, samtímis því sem þeir heimta gengisbrask til þess að geta aukið dýrtíðina til gróða fyrir stétt sína.

Hv. þm. sagði, að menn yrðu að stilla kröfum í hóf. Hverjir eru það einkum, sem hann vill láta stilla kröfum í hóf? Eru það verkamenn og sjómenn? Ætli það séu þeir, sem hafa verið kröfuharðastir um lífsgæðin? — Ætli það séu ekki heldur menn, sem standa hv. þm. og Sjálfstfl. nær, sem hafa verið kröfuharðastir, hvort sem framleiðslan hefir borið sig eða ekki? — Maður líttu þér nær!

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Góðir hlustendur! Út af ummælum hæstv. atvmrh., Haralds Guðmundssonar, og afsökunum hans vegna breytts ástands vil ég segja það, að þessi sömu andmæli nota menn eiginlega alltaf, þegar þeir hafa komizt í meiri hluta og kemur að efndunum á kosningaloforðunum. Ég vil minna hann á þau ummæli franska stjórnmálamannsins Herriot, að það væru ekki nema miklir stjórnmálamenn, sem framkvæma, þegar þeir hafa komizt í meirihlutaaðstöðu, það, sem þeir voru áður búnir að lofa.

Hv. 4. landsk. (StSt) sagði, að Bændafl. hefði viljað allt annað en leggja samvinnufélögin í rúst. En Bændafl. hefði, held ég, engu ráðið um það, eftir að hann var genginn á mála hjá íhaldinu. Þetta veit hv. 4. landsk., og að það var einn aðaltilgangur breiðfylkingarinnar, með því að ná völdum í Alþingi, að geta lagt samvinnufélögin í rúst. Hann þurfti ekki annað en hlusta á hv. form. Sjálfstfl., Ólaf Thors, hvað hann varð fjúkandi vondur yfir því, að Kaupfélag Reykjavíkur mundi fá gjaldeyrisleyfi. — Það, sem hann sagði um samvinnufélögin í Rússlandi, var þrungið af ósannindum. Þar hafa félögin þróazt með meiri hraða en í nokkru öðru landi. Það má sjá t. d. í síðasta tbl. kaupfélagsblaðsins Heima, þar sem ýtarlegar skýrslur eru gefnar um framfarir rússnesku kaupfélaganna í hverri grein um sig. Og það er mikið gleðiefni, eins og ritað hefir verið af einum bezta forgöngumanni samvinnuhreyfingarinnar á Bretlandi, að hægt er að benda á þennan mikla vöxt samvinnuhreyfingarinnar á Rússlandi.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. (EystJ) sagði um síldarverksmiðjufrumvarp Framsfl. og Íhaldsfl., og ummælum hv. þm. Barð. (BJ), þegar hann var að brydda á því, að það hefði ekki átt að greiða nema 7 kr. fyrir bræðslusíldina síðastl. sumar, vil ég bæta við eftirfarandi upplýsingum: Formaður Framsfl. hélt því fram, að síldarverð, sem verksmiðjurnar á Siglufirði ættu að greiða, yrði að miðast við það, sem smáverksmiðjur á þeim stöðum, sem í flestum árum hafa lökust skilyrðin, reyndust færar um að greiða. T. d. ef rétt síldarverð á Siglufirði væri 8 kr. á mál, en verksmiðjan á Seyðisfirði stæði sig ekki við að greiða nema 6 kr. Þá ætti allt síldarverð að vera 6 kr. — Sjómönnum á að blæða, en Kveldúlfur og verksmiðjur hans að græða að sama skapi. Enginn efast um, að þetta sex kr. verð í stað átta héti heilbrigða verðið, samvinnumannaverðið, í munni hæstv. fjmrh. og hv. þm. S.-Þ., Jónasar Jónssonar. En það sést alveg nógu skýrt, að þarna er það fulltrúi bankanna, sem talar, en ekki samvinnumannanna. Það er bankaráðsmaðurinn Jónas Jónsson, sem þykir svona ógurlega vænt um sjómenn, alveg á sama hátt og Ólafi Thors þykir vænt um sjómenn. Þetta er samvinnan og ástin, sem sjómönnum ber að endurgjalda. Hv. fjmrh. kemur líka og segir, að þeim eigi að þykja vænt um ríkissjóðinn eins og sín eigin samvinnufélög. (__Fjmrh.:__ Já, því ekki það?).

Já, skattþegnarnir eiga að borga tollana með gleði og þykja vænt um félagseign sína, ríkissjóðinn, alveg eins og bændum þykir vænt um samvinnufélög sín, sem gera það af ást við þá að borga þeim ekki út nema einhvern hluta af áætlunarverði fyrir vörur þeirra. Það kann að vera, að bændur hafi þá reynslu, að þeir fái það síðar fullgreitt, sem þeir hafa lagt inn í kaupfélagið. En fólkið hefir vissulega ekki þá reynslu af ríkissjóði, að það fái það allt endurgreitt, sem það hefir lagt í hann. Og reynslan, sem sjómennirnir hafa af síldarverksmiðjunum, hefir verið eitthvað svipuð.

Hæstv. forsrh. (HermJ) sagði í ræðu sinni, að við kommúnistar legðum fram tillögur um hækkun tekjuskattsins. Það er ekki rétt, og allt, sem hann sagði um það, var því vindhögg. Við höfum enga slíka tillögu lagt fram. En við vitum, að það er vel hægt að hækka skattinn á hátekjumönnum miklu meira en gert hefir verið. Og þau skattafrumvörp, sem við berum fram, lenda öll á hátekjumönnum og óhófseyðslu yfirstéttarinnar. En hæstv. forsrh. er á móti því, að slíkir skattar séu lagðir á. Hann kýs heldur að skattleggja hvern bita og sopa, sem alþýðan lætur inn fyrir sínar varir, og hverja spjör, sem hún klæðist. Og hver eru rökin? — Jú, rökin er þau, að gjaldþol hinna ríku sé þrotið, en aftur á móti á gjaldþol hinna fátæku að vera ótæmandi. Það eru m. ö. o. tekin upp af hæstv. forsrh. og flokksbræðrum hans nákvæmlega sömu rökin og íhaldið hefir jafnan borið fram, — gegn sköttum á hina ríku og með sköttum á hina fátæku. Við skulum þess vegna taka þessi rök ofurlítið til meðferðar.

Það hefir nefnilega við þessar umræður, eins og fyrri daginn, kveðið við sami sónninn frá fulltrúum auðmannastéttarinnar um það, hvað þeir séu þrautpíndir með sköttum og skyldum. Og hæstv. forsrh. hefir stutt þá svo dyggilega, að fulltrúi Bændafl. þurfti ekki annað en vísa til þess. Manni rennur til rifja, þegar maður heyrir þennan harmagrát. Hvað eftir annað fullyrða þeir herrar, að hver einasti eyrir, sem hátekjumennirnir vinna sér inn, sé tekinn upp í skatta og útsvör. Manni skilst, að það séu hin ömurlegustu örlög, sem nokkurn mann getur hent, að hafa háar tekjur, og að hver megi prísa sig sælan, sem rétt hefir til hnífs og skeiðar. Það, sem maður á erfiðara með að koma inn í höfuðið, er það, að þessir vel kristnu menn skuli ekki losa sig úr þessari prísund, sem því fylgir að vera ríkur, með því að gefa fátækum allar eigur sínar og afsala sér öllum sínum tekjum.

Maður á líka erfitt með að samrýma þessi

grátkvein yfirstéttarinnar þeim staðreyndum, sem skattskýrslur sýna okkur. Hér í Reykjavík hafa á undanförnum árum verið innan við þúsund manns, sem hafa haft í nettótekjur 6 þús. og allt upp í 100 þús. kr. á ári. Það eru kallaðar nettótekjur, þegar búið er að draga frá tekjunum alla skatta og útsvör, sem greidd eru á árinu. Ef það er satt, að hver eyrir sé tekinn af hátekjumönnunum upp í skatta og útsvör, hvernig getur það þá komið heim við það, að þeir skuli halda eftir frá 6 þús. kr. upp í marga tugi þúsunda, jafnvel upp í 100 þús. kr.?

Það hljóta að vera einhverjir maðkar í blöndunni. Dæmin eru nefnilega fölsk, þau sem hampað er framan í almenning. Þessar sögur eru ekki annað en reyfarasögur. Það er nefnilega ekki eins voðalegt að vera hátekjumaður og margir vilja vera láta, jafnvel þó að skattarnir og útsvörin nálgist það, sem kallað er 100% af nettótekjunum, samkv. gildandi skattalöggjöf.

Við skulum taka dæmi: Maður hefir 100 þús. kr. í skattskyldar tekjur á ári. Af þeim borgar hann í skatta og útsvör, skulum við segja, tæpar 90 þús. kr. Næsta ár hefir hann aftur 100 þús. kr. tekjur, en gefur þá upp samkv. lögum 100÷90 þús. kr. = 10 þús. kr., því að opinber gjöld, sem hann greiddi árið áður, má hann draga frá samkv. lögum. Af þeim borgar hann svo sem 3 þús. kr. í skatta og útsvör. Á þessum tveim árum hefir hann því haft 200 þús. kr. í tekjur og greitt af þeim rúmar 90 þús. kr. í skatta. Á þessum tveimur árum hefir hann því haft 110 þús. kr., sem hann gat notað til eigin heimilisþarfa, — eða 55 þús. kr. að jafnaði á ári, sem enginn hátekjuskattur eða útsvör ná að skerða samkv. fyrirkomulagi gildandi skattalaga. — Við þessar 55 þús., sem hann fær að hafa í friði fyrir öllum sköttum, bætist svo það, sem hann hefir dregið frá samkv. lögum, þegar hann taldi fram til skatts, persónufrádráttur hans og annað, að maður nú ekki tali um það, sem hann kann að hafa komið undan skatti svona hinseginn.

En það sorglegasta við þetta allt saman er, að fulltrúar vinstri flokkanna margir hverjir hafa ekki aðeins gefizt upp fyrir fulltrúum stóreignamannanna í skattamálum, heldur líka gleypt rök þeirra og skoðanir ómeltar. Það er hart að heyra fulltrúa verkamanna og bænda berja sér á brjóst og segja, að nú sé ekki lengur hægt að taka meira af þeim, sem hafa 30—50 þús. kr. í árstekjur og þess vegna verði ríkissjóður að afla sér tekna á kostnað hinna, sem hafa 1—3 þús. kr. í árstekjur. Fyrr má nú vera úrræðaleysi, að geta ekki fundið fyrirkomulag til að skattleggja frekar menn, sem hafa tugi þúsunda til eigin þarfa, eftir að þeir eru búnir að greiða alla skatta og skyldur til hins opinbera. Hitt er þó enn verra, að finna engin ráð til að skattleggja tugi þúsunda, sem nú er dregið undan skatti.

Hæstv. fjmrh. (EystJ) var að tala um það hér í gær, að það væri alveg óhætt að hækka tollana, því að Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hafi lækkað vöruverðið svo mjög. Það er nú gleðilegt, að hæstv. ráðh. skuli viðurkenna svona skýlaust það starf, sem Pöntunarfélag verkamanna og arftaki þess, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, hefir innt af hendi. En ég vil nú fyrir hönd kaupfélagsins og meðlima þess mótmæla því harðlega, að starfsemi þess sé notuð sem röksemd til að réttlæta tolla á nauðsynjavörum. Kaupfélagið lítur á það sem verkefni sitt að berjast á móti dýrtíðinni á öllum sviðum og orsökum hennar, hvort heldur er um heildsalagróða að ræða og okur eða tolla, sem ríkið leggur á nauðsynjavörur. Það er því beinlínis móðgun við kaupfélagið að nota nafn þess til að réttlæta tolla, sem hækka nauðsynjavörur í verði. Fyrir hönd kaupfélagsins mótmæli ég þessari móðgun.

Ég vil nú að endingu skora á meðlimi Alþfl. og Kommfl. að sjá til þess, eins og ég lagði til í framsöguræðu minni í gær, að Alþfl. og Kommfl. gangi alstaðar saman, í öllum bæjum og hreppum — og þó fyrst og fremst í Reykjavík — gegn íhaldinu við næstu bæjarstjórnarkosningar. Látum það verða upphaf einingarinnar og upphaf þeirrar þjóðfylkingar, sem við kommúnistar viljum skapa í landinu, bæði hér á Alþingi, í hverjum bæ og í hverri sveit.

Ólafur Thors: Ég hefi aðeins örfáar mínútur til umráða. Get því aðeins drepið á örfá atriði.

Samverkamenn Finns Jónssonar hafa tjáð mér, að um bakprovision hafi verið að ræða, og það í stórum stíl, svo F. J. þýðir alls ekki að þræta fyrir það. Skal ég endurtaka þau ummæli utan þings og sanna fyrir rétti, ef óskað er.

Óskammfeilni hv. þm. Ísaf. (FJ) keyrir alveg úr hófi, að hann skuli dirfast að tala um óstjórn á verksmiðjum Kveldúlfs. Allir vita þó, að þar er komizt af með 1 mann fyrir hverja 2, sem taldir eru vinna og kaup taka þar, sem F. J. stjórnar.

Því seldi Kveldúlfur ekki fyrir £ 19? spyr hv. þm. Ísaf. Kveldúlfur seldi á £ 19. Þann sama dag seldi F. J. á £ 18, alveg eins og hann seldi á £ 21 sama daginn og Alliance seldi á £ 22.

Það getur verið, að hv. þm. Ísaf. telji, að þetta sé að ávaxta sitt pund vel, en það er áreiðanlega að ávaxta annara pund illa, og þess vegna er nú F. J. veginn og léttvægur fundinn.

Ég heyrði það eitt af síðustu ræðu hæstv. atvmrh. (HG), að hann spurði: „Hverjir eiga að stilla kröfum sínum í hóf? Eru það verkamenn eða þeir, sem nær standa Ó. Th.?“

Það eru m. a. menn eins og Haraldur Guðmundsson, sem stilla eiga í hóf. Hann hefir fyrstur ísl. ráðh. tekið 3000 krónur í risnufé til að halda sjómönnum og verkamönnum veizlur, sem mér er nú raunar sagt, að ekki séu byrjaðar ennþá!

Næstsíðustu ræðu hæstv. atvmrh. nefna menn hér í sölum þingsins uppgjöf sósialistanna.

Rök ráðh. fyrir þrásetunni í ráðherrastóli eru nú þessi:

„Ég setti að vísu fram kröfur og ég lýsti því yfir, að ég færi úr stjórn, ef þær yrðu ekki uppfylltar. En ég bað líka um kosningar. Úrslit þeirra sýndu, að breiðfylkingin var í minni hluta. Átti ég þá að fara úr ráðherrastóli?

Nú, en voru þá kosningarnar ætlaðar til þess

að koma breiðfylkingunni í meiri hluta, þessum voðalýð?! Ef ekki, hverju breyttu þær þá? Ef ráðh. að afloknum kosningum ætlaði að kyngja öllum kröfunum til þess að hanga, var þá ekki betra að gera það fyrir kosningar?

Eftir þessu hafa þá kosningarnar átt að vera til þess eins, að geta svikið út fylgi þjóðarinnar með kröfum, sem svo átti að svíkja, strax að afloknum kosningum.

Þetta er auma vörnin, — ég endurtek það, að þögnin hefði verið skárri.

Út af Hjalteyrarverksmiðjunni segi ég þetta: Ég kenni í brjósti um þann ráðh., sem vísvitandi segir ósatt til þess að reyna að komast úr klípunni.

Hæstv. atvmrh. sagðist hafa tvíframlengt verksmiðjuleyfið. Það er ósatt.

Hann sagðist hafa beðið eftir, að Landsbankinn svaraði beiðni um milljónalán handa Kveldúlfi. Það er líka ósatt. Kveldúlfur fór ekki fram á nema 150 þús. kr. lán hjá Landsbankanum til verksmiðjunnar, og á því svari stóð aldrei.

Nei, fyrst þorði ráðh. ekki að neita um byggingarleyfi af ótta við sjómenn. Síðan þorði hann ekki að endurnýja leyfið af ótta við Héðinn Valdimarsson og Finn Jónsson. Og loks skipaði þingið honum fyrir verkum, og þá þorði hann ekki annað en að hlýða.

Þetta er lítil saga, en ljót, og frikkar ekkert, þegar sagt er frá því að þegar útséð var um, að sósar gætu kúgað þingið til að kúga bankann, — þegar þannig var sýnt, að verksmiðjan á Hjalteyri yrði reist, bar F. J. fram tillögu um, að hún yrði þó minnkuð um helming. Þannig birti þessi fíni maður hug sinn til sjómanna, og vissi þó vel, að með þessu hefði hann haft milljón kr. atvinnutekjur af þeim.

Hæstv. atvmrh. reynir nú að prýkka sig með því, að hafa leyft Kveldúlfi að stækka verksmiðjuna um 2400 mál. Hann gleymdi bara að segja frá því, að Kveldúlfur bað um að stækka verksmiðjuna um 500 mál. Þessu neitaði ráðh., og reynir þannig í lengstu lög að þóknast Finni Jónssyni, en svíkja sjómenn.

Afbrýðissemi hæstv. atvmrh. út af hljóðskrafi okkar J. J. er þrosleg. Hann langar óhemju mikið að vita, um hvað við erum að tala, — hvort við séum orðnir sammála um lausn vandans.

Ég er brjóstgóður. Ég skal segja hæstv. atvmrh., að enn er samkomulagið ekki lengra komið en það, að við höfum orðið sammála aðeins um eitt atriði, en það er líka stórt mál — stórt velferðarmál þjóðarinnar. Við erum sammála um að losa útveginn við kláðann, brjóta á bak aftur vald F. J. yfir síldarmálunum.

Ræða hv. fjármrh., Eysteins Jónssonar, var að mestu ein óslitin ósannindatugga, sem hann flutti nú í 10. sinn af gömlum vana. Hann þorir ekki að neita því, að hann hafi lagt 2 millj. kr. nýja tolla á þjóðina. En hann reynir að leyna því, með því að spyrja: Á þjóðin örðugra með að greiða 13—14 millj. nú en 12 áður, af því bannaður er óþarfi? Nei, segjum það, en húsmæðurnar vita hitt, að af hverjum munnbita og hverri spjör tekur ríkissjóður nú 2 kr. fyrir 1 áður, og af þeim ástæðum verða þær nú að neita sér um ýmsa nauðsynlega björg í búið.

Ráðh. þykist heilmikill karl, þegar hann er að skora á mig að segja, hvernig Sjálfstfl. mundi geta lækkað útgjöldin um 1 milljón. Ég býst við, að völlurinn á honum minnki eftir ræðu hv. þm. A.-Húnv. (JPálm).

En svo langar mig að segja ráðh. þetta:

1934 sagði hann, að ekkert væri hægt að skera niður.

1935 var milljón skorin niður.

Nú er enn skorið niður.

Heldur nú ráðh., að ef vilji er til, sé alls ekki hægt að skera meira niður?

Nei, hann veit vel, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn í fjárveitingarn. voru sammála um, að miklu meira væri hægt að skera niður. En ráðh. sjálfur þorði ekki vegna H. V.

Það er fjmrh., en ekki stjórnarandstæðingar, sem eiga að hafa þar forustu. Þori hann það ekki þýðir ekki að tala um sparnað fyrr en búið er að skipta um mann í þeim sess, — en þá er það líka vandalaust.

Ráðh. reyndi að afsaka fjármálavandræði ríkisins með því að segja rangt frá fjárhag Reykjavíkur. Er það að vísu rétt, að álögur hafa hækkað í Rvík. En hverjum er það að kenna? Það er að kenna stjórnarfl., því þeir hafa samþ. hver lögin af öðrum, sem leggja ný og ný gjöld á Rvík, og mætti því vænta, að ráðh. sæi sinn sóma í því að þegja yfir þessu.

Loks reyndi ráðh. að miklast af skattlétti á útvegnum. En ráðh. veit vel, að með 2—6% nýjum tolli á nauðsynjar útvegsins og 12% nýjum álögum á alla eldri skatta hefir hann tekið tvo peninga — eða marga — af útvegnum fyrir hvern einn.

Ráðh. sér, að þetta er veik aðstaða og reynir að fela sig bak við mig. Í því skyni segir hann frá því, að á fundi með útvegsmönnum hafi ég svarað tómum vífilengjum.

Þetta eru bein, vísvitandi og sannanleg ósannindi.

Á þessum fundi lýsti ég því yfir, skýrt og skorinort, að ég væri reiðubúinn til skattléttis á útvegnum og til þess að semja við ráðh. um nýjar tekjur í staðinn, en vegna þess að ráðh. neitaði að ganga lengra en orðið er, teldi ég tilgangslaust að tefja þingið með fyrirfram dauðadæmdum tillögum — þetta heyrðu allir viðstaddir, og ráðh. ekki síst, því til hans var því sérstaklega beint. Að dirfast síðan að fullyrða hið gagnstæða, sýnir aðeins, hve óvenju ófyrirleitinn þessi maður er í rökþrotum sínum.

Einar Olgeirsson sagði, að aðalvoði þjóðarinnar væri ekki fjárpestin, heldur makk okkar J. J., eins og hann orðaði það. Má að vísu vera, að við gætum orðið kommum viðlíka skæðir og fjárpestin sauðfénu, en þjóðin er áreiðanlega skaðlaus af því.

Þessum umræðum er nú að verða lokið. Sjálfstfl. hefir enn sem fyrr reynt að opna þjóðinni útsýni yfir stjórnmálaviðhorfið. Horfurnar eru iskyggilegri en nokkru sinni áður, framleiðslan komin að þrotum, þjóðin hlaðin þungum skuldum, en flokkadrættir draga úr viðnáminu.

Þjóðin stendur á tímamótum. Undir átaki okkar sjálfra eigum við það, hvort við að fáum árum liðnum fáum tekið í eigin hendur öll um-

ráð allra okkar mála. Ég dreg ekki í efa, að yfirleitt skilji menn, hver áhrif afdrif þess máls hafa á alla framtíð niðja okkar. Hitt gera menn sér síður ljóst, að enda þótt fullur vilji sé til, veltur þó slík ákvörðun að sjálfsögðu á efnahagslegri afkomu þjóðarinnar. Við verðum því nú þegar að gera oss ljóst, verði þjóðin áfram þjökuð af hverskonar óáran, mergsogin af sköttum, sokkin í erlent skuldafen og auk þess sjálfri sér sundurþykk, mun hún aldrei reynast einráð málefna sinna.

Frelsið er fyrsta boðorð okkar sjálfstæðismanna — frelsi einstaklingsins og frelsi þjóðarinnar.

En frelsisþráin er fleirum en okkur í merg runnin. Hún er sameiginleg eign okkar arftaka þeirra manna, er heldur kusu að yfirgefa ætt og óðal en lúta drottinvaldi konungs, og einmitt í því sjáum við sjálfstæðismenn fyrirheitið um það, að enda þótt þjóðin hafi um skeið látið glepja sér sýn, eigum við þó vísan sigurinn í innanlandsbaráttunni, vegna þess hve nátengd stefna okkar er sterkasta þætti Íslendingseðlisins, — frelsisþránni.

Hitt er okkar mikli kvíði, að við vöknum of seint, leysumst of seint úr læðingi, og verðum af þeim ástæðum öðrum að bráð.

Það er heitasta þrá okkar sjálfstæðismanna að afstýra þeim voða, og því fer þess vegna svo fjarri, að við látum gamlar persónulegar væringar skyggja á þá göfugu og stóru hugsjón, að okkur beinlínis hris hugur við slíkum hugsunarhætti.

Sameinaðir stöndum vér, — minnumst þess í dag og alla daga, Íslendingar.

***Þorsteinn Briem:** Hæstv. atvmrh. taldi, að Bændaflokkurinn mætti ekki tala um útvegsmál og lífsbjörg fólksins við sjávarsíðuna. Er það ekki skylda okkar að líta þangað, sem náungans veggur er að brenna, því að við vitum, að þegar hann brennur, þá er vorum eigin hætt.

Kjörorð Bændafl. hefir frá upphafi verið viðreisn framleiðslunnar til sveita og við sjó, og að atvinnuvegirnir verði að geta borið sig. Og Bændafl. hefir haldið sér svo fast við það efni, að hann hefir ekki gleymt þessu fyrsta og stóra stefnumáli sínu, eins og Alþfl. hefir gleymt sinni stefnuskrá, bæði um tolla og annað, enda eru þeir nú að ræða það sín á milli, foringjar hans, hvort þeir eigi ekki að leggja niður flokk sinn og mynda nýjan flokk með Kommfl.

Á 13. þingi Alþfl., árið 1936, þóttist flokkurinn afneita kommúnistum í eitt skipti fyrir öll, þótt hann tæki upp stefnuskrá kommúnista. En á 14. þingi flokksins, nú í haust, var ekki um annað rætt en uppköst að hjúskaparsáttmálanum við kommúnista. Það skal vel vanda, sem lengi á að standa, má segja um þann kaupmála, því að enn eru flokkarnir að athuga á honum orðalagið, og annað en orðalag er það ekki, sem á milli ber.

Hæstv. ráðh. taldi orð mín í gærkvöldi sýna, að ég fylgdi stefnu Sjálfstæðisfl. Er það þá stefna Sjálfstfl. eins að vilja ekki hækka verðtollana? Var ekki hæstv. ráðh. sjálfur ekki aðeins á móti hækkun á verðtolli áður fyrr? Man hann ekki, hversu hranalega hann barðist sjálfur á móti öllum verðtolli 1931?

Eitt stærsta atriðið, sem ég deildi á Alþfl. fyrir, var framkoma Alþýðusambandsins gagnvart S. Í. S. Ég varði S. Í. S. fyrir árásum hinna kommúnistisku vina ráðh. í gærkvöldi. Varði það svo, að þeir hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. bættu þar engu við, sem ég hafði ekki tekið rækilega fram áður. Mitt svar var fullt svar við árásum kommúnistanna; þó að ég sparaði mér að veitast persónulega að árásarmanninum, voru rök mín ekki ósterkari fyrir það. Köpuryrði þess kommúnista eru ómæt reiðiorð yfir þeirri sterku vörn, sem við Bændaflokksmenn höfum haldið uppi fyrir Sambandið og störf þess. En eru það sérstök stefnumál Sjálfstfl. að halda uppi vörn fyrir kaupfélögin og Sambandið? Var hæstv. fjmrh. að sanna það í gærkvöldi og nú aftur í kvöld?

Nei, hæstv. atvmrh. þarf alltaf að eiga einhverja grammófónsplötu til að spila á. Nú getur hann ekki lengur spilað gömlu plötuna um verðtollinn, því að hann þarf nú að spila allt annað lag en hann spilaði svo vel og snjallt 1931. Nú veit hann, að hans aðalplata sem ráðh. er orðin gersamlega útspiluð, — það er grammófónsplatan um fiskimálanefnd. Hann á erfitt með að spila lengur lagið um Póllandsfiskinn, sem seldist ekki fyrir flutningnum í höndum fiskimálanefndar. Eða um Amerikufiskinn, sem fiskimálanefnd sendi tóbakssalann til að selja, en tókst báglega. En þegar allar hans plötur eru útslitnar, þá fær hann þessa gömlu, útslitnu plötu að láni, um Bændafl. En ekki mun honum endast þessi útslitna lánsplata betur en hans eigin. En það sýnir rakafátækt hæstv. atvmrh., að hann hefir nú ekkert fram að bera á móti Bændafl. annað en löngu útspilaða lánsplötu.

Hæstv. forsrh. boðaði í gærkvöldi þá ræðu, sem hann hefir nú flutt hér í kvöld um stjórnmálaviðhorfið eins og það liggur fyrir að áliti hans. Þessa ræðu hefir hann nú flutt hér í kvöld. Af henni er sýnt, hvernig hann tekur hóflegum orðum Bændaflokksmanna um að finna leiðir út úr ógöngunum. Þeim hófsamlegu ummælum svarar hæstv. ráðh. nú með brigzlum og órökstuddum stóryrðum. Bændafl. mun ekki verða uppnæmur fyrir orðum einum. Hann þuldi upp gömlu þuluna um afrek sín og flokks síns. Hann eignaði sér kjötlögin, sem Bændafl. átti frumkvæðið að á þingi og lét undirbúa. Hann gortaði ekki í kvöld af 17. greininni, og er það gott, ef hann sæi að sér í því efni.

En ég saknaði einkum eins í ræðu hans um viðhorfið. Ég saknaði þess, að hann gæfi yfirlit yfir viðhorfið innbyrðis í hans eigin flokki. Hvort þar eru allir jafnráðþægir við sósíalista og einhuga í þjónustunni við þá og var áður. Ég heyrði, að hæstv. fjmrh. sagði í gærkvöldi: „við vinstri flokkarnir“, og taldi þar með Framsfl. vinstri flokk. Eru ekki til neinir ráðamenn innan Framsfl. á þingi og utan þings, sem líta svo á, að Framsfl. eigi að vera milliflokkur? Ekki vinstri flokkur og ekki hægri flokkur, heldur milliflokkur. Var hæstv. fjmrh. í orðum sínum að gera þá menn ómerka, sem halda því fram, að Framsfl. eigi að vera milliflokkur eins og hann var á sínum glæsilegustu árum? Eða talaði

hæstv. fjmrh. ekki af hálfu alls flokksins í gærkvöldi? Þetta atriði, um heildarviðhorf Framsfl., er svo mikið umtalaður hlutur í sambandi við stjórnmálahorfur augnabliksins, og margur kjósandi hefir sjálfsagt óskað að fá meiri upplýsingar í þessu efni frá hæstv. forsrh. sjálfum.

Það var aðeins eitt atriði í fyrri ræðu minni, sem hæstv. forsrh. vildi leiðrétta. Það var um smjörskortinn og ostana. En þó fór svar hans utan hjá efninu. Hann svaraði því, að smjörið heyrði ekki undir skipulagið. En það skiptir engu, þar sem ostarnir heyra undir það, og það er ostagerðin, sem veldur því, að smjör vantar. Hann svaraði: Það hafa engir ostar verið gerðir síðan í haust. Það er laukrétt, því að síðan hefir mjólkin verið seld. En það skiptir ekki máli, því að enginn býst við smjöri, úr því að mjólk er ekki til. Það, sem máli skiptir, er það, að gerðir voru ostar, en lítið smjör, úr mjólkinni á meðan hún var til. Og mjólkin var mikil í vor og sumar. Hver bóndi sá það af sprettunni í vor, að verða mundi lítið töðuár, og því minni mjólk í vetur. Hver bóndi sá þetta enn skýrar á túnaslættinum, þegar nýtingin varð svo hörmuleg. En það, sem hver maður sá, átti stjórn skipulagningarinnar líka að sjá. Og hún hefði a. m. k. séð það, ef bændurnir sjálfir hefðu haft þar ráðin, eins og Bændafl. vildi frá upphafi. Þegar fyrirsjáanlegt var, strax í vor og sumar, mjólkurleysi með vetrinum, hefðu bændurnir látið fara að gera smjör, en ekki nýmjólkurosta, því að það hefir ekki verið óþekktur hlutur meðal bændanna, að geyma smjör frá sumri til vetrar. Og mjólkurbúunum er það auðvelt. Ég orðaði það ekki, að haldið hefði verið áfram að búa til osta í mjólkurleysinu í september, október og nóvember, heldur hitt, að ekki hefði verið tekið tillit til þessa fyrirsjáanlega mjólkurleysis strax og séð varð spretta, í júlí og ágúst. En í þeim mánuðum var svo mikil mjólk, að mátt hefði fá smjör til jóla að minnsta kosti. Þessi leiðrétting hæstv. ráðh. um litla ostagerð í haust er því alveg utan við efnið, þó að hæstv. ráðh. hafi ef til vill ekki verið það ljóst. En þetta smáræði sýnir, hve mikilsvert er, að bændurnir sjálfir fái umráð afurðasölunnar, eins og Bændafl. vildi frá upphafi.

Hæstv. fjmrh. gerði skop að brauðtollinum. En þegar tollar eru settir á allt, sem heimilin þurfa að nota, jafnvel brauðið, er sá útgjaldaauki, sem nemur 40—150 kr. á sveitaheimili og 70—200 kr. á kaupstaðaheimili, ekki eintóm spaug fyrir þau heimili, sem minnst hafa, þó að það sé ekki tilfinnanlegt hjá hálaunamönnum eins og hæstv. ráðh.

Hæstv. fjmrh. gerði sig að svo einfaldri dúfu, að hann skildi ekki, hvað ég kallaði yfirbyggingu, og spurði, hvort það væri fjárpestarstyrkurinn. Fyrst hæstv. fjmrh. gerir sig sjálfan að barni, þá verð ég að tala við hann eins og barn. Og börn skilja bezt, ef þeim er kennt í dæmum. Ég skal því nefna honum nokkur smádæmi og sýna honum nokkrar smáflísar úr þeirri yfirbyggingu, sem ég átti við m. a.

Hann þekkir mann í sínum flokki, sem er ráðinn í þýðingarmikið starf hjá opinberri stofnun, sem krefst allra hans starfskrafta, enda hefir hann fyrir það góð embættislaun, 5000 kr. Svo er hann í nefnd, og hefir fyrir það 2000 kr. Svo er hann í annari nefnd, og hefir fyrir það ca. 1200 kr. Svo er hann í þriðju nefndinni, og er þar formaður, og hefir fyrir það 4800 kr. Svo er hann einskonar ráðunautur ríkisstj. í ýmsu og ýmsu, og fær fyrir það smáslatta. Og svo er hann þingmaður. Og þó að hann hafi öllum þessum störfum að gegna, sem hann tekur fyrir a. m. k. 10000 kr., fyrir utan sínar 5000 kr. fyrir aðalstarfið, þá launar hann ekki einu sinni manninum, sem verður bæði um þingtímann og oft endranær að gegna fyrir hann aðalstörfunum. Það er ekki nóg með það, að hann fái þarna þreföld prófessorslaun, heldur er stofnuninni gert að borga manninum, sem vinnur fyrir hann störfin, sem hann er ráðinn til og á að gegna. Finnst ekki hæstv. fjmrh. sjálfum sem það þurfi einhvern grunn undir yfirbyggingu með mörgum svona kvistum? Fleiri slíka kvisti mætti telja, sem þeir kannast við, hæstv. ráðh. Framsfl., en til að gera ekki upp á milli, vil ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort hann kannist ekki við ungan mann, lítt reyndan, sem hann kom að merkri stofnun fyrir sjómannastéttina, — stofnun, sem vinnur aðeins tvo mánuði ársins. Hafði hann síðastl. sumar aðeins 12000 kr. og 4000 kr. uppbót, ásamt 100 kr. á dag, ef hann fer í ferð eða hreyfir sig. Það svarar a. m. k. 64000 kr., ef hann hefði starfað allt árið. Og þó að þetta sé ekki stærsti strompurinn á yfirbyggingunni, þá vil ég samt spyrja: Þarf ekki sterkan grunn undir yfirbygging með mörgum svona strompum? Einnig nú á þessu þingi hyllir í frv. stj. undir nýjar kvistbyggingar á þessa yfirbyggingu, þar sem á að stofna nýjar stöður og embætti. Þá hefir og sá háttur verið á hafður, þegar komið hefir verið í lög, að sérþekkingu þyrfti til starfs, að nema þau ákvæði burt, svo að unnt yrði án yfirmats að setja þá menn í yfirstöðurnar, sem ekki hefðu þekkingu til að bera, þó að því fylgi vitanlega það, að bæta verður við sérfróðum manni til að vinna verkin. Með þessu eykst starfsmannahaldið, yfirbyggingin, stöðugt, og kostnaðurinn við rekstur ríkisins. En atvinnuvegirnir og launafólkið, sem af þeim lifir, má nú sízt við nýjum kostnaði af þeirri yfirbyggingu. Það er alltaf auðveldara að fjölga starfsmönnunum en draga úr slíkum kostnaði aftur. En þó er margt nú á fjárlögum, sem er minni nauðsyn á en mörgu af því, sem nú er lækkað stórlega með sérstöku frv. um bráðabirgðafrestun nokkurra laga, svo sem styrk til áburðarkaupa, framlög til sýsluvegasjóða, búfjárræktar og ræktunarsjóðs. Ef fylgt væri slíkri sparnaðarstefnu um aðra síður nauðsynlega útgjaldaliði ríkisins, þá yrðu fjárlögin árciðanlega annaðhvort lægri en þau eru nú, eða það væri hægt að verja meira fé atvinnuvegunum til styrktar. Framleiðslan þolir ekki meiri álögur; því verður að draga úr öðrum útgjöldum, til þess að hægt sé að styrkja hana meir.

Þessum umræðum er nú að verða lokið. Ég lýk máli mínu með þeirri ósk, að þjóðin fái bjargað atvinnuvegunum og komizt fram úr erfiðleikunum. Óska ég svo öllum hlustendum gleðilegrar hátíðar og allra heilla. Góða nótt.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég verð að segja, að ég fór nú fyrst að kannast við hv. þm. Dal., þegar hann fór að tala um smjörið og ostana. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði við fyrrihluta þessara umr. um þetta atriði, enda er það nú orðið landslýð ljóst, og hv. þm. Dal. líka, að allt þetta ostatal hafi átt mestan þátt í þeim banabita, sem Bændafl. varð að kingja í kosningunum síðustu. Það er vitanlegt, að víða þurrkaðist Bændafl. út við þessar kosningar, svo sem í Strandasýslu, og raunar í öllum kjördæmum. Þau fáu atkvæði, sem töldust Bændafl., voru íhaldsatkvæði.

Hv. 4. landsk. var að karpa um það, hver ætti upptökin að skipulagi afurðasölunnar. Það, sem hann ber þar fram, hefir svo oft verið hrakið, að ég hirði ekki um að fara út í það hér.

Við hv. þm. G.-K. þarf ég ekki að ræða. Það er öllum þeim ljóst, er hlustað hafa á viðskipti hans við hæstv. fjmrh., að hv. þm. G.-K. stendur þar uppi ráðþrota. Hann hefir ekki getað bent á neitt, sem réttlæti þann tvöfalda málflutning, sem Sjálfstfl. hefir við haft, og líkist mjög aðferðum kommúnista. Kommúnistarnir deila á stjórnina fyrir að ganga ekki að hinum ríku. Þó hefir það verið upplýst, að beinir skattar eru hér mun hærri en í nágrannalöndunum. Hv. þm. G.-K. reyndi að telja útvegsmönnum trú um, að hægt væri að létta milljónum af útvegnum og veita honum síaukinn styrk, án þess að tekjur og skattar væru hækkaðir það minnsta, eins og þessi auknu útgjöld þurfi hvergi að koma niður. Þetta er ekki hægt að kalla annað en skrum.

Það er eftirtektarvert, að allir þeir flokkar, sem hér hafa ráðizt á Framsfl., hafa reynt að telja hlustendum trú um, að flokkurinn væri að svíkja stefnu sína. Kommúnistar og jafnaðarmenn hafa reynt að telja fólki trú um, að nokkur hluti Framsfl. væri að hneigjast í íhaldsátt, en Sjálfstfl. og Bændafl. hafa hins vegar haldið því fram, að flokkurinn, eða hluti hans, sé að komast á vald sósialista. Þetta er gert í ákveðnum tilgangi, þeim tilgangi, að skaða Framsfl. En ég verð að hryggja þessa flokka alla með því að lýsa því yfir, að þetta á sér enga stoð í veruleikanum. Framsfl. mun hér eftir sem hingað til taka ákvarðanir sínar sem einn maður. Með þessum orðum vil ég kveðja ykkur, tilheyrendur góðir, og óska ykkur gleðilegra jóla. Góða nótt.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég var að vonast eftir, að hv. þm. Dal. mundi koma með lausn gátunnar um saumnálartollinn, en varð þar fyrir vonbrigðum. Ég ætla því að gefa hv. þm. Dal. frest til næsta þings með dæmið, enda er það svo þungt, að ekki mun veita af þeim tíma.

Hv. þm. Kommfl. hafa talað margt um skattana. En ég skal segja hv. 1. landsk. það, að ég mun hvorki blikna né blána fyrir honum né skrafi hans. Og þeir munu fáir hér á landi, sem hafa unnið meira að því en ég að koma skattamálunum í réttlátt horf, bæði sem oddamaður í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur og eins hér á Alþingi.

Hv. þm. G.-K. þóttist geta látið sér nægja að vísa til ræðu hv. þm. A.-Húnv. viðvíkjandi sparnaðarhug Sjálfstfl. Það er orðinn vani Sjálfstfl. í eldhúsumræðum að senda einhvern sveitamann í útvarpið til að lesa yfir landsmönnum, til að reyna að viðhalda þeirri blekkingu, að bændur fái einhverju að ráða í Sjálfstfl. Þá er venjan að ráðast á stjórnarflokkana fyrir há laun við ríkisstofnanirnar. En sannleikurinn er sá, að stofnanir einstaklinga og bæjarstofnanir, sem Sjálfstæðismenn hafa yfir að ráða, hafa borgað svo hátt kaup, að ríkið hefir orðið að fylgjast með.

Ég skal minnast á það, að forstjóri Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda hefir tvöföld ráðherralaun, bókari hjá Eimskipafélagi Íslands hefir ráðherralaun. Til samanburðar má geta þess, að meðallaun starfsmanna í Áfengisverzlun ríkisins, fyrir utan laun forstjóra, eru 3700 kr., og við raftækjaeinkasöluna 4800 kr. Forstjóralaun við þessi fyrirtæki eru varla meiri en laun bókara í einkafyrirtækjum. Sjálfstæðismenn stjórna mörgum af þessum fyrirtækjum, og væri þeim nær að gera hreint fyrir sínum dyrum. Hv. þm. A.-Húnv. ætti að byrja að vanda um fyrir vinum sínum, áður en hann heldur lengra með aðfinnslur sínar við stjórnarflokkana. Ég skal nefna eitt embætti, sem sjálfstæðismenn hafa stofnað og launa með 8000 kr. árlega. Og þetta embætti er algerlega óþarft. Ég á hér við embætti fiskimatsstjóra. Og varla færu þessar ásakanir vel í munni þess manns, sem bar fram till. um hæsta persónustyrkinn, sem fram hefir komið á þessu þingi. Ég segi þetta honum ekki til óvirðingar, en til þess eins að sýna, að það situr ekki á sjálfstæðismönnum að deila á óvarlega meðferð á ríkisfé.

Hv. þm. G.-K. sagði það áðan, að ég hefði ekki þorað að fara lengra í sparnaðarátt vegna hv. 2. þm. Reykv. Það komu fram í fjvn. tvær lækkunartill., sem ekki voru samþykktar. Önnur var um að skera niður atvinnubótafé um 10%. Sú till. fékk ekki nema 2 atkv., en sjálfstæðismenn eiga fjóra menn í nefndinni. Hin till. var um lækkun á bensíngjaldinu til vega um 10%. Heldur hv. þm. G.-K., að þetta séu stórar upphæðir, ef þær eru bornar saman við 6 milljónirnar, sem hann og félagar hans ætluðu að íþyngja fjárlögunum með. Hvorki hann né hv. þm. A.-Húnv. hafa getað gefið nokkur svör við því, hvar eigi að taka peningana til þeirra útgjalda, sem þeir hafa stungið upp á, án þess að komið væri alvarlega við þá liði, sem mönnum er sárast um. Hv. þm. G.-K. var reiður yfir því, sem ég sagði um útgerðina. Ég sagði það eitt, að útgerðinni yrði aldei bjargað með því að lækka tolla á útgerðarvörum. En hv. þm. G.-K. hefir enga tilraun gert til að útskýra það, sem ég gerði að aðalatriðinu í tali mínu um útgerðina, — því sjálfstæðismenn notuðu ekki stjórnaraðstöðu sína á árunum 1932 og 1933 til þess að koma fram þessum margumtöluðu hagsmunamálum sjávarútvegsins. Þeir voru kannske eitthvað að safna skýrslum. En þurftu þeir að eyða miklum tíma í það? Var þeim ekki kunnugt um ástandið? Það var engin tilviljun, að þegar þeir fóru út í stjórnarandstöðuna, hættu þeir að safna skýrslum, en frv. voru lögð fram. Það var af því, að það var einfaldara mál heldur en að hafa framkvæmdirnar á hendi sjálfir. Og ég vil benda á það, að það

er vitaskuld ekki hægt með neinum ráðstöfunum frá Alþingi að snúa mesta aflaleysisári upp í góðæri fyrir íslenzkan sjávarútveg. Þetta ættum við allir að geta viðurkennt alveg rólega. En það er hægt að búa mismunandi vel að sjávarútveginum af hálfu hins opinbera. Og það ætla ég, að á þeim tíma, sem núv. ríkisstj. hefir farið með völd, hafi sjávarútveginum ekki verið íþyngt af hálfu hins opinbera, heldur hið gagnstæða. Það er aðalatriðið í þessu máli. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. G.-K. að kenna núv. stj. og stjórnarflokkum um vandræðaástandið í íslenzkri saltfisksútgerð. — Góða nótt.

2. Atvinna við siglingar.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (stjfrv., A. 2).

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Með þessu frv. er leitað staðfestingar Alþingis á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 30. maí síðastl. Ástæðan er sú, að það hefir sýnt sig, að vegna óvenju mikillar þátttöku í síldveiðunum síðasta sumar skorti vélstjóra með fullum réttindum á nokkurn hluta flotans, og var því óhjákvæmilegt, ef skipin áttu ekki að stöðvast, að fá heimild ríkisstj. til þess að veita undanþágu frá ákvæðum téðra laga. Undanþágan er bundin við tímabilið frá 1. júní til 31. okt. ár hvert. Það er sem sé fyrst og fremst miðað við síldveiðitímabilið, þegar flest af skipunum er í notkun. — Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. að umr. lokinni.

***Jóhann Jósefsson:** Ég tel víst, að það hafi verið réttmætar ráðstafanir hjá hæstv. ríkisstj. að fá sett þau bráðabirgðalög, sem hér um ræðir, og að þar hafi legið fyrir brýn nauðsyn. En í sambandi við það ástand, sem er að skapast á þessu sviði að því er snertir vélstjórana, og það ástand, sem mér er sagt, að sé að skapast, að því er snertir faglærða menn, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort honum virðist það ekki vera orðið nokkuð íhugunarefni, samhliða vaxandi atvinnuleysi meðal ungra manna, hversu þröngur aðgangurinn er nú orðinn fyrir unga menn, sem vilja komast að sem lærlingar í ýmsum iðnfyrirtækjum, bæði til þess að afla sér þekkingar til lífsstöðu, og líka til þess að vinna sér inn tíma, ef svo má að orði kveða, við verklegt nám, sem skólarnir, t. d. vélstjóraskólinn, gera að inntökuskilyrði. Eins og kunnugt er, þurfa menn til þess að verða vélameistarar að hafa leyst af hendi ákveðið verklegt nám og unnið vissan tíma í landi við verklegt nám, og það er í fleiri greinum, sem þetta verklega nám er einmitt skilyrði fyrir því, að menn geti fengið að taka þátt í þeirri bóklegu menntun, sem líka tilheyrir vélameistarastöðu og öðrum slíkum stöðum. Mér er t. d. sagt, að nú sé mikið útlit fyrir, að það verði skortur á nægilega lærðum rafvirkjum m. a., og skortur á meisturum hefir þegar komið í ljós á þessu ári, en ég ætla, að þar muni það sama liggja til grundvallar, einmitt þessar þrengingar og tálmanir, sem hvarvetna mæta þeim mönnum, í flestum tilfellum og öllum tilfellum ungum mönnum, sem vilja komast að sem lærlingar. Það eru þessar tálmanir, sem orsaka skort á hæfilegum kunnáttumönnum í ýmsum greinum. Það hefir verið talsvert um það talað, og sannarlega ekki að óþörfu, að viðgerð á skipum ætti að fara fram hér heima, í stað þess að fara með skipin til útlanda til þess að láta vinna þar verk, sem Íslendingar gætu unnið sjálfir. Ég hefi talsvert kynnt mér þetta og veit, að einn farartálminn þar er einmitt sá, að það er ekki nóg af lærðum smiðum, þegar skipaviðgerð á að fara fram með dálitlum hraða, og það eitt út af fyrir sig, að þeir menn eru of fáir, sem geta unnið slíkt verk, er eðlilega oft nægileg ástæða til þess að gera það óárennilegt og illfært fyrir eigendur skipanna að láta framkvæma verkið hér á landi, þrátt fyrir það þótt vinnan sjálf sé eins vel af hendi leyst og ef til vill ekki miklu dýrari en annarstaðar. En bara þetta atriði, að viðgerðarstöðin hefir, ef til á að taka, alls ekki nægu liði á að skipa til þess að framkvæma viðgerðina með viðunandi hraða, nægir til þess að hindra það, að sú venja verði almennt upp tekin hér á landi að fara ekki með skipin til viðgerðar út úr landinu. Hér ber að sama brunni í þessu efni. Það skortir nægilega lærða menn, hæfa fagmenn, og skortur á slíkum mönnum verður enn meira áberandi, eftir því sem eftirspurnin verður meiri eftir faglærðum mönnum á ýmsum sviðum, og sérstaklega er hætt við, að hann geti orðið svo að segja óþolandi, ef áframhald verður á sömu tálmunum, sem fram til þessa hafa torveldað mönnum, sem hafa viljað læra handverk eða iðn, að fá að læra það. Þetta tel ég vera alvarlegt íhugunarefni og vil leyfa mér að spyrja hæstv. stj., hvort hún hefir komið auga á þetta og hvort hún hefði í hyggju að reyna að fá úr því bætt. Sérstaklega er þetta ástand fádæma hryggilegt í þjóðfélagi, sem verður að horfa upp á það daglega, að ungir menn gangi marga mánuði ársins iðjulausir um göturnar, sér og öðrum til leiðinda og fara sjálfsagt, eins og oft vill verða, af þeim ástæðum út á aðrar götur en skyldi. Mér virðist það liggja í augum uppi, að ef rýmkað yrði til, meira en nú er gert, fyrir mönnum að komast að því að læra járnsmíði, trésmíði, rafvirkjun o. fl., og ýms höft tekin burt, sem þar eru nú, þá mundi að mun minnka sá hópur atvinnulausra ungra manna, sem nú er til í landinu, því að það veit ég með vissu, að fjölmargir úr hóp þessara ungu atvinnuleysingja vildu mjög gjarnan komast að sem lærlingar til að byrja með, til þess að læra það starf, sem þeir gætu svo lagt fyrir sig seinna í lífinu.

Ég hefi nú ekki fleiri orð um þetta, en vegna þess að ég hefi af eigin reynslu talsvert rekið mig á þessi vandkvæði, virtist mér vera tækifæri til að taka þetta fram, þar sem hæstv. ráðh.

leggur fram frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem hann hefir orðið að gera til þess að leysa vandræði manna. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að minna á þennan mjög svo alvarlega ágalla á fyrirkomulagi atvinnumálanna hér, þennan vaxandi skort fagmanna.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. Vestm. spyr, hvort *ríkisstj. hafi veitt því athygli*, að það sé orðið íhugunarefni, hversu þröngur aðgangur lærlinga sé að ýmsum iðjufyrirtækjum. Ég á nokkuð erfitt með að svara þessu svo fullnægjandi sé, eins og fyrirspurnin lá fyrir, en hinsvegar skildist mér á öðru, sem hv. þm. sagði, við hvað hann ætti sérstaklega. Að því er snertir ákvæði í l. um vélgæzlu og l. um atvinnu við siglingar, er það að segja, að að nokkru leyti, en litlu þó, hefir verið þrengdur aðgangur manna til þess að taka að sér þessi störf. Siglingatíminn er ákveðinn og viss verkleg kunnátta áður en þeir geta hafið sitt nám. Ég hygg, að í þeim takmörkunum, sem þarna eru settar, sé ekki lengra gengið en ástæða er til, vegna þess að það, sem að sjálfsögðu fyrst og fremst hlýtur að vaka fyrir löggjafanum með slíkri lagasetningu, er að tryggja öryggi þeirra manna, sem eiga líf sitt mánuðum saman undir því, að skipstjórn og vélgæzlumenn séu starfi sínu vaxnir. Og þetta er skylda, sem löggjafinn getur ekki skotið sér undan að tryggja eftir föngum, að þeir einir fái rétt til þessara starfa, sem treystandi er til þess að inna þau af höndum með sæmilegu öryggi fyrir skipverja almennt. Ég hefi ekki heldur orðið þess var, að þessi undirbúningsmenntun, sem krafizt er af þeim, sem vilja hefja nám það, er hér um ræðir, hafi orðið því til fyrirstöðu, að sótt hafi verið eftir því að byrja nám, og það er einmitt í sambandi við það, sem hv. þm. réttilega sagði viðvíkjandi atvinnuleysinu, að þar leituðu menn á, sem einhver smuga hefir verið gerð, jafnvel þótt það kostaði undirbúningsmenntun, í von um trygga atvinnu að námi loknu. En mér skildist hv. þm. eiga við meira en þetta og minnst vaka fyrir honum ákvæði laganna um siglingar og vélgæzlu, heldur miklu frekar ástandið í ýmsum iðngreinum og iðju, því að þar eru engar slíkar takmarkanir settar. Um það mál er mér ekki nema að nokkru leyti kunnugt, og má vera, að hv. þm. sé kunnugra um það en mér, en af hálfu löggjafans eru engar skorður þar settar aðrar en almenn skilyrði, sem þarf til þess að geta hafið námið, og þau eru það rúm, að engin ástæða er til að breyta þessu frá því, sem nú er. Hitt veit ég, að milli einstakra félaga, sveinafélaga og meistarafélaga, munu vera samningar um vissa tölu lærlinga. Ég þori ekki að segja, að slíkir samningar séu á *milli félaga í öllum iðngreinum*, en þeir eru a. m. k. í nokkrum, og þeir samningar eru í flestum tilfellum settir með tilliti til óska beggja aðilja, að svo miklu leyti, sem það hefir lánazt að fá samkomulag um þetta. Löggjafinn hefir ekkert um þetta fjallað. Ég skal viðurkenna, að ef svo er, sem hv. þm. virðist gefa í skyn, að það væri ef til vill lokað fyrir fjölgun í iðngreinum, sem ekki gætu lagt til nógu marga hæfa menn, þá mundi ég telja það misráðið, en mér er ekki kunnugt um það; en ég segi þó ekki, að það kunni ekki að vera hugsanlegt, eins og t. d. *í því tilfelli, sem hv. þm. nefndi, skortur á* rafvirkjum. Ég er ekki svo kunnugur því, hvort það er rétt. Það getur verið skortur á þeim vissan tíma, eins og t. d. flutningadagana 14. maí og 1. okt., þegar mjög mikið kallar að í einu. Ég vil ekki segja, hvort svo er á öðrum tímum *ársins, en mér er ekki kunnugt um*, að þau brögð hafi verið að því, að til baga hafi orðið, enda hygg ég, að meisturum sé það kappsmál að liðka til um lærlingatöluna.

Hv. þm. telur, að ein ástæðan til þess, að viðgerð á skipum sé torveldari hér heldur en erlendis, sé sú, að ekki sé nægilegt af smiðum til þess að vinnan gangi jafnfljótt og annarstaðar. Um þetta hefi ég það sama að segja, að ef þetta ætti sér í raun og veru stað öðruvísi en í undantekningartilfellum, þá er hætt við, að meistarar og jafnvel sveinar líka mundu a. m. k. að vissu marki fara fram á fjölgun lærlinga í sinni grein, svo að þeir gætu staðizt eftirspurnina.

Ég get ekki gefið um þetta frekari upplýsingar að þessu sinni, en hv. þm. er kunnugt um það, að löggjöfin leggur engar takmarkanir á þetta, svo að við athugun á þeirri löggjöf, sem fyrir er um þessi efni, er ekki hægt að gera neinar breytingar á því ástandi, sem nú er.

***Jóhann Jósefsson:** Það eru aðeins örfá orð. Ég tók það fram þegar í upphafi máls míns, að ég talaði ekki með það fyrir augum að „kritisera" gerðir hæstv. ráðh. í þessu efni, heldur þvert á móti. En hitt veit ég, að hæstv. ráðh. hlýtur sjálfur að samþykkja, að undanþágur slíkar sem þessar eru óæskilegar, og ætti aldrei að grípa til þeirra nema þegar neyðarástand er fyrir hendi. Mér skildist á hæstv. ráðh., að honum mundi ekki vera fyllilega ljóst það ástand, sem ég var að lýsa, og skal honum það ekki neitt til saka fært, en ég tel, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið um þessi efni, að í ýmsum iðngreinum sé það að verða að hreinu og beinu böli, fyrst og fremst gagnvart ungum mönnum, hversu þröngur aðgangur er að því að fá að læra nokkrar iðngreinar, og þetta böl verður síðar stærra og umfangsmeira, því að það kemur út í þeirri mynd síðar meir, að það verður hörgull á fullmenntuðum mönnum í ýmsum iðngreinum, og þar af leiðandi leiðir það á vissum tímum til undanþágugjafar *af hálfu stjórnanda* landsins, eins og hér hefir orðið. Það er bezt að segja eins og er, að orsakirnar að þessum þrengingum liggja aðallega hjá vissum hópi manna, sem hafa öðlazt réttindi í ýmsum iðngreinum og telja sínum hag bezt borgið með því að setja *rammar* skorður við því, að nokkrir bætist við þennan hóp. Þarna ætla ég, að meinið liggi, en þetta virðist í fyrsta lagi vera mjög mikið óréttlæti gagnvart hinni yngri kynslóð, og í öðru lagi er það ákaflega óviturlegt gagnvart þjóðfélaginu, því að ekki endast menn eilíflega til þess að leysa þessi störf af hendi, og þess vegna verður endirinn sá, að þjóðfélagið verður mjög miklu verr statt með hæfa starfskrafta en ella. Nú má hæstv. ráðh. ekki taka þetta svo, að ég sé að

deila á hæstv. stjórn fyrir þetta ástand, en ég tel rétt að vekja athygli hæstv. stj. á þessu ásigkomulagi. Ég er að vísu fyrir löngu búinn að koma auga á þessi vandkvæði við það að brjótast í því að reyna að koma ungum mönnum í atvinnu, en eftir að ég hafði átt tal við einn af þeim mönnum, sem kenna vélstjóraefnunum, og heyrt hann segja frá því, hvernig horfir með framtíð sérstaklega þeirra stéttar manna, sem hér um ræðir í þessu frv., þá sannfærðist ég enn betur um nauðsynina á því að lagfæra þetta.

Ég held, að ég hafi ekki haldið fram áður í ræðu minni, að það væri skortur á lærðum rafvirkjum sem stendur, en ég tel eðlilegt, að með aukinni virkjun vatnsfalla og notkun rafmagns í landinu verði ekki hægt að fá hæfa rafvirkja til ýmissa starfa. Og þar sem við höfum eins góðum mönnum á að skipa í þessu landi sem öðrum, tel ég rétt, að þeim sé gefið tækifæri til þess að beita sínum kröftum, og því illt það ástand, sem nú ríkir í ýmsum greinum, sem fagþekkingu þarf til, að ýms öfl hafa torveldað svo aðgang að þeim, að til vandræða er fyrir þá, sem vilja ganga þessar brautir, og til enn meiri vandræða fyrir þjóðina.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég viðurkenni, að það er rétt hjá hv. þm., að það er mikið böl, ef ekki er völ á nægilega mörgum vel menntuðum mönnum til að vinna ýms störf hér með okkar þjóð. Ég er hv. þm. einnig sammála um það, að ekki eigi að gera það óeðlilega torvelt að afla sér slíkrar menntunar, en það er líka óheppilegt, að unglingar gangi inn í sérstakt iðnnám, sem tekur eitt eða fleiri ár, þegar ekki er útlit fyrir, að þeir geti fengið neitt starf að því loknu. Það er í þessu sem öðru, að erfitt er að finna hinn gullna meðalveg. Sveinar og meistarar í hinum ýmsu iðngreinum hafa ýmislegt um þetta að segja, en kvartanir hafa engar komið frá þeim til ráðuneytisins þessu viðvíkjandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 71).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv. er eitt af bráðabirgðalögunum, sem liggja fyrir þinginu, og er hér með leitað á því staðfestingar. Nefndin hefir athugað frv. og er á einu máli um það, að rétt hafi verið að gefa lögin út og nauðsyn sé á því að þau standi framvegis. Þó hafa tveir nefndarmanna áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við 3. umr. til viðauka.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 105).

Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta frv. er staðfesting á bráðabirgðal., sem gefin voru út til að létta undir með síldarútgerðarmönnum, er koma þurftu skipum á síldveiðar, þar sem skortur var á vélstjórum, er hefðu nægilegt próf, vegna þess, hve mörg skip fóru á síldveiðar nú í sumar. Þar sem séð er fyrir því, að þeirri undanþágu, sem hér er gert ráð fyrir, verði ekki misbeitt, hefir sjútvn. lagt til, að frv. yrði samþ. og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv.. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 133).

---

3. Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 14. apríl 1937, um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (stjfrv., A. 4).

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Í l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, breyt. þeirri, sem gerð var á síðasta þingi, er ákveðið, að lánveitingum samkv. þeim l. skuli lokið fyrir lok septembermánaðar. Reynslan hefir sýnt, að ekki var kleift að ljúka þeim fyrir þann tíma, og varð því annaðhvort að fella niður starfsemi sjóðsins eða framlengja frestinn nokkuð fram yfir 30. september. Að svo komnu áleit ríkisstj., að

ekki yrði hjá því komizt að leita einhverra ráða til að halda áfram starfsemi sjóðsins, og því voru bráðabirgðal. gefin út, og er nú leitað staðfestingar Alþingis á þeim. Mál þetta hefir áður verið hjá sjútvn., og legg ég til, að því verði vísað til hennar að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 54).

*Frms. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki mikið að segja f. h. n. Ástæðan til þess, að frv. er fram borið, er sú, að eins og vitað er, varð atvmrh. að gefa út bráðabirgðal. 29. sept., þess efnis, að framlengja starfsemi skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda. Samkv. l. frá síðasta þingi átti hann að vera búinn að ljúka störfum 30. sept., en þar sem svo mikill fjöldi báta fór á síldveiðar í vor, var ekki unnt að ljúka skuldaskilunum fyrr en bátarnir voru komnir heim. Þá var bara tvennt fyrir hendi. Annaðhvort að láta allt falla niður eða framlengja tímann. Að því ráði var horfið, og er þetta staðfesting á bráðabirgðal. Sjútvn. leggur eindregið með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr til Nd.

Á 15. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4. n. 106).

Frsm. (Finnur Jónsson): Þar sem sýnt var, að lánveitingum úr skuldaskilasjóði yrði eigi lokið fyrir 30. sept., eins og ákveðið er í l., þótti rétt að lengja tímann til 31. des., og er hér farið fram á þetta. Sjútvn. hefir athugað málið og leggur til, að þessi breyt. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 134).

---

4. Fjáraukalög 1936.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1936** (stjfrv., A. 31).

Á 4. fundi í Sþ., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir verið venja ef einhverjar upphæðir hafa verið greiddar úr ríkissjóði, sem engin sérstök heimild var til að greiða í lögum, ályktunum eða fjárlögum, að setja þessar upphæðir á sérstök fjáraukalög. Þetta frv., sem liggur fyrir, hefir að geyma þessar upphæðir. Heildarupphæðin er 90 þús. kr. Stærsti liðurinn er kostnaður við konungskomuna 1936, 56 þús. kr. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frv., og óska, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Sþ., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 99).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Eins og nál. á þskj. 99 ber með sér, hefir fjvn. athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 156).

5. Fjáraukalög 1935.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1935 (stjfrv., A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er nákvæmlega samskonar og áður hefir tíðkazt að leggja fyrir Sþ. Sé ég þess vegna ekki ástæðu til að skýra það neitt sérstaklega, en óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 325).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Fjvn. hefir haft þetta mál til athugunar, og við þann samanburð, sem hún hefir gert, hefir hún ekkert fundið athugavert. En þó hafa einstaka nm. óskilinn rétt til að gera aths. við einstaka liði frv. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 425).

---

6. Ríkisreikningurinn 1935.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1935 (stjfrv., A. 29).

Á 7. fundi í Nd., 21. okt. var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er samið eftir sömu reglum og áður hefir verið um samskonar frv., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en vil vísa til ríkisreikningsins fyrir árið 1935, sem hefir verið lagður fyrir hv. d., til upplýsinga. Óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 49).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það er nú orðið langt síðan n. afgr. þetta mál, og ég hefi ekki annað frá henni að segja en að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 447).

---

7. Kosningar til Alþingis.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis (stjfrv., A. 3).

Á 7. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3. n. 61).

***Frsm. (Magnús Guðmundsson)**: Þetta frv. er ætlað til staðfestingar bráðabirgðal., sem gefin voru út undir síðustu kosningar út af láti eins frambjóðandans. Er ráð fyrir því gert í frv., að þegar svo stendur á, skuli atkvæði þau, er greidd hafa verið fyrir viðkomandi kjördæmi utan kjörstaðar, vera ógild, en þeim mönnum, er greitt höfðu þessi atkvæði, heimilt að kjósa á ný við utankjörstaðakosningu, eftir því sem tími vinnst til.

N. fannst þessi regla óheppileg. Í 32. gr. kosningal. er ákveðið, að þegar frambjóðandi fellur frá 7 dögum eða fleiri fyrir kosningar, þá sé heimilt, að annar bjóði sig fram í hans stað. Af því leiðir, að ef hann deyr t. d. 8 dögum fyrir kosningar, þá er vikufrestur til að bjóða fram nýjan mann, og getur þá farið svo, að aðeins sé eins dags frestur fyrir kjósendur til að greiða atkv., en það er sama og að taka atkvæðisréttinn af þeim. Það er ekki heldur víst, að allir, sem greitt höfðu atkv., geti gert það aftur, þó að frambjóðandi hafi látizt meira en viku fyrir kosningar.

Því datt n. í hug að fara aðra leið, sem skýrð er í nál. á þskj. 61, þá leið, að láta þau atkv., sem greidd hafa verið utan kjörstaðar hinum látna, falla á hinn nýja frambjóðanda. Á þessu er aðeins einn galli. Það er sem sé ekki alveg víst, að allir, sem greitt hafa atkv. hinum látna, vilji jafnframt kjósa hinn nýja frambjóðanda. Þó mun oftast svo vera, því að yfirleitt er kosið eftir flokkum. En til þess að rétta hlut þeirra, sem greitt hafa hinum látna atkv. sitt, en vilja ekki kjósa hinn nýja frambjóðanda, er þeim heimilað að fá afhentan atkvæðaseðil sinn og kjósa á ný, ef þeir tilkynna fyrir kjördag, að þeir óski þess. Með þessu er hlutaðeigandi flokki bjargað frá því að missa atkv., er greidd hafa verið hinum látna, en hinum óánægða hinsvegar gefinn kostur á að greiða atkv. á ný.

Ég get tekið það fram, að það var ekki svo, að höfundar kosningal. — en ég var einn þeirra — hafi ekki athugað þetta mál, heldur töldu þeir, að ekki væri hægt að bæta úr að fullu, ef frambjóðandi létist; það yrði þá að vera skaði þess flokks, sem fyrir því yrði., því að enn verra þótti að ganga á rétt kjósenda. En með þessari brtt. n. ætla ég, að vel sé skipt sól og vindi. Með þessari aðferð verður ekki röskun á utankjörstaðaratkvgr., og þeir einir verða að hugsa sér til hreyfings, sem óánægðir eru með frambjóðanda þann, er kemur í stað hins látna.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Þessi till. er að mínu áliti athugaverð. Ég hefi sagt hv. n. það álit mitt, að hin aðferðin, sem stungið er upp á í l., sé betri, og það eina, sem séð verður, að sé rökrétt í þessu máli. Áður en ég vík nánar að því, vil ég minnast á það, sem hv. 9. landsk. lét í veðri vaka, að út í þetta atriði hafi verið hugsað af þeim, sem sömdu kosningal. Ég held, að vafasamt sé, að það hafi verið gert. Í l. er hvergi minnzt á þetta tilbrigði, sem fram kom í sumar og gaf tilefni til bráðabirgðal. En þegar bráðabirgðal. voru sett, kom til athugunar þessi aðferð, sem brtt. fjallar um. Ég átti þá tal um þetta við tvo færa lögfræðinga utan ráðuneytisins, og töldu þeir ekki hægt að hafa þá aðferð, af því að hin leiðin væri sú eina, sem tryggt gæti, að kosinn þm. væri í raun og veru kosinn að vilja kjósendanna. Eftir till. n. eiga kjósendur þeir, sem greitt hafa hinum látna atkv., rétt á að kalla atkv. til baka. En það getur oft verið, að þeir hafi ekki aðstöðu til að kjósa á ný. Hugsum okkur til dæmis skipshöfn, sem fer í langa sjóferð. Þannig geta legið fyrir atkv., greidd hinum látna, sem kjósendur hefðu ekki viljað greiða hinum nýja frambjóðanda, en hafa ekki tök á að leiðrétta.

En ef tekin er upp hin reglan, að láta öll atkvæði greidd utan kjörstaðar vera ógild, þá standa allir frambjóðendur jafnt að vígi um að framkalla á ný vilja kjósenda, og er þá útilokað, að fram komi atkv. annara manna en þeirra, er vilja kjósa. Með aðferð n. geta nokkur atkvæði fallið á hinn nýja frambjóðanda, sem hann á ekki, og þar sem atkvæðamunur er lítill, geta þau ráðið úrslitum; hann getur beinlínis komizt inn á þessum atkvæðum.

Þó að margir hafi fundið þessum bráðabirgðal. ýmislegt til foráttu, ætti það ekki að verða til þess, að við gengjum nú frá fyrirkomulagi, sem væri ennþá lakara. Hinsvegar verður hv. d. að ráða úrslitum um það, og eins hv. Nd. Getur og verið, að þetta skipti ekki mjög miklu máli. En ég vildi benda á það, að þegar bráðabirgðal. voru sett, var tekin til athugunar þessi leið hv. n., en hún var þá ekki talin fær.

***Frsm. (Magnús Guðmundsson)**: Hæstv. forsrh. finnst till. n. athugaverð. Hann segir, að sú leið hafi verið athuguð í stjórnarráðinu, en ekki fundið náð fyrir þess augum. Ég tók það fram áðan, að á till. okkar væri sá galli, að fyrir gæti komið, að á frambjóðenda féllu nokkur atkvæði kjósenda, sem hefðu ekki viljað kjósa hann. Það er því ekkert nýtt komið fram, þó að hæstv. forsrh. bendi á þann galla. En þetta er líka eini galli þess fyrirkomulags. **(Forsrh.**: En hann er líka nokkuð stór).

Jæja, við skulum nú athuga gallana á hinni till. Hún gerir ráð fyrir, að öll atkv., sem búið er að greiða fyrir viðkomandi kjördæmi utan kjörstaðar, falli ógild. Segjum sem svo, að frambjóðandi félli frá 8—9 dögum fyrir kjördag og að það væri vika til stefnu fyrir hinn nýja frambjóðanda. Þá væru eftir 1—2 dagar til kosninga. Þetta þýðir, að útilokaðir eru svo að segja allir frá því að greiða atkv. utan kjörstaðar. Og eins og það er orðið mikið um það nú, þá sjá allir, að þetta er mjög rangt gagnvart öllum þeim fjölda kjósenda, sem þar gætu átt hlut að máli, því af þessum mönnum er beinlínis tekinn kosningarréttur. Það er þetta, sem var aðalatriðið fyrir nefndinni, að henni fannst ákaflega varhugavert, undir vissum kringumstæðum, að taka

beinlínis kosningarréttinn af svo mörgum mönnum, sem nota þessa aðferð, að kjósa utan kjörstaðar. Ég held, að þegar vegnir eru gallar þessara till. beggja, þá séu ólíkt minni gallar á till. n. en till. stj. Og þó það sé svo, að það geti komið fyrir, að menn vilji ekki, að atkv. sitt falli á hinn nýja frambjóðanda, þá verða allir þeir, sem kunnugir eru kosningum hér á landi, að viðurkenna, að það er ekki nema í undantekningartilfellum. Það er svo venjulegt, að menn kjósi eftir flokkum, og menn eiga það á hættu, að fleiri verði gert rangt til í hinu tilfellinu, þegar kosningarrétturinn er beinlínis tekinn af fjölda manns.

Ég vænti því, að till. n. verði samþ., því hún er sammála um hana.

Út af ummælum hæstv. ráðh. skal ég taka það fram, að mér er kunnugt um, að þetta mál var einmitt umrætt í þeirri n., sem undirbjó kosningalögin. Og til þess að vita, hvort ég myndi þetta ekki rétt, hefi ég spurt hv. þm. N.-Ísf., sem líka var í undirbúningsnefndinni, hvort hann myndi ekki eftir þessu, og hann kvað já við því. Hann sagði, að þegar hann frétti um þessi bráðabirgðalög, hefði hann álitið og talað um það á fundi í sinni kosningabaráttu, að hann teldi réttara að hafa þessa aðferð, sem hér er stungið upp á. Ég er ekki að halda því fram, að það hafi svo mikið að segja, að hann líti svo á, þótt hann hafi verið í þeirri nefnd, sem undirbjó kosningalögin, en ég get ekki neitað, að þeir sem það gerðu, eru enn kunnugri þeim anda, sem hefir gengið í gegnum kosningalögin, en hinir, sem ekki voru í þeirri nefnd.

Það er vitanlega rétt, að það getur komið fyrir, að menn nái kosningu með atkv., sem kjósendurnir í raun og veru vilja ekki láta hlutaðeigandi fá. En það sama getur alveg eins komið fyrir af því, að tekinn er kosningarrétturinn af þeim mönnum, sem myndu hafa fylgt þeim frambjóðanda, sem fær lítið eitt færri atkv. en andstæðingurinn. Þetta atriði getur því komið fyrir í báðum tilfellunum. Og það eina, sem menn geta sagt sér fyrirfram, er þetta, að það er miklu færri gert rangt til með till. n. en till. stj.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Því hefir verið haldið fram hér undir umr., að með þessari aðferð, sem stungið hefir verið upp á og lögfest með bráðabirgðal., séu margir útilokaðir frá að greiða atkv., jafnvel fjöldi manna. En um leið og þeim rökum er haldið fram, að það sé gert, þá gilda þau rök líka og á sama hátt viðvíkjandi þeim, sem hafa greitt öðrum atkv. sitt, en fá ekki að leiðrétta það, því vitanlega fylgist það að, að menn hafa aðstöðu til að kalla atkv. sín til baka og greiða atkv. á ný. Þannig gæti það orðið fjöldi manns, sem hefði greitt látnum frambjóðanda sitt atkv., sem fengi ekki leyfi til að leiðrétta þau, ef þessi till. verður samþ. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að hefði þessi regla, sem hér er stungið upp á, verið látin gilda í bráðabirgðal. frá stj., þá hefði það getað valdið — og e. t. v. ekki að ástæðulausu — verulegum ágreiningi. Þá hefði verið hægt að segja, að öll utan kjörstaðar greidd atkv. í Skagafirði, sem sá látni frambjóðandi hafði fengið, hefðu verið tekin með lögum og færð yfir á hinn. Og það hefðum við í raun og veru gert með því að gefa út slík lög. Ég gæti þó betur fellt mig við, að Alþingi gerði slíkar ráðstafanir fyrir fram en að stj. geti látið sér detta í hug að taka atkv. frá látnum frambjóðanda og yfirfæra þau með lögum á nýjan frambjóðanda. Reynslan mun hafa orðið sú í vor, að flestir eða næstum allir munu hafa greitt atkv. á ný. Ég hygg, að það hafi verið sárfáir, sem ekki höfðu aðstöðu til þess. Það, sem ég vil leggja aðaláherzlu á, er þetta, að það sé komið undir vinsældum hins nýja frambjóðanda, hvað menn vilja mikið á sig leggja til að greiða honum atkv., og að það geti ekki komið fyrir, að menn séu kosnir á þing með atkv., sem látinn frambjóðandi hefir fengið, en ekki þeir sjálfir. Og slíka reglu gat ríkisstj. ekki látið sér detta í hug að gera að lögum undir þessum kringumstæðum.

*Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það voru aðeins örfá orð. — Það getur verið, að það hefði verið hægt að gera þetta tortryggilegra, ef stj. hefði gefið út slíkt frv. sem þetta. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að það var að sönnu ekki það, að hann tæki utan kjörstaðar greidd atkv. og yfirfærði þau á hinn nýja frambjóðanda. En hann gerði annað. Hann eyðilagði öll þau atkv., sem búið var að greiða. (Forsrh.: Fyrir báðum jafnt). Já, fyrir báðum, en eigi að síður fjöldamörg atkv., sem hafa verið greidd á fyllilega lögmætan hátt, og ég efa, að það sé betra. Ef honum finnst það betra, þá skal ég ekkert um það deila við hann. En það, sem skilur á milli þessara till. frá stj. og n., er, að það eru engin líkindi til þess, að till. n. geri nema örfáum mönnum rangt til, en till. stj. getur, ef frambjóðandi deyr mjög nærri kosningu, eyðilagt svo að segja öll utan kjörstaðar greidd atkv. Mér skilst því, að málið standi í þeim sporum, að kveða á um það, hvort það eigi að gera fáum mönnum rangt til eða mörgum. Þá segi ég, að betra sé að gera fáum mönnum rangt til.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi aðeins benda á það, án þess að vera að ræða þessi atriði frekar, að þau rök, sem ég færði fram áðan, hafa ekki verið hrakin. Með frv. stj. er jafnmörgum gert rangt til, því þeir, sem geta leiðrétt atkv. sín, geta einnig kosið. Þau rök gilda eins um þá menn, sem ég er að bera fyrir brjósti.

Svo er það annað atriði, sem ég vildi benda á, að þetta þarf alls ekki að koma fyrir. Það þarf aðeins að lengja tímann, sem ákveðinn er í kosningalögunum, ef frambjóðandi deyr, þegar komið er nærri kosningu, eða m. ö. o. fresta kosningunni. Í. l. eins og þau eru nú er, að því er mig minnir, miðað við síðustu vikuna. Þannig mætti komast að þeirri niðurstöðu, að gera öllum fært, að greiða atkv. á ný, með því að fresta kosningu, ef frambjóðandi deyr, þegar vantar t. d. hálfan mánuð, þar til kosningar eiga að fara fram. Þetta er e. t. v. eðlilegasta aðferðin, og ætti n. að athuga hana.

*Magnús Jónsson: Það er vitanlegt, að ef frambjóðandi deyr eftir að framboðsfrestur er

liðinn, þá verður ekki komizt hjá erfiðleikum út af því á nokkurn hátt. Það er undantekningartilfelli, sem löggjafarnir verða að setja einhverjar reglur um, en það þarf enginn að halda, að þetta sé hægt að gera svo, að enginn verði fyrir misrétti á neinn hátt.

Mér sýnist, að það geti varla verið um fleiri en fjóra möguleika að ræða. Sá möguleiki, sem er í kosningalögunum, er að ganga fram hjá því að sjá fyrir þessu, og lendir það á þeim flokki, sem er svo óheppinn að verða fyrir því, að frambjóðandi hans falli frá. Það eru þeir tveir möguleikar, að ónýta atkv., eins og bráðabirgðalögin gera ráð fyrir, og yfirfæra atkv. á hinn nýja frambjóðanda og láta þau fylgja flokknum, eins og allshn., hefir stungið upp á. Og svo er loks fjórða leiðin, sem forsrh. minntist á, og það er að aflýsa kosningunni og auglýsa hana síðar.

Allir þessir möguleikar hafa stóra ókosti. Ókostir fyrstu aðferðarinnar komu svo glögglega í ljós, þegar þetta tilfelli kom fyrir við síðustu kosningar, að stj. sá sér ekki annað fært en gefa út bráðabirgðalög um þetta. Og n. hefir ekki stungið upp á að fella þau alveg úr gildi, og þess vegna ekki fallizt á þann möguleika, sem fellst í kosningalögunum. Hvað því viðvíkur að fresta kosningu, þá hygg ég, að á því séu svo miklir og ófyrirsjáanlegir örðugleikar, að tæplega geti komið til mála, að horfið verði að því, þótt það væri að ýmsu leyti sanngjarnt. Í raun og veru er því hér aðeins um tvær leiðir að velja, og forsrh. og frsm. n. hafa dregið fram ókosti þessara beggja leiða, því að þær hafa báðar sína ókosti. En ég verð að segja, að mér finnst sú leið, sem allshn. hefir stungið upp á, eðlilegri. Það er naumast hægt að ganga öllu greipilegar á rétt kjósendanna, sem þeir hafa fullan og óskoraðan í kosningalögunum, en með því að ónýta öll þau atkv., sem greidd hafa verið fyrirfram. Báðar þessar leiðir fela í sér, að hér eftir verður viss áhætta því samfara að greiða atkv. utan kjörstaðar. Eftir annari leiðinni geta menn átt á hættu, að atkv. verði ónýtt, og eftir hinni, að það verði yfirfært á annan en þann, sem kjósandinn hafði í huga, þegar hann kaus.

Ég vil segja, að ég mundi sem kjósandi heldur vilja, að mitt atkv., a. m. k. í flestum tilfellum, yrði yfirfært á hinn nýja frambjóðanda. Mér finnst þetta mál horfa allt öðruvísi við eftir að hin nýju kosningalög komu, þar sem flokksvaldið er gert svo mikið, að það er beinlínis gengið út frá því, að kosið sé um flokka, en ekki menn. Frambjóðandinn verður beinlínis að tilgreina, hvaða flokki hann fylgir, og ef hann fylgir engum flokki, þá flokksleysi, sem hann verður einnig að tilgreina. Með þessu er beinlínis gefið undir fótinn með það, að það er flokkavaldið, sem ræður, og það er staðreynd, sem ekki þýðir í móti að mæla, að það er fyrst og fremst kosið um flokk, en ekki menn.

Ég vil benda á eitt tilfelli, sem mér sýnist einmitt hliðstætt við það, sem n. hefir stungið upp á. Það eru hlutfallskosningarnar. Þær kosningar eru að töluvert miklu leyti bundnar við flokka, og menn geta tiltölulega litlu ráðið um það, hverjir komast að, þótt þeir hafi rétt til að strika út og færa til nöfn á listanum. (JBald: Flokkurinn fær atkv. samt). Já, flokkurinn fær atkv., og það er einmitt það, sem n. vill innleiða hér, að flokkurinn fái atkv., en að það sé ekki tekið og ónýtt, þótt skipta verði um frambjóðanda. Mér finnst það að ýmsu leyti talsvert skylt hlutfallskosningunum og algerlega í anda kosningalaganna eins og þau eru nú, öll byggð upp á flokksvaldinu í landinu. Hitt aftur á móti, að ógilda greidd atkv., fannst mér svo hart að gengið, að það væri mikið spursmál, hvort það væri hægt, því með stjskr. er mönnum tryggður kosningarréttur, eftir nánari ákvæðum kosningalaganna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Ed., 1. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 61,1 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, SÁÓ, ÞÞ, BSn, BrB, GL, IngP.

Nei: JBald, PHerm, PZ, BSt, EÁrna.

3 þm. (HermJ, JJós, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 61,2 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 81).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., 4. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á. 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 155).

*Frsm. (**Vilmundur Jónsson**): Þetta mál er komið þannig inn í þingið, að flutt var frv. til l. um staðfestingu á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út síðastl. sumar í tilefni af kosningunum í Skagafirði, þegar einn frambjóðandinn lézt og annar bauð sig fram í hans stað. Efni þeirra l. var í stuttu máli það, að þegar frambjóðandi deyr, þá á að ógilda öll þau atkv., sem greidd hafa verið utan kjörstaðar, og gefa mönnum síðan kost á að kjósa á ný.

Þessu frv. var breytt þannig í hv. Ed., að heimilt var, að öll greidd utankjörstaðar atkv.

látins frambjóðanda falli á hinn nýja frambjóðanda í hans stað.

Allshn. hefir nú athugað þetta mál, og hún hefir fallizt á þá hugsun, sem felst í frv. eins og það kemur frá Ed. Og ég hygg, að þessu sé bezt ráðið á þann hátt, án þess að ég haldi því fram, að það hafi verið rétt að gera annað með bráðabirgðalögum en gert var. Ég álít, að það hefði verið varasamt að gera svo róttækar breyt. í þessu atriði, eins og nú er lagt til með þessu frv., með bráðabirgðalögum. En þó að allshn. hafi fallizt á þessa meginhugsun frv., taldi hún rétt að flytja nokkrar brtt. við það, með því að hún hefir fundið þann galla á frv., að það falli ekki rétt vel inn í kosningalögin, eins og kerfi þeirra er. Og í öðru lagi hefir hún fundið ýmsa annmarka á formi frv. að öðru leyti.

Þetta er skýrt í nál. frv. og mun ég því spara að taka það frekar upp. Ég vil svo mæla með því, að frv. verði samþ., því ég hygg, að það hafi tekið breyt. til bóta. Og ég vil leggja áherzlu á það, að meginhugsun frv. sé ekki brjáluð.

ATKVGR.

Brtt. 155,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 155,2 (6 nýjar gr. í stað 1. gr., verða 2.—7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

— 155,3 (2. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 155,4 (3. gr. verði 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 34. og 35. fundi í Nd., 24. og 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 26. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 171).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til einnar umr.

Ingvar Pálmason: Frv. þetta er komið aftur hingað frá Nd. og hefir tekið þar lítilsháttar breyt. Allshn. þessarar hv. d. sér ekki ástæðu til annars en að mæla með, að frv. verði samþ. Sú breyt., sem gerð var á því í Nd., er til bóta, en breytir ekki þeirri niðurstöðu, sem n. komst að. Þó að frv. sé breytt að forminu til, er n. frv. meðmælt, þar sem ekki hafa orðið á því verulegar efnisbreyt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 237).

---

8. Afkynjanir, vananir o. fl.

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt (stjfrv., A. 46).

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 103).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og orðið ásátt um að leggja til við hv. þd., að það verði samþ. með einni breyt., ef breyt. skyldi kalla, og er í því fólgin, að kveðið verði á um það, undir hvaða ráðh. framkv. þessara væntanlegu l. skuli heyra. Það er annars talið geta orkað tvímælis, hvort það á að vera ráðh., sem fer með heilbrigðismál, eða ráðh., sem fer með dómsmál. Allshn. hefir orðið ásátt um að leggja til, að það verði dómsmrh., í viðurkenningu þess, að hér er ekki eingöngu um heilbrigðismál að ræða, heldur öllu fremur um félagsleg mál og réttarfarsmál, og sérstaklega að því er snertir þau atriði l., sem mjög miklu varðar að gætilega séu framkvæmd.

Með því að ég geri ráð fyrir, að hér í hv. d. sé ekki fremur en í allshn. ágreiningur um þetta frv., mun ég spara mér að fara um það mörgum orðum. Að vísu er mikið undir því komið, að embættismenn þeir, sem eiga að sjá um framkvæmd þessara væntanlegu l., og sú n., sem á að aðstoða þá við framkvæmd þeirra, og einnig allur almenningur, sem á við l. að búa, átti sig vel á því, hver tilgangurinn er með þeim, og þá sérstaklega, hvaða takmörk eru sett framkvæmdum samkvæmt þeim. Jafnvel texti frv. skýrir þetta ekki til fulls. En ég læt nægja að vísa til ritgerðar, sem ég hefi skrifað um þetta efni og fylgdi sem greinargerð með þessu frv. á síðasta Alþ., þar sem þetta er allt eins greinilega fram tekið, skýrt og túlkað og ég ætla, að þörf sé á. Ef ég færi að endurtaka þetta hér með öðrum orðum og miður hnitmiðuðum en unnt er að koma við í rituðu máli í góðu tómi, mundi það aðeins verða til þess að rugla þá, sem síðar kynnu í þetta að skyggnast. Ég vil þó aðeins taka það fram, af því að ég er ekki viss um, að það hafi verið nógu greinilega tekið fram í þessari tilvitnuðu ritgerð, að ekki er ætlazt til, að þessi væntanlegu l. komi að nokkru leyti í bága við l. frá 28. jan. 1935 um fóstureyðingar. Og þó að hér sé einnig um að ræða að heimila fósturevðingar, þá eru þau ákvæði aðeins ætluð til viðbótar því, sem lögfest er í l. frá 1935, þannig að þessi væntanlegu l. eiga ekki á nokkurn hátt að takmarka heimildirnar til þessara aðgerða eftir hinum fyrri l.

Þá vil ég geta þess, með tilliti til þeirra hv. þdm., sem ekki hafa haft fyrir því að kynna

sér þetta frv. og grg. fyrir því, sem er áminnzt ritgerð, að hér er alls ekki um nein nýmæli í löggjöf að ræða. Algerlega tilsvarandi löggjöf hefir nú um skeið verið í gildi í mörgum löndum, þar á meðal á öllum Norðurlöndum, en lengst þó í Danmörku, þar sem tilsvarandi lög hafa verið framkvæmd nú í nokkuð mörg undanfarin ár og þykja gefa góða raun. Þetta frv. er sem sé ekki til líka eins mikið nýmæli og fóstureyðingal. frá 1935, sem ég minntist á, og voru raunar, eftir því sem ég veit bezt, algert nýmæli í löggjöf, þegar þau voru sett. Enda hafa þau vakið athygli víða úti um heim og mikið verið um þau skrifað, sem eftir því að dæma, sem ég hefi átt kost á að sjá, hefir allt verið á eina lund og okkur heldur til sóma.

Þó að það komi ekki þessu máli, sem hér er til umr., beint við, þá stilli ég mig ekki um að skýra frá því í þessu sambandi, sem er meira um vert en þá eftirtekt, sem fóstureyðingarlögin hafa vakið, að eftir því að dæma, sem séð er af framkvæmd þeirra l., hefir reyndin af þeim orðið góð og til mjög mikillar siðbótar um þessi mál. Á hverju ári síðan l. voru sett, hefir verið tryggð heilsa svo og svo margra kvenna, sem annars mundu hafa orðið án allrar hjálpar í þessu efni. Og þó að sumum kunni að virðast það mótsögn, er það engu að síður staðreynd, að fyrir það, að þessi lagaákvæði um fóstureyðingar eru í gildi, fæðast nú alls á hverju ári töluvert fleiri börn en annars mundu fá að fæðast. L. hafa sem sé þau áhrif, að miklu minna er um fóstureyðingar heldur en var áður en þau voru sett. Þetta er sérstaklega eftirtektarvert fyrir þá, sem stimpluðu þá sem barnamorðingja, er unnu að setningu þessara l. Við það guðhrædda fólk, sem þannig talaði, vildi ég aðeins segja það, að það er ekki þess hrós, að það ber nú ekki ábyrgð á dauða margra einstaklinga, sem líf hafa fengið vegna áhrifa þessara l., en annars hefðu orðið að láta lífið.

Að endingu vil ég geta þess til leiðbeiningar fyrir þá hv. þm., sem eiga nú að greiða atkv. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, án þess að hafa kynnt sér það til hlítar, að málið hefir verið rækilega og gætilega undirbúið og jafnvel betur en mörg þýðingarmikil mál, sem lögð hafa verið fyrir Alþ. Frv. var sent í þrjá staði til athugunar: til Læknafélags Reykjavíkur, sem setti í það sérstaka n. til þess að yfirfara það, þá til læknadeildar háskólans og loks til lagadeildar háskólans, sem fól sínum lærðasta manni að kynna sér það og skrifa um það álit. Á milli mín og allra þessara aðilja var enginn ágreiningur um frv. eins og það varð endanlega, og í raun og veru var því ekki breytt mikið í þessari meðferð frá því formi, sem það hafði fengið í upphafi. Í þessu, sem ég hefi nú tekið fram um rækilegan undirbúning þessa máls, hygg ég, að felist trygging fyrir því, að ekki sé mjög ógætilegt eða háskalegt að samþ. frv.

Vil ég að síðustu óska þessu máli góðrar afgreiðslu til 3. umr. og síðar til hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24. shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 103 samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—6. gr., svo breyttar, samþ. með 18 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 119).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, n. 170).

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd. og hefir gengið í gegnum þá d. án breytinga. Það er samið af landlækni og fjallar um, eins og fyrirsögnin segir, að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt. Frv. er svipaðs eðlis og annað frv., sem varð að l. fyrir nokkrum árum síðan.

Allshn. Ed. hefir athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu að leggja með því, að það verði samþ. Þó hefir n. komið með eina lítilfjörlega brtt. við frv., sem er þess efnis að lagfæra orðalag frv. N. hefir borið þessa brtt. undir höfund frv., landlækni, og telur hann, að það skipti ekki máli, þó brtt. verði samþ., en hann hefir hinsvegar ekki lýst því yfir, að hann teldi hana til bóta.

N. þótti fyrirsögn frv. nokkuð löng og ekki sem viðfelldnust, og velti hún fyrir sér breyt. á henni og gerði tilraunir til þess að breyta henni. En niðurstaðan varð þó sú, að n. sá sér það ekki fært til að ná því, sem í frv. felst. N. bar þetta undir höfund frv., og kannaðist hann við, að hann hefði haft töluverðar áhyggjur út af því, að honum hafi ekki þótt fyrirsögnin að öllu leyti gallalaus, en hann hafi ekki fundið betri leið til þess að það kæmi skýrt fram í fyrirsögninni, hvað felst í frv. Hann taldi, að það yrði að leggja áherzlu á, að það orkaði ekki tvímælis, að fyrirsögnin væri í samræmi við frv.

Ég vil að svo mæltu leggja til fyrir hönd n., að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er á þskj. 170.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 170 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

5.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 196).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil aðeins geta þess, hv. þdm. til leiðbeiningar, að þetta frv. hefir fengið afgreiðslu í hv. Ed. breytingarlaust að öðru leyti en því, að lítið eitt hefir verið vikið við orðalagi í 4. gr., og var það gert í samráði við mig. Að efni til er frv. nákvæmlega samhljóða því, sem samþ. var í þessari hv. d. fyrir nokkru síðan. Mun því ekki ástæða til að athuga málið að nýju í n., heldur mun vera óhætt að samþ. það eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 238).

---

9. Slysabætur.

Á 14. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur (þmfrv., A. 73).

Á 16. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. flytur þetta mál samkv. ósk ríkisstj. — Hér er um það að ræða að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi frá 3. marz 1937, sem gerður var milli allra Norðurlandanna 5 um sameiginleg ákvæði í þeim tilfellum, þar sem atvinnurekandi, búsettur í einhverju samningsríkjanna, hefir atvinnufyrirtæki eða verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna ríkjanna.
Ég skal aðeins geta þess, að íslenzki textinn á samningnum, sem fylgir frv., er ekki eins vel úr garði gerður og sérstaklega ekki nægilega skýr, eins og æskilegt hefði verið. En ég held, að n. hafi nú samt tekizt að fá sæmilegan skilning út úr orðalaginu, svo að ég geri ekki ráð fyrir að ástæða sé til þess að skirrast við að samþ. samninginn af þeim ástæðum einum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 73).
Á 25. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 125).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er eitt af fleirum um heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi frá 3. marz 1937.
Frv. þetta fjallar um það atriði samningsins, sem er um gagnkvæmar slysatryggingar í Norðurlandaríkjunum, og er aðeins farið fram á það, að ríkisstj. veitist lögheimild til þess að láta þetta atriði samningsins öðlast gildi.
Þetta er aðeins formsatriði, og þau mál sama eðlis, sem nú hafa legið fyrir þinginu og þegar hafa fengið afgreiðslu, hafa öll verið samþ. einum rómi, og allshn. þessarar d. leggur til, að svo verði einnig gert um þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 162).

10. Möskvi fisknetja og lágmarkslengd á fiski.

Á 12. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og minnsta mál á fiski (þmfrv., A. 63).

Á 14. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Pétur Ottesen: Ég var ekki við, þegar þetta mál var til 2. umr., og veit ekki, hvort hæstv. atvmrh., sem þetta mál heyrir undir, hefir látið fylgja því frekari grg. viðvíkjandi því atriði, að Alþingi freistaði þess, að fá Faxaflóa friðaðan. Mér virðist, að ákvæði þessa frv. hafi, hvað þessa möskvastærð snertir, enga þýðingu fyrir okkur Íslendinga, því ég ætla, að í því efni sé gengið nokkuð lengra hjá okkur um möskvastærð botnvörpu og dragnóta heldur en gert er í þessu frv. Þess vegna hefir það ekki þýðingu fyrir okkur, hvað það snertir. Hinsvegar virðist mér, að í þessu frv. felist fullkomin viðurkenning á því, sem við höfum haldið fram, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til að auka friðun á þeim fiskimiðum, þar sem eins mikil ánauð er og við strendur Íslands.

Ef hæstv. atvmrh. hefði verið viðstaddur, hefði ég viljað beina máli mínu til hans um það, að stj. á hverjum tíma geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að halda vakandi og ýta undir þá rannsókn, sem gert er ráð fyrir, að fari fram í sambandi við fyrirhugaða friðun Faxaflóa, og að ekkert það verði gert hér innanlands, sem komi í bága við þá hugsjón, sem vakir fyrir um þá auknu friðun Faxaflóa, frekar en orðið er.

Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta mál er í raun-inni óviðkomandi friðun Faxaflóa. Hinsvegar þótti sjálfsagt að ganga að þessum samningi, þar sem með honum ætti að vera tryggt, að ekki yrðu við veiðar hér við land hafðir möskvar undir ákveðinni stærð. En í þáltill., sem nú liggur fyrir og flutt er af sjútvn. eftir beiðni hæstv. atvmrh., er nokkuð minnzt á þá rannsókn, sem gerð hefir verið viðvíkjandi friðun Faxaflóa. Þessi till. er á þskj. 83, og nægir að vísa til hennar viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. sagði um þetta mál. Það er þegar byrjað á undirbúningi þeirrar rannsóknar, sem ætti í framtíðinni að verða undirstaða undir kröfunni um friðun Faxaflóa, og mun það hafa verið gert af „Þór" jafnframt því sem hann var við síldveiðitilraunir hér í flóanum á þessu hausti.

Pétur Ottesen: Ég heyrði ekki, hvað hv. frsm. sjútvn. í þessu máli var að tala um, en hann sagði þó, að þetta mál væri friðun Faxaflóa óviðkomandi. Það nær engri átt, því að þetta er einn liður í því mikla verki, sem fyrir liggur, að fá aukna friðun á okkar fiskimiðum, þó að svo vilji til, að þetta mál, stækkun möskva, hafi ekki þýðingu fyrir okkur Íslendinga, eins og löggjöf er háttað hér hjá okkur.

Það er alveg rétt, að í þeirri þáltill., sem fyrir liggur um þetta efni, er gert ráð fyrir, að Íslendingar leiti upptöku í alþjóða hafrannsóknaráð, og er þess að vænta, að þær vísindalegu rannsóknir, sem framkvæmdar verða í þessu efni, feli í sér úrlausn fyrir okkur í þessu máli. Ég tek því fullkomlega undir það, sem þar er sagt um þessi atriði. Hinsvegar er fullkomin ástæða fyrir okkur, þegar við erum komnir inn á þessa braut, að gjalda varhuga við því hér á þingi og í öllum ráðstöfunum ríkisstj. og annara, að neitt það verði gert, er torveldað gæti fyrir okkur þessa leið, eins og því miður hefir verið gert, þó að viðsýni annara á þessu máli og þeirri nauðsyn, sem hér er fyrir hendi, hafi kannske verið meiri en svo, að verði til að leggja stein í götu þessa máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 63).

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 63, n. 112).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Frv. þetta er komið hingað frá hv. Nd. og var flutt þar af sjútvn., sennilega að tilhlutun hæstv. ríkisstjórnar. En eins og sjá má af skjölum þeim, sem prentuð eru með frv., þá er efni þess það, að Ísland verði þátttakandi í samningi, sem fiskiveiðaþjóðir við norðanvert Atlandshaf og Norðursjó hafa gert með sér um lágmarksstærð fiskinetjamöskva og minnsta mál á fiski.

Það, sem hér er um að ræða, eru alþjóðasamtök til þess að vernda fiskistofninn, enda varð enginn ágreiningur í sjútvn. um málið. Hinsvegar var nefndin á einu máli um það, að málið á samningnum væri ekki sem bezt; þannig fannst henni t. d. að orðin „minnsta mál á fiski“ væri nokkuð útlenzkukennt, og þess vegna ber hún fram brtt. á þskj. 112, þess efnis, að í stað orðanna „minnsta mál“ komi: lágmarkslengd. Verði brtt. þessi samþ., þá ætlast n. að sjálfsögðu til, að breytingin verði prentuð í samningi þeim, sem prentaður er aftan við frv. Annars hefði verið fyllsta þörf að gagnrýna frekar íslenzkuna á þessum samningi, því að vægast sagt er henni allmjög ábótavant. Sjútvn. leggur þó til, að frv. verði samþ. með þessari einu breytingu, sem ég hefi þegar getið.

ATKVGR.
Brtt. 112 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn með breyt. samkv. brtt. 112 samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 128).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 128).
Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 166).

---

11. Vörumerki.

Á 12. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki (þmfrv., A. 62).

Á 14. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Ingvar Pálmason: Fyrir þessu frv. var engin grein gerð við 1. umr., enda engin nauðsyn á því, þar sem í grg. frv. er tekin fram ástæðan fyrir flutningi þess, en hún er sú, að frv. er borið fram til þess að samræma l. um vörumerki við samþykkt, sem gerð var í London 2. júní 1934 um samband ýmissa landa til verndar eignarrétti á einkaleyfum, vörumerkjum o. fl.

Allshn. flutti þetta frv. að tilmælum ríkisstj., og breyt., sem í því er fólgin, er sú, að þar sem stendur í l. 4 ár, þá komi 6 ár.

Ég tel svo ekki ástæðu til að gera frekar grein fyrir frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., 5. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 62).
Á 21. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 141).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Eins og sést á greinargerð þessa frv., er það breyt. á lögunum frá 1903 í því eina atriði, að lengdur verði fresturinn til að skrásetja vörumerki úr fjórum mánuðum í sex. Það er gert til þess að samræma hin íslenzku lög við þá samþykkt, sem fulltrúar menningarlandanna margra gerðu í London 2. júní 1934 um að fresturinn skuli vera sex mánuðir. — Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

12. Lántaka fyrir ríkissjóð.

Á 17. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um lántöku fyrir ríkissjóð (þmfrv., A. 80).
Á 20. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Í grg. þessa frv. eru teknar fram þær ástæður, er því valda, að frv. er borið fram, og ég hefi engu við grg. að bæta. Eins og þar er tekið fram, er þetta frv. flutt fyrir hönd hæstv. fjmrh., og ef menn kunna að óska frekari skýringa við þessa umr. en gefnar eru í grg., vænti ég, að hann verði fús til að gefa þær. — Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 111).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og sést á nál. fjhn. á þskj. 111, mælir n. með því, að þetta frv. verði samþ. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., hefir þó skrifað undir nál. með fyrirvara, og geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir honum. Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem ég tók fram við 1. umr. og í grg. fyrir frv. stendur.

***Magnús Jónsson:** Ég hefi skrifað undir þetta nál., þar sem mælt er með, að þetta frv. verði samþ., vegna þess, að ég þykist vita, að að svo komnu máli sé ekki um annað að ræða en að ná í fast lán til þess að greiða upp eða grynna á þeim lausaskuldum, sem safnazt hafa síðasta ár. Af því að meiri hluti þessara skulda er lán í Landsbankanum, er komið langt upp fyrir þá upphæð, sem lög Landsbankans heimila, að ríkissjóði sé lánað. Má segja, að það sé of lausu taumhaldi á bankanum um að kenna, að hann hefir lánað fram yfir það, sem lög heimila, að hann láni ríkinu. Ég geri ráð fyrir, að ekki sé annað ráð en að afla fastra lána til þess að komast úr þessu ófremdarástandi, en ég skrifaði undir með fyrirvara af því, að ég vildi láta það komast að hér, að ég tel það mjög illa farið, að svo er langt komið. Það er ekki langt síðan lán var tekið til þess að losna við lausaskuldir, sem þá höfðu safnazt, og mun þá hafa komið í ljós eindreginn ásetningur um að láta ekki lausaskuldir safnast aftur. En ríkisbúskapurinn hefir gengið svo, að þetta hefir safnazt aftur á tiltölulega stuttum tíma, og mun því ekki full trú á því hjá öllum, að nú sé staðar numið á þessari braut, þó reynt sé til þess á ný með annari lántöku.

Önnur aths., sem ég vildi hreyfa, er það, hvort þetta lán, ef frv. verður samþ., er nægilegt til að hreinsa upp þær lausaskuldir, sem nú hafa safnazt fyrir. Eftir því sem ég veit bezt, munu þessar skuldir vera um 3 millj. og 3 hundruð þús. kr. Þar af munu 600 þús. vera skuld við Búnaðarbankann, sem Landsbankinn hefir að vísu endurkeypt víxil fyrir, svo er skuld við landhelgissjóð, um 200 þús., og fleiri skuldir, sem ég veit ekki, hvað eru háar, en varla eru undir 3 millj., svo að allt í allt munu lausaskuldir ekki vera fjarri 4 millj. kr. Það má sjá af þessu, að lausaskuldir hjá Landsbankanum þurfa að fara lækkandi síðustu mánuði ársins um eina millj. Tel ég rétt að heyra skýrslu hæstv. fjmrh. um það, hvort hann telur, að með þessari lántöku verði hægt að losa ríkissjóð við lausaskuldir sínar. Ég held að öllum sé ljóst, að þótt þetta lán verði tekið hér innanlands, þá er það neyðarúrræði, því þegar grípa þarf til svo stórrar lántöku, verður aldrei komizt hjá því, að mikill hluti hennar komi niður á því lánsfé, sem nú er í bönkunum, sem þó er takmarkað, og ekki er ósennilegt, ef einstakir menn kaupa nokkuð verulegt af þessum bréfum, þá gangi það út yfir sparifjárinnstæður, sem eru bezta starfsfé bankanna. Sama er að segja, ef bankarnir sjálfir kaupa eitthvað töluvert af bréfunum; það heftir líka starfsfé þeirra, þótt það sé e. t. v. ekki svo slæm ráðstöfun á fénu í sjálfu sér, ef bréfin bera sæmilega vexti, en þetta er mikil upphæð, sem þarna er bundin frá öðrum starfssviðum bankans, og það er að vissu leyti mjög óheppilegt.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál að svo komnu. Ég sé mér ekki fært að standa á móti þessari ráðstöfun, en ég geri ráð fyrir, að við fáum að heyra það stjórnarandstæðingar eftir á, er skuldir aukast, að við höfum verið því samþykkir, að ríkissjóður stofnaði til lausaskulda, með því að taka þátt í að samþ. hér á Alþ. slík frv. sem þetta, þótt við gerum það af því, að heppilegra er að koma þessum skuldum fyrir í föstum lánum. En ég vil mótmæla því, að við fylgjum frv. vegna þess, að við séum samþykkir þeirri skuldaaukningu, sem þar kemur fram.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla að segja örfá orð út af málefninu sjálfu og ræðu hv. 1. þm. Reykv. Ég álít, að þótt grg. sé ekki löng, þá geri hún sæmilega grein fyrir ástæðunni fyrir frv., sem sé þeirri, að enda þótt undanfarið hafi verið fyrirhugað, að tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum skyldu nægja fyrir útgjöldum og afborgunum, þá hefir ekki orðið svo, og afleiðingin því orðið sú, að um leið og afborganir hafa lækkað, hafa lausu skuldirnar hækkað. Ég er alveg samþ. því hjá hv. 1. þm. Reykv., að það er miður, að svo er komið, og það væri mjög æskilegt að halda þeirri stefnu, sem menn ætluðu sér, að láta föstu lánin lækka án þess að lausaskuldir söfnuðust. Ástæðan fyrir því, að það hefir ekki tekizt, er tvennskonar. Önnur er sú, að tekjur ríkissjóðs reyndust lægri en menn gerðu sér vonir um, einkum á árinu 1936, og hin er sú, að útgjöld hafa fallið á ríkissjóð, sem enginn gat séð fyrir, og eru það aðallega á þessu ári útgjöld vegna fjárpestarinnar. Ég var að athuga hversu mikið hefir verið greitt vegna hennar á þessu ári, og mun láta nærri, að það séu 660 þús kr. Þar af hafa fengizt 100 þús. úr bjargráðasjóði, og mikið er ógreitt enn vegna hennar. Það er óhugsandi, að hægt sé að gera ráðstafanir fyrirfram gegn slíkum skuldum, sem enginn getur séð fyrir. Ég sé

ekki ástæðu til að fara nánar út í tilefnið til frv.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að lausaskuld við Landsbankann er komin upp fyrir það, sem lög heimila að lána ríkissjóði. En það er hægt að leggja tvennskonar skilning í það ákvæði laganna, að þótt seðlabankanum sé ekki heimilt að lána nema ákveðinn hluta af stofnfé sínu, þá má álíta, að sparisjóðsdeildinni sé heimilt að hlaupa undir bagga með ríkissjóði, enda væri fjarstæða, að úr þeim sameiginlegu sjóðum landsmanna, sem í Landsbankanum eru, væri takmarkað með lögum, hvað mætti lána ríkissjóði, sem á Landsbankann. Lít ég svo á, að þetta ákvæði eigi aðeins við seðlabankann. Að víta Landsbankann fyrir að hafa ekki lokað reikningi ríkissjóðs eða neitað honum um þetta lán, held ég, að ekki sé hægt að gera með rökum, þar sem ríkissjóður er bezti viðskiptavinur bankans, og hann fær hvern eyri af sínum skuldum við hann greiddan. Ríkissjóður hefir þá möguleika til að fá fé upp í skuldir sínar við bankann, sem enginn annar hefir, sem sé möguleikann til að leggja skatta og tolla á landsmenn. Ég vil í þessu sambandi minna á, að ef ætti að taka upp þá aðferð gagnvart ríkissjóði að stöðva lán til hans, þá eru aðrar stofnanir, sem hafa viðskipti við bankann, sem frekar er ástæða til að beita þeim við, enda lagði hv. þm. ekki neina áherzlu á þetta atriði, þótt hann dræpi á það. Ég ætla ekki heldur að fara lengra út í það, enda geri ég ekki ráð fyrir, að menn fari að víta Landsbankann fyrir þetta.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði um upphæð lausaskuldanna. Ég gaf upp á fundi í hv. fjhn. Ed., að þær væru rúml. 4 millj. kr., en ég get ekki sagt upp á hár, hvað þær verða um áramót, en mér þætti ekki ólíklegt, að þær lækkuðu um eina millj. til áramóta. Mér þykir rétt að taka það fram, að þótt á næsta ári tækist að fá þetta innanlandslán, sem ég dreg í efa, að takist á einu ári, þá yrði ríkissjóður samt sem áður að hafa yfirdráttarviðskipti við Landsbankann. Mun láta nærri, ef ríkissjóður greiðir upp skuld sína um áramót, sem ég geri ekki ráð fyrir, að verði, muni hann samt þurfa að fá um 2 millj. kr. lán hjá bankanum hluta af árinu. Þetta stafar af því, að útgjöld ríkissjóðs eru hlutfallslega meiri fyrri hluta ársins, en tekjurnar mestar seinni hluta þess, svo jafnvel þótt ríkissjóður sé rekinn greiðsluhallalaus, verður hann að geta fengið nokkuð há yfirdráttarlán á árinu, sem miðist við greiðslu um áramót. Lausaskuldir þessa árs eru til komnar af því, að gert var ráð fyrir, að tekjur síðari hluta ársins nægðu til allra greiðslna, en svo reyndist ekki, þar sem skellir eins og sá, er orðið hefir af borgfirzku veikinni, eru ófyrirsjáanlegir.

Hv. 1. þm. Reykv. kvaðst álíta það mikið neyðarúrræði að taka þetta lán innanlands. Ég ber ekki á móti því, að æskilegra væri að þurfa ekki að taka það. En ef vel gengur að fá lánið og lánsmarkaðurinn í landinu leyfir, að seld séu ríkisskuldabréf, þá sé ég ekkert óheilbrigt við það, þótt ríkissjóði takist ekki að lækka skuldir sínar en taki lán með sölu ríkisskuldabréfa.

Þótt tekjur ríkissjóðs nægðu til að lækka skuldir hans um ½ millj. árlega, tel ég alveg eins æskilegt, að því fé væri varið til að standa á móti halla þeim, sem slæmt árferði hefir í för með sér öðru hverju. Reynslan er sú, að þegar versnar í ári, tekst Alþ. ekki að breyta fjárlögunum svo fljótt til samræmis við yfirstandandi tímabil, að enginn halli verði á þeim.

Það er auðvitað, að það fé, sem tekið yrði í þetta lán, skapast ekki á ný, þótt ríkisskuldabréfin yrðu boðin út, en eitthvað af því mundi koma í umferð annarsstaðar, ef það gengi ekki allt til innkaupa. En ég hefi gert mér vonir um, að hægt yrði að selja nokkuð af þessum bréfum til vátryggingarstofnana, sem lána mikið fé árlega. Um möguleika til að selja bréfin get ég ekki sagt sem stendur, en ég vil láta það koma fram, að þegar síðast var tekið innanlandslán, sem var 3 millj., var samið um það við bankana, Landsbankann og Íslandsbanka, að þeir tækju að sér að sjá um sölu bréfa fyrir 1½ millj. hvor, og keyptu sjálfir það, sem þeir gætu ekki selt. Mun um 1 millj. af því hafa selzt, en bankarnir keypt 2 millj. sjálfir, en sumt seldist síðar. Enn hefir enginn samningur verið gerður við bankana um þessa lánveitingu, en ég geri ráð fyrir, að sem nánust samvinna verði við þá um sölu bréfanna, og ég geri sem sagt ráð fyrir, að vátryggingarfélögin og fleiri kaupi eitthvað. Ég hefi ekkert sérstakt annað að taka fram í sambandi við málið sjálft.

Hv. 1. þm. Reykv. virtist óttast, að þeir sjálfstæðismenn fengju að heyra það eftir á, að þeir væru með því að auka skuldir ríkissjóðs, ef þeir greiddu atkv. með þessu frv. Ég skal fullvissa hann um, að ég mundi aldrei minnast á, hverjir hefðu greitt atkv. með þessari lántöku eða öðrum líkum, en ég skal geta þess, að þetta lán er tekið til að greiða með útgjöld, sem e. t. v. ekki allir hv. þm. hafa verið meðmæltir, en sumum yfirgnæfandi meiri hl., og nokkrum hluta þeirra hafa allir þm. verið meðmæltir, eins og t. d. útgjöldin vegna mæðiveikinnar, sem eru allmikil, þótt ekki sé nema lítill hluti þeirra greiddur enn.

*Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þessar umr. Aðeins minnast nokkurra atriða, sem ég tel vanta frekari upplýsingar um. Ég sakna þess t. d., að ekki skuli hafa komið fram upplýsingar um það, til hve langs tíma lán þetta á að vera, og ég hefi ekki fundið neitt í nál. eða heyrt í umr. um það, hve vextirnir eigi að vera háir. Þá stendur og hvergi neitt um það, hvort gefa eigi út skuldabréf fyrir láninu, en það kom aftur fram í ræðu hæstv. fjmrh., að það sé tilætlunin, og að bréfin eigi að vera til sölu innanlands, en aftur á móti stendur hvergi neitt um það, hvort bjóða eigi bréfin út fyrir „pari“ eða með afföllum. Um þessi atriði vildi ég gjarnan fá upplýst hjá hæstv. ráðh., því að ég skil ekki, að honum finnist undarlegt, þó að við, sem eigum að samþ. þessa lántöku, viljum fá þetta og annað eins upplýst, og það því fremur þegar strax á að fara að vinna að útboði lánsins eftir næsta nýjár.

Þá hjó ég eftir því, að það væri á þessu stigi málsins nokkuð á annan veg með þetta fyrirhugaða lán en ríkislánið 1920, hvað undirtektirnar snerti. Nú væri ekkert tryggt með það, hvernig

þær væru. En ég hygg, að flestir séu á einu máli um það, að daufar undirtektir með kaup á bréfunum geti haft miður góð áhrif á lánstraust ríkissjóðsins út á við. Annars hygg ég líka, að það muni vera háttur flestra fjmrh., sem bjóða út ríkislán, að vera búnir að tryggja það fyrirfram, að útboð lánsins verði engin fýluför.

Hvað snertir þessa lántöku og lántökur ríkisins yfirleitt, þá lít ég svo á, að það sé réttara að taka frekar innlend lán en útlend, því að hin erlendu lán geta orðið hættuleg, a. m. k. þegar þau verða að eyðslueyri. Það er því, þó ekki sé nema af þessum ástæðum, ekki einskisvert, að sparifé safnist innanlands.

Mér skilst, að allir séu á einu máli um það, að leitt sé, að til þessarar lántöku skuli þurfa að koma. Það hefði því verið ólíkt skemmtilegra, ef fjárlög síðari ára hefðu verið þannig úr garði gerð, að tekjur og raunveruleg útgjöld hefðu staðizt á. Ég vil því nota tækifærið og beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvort hann vilji stuðla að því á þessu þingi, að fjárl. fyrir næsta ár verði afgr. þannig frá þinginu, að nægilegur afgangur verði á rekstrarreikningi til þess að standast allar greiðslur ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af skuldum. Annars er það óneitanlega dálítil kaldhæðni örlaganna, að nú skuli svo komið, að fjáraukalögin fyrir 1935 skuli vera hærri en fjáraukalögin fyrir 1920—21, sem kölluð hafa verið af hæstv. ráðh. og flokksbræðrum hans „fjáraukalögin miklu". Til þess að ná því takmarki, að tekjur og gjöld fjárl. standist á, er að sjálfsögðu bezta ráðið að áætla tekjurnar varlega, samhliða alhliða sparnaði á útgjöldum ríkissjóðsins.

*Magnús Jónsson: Hv. 9. landsk. hefir þegar tekið fram sumt af því, sem ég ætlaði að segja. Þó að ráðstafanirnar vegna mæðiveikinnar hafi kostað mikið fé, þá er samt ekki hægt að varpa allri sökinni um hina miklu eyðslu á ríkisfénu yfir á þær. A. m. k. ekki hinni miklu eyðslu á árinu 1935, sem hvorki er meiri eða minni en 2,6 millj. samkv. fjáraukalögunum, sem liggja fyrir þinginu. Það hlýtur óneitanlega að vera dálítið lærdómsríkt fyrir hæstv. fjmrh., að þessi útkoma skyldi verða á ríkisrekstrinum þetta ár, því að það vantaði ekki fullyrðingarnar hjá honum um það, þegar hann lagði fjárlögin fyrir þingið, að nú væri þó rétt áætlað, útkoman hlyti því að verða nokkuð önnur en að undanförnu. En sjá! Umframgreiðslurnar urðu þó hvorki meira eða minna en yfir 2 ½ millj. kr. Ég býst nú ekki við, að þetta sé sá eini skóli, sem hæstv. ráðh. hefir orðið að ganga í gegnum síðan hann kom í þetta virðulega embætti.

Út af því, sem ég sagði um lán ríkissjóðsins hjá Landsbankanum, sagði hæstv. ráðh., að það væri hlægileg fjarstæða, ef ríkið, sem ætti bankann, hefði ekki aðgang að honum eins og aðrir viðskiptamenn. En það er nú einu sinni svona, að það eru lög Landsbankans, sem seðlabanka, að hann má ekki lána ríkinu nema vissan hluta af stofnfé sínu, sem eru 900 þús. kr. Það er einmitt af því, að ríkið er eigandi bankans, að settar eru skorður við því, hvað mikið lán það megi taka hjá honum. Það er ekki gert ráð fyrir því, að lán þau, sem ríkið tekur í bankanum, séu yfirfærð yfir á Sparisjóðsdeildina; slíkt er talið fyrir neðan virðingu ríkissjóðs. Hinsvegar er það tekið fram í bankalögunum, að þetta ákvæði nái ekki til ríkisfyrirtækja. Þeim er að sjálfsögðu heimilt að fá lán í bankanum eins og öðrum fyrirtækjum.

Máli mínu til sönnunar, að þetta ákvæði bankalaganna sé ekki dauður bókstafur, nægir að minna á það, að ríkinu var einu sinni synjað um lán við bankann, en þá var bara farin sú krókaleið, að lánið var tekið við Búnaðarbankann, en Landsbankinn svo látinn endurkaupa víxilinn af Búnaðarbankanum. Hitt tel ég að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt, að bankinn reyni að hliðra til og koma sem liðlegast fram við stjórnina. Annars er ekki nema gott til þess að vita, að stjórnin skuli vilja koma þessum lausu skuldum sínum í lag, koma þeim í eina heild.

Hæstv ráðh. sagði, að enda þótt ríkissjóður byrjaði með slétt borð við áramót, þá yrði hann samt að fá yfirdráttarlán við bankana. Þetta er vitanlega alveg rétt, og einmitt fyrir þær sakir er ákvæðið, sem ég minntist á, sett inn í Landsbankalögin.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri ekkert við það að athuga, þó að ríkissjóður tæki innlend lán, bara að bréfin gengju vel út. Þetta er nú svona og svona rétt, því að ég býst ekki við, að hæstv. ráðh. geti neitað því, að það fé, sem fer til kaupa á ríkisskuldabréfum, sé tekið út úr viðskiptaveltu landsmanna. Lánsféð til atvinnuveganna verður minna en ella. Munurinn á þessu hér og erlendis er sá, að hér verður maður sökum fátæktarinnar að sjá eftir hverjum skilding, sem dreginn er út úr viðskiptaveltunni, en erlendis eru það gleðitíðindi, ef hægt er að binda fé á föstum vöxtum, því að það eru peningarnir, sem spyrja eftir lántakendum, en hér eru það lántakendurnir, sem spyrja eftir peningunum. Þannig er það algengt erlendis, að menn komi fé sínu til geymslu vaxtalaust. Munurinn á innlendum og erlendum lánum er því sá, að innlend lán í peningafátæku landi takmarka lánsféð til annara.

Ég mun nú að þessu sinni ekki fara út í almennar umr. um fjármál og fjármálastjórn núv. ríkisstj., enda þótt full ástæða væri til þess, þar sem lántaka þessi vottar það áþreifanlega, að fjármálunum hjá okkur hefir ekki verið stjórnað eins og vera ber á undanförnum árum. Að taka t. d. allt af lán á lán ofan til þess að greiða með lausaskuldir, sem safnast fyrir, er ekki nein sérstök fjármálaspeki.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að það væri ekkert við það að athuga, þó að tekin væru lán til þess að greiða með afborganir af föstum lánum, skuldirnar ykjust ekkert við það. Þessi fullyrðing hæstv. ráðh. er ekki rétt, því að svo framarlega sem gera má ráð fyrir, að bak við lántökur ríkissjóðs standi verðmæti, þá ber þess að gæta, að í mörgum, ef ekki flestum, tilfellum rýrnar verðmætið, verður minna virði. Minnki skuldirnar þannig ekki í hlutfalli við rýrnun þess verðmætis, sem bak við þær stendur, þá verður ei annað sagt en þær aukist í raun og veru. Hér gegnir alveg sama máli og ef maður tekur lán út á hús. Greiði hann aldrei raunverulega afborgun, jafnframt því sem húsið rýrnar sem veð,

er ekki annað hægt að segja en að skuldir hans aukist sem svarar fyrningu hússins eða minnkandi verðgildi þess.

Að endingu vil ég svo undirstrika það, sem hv. 9. landsk. sagði, að sú eina heilbrigða regla, sem á að gilda í ríkisbúskapnum, er vitanlega sú, að greiða hinar árlegu skuldaafborganir með tekjum hvers einstaks árs.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Hv. 9. landsk. spurði um ýms atriði viðvíkjandi þessari fyrirhuguðu lántöku. Hvort lánið væri hugsað til langs tíma, hverjir vextirnir myndu verða og ennfremur, hvort tryggt væri, að bréfin gengju út. Þessu er því til að svara, að ég hefi ekki ákveðið neitt um þetta. Lánstímann hefi ég aðeins hugsað mér 20 ár, eins og innlenda lánsins frá 1920. Um vextina get ég ekkert sagt að svo komnu, því að það getur verið töluvert vafamál, hverjir þeir ættu að vera. Hvað þetta atriði snertir, þá mun ég að sjálfsögðu ráðfæra mig við bankana um það, og einnig við fjhn. Alþingis, ef Alþingi skyldi eiga setu þegar endanlega verður frá þessu gengið. Sama er að segja um það, hvort bréfin verða boðin út með afföllum. Annars er það ekki venja að setja í slík lög sem þessi ákvæði um vexti og lánstíma.

Hitt tel ég aftur sjálfsagt, að tryggja nokkra sölu á bréfunum áður en þau verða boðin út, og það af þeirri ástæðu, sem hv. 9. landsk. kom inn á. Annars hefir það líka vakað fyrir mér að skipta útboði þessa láns niður á tvö ár, því að hér verður að fara að með fullkominni gætni.

Þá spurði hv. 9. landsk., hvort ég vildi vinna að því að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir 1938. Þessari fyrirspurn er ekki mikill vandi fyrir mig að svara, þar sem ég tók það skýrt fram, þegar ég lagði fjárl. fyrir þingið, að að því yrði að vinna, að fjárlögin yrðu greiðsluhallalaus, en slíkt næst að sjálfsögðu ekki, nema með því móti, að töluverður tekjuafgangur verði áætlaður til þess að mæta óvissum útgjöldum.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ekki mætti kenna mæðiveikinni um allt. Ráðstafanirnar hennar vegna ættu ekki alla sök á umframeyðslunni. Þetta má vel vera rétt, en annars var það svo, að umframgreiðslurnar 1936 hafa orðið minni en nokkurt annað ár s. l. 10 ár.

Þá sagði þessi hv. þm., að það væri aldrei hlægilegt að breyta á móti lögum, og sneri þar út úr því, sem ég sagði. Orð þau, sem ég lét falla og gáfu hv. þm. tilefni til þessara hugleiðinga, voru á þá leið, að það væri hlægilegt, ef Landsbankinn neitaði ríkissjóði um lán á sama tíma og hann lánaði öðrum stofnunum stórfé, eins og t. d. Reykjavíkurbæ. Ég lít svo á, að ákvæðin um lán til ríkissjóðs í Landsbankanum séu of einstrengingsleg, og þarf ekki langt að seilast eftir rökum fyrir því, því að þessi l. hafa í raun og veru verið sama sem brotin á undanförnum árum, þegar Búnaðarbankinn hefir verið að kaupa víxla af ríkissjóði og Landsbankinn síðan verið látinn kaupa þá af honum. Á þessu er enginn eðlismunur, þó að þetta form sé haft, til þess að ekki sé um beint lögbrot að ræða. En nauðsyn hefir verið á að framkvæma þetta svo, og allir hafa verið sammála um að framkvæma það á þennan hátt, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., sem á sæti í bankaráði Landsbankans. En ég er í miklum vafa um, að löggjafinn hafi ætlazt til, að ekki mætti lána úr Landsbankanum meira en þann ákveðna hluta af stofnfénu, og ég hefi mikla tilhneigingu til að álíta, að miðað hafi verið við seðlabankann, sem á að vera sérskilinn, en um það er ástæðulaust að ræða fram og aftur í sambandi við þetta mál. Það hafa komið fram greinilegar ástæður fyrir því, að ekki sé hægt að komast hjá að lána þessi lán, og það er hliðstætt því, sem gert hefir verið til úrlausnar á vandræðum annara fyrirtækja.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði sagt, að ekkert væri við það að athuga, þó að árlega væru tekin lán, ef markaðurinn þyldi það. Ég sagði, að ekkert væri við það að athuga, ef lánsmarkaðurinn þyldi það, að tekinn væri árlega með innlendu ríkisláni nokkur hluti af þeim föstu afborgunum, sem ríkissjóður ætti að inna af hendi, og ég álít, að ekkert sé voðalegt við það, þó að það sé gert. En það hefir ekki verið gert, og verður varla gert, vegna þess hvað lánsmarkaðirnir hafa verið ákaflega þröngir. Annarsstaðar í öðrum löndum er það ekki neitt slæm fjármálastjórn, þó að þurfi að bjóða út lán til þess að greiða afborganir af ríkisskuldum. Fyrir nokkrum dögum las ég umsögn um fjármálastjórnina í Danmörku í dönsku blaði, sem skrifar mikið um fjármál, og þar var það tekið til dæmis um, hvað fjármálastjórnin væri heilbrigð, að á ákveðnu tímabili hefðu ríkissjóðsskuldirnar staðið í stað, og það hefði verið gert þannig, að boðið hefði verið út mörgum lánum á tímabilinu til þess að borga ríkisskuldirnar, sem hefðu hlaðizt upp, sem svaraði til afborgana af föstu lánunum. Ég segi ekki, að þetta sé fært hjá okkur, því að ég álít, að við eigum nú að keppa að því að afgr. greiðsluhallalaus fjárl., því að ég álít, að tímarnir séu þannig nú, að við getum ekki búizt við þeim betri næst. Og ef við getum ekki gert þetta nú, þá verður það verra, þegar versnar í ári og verðlag fer lækkandi. Þess vegna álít ég, að þótt það geti út af fyrir sig talizt sæmileg afkoma, að skuldir ríkissjóðs standi í stað og það þyki víða góð útkoma, þá verðum við að keppa að því að afgr. fjárl. fyrir árið 1938 án greiðsluhalla.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ekki mætti gleyma, að ríkisskuldirnar hvíldu á þeim verðmætum, sem ríkissjóður ætti, og þess vegna væri afkoman versnandi, ef skuldirnar stæðu í stað, vegna þess að eignirnar gengju úr sér. Þetta er að sumu leyti rétt. Eignir ríkisins standa að baki skuldunum, en þjóðin er þar líka á bak við með sínum greiðslumöguleikum. Þess vegna má ekki eingöngu miða við eignirnar, heldur líka möguleika þjóðarinnar til þess að standa undir skuldabyrðinni. Og þar sem þjóðarauðurinn fer vaxandi, en það hefir hann gert m. a. vegna þess, að svo mikið hefir verið sett upp af allsk. nýjum framleiðslutækjum, þá get ég ekki séð, að það sýni versnandi útkomu, þó að skuldir ríkissjóðs standi í stað. Það er öllum vitanlegt, að eignir ríkisins aukast ár frá ári, því að á hverjum fjárl. er alltaf veitt talsvert mikið fé til ýmissar nývirkjunar, sem eykur verðmæti eigna ríkissjóðs. Aðalatr. er þetta, að þjóðin stækkar og þjóðarauðurinn hefir

haldið áfram að vaxa, þó að erfitt hafi verið. Þetta er rétt til að svara því dæmi, sem hv. þm. tók, þar sem fasteign stæði á bak við skuld, að þar væri ekki nóg, að skuldin stæði í stað, því að fasteignin gengi úr sér, og því versnaði útkoman. Og ég tel mig nú hafa sýnt fram á, að hér er ekki sama máli að gegna, því að það er í raun og veru þjóðin og hennar geta, sem stendur á bak við skuldabyrðarnar.

Ég vil þó um leið taka fram, að menn mega ekki taka þessi orð mín sem röksemd fyrir því, að afgr. megi fjárl. með greiðsluhalla. Til þess liggja tvær ástæður. Annarsvegar sú, að við verðum að nota alla möguleika til að fá lán innanlands til að létta á lausaskuldum, og svo er líka það, að nú verður að teljast sæmilegt árferði, fyrir utan sérástæður í sambandi við saltfisksöluna, svo að við getum ekki búizt við því betra á næstu árum, og þess vegna verðum við nú að keppa að því, að afgr. verði greiðsluhallalaus fjárlög, því að annars verður það allt of erfitt, þegar verðlag fer lækkandi og verðmæti útflutnings minnkar.

***Magnús Guðmundsson:** Það eru fáein orð. Mér þótti leitt, að hæstv. ráðh. skyldi ekki vilja gefa ákveðnari svör um lánstímann eða þau kjör, sem hér er um að ræða. Ég skil ekki, að þetta geti verið neitt launungarmál, og ég tel nokkurnveginn gefið, að hann sé búinn að [Eyða í handr.] hæstv. ráðh. það, að ég er búinn að sjá reikninginn fyrir 1935 og er búinn að bera umframgreiðslurnar saman við fjáraukalög síðustu 10 ára þar á undan, og rak mig á, að þær eru hærri fyrir árið 1935 en nokkru sinni áður þessi 10 ár, að undanskildum 3 árum, 1930, 1931 og 1934. En um reikninginn 1936 dæmi ég ekki, því að hann hefi ég ekki séð.

Mér skildist, að hæstv. ráðh. hefði lesið einhversstaðar, að ekkert hefði verið borgað af skuldum Dana upp á síðkastið, en ég veit ekki, hvort ég hefi skilið hann rétt. Ég er nýbúinn að lesa dönsk blöð, sem segja, að undanfarin ár hafi farið fram stórmiklar afborganir af skuldum ríkissjóðs. Ég veit ekki hvar hann hefir séð þetta, því að ég skil ekki, að sé blandað svona málum, því að það er sagt, að afborganirnar séu um 20 millj. kr., og Danir hafa þann sið, að telja samningsbundnar afborganir með rekstrarútgjöldum ríkisins.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru aðeins örfá orð. Hv. 9. landsk. hlýtur að hafa misskilið oft og tíðum það, sem ég hefi sagt um greiðsluhalla, ef hann heldur, að ósamkomulag hafi verið um, hvað væru greiðsluhallalaus fjárlög. Ég veit ekki hvað ég hefi oft útskýrt þetta, og það getur hvert barn skilið, að greiðsluhallalaus fjárlög eru það, þegar rekstrarafgangur er svo mikill á rekstrarreikningi, að hann nægir til að greiða afborganir fastra lána og þær nýju framkvæmdir, sem ríkissjóður ætlar að ráðast í, en eru ekki taldar til fastra útgjalda. Þetta eru greiðsluhallalaus fjárlög, og hafa alltaf verið kölluð svo.

Að hv. 9. landsk. hafi viljað fá fastar afborganir teknar upp sem rekstrarútgjöld, kemur þessu máli ekki við, og skiptir engu máli um það, hvort menn vilja greiðsluhallalaus fjárlög eða ekki, því að ef þær eru taldar með á rekstrarreikningi, þá er rekstrarafgangurinn þeim mun minni, og þá einnig þeim mun minni rekstrarafgangur, sem þarf að færast yfir á sjóðreikning, en það er ekki rétt reikningsfærsla, og það gerir enginn að færa afborganir af lánum sínum með rekstrarútgjöldum.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði síðast, að Danir gerðu þetta, þá hefir það verið svo fram á síðustu tvö ár, að þeir hafa ekki gert það, því að það form, sem hér er haft, er alveg tekið eftir formi Dana. Mér er kunnugt um það, því að ég hafði það með höndum að samræma reikningana að þessu leyti við það, sem gerðist þar.

Ég sagði áðan, að ég hefði séð það tekið til marks um, hve heilbrigð væri fjármálastjórnin hjá Dönum, að á ákveðnu tímabili hefði skuldir þar ekki hækkað. Ég sá þetta í víðlesnu dönsku fjármálablaði, en ég man ekki, hvaða ár það voru, sem voru þar tekin til samanburðar. En menn mega ekki láta það villa sig, þegar sagt er frá, hvað mikill tekjuafgangur hafi verið t. d. á ríkisreikningum Dana eða á fjárlögum Dana, og ég hygg, að sama máli gegni með Noreg og Svíþjóð, því að þegar talað er um, hvað mikill tekjuafgangur hafi verið, þá er það ekki að frádregnum föstum afborgunum lána, heldur er lánareikningurinn út af fyrir sig hjá þessum þjóðum.

***Magnús Jónsson:** Það er aðeins örstutt. — Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um bæjarsjóð Reykjavíkur og um ríkissjóð, þá er það rétt, en þar er sá stóri munur, að lög bankans setja ekkert mark fyrir því, hvað bæjarsjóður Reykjavíkur geti fengið að láni. Getur vel verið, að það sé ekki sanngjarnt, sér í lagi fyrir ríkissjóð, en það bara er svona. En svo vil ég minna hæstv. ráðh. á, að þótt ríkissjóði sé mikil þörf á yfirdrætti á vissum tímum ársins, þá hefir bæjarsjóður ennþá meiri þörf fyrir það, því að ríkissjóður hefir þó ýmsar tekjur, og það miklar tekjur, sem koma inn jafnt allan ársins hring, en megintekjustofn bæjarins, sem sé útsvörin, kemur ekki fyrr en seinni part ársins. Það er því eðlilegt, að bæjarsjóður Reykjavíkur þurfi meiri yfirdráttarlán part af árinu. Annars hefi ég skýrslu um lausaskuldir hans, og það er satt, að þær eru á því tímabili hlutfallslega meiri en ríkisins, en það er af þessari ástæðu, hvað hann fær margfalt meiri part af tekjunum seinni part ársins.

Hæstv. ráðh. segir, að ekki megi segja, að eignir ríkisins standi á bak við skuldirnar, heldur sé það þjóðin sjálf. Ef maður tekur einstaklinginn, sem ég talaði um áðan, sem á hús í skuld, þá er það ekki aðeins húsið, sem stendur á bak við skuldina, heldur líka maðurinn sjálfur. En ef hann tekur lán, sem stendur í stað, þá er hann að verða fátækari en áður. (**Fjmrh.:** En ef hann eignast nú aðra eign?). Þá kemur það ekki þessu máli við, því að hann tapar á hinni eigninni fyrir því, — eða ætlar hæstv. ráðh. að bera á móti því, að sá maður, sem á fasteign í skuld, hann sé að tapa, eftir því sem eignin rýrnar, ef skuldin stendur í stað? Hann getur auðvitað

verið t. d. kaupmaður og grætt á sama tíma, en ef skuldin, sem fasteignin stendur á bak við, er jöfn, þá er hann að tapa þar, og það var þetta, sem ég átti við, þegar ég sagði, að ríkið væri að tapa, þegar það ætti fasteignir, sem stæðu á bak við skuldir, sem væru alltaf jafnháar, og alveg er eins með einstaklinginn í dæminu, sem ég tók.

Hæstv. ráðh. sagði, að þjóðarauðurinn færi vaxandi. Það er gleðilegt að heyra þetta. Við höfum þetta ekki gert upp, en því miður verð ég að draga þetta í efa. Þetta kann að vera, en það hefir þó virzt á þessum síðari árum, að t. d. skuldir við útlönd hafa farið stórkostlega vaxandi. Ákaflega margt af verðmætum þjóðarinnar, t. d. skipaflotinn, hefir gengið úr sér, vörubirgðir miklu minni en áður, og ég er alls ekki farinn að sjá, að bak við þetta séu svo mikil ný verðmæti, að þjóðarauðurinn hafi vaxið. Ég er hræddur um, að hann hafi ekki vaxið, heldur minnkað. A. m. k. hefir þetta ekki verið gert svo upp, að menn viti það með neinni vissu. Hæstv. ráðh. gat um, að verksmiðjur hefðu verið reistar, — en standa ekki útlend lán meira og minna þar á bak við? Og ekki er það auðsældarlegt frv., sem nú er fram komið á Alþingi um að menn séu ófrjálsir að því að fara úr landi nema eftir nákvæma skoðun. Annars er sannleikurinn sá um þjóðarauðinn, að hann hefir aldrei verið gerður upp með neinni vissu, og því síður að menn viti, hvort hann minnkar eða vex ár frá ári, og er því ekkert hægt að segja um, hvort hann fer vaxandi eða ekki.

Þetta er aðeins stutt aths., og ég verð því að fara að hætta. Ég er sammála hæstv. ráðh. og hv. 9. landsk., að fjárl. á að afgr. tekjuhallalaus. En ég vil bæta við, að það er bara ekki nóg, heldur verður að afgr. þau svo, að ríkisreikningarnir á sínum tíma sýni ekki tekjuhalla, og ég efast um, að eins og nú er komið verði fjárl. afgr. á forsvaranlegan hátt með því að auka skatta. Ég efast líka um, að hægt sé lengur að afgr. fjárl. þannig, að árið á eftir komi út tekjuhallalaust, nema með því að láta mætast frá báðum endum, lækka útgjöldin og bæta eitthvað upp með sköttum. Það er ákaflega stórt atriði, hvernig þessum jöfnuði er náð, og hvort honum er náð á þann hátt, að hægt sé að rísa undir.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 1. þm. Reykv. heldur fast við, að maður, sem borgar ekki af skuldinni af húsi sínu, hann hljóti að tapa. **(MJ:** Á því). Það er ekki heldur rétt, að það þurfi að vera. Í fyrsta lagi gefur það enga hugmynd um, hvernig maðurinn kemst af, því að hann getur lagt fé sitt í aðra eign, og svo er ekki heldur víst, að hann tapi, þó að hann greiði ekki niður veðskuldina, því að hann getur grætt meira á því að láta hana standa, en leggja fé sitt í annað, svo að dæmið er ónýtt. Ef maður ber þetta saman við ríkisskuldirnar, þá er þetta hlíðstætt, því að þótt þær standi í stað, þá þarf það ekki að bera vott um, að ríkið tapi, í fyrsta lagi vegna þess, að það gæti verið, að ríkið yki eignir sínar að sama skapi, og því síður að skuldirnar væru meiri baggi á þjóðinni í heild sinni, því að ef hún eykur eignir sínar, þá er það minni baggi en áður. Annars er þýðingarlaust að deila um þetta, en mér þótti rétt að leiðrétta þetta hjá hv. þm.

Það er alveg rétt, að engin skýrsla er komin fram um allar eignir þjóðarinnar. En ef maður athugar síðustu 3 ár, sem hafa verið afarerfið ár, athugar utanríkisviðskiptin, sem oft gefa góða hugmynd um þetta, skiptir í tvennt þeim vörum, sem fluttar eru til landsins — tökum annarsvegar þær, sem notaðar eru til atvinnurekstrar, og hinsvegar þær, sem notaðar eru til allrar mögulegrar nýsköpunar í atvinnulífinu, þá leynir sér ekki, að það skiptir mörgum milljónum, tugum milljóna, sem flutzt hefir inn til nýsköpunar í atvinnulífinu, ekki sízt síðustu 2—3 ár, og það er eðlilegt, þar sem á þessum árum hefir verið byggður upp með verulegum kostnaði atvinnuvegur, sem að vísu var rekinn áður, en þó í tiltölulega smáum stíl á móti því, sem nú er, sem sé síldariðnaðurinn og fleiri iðngreinar, sem hafa risið upp. Ég er því sannfærður um, að þótt nú sé erfitt gjaldeyrisástand, mjög erfitt, þá hafi í sjálfu sér eignir þjóðarinnar vaxið á þessum sama tíma. Og þessi gjaldeyrisvandræði, sem við eigum við að búa, stafa af tvennu, annarsvegar af því, að útflutningur á saltfiski hefir hrapað niður, og hinsvegar af því, að á sama tíma höfum við orðið að byggja upp nýjar atvinnugreinir í staðinn fyrir saltfisksútgerðina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ., að viðhöfðu nafnakalli með 12 shlj. atkv., og sögðu
já: PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSt, BSn, HermJ, IngP, JJós, JBald, JJ, MJ, EÁrna.
GL, MG greiddu ekki atkv.
Tveir þm. BrB, PZ fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. þetta er komið frá hv. Ed., og þar sem hv. þm. er kunnugt um ástæðurnar fyrir því, ætla ég ekki að hafa um það langa framsögu, en vísa til grg. Frv. fer fram á heimild til handa ríkisstj. til að taka innanlandslán, að upphæð 3 millj. kr., til greiðslu á ósamningsbundnum skuldum ríkissjóðs, sem myndazt hafa undanfarin 3 ár.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 144).

Skúli Guðmundsson: Af því að hv. frsm. (SvbH) er ekki við, vil ég gera grein fyrir því nál., sem hér er á þskj. 144 frá fjhn. um þetta mál.

N. leggur til, að frv. verði samþ. Tveir nm., hv. þm. G.-K. og hv. 4. landsk., skrifuðu undir nál. með fyrirvara og kváðust mundu gera grein fyrir honum í umr.

***Ólafur Thors:** Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, eins og getið hefir verið um. Ástæðan til þess er sú, að við sjálfstæðismenn höfum verið því andvígir, að ríkissjóður sé að bæta við sig nýjum og nýjum lánum. Að ég samt sem áður hefi gengið inn á að samþ. þetta frv., stafar af því, að við viðurkennum, að eins og komið er með þetta, þá getum við ekki bent á aðra leið heldur en lántöku, sem við viljum fremur að farin sé. Ríkissjóður hefir nú á seinustu árum hvað eftir annað stofnað til allstórra skulda, upp á síðkastið hjá Landsbankanum. Og það hefir komið fram undir umr. um þetta mál, að þessar lántökur eru í ósamræmi við gildandi ákvæði laga um lánveitingar af hálfu Landsbankans. Það getur ekki gengið til lengdar, að bein fyrirmæli l. séu brotin. Ég ætla ekki að fara út í að ræða það nú, hvort nauðsyn hafi borið til, að fjáreyðsla ríkisins var svo mikil, að til þessara lána þurfti að stofna. Til þess munu gefast tækifæri síðar, enda hefir oft áður verið minnzt á það. En það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að l. samkv. er ekki heimilt, að þær standi áfram hjá Landsbankanum í því formi, sem þær nú eru. Fyrir okkur liggur annaðhvort að benda á aðrar leiðir til að afla fjár til að borga þessar skuldir eða skera niður útgjöld ríkisins sem þessu nemur. Nú getum við, eins og ég tók fram, ekki bent á aðrar færari leiðir, og við sjáum okkur ekki fært að mæla með því að lækka útgjöldin. Þessvegna tökum við þessa afstöðu til málsins, þó að við séum hinsvegar mótfallnir því, að búið sé þannig fyrir ríkissjóðinn. Þetta er sá fyrirvari, sem ég vildi gera.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég þarf nú að fara upp í Ed. að taka þar þátt í umr. En ég vildi aðeins taka það fram, að þó að þetta frv. verði samþ., þá hefir það ekki neina hækkun í för með sér á skuldum ríkisins. Ég tel ástæðulaust að fara nánar út í þetta mál, en vildi aðeins undirstrika þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 23 nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 177).

---

13. Löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.

Á 26. fundi í Nd., 13. nóv. var útbýtt.
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð (þmfrv., A. 129).

Á 28. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson) Ég vísa til grg. fyrir frv. og óska, að málinu verði að lokinni umr. vísað til þeirrar nefndar, sem slíkum málum er venja að vísa til, en það mun vera allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 143).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 187).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. er komið frá Nd. N. hefir athugað frv., og með því að lesa grg. fyrir því, er undir eins hægt að sjá, hvað í frv. felst. N. hefir fallizt á, að rétt sé, að þessi höfn verði löggilt, og leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 236).

14. Fasteignamat.

Á 3. fundi í Ed., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um fasteignamat (þmfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru dregin saman þau lagaákvæði, sem nú gilda um fasteignamat, — þ. e. a. s., sumu er breytt og nokkrum nýjum atriðum er bætt inn í. Fyrst og fremst er breyt. á því, hvernig fasteignamatsnefndir í sveitum skuli skipaðar. Þeim er ætlað, eins og áður, að hafa með höndum mat fasteigna heima í héruðum, en í stað þess, að formaður var skipaður æfilangt, þá er hér gert ráð fyrir, að hann verði skipaður til 10 ára. Breyt. þessi er að sumu leyti fram komin vegna þess, að þegar valdir eru menn til slíks starfs, sýnir reynslan alltaf, að sumir eru miður hæfir til þess, aðrir geta ekki sinnt starfinu til dauðadags vegna elli, og því æskilegt, að skipta megi um.

Ég vil benda n. þeirri, sem fær frv. til meðferðar, á það, að ég hefi lagt svo til, að í hverju umdæmi séu tveir menn skipaðir í undirfasteignamatsnefnd eftir tillögum sýslunefndar, og æskilegt er, að matsmennirnir hafi sem mestan og beztan kunnugleika á þeim stað, sem meta á. Í stórum sýslum fást varla 2 menn með kunnugleika um alla sýsluna, og því hefir sumum dottið í hug, að annar af þeim tveim mönnum, sem sýslunefnd bendir á, væri ekki hinn sami um alla sýsluna, heldur kæmi inn sem þriðji maður úr þeim hreppi, sem þá væri metið í.

Annað atriði, sem gert er ráð fyrir, að breytist, er, að yfirfasteignamatsnefndirnar, sem áður voru í hverju umdæmi, séu lagðar niður. Þessar nefndir hafa kostað á milli 20—30 þús. kr. í hvert sinn, sem mat hefir farið fram. Þær hafa farið yfir matsgerðir undirfasteignamatsnefnda og samræmt þær eftir sýslum, tekið á móti kvörtunum og kærum, sem fram hafa komið, og leitt þær til lykta. Eftir þeim kynnum, sem ég hefi haft af fasteignamati, sem eru nokkuð mikil, get ég ekki séð, að þessar nefndir geri verulegt gagn, og legg því til, að þær verði felldar niður, svo að sá kostnaður sparist. En þar sem einhver þarf að vera, sem skorið getur úr deilum og kærum, sem kunna að koma fram vegna fasteignamatsins, þá er ætlazt til, að sameiginleg yfirfasteignamatsnefnd sé fyrir allt landið. Hún á einnig að samræma mat undirfasteignamatsnefnda. Hve nauðsynlegt er, að slíkt sé gert, má sjá af því, að við síðasta mat vissi ég t. d. til, að í einni sýslu varð að lækka matið um 35% til að fá samræmi í fasteignamat á öllu landinu, og þó álítur almenningur, að matið sé þar hæst, sem mest var lækkað. Ég geri ráð fyrir, að með þeim samgöngum, sem nú eru, komi það ekki að sök, þótt dómstóll sé ekki í héruðum til að skera úr kærum, heldur fari þær til landsyfirfasteignamatsnefndar. Nefnd, sem hefir starfað að þessu undanfarið, hefir aðeins starfað þau árin, sem matið fór fram, annars ekki. Nú er svo komið, að öll árin milli þess, sem aðalmat fer fram, þarf að meta margar fasteignir, og það eykst með ári hverju, bæði vegna þess, að jörðum er skipt og byggingum fjölgar. Þessi möt hafa verið framkvæmd af úttektarmönnum hreppanna eða sérstökum matsmönnum, svo að ósamræmi aðalmatanna er hverfandi samanborið við ósamræmið í millimótunum. Dæmi eru til þess, að á tveim húsum, sem byggð voru eftir sömu teikningu frá byggingar- og landnámssjóði og voru álíka dýr samkv. reikningum þeim, sem sjóðnum bárust, munaði um helmingi á matinu. Það er gert ráð fyrir, að yfirfasteignamatsnefnd verði föst nefnd og starfi árlega að því að samræma millimótin. Hún kostar auðvitað eitthvað, en til þess að hafa nokkuð upp í þann kostnað, er gert ráð fyrir, að formaður hennar sé líka formaður fasteignamatsnefndar hér í Reykjavík, en hann hefir áður verið fastur maður, og með því, sem sparast við niðurfellingu yfirfasteignamatsnefndar í umdæmunum, verður kostnaðaraukinn enginn.

Önnur nýmæli frá núgildandi lögum eru lítil. Það er nánar tekið til, hvernig skipta skal mati á fasteign, og er það eðlileg afleiðing af lögum, sem hafa komið fram í millitíðinni. Ég vil benda á, að í núgildandi lögum eru engin ákvæði um, hvernig eigi að samræma millimöt. Þá er líka misbrestur á að tilkynna þau skattayfirvöldum, og full ástæða að reyna að skapa tengilið þarna á milli, svo að þetta verði áhrifaríkara í verki og skattanefndarstörf nákvæmari. Hér í Reykjavík eru ekki til ákvæði um millimöt, önnur en þau, sem venja hefir skapað. Öllum mun koma saman um, að það þurfi að hefja sem fyrst undirbúning undir nýtt fasteignamat, svo að honum verði lokið þegar lög gera ráð fyrir, að næsta aðalmat fari fram, eða um 1940, og er því nauðsynlegt, að lög þessi komist í gegnum þingið nú, svo að hægt verði að hefja starf á þessum grundvelli. Ég skal benda á, að í þessum lögum er það nýmæli, að yfirfasteignamatsnefnd er heimilt að meta nokkrar fasteignir í hverri sýslu, sem undirfasteignamatsnefnd geti lagt til grundvallar, svo að mötin í hverri sýslu samræmist, og er þetta orðin venja víða um heim, þar sem fasteignamat er notað.

Nokkur ágreiningur varð um það í hv. Nd. í fyrra, til hvaða nefndar þetta mál ætti að fara. Ég geri ráð fyrir, að það, sem þar varð ofan á, að vísa því til fjhn., hafi verið rétt, og vil því leggja til, að því verði vísað til hv. fjhn. að þessari umr. lokinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum um þetta frv. nú að þessu sinni, þar sem það fer til nefndar, en vil aðeins minnast á nokkur atriði, sem mér finnst vafasamt, að

ættu að fara ólagfærð í gegnum þessa umr. Á ég þar við atriði í 11. gr. Þar er sagt skilyrðislaust, að milli aðalmata skuli fara fram möt á öllum nýbyggingum. Það getur farið svo, að næsta ár á undan reglulegu mati verði að meta byggingar, sem gefa örlitinn skatt en kostar mikið að meta, og verða þannig slík gjöld ríkissjóði miklu hærri en þær tekjur, sem ríkissjóði ber í skatta af þeim. Ég veit til þess, að skattur ríkissjóðs hefir hækkað um 2 kr. við slíkt mat, en matsgerðin hefir kostað 30—40 kr. Virðist því auðsætt, að ekki borgar sig fyrir ríkissjóð að ganga mjög hart eftir slíku. Ég vil vekja athygli á þessu atriði, svo að nefndin geti haft það til athugunar.

Svo er annað, sem ég get ekki fallizt á í þessu frv. Ég tel mjög varhugavert, að leggja alveg niður yfirfasteignamatsnefndir í héruðum. Ég held því ekki fram, að þær geri alstaðar afarmikið gagn, en sumstaðar gera þær það áreiðanlega. Í þessu frv. sem fleirum virðist stefnt að því að draga áhrif frá sveitunum til Reykjavíkur. Ég vil ekki lengja umr. að þessu sinni meira, en fleira er það í frv. þessu, sem mér finnst að gæti breytzt til bóta, og vona ég, að nefndin, sem fer með þetta mál, líti öðrum augum á það en flm. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 97).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og sjá má á nefndaráliti fjárhagsnefndar á þskj. 97, þá ber n. fram allmargar brtt. við þetta frv. En þó að brtt. séu nokkuð margar, þá gera þær ekki verulega efnisbreyt. á frv. En orðalag frv. var að ýmsu leyti þannig, að n. taldi nauðsynlegt að orða allflestar gr. upp. Það hefir ekki verið venja hér á Alþ. að gera sérstaklega grein fyrir orðabreyt. á frv., og ætla ég því ekki að fara nánar út í að ræða þessar till, eða gera samanburð á þeim og frv. Sumt kann vitanlega að orka tvímælis, og ræður smekkur manna þar nokkru um. D. verður að gera það upp við sig, hvort hún vill frekar aðhyllast brtt. eða frv. Það er aðeins ein brtt. n., sem felur í sér nokkra efnisbreyt. Það er 19. brtt. Í frv. var svo ákveðið, að þegar endurmat fer fram samkv. kröfu, þá skuli kostnaður við það greiðast úr ríkissjóði, nema ef aðili óskaði matsins og endurmatið leiddi til þess, að mat fasteignarinnar lækki, þá á aðili að greiða kostnaðinn sjálfur. Nú mun það vera undantekningarlítið, að endurmats er krafizt af því að aðilja þykir matið of hátt, en ekki of lágt. Það er því ekki hægt að skilja frv. öðruvísi en að það sé ætlazt til, að aðili greiði kostnaðinn sjálfur, ef krafa hans er tekin til greina. En það mun koma í bága við allar venjur, að sá, sem vinnur mál, sé látinn greiða málskostnað. N. hefir því lagt til, að um þetta yrðu höfð óbreytt ákvæði gildandi l.

Fjhn. leggur til, að frv. gangi til 3. umr. með þessum breyt., sem liggja fyrir á þskj. 97. En með því er ekki sagt, að n. mæli með því, að frv. gangi út úr d. þannig breytt, heldur hefir n. og einstakir nm. áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. við 3. umr., eða að vera með þeim brtt., sem fram kunna að koma. Ég skal þegar geta þess, að um einstök atriði þessa frv. varð nokkur ágreiningur innan n., þó það komi ekki fram í nál., en ég geri ráð fyrir, að það komi allt fram við 3. umr.

Páll Zóphóníasson: Það eru 2 af brtt. n., sem ég álít svo athugaverðar, að ég tel ekki rétt að samþ. þær. Fyrst er það 5. brtt., við 5. gr. Í frv. stendur: „mat fasteigna sé“ o. s. frv. Brtt. gerir ráð fyrir, að hér sé aðeins um jarðeignir að ræða. En nú er það, sem um er að ræða, sumpart jarðeignir og sumpart húseignir. Það kann að vera, að það sé hægt að teygja orðið jarðeign yfir hús, sem standa á jörð, en venjulega er þar sameiginlega nafnið fasteign. Þess vegna held ég, að það sé betra að hafa þetta eins og það var í frv. Hin brtt. er við 8. gr. Í frv. stendur, að tjáð skuli, hvort landamerkin séu ágreiningslaus. Eins og það var í frv., var ætlazt til, að það snerti bæði jarðir í sveitum og lóðir í kaupstöðum, en brtt. gerir aðeins ráð fyrir jörðum í þessu sambandi. Nú vita það allir, að t. d. hér í Reykjavík liggja stór lönd, sem mikill ágreiningur er um landamerki. Ég álít sem sagt, að þessar 2 brtt. séu til hins verra og eigi því ekki að samþ. þær.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég tel, að það sé alveg óhætt að samþ. 5. brtt. n., því að þó að orðið jarðeign komi í staðinn fyrir fasteign, þá mun það taka yfir alla þá liði, sem ræðir um í 5. gr. En hvað snertir 8. brtt. kann að vera nokkuð til í því hjá hv. flm., að það sé ekki nógu skýrt tekið fram, að þetta nái einnig til lóða í kaupstöðum. En ég held samt, þegar þess er gætt, hvernig 8. gr. er orðuð, að það sé réttara að samþ. þessa brtt. við þessa umr., og mun n. þá taka til athugunar við 3. umr., hvort ekki væri rétt að skjóta þarna inn í ákvæði um lóðir.

ATKVGR.

Brtt. 97,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 97, 2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 97,3 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 97, 4 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 97,5 samþ. með 10:2 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 97,6 (ný 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 97,7 (ný 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 97,8 (ný 8. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
— 97,9 (ný 9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 97,10 (ný 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 97,11 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 97, 12 (ný 11. gr., verður 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 97,13 (ný 12. gr., verður 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 97,14 samþ. með 12 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 97,15 (ný 14. gr., verður 15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 97,16 (ný 15. gr., verður 16. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 97,17 (ný 16. gr., verður 17. gr.) samþ. með 14. shlj. atkv.
— 97,18 (ný 17. gr., verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 97,19 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 97,20 samþ. án atkvgr.

18. og 19. gr. (verða 20.—21. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 113, 121, 122).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. flytur tvær brtt. við frv. á þskj. 122, og má segja, að þessar brtt. séu aðeins leiðréttingar. Í 5. gr. frv. 2. tölul. er ekki vísað til l. um framlag ríkisins til nýbygginga á sveitabýlum, eins og þó þyrfti að gera þar, og fer brtt. n. fram á, að þetta verði tekið upp. Síðari till. er aðeins orðalagsbreyt., um að orða skýrar niðurlag 8. gr., og skýrir það sig sjálft.

Um þær brtt., sem fyrir liggja á þskj. 121, frá hv. 1. þm. Reykv., hefir n. ekki borið sig saman síðan brtt. komu fram, en þau atriði, sem í þessum till. eru, komu til umr. í n., og tók hún sem slík ekki afstöðu til þeirra þá, og þess vegna er það aðeins einn nm., sem flytur þessar till. Út af 2. brtt. á þessu þskj. vil ég nú þegar taka fram, þótt flm. till. sé ekki búinn að gera grein fyrir þeim, að mér sýnist, að það muni auðvelt að ná því sama, sem flm. mun ætla sér að ná, sem sé því, að það sé ekki sami maðurinn, sem framkvæmir matið og síðan leggur dóm á það, ef matinu er áfrýjað. Ég álít, að þessu megi ná, þótt frv. sé ekki breytt, þannig, að það yrði varaformaður yfirmatsnefndar, sem tæki sæti í henni, ef það kæmi fyrir, að mati í Reykjavík væri áfrýjað til yfirmatsnefndar milli aðalmata.

***Magnús Jónsson:** Eins og hv. frsm. n. hefir tekið fram, þá var í n. talað um þau tvö atriði, sem ég hefi borið fram brtt. um, nefnil. í fyrsta lagi ákvæði 2. gr. um það, að yfirmatsnefnd geti látið meta 1—3 fasteignir í hverju matshéraði til leiðbeiningar og samræmingar, og í öðru lagi ákvæði 12. gr. um, að skipun matsnefndar í Reykjavík skuli framkvæmd öðruvísi en annarsstaðar. Var rætt um þetta atriði, þótt n. bæri ekki fram neinar till. sem slík. Um fyrra atriðið er það að segja, að nokkur rök má færa fyrir því, að þar sem landsyfirmatsnefnd á að samræma mat um land allt, þá sé ekki óeðlilegt, þó hún byrji þegar í stað með því að athuga fyrra mat fasteigna víðsvegar um land, því það er vissulega grundvöllur, sem byggja má á í hverju héraði, þótt ekki væri metið á ný, en ýmsir hafa hreyft því við mig, að með því að gefa yfirmatsnefnd vald til þess, væri henni ekki aðeins gefið vald til að samræma mötin, heldur líka til þess að ráða mötum á öllu landinu, og það er alveg rétt. Ef búið er að meta 1—3 fasteignir í hverju héraði og mat annara fasteigna á síðan að miðast við það, þá ræður yfirmatsnefnd mati um land allt, en það var ekki meiningin með frumv., eftir því, sem hv. flm. þess hefir sagt mér, heldur aðeins hitt, að samræma matið. Auk þess vil ég segja, að ég dreg mjög í efa, að aukið samræmi fengist við samþykkt þessarar till., því vafasamt er, að menn, sem ferðast um landið, hafi skilyrði til að dæma um verðmæti jarða á Austurlandi samanborið við verðmæti jarða á Vesturlandi o. s. frv., og þar að auki horfir málið öðruvísi við, þar sem nú er til fasteignamat, sem mikil vinna hefir verið lögð í að samræma. Það er mikill grundvöllur að byggja á. Að vísu geta menn, sem aðeins ferðast um landshlutana, borið saman gögn og gæði jarðanna, en það er margt fleira, sem kemur til greina, þegar finna á raunverulegt verðmæti þeirra, svo sem afstaða til markaða o. fl. Þess vegna leyfi ég mér að leggja til, að þetta ákvæði verði fellt niður, enda er það engin nýjung; núgildandi lög eru þannig.

Hitt ákvæðið er í sjálfu sér ekki merkilegt og engin önnur ástæða færð fyrir því en lítilsháttar sparnaður, sem eigi að felast í því, að formaður yfirmatsnefndar verði líka matsmaður í Reykjavík, sem er aðeins fyrirkomulagsatriði. N. leit svo á, að vitanlega yrði að borga matsmanni sérstaklega fyrir starf í yfirmatsn., og sé ég ekki, hvaða sparnaður það getur kallazt, þótt þessum manni séu borgaðar 12—14 hundr. kr. meira eða minna. Ég verð líka að segja, að ég álít það óhugsandi að láta sama mann starfa hér í undirmatsnefnd og yfirmatsnefnd, eða ef svo mætti segja, bæði í undir- og yfirrétti, eins og stendur í 15. gr. Ef menn eiga að hafa leyfi til að áfrýja mati undirmatsnefndar til yfirmatsnefndar, kemur það ekki til mála, að sami maður, sem hefir fellt dóm undirmatsnefndar, felli líka dóm yfirmatsnefndar. Ef kalla á varamann til í hvert sinn, sem mati er áfrýjað, mun sparnaðurinn verða lítill við það, að láta sama manninn vinna þessi tvö verk. Svo er það, að ef taka á varamann til þessa starfs, skortir hann það yfirlit, sem aðalmaðurinn hefir. Álít ég og heppilegra, að sama nefndin úrskurði allar kærur, hvaðan sem þær koma af landinu. Ég álít, að fyrri brtt. sé sú, sem nokkru máli skiptir; hið síðara er í rauninni aðeins um lítilfjörlegan sparnað. Fjölyrði ég svo ekki frekar um þetta, en læt atkvgr. skera úr um, hvort menn vilja heldur brtt. mína eða frv. óbreytt.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég sé, að hv. flm. þessa frv. er ekki viðstaddur og hefi fengið upplýsingar um, að hann hafi boðað forföll frá þessum fundi. Þykir mér viðkunnanlegra, þar sem þetta er síðasta umr. í þessari d., að honum verði gefinn kostur á að taka afstöðu til þeirra till., sem liggja fyrir, og auk þess gæti þá n. athugað till., sem liggja fyrir á þskj. 121, ef málinu er frestað nú. Af þessum tveimur ástæðum, þó einkum þeirri, að hv. flm. vantar, vil ég stinga upp á, að umr. verði frestað að þessu sinni.

Forseti (EÁrna): Samkvæmt framkominni ósk verður málið tekið út af dagskrá og umr. frestað.

Á 28. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 1. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Því miður var ég ekki við, þegar málið var til umr. um daginn, og heyrði því ekki framsöguræður hjá tveim hv. þm., sem mæltu fyrir brtt. Sumar brtt. voru frá n., en aðrar frá hv. 1. þm. Reykv. Ég vil segja nokkur orð um þessar till. áður en þær koma til atkv. Viðvíkjandi till. frá n., en þær eru á þskj. 122, vil ég segja, að mér líka þær vel og er ég þeim yfirleitt samþykkur. Ég mun því ekki fara frekar út í þær.

Viðvíkjandi till. á þskj. 121, þá er öðru máli að gegna. 1. brtt. fer fram á það, að felld sé niður úr 2. gr. heimild, sem þar er sett inn, en hún er ný í l. og var ekki í eldri l., sem eftir hefir verið farið. Það er orðið svo í öðrum löndum, að til þess að reyna að gefa undirmatsmönnunum sem gleggstan mælikvarða fyrir sínu starfi, og til þess að reyna að tryggja það fyrirfram, að sem mest samræmi sé í því, þá eru þeir, sem fyrir þessu standa, látnir meta nokkur sýnishorn í hverju umdæmi, til þess að undirnefndirnar hafi það sem leiðarvísi í sínu starfi. Þegar ég samdi uppkastið ásamt öðrum, þá þorði ég ekki að fara lengra í þessa átt, þar sem þetta er nýtt og hefir ekki verið framkvæmt áður, en að veita fjmrh. heimild til þess að láta gera þetta, ef búið væri að gera þann undirbúning áður, sem þyrfti til þess að þetta yrði að gagni. Þessa heimild vill hv. 1. þm. Reykv. leggja niður, og mér hefir skilizt á viðtali við hann, og ég býst við, að það hafi komið fram í umr., þegar hann hafði framsögu, að hann álítur, að ef tekin sé upp sama reglan og annarsstaðar, þá fengi yfirmatsnefndin, sem við ætlumst til, að samræmi matið, of mikið vald til þess að hafa áhrif á það, hve hátt matið yrði, þegar endanlega er frá því gengið. Hann álítur það hættulegt að leggja þetta vald í hendur n. á þessu stigi, þó hann sé ekki hræddur við að leggja það í hendur hennar, þegar allt er búið. En við verðum að gera okkur það alveg ljóst, að þegar búið er að meta, og undirmötin eru komin í hendur landsmatsnefndarinnar, þá er það hún, sem á að finna það, hvort hún hækkar eða lækkar allt matið. Það er alltaf hún, sem leggur endanlega hönd á það, hvað hátt matið verður. Það er því ekki um annað að ræða en hvenær það er ákveðið. Það er um það að ræða, hvort ákveða á það strax í byrjun matsins, svo að með því fáist meira samræmi í heildina, eða hvort á að meta það, þegar allt er búið. Ég fyrir mitt leyti legg mikið upp úr þessu, því það verður bæði til þess, að meira samræmi verður í matinu, og líka til þess, að matið verður í heild betur af hendi leyst. Það er alveg víst, að ef hver nefnd hefir fyrir sér mat á nokkrum fasteignum í umdæminu, þá er hún búin að fá öðruvísi mælikvarða og öðruvísi aðstöðu til þess að framkvæma matið eftir þeim reglum, sem yfirmatsnefndin óskar og beztar finnast. Þess vegna vil ég mælast til, að þessi brtt. hv. 1. þm. Reykv. verði felld og það verði leyft að reyna það, hvort hægt er að fara inn á svipaða leið hér og aðrar þjóðir hafa farið.

Hin brtt. er við 12. gr. Það er ætlazt til, að í Rvík, þar sem búast má við, að árlega sé um tiltölulega mest mat að ræða í einu umdæmi á landinu, séu matsmennirnir 3 og einn sé oddamaður. Til þess að spara, þá hugsuðum við okkur, að sá maður, sem alltaf er að samræma matið, verði formaður í þessu millimati í Reykjavík. Okkur var ljóst, að það gæti komið fyrir, að einhverjir kærðu millimatið, til þess að fá það annaðhvort lækkað eða hækkað. Þegar aðalmat er, þá eru þetta 10—12 kærur úr Reykjavík. Okkur var því ljóst, að þetta gæti komið fyrir, en þá bjuggumst við við því, að varamaður mundi koma inn. Með tilliti til þess, að varamaður komi inn, þótti okkur réttara að hafa þennan oddamann, svo að í nefndinni væru 3 menn, eins og undanfarið. Ég verð því líka að leggja á móti því, að þessi brtt. verði samþ., enda þótt ég telji hana frekar meinlausa hvað efni snertir heldur en hina, sem ég tel mjög til skemmda, ef samþ. verður. Ég vil því mælast til, að báðar þessar brtt. verði felldar og frv. leyft að vera eins og það er hvað þetta snertir. Það getur verið, að það vanti í frv. ákvæði um, að varamaður formanns í yfirfasteignamatsnefnd komi inn í svona tilfellum, en mér virtist það svo sjálfsagður hlutur, að það þyrfti ekki að taka það fram. En ef ástæða þykir til þess, þá er hægt að leiðrétta þetta í Nd., svo þess vegna er óhætt að fella brtt. hér. En ég held, að það þurfi ekki að taka þetta fram. Ég vil því leggja móti báðum þessum brtt. og tel réttara að fella þær en samþ.

***Magnús Jónsson:** Hv. 1. þm. N.M. var ekki við, þegar ég mælti fyrir brtt. mínum á þskj. 121, en ég var búinn að hafa orð á því við hann, að ég mundi flytja þær. Fyrir fyrri brtt. færi ég sérstaklega þá ástæðu, að ég sé ekki neina tryggingu fyrir samræmi í mati hinna ýmsu héraða, þó að sömu menn yrðu látnir fara um landið allt til að taka þátt í matinu. Eftir hverju eiga þeir að meta? Ég veit, að það er alltaf hægt að meta eftir heyfeng, veiðiskap og þess háttar tölum, sem upp eru gefnar. En þetta hefir mismunandi verðmæti eftir því, hvar er á landinu. Hvernig fæst trygging fyrir því, að þessir menn geti, betur en innanhéraðsmenn, fundið rétta verðhlutfallið milli eins héraðs og þess næsta — hlutfallið milli eðlilegs jarðaverðs t. d. í Borgarfirði, Suður-Múlasýslu eða á Vestfjörðum? — Ég er alveg óviss um, að það verði sérlega gott samræmi, sem fengist með þessu ákvæði frv., ef brtt. mín nær ekki samþykki. En ég hygg, að kringum allt land séu menn farnir að fá þá æfing í að framkvæma fasteignamat, eftir þær tvær aðalmatsgerðir, sem fram hafa farið, að nú sé nokkurn veginn skapaður grundvöllur undir vel samræmt mat.

Hv. flm. taldi þetta vera deilu um keisarans skegg, því að landsnefndin hefði, hvort sem væri, valdið í þessum sökum, eftir því, sem hún teldi þurfa. Ég held, að hún hafi það ekki nema innan þess ramma, sem undirnefndirnar skapa henni. Ef hún á að byrja á matinu, eins og frv. gerir

ráð fyrir, getur hún alveg ráðið hæð þess; hún getur látið allar jarðeignir í landinu hækka eða lækka eins og henni þóknast. En ef hún kemur fyrst til sögunnar eftir að undirnefndirnar eru búnar að meta, hefir hún ekki vald til annars né meira en að samræma gerðir þeirra. Og hennar hlutverk er að samræma. — Ég vil benda hv. þm. á, hvaða braut hér er farið inn á. Næsta skrefið yrði, að ein nefnd yrði látin meta allar jarðeignir á landinu. Og ég veit ekki, hvort menn eru undir það búnir að fylgja þeirri landsmálastefnu í þessu efni og öðrum eða langar til, að hún sigri.

Auk þess skilst mér ekki betur en að hér sé um verulegan kostnaðarauka að ræða. Það yrði ekki lítill ferðakostnaður og dagpeningar, sem yfirfasteignamatsnefndin þyrfti til að fara slíkar langferðir og dvelja svo lengi, sem þyrfti til þess að meta fasteignir í hverju matsumdæmi og sjá til þess, að það leiðbeiningarmat kæmi undirnefndunum að tilætluðum notum. — En fyrir utan kostnaðinn af þessu ákvæði í frv. getur það gert mikið ógagn með því, að valdið er tekið af undirmatsnefndunum og fengið í hendur landsnefndinni.

Þá er síðari brtt. mín. Það er fyrirkomulagsatriði og að nokkru leyti sparnaðaratriði. Formanni yfirfasteignamatsnefndar er ætlað að hafa fast árskaup, sem ekki er ákveðið nánar í frv. En ef það á að hlaða á hann öllu því gífurlega starfi, sem fylgir matinu í Reykjavík, verður að ætla honum annað og hærra árskaup en ef hann starfaði aðeins í yfirnefndinni. Og svo þegar þarf að úrskurða kærur úr Reykjavík, verður nauðsyn að fá til þess varamann í yfirnefndina og borga honum. Ætli þá fari ekki að saxast á það, sem sparast með fyrirkomulagi hv. flm? Ætli það verði ekki lítið eftir? Og allur sá sparnaður hans yrði ekki nema lítið brot af því, sem fer í kostnað, ef brtt. mín við 2. gr. verður ekki samþ. — Ég held, að það sé að öllu leyti bezt að láta yfirfasteignamatsnefnd vera alveg utan við undirmatið hér í Reyjavík, eins og annarsstaðar, láta hana aðeins vera yfir-„instans“ í þessum efnum.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það hefir ekki unnizt tími til þess fyrir fjhn. að athuga brtt. hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 121, og einstakir nm. hafa þar að sjálfsögðu óbundnar hendur. Frá mínu sjónarmiði get ég tekið fram, að ég álít þær a. m. k. óþarfar og að frv. hatnaði ekki við það, ef þær yrðu samþ. Þó að yfirfasteignamatsnefnd leggi grundvöllinn að matinu með því að meta nokkrar fasteignir fyrst, sé ég alls enga hættu í því, og varla hægt að neita hinu, að með því fáist aukið öryggi fyrir því, að samræmi náist um allt land. Hv. 1. þm. Reykv. taldi nú þegar fenginn góðan grundvöll undir vel samræmt mat, en það er því miður ekki rétt. Mér er kunnugt um það, að enn er mesta misræmi milli fasteignamatsgerða, ekki aðeins milli héraða, heldur innbyrðis milli sveita og í sama héraði og einstakra jarða. — Um leið og ég mótmæli þeirri fjarstæðu, að ákvæðið verði til þess, að yfirmatsnefnd ráði matinu algerlega, verð ég að segja, að það er nauðsyn, að hún fái betri tök á því en nú að leiðbeina undirnefndunum um það, hvernig þær eiga að haga sínu starfi.

Síðari brtt. felur í sér rétta hugsun. En ég álít auðvelt að ná því, sem þar er aðalatriðið, án þess að breyta frv., — en það er að sami maður sitji ekki bæði í undirnefnd og yfirnefnd til að fjalla um sama matið. Mér finnst sjálfgefið, að þegar yfirmats er krafizt á fasteign í Reykjavík, sé varamaður til kallaður í stað formanns yfirfasteignamatsnefndar. Til þess þarf enga breyting á frv., og þá er langtum betra að komast hjá að gera hana vegna þeirra fáu tilfella, þegar starf formanns í yfirnefnd rekst á þátttöku hans í undirnefnd Reykjavíkur. Og það er nauðsynlegt, að 3 menn framkvæmi mat hér í Reykjavík, en ekki 2, eins og yrði samkv. síðari brtt. Ég legg ekki áherzlu á það, hvort þessi brtt. verður felld eða ekki, en ég mun greiða atkv. móti því að fella niður þennan greinarhluta úr frumv.

Þá vil ég leyfa mér f. h. n. að bera fram skrifl. brtt. um að lagfæra orðalag á 2. brtt. á þskj. 122, um það, að síðustu orðin „eða ekki“ falli burt. Þau virðast óþörf.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá A. þskj. 139) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil aðeins segja nokkur orð út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. Það verður hann að aðgæta, að það gagna engin svigurmæli um, að matið sé á góðum grundvelli, þó að fyrri brtt. hans gangi fram. Því að hann veit, að svo misjafnt varð matið síðast (1930), að í einni sýslu varð að lækka það um 35% til að fá samræmi í fasteignamat á öllu landinu, og þó mun sú lækkun hafa verið of lítil. Hvaða trygging hefir hv. flm. brtt. fyrir því, að þetta endurtakist ekki 1940, ef ekki er séð ráð við því? — Ég er ekki viss um, að tími vinnist til þessa undirbúningsmats, áður en aðalmat hefst, en ég vil láta það komast í lögin nú. Það má einu gilda, hvaða ráðh. það verður, sem fyrstur á að framkvæma þetta, ef lögin ákveða það.

Það er tilgangslaust fyrir hv. þm. (MJ) að tala um þá hættulegu braut, ef yfirfasteignamatsnefnd, skipuð af fjmrh., eigi að leggja grundvöllinn að matinu um allt land, því að niðurstaðan verður hin sama, þó að undirnefndum sé lofað að setja sér grundvöll 35% ofan eða neðan við önnur héruð og yfirnefndin samræmi svo á eftir. Yfirnefndin verður að ráða hæð matsins hvort sem er.

Hv. þm. var sannfærður um, að það þyrfti 3 menn til að framkvæma mat hér í Reykjavík, og þess vegna skildist mér hann leggja svo fast að hv. þdm. að samþ. sína síðari till., sem leiðir af sér, að 2 menn yrðu að framkvæma hér mat. Hvort vill hann þá í rauninni heldur, brtt. sína eða ákvæði frv. um 3 menn? — Eftir því sem ég hefi kynnt mér, þá eru málskot til yfirfasteignamatsnefndar sárfá hér í Reykjavík, ég held ein 12 eftir síðasta mat. Það yrði enginn óskaplegur kostnaður, þó að varamaður þurfi að koma í formanns stað í þeim tilfellum, þó að hann fengi kannske 10 kr. fyrir fundinn. — Þó að nægjast megi með 2 menn við millimöt úti um

landsbyggðina, þá er það ófært hér, þar sem svo mikið er um að vera — svo mikið byggt á ári hverju.

*Magnús Jónsson: Það er rétt hjá hv. frsm. og hv. flm., að 2 menn yrðu að meta hér í Reykjavík, ef brtt. mín nær samþykki. Þess vegna eru þeir á móti henni. Það sýnir betur en nokkuð annað, hvað hér er lítið um það að ræða að spara. (PZ: Það hafa alltaf verið 3 menn við Reykjavíkurmatið). Ég var bara að benda hv. þm. á, að það er mín brtt., sem horfir til sparnaðar. Og því er ósvarað, hvað það kostar að láta formann yfirfasteignamatsnefndar starfa í undirnefnd í Reykjavík. Það yrði meira og miklu stöðugra starf, sem hann yrði að inna af höndum þar, heldur en sem yfirfasteignamatsnefndarmaður.

Bæði hv. frsm. og hv. flm. tala um ósamræmið í síðasta mati og í væntanlegu mati. Það fáist aldrei fullt samræmi, ekki innan héraðs fremur en milli héraðanna. Hvernig á þá að fara að þessu? — Ég er ekki trúaður á, að þeir menn, sem fara um landið meira og minna ókunnugir, geti skapað nægilegt samræmi. En ég hefi heyrt, að formenn undirn. hafi reynt að talast við, áður en þeir byrjuðu á mati. Og ég held, að það gæti orðið töluvert meira virði nú, að þessir kunnugu menn leggi málið niður fyrir sér heima í sínu héraði. — Ég hefi átt kost á að bera saman matið í nokkrum kaupstöðum á Austurlandi og í Reykjavík. Ég hefði gaman af að sjá, hvenær fengist samræmi í því eða öruggur mælikvarði á það, hvers virði hús með tiltekinni stærð er á stöðum með svo ólíkum atvinnuskilyrðum, dýrleik á flestum hlutum og erfiðleikum, sem aðeins kunnugir geta metið.

Það hefir verið kölluð fjarstæða, að yfirfasteignamatsnefndin, sem samkv. frv. leggur grundvöllinn að matinu, ráði hæð þess meir en verið hefir. Kannske á að skilja þau ummæli svo, að undirnefndirnar séu ekkert bundnar af þessu undirbúningsmati. Þeir virðulegu yfirfasteignamatsnefndarmenn eiga að koma og meta, en segja svo við undirnefndirnar: Þið skuluð ekkert hirða um að fara eftir þessu mati okkar.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Bæði hv. frsm. og hv. flm. hafa látið í ljós, að þeir vildu ekkert breyta frv. í þessum atriðum. Ég verð þá að una við það, að atkvgr. skeri úr.

ATKVGR.
Brtt. 121,1 samþ. með 8:6 atkv.
— 122,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 139 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 122,2, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 121,2 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: ÞÞ,BSn, GL, JJós, JBald, MG, MJ.
nei: BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.
1 þm. (BrB) fjarstaddur.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd. 19. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 140).

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er komið frá Ed. Það gerir ráð fyrir nokkrum breyt. á fyrirkomulagi fasteignamats frá því, sem er í gildandi l. Og aðalbreyt., sem samþ. var í Ed., er í því fólgin, að yfirmatsn. í sýslunum eru afnumdar en sett ein yfirmatsn. fyrir landið allt, er starfi áframhaldandi frá því að mat hefst og þar til því er lokið. Þessi n. á einnig að hafa eftirlit með millimötum, sem hingað til hefir verið mjög lélegt.

Ég vil óska þess, að frv. verði vísað til fjhn. að aflokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 213).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 260).

---

15. Útflutningsgjald af síld o. fl.

Á 26. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 125 31. des. 1935 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (þmfrv., A. 123).

Á 28. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 151, 153).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): N. er sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ.
Í frv. er ekki um aðra breyt. að ræða frá núgildandi l. en að það megi endurgreiða innflutn-

ingstoll af sykri, sem notaður er til sykursöltunar á fiski. En ég hefi þar að auki leyft mér að bera fram brtt. um það, að öll þau efni, sem notuð eru til verkunar grásleppuhrogna, njóti sama réttar. Það er byrjað á útflutningi á þessari vöru, þó að í smáum stíl sé, og við verkunina hafa verið notuð ýms kemisk efni, sem menn vita næsta lítið deili á. En á þessum efnum er talsverður tollur. En innflutningur er svo lítill, að þetta getur ekki munað ríkissjóð neinu að ráði, en hinsvegar gæti þessi tollur orðið til þess að draga úr þessum tilraunum manna og orðið til tjóns fyrir framleiðslu þessarar vörutegundar.

ATKVGR.
Brtt. 153 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 172).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 36. fundi í Ed., 26, nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2 umr. (A. 172, n. 232).

*__Frsm. (Ingvar Pálmason)__: Þetta frv. fer fram á, að þeim, sem sykursalta hrogn og þorsk, verði veitt sömu fríðindi og þeim, sem sykursalta síld, þannig, að þeir fái endurgreiddan þann toll af sykrinum, sem þeir nota til þessarar sérverkunar. Sjútvn. hefir athugað frv. og lítur svo á, að þetta sé mjög sanngjarnt og sjálfsagt, af því að þetta stefnir í þá átt að létta heldur fyrir nýbreytni í verkun bæði á hrognum og þó sérstaklega á þorski. Það mun vera ný tilraun, sem gerð er til þess að linsalta og sykursalta þorsk; það hefir ekki þekkzt hér á landi áður, og þó að ekki hafi fengizt reynsla fyrir því, hvernig þetta muni gefast, þá álítur sjútvn. sjálfsagt að reyna heldur að greiða fyrir því heldur en að setja nokkurn stein í götu slíkrar tilraunar, og þess vegna leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 286).

---

16. Stimpilgjald.

Á 7. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald (þmfrv., A. 146).

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 146).
Á 36. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 146, n. 203).

__Frsm. (Jón Baldvinsson)__: Það voru ekki nema 2 nm. á fundi, þegar málið var afgr., en ef 3. nm., hv. 1. þm. Reykv., hefir eitthvað við það að athuga, þá segir hann til þess.
Við teljum það sjálfsagt, að þetta frv. verði samþ., en erum ennþá þeirrar skoðunar, sem við

vorum, þegar það var hér síðast á ferðinni, að tímatakmark beri að setja í l., svo að þetta gildi ekki um aldur og æfi, því að sjálfsagt ber að stefna að því, að skjöl, sem ganga manna á milli, séu stimpluð, svo sem skylt er samkv. l. En með þessum l. er það játað, að oft standi þannig á, að það sé ekki af ásetningi hjá mönnum að stimpla ekki skjöl sín heldur blátt áfram ókunnugleika. En að sjálfsögðu verður fjmrh., sem fer með þessi mál, að gæta þess vandlega, að ekki séu veittar undanþágur í öðrum tilfellum en þeim, sem augsýnilega hefir ekki verið um neina hrekkvísi að ræða, til þess að komast hjá því að greiða þetta gjald. — Hinsvegar er það kunnugt, að manna á milli er í gangi mikið af víxlum og veðskuldabréfum, einkanlega til stutts tíma, sem ekki eru stimpluð, og verður að sjálfsögðu að reyna að koma í veg fyrir að slíkir hlutir geti viðgengizt, eftir því sem unnt er. Þess vegna þykir okkur rétt að láta þetta koma til kasta Alþ. við og við, því að þegar menn eru búnir að venjast þessum stimpilgjaldalögum í hæfilegan árafjölda, þá á hverjum manni að vera vorkunnarlaust að vita, að það ber að stimpla skjöl, og gæti því farið svo, að Alþ. þætti rétt að nema þessa heimild úr gildi og láta allt varða sektum.

Fyrir þessa sök leggjum við nm. til, svo sem segir á þskj. 203, að frv. verði samþ. með þeirri einu breyt., að aftan við 1. gr. þess bætist: til 1. júlí 1940. — Kemur þá til kasta Alþ. að framlengja þessi l., eða fella heimildina alveg úr gildi, eftir því hvað mönnum þá sýndist um það. En það er hætt við, að frekar gleymdist að taka málið upp aftur, ef nú yrði veitt nokkurskonar eilífðarheimild handa stjórnarráðinu til þess að lækka sektir samkv. l. þessum, eða jafnvel láta þær alveg falla niður.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins geta þess, af því að ég var ekki staddur á fundinum, þegar þetta mál var afgr., að ég er sammála hinum nm. um það, að þetta frv. beri að samþ. — Hitt atriðið, hvort brtt. n. verður samþ. eða ekki, finnst mér aukaatriði. Ég hefði getað verið með málinu óbreyttu eins og það lá fyrir, en sé hinsvegar ekkert á móti því, að þetta tímatakmark verði sett.

ATKVGR.
Brtt. 203 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 224).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 224).

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 287).

---

17. Kaup á Reykhólum.

Á 28. fundi í Nd., 16. nóv., var úbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa Reykhóla (þmfrv., A. 135).

Á 30. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bergur Jónsson): Hér er um að ræða heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Reykhóla í Reykhólasveit, og ef ekki takast samningar, að taka hana eignarnámi samkvæmt gildandi l.

Eins og kunnugt er, þá hefir þessi jörð verið eitt af aðalhöfuðbólum hér á landi frá því að land byggðist. Auk þess að þessi jörð er sérstaklega stór og ágæt til ræktunar, þá hefir hún að geyma óvenjumikinn jarðhita. Eins og kunnugt er, þá hefir töluvert verið gert að því, að hið opinbera reyndi að ná í sínar hendur þeim eignum í landinu, þar sem sérstaklega mikið er um jarðhita. Þarna eru 20 til 30 hverir og laugar, sem munu nægja til þess að hita upp þau hús, sem kunna að verða byggð á jörðinni, auk þess, sem reka má jarðyrkjuframkvæmdir í sambandi við jarðhitann og koma upp stórkostlegri garðrækt.

Það stendur svo illa á með jörðina, að hún hefir niðzt niður um langan tíma og er orðin húsalítil eða húsalaus, þar sem hún er ekki í sjálfsábúð og enginn hefir búið á henni, sem hefir haft nægilegan kraft til þess að gera jörðinni þau skil, sem nauðsynlegt er.

Því miður getur hreppsfélagið ekki keypt jörðina af eigin rammleik, og þess vegna er nauðsynlegt, að ríkissjóður geri þetta. Það er enginn vafi á því, að þarna er um óvenjugóð skilyrði að ræða til þess að koma upp samvinnubyggðum og nýbýlastofnun.

Ég vil einnig geta þess, sem tekið er fram í grg. frv., að til Alþ. hefir komið áskorun frá Ungmennasambandi Breiðfirðinga um að koma upp héraðsskóla á þessum stað. Ég vil ekki fara fram á það við Alþ. nú eins og stendur, að reistur sé þar skóli. En það er mjög heppilegur tími núna til þess að fá jörðina keypta, þar sem hún er í eigu dánarbús með fjölda af erfingjum, svo að hún sé opinber eign, þegar til þess kemur, að ríkið sér sér fært að reisa þar einhvern skóla, hvort sem það yrði héraðsskóli eða einhver annar skóli. Yfirleitt eru þar hin beztu skilyrði til alls mögulegs landbúnaðarrekstrar, og svo til þess að koma upp opinberri stofnun, svo sem t. d. skóla.

Ég vona, að málinu verði vel tekið af hv. d. og því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv,. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 135, n. 207).

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. með því að orða um 1. gr. þess. Breytingin á greininni er fólgin í því, að í stað þess, að í frv. segir, að takist ekki samningar um kaup á jörðinni, þá sé ríkisstj. heimilt að taka hana eignarnámi, komi það í fyrsta lagi, að nota skuli jörðina fyrir samvinnubyggð eða til annara almennra nota, og í öðru lagi á nýbýlastjórn ríkisins að mæla með kaupunum og sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu.
Við 1. umr. var gerð grein fyrir þeirri nauðsyn, sem á því er, að ríkið kaupi þessa jörð, og sömuleiðis er hægt að finna hana í grg. frv. Vænti ég svo, að hv. deild taki máli þessu eins vel og allshn. tók því.

ATKVGR.
Brtt. 207 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 226).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 279).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál hefir legið fyrir allshn. í þessari d., en það tókst svo til, að það voru ekki mættir á fundi n. nema 2; hv. 11. landsk. var ekki mættur, svo að það er aðeins meiri hl., sem mælir með þessu frv., en hann mun gera grein fyrir sinni afstöðu til málsins. Þetta mál er komið frá Nd., og eins og í grg. frv. segir, er tilætlunin, að ríkið kaupi þessa jörð. Ég hygg, að í raun og veru sé ekki mikill ágreiningur um þetta. Till. sem þessi hefir legið fyrir þingum hér áður, og virtist mér þá nokkurnveginn almenn skoðun, að þetta gamla óðalssetur, sem því miður mun ekki vera setið eins og því sæmdi, komi nú í eign ríkisins. Hafa komið fram ýmsar till., til hvers skuli nota það. En í byggðarlaginu sjálfu mun efst sú stefna, að þarna sé vegna ýmissa landkosta tilvalinn staður fyrir samvinnubyggð. Ég hefi að vísu ekki með eigin augum séð þessa jörð, en það hafa ýmsir sagt mér af henni. Ég hefi einnig leitað upplýsinga í fasteignamatinu, og skal ég gera grein fyrir því, sem segir í matinu frá 1930: 15 ha. tún, og töðufengur 800 hestar, útheysfengur 450 hestar, garðávextir munu vera um 15 tunnur, hlöðurúm 750 lestar. — Á jörðinni hafa þá verið 7 kýr, 550 fjár og 25 hross. — Þetta mun nú vera á höfuðbólinu sjálfu, en því fylgja ýmsar hjáleigur, sem ekki eru taldar með. Þessari jörð fylgja ýms mikil hlunnindi, eins og dúntekja, silungsveiðar, skógarhögg og fuglatekja, og að síðustu er þarna heitur hver í túnjaðrinum, sem er talið nú ekki sízt til kosta á mati landverðsins, sem er talið 33 þús. kr., en húsaverð þarna er metið 2200 kr. Mér hefir verið sagt, að öll bæjarhús séu þar mjög í niðurníðslu. Nú fer þetta frv. fram á að veita heimild til að kaupa þessa jörð, ef samningar takast um kaupin. Og mér er kunnugt um það meðal annars, að þar reki nokkuð á eftir, að margir eru þarna erfingjarnir á þessu óðalssetri og sé því erfitt að skipta á milli þeirra verðmæti þessu. Þetta er náttúrlega aukaástæða. Ég fyrir mitt leyti mæli með því, að þetta frv. verði samþ. á allt öðrum grundvelli. Ég tel, að það sé um svo mikið kostaland hér að ræða, og möguleikar fyrir þá, sem hafa getu, að reisa þarna stórbú, og jörðinni verði sýndur sá stóri sómi, sem henni hefir borið frá ómunatíð.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., og meiri hl. mælir með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 331).

18. Útflutningsgjald af saltfiski.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski (þmfrv., A. 157).

Á 33. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum. Eins og kunnugt er, hefir ástandið verið þannig um saltfisksveiðar, að þær hafa verið reknar með tapi í allmörg undanfarin ár, og hefir verið viðurkennt af Alþ. yfirleitt, að ekki væri rétt að taka áfram útflutningsgjald af saltfiski. Það hefir þó ekki tekizt fyrr en á þessu þingi að ná samkomulagi um, hvernig afla skyldi tekna í stað þeirrar tekjurýrnunar, sem ríkissjóður yrði fyrir með afnámi útflutningsgjaldsins. Nú er málinu svo komið, að þetta frv. er borið fram eftir tilmælum hæstv. ríkisstj. og eftir samkomulagi milli stjórnarflokkanna um að sjá ríkissjóði fyrir 290 þús. kr. tekjum, en það er sú upphæð, sem gert er ráð fyrir, að hann tapi við afnám útflutningsgjaldsins. Ég skal taka það fram, að ef útflutningur saltfisks ykist frá því, sem nú er, yrði tekjurýrnun ríkissjóðs vitanlega meiri, en þó er þess varla að vænta, að aftur verði tekið upp útflutningsgjald af saltfiski, þar sem þegar er búið að fella slíkt gjald niður af flestum öðrum sjávarafurðum.

Sigurður Kristjánsson: Þetta mál er ekki alveg nýtt hér á Alþingi, þar sem það hefir verið borið fram 4—5 sinnum af mér og fleirum, án þess að hljóta áheyrn stjórnarflokkanna, og þá sízt flm. frv. Hv. frsm. sagði, að ástæðan til frv. væri sú, að mörg undanfarin ár hefðu fiskveiðarnar verið reknar með tapi. Var svo að heyra, að hann hefði fyrst orðið þessa var nú, en mér og fleirum, sem haft hafa vilja á að kynna sér þessi mál, hefir skilizt þetta fyrir löngu. Okkur hefir skilizt, að útgerðin hafi verið rekin með tapi a. m. k. 7 undanfarin ár. Annars má segja, að batnandi manni sé bezt að lifa, og sízt ber að kvarta yfir því, að þetta skuli nú vera komið inn í höfuð hv. frsm., þótt leiðin hafi orðið löng og örðug. Annars er dálítið einennilegt, hvernig þetta frv. ber að. Það eru 4 vikur síðan fyrir nefnd þá, sem hv. þm. Ísaf. er formaður í, kom frv. h. u. b. samhljóða þessu, sem hann hefði aðeins þurft að gjalda við jákvæði sitt, ef hann hefði þá haft þann skilning á sjávarútvegnum, sem hann segist nú vera búinn að öðlast. En það, hve hann og sumir aðrir hafa áttað sig á skömmum tíma, gerir það ólíklegt — ásamt ýmsu fleiru, að þetta frv. sé flutt vegna málefnisins sjálfs.

Ýmsar misfellur á frv. bera vott um það, að það sé borið fram í einhverju fáti. Fyrst er það, að frv. gerir ekki ráð fyrir, að útflutningsgjald falli niður af öðrum fiski en þeim, sem aflaður er í salt. En þá er ísfiskurinn allur eftir, og það er öllum kunnugt, sem til útgerðar þekkja, að síðastl. ár hefir orðið allverulegt tap á því að gera út skip á ísfisk. Auk þess stendur svo sérstaklega á með skattgreiðslu af þessum fiski, að hann kemur sjaldnast í íslenzka landhelgi áður en hann er seldur. En það virðist nokkuð hæpið að leggja útflutningsgjald á vöru, sem aldrei hefir komið til landsins. Og mér er óskiljanlegt, hvers vegna þessi fiskur á að vera réttminni en saltfiskur, nema ef það væri vegna þess, að arðvænlegra væri að veiða hann. En reynslan hefir sýnt, að svo er alls ekki. Ég hefi að vísu ekki gögn í höndum til að sanna þetta nú, en ég býst við, að flestir hafi lesið um sölur togaranna, þegar þeir hafa, eftir 3.—4. vikna útivist, selt afla sinn fyrir 600—700 £, þegar 1200—1400 £ hefir þurft til þess að útgerðin borgaði sig þennan tíma.

Munurinn á þessu frv. og frv. hv. þm. G.-K. og okkar fleiri er í raun og veru sá einn, að ekki á að undanskilja ísfiskinn samkv. þessu frv. Í okkar frv. voru aðeins undanskildar síldarafurðir, bein o. þ. h. Hefði því virzt langeðlilegast að láta það frv. ganga í gegn, ekki sízt vegna þess, að það kom svo snemma fram, að það var lagt fram 18. okt. og sent til nefndar þann 25. s. m.

Það þýðir ekkert að ætla að fara að rugla menn í því með þessu frv., að Sjálfstæðismenn hafa ávallt verið öruggustu stuðningsmenn sjávarútvegsins. Tilgangurinn með þessu frv. er því sá einn, að þreyta nú á síðustu stundu kapphlaup við sjálfstæðismenn. En klunnalega er þó á stað farið, þar sem þessum háu herrum hefir sézt yfir útflutningsgjaldið af ísfiskinum. — Ég geri ráð fyrir, að málið komi fyrir nefnd og sé því ekki ástæðu til að fara nánar út í það nú. Ég skal játa það, að ég tel þá hugarfarsbreytingu til bóta, sem kemur fram í frv., enda þótt það gangi ekki nógu langt, þ. e. að létta útflutningsgjaldi af öllum fiski.

Flm. (Finnur Jónsson): Ástæðan til þess, að hv. 6. þm. Reykv. tekur þessu frv. með kaldyrðum, er sá, að hann er afbrýðissamur út af því, að við skulum bera fram sérstakt frv. um þetta efni, í stað þess að flytja brtt. við frv. hans og félaga hans. Sú er þó bót í máli, að allur málaflutningur hans er á þá leið að engin ástæða er fyrir stjórnarflokkana að taka hann hátíðlega. Mér þykir það leiðinlegt, af því við erum m. a. samstarfsmenn í sjútvn., hve minnislaus hv. 6. þm. Reykv. er orðinn. Hann segist fjórum sinnum hafa borið fram frv. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski. Þetta er alls ekki rétt, því að í tvö skipti, sem hann og flokksmenn hans báru þessi frv. fram, átti útflutningsgjaldið að haldast, en renna í skuldaskilasjóð, til hjálpar hinni stórskuldugu togaraútgerð. Þeir hafa því ekki borið fram frv. um afnám útflutningsgjaldsins nema tvisvar. — Fáir ljúga meira en helming. Hv. þm. getur leiðrétt þetta, ef hann vill, en ég held, að ég muni þetta betur en hann.

Hv. þm. sagði, að útgerðin hefði verið rekin með tapi hin síðustu sjö ár. En núv. stjórnarflokkar hafa aðeins haft völdin frá 1934. Fram að þeim tíma — og það eftir, að verulega fór að kreppa að útgerðinni —höfðu Íhald og Framsókn meiri hluta og stjórnarsamvinnu án þess að kunnugt sé, að þessir flokkar hreyfðu legg né lið útgerðinni til bjargar. Það hefir því fallið

í hlut Alþfl., að rétta útveginum hjálparhönd, sem Sjálfstfl. vanrækti að rétta honum, þegar hann hafði aðstöðu til þess. Auk þess má benda á það, að þegar sjálfstæðismenn báru fram mál þetta, var það af þeirra hálfu svo illa undirbúið, að þeir bentu ekki á neinar leiðir til tekjuöflunar handa ríkissjóði í stað útflutningsgjaldsins, eins og stjórnarflokkarnir hafa nú gert.

Málið liggur því þannig fyrir, að Sjálfstfl. hefir ekkert í því gert, meðan hann hafði aðstöðu til þess. Sama er um síldina að segja, að meðan Sjálfstfl. gat ráðið, var tollurinn 1 kr. á tunnu. Það er fyrst, þegar Alþfl. kemst til valda með Framsfl., að þessu er kippt í lag. Ummæli hv. 6. þm. Reykv. um fjandskap stjórnarflokkanna við útgerðina koma því úr hörðustu átt.

Sigurður Kristjánsson: Ég held, að það sé af talsverðum vanefnum gert, þegar hv. þm. Ísaf. er að gorta af minni sínu. Hann sagði m. a., að Sjálfstfl. hefði verið í stjórnaraðstöðu þangað til 1934, án þess að hreyfa legg eða lið útveginum til hjálpar. Allir vita, hversu rétt þetta er mælt, svo að ég þarf ekki að svara slíkum firrum. En nú ætla ég að reyna að lækna dálítið minni hans.

1931 var það augljóst, að útvegurinn var kominn í hallarekstur. 1932 báru sjálfstæðismenn fram till. um það, að ríkisstj. yrði falið eða fyrirskipað að láta rannsaka allan hag sjávarútvegsins. Stj. skipaði síðan nefnd til þess að framkvæma þessa rannsókn. En áður en ríkisstj. gæti unnið úr tillögum nefndarinnar og farið eftir þeim, var skipt um stjórn og sósialistinn Haraldur Guðmundsson seztur í ráðherrasætið. Því fór svo, að tillögur nefndarinnar voru ekki aðeins að engu hafðar, heldur hreint og beint ráðizt á þá menn, sem að þeim stóðu, og var hv. þm. Ísaf. þar einna frakkastur. Undir eins og sást, að sjávarútvegurinn var rekinn með tapi, hófust sjálfstæðismenn handa um að láta rannsaka hag hans, en allar viðreisnartillögurnar voru drepnar með öruggri hjálp Alþfl. Hitt er rétt, að á tveim þingum höfum við borið fram till. um það, að útflutningsgjaldið rynni til sjávarútvegsins sjálfs, í stað ríkissjóðs, en slík breyting var líka næsta mikilsverð.

Alveg er það rangt, eins og flest annað hjá hv. þm. Ísaf., að við höfum borið þessi frv. fram vegna togaraútgerðarinnar í Rvík, því að þar átti hið sama að gilda um alla útgerð. Annað mál er það, að meiri hluta þess fisks, sem gjaldið leggst á, er aflað á togara. Það er ennfremur misskilningur hjá hv. þm., að ég sé nokkra vitund afbrýðisamur í þessu máli. Ég hlyti þá að öfunda flesta, ef ég öfundaði hv. þm. Ísaf. af framkomu hans í sjávarútvegsmálunum. En ég get ekki látið hjá líða að benda á það, hve hjákátlegt það er að geyma frv. okkar um þetta efni í 5 vikur og bera það síðan fram afskræmt, til þess að gera þó tilraun til að skreyta sig með annara fjöðrum, því að það er öllum kunnugt, að það eru sjálfstæðismenn, sem hafa barizt fyrir réttum skilningi á hinum erfiðu aðstæðum sjávarútvegsins og fyrir því, að þessi mikilsverði atvinnurekstur yrði ekki lagður í rústir. Hitt er mönnum og jafnkunnugt, að gegn þessu hafa staðið stjfl., einkum Alþfl., sem hefir brotið upp á margháttuðum ráðum til þess að gera reksturinn erfiðari og koma í veg fyrir, að hann geti staðið á eigin fótum. — Þetta er landslýð öllum of kunnugt til þess að nokkuð þýði að vera að leika þennan skrípaleik í málinu.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég get verið ánægður með þær viðurkenningar, sem fram hafa komið í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann viðurkenndi það, að Sjálfstfl. hefði verið í stjórnaraðstöðu frá því sumarið 1932 og þangað til 1934, einmitt fyrstu árin, sem saltfisksveiðarnar voru reknar með tapi, og að Sjálfstfl. hefði horft upp á það þá, án þess að gera aðra ráðstöfun en þá að leggja fram till. um að skipa milliþinganefnd í málið. Eins og hv. 6. þm. Reykv. geti talið nokkrum manni trú um það, að Sjálfstfl. hafi ekki vitað það á árinu 1932, að saltfisksútgerðin var rekin með tapi. En einu aðgerðirnar, sem sjálfstæðismenn lögðu þá til, að gerðar yrðu, voru ekki þær réttu — að afnema útflutningsgjald á saltfiski —, heldur að skipa milliþinganefnd, líklega til þess að sannfæra sjálfa sig um það, sem þeir hlutu að vita fyrirfram, að sjávarútvegurinn var þá rekinn með tapi.

Þá viðurkenndi hv. 6. þm. Reykv., að það væri rétt, sem ég sagði, að sjálfstæðismenn hefðu, ekki borið fram till. um afnám útflutningsgjaldsins nema á tveim þingum, en áður var hann búinn að segja, að þeir hefðu borið þær fram á fjórum þingum, og nú bætti hann því líka við, sem ég hafði bent á, að sjálfstæðismenn hefðu gert ráð fyrir því, að útflutningsgjaldinu yrði að vísu aflétt, en varið til annara þarfa til viðreisnar sjávarútveginum.

Hv. 6. þm. Reykv. bætti því við, sem ég get verið mjög ánægður með, að það yrði að leggja á útflutningsgjald, sem rynni beint í ríkissjóð, eða útflutninsgjald, sem varið yrði til viðreisnar sjávarútveginum. Nú hefir það orðið samkomulag milli stj.flokkanna, að verja því útflutningsgjaldi, sem eftir verður í l., þegar útflutningsgjald af saltfiski er afnumið, til þess að rétta við sjávarútveginn. Og þar sem hv. 6. þm. Reykv. nú telur, að útflutningsgjald af sjávarafurðum eigi fullan rétt á sér, ef því er varið til þess að rétta við sjávarútveginn, þá vænti ég, að hann geti einnig fallizt á það frv., sem kemur til umr. næst á eftir þessu og einmitt stefnir í þá átt.

Ég benti á það, að sjálfstæðismenn hefðu flutt till. um það, að útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skyldi um langan tíma verða varið til skuldaskila sjávarútvegsins, og þá sérstaklega togaranna. Þessar till. sjálfstæðismanna voru fluttar á þingi 1935 af hv. 6. þm. Reykv. sjálfum, svo að hann ætti að vera þessa minnugur. Var þar gert ráð fyrir, að stofnaður yrði skuldaskilasjóður, og skyldi útflutningsgjaldið renna þangað óskert, þangað til tekjur sjóðsins næmu 4750 þús. kr. Nú hygg ég, að útflutningsgjald af sjávarafurðum á þessum tíma hafi verið sem næst 800 þús. kr., þannig að eftir till. hv. 6. þm. Reykv. á Alþ. 1935 ætti útflutningsgjald af sjávarafurðum til ársins 1940, að því ári meðtöldu, að renna í skuldaskilasjóð. M. ö. o., að ef þessi hv. þm. hefði mátt ráða á þingi 1935, þá væri nú

búið að festa þetta útflutningsgjald, sem nú er verið að afnema, til ársins 1940.

Ég gat þess, að þetta skuldaskilafrv. hefði einkum verið flutt til viðreisnar og skuldaskila togaraútgerðinni. Og á það er hægt að færa fullar sannanir, því til viðreisnar og skuldaskila mótorbátaútgerðarinnar og línubátagufuskipanna hefir ekki verið varið nema 1½ millj. kr., og það hefir sýnt sig vera nægjanlegt. Til skuldaskila togaranna átti þannig eftir frv. að ganga 3½ millj. kr., sem samsvarar því, að allt útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og það var þá, 800 þús. kr., hefði farið til skuldaskila togaranna í rúm 4 ár. Hv. þm. má vel mín vegna státa af þessum till., sem hann telur, að hafi átt að vera til almennrar viðreisnar sjávarútvegsins, en vissulega hefði að tveim þriðju hlutum orðið til þess að reisa við hina margskuldugu togaraútgerð, sem að ýmsu leyti hefir varið sínu fé þannig, að ekkert réttlæti er í að taka það almenna útflutningsgjald til þess að reisa hana við, á þeim grundvelli, sem hún hefir verið rekin.

***Einar Olgeirsson:** Það er ekki nema gott eitt að segja um þetta frv., og ætla ég ekki að orðlengja um það, enda býst ég við, að hv. þm. geti verið sammála um að afnema þetta gjald.

En mér hefir skilizt það á umr., sem fram hafa farið, að Sjálfstæðismenn hafi verið að tala um það, að þeir hefðu sérstaklega verið á móti því að leggja útflutningsgjald á saltfisk og að þeir hefðu barizt fyrir því að fá það afnumið. Í þessu sambandi datt mér í hug að koma með smáfyrirspurn. Það, sem ég man bezt eftir afstöðu Sjálfstfl. viðvíkjandi útflutningsgjaldi af fiski, er það, sem gerðist fyrir 3 árum, þegar lagður var sérstakur tollur á saltfisk til viðbótar við það, sem fyrir var. Og það voru sérstakir ágætismenn, að dómi sjálfstæðismanna, sem stóðu fyrir þessu. Þetta gjald, sem af útgerðarmönnum gekk undir nafninu „fimmkallinn“, var sérstaklega á lagt til þess að útvega Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda peninga, sem það þurfti að nota í ákveðnu skyni undir umsjón ríkisstj. Var það eitt af hinum þörfu verkum núv. ríkisstj. að afnema þetta gjald, en áður en það var gert mun hafa verið búið að taka meira en 1 millj. kr. af úvegsmönnum og fiskimönnum, og var það þungur skattur. — Ég minnist þess ekki, að sjálfstæðismenn hafi talað mikið um þetta útflutningsgjald af saltfiski, og þegar við kommúnistar höfum verið að inna eftir því á þingmálafundum, hvað hafi eiginlega orðið af þessu fé, þá höfum við aðeins fengið við því loðin svör. Þó að þetta útflutningsgjald, sem hér er til umr., hafi verið bölvað, þá hefir það þó verið á fjárl., og maður hefir getað séð, hvað gert hefir verið við það. En hvað snertir hitt útflutningsgjaldið — „fimmkallinn“ —, þá hefir maður aldrei fengið að vita, hvað orðið hefir af þessari rúmu milljón. Ég held, að það væri skemmtilegt í sambandi við þessar umr., úr því að þær hafa nú farið dálitið á víð og dreif, að reynt yrði að upplýsa um það, hvað orðið hafi af þessu útflutningsgjaldi.

Forseti (JörB): Þetta er nú því máli óviðkomandi, sem hér er til umr.

Einar Olgeirsson: Svo var einnig í gær, þegar hv. þm. G.-K. var að spyrja um samninga stjfl.

Forseti (JörB): Það var nokkuð annars eðlis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 157, n. 193 og 205).

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Meiri hl. sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. En minni hl., hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Ak., leggur fram sérstakt nál. á þskj. 205, þar sem ekki er beint lagzt á móti þessu máli, en vísað til annars frv., sem borið er fram af sjálfstæðismönnum og fer fram á það sama og jafnframt að létta útflutningsgjaldi af fleiri afurðum. Ég held, að þetta sé lítil ástæða fyrir minni hl. til að mæla móti frv. Enda er svo ráð fyrir gert í frv., sem menn úr tveim þingflokkum hafa borið fram hér í deildinni um fiskimálanefnd o. fl., að nota allmikinn hluta af því útflutningsgjaldi, sem ekki yrði fellt niður samkv. þessu frv., — nota það sjávarútveginum sjálfum til styrktar. Minni hl. hefir engar brtt. gert við frv. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða einstök atriði, nema hv. frsm. minni hl. gefi ástæðu til, en legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson): Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, var aðalágreiningurinn sá, að meiri hl. taldi málið leyst með þessu frv., en minni hl. telur það ófullnægjandi lausn, þar sem aðeins er létt gjaldi af saltfiski, og þó aðeins að nokkru leyti. En fyrir þinginu liggur frv. um að fella niður gjaldið af öllum fiski. — Þar með er ekki átt við síld eða síldarafurðir, fiskimjöl, fiskbein og þess háttar. — Nú má segja, að erfitt sé að vera móti þessu frv., því að það feli þó nokkra réttarbót í sér. En ég er sannfærður um, að þetta frv. er borið fram án allrar rannsóknar á því, hvað þörf sjávarútvegsins er mikil. Og það verður aldrei að gagni að bera fram slíkar till. án þess.

Hvers vegna er ekki með þessu frv. létt t. d. gjaldi af ísfiski? Rökin fyrir því yrðu að vera þau, að ísfisksveiðar séu ekki reknar með tapi, eða að þetta sé svo lítið atriði, að það hefi enga þýðingu. Það er gerð grein fyrir því í nál. minni hl. og sýnt, hvernig togararnir hafa borið sig á ísfisksveiðum. Þar kemur í ljós, að meðaltap hvers togara á ísfisksveiðum hefir orðið 10489,11 kr. árið 1936 og meðaltapið á þessu ári 28730,22 kr. á togara. Nú er það víst, að útgerðin hefir verið rekin við mun betri skilyrði þessi ár heldur en líkur benda til, að verði næsta ár. Það hefir einnig verið athugað, hvernig mundi bera sig útgerðin næsta ár, ef sama verðlag helzt á fiski og sama aflamagn eins og á síðustu vertíð, en verðlag á útgerðarvörum eins hátt og nú er orðið og

kaupgjald verður samkv. þeim kröfum, sem Sjómannafélagið hefir nú gert til útgerðarmanna. Með því móti mundi meðaltapið á hvern íslenzkan togara verða rúmar 40 þús. kr. Í þessum tölum held ég ekki sé hægt að rengja neitt, því að þær eru gerðar eftir nákvæmum reikningum útgerðarfyrirtækjanna. Ég sé ekki, hvernig fremur er hægt að réttlæta útflutningsgjald af ísfiski en saltfiski. Útgerðin ber hvorugt. Það er því meiri fjarstæða með ísfiskinn, að mikið af honum kemur aldrei í íslenzka höfn.

Vitanlega þarf ríkissjóður á öllu sínu að halda. En það er minni ástæða til að halda útflutningsgjaldinu nú, þegar hér eru á leiðinni á Alþingi skattafrumvörp, sem eiga að gefa milljónatekjur, — og bróðurpartinn á vitanlega að taka af sjávarútveginum, þó að óbeint sé. Ég vil því leggja til, að hv. deild samþ. heldur okkar frv. en þetta, sem hér liggur fyrir. A. m. k. óska ég þess, að frestað verði að gera út um málið. Ég vil segja frá því, að þetta sérstaklega iskyggilega útlit, sem við vitum, að er fyrir útgerðina, hefir leitt til þess, að nefnd hefir verið sett til að rannsaka og gera áætlanir um næsta ár, með það fyrir augum, að hægt verði að eiga tal um þetta við hæstv. ríkisstj. og þingflokkana, ýmsa þá, er eiga þátt í útgerðinni, og við stjórnir bankanna. Það þarf að finna ráð, sem duga, finna hvað á að gera til að bjarga útgerðarmálunum. Ég held það væri skoplegt, ef við hér á Alþingi þættumst ekki þurfa að líta á nein gögn, gætum gert út um slík stórmál með svona smáfrumvörpum, en þættumst upp úr því vaxnir að bíða eftir áliti mannanna, sem eiga ekki aðeins mest á hættu, heldur mesta þekkinguna. Þar sem nefndin vill ráðgast við alla aðilja og ekki mun líða á löngu, þangað til hún hefir lokið rannsóknum sínum, trúi ég ekki öðru en hv. þdm. sjái sér fært að bíða eftir því, svo alvarlegt sem útlitið er.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Mér skildist á hv. frsm. minni hl., að nauðsynlegt væri að bíða með afgreiðslu þessa máls, af því að nefnd útgerðarmanna ætlaði að tala við Alþingi. Ef það á við þetta frv., á það ekki síður við frv. sjálfstæðismanna, sem hv. þm. ber fyrir sig, þegar hann vill þetta frv. feigt.

En mér finnst, að úr því að þessir háu herrar gátu ekki talað um þetta við okkur í tíma, þá verði að afgr. þetta nú. En ráð þeirra má alltaf taka til greina á næsta þingi, ef þau verða svo á rökum reist.

Hv. frsm. minni hl. þótti skammt gengið í frv. og nefndi sérstaklega ísfiskinn. Ég játa, að það hefði verið gott, ef hægt hefði verið að fella niður gjald af fleiri útflutningsvörum. En nú hafa sumir þm. tekið upp þá stefnu, að í stað þess að fella niður útflutningsgjald skuli því varið til hagsbóta sjávarútveginum. Mér finnst sízt ástæða til þess fyrir sjálfstæðismenn að vera á móti því. Þeir telja álögur ríkisins háar og mundu sízt þola viljugir þær álögur, sem þyrfti, ef fé til að styrkja sjávarútveginn væri tekið á annan hátt. Og þeir hafa sjálfir borið fram frumvörp um að binda útflutningsgjaldið um langt árabil. Á Alþingi 1934 fluttu þeir tvö frv. um það. Annað var um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, hitt um fiskimálasjóð. Samkv. fyrra frv. átti að binda útflutningsgjaldið, sem þá var áætlað 850 þús. kr. árlega, og leggja það í 6 ár, 1935—40, í skuldaskil, sem að mestu leyti hefðu orðið fyrir togaraútgerðina. Samkv. síðara frv. átti fiskimálasjóður Íslands að fá útflutningsgjaldið a. m. k. í 10 ár, 1941—50. M. ö. o.: Allur Sjálfstfl. vildi þá binda allt útflutningsgjaldið næstu 16 árin a. m. k. — Það er rétt, að flokkurinn hefir einnig borið fram frv. um afnám útflutningsgjaldsins. Þegar við tökum yfirlit yfir stefnu Sjálfstfl. í þessu máli, get ég ekki séð það samræmi í henni, að við þurfum að taka það alvarlega, þó að hv. 6. þm. Reykv. brýni deildina með því, að þetta sé gagnslaust, nema að meira sé fellt niður. Ég játa, að það hefði verið gott að geta afnumið útflutningsgjald af ísfiski. En ég tel hinsvegar meira virði, ef hægt er að nota það til að framkvæma margt, sem mjög ríður á fyrir endurreisn sjávarútvegsins, svo sem hraðfrysting, niðursuðu og annað, sem horfir til fjölbreytni, og að víkka markaðina. Í framtíðinni munar það seljandann meiru en afnám gjaldsins. Því það, sem mestu munar á ísfiski, er innflutningstollurinn á Englandi.

Hv. frsm. minni hl. var með útreikninga um tap á ísfisksveiðum 1936 og 1937. Ég skal ekki rengja tölurnar sjálfar. En ég trúi þeim ekki nákvæmlega, og það af þeim ástæðum, að þetta eru bráðabirgðatölur að nokkru leyti, og auk þess ekki rétt að taka stuttan tíma af árinu út úr; það verður að leggja fram ársreikningana í heild, þar sem m. a. kemur fram gróðinn af síldveiðunum.

Það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. 6. þm. Reykv. andmælir frv. Hann og flokkur hans vildu fyrir fáum árum binda í 16 ár þetta gjald, sem Íhaldsfl. kom á árið 1921 og aðrir flokkar vilja nú afnema að nokkru leyti, en nota að nokkru leyti til að bæta — þrátt fyrir mótmæli íhaldsins — framtíðarskilyrði útvegsins.

Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson): Ef gert hefði verið ráð fyrir því í þessu frv. að afnema gjaldið af öllu nema því, sem sérstök lög eru um, þá hefði mátt segja, að gert væri það, sem hægt er, fyrir útgerðina. Þetta er ekki heldur nema 2. umr. málsins, og má taka til athugunar að breyta frv., þó að það verði samþ. nú til 3. umr. — Ég sagði frá störfum nefndar, sem er að kynna sér öll gögn um málin. Á fimmtudaginn munu aðiljar halda fund til þess að ræða um þau. Og ég vænti þess fastlega, að málið fái að bíða hér í deildinni þessa 2—3 daga.

Hvað ísfiskinn snertir þarf hv. frsm. meiri hl. ekki að líta með tortryggni á þær tölur, sem ég vitnaði í. Því að fyrst og fremst nær rannsóknin til allra eða svo að segja allra togara á ísfisksveiðum, og í öðru lagi er það vitanlegt, að öll togarafélögin hafa svo nákvæmt reikningshald, að hægt er að taka út úr liðina, sem tilheyra ísfisksveiðum, svo að varla muni um nokkurn eyri, og ná öllum póstum. Ég er sannfærður um, að þar er um tryggan grundvöll að ræða.

Þau ummæli hv. frsm. meiri hl., að ósamræmi sé mikið í till. okkar sjálfstæðismanna hér á Alþingi, er snerta mál útgerðarinnar, eru ekki takandi alvarlega. Hann veit það, hv. þm., þrátt fyrir

þessi ummæli sín, að heill og óskiptur hugur okkar sjálfstæðismanna hefir jafnan staðið að þessum málum, eins og öllum þjóðþrifamálum, sem við höfum látið okkur skipta. Og enda þótt hv. þm. beri lítið skyn á útgerðarmál, þá veit hann vel, að útgerðin stendur mjög höllum fæti og að þörf fólksins knýr á um það, að málum hennar sé sinnt af hinni mestu alvöru.

Hitt er að sjálfsögðu misskilningur hjá hv. þm., að það sé ósamræmi í því, að leggja til, að útflutningsgjaldið sé fellt niður og látið ganga til skuldaskila fyrir útvegsmenn. Hvernig skuldamálum útgerðarinnar er nú komið, stafar mikið af of háum vöxtum og óhagstæðum innkaupum á hinum nauðsynlegustu útgerðarvörum. Vegna skulda á útgerðin mjög erfitt með að gera hagkvæm innkaup, og verður því oft að greiða mikið fé í of dýrum vörum vegna þess, að hún hefir ekki reiðufé með höndum. Það er því ekkert ósamræmi í því, þó að lagt sé til að létta af útflutningsgjaldinu til þess að létta undir með útgerðinni um áratugi, eins og gert var í frv. því, sem stjórnarflokkarnir eru alltaf að vitna í. Samkv. því áttu útgerðarmenn að geta fengið lán úr fiskiveiðasjóði með 4—4½% vöxtum í stað 7—7½% lána, sem flestir verða að sæta nú.

Um það atriði, að útflutningsgjaldið eigi að ganga til fiskimálanefndar og koma útgerðinni á þann hátt að liði, er það að segja, að útgerðarmenn hafa enga trú á þeirri nefnd, því að reynslan hefir sýnt, að hún hefir lítið sem ekkert gert til hagsbóta fyrir þá, en verið ákaflega fjárfrek. Já, ákaflega fjárfrek. Það er því sameiginlegur dómur útvegsmanna, að allt fé, sem til hennar gengur, sé glatað fé, eins og það líka er.

Ég þykist vita, að hv. þm. Barð. meinar vel það, sem hann leggur til þessara mála, en sannleikurinn er bara þessi, að fiskimálanefnd getur ekki og gerir ekki neitt útgerðinni til hagsbóta, hvað þá að hún komi henni á heilbrigðan rekstrargrundvöll.

*Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég óska ekki eftir að máli þessu sé frestað nú, þó að von sé á, að einhverjir menn ætli einhvern tíma að tala við okkur í sjútvn. um þetta mál.

Hvað snertir síðustu ræðu hv. frsm. minni hl., þá þarf ég ekki miklu að svara. Að sjálfsögðu er ekkert samræmi í því að ætla að afnema skatt, en gera það eitt, að binda hann í lánum um 16 ára skeið.

Hvað snertir það atriði, að útgerðin geti ekki sakir vöntunar á reiðufé, gert hagkvæm innkaup, vil ég benda á, að á síðasta flokksþingi Framsfl. var lögð sérstök áherzla á, að úr þessu þyrfti að bæta, og þá að sjálfsögðu bent á að nota til þess úrræði samvinnumanna, eða setja hámarksálagningu á vörurnar, og nú vill svo til, að fram er komið hér á Alþingi frv. um hámarksverð á vörum, sem að sjálfsögðu nær einnig til útgerðarvara. Annars held ég að bezta lausnin hvað þetta atriði snertir sé sú, að útgerðamenn myndi með sér félagsskap með innkaup á útgerðarvörum, eins og útgerðarmenn í Vestmannaeyjum hafa gert með sér, og ég veit, að Framsfl. telur enga lausn á þessu máli betri.

Hv. frsm. minni hl. lýsti vantrú sinni og útgerðarmanna á fiskimálanefnd, en gerði það þó með nokkuð vægari orðum en hann er vanur að gera. Ég verð nú að segja, að mér finnst einkennileg þessi sífellda vantrú sjálfstæðismanna á fiskimálanefnd, þar sem hún á að vera skipuð fulltrúum frá aðalstjórnmálaflokkum landsins, mönnum, sem kosnir eru af þeim aðiljum, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta á þessum sviðum. Annars vill svo vel til, að nú liggur einmitt fyrir að nefna menn að nýju í nefndina, og geta sjálfstæðismenn þá að sjálfsögðu beitt áhrifum sínum og atkvæðamagni til þess að fá þá menn inn í nefndina frá sinni hendi, sem þeir treysta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: JPálm, PHann, SkG,StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BjB, EOL, EystJ, FJ, GG, HelgJ, HV, ÍslH, JörB.
SEH, SK[1]), EE, GÞ[2]), GSv, JakM, JGM, greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÓTh, PO, TT, BÁ, EmJ, HG) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 157, n. 281).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég þarf ekki að hafa langa framsögu um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi sýnt sig, að allir flokkar þingsins telji réttlátt eins og nú stendur á, að afnema útflutningsgjald af saltfiski. Ég álít bezt fara á því, þar sem ekki er hægt að afnema nema nokkurn hluta af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, að þetta afnám af saltfiski sé miðað við meðan þessi saltfiskur er í einhverju lágmarksverði, þ. e. svo lengi sem verðið er fyrir neðan

1) SK: Að sönnu gengur þetta frv. í rétta átt, en þar sem ég tel það ófullnægjandi og vil ekki láta líta svo út, sem ég geri mig ánægðan með það, greiði ég ekki atkv.
2) GÞ: Ég greiði ekki atkv. með sama fyrirvara og hv. 6. þm. Reykv.

eitthvert lágmark, þá væri útflutningsgjalds ekki krafizt af þessari vörutegund, sem á við svo marga erfiðleika að etja bæði hvað snertir markað og verð. N. mælir svo einróma með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 332).

---

19. Eyri við Ingólfsfjörð.

Á 39. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð (þmfrv., A. 211).

Á 40. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er flutt að beiðni forsrh., eins og stendur í grg. Efni þess er einfalt og auðskilið, sem sé, að ríkisstj. verði heimilað að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar. Landspilda sú, sem um ræðir, á að vera 200 metrar frá sjó og upp til fjalls, eftir því sem atvinnureksturinn þarfnast, og á að selja hana hreppsn. Árneshrepps. Fyrir liggur beiðni frá hreppsn., og ástæður eru þær, að þarna er fyrirhugað að reisa litla síldarverksmiðju í sambandi við síldarsöltun. Með því að tryggja hlutaðeigendum varanlegan afnotarétt af þessari landspildu, er hægt að reisa verksmiðjuna. Það er venja, þegar sveitarfél. fara fram á slíkt, að það er heimilað, og ég sé ekki ástæðu til að mæla á móti því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 211).
Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 211, n. 301).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 350).

---

20. Skatta- og tollaviðauki 1938.

Á 7. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýms gjöld 1938 með viðauka (þmfrv., A. 138).

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Hér er farið fram á framlengingu á nokkrum heimildum, sem nú eru í lögum til að innheimta ríkissjóðsgjöld með viðauka. Það virðist ekki minni þörf á þessum heimildum heldur en undanfarið, og því höfum við flutt þetta frv. um, að þessar heimildir gildi áfram fyrir 1938.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 214).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Fjhn. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Mér láðist að geta þess við 2. umr. þessa máls, að einn nm. í fjhn., hv. þm. G.-K., hafði skrifað undir nál. með fyrirvara. Hann var ekki staddur hér þá til þess að gera grein fyrir fyrirvara sínum, og hann er ekki heldur mættur hér í d. núna. Ég vildi því vekja máls á því við hæstv. forseta, hvort hann vilji ekki fresta umr. um stund, ef hv. þm. kæmi, svo honum gæfist þá kostur á að taka til máls.

Umr. frestað um stund.

Ólafur Thors: Ég get ekki sagt, að ég sé þessu frv. samþ., en hefi þó skrifað undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari liggur í því, að ég og eiginlega allir Sjálfstæðismenn á þingi erum andvígir ýmsum þeim skattstofnum, sem hagnýttir eru með þessu frv. Hinsvegar sé ég mér ekki fært, eins og nú standa sakir, bæði með tekjuþörf ríkissjóðs og framkvæmdir þeirra mála, sem bundin eru þessari tekjuöflun, að leggja til, að ríkissjóður fari þessara tekna á mis, og ber því ekki fram till. um að fella frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., 4. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 138).
Á 44. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 138, n. 306).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Fjhn. hefir athugað það, og eins og nál. hennar á þskj. 306 ber með sér, leggur hún til, að það verði samþ. óbreytt. Hún lítur svo á, að ríkissjóður megi ekki við því að missa þær tekjur, sem honum eru ætlaðar samkv. þessu frv. og hann hefir notið á undanförnum árum. Einn nm., hv. 1. þm. Reykv., skrifaði að vísu undir nál. með fyrirvara, ekki að ég hygg af því, að hann mundi ekki fylgja frv., heldur mun hann vilja gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

Forseti (EÁrna): Hv. 1. þm. Reykv. hefir skýrt mér frá því, að hann geti ekki mætt, og sagði við mig, að hann léti málið ganga áfram án þess að gera aths. við það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 351).

---

21. Fiskimálanefnd o. fl.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (þmfrv., A. 163).

Á 33. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Frv. þetta um breyt. á l. frá 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., er flutt að tilhlutun ríkisstj., svo sem segir í grg. þess. Með frv. þessu er ætlazt til, að fiskimálasjóð verði séð fyrir auknum árlegum tekjum. Í núgildandi *l. um fiskimálanefnd er það svo, að ríkisstj. má* greiða sjóðnum 400 þús. kr. á ári, og gert er ráð fyrir, að ríkisstj. hafi einnar millj. kr. lánsheimild handa sjóðnum, og ákveða má, að 1½—1¾% af verðmæti útflutts fisks og fiskafurða renni í hann. Lánsheimild sú, sem ríkisstj. hafði fyrir fiskimálasjóð, er að mestu notuð, svo að auka verður sjóðnum tekjur, og það vissar tekjur, ef fiskimálanefnd á að geta haldið áfram störfum. Eftir frv. þessu er gert ráð fyrir, að fiskimálasjóður hafi árlega 500 þús. kr. tekjur. Er það fyrst og fremst framlag úr ríkissjóði, að upphæð 400 þús. kr. af útflutningsgjaldi sjávarafurða, og auk þess er til ætlazt, að renni í sjóðinn ½% af verðmæti útflutts fisks og fiskafurða, *annara en síldarafurða. Tekjur sjóðsins verða* því ekki undir 500 þús. kr. á ári. Úr sjóði þessum er ríkisstj. heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán til þess að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru, — ennfremur til að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. áliti ráðh. og fiskimálanefndar eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, eða reisa hraðfrystihús á þeim stöðum, sem mest er þörfin, og má lána til þess allt að ¼ hluta kostnaðar, þó ekki yfir 25 þús. kr. á hvert hraðfrystihús. Fiskimálasjóði má einnig verja til að styrkja félög sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtízku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% af verðinu. Þá má einnig verja fé úr sjóðnum til nýrra veiðiaðferða og til markaðsleitar.

Það þarf ekki að fjölyrða um nauðsynina á því, að rétta sjávarútveginum hjálparhönd. Saltfisksframleiðsla okkar hefir farið stórum minnkandi undanfarin ár. Þetta hefir gerzt svo snögglega, að frá 1930 hefir verðmæti útflutts saltfisks minnkað um 25 millj. kr., og frá 1933 um 16 millj. kr. Þessi stórkostlega lækkun á verðmæti útflutts fisks hefir orðið til mikilla vandræða fyrir landsmenn alla og ríkissjóðinn.

Með stofnun fiskimálanefndar er byrjað á viðreisn sjávarútvegsins eftir þetta áfall. Störf nefndarinnar hafa beinzt að því, að hagnýttar yrðu aðrar og fleiri tegundir sjávarafla en hingað til, og einnig að nýjum verkunaraðferðum á þeim tegundum, sem þegar hafa verið notaðar. Ég hefi áður sagt frá því, hvern árangur þessi viðleitni hefir borið, — á yfirstandandi ári verða fluttar úr landi sjávarafurðir, svo sem flakaður og hraðfrystur koli og aðrar fisktegundir, harðfiskur, rækjur, fyrir 2 millj. kr. Fiskimálanefnd hefir beitt sér fyrir öllum þessum nýjungum. Þetta er að vísu ekki mikil upphæð, borin saman við það, sem verðmæti saltfisksútflutningsins hefir minnkað, en þó munar um það, og framleiðsla þeirra afurða hefir skapað talsverða vinnu í landinu. Ekki er annað sýnilegt en að saltfisksmarkaðir okkar haldi áfram að þrengjast, enn geisar hin geigvænlega borgarastyrjöld á Spáni, og verður ekki séð, hvern enda tekur. Það er því ekki útlit fyrir, að atvinna í landinu aukist vegna saltfisksverkunar, né að markaðir rýmkist fyrir þá vöru. Það er því full þörf á að halda áfram með og auka þá starfsemi, sem hafin er með samvinnu núverandi stjórnarflokka og framkvæmdum fiskimálanefndar. Ef gert er ráð fyrir, að af þeim 500 þús. kr., sem fiskimálanefnd fær til ráðstöfunar, verði 75 þús. kr. varið til byggingar niðursuðuverksmiðju, 75—100 þús. kr. til hraðfrystihúsa, 50 þús. kr. til veiðarfæratilrauna og markaðsleita, og rekstrarkostnaður við nefndina verði 60 þús. kr. árlega, þá eru alltaf eftir 215 þús. kr. til annara ráðstafana. Nú er það svo, að togaraflotinn hefir ekki verið endurnýjaður, og þarf ég ekki að rekja orsakirnar til þess. Þó má geta þess, að á góðu árunum, meðan togaraeiðarnar gáfu af sér verulegan arð, var mjög mikið fé dregið út úr atvinnurekstrinum og lagt í ýms fyrirtæki, er voru togaraveiðunum algerlega óskyld. Þegar svo fór að halla undan fæti fyrir þessum atvinnurekstri, varð ekkert fé afgangs til þess að endurnýja skipin. Það er ekki sýnilegt, að um fyrirsjáanlegan tíma verði einstaklingar þess megnugir að endurnýja togaraflotann, ef svipuðu fer fram um saltfisksafla og saltfisksmarkað og undanfarin ár. Þær þjóðir aðrar en Íslendingar, sem stunda togaraveiðar hér við land, nota nú mest nýtízku togara, sem eru svo útbúnir, að þeir geta hagnýtt vöruna miklu betur en hinir gömlu. Því hefir verið haldið fram, að togaraútgerð muni ekki bera sig hér við land nema með nýtízku togurum. Það hefir því orðið að samkomulagi milli stjórnarflokkanna, að ríkið styrkti félög sjómanna og verkamanna til að kaupa tvo nýtízku togara í tilraunaskyni, enda sé útgerðin sjálf laus við afskipti ríkisstj. Ef gert er ráð fyrir, að þessir tveir togarar fáist fyrir hálfa aðra millj. kr., verður 25% framlag ríkissjóðs 375 þús. kr. Mér sýnist það auðsætt, að fiskimálasjóður verður fullkomlega fær um að gegna því hlutverki, sem honum er ætlað á næstu árum. Um ýmsar þessar framkvæmdir, svo sem niðursuðuna, er það að segja, að hún gefur hlutfallslega meira í vinnulaun en mörg önnur atvinna. Svo er einnig um hraðfrystan og flakaðan fisk. Framleiðsla hans gefur einnig hlutfallslega mikil vinnulaun. Ég þarf ekki að fjölyrða um nauðsynina á því að endurnýja togaraflotann, eða rökstyðja það rækilega, hvort togaraveiðar hér við land geta borið sig með nýtízku togurum. Það er öllum kunnugt, að togaraútgerðin hefir fært mikið fé inn í landið, og það er þjóðarnauðsyn að fá úr því skorið, hvort togaraveiðar geti aftur orðið arðberandi atvinnuvegur fyrir Íslendinga. Það má segja, að heppilegt væri, að kaupin á þessum tveim togurum færu fram á þessu ári. Gert er ráð fyrir, að þessir togarar verði byggðir að nýju, og með þeim seinagangi, sem nú er á afgreiðslu slíkra skipa, þarf ekki að reikna með því, að það komi að sök, þó ekki yrði útborgað allt tillag fiskimálasjóðs á þessu ári. En verði féð tryggt, er hægt að byrja smíðið nú þegar, þó að öll greiðslan fari ekki fram fyrr en síðar. — Ég vil að lokum óska eftir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Thor Thors: Hér mun vera á ferðinni eitt af málum þeim, sem innifalin eru í hinum nýja sáttmála stjórnarflokkanna. Og ekki er því að neita, að ýms af ákvæðum frv. horfa til bóta, enda eru tekin í það ýms þau atriði, sem sjálfstæðismenn hafa barizt fyrir á undanförnum árum. Hitt er einkennilegt, að það skuli vera haldið áfram að leggja þessi mál undir ákveðna nefnd, sem kunn er alþjóð af aðgerðum hennar undanfarið, fiskimálanefnd. Valdamesti maður þessarar nefndar hefir verið hv. 3. þm. Reykv., Héðinn Valdimarsson. Þessi nefnd hefir fengið til umráða, þann tíma sem hún hefir starfað, eina millj. kr., og ef litið er á þessa fjárfúlgu, þá munu flestir sammála um það, að hún hafi farið til lítils fyrir sjávarútveginn í landinu. Þessi nefnd hefir verið mjög dýr í rekstri. — Hv. þm. Ísaf. upplýsti það, að hún kostaði 60 þús. kr. árlega. Ég held, að lítil ástæða sé fyrir stjórn þá, er nú situr, að hrósa sér af þessari nefnd og gerðum hennar. Um rækjuverksmiðjuna á Ísafirði er það að segja, að það mál var komið á góðan rekspöl áður en fiskimálanefnd kom til. Það sanna er, að nokkrir sjálfstæðism. í Reykjavík höfðu þá þegar undirbúið þetta mál, en þeir fengu hv. þm. Ísaf. í lið með sér. En svo var þessu máli snúið svo, sem bæjarsjóður Ísafjarðar hefði beitt sér fyrir því.

Þá hælir fiskimálan. sér af að hafa beitt sér fyrir hraðfrystimálunum. En þau mál voru komin á rekspöl áður en n. kom til. Hún gerði það eitt, að lána nokkurt fé til að koma upp hraðfrystihúsum, og er það lofsvert út af fyrir sig, en það fé hefir þó verið tekið af sjávarútvegsmönnum sjálfum með ½% skattinum til fiskimálasjóðs.

Þá hafa verið talin þau bjargráð, er fiskimálan. hafi beitt sér fyrir um útflutning harð-

fiskjar. Þessi útflutningur var nú ekki meiri en það, að 1935 var fluttur út harðfiskur fyrir 117 þús. kr. og 1936 fyrir 315 þús. kr. Geta það varla talizt mikil bjargráð, þó að þetta hafi verið flutt út.

Þá eru karfaveiðarnar. Í skýrslu, sem komið hefir frá n., er sagt, að n. hafi lagt fram 5600 kr. til að styrkja karfaveiðar. Þetta getur því ekki hafa valdið þeim karfaveiðum og útflutningi, *sem átt hefir sér stað í ár, heldur hitt, að á* Patreksfirði var stofnuð ný og fullkomin karfaverksmiðja og að þaðan stunda nú tveir togarar karfaveiðar allt árið. En það voru einstaklingar, sem stóðu fyrir þessum framkvæmdum, og útflutningsmagnið kemur að mestu leyti frá þessari einu stöð.

Þessi n. hefir sætt mikilli gagnrýni af hálfu útvegsmanna. Ég minni á, að á aðalfundi sölusambandsins í apríl 1936 var samþ. með nær öllum atkv. ályktun þess efnis, að n. hefði verið til óþurftar og að því beri að leggja hana niður. Innan stjórnarflokkanna voru líka uppi margar raddir um það, að n. bæri að hætta störfum. En hinir síðustu samningar þeirra virðast hafa gert breytingu á þessu, og virðist nú eiga að endurreisa n. Það á að veita henni fé með ½% útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Í dag var um það talað hér, að nú ætti að létta útflutningsgjaldinu af saltfiskinum, en þó á auðsjáanlega enn að halda í þetta ½% gjald. Auk þess á að greiða til n. 400 þús. kr. árlega úr ríkissjóði.

Eftir frv. að dæma, virðist svo sem n. eigi að verða nokkurskonar banki fyrir sjávarútveginn. Um þau verkefni, sem n. er ætlað að leysa af hendi, er margt gott að segja, eins og það, að koma á fót niðursuðuverksmiðjum og styrkja slík fyrirtæki. Slíka starfsemi höfum við sjálfstæðismenn alltaf viljað styrkja. Er viðurkennd af öllum flokkum nauðsyn á slíku. Við sjálfstæðismenn erum því mótfallnir, að fiskimálan. hafi þetta með höndum, eða ráði því, hverjir takist slíkt á hendur. Ég minni á, að á aðalfundi sölusambandsins í haust var samþ. með öllum atkv., að sölusambandið skyldi beita sér fyrir því að koma upp niðursuðuverksmiðju, og var stjórn samlagsins heimilað að taka að láni varasjóð þess, sem mun vera 90 þús. kr., til að standast verksmiðjubygginguna í byrjun. Í tilefni af þessu hefir samlagið skrifað Alþingi bréf, þar sem sótt er um styrk til þessa fyrirtækis. Er bréf þetta undirritað af allri stjórninni, þ. á. m. Magnúsi Sigurðssyni bankastjóra Landsbankans, Helga Guðmundssyni bankastjóra Útvegsbankans, Jóni Árnasyni forstjóra S. Í. S. og Jónasi Guðmundssyni flokksbróður hv. þm. Ísaf. Er í ráði að festa sérstakan kunnáttumann til að leiðbeina félaginu í þessum málum.

Í 1. lið 5. gr. frv. er talað um það, að ríkisstj. skuli heimilt að veita styrk úr fiskimálasjóði til að styrkja niðursuðuverksmiðjur eða koma á fót slíkum verksmiðjum. Ég hefði talið heppilegra að takmarka þetta við fyrirtæki af þessu tægi, sem þegar eru til, og svo það fyrirtæki, sem sjávarútvegsmenn ætla nú að koma á fót og standa straum af að miklu leyti.

Um það, sem 2. gr. fjallar um, að beita sér fyrir *kaupum á hraðfrystitækjum og stofnun* hraðfrystihúsa, er gott eitt að segja, og munu allir vera þeim atriðum sammála.

Þá er 3. gr. Þar segir svo: „Að styrkja félög sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtízku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu".

Þessi *krafa um byggingu nýtízku* togara er gamall kunningi. Menn muna, að Alþfl. heimtaði fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 1934 10 nýtízku togara og lofaði, að þeir skyldu koma, ef hann fengi meiri hluta. Það tókst þó svo vel til þá, að völd hans voru hindruð. En þótt aukning fiskiflotans sé mikið hugðarefni okkar allra, má þó ljóst vera, hversu dýr fyrirtæki þessir 10 nýtízku togarar hefðu orðið á þessum árum. Allir vita, að hver einasti togari hér á landi hefir verið rekinn með tapi þessi síðustu ár.

Það næsta, sem heyrzt hefir í þessu togaramáli, var það, að í apríl síðastl. var borið fram frv. um byggingu 6 togara. Hæstv. atvmrh. lýsti þá yfir því, að þetta frv. væri svo mikils vert fyrir Alþfl., að hann gæti ekki látið sér nægja minna en allt það, sem þar var farið fram á. Að öðrum kosti væri samvinnunni við Framsókn slitið. Síðan fóru fram kosningar með þeim árangri, sem okkur er kunnur. *Hæstv. þáv. atvmrh. er enn í* ráðherrastöðu, en er nú orðinn svo lítilþægur, að hann lætur sér nægja 2 togara. Má ræða það nánar seinna, hvernig Alþfl. hefir í seinni tíð lagt stund á að semja sig frá sínum fyrri hugsjónum.

En svo að aftur sé vikið að frv. því, sem hér liggur fyrir, þá kemur ekki fram í því, hvernig rekstri þessara togara eigi að vera háttað. Á að reka þá með samvinnusniði, eftir stefnu Framsfl., eða á þetta að vera bæjarrekstur, eins og Alþfl. hefir barizt fyrir. Þetta var eitt af hinum miklu ágreiningsatriðum milli stjórnarflokkanna, og væri gaman að fá það upplýst, hvort hafi orðið ofan á.

Annars er ekki ljóst eftir frv., hve marga togara á að byggja, en hv. þm. Ísaf. telur þá eiga að vera 2. Hann taldi kostnaðinn mundu verða um 1½ millj. kr., og mun það láta nærri. Ég hefi talið, að hvort skip myndi kosta um 700 þús. kr. Styrkurinn til hvors skips yrði 175 þús. kr., eða alls 350 þús. kr., og yrði þá lítið eftir af tekjum fiskimálasjóðs, þar sem allar tekjur hans eru um ½ millj. kr.

Það væri æskilegt, út af fyrir sig, að fjölga veiðiskipunum, en undanfarið hafa flestir einstaklingar í þjóðfélaginu verið þess ómegnugir, en hinir, sem átt hafa fé í sjóði, hafa ekki viljað leggja það í slík fyrirtæki, þar sem tjón hefir orðið á útgerðinni. — Nú er sýnilegt, að ekkert verður úr þessari togarabyggingu, nema hér komi framlög á móti. Þau eiga að vera 105—145 þús. kr. Hverjir eru það í þessu þjóðfélagi, sem geta lagt fram þetta fé eða vilja leggja það fram? Ég hefi ekki trú á því, að hinir ríku menn Alþýðuflokksins fari að taka fé úr sparisjóðsbókum sínum til að leggja það hér fram. Og það mun leitun á þeim sjómönnum eða verkamönnum, sem undanfarin kreppuár hafa safnað svo í kornhlöður, að þeir geti lagt þetta fram.

Mér fannst hv. þm. Ísaf. gera sér vonir um, að þetta gæti gengið nokkuð fljótt fyrir sig. Það er auðvitað hægt að kaupa 2 togara á skömmum tíma, en hann talaði um, að það ætti að byggja þá að nýju. Hann ætti þó að vita, að erfitt er að fá skip byggð um þessar mundir, því að skipasmíðastöðvar hafa yfirleitt lofað vinnu sinni langt fram í tímann, og verðið á skipum er auk þess mjög hátt, vegna vígbúnaðarins í heiminum. Það er líka atriði, sem líta ber á, hvenær ráðast eigi í að láta byggja ný skip. Á að gera það meðan verðið er hæst, eða bíða heldur og sjá, hvort verðið lækkar ekki? En ef byggja ætti tvö ný skip, gæti orðið nokkur frestur á því. Í fyrsta lagi er ekki víst, að það tækist fljótlega að fá samninga við skipasmíðastöðvar, og í öðru lagi tekur það langan tíma að smíða skip. Er mikill vafi á því, að þessi skip yrðu til á næsta ári.

Annars er þetta tal um nýtízku togara meira en lítið hlægilegt, því að þótt nokkrar framfarir hafi orðið á þessu sviði, hefir þar þó ekki farið fram nein bylting, svo að hægt sé að tala um gamla togara sem ónýta. Ef togarinn Jón forseti, sem smíðaður var í Englandi 1907, fyrstur íslenzkra togara, kæmi nýsmíðaður hingað nú, gæti hann talizt gott skip.

Annars væri æskilegt að fá að vita, hvernig rekstri þessa fyrirtækis á að vera háttað. Það er vitað, að á undanförnum árum hafa verið miklir erfiðleikar á togaraútgerðinni, og eru til þess þrjár ástæður: Í fyrsta lagi það, hvernig ríkisvaldið hefir búið að þessari atvinnugrein. Eru sífelldir skattar á hana lagðir, og nú, þegar sósíalistar segjast ætla að aflétta útflutningsgjaldi af saltfiski, á samtímis að leggja á nýja tolla, sem bitna hart á útvegi landsmanna. Í öðru lagi eru þær kröfur, sem verkalýðsfélögin hafa gert til útvegsins og orsakað hafa það, hvernig komið er. Í þriðja lagi er svo hinn hrörnandi saltfisksmarkaður, sem veldur því, að einstaklingar vilja nú ekki leggja fé sitt í útgerð. Það er að vísu gott og blessað að lofa 2 togurum, en það væri betra, ef ríkisvaldið vildi létta byrðunum af útveginum. Eins er gott eitt um það að segja, að vilja efla sérstakan sjóð til að styrkja útgerðina, hvort sem það er fiskimálasjóður eða einhver annar. Slíkur sjóður má gjarnan vera í höndum atvmrh., og má hann hafa íhlutun um það, hverjir njóta lána úr honum. En hitt er ófært, að fiskimálan., sem hefir ekkert samband við framleiðendur, hafi þetta mikla vald. Ábyrgðin á úthlutun fjárins má vera í höndum atvmrh., en það á að renna beint til framleiðenda. Þar er fiskimálan. óþarfur milliliður. Upphaflega mun ekki hafa verið ætlazt til, að n. þessi væri atvinnurekandi eða útflytjandi í þessu þjóðfélagi. Þetta hefir þó orðið. N. hefir látið meira til sín taka um útflutning en ráð var fyrir gert.

En ég hygg, að allar nýjungar séu ekki betur settar í höndum neinna annara en þeirra, sem sjálfir eiga sína framtíð undir því, hvernig tekst um framkvæmdir.

Ég vænti þess, að við athugun í n. sé þetta frv. þannig sniðið, að það sé betur tryggt en enn er samkv. orðalagi frv., að ríkisvaldið og framleiðendur hinsvegar séu aðalaðiljar málsins.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég get verið ánægður með þá hóflegu gagnrýni, sem hv. þm. Snæf. hefir komið með gagnvart þessu frv. Hann sagði í upphafi síns máls, að með þessu frv. væru málefnin lögð undir eina n., sem sé fiskimálanefnd. Þetta er, eins og hann benti réttilega á í niðurlagi síns máls, ekki rétt, því þessi mál heyra beint undir ráðh. Fiskimálanefnd getur ekki gert neinar ráðstafanir nema hafa til þess samþykki atvmrh. Þar sem hv. þm. Snæf. talaði um, að fiskframleiðendur gætu ekki komið að sinni skoðun í fiskimálanefnd, þá er það ekki rétt, því fiskimálanefnd er samansett á þann veg, að Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda á einn mann í n., Fiskifélag Íslands á einn mann í n., Samband íslenzkra samvinnufélaga á einn mann í n. Það eru þarna 4 virðulegar stofnanir, sem tilnefna sinn manninn hver í n. Það er því ekki rétt hjá hv. þm. Snæf., að fiskframleiðendur í gegnum þessa fulltrúa hafi ekki rúman aðgang að n. En auk þess hafa þeir vitanlega aðgang að n. fyrir milligöngu hinna þingkjörnu fulltrúa.

Út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði um rækjuframleiðsluna, þá vil ég taka það fram, að rækjuveiðar voru upphaflega stundaðar af 2 Norðmönnum, sem voru búsettir á Ísafirði, en þær veiðar voru að meira eða minna leyti styrktar af bæjarstjórn Ísafjarðar. Síðan gekk bæjarstjórn í það, að fiskimálanefnd styrkti þessar rækjuveiðar. Það er ekki rétt, að ég hafi nokkurn tíma verið búinn að gefa kost á því, að taka þátt í fyrirtæki til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Það var að vísu komið til máls við mig um þetta, en ég gaf ekkert svar við því og sagðist mundu bera mig saman við mína flokksmenn á Ísafirði. Eftir að ég hafði borið mig saman við mína flokksmenn á Ísafirði, þá þótti réttara, að bæjarstj. beitti sér fyrir því að koma upp rækjuverksmiðju. Hún var síðan stofnsett með lánsfé frá fiskimálanefnd og lítilsháttar styrk. Rækjuverksmiðjan hefir verið rekin í 2 ár, og munu verða útfluttar rækjur á þessu ári fyrir um 200 þús. kr. miðað við fobverð. Þó hafa rækjuveiðarnar brugðizt að töluverðu leyti vegna ógæfta og vegna þess, að rækjurnar hafa verið af skornum skammti. Rekstur þessarar verksmiðju hefir sýnt sig að vera þannig, að bæði í ár og í fyrra hefir nokkur halli orðið á rekstrinum, en þó ekki verulegur, þegar tekið er tillit til, að þetta er byrjunarstarfsemi, og stafar það af því, að það hefir sýnt sig, að rækjuveiðar eru ekki nógu stöðugar til þess að verksmiðjan hafi nógu mikið að gera, þannig, að vextir og laun til þeirra, sem vinna við fyrirtækið, og annar kostnaður verði ekki of þungur, þar sem tíminn er svo stuttur, sem hægt er að veiða rækjurnar. Ég hygg, að rekstrinn hafi sýnt það, að rækjuframleiðslan á að vera undirstaðan undir rekstri verksmiðjunnar, þannig, að aðrar tegundir sjávarafurða séu teknar með og soðnar niður á þeim tíma, sem rækjur veiðast ekki. Ég tel það ekkert undarlegt, þó fyrirtækið hafi ekki sýnt arð fyrstu 2 árin, og er það í rauninni furða, að svo vel hefir tekizt um reksturinn, sem raun er á orðin. En það er rétt að ítreka það, að þessi iðnaður er kominn á fót fyrir tilstilli fiskimálanefndar, þó bæjarstj. Ísafj. hafi tekið að sér rekstur verksmiðjunnar.

Út af því, sem hv. þm. sagði um harðfiskinn, þá þarf engan að undra, þó lítið hafi verið hert af fiski á aflaleysisárunum 1935 og 1936. Ef þorskaflinn hefði verið þá eins og hann var 3 árin undanfarin, þá er enginn vafi á því, að mikið hefði verið hert af fiski á árunum 1935—1936. En eins og kunnugt er, þá brást þorskaflinn alveg þessi ár, og það var ástæðan fyrir því, að ekki var hert meira. Nú á þessu ári er harðfisksútflutningurinn um 400—600 þús. kr., og er það nær eingöngu útflutningur vöru, sem var siður að kasta, sem sé ufsa. Þarna er um að ræða hagnýting á fiski, sem áður var mjög verðlítill sem saltfiskur eða verðlaus, þar sem honum var oft kastað í sjóinn.

Þó að einhver samþykkt hafi komið frá Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðanda, þá er það siður en svo sönnun fyrir því, að störf fiskimálan. hafi ekki verið hagnýt. Það veit bæði ég og hv. þm. Snæf., að á aðalfundi S. Í. F. eru að miklu leyti samankomnir sjálfstæðismenn, sem eru pólitískir andstæðingar þeirra flokka, sem stóðu að stofnun fiskimálan., og þeir fylgja Sjálfstfl. í því, að þeir eru á móti því, að vandræði sjávarútvegsins séu leyst á þann hátt að láta fiskimálan. starfa. Samþ. frá S.Í.S. fundum eru þess vegna ekkert frekar dæmandi um störf fiskimálanefndar heldur en t. d. samþykktir frá þingmálafundi í Keflavík, þar sem sjálfstæðismenn eru í stórum meiri hl. Það er sagt að vísu í frv., að fiskimálanefnd geti veitt hvort heldur er lán eða styrk til að stofna niðursuðuverksmiðjur eða hraðfrystihús. Það er ekki ætlazt til, að veitt séu fyrst og fremst lán, heldur hvort heldur er lán eða styrkur, eftir því, hvort betur hentar. Það er svo, að ýmsir vel stæðir menn eða félög hafa sett upp eða munu setja upp hraðfrystitæki í íshús, og þurfa því ekki á styrk að halda. Það gæti komið sér vel fyrir slíka menn eða félög að geta fengið lán til skamms tíma. Það virðist ekki nóg ástæða til að rýra starfsfé fiskimálasjóðs með því að gera fiskimálasjóði að skyldu að veita styrk úr sjóðnum til vel stæðra fyrirtækja, sem ekki þurfa á styrk að halda. Aftur á móti eru sumir svo staddir, að það eru ekki nein ráð fyrir sjómenn og útgerðarmenn að koma upp hraðfrystihúsum nema að fá til þess beinan styrk. Ég hygg, að það muni verða erfitt fyrir stað eins og t. d. Ólafsvík að koma upp hraðfrystihúsi, nema að fá til þess beinan styrk. Ég fyrir mitt leyti felldi mig betur við að hafa það ákvæði, að heimild væri til hvors tveggja, svo að þeim stöðum, sem illa eru farnir vegna fátæktar og atvinnuleysis, verði veittur styrkur, en hinum, sem ráð hafa á því að setja upp hraðfrystitæki í hús sín, verði frekar veitt lán.

Hv. þm. Snæf. vildi halda því fram, að Alþfl. væri að nota hvert tækifæri til þess að semja sig frá fyrri hugsjónum. Nú höfum við í Alþfl. á undanförnum árum, eða frá því að vandræði sjávarútvegsins byrjuðu, verið reiðubúnir til að hafa forgöngu í því að leysa vandræði sjávarútvegsins á sem hagkvæmastan og framkvæmanlegastan hátt. Ég veit, að við höfum ekki gert okkur seka í því að koma fram með tillögur á Alþingi um stór fjárframlög til sjávarútvegsins, án þess að sjá fyrir tekjustofnum í staðinn, eins og sjálfstæðismenn gera sig oft seka um.

Í því frv., sem hv. þm. Snæf. gat um áðan, að Alþfl. hefði flutt á síðasta þingi, er gert ráð fyrir aðalatriðum þeim sömu og eru í þessum till. Þar var gert ráð fyrir, að ríkið veitti styrki til niðursuðuverksmiðja og veitti styrki eða lán til stofnunar hraðfrystihúsa. Það var ennfremur gert ráð fyrir, að ríkið legði fé fram til kaupa á nýtízku togurum. Eins og hv. þm. Snæf. réttilega benti á, þá vann Alþfl. ekki þann sigur í kosningunum, að hann gæti haldið fast við þessar till. Ennfremur hafa eins og hv. þm. Snæf. benti á, vandræðin með saltfisksveiðarnar haldið áfram. Eigi að síður eru fyrir hendi allar sömu ástæðurnar, sem voru fyrir hendi, þegar við fluttum frv., sem hv. þm. Snæf. gat um. En það er nauðsynlegt, að gengið sé úr skugga um, hvort ekki sé hægt með góðum árangri að halda uppi togaraútgerð frá Íslandi með nýtízku togurum. Hv. þm. sagði, að ef elzti togarinn, Jón forseti, sem hingað kom 1907, væri við lýði, þá myndi hann vera álitinn sæmilegt skip. Hann væri álitinn það, en hann væri ekki talinn nýtízku togari, og þar skilur nokkuð á milli. Hann væri talinn sæmilegt skip eftir þeirrar tíðar mælikvarða, þó hann væri að ýmsu leyti útbúinn með öðrum tækjum en nýtízku togarar. M. a. eru nýtízku togarar almennt útbúnir tækjum til að kæla loft í fiskilestum skipsins, svo að geymsla fiskjarins er betri en hún áður var. Ennfremur eru nýtízku togarar útbúnir með tækjum til að vinna fiskimjöl úr fiskúrgangi. Það er sagt af kunnugum mönnum, að þetta beri góðan árangur. Hvorug þessi tæki eru til í neinum nýtízku togara, sem haldið er úti héðan frá Íslandi, nema fiskimjölsvélar í einum.

Nú vildi hv. þm. Snæf. fá að vita, hvort við útgerð þessara togara ætti að ráða stefna Framsfl. eða stefna Alþfl. og spurði, hvort heldur ætti að reka þessa togara með samvinnusniði eða það ætti að vera bæjarútgerð. Ég neita því, að samvinnuútgerð sé nokkurt stefnumál Framsfl. (TT: Hefir hv. þm. nokkurt umboð til þess). Ég hefi það umboð til þess, að ég hefi veitt forstöðu samvinnuútgerð í samfleytt 9 ár, og ég mótmæli því, að ég sé framsóknarmaður. Samvinnuútgerðin, sem ég veiti forstöðu, er ekki stofnuð af framsóknarmönnum, heldur af Alþfl. á Ísafirði. Það er því ekki réttmætt að krefjast þess, að hv. þm. taki það alvarlega, þegar hv. þm. Snæf. segir hér á Alþ., að samvinnuútgerð sé stefnumál Framsfl., þar sem vitað er, að elzta og stærsta samvinnuútgerð á landinu er stofnuð og starfrækt af Alþfl. Að öðru leyti vil ég benda á, að þó svo kunni að virðast, að ýmsir aðþýðuflokksmenn álíti, að betra væri að reka þessa togara, sem í ráði er að kaupa, í bæjarrekstri, þá má benda á það, að Alþfl. hefir a. m. k. eins og sakir standa ekki nein ráð í hendi sér til þess að skylda bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að taka upp togararekstur. Hann hefir ekki í hendi sér nein ráð til þess, svo ef þannig skyldi fara, að Sjálfstfl. héldi áfram að hafa meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur eftir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur, sem vitanlega er æskilegt að ekki yrði, þá yrðu lagaákvæði um að styrkja togaraútgerð dauður bókstafur. (TT: Eru ekki fleiri bæjarstjórnir á land-

inu?). Ég geri ráð fyrir því, þó ekki sé það sagt beinlínis í frv., að gengið sé út frá því, að þessi tilraunarekstur með togara fari helzt fram í Reykjavík. Það má vel vera, að hv. þm. Snæf. vaxi það í augum, að safna þurfi 225 þús. kr. til þess að koma á fót nýtízku togaraútgerð. Ég skal benda honum á, að í jafnfátæku bæjarfélagi og Ísafjörður er, þá var á sínum tíma safnað um 60 þús. kr. til þess að koma á fót samvinnuútgerð. Ég verð að segja, að Reykjavík hefir ólíkt betri ástæður til að safna 225 þús. kr. til að koma á fót togaraútgerð heldur en var á sínum tíma á Ísafirði að safna 60 þús. kr. til að koma þar á fót samvinnuútgerð. Ég held, að ef almenningur hefir trú á þessu, sem ég held, að margir sjómenn hafi, bæði vélstjórar, stýrimenn og skipstjórar, þá held ég, að það sé óþarfi að mikla þetta fyrir hv. þm., þó safna þurfi 225 þús. kr. til þess að koma á fót togaraútgerð með nýtízku sniði. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég hefði verið miklu ánægðari með þetta, ef togararnir hefðu verið fleiri en 2, en þó sættum við okkur við það eins og ástandið er nú í landinu, að farið sé á stað með 2 togara. Og fyrir hv. þm. Snæf., sem virðist vera á móti því, að farið sé á stað í togaraútgerð, jafnvel þó hún sé með samvinnusniði, ætti það ekki að vera umkvörtunarefni, að togararnir séu of fáir. Ég mótmæli því alveg, að Alþfl. sé með flutningi þessa frv. að semja sig frá sínum stefnumálum. Alþfl. er þvert á móti að semja um byrjun á framgangi þessa stefnumáls síns, — að vísu minni byrjun en við hefðum kosið, ef við hefðum verið einráðir um þetta.

Nú er ekkert sagt um það í frv. því, sem fyrir liggur, þó ég léti svo um getið áðan, að ég byggist við, að þessir togarar yrðu byggðir eða samið yrði um byggingu þeirra. Það er ekkert um þetta sagt, og það mætti auðvitað, ef hægt væri að flýta málinu meira á þann hátt og samt fá togara með nýtízku sniði, semja um kaup á nýjum togara.

Ég benti á, að þó svo væri, að fiskimálasjóður legði fram um 365 þús. kr. til kaupa á nýjum togurum, þá væri samt eftir af 2 ára tekjum fiskimálasjóðs 625—650 þús. kr. til annara útgjalda. Ég vona, að hv. þm. Snæf. sé mér sammála um það, að þó þetta sé ekki geysistór upphæð, þá sé það þó sú upphæð, sem muni nægja til að byggja nauðsynleg hraðfrystihús á þeim stöðum, sem enn hafa ekki komið upp hraðfrystihúsum, og til þess að styrkja þó nokkuð mikið væntanlegar niðursuðuverksmiðjur. Eins og hann gat um áðan, þá eru framkvæmdir í niðursuðu ekki komnar nema mjög skammt á veg hér á landi. Ég get upplýst það, að stofnsetning niðursuðuverksmiðju er ekki mjög dýr. Áhöld, vélar og annað er ekki sérstaklega dýrt. Og þegar farið er á stað með niðursuðu í tilraunaskyni, og þó nokkur áherzla sé á hana lögð, þá ætla ég, að sú fjárhæð, sem hér er lagt til, að varið sé í þessu skyni, sé nokkuð nærri réttu lagi. Í öðru lagi vil ég benda á, að búið er að reisa hraðfrystihús á nokkuð mörgum stöðum á landinu. Það er ekki sennilegt, að á næstu 2 árum verði varið meira en um 100 þús. kr. á ári til að byggja ný. Ég hygg, að eftir 2 ár, ef ekki opnast stórmarkaðir fyrir hraðfrystan þorsk, sem hvergi eru til nú, og þegar búið er að veita um 200 þús. kr. í viðbót til hraðfrystihúsa, þá muni nokkurn veginn vera séð fyrir hraðfrystihúsaþörfinni til að frysta kola og aðrar þær fisktegundir, sem frystar eru. Fari svo, að markaður finnist fyrir hraðfrystan þorsk, þá þarf að auka framlagið að miklum mun, en hraðfrysting á þorski hefir enn ekki náð þeim árangri, að ástæða sé til að gera ráð fyrir öðru en hún sé á beinu tilraunastigi, svo að ekki þurfi að auka framlagið stórkostlega til hraðfrystihúsa af þeim ástæðum.

Ég held svo, að ég þurfi ekki að eyða fleiri orðum að athugasemdum, sem hv. þm. Snæf. kom með viðvíkjandi þessu frv.

Ég vil benda á, að frv. gerir ráð fyrir, að stofnuð verði félög sjómanna og verkamanna og annara stuðningsmanna, sem kaupi þessa togara. Um rekstur og fyrirkomulag á þessu félagi fari síðan eftir þeim skilmálum, sem fiskimálanefnd setur, að fengnu samþykki ráðh., þó þannig, að ætíð verði óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta skipanna, sem keyptur er fyrir þann styrk, sem veittur er úr ríkissjóði.

Þetta ákvæði er í samræmi við þá stefnu, sem núv. stjórnarflokkar hafa tekið upp um það t. d. að ekki sé hægt að selja jarðabótastyrk. Og þetta virðist sjálfsagt, því annars væri ekkert til fyrirstöðu, að hægt væri að fá á fjórða hundrað þús. kr. til að kaupa tvo togara fyrir, draga e. t. v. fé út úr rekstrinum, ef vel gengi, og græða þannig á því fé, sem fengið var úr ríkissjóði, eða selja togarana að vörmu spori með góðum hagnaði.

Hv. þm. Snæf. taldi, að þeir erfiðleikar, sem sjávarútvegurinn á í nú, væru þrem orsökum að kenna. Fyrst og fremst væru þeir að kenna ríkisstj. Í öðru lagi ósanngjörnum kröfum verkalýðsfélaganna. Og í þriðja lagi hrörnun saltfisksmarkaðarins. Ég er hissa á því, að hv. þm. Snæf., jafnskilgóður maður og hann er og kunnugur útgerðarmálum, skuli snúa þessum orsökum algerlega við, því hann veit það, og það veit hvert mannsbarn á landinu, að örðugleikar sjávarútvegsins eru fyrst og fremst að kenna hrörnun saltfisksmarkaðarins og verðleysi á saltfiski. En aðrar ástæður, sem hv. þm. Snæf. kom með, ná ekki nokkurri átt, vegna þess, að í tíð núv. ríkisstj. hafa ekki verið settir neinir skattar eða álögur á sjávarútveginn, sem ekki voru þar á meðan sjálfstæðismenn réðu ríkisstjórninni. Má nefna kolatoll og salttoll og annað það, sem hvílir þyngst á togaraútgerðinni, gjöld til hafnarsjóða og annað slíkt. Þetta er allt komið áður en núv. stjórnarflokkar tóku við völdum. Það kemur því úr hörðustu átt, að hv. þm. Snæf. skuli halda því fram, að núv. stjórnarflokkar hafi íþyngt sjávarútvegnum með nýjum álögum, og ennfremur vitna í kaupgjald það, sem sjómenn og verkamenn bera úr býtum, sem er síður en svo hátt, að þeir geti almennt haft af því sæmilegt lífsviðurværi. Og fyrir þann, sem tekur há laun sem framkvæmdarstjóri fyrir að selja fisk landsmanna, virðist það koma úr hörðustu átt, að telja eftir þetta lága kaup sjómanna og verkamanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar þrjár ástæður, sem hv. þm. Snæf. hefir borið fram sem ástæður fyrir vandræðum sjávarútvegsins, því það veit hvert mannsbarn í landinu, að vandræði sjávarútvegsins stafa fyrst og fremst

af hrökun saltfisksmarkaðarins og verðleysi saltfisksins, sem núv. ríkistjórn ber enga sök á, og ekkert getur ráðið við, enda öll fiskverzlun í höndum sjálfstæðismanna.

*Sigurður Kristjánsson: Það eru nú því miður ekki margir viðstaddir þeirra manna, sem bera ábyrgð á fiskimálan. og hennar gerðum undanfarin ár. Það lítur út fyrir annað tveggja, að það fylgi ekki mikill hugur þessu frv., sem þeir bera hér fram, eða að þeim finnist ekki beinlínis eftirsóknarvert að þurfa að standa fyrir máli sínu. En þetta má á engan hátt standa í vegi fyrir því, að þeir menn, sem mótfallnir eru þeirri skipun, sem til var stofnað með skipun fiskimálanefndar og til er stofnað á ný með þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 163, beri fram þau rök, sem gegn því eru, að þessi n. fái að starfa í sama anda og á sama hátt og hún hefir gert hingað til.

Það er ekki nema eðlilegt, þegar það er til umr., að fá þessari n. nýtt fé í hendur, þar á meðal sennilega á annað hundrað þús. kr. á ári beint frá fiskeigendum, þó að menn vilji þá rifja upp, hvernig hún hefir farið með það fé, sem henni hefir áður verið fengið í hendur, og hvernig fiskeigendur, þeir, sem afla þessara afurða, líta á n. og störf hennar.

Það er ekkert leyndarmál, að þegar þessi n. var stofnuð, þá litu þeir menn svo á, sem gengizt hafa fyrir því að afla verðmæta úr sjónum, að n. væri miklu frekar sett til höfuðs þessum atvinnurekstri en honum til styrktar og eflingar. Og það fyrsta, sem sannaði þetta mál, var það, þegar til þess var tekinn maður, að vera formaður n., sem vitað var um, að ekki þekkti neitt til þessa atvinnurekstrar, maður, sem vera má að þekki þorsk frá ýsu, en hefir hvorki fengizt við að afla sjávarafurða, verka þær eða verzla með þær í neinni mynd.

Það er ákaflega ósennilegt, að ef stj. og stjórnarflokkarnir hefðu stofnað til þessarar n. með það fyrir augum, að n. hefði forgöngu í því að koma lag sjávarútvegsins á betri grundvöll en hann hvílir á, að þá hefði verið valinn maður til þeirrar forgöngu, sem ekkert þekkti inn á þessi mál á neinu sviði, hvað sem hans hæfileikum að öðru leyti liði. En þetta var gert. Nú var vitanlega beðið átekta um það, hvernig n. leysti verk sitt af hendi. En það var ekki fyrr en nýlega, að n. fékkst til þess að gefa nokkra skýrslu um störf sín. Þetta er skýrsla fyrir tvö fyrstu árin. Að sönnu er flest það, sem í skýrslunni er, um ýmsa aðra hluti en störf n., og margt er þar óviðkomandi algerlega hennar verkahring. Þar er þulið upp eitt og annað um afrek einstakra manna á þessu sviði. En í þessari skýrslu eru þó reikningar n. fyrir árin 1935—1936, og í gegnum þessa reikninga er hægt að sjá nokkuð, hver afrek n. í þessi tvö ár hefir unnið.

Fyrra árið hefir n. fengið í sínar vörzlur 136 þús. kr. Nú segist hv. frsm. þessa máls svo frá, að n. hafi aðallega haft það verk með höndum að styrkja ýmsar nútíma framkvæmdir á sviði sjávarútvegsins og gera sjálf ýmsar tilraunir í þessa átt. Þegar maður athugar reikninga fyrsta ársins, ber lítið á styrkjum. Það sést, að sá styrkur, sem greiddur hefir verið af n., er aðeins rúmar 19. þús. kr. En af því að ég finn ekki neinstaðar í reikningunum kostnað við að gera kvikmynd í þágu sjávarútvegsins, þykir mér líklegt, að sá kostnaður sé innifalinn í þessari upphæð. Og þá er lítið eftir annað en styrkur til karfaveiða, 5660.25 kr. Þessi kvikmynd er á reikningum sama árs talin á 10495.46 kr., en á eignareikningi næsta árs er hún talin á 100.00 kr. Það hefir orðið mikið verðfall á þessari dýru eign. En það er ekki svo undarlegt. Hún átti að notast til þess að útbreiða þekkingu á íslenzkum sjávarútvegi, sennilega bæði aflabrögðum landsmanna og verkun og hagnýtingu fiskjarins. Til þess var fengin sérfræðingur; hann mun hafa verið frá Þýzkalandi, einhver kvikmyndatöku-prófessor, eða dósent kannske. En verk hans eru þessi, að í myndinni er ekkert til, sem kemur sjávarútveginum við. Mestur hluti hennar er af samkvæmislífi á hótel Borg. Og þetta átti að útbreiða þekkingu á sjávarútvegi Íslendinga. Það hefðu líklega þurft að vera 9 menn í n. til þess að það hefði getað orðið eitt atriði í myndinni úr sjávarútvegnum, þó ekki hefði verið nema mynd af formanni n., því myndin af honum lítur betur út en myndin af verkum hans.

Það er bezt að halda áfram með þessa mynd, sem hér er dregin upp í reikningunum af störfum n. Þar ber mest á einskonar braski og svo stjórnarkostnaði eða rekstrarkostnaði. En það er vitanlegt, að það var ekki á það minnzt einu orði, að þessi n. færi að hafa með höndum neitt brask. Hún átti aðallega að vera til þess að styrkja þá menn, sem hafa vit á og framtak til að gera ýmsar nýjungar á sviði sjávarútvegsins. En hér sést, að n. hefir aðallega buslað í hraðfrystingu. Hún hefir sent fisk til Póllands, og það virðist hafa gengið bærilega, því tekjur sjást engar, en gjöldin hafa verið 44721.86 kr. og annar kostnaður 28247.82 kr., samtals 72969.68 kr. Þetta er ekki alveg frádráttarlaust, því upp í þetta hafa komið 1778.66 kr., og þá eru eftir 71191.02 kr. Þetta er nokkuð risavaxið í sambandi við það, sem n. hefir varið til styrktar mönnum til nýbreytni í þessum atvinnurekstri

Þá kemur árið 1936. Þá er veittur styrkur, sem virðist vera talsvert meiri, þ. e. a. s. ef talið er með það, sem n. hefir látið af mörkum til Þorsleiðangursins til sjómælinga og rannsóknar fiskimiða. En það var samþ. hér á Alþingi, að ríkið léti gera þetta. Til þessa hefir n. varið 22 þús. kr. Alls eru þá styrkirnir um 59 þús. kr. En þá er ekki hraðfrystibraskið alveg úr sögunni, því það ár hefir n. sent hraðfrystan fisk til Ameríku. Á þessum fiski virðist hafa orðið 42 þús. kr. tap. Og í viðbót við þetta hefi ég heyrt, að n. hafi sent, og það er víst, að hún sendi fisk á yfirstandandi ári til Ameríku. Og sagt er mér, að fiskurinn hafi ekki gert betur en að borga kostnaðinn og muni hafa tapazt allur, og er það tap um 100 þús. kr.

Ég veit ekki, hvort það finnst nokkur maður í útgerðarstétt eða fiskimannastétt, sem telji, að afrek fiskimálanefndar svari til þeirra stóru orða, sem höfð voru við stofnun n. Og víst er um það, að ef fiskeigendum hefði farið svipað úr hendi þeirra starfsemi og þetta, þá mundi það ekki hafa verið talið hrósvert Um það, hvað n. að öðru

leyti hefir afrekað á yfirstandandi ári, er ekki kunnugt, því hún hefir enga skýrslu gefið út. En þessi tvö ár, sem reikningarnir ná yfir, hefir n. fengið, eftir rekstrarkostnaðinum, í sinn sjóð frá fiskeigendum og ríkissjóði 340 þús. kr. rúmlega. En það er ekki fundið, að farið hafi í styrki meira en 78 þús., og svo er ekki skýrsla nema að litlu leyti yfir það, til hvers þessir styrkir hafa farið.

Þessi afrek n., sem hægt er að sjá af reikningunum, mæla að mínu viti ákaflega slælega með því, að þetta þing, sem nú situr, fari að leggja fram yfir ½ millj. kr. til að láta þessa n. fara með. Það lítur út fyrir, að hún muni aðallega verja því í misheppnað brask, og þó hún kunni að segja sér til málsbótar, að það séu tilraunir á ýmsri nýbreytni, þá er það víst, hvað snertir hraðfrystifiskinn, sem sendur var til Ameríku, að þar var um kapphlaup að ræða við fiskeigendurna sjálfa, en með þeim árangri, sem ég hygg, að enginn muni í móti mæla, að sé með mestu endemum.

Ég hefi á það minnzt, að það verði ekki fundin mjög mikil nýbreytni hjá n. eða að hún hafi styrkt mikla nýbreytni, og fer ég ekki frekar út í það vegna þess, að hv. þm. Snæf. hefir sýnt óhrekjanlega fram á, að það, sem n. hefir verið að káka við, hefir ekki verið nein nýbreytni; það hafa verið hlutir, sem áður hefir verið byrjað á og n. vasazt inn í, oftast nær með leiðinlegum árangri.

En það eru fleiri vitnisburðir til um afrek n. og hversu mikils styrks þeir menn, sem bezt hafa vit á, vænta af n. fyrir þessa miklu atvinnugrein. Það hefir komið til kasta þeirra manna, sem aðallega hafa byggt upp sjávarútveginn hér og standa undir honum, sem sé útgerðarmanna og annara fiskeigenda, að segja sitt álit á þessari n.

Það má vel segja það, að þeir menn hér á þingi, sem eru viðriðnir sjávarútveginn, hafi ekki umboð til að fella dóm fyrir hönd fiskeigenda yfir störfum þessarar n. En það hefir fengizt tækifæri til að fá þeirra álit fram í þeirra eigin hóp. Og ég vil vitna í það, sem hv. þm. Snæf. minntist á áðan, að félag fiskeigenda á Íslandi hefir haft málið til meðferðar á sérstökum fundi og sagt álit sitt um það, sem n. hefir afrekað og vonir standa til, að hún muni afreka í framtíðinni.

Á fundi, sem fiskeigendur héldu hér í Reykjavík 3.—4. apríl 1936, var samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. fundarályktun, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa hér upp:

„Aukafundur S. Í. F. lítur svo á:

1. Að fiskimálanefnd hafi unnið fisksölunni tjón og álitshnekki með afskiptum af fisksölunni til Norður-Ameríku.

2. Að stj. S. Í. F. geti annazt flest störf n. því nær kostnaðarlaust, og sé betur til þess treystandi að leysa þau vel af hendi.

Skorar fundurinn á Alþingi að láta fiskimálanefnd hætta störfum nú þegar, og ráðstafa verkefnum hennar eins og lagt er til í frv., sem nú liggur fyrir Nd. Alþingis (þskj. 51)". — En það var frv. til l. um að fresta framkvæmd fiskimálanefndar og leggja verkefni hennar sumpart undir ríkisstj. og sumpart undir fisksölufélagið.

Ennfremur samþ. þessi fundur hér aðra ályktun, sem ég ætla einnig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp:

„Fundurinn telur eðlilegt, að framkvæmdarstjórar S. Í. F. sjái um sölu á öllum fiski, sem félagsmenn þurfa að láta selja fyrir sig, í hvaða ástandi sem hann er. Einnig telur fundurinn, að framkvæmdarstjórar félagsins hafi bezt skilyrði til að leysa söluna vel af hendi og með hóflegum kostnaði fyrir fiskeigendur. Felur því fundurinn stj. að undirbúa og leggja fyrir næsta aðalfund þær breyt. á félagslögunum, að S. Í. F. skuli sjá um sölu fiskframleiðslu félaga sinna, í hverju verkunarástandi sem hann er".

Og síðan hefir það gerzt, að þetta félag, S. Í. F., hefir sett þetta inn í l. sín. Það, sem veldur því, að S. Í. F. lítur svona á, að n. hafi yfirleitt ekki unnið útgerðinni gagn og að fisksölusambandið standi betur að vígi að leysa verkið vel af hendi heldur en n., stafar af því, að fyrst og fremst hefir sölusambandið yfir miklu fjölbreyttari reynslu og kröftum að ráða í þessum efnum en fiskimálan., og í öðru lagi er eðlilegast, að allsherjar félagsskapur fiskeigenda hafi með þessi sölumál og tilraunir vegna útvegsins að gera. Það er miklu eðlilegra, að hann taki að sér þetta verk en einhver n., sem skipuð er af handahófi og kannske pólitískt.

Í þriðja lagi stafar þetta af því, að fiskeigendur hafa séð, hvernig geysifé fór í súginn hjá þessari nefnd, en hafa hinsvegar ekki þótzt sjá árangur sem telja mætti verulegan, til framdráttar fyrir útgerðina.

Ég þykist sjá, að hæstv. forseti lítur á klukkuna. Mér er sama, þó að ég skipti ræðu minni. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurður Kristjánsson [frh.]: Út af ræðu hv. flm. þessa máls vildi ég bæta nokkrum orðum við það, sem ég sagði í gær.

Hv. flm. sagði, að eitt af höfuðatriðum frv. fælist í þeim styrk, sem ætlazt væri til, að veittur væri úr fiskimálasjóði til nýtízku togara. Það mun vera svo, að þetta mun vera eitt af samningsatriðunum milli stjórnarflokkanna, alveg eins og það á sínum tíma var höfuðatriðið til skilnaðarins milli þessara flokka, sem leiddi til þingrofs, því að það var a. m. k. aðalatriðið í grg. ríkisstj. fyrir samningsslitunum, sem hún sagði, að orðin væru fyrir þingrofið, að flokkana greindi á um þjóðnýtingu á atvinnuvegunum, og þó sérstaklega á sjávarútveginum. Nú hafa þessir flokkar aftur tekið saman og eru byrjaðir á ný að stjórna landinu, sem þeir raunar aldrei hættu við, en þá hlaut þetta sýnilega að verða eitt af samningsatriðunum, og nú er á það að líta, hvernig flokkarnir hafa komizt frá því að semja um þá hluti, sem varð þeim að skilnaði nú fyrir rúmlega hálfu ári síðan.

Hv. frsm. sagði, að ætlazt væri til, að byggðir væru tveir nýtízku togarar, og taldi Alþfl. hafa orðið að hafa forgöngu um þetta af þeirri ástæðu, að núv. togaraeigendur sinntu því ekki.

Það er eðlileg ástæða til þess, að núv. togaraeigendur geta ekki bætt við sig skipum. Bæði er það, að togaraútgerð hefir ekki borið sig, eins og margsinnis hefir verið bent á, og það er varla þess að vænta, að menn auki mjög við þann atvinnuveg, sem annars er rekinn með tapi. Í annan stað er það vitað, að togaraeigendur eins og aðrir útgerðarmenn, eru búnir að eyða eigum sínum í að halda uppi togaraútg., til þess að bæði landslýðurinn, sem byggir afkomu sína á þessari atvinnugrein, og ríkið, sem byggir á henni tekjur sínar, gæti haldizt við. En því fer mjög fjarri, að togaraeigendur séu því mótfallnir, að atvinnurekstur þessi verði látinn fylgjast með tímanum og sé á hverjum tíma rekinn með nýtízku aðferðum. Líklega er enginn atvinnurekstur hér á landi, sem sannar það sjálfur, að þeir, sem fyrir honum hafa staðið, hafa opin augun fyrir því, að atvinnurekstur þarf að vera rekinn með nýtízku tækjum, og það er ákaflega einkennilegt, að jafnframt því, sem sjávarútvegurinn er svo að segja eini atvinnureksturinn hér á landi, sem hefir komizt í það horf, að vera rekinn með nýtízku aðferðum, og þar af leiðandi í afköstum gert svo mikil afrek, sem kunnugt er, að það er einmitt þessi atvinnurekstur, sem hefir orðið fyrir látlausum ofsóknum af hendi ákveðins stjórnmálaflokks í landinu, Alþfl., flokks, sem þó þykist vera að sjá fyrir hag aðallega þeirra manna, sem hafa lífsuppeldi af þessum atvinnuvegi. Annars virðist þessi flokkur hafa fengið þá áminningu, sem hann þurfti, því að sú mikla skriða, sem féll af honum við síðustu kosningar, sýnir, að lýðurinn er sínum foringjum framar.

Í þessu sambandi er hægt að færa fram sannanir fyrir, að útgerðarmenn eru alls ekki fallnir í neitt kyrrstöðuspor fram yfir það, sem fjárhagsörðugleikar þeirra hafa sett þá í. Það er vitað, að skammt er síðan einn útgerðarmaður hér á landi varð fyrir því óhappi, að missa togara, sem hann átti, og það er viðurkennt, að þessi útgerðarmaður vildi fá að verja tryggingarfénu til þess að festa kaup á nýtízku togara, en hann fékk það ekki. Ég hefi ekki heyrt getið um, að Alþfl. hafi látið það mál sig nokkru skipta, en ef hann hefir ekki spillt því, þá hefir hann þó a. m. k. ekki bætt fyrir því. Hann fékk ekki að gera það, sumpart af því, að féð mundi ekki hafa hrokkið, heldur hefði hann orðið að njóta einhvers atbeina lánsstofnana eða annara. En ég held, að þessi krafa um að færa atvinnureksturinn í nýtízkuhorf, hafi aldrei komið í neinni alvöru frá þeim mönnum, sem eru nú að burðast með þetta frv. Hún hefir komið frá útgerðarmönnum sjálfum, og það er eðlilegt, því að þeir hafa miklu meiri skilning á þessu.

Ég skal ekki sakast um, þó að Framsfl. færði nú við þetta nýja brúðkaup Alþfl. þennan heimanmund. Hann er miklu minni en Alþfl. hafði upphaflega farið fram á, svo að segja má, að hvorirtveggja hafi orðið að ganga undir mjög eftirminnilegt jarðarmen. Mikið skal til mikils vinna, og þetta nýja samband er ekki of dýru verði keypt með því jarðarmeni. En ég efast stórlega um, að þessi heimanmundur verði að miklu í höndum brúðgumans. Í fyrsta lagi er, að það, sem áskilið er, að á móti komi, 15% af kaupverði togarans, það er óviðunandi, að sá, sem á að vera eigandi fyrirtækisins, eigi að leggja fram minna en styrknum nemur. Og þó það yrði fært upp í 25%, þá er ekki víst, að þau 50%, sem á vantaði, yrðu gripin upp. Ég er hræddur um, að það verði ekki á næstu árum, sem þetta léttir undir með atvinnulífinu í landinu. Hitt efast ég ekki um, að það fé, sem kemst í hendurnar á fiskimálanefnd, er hægt að kveðja í hinnzta sinn fyrir árslok 1938, eftir því sem hún hefir verið afkastamikil að koma fyrir kattarnef því fé, sem henni hefir verið fengið til umráða.

Ég skal ekki tefja tímann lengur í þetta skipti, en þó að ég geti lýst yfir, að ég er því fylgjandi, að leitað sé ráða til að koma þessum atvinnuvegi í nýtízku horf, þá tel ég ófarsvaranlegt að ætla af hinni litlu gjaldgetu ríkissjóðs, útgerðarmanna og fiskeigenda að henda hálfri millj. kr. meira í fiskimálanefnd, eftir þeirri reynslu, sem við höfum á því, hvernig hún fer með það fé, sem henni er trúað fyrir. Þar af leiðandi er þetta eitt nóg til að gera frv. gersamlega óviðunandi. Og þar að auki er það óskiljanlega frekt, ef löggjafarþingið leyfir sér að gefa fiskeigendum slíkt hnefahögg sem þetta, beint ofan í ályktanir og áskoranir þings allsherjarfélagsskapar þessara manna. Þetta álít ég ósæmilegt fyrir Alþingi að gera.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Hv. síðasti ræðumaður lauk máli sínu með því, að það væri fullkomið hnefahögg í andlit fiskeigenda í landinu að leggja hálfa millj. til ráðstöfunar til viðreisnar sjávarútveginum, ef féð væri látið til fiskimálanefndar. Mér skildist, að hann mundi því greiða atkv. gegn þessu frv. Hv. þm. Snæf. sagði í ræðu sinni í gær ekki alveg það sama, því að hann var miklu gætnari í orðum heldur en hv. 6. þm. Reykv., en hann taldi þó, að megingalli frv. væri sá, að fiskimálan. væri ætlað að fjalla um þær aðgerðir, sem ráðgerðar eru. Hann sýndi enga viðleitni til að finna þeim orðum sínum stað, að n. væri ekki til þess trúandi. Það mun hinsvegar hv. 6. þm. Reykv. talið sig hafa gert í sinni ræðu. Hinsvegar tel ég, að það, sem hann bar þar fram í þessu efni, sýni einmitt, að slíkar mótbárur sem þessar hafi við engin rök að styðjast.

Hv. þm. sagði réttilega, að fiskimálanefnd hefði eytt því fé, sem hún hafði fengið til ráðstöfunar. En ég hygg, að ekki geti verið skiptar skoðanir um, að til þess hafi verið ætlazt, að hún notaði það fé, en legði það ekki í sparisjóðsbók.

Það segir sig líka sjálft, að því aðeins þarf að leggja fram fé af alþjóðar sjóði til tilrauna og nýbreytni, að ekki er fyrirfram vitað um árangurinn, og það er ekki heldur veitt fé í tilraunaskyni til þess, sem fyrirfram er tryggður gróði af, því þá væri óþarft að leggja fram fé úr ríkissjóði eða skipa sérstaka n. til að annast um framkvæmdirnar, því þá væru margir fúsir til að leggja fram fé til þess, ef þeir ættu víst að fá það aftur, sérstaklega ef um gróða væri að ræða.

Verkefni n. hefir verið að gera ýmsar rannsóknir og tilraunir, sem ekki var fyrirfram vitað um, hvern árangur mundu bera, og það hljóta all-

ir menn með heilbrigða skynsemi að sjá, að til slíkra tilrauna og rannsóknarstarfsemi hlýtur að þurfa mikið fé. Að sjálfsögðu má deila um ýmsar aðgerðir n., eins og kvikmyndatökuna, sem hv. þm. kallaði kvikmyndatöku af samkvæmislífinu á hótel Borg, sem ég hygg, að sé ekki rétt. Það ber að játa, að þetta hefir mistekizt, en til þess voru fengnir menn, sem ég hygg, að af sjálfstæðismönnum hafi verið taldir prýðilega til þess fallnir, t. d. Guðmundur Kamban (SK: prófessor?). Ég held, að hann sé ekki prófessor; a. m. k. hefi ég ekki gert hann það, en ég skal taka till. hv. þm. um það til velviljaðrar athugunar. Þetta ber að játa, en sökin er ekki fiskimálanefndar. Það var leiðinlegt, að svona skyldi fara, enda hefir fiskimálan. lýst því yfir, að mynd þessi hafi misheppnazt. Þó mætti ef til vill nota einstaka kafla úr henni.

Það er rétt, að á sendingum á freðnum fiski til Ameríku og Póllands hefir orðið tap, en a. m. k. sendingarnar til Póllands hafa þó orðið til þess, að síðar var hægt að selja verulegt magn af freðfiski til Póllands án taps. Um Ameríkumarkaðinn er það að segja, að hann var ekki eyðilagður fyrir glópsku fiskimálan., eins og andstæðingar hennar vilja láta í veðri vaka, heldur reyndust upplýsingar um sölumöguleika óáreiðanlegar, veðrátta var óhagstæð, og fleira kom til greina. Sölumöguleikar fara mjög eftir því, hvað mikil þurrð er þar á fiski vetrarmánuðina, þegar vötn eru frosin. En þegar fiskurinn héðan kom vestur, vildi einmitt svo til, að snemma voraði og að mikið var til af fiski frá árinu áður. Hvort þessum sendingum til Ameríku verður haldið áfram, er óráðið, en það yrði þá á annan hátt en hingað til, smærri sendingar.

Það voru fleiri en fiskimálan., sem höfðu von um það síðastl. vetur, að selja mætti frosinn fisk til Ameríku. Ég hygg, að maður nákominn hv. 6. þm. Reykv., Jón Auðunn Jónsson, hafi sótt til fiskimálan. um að mega flytja til Ameríku 400 tonn af freðnum fiski. Fiskimálan. mun hafa veitt leyfið, en sjálf sendi hún þangað ekki nema 100—150 tonn. En hversu mikið Jón Auðunn notaði af leyfinu, veit ég ekki, en held, að honum hafi ekki tekizt salan betur en fiskimálan.

Hv. þm. segir, að n. hafi ekki tekið upp neina nýbreytni, heldur aðeins notað gamlar aðferðir, sem aðrir hafi byrjað á. Þetta er rangmæli hjá hv. þm. Hann veit, að t. d. karfavinnsla, rækjuniðursuða, hraðfrysting á fiski og harðfiskverkun var alls ekki stunduð af útgerðarmönnum fyrr en fiskimálan. kom til sögunnar, en þessir útflutningsliðir hafa aflað landsmönnum verðmæta, sem svarar um 3 millj. kr. hvort árið tvö síðastl. ár.

Þá vísaði hv. þm. til vitnisburðar fiskeigenda í till., sem hann bar fram á fundi S. Í. F. og þar var samþ., þess efnis, að útvegsmenn lýstu vantrausti á fiskimálan. Ég vil bara segja það eitt, að allan þann tíma, sem fiskimálan. hefir starfað, hefir verið haldið við látlausri pólitiskri ofsókn á hendur henni. Þess hefir ekki verið svifizt að reyna að spilla árangrinum af starfi hennar. En enginn getur neitað því, að verkefni fiskimálan. eru mikilsverð fyrir framtíðarmöguleika sjávarútvegsins íslenzka, og þess vegna er óverjandi sú látlausa rógburðarherferð, sem farin hefir verið á hendur henni og hefir torveldað henni störfin. Og þrátt fyrir þetta hefir verið gott samstarf með n. og miklum hluta útgerðarmanna.

Hv. þm. Snæf. sagði í gær, að óþarft væri að ætla fiskimálan. fé til ráðstöfunar til niðursuðufyrirtækja, þar sem S. Í. F. hefði samþ. að lána varasjóð sinn í sama skyni. Hv. þm. benti á, að ástæða væri til að fara varlega í þessu efni, og að hæpið væri, hvort rétt væri að byggja fleiri niðursuðuverksmiðjur en þegar eru til. Fyrst væri að tryggja, að þær gömlu hefðu nóg verkefni. Ég get verið hv. þm. sammála um þetta. Það er órétt, sem blöð sjálfstæðismanna gera, að telja fólki trú um, að svo og svo miklum hluta af fiski landsmanna sé hægt að breyta í niðursuðuvörur og selja þannig. Slíkt verður ekki gert nema á löngum tíma. Hinsvegar er það mikilsvert atriði að fá sem fjölbreyttastar vörur til útflutnings og viðskipti við þá, sem kjósa niðursoðinn fisk.

Með tilliti til þeirrar varfærni, sem hv. þm. Snæf. talaði svo mikið um, verð ég að segja, að mér finnst, að ýms verkefni hefðu legið nær sölusambandinu en að byggja niðursuðuverksmiðju, þar sem fyrirsjáanlegt var, að á þinginu yrðu gerðar ráðstafanir til að efla þann iðnað. S. Í. F. stæði nær að reyna að taka upp meiri fjölbreytni í sölu á söltuðum fiski. Ég veit ekki, hvort sölusambandið hefir reynt að athuga sölumöguleika fyrir beinlausum fiski beint til neytenda. Mér er sagt, að vestanhafs sé mikið af saltfiski selt þannig. Fiskinum er pakkað í lítla trékassa með ákveðinni vigt, og neytendum líkar hann ágætlega og borga meira verð fyrir hann en venjulegan saltfisk. Danir og Færeyingar eru nú að gera slíkar tilraunir með færeyskan fisk. Einnig mætti reyna að selja fiskinn í flögum, en taka burt ugga og þunnildi. Það mundi líka spara flutningsgjöld að senda fiskinn út á þann hátt. En mér er ekki kunnugt um, að S. Í. F. hafi nokkuð um þetta hugsað, og er það þó nær þeim en að gangast fyrir byggingu niðursuðuverksm., sem — eins og ég sagði áðan — var vitanlegt, að fram kæmu um till. á Alþ. Mér er jafnvel ekki grunlaust um, að ástæðan til þessarar áhugasemi S. Í. F. hafi ekki verið sú, að þetta verkefni væri svo mjög aðkallandi, heldur hin, að S. Í. F. hafi viljað komast fram fyrir fiskimálan. í þessu máli, ekki síst eftir að ég heyrði ræðu hv. þm. um þá miklu varfærni, sem hér þyrfti að sýna.

Þá kom hv. þm. að því atriði frv., sem lýtur að styrk til að kaupa nýtízku togara. Hv. þm. taldi, að Alþfl. hefði allmjög lækkað seglin. Fyrst hefði hann viljað ríkis- og bæjarútgerð með 10 togurum, síðan hefðu þeir viljað 6 togara, en nú væru togararnir komnir niður í 2. Hv. þm. þótti ég vera furðu „mjögsitjandi“, að geta setið undir þessu öllu. En ef ég léti af mínum „mjögsitjanda“, væru þá líkur til, að við fengjum fleiri togara? Annars vil ég segja um þessa 6 togara, að hv. þm. á þar að tala við meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, og mér finnst sennilegt, að hann hafi gert það. Ég hefi ekki séð minnstu viðleitni frá bæjarstj. Rvíkur til þess að styðja á nokkurn hátt togaraútgerðina hér. En það segir sig sjálft, að minni hl. getur þar engu um orkað. Það er í mesta lagi, að till. frá honum sé vísað til bæjarráðs eða ein-

hverrar nefndar, og þar með eru till. sofnaðar. Ég vil spyrja hv. þm. Snæf., hvort hann vill veita mér liðsinni til að styrkja af opinberu fé rekstur togaraútgerðar með nýtízku skipum og tækjum undir trygga fyrirkomulagi.

Hv. þm. telur, að ef þessi ákvæði verða samþ., muni lítið fé verða eftir til annara framkvæmda fiskimálasjóðs. Um það má náttúrlega deila. Tekjur hans eru áætlaðar 400 þús. kr. árlega úr ríkissjóði og allt að 120 þús. kr. í gjald samkv. eldri l. Aðrar tekjur má gera ráð fyrir, að séu um 20 þús. kr. Þarna eru þá 540 þús. kr. Það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um, hvað skipin munda kosta, en mér finnst, eins og hv. þm. Snæf., ekki ráðlegt að áætla minna en 700 þús. kr. hvort skip, eða 1400 þús. kr. bæði. Styrkur úr sjóðnum yrði samkv. því um 175 þús. kr. á hvort skip, og er gert ráð fyrir að greiða hann á 2 árum. Ætti sjóðurinn þá að eiga eftir 350—370 þús. kr. Ég skal játa, að þetta er ekki mikið, en til viðbótar hefir fiskimálasjóður undanfarið styrkt ekki fá frystihús með lánum til þess að fá sér frystitæki, og samkv. frv. falla þau frystihús undir ákvæði 1., og er þá hægt að breyta þeim lánum, sem þau hafa fengið, í styrki. En eftir fyrstu 2 árin þyrfti ekki lengur að draga þar upphæðir frá öðru starfsfé fiskimálasjóðs. Ég skal játa, að það væri æskilegt, að meira fé væri fyrir hendi, en ég tel þó, að koma megi við miklum stuðningi einmitt þar, sem þörfin er brýn.

Um það, hve erfitt sé að fá skip smíðuð á þessum tímum, má margt segja. Það er rétt hjá hv. þm. Snæf., að ýmsar skipasmíðastöðvar hafa gert samninga fram í tímann, en margar munu þó geta skotið inn smáskipum. Þetta hefir nokkuð verið athugað, og er ekki ósennilegt, að takist að leysa málið. En skipin yrðu ekki tilbúin fyrr en í fyrsta lagi næsta haust, eða jafnvel síðar. Ég vil ekki segja, að ekki verði mögulegt að finna skip, sem hægt er að kaupa, og er það athugunarefni. Hv. þm. telur ekki miklar líkur til, að hægt verði að fá 15% frá eigendum, en það yrði um 225 þús. kr. Um þetta skal ég ekki fullyrða, en tel, að sterkar líkur séu til þess, að þetta verði hægt. Hinsvegar væri æskilegt, að ríkisstj. og fiskimálan. væri heimilað að veita styrkinn, þó að ekki tækist að fá 15% frá eigendum, og væri mér kært, ef hv. þm. vildi styðja það.

Hv. þm. spurði, hvort hér væri um að ræða samvinnuútgerð eða ríkisútgerð. Ég hygg, að um hvorugt sé að ræða. Í frv. eru engin skilyrði um það, og ekki heldur um þjóðnýtingu. Það, sem um er að ræða, er, að tilraun sé gerð með fullkomnum nýtízku skipum til þess að fá úr því skorið, hvort togaraútgerð með slíkum skipum geti svarað kostnaði. Hv. þm. talar alltaf um, að togaraútgerðin sé rekin með tapi ár eftir ár. Það segir sig sjálft, að ef þetta er rétt, endar það bara á einn veg: Útgerðin verður að hætta. Það er því lífsnauðsyn að fá úr því skorið, hvort hægt er að reka togaraútgerð án taps. Ef það kemur í ljós, að hægt er að reka útgerðina með fullkomnustu tækjum svo að svari kostnaði, þá er það byrjun þess, að útgerð okkar vegni vel.

Hv. þm. sagði, að það, að tala um nýtízku skip og nýtízku tæki, væri eiginlega bara orðafjas, skildist mér. Í raun og veru sé togaraflotinn nútímaskip. Hv. þm. gekk svo langt, að hann sagði, að ef við hefðum nú okkar fyrsta togara, sem við fengum 1907, Jón forseta, yrði hann talinn sæmilegt skip. Mér er skylt að játa, að hv. þm. er kunnugri útgerð heldur en ég, en hér er annar maður inni, bróðir hv. þm., hv. þm. G.-K., sem ber ekki síður skyn á útgerðarmál en hv. þm. Snæf., og hann hefir tvisvar gefið þá lýsingu á togurunum ,að þeir væru ryðkláfar og fúadraggur. Eru þetta nýtízku skip hv. þm. Snæf.? Ég skal játa, að ég hygg þetta ofmælt hjá háttv. þingmanni G.-K., en hitt vita allir, að meiri hluti togaranna okkar er orðinn gömul skip og sum þeirra kannske ekki sérlega vönduð í upphafi. Sum skipin eru svo smá og afllítil, að þau eiga erfitt með að toga á nægilega djúpu vatni til að fiska stöðugt. Sum skipin eyða meiri kolum en nýtízku vélar gera til að ná sama afli. Allt þetta veit hv. þm. sennilega betur en ég, auk þess, sem allir vita, að því eldri sem skip eru, því meiri er viðhaldskostnaður, enda veit hv. þm., að viðhaldskostnaður á sumum gömlum skipum er svo gífurlegur, að varla er að búast við, að rekstur þeirra geti borið sig. Ég held, að það sé öfugmæli hjá hv. þm. Snæf., að íslenzki togaraflotinn sé svo góðu ástandi, að ekki sé ástæða til að fá nýja og betri skip í hann. Ég tel einmitt brýna nauðsyn á, að þessi tilraun sé gerð, til að fá úr því skorið, hvort togaraútgerðin getur borgað sig eða ekki, en ég tel engar líkur á, að einstakir menn eða félög fari að gera þessa tilraun. Hv. þm. talaði um, að þetta væri of áhættusamt til þess, að einstaklingar færu að leggja í það fé, og reynslan hefir sannað, að svo er. Því verður þessi tilraun ekki gerð nema til hennar komi almenningsfé, og þarna er svo mikið í húfi fyrir atvinnurekstur okkar, að ég tel það ekki áhorfsmál, að þessi tilraun sé gerð. Hv. þm. bar því við, að ástæður sjávarútvegsins væru yfirleitt mjög slæmar, og get ég verið honum sammála um það, en hann verður að játa, að ríkissjóður hefir lagt mikið fram til að bæta ástæður útvegsins frá því, sem áður var. Hv. þm. taldi til 3 atriði, sem væru völd að þessum vandræðum, og voru þar í fyrsta lagi aðgerðir ríkisvaldsins gagnvart útgerðarmönnum og útveginum í heild. Hv. þm. Ísaf. hefir svarað þessu og sýnt fram á, að það er fullkomið rangmæli. Engir skattar hafa verið hækkaðir á útgerðarfélögunum í tíð núv. stjórnar, en aftur á móti lækkaðir mikið, og síðast nú er borið fram frv. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski. Auk þess hefir í tíð núv. stj. verið varið meira fé til að styrkja sjávarútveginn beint og óbeint en nokkurn tíma hefir verið gert áður. Þá taldi hann næst gegndarlausar kröfur verkalýðsins um kaupgjald, og í þriðja lagi lokun eða takmörkun markaða, eða tap markaðs fyrir íslenzkan saltfisk, og lauk máli sínu með því að heita á ríkisstj. og þá flokka, sem að henni standa, ef þeir vildu sjávarútveginum vel, að láta þá af ofsóknum sínum í garð sjávarútvegsins og veita honum hjálp til þess að sigrast á hinum tveimur öflunum. Ég veit ekki betur en að hv. þm. sé kunnugt um, að ríkisstj. hefir gert allt, sem hún hefir getað, til þess að draga úr lokun fiskmarkaðarins og opna nýja, og einnig mun

honum kunnugt, að hún hefir unnið mikið að því að skapa möguleika fyrir sölu á íslenzkum vörum, enda hefir tekizt að selja mest allan fisk, sem veiðzt hefir þetta ár. Hvað viðvíkur aðstoð ríkisstj. til þess að sigrast á því atriði, sem eftir er, vil ég segja fyrir mitt leyti, að ég mun að mörgu öðru gæta áður en ég fer að vinna að því að lækka kaup sjómanna og verkamanna.

Þá er ekki fleira, sem ég vildi taka fram að þessu sinni, en ég vil mæla með því við hv. d., að hún samþ. frv. í aðalatriðum eins og það liggur fyrir, og að sú hv. n., sem fær það til athugunar, vildi taka til athugunar þau tvö atriði, sem ég hefi minnzt á.

Thor Thors: Það er æði margt í ræðum hv. andstæðinga minna, bæði í ræðu hv. þm. Ísaf. og hæstv. atvmrh., sem ég þarf að gera aths. við. Þeir töluðu báðir nokkuð líkt og voru með sömu svör til mín.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að ég hefði ekki ástæðu til að kvarta yfir, að ríkisvaldið léti ekki þessar styrkveitingar til sín taka, heldur réði fiskimálanefnd þeim. Svo er ákveðið í l. um fiskimálasjóð, að atvmrh. hafi með höndum fiskimálasjóð, og í 5. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. veiti lán úr fiskimálasjóði. Svo segir síðar í þessari sömu gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela fiskimálanefnd einni ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra". Og það er þetta, sem hæstv. ráðh. hefir gert undanfarið, e. t. v. vegna annríkis sjálfs sín, eða, eins og sennilegra er, vegna ofríkis flokksbróður hans, hv. 3. þm. Reykv., að láta fiskimálanefnd einráða um þetta atriði. Það er þessi ástæða, sem ég gagnrýni og óska að verði breytt. Alþ. á aðgang að ráðh., en hefir enn ekki getað komið fram nauðsynlegri gagnrýni gegn hv. 3. þm. Reykv. og gerðum hans í þessum efnum, þar sem það er ekki Alþ., sem hefir kosið hann til þessa starfs. Það er öllum kunnugt, að þessi fiskimálanefnd, hvað sem segja má um skipun hennar að lagabókstafnum, hefir verið undir stjórn hv. 3. þm. Reykv., og það er hann, sem fyrst og fremst ber ábyrgð á öllum þeim afglöpum, sem þar hafa verið framin. Þetta er á allra vitorði.

Hv. þm. Ísaf. staðfesti það, sem ég sagði um afskipti hans af rækjuverksmiðjunni á Ísafirði. Það er sannað, að hann átti tal við menn í Rvík um stofnun verksmiðjunnar, en þegar til Ísafjarðar kom, sneri hann málinu þannig, að það varð bæjarstj. þar, sem hafði málið með höndum.

Hv. þm. Ísaf. vildi gera lítið úr samþykktum þings fisksölusamlagsins og sagði, að þar væru sjálfstæðismenn að verki. Á þinginu voru fulltrúar útgerðarmanna hvaðanæfa af landinu, sem fóru með umboð allra fiskeigenda, og ef þeir hafa allir verið í Sjálfstfl., sannar það aðeins, að stefna Sjálfstfl. er í fyllstu samræmi við óskir útvegsmanna, og Alþingi er skylt að taka tillit til óska útvegsmanna, hvar sem þeir skipa sér í flokk í stjórnmálabaráttunni. Þegar þeir koma saman til að ræða um vandamál sín, fara þeir aðeins eftir því sem þeir álíta, að atvinnurekstrinum sé fyrir beztu.

Hv. þm. sagði, að það væri öðru nær en að Alþfl. væri að hlaupa frá sínum hugsjónum. Hann hefði allt stjórnartímabil núv. ríkistj. verið að greiða úr vandamálum þjóðarinnar. Það má vel vera, að þeir hafi ætlað sér þetta, en árangurinn hefir þá a. m. k. ekki orðið mikill. Á þessu tímabili hefir verið stöðug afturför hjá öllum atvinnuvegum, en þó einkum hjá sjávarútveginum, sem Alþfl. þóttist þó ætla að taka alveg sérstaklega að sér. Það má benda á það sem eitt af því, sem Alþfl. hefir gert fyrir sjávarútveginn, að á síðasta Alþ. börðust Alþfl.menn ekki harðar á móti neinu máli en því, að ný síldarverksmiðja væri reist hér á landi. Það var þeirra stærsta áhugamál. Það voru mennirnir, sem ætla að útrýma atvinnuleysinu úr landinu, sem börðust gegn þessu. Þeim hurfu hagsmunir útvegsmanna og sjómanna sýnum, en létu algerlega blindast af óvild til pólitískra andstæðinga sinna. Enda hefir það oftar komið fyrir, að velferð sjávarútvegsins hefir gleymzt vegna þess, að pólitískir andstæðingar hafa átt þar hlut að máli.

Hv. þm. sagði, að till. okkar sjálfstæðismanna um viðreisn sjávarútvegsins væri ekki hægt að taka alvarlega af því, að við hefðum ekki bent á neinar tekjuöflunarleiðir. Þetta er oft búið að segja hér á Alþingi, en við höfum hinsvegar bent á, að við erum reiðubúnir til að semja við stjórnarflokkana um tekjuöflun með nýjum skattaálögum, til að koma þessu máli í framkvæmd.

Hv. þm. talaði um, að allar líkur væru til þess, að útgerð nýtízku togara mundi borga sig hér, þótt þeir togarar, sem hann kallaði gamaldags, gætu ekki borið sig. En þetta er ósannað mál. Hér er aðeins um tilraun að ræða, sem er fjárhagslega vafasöm, hvað sem segja má um hana út frá atvinnuþörf þjóðarinnar. Það þýðir ekki að ganga framhjá því, að nýtízku togarar eru engin hugsjón, heldur virkileiki, og allar okkar nágrannaþjóðir eiga stóran skipastól af þeim. Hvernig hefir svo farið fyrir þeim, t. d. í Englandi? Þar eru hin mestu vandræði með að láta þá bera sig. Í fyrra stóðu yfir samningar milli útvegsmanna í Hull og Grimsby um að leggja upp allt að helming þessara nýtízku togara. Svona er ástandið þar. Ég sé ekki ástæðu til þess að byggja miklar vonir á vinnsluvélum í skipum, en það mun vera aðalumbótin á þessum togurum frá hinum eldri. Það má vera, að þær skili miklum arði, en þær þurfa líka mikinn vinnukraft, og það er ekki sannað, að um verulegan arð yrði að ræða af slíkri nýbreytni. Við verðum að gera okkur ljóst, að nýtízku togarar hafa ekki annað verkefni en aðrir togarar. Þeir verða að stunda saltfisksveiðar hluta af árinu og ísfisks- og síldveiðar hinn hluta ársins. Eins og ástandið er nú orðið, er næstum fullvíst, að á saltfisksveiðunum yrði um tap að ræða. Ísfisksveiðarnar hafa verið þannig, að Englandsmarkaðurinn hefir stöðugt farið minnkandi og svo óviss, að það er orðin bein fjárhætta að leggja stund á hann. Einu ísfisksveiðarnar, sem skila arði, eru Þýzkalandsveiðarnar. Þar höfum við fastan innflutnings-„kvota", en engin ástæða er til að ætla, að hann mundi aukast, þótt skipastóllinn væri aukinn. Það er mjög sennilegt, að

afkoma þessara stóru togara yrði mjög svipuð afkomu þeirra, sem eru starfræktir nú.

Það hefir ekki verið hægt að fá upplýst hjá hv. andstæðingum, hvernig þeir hafa hugsað sér rekstur þessara togara, hvort það á að vera samvinnuútgerð, bæjarútgerð eða jafnvel einstaklingsrekstur. Af ræðu hæstv. atvmrh. virtist eiginlega allt þetta geta komið til mála. Mér þætti æskilegt að heyra einhvern framsóknarmann tala um þetta og heyra, til hvers er ætlazt af hálfu Framsfl. í þessu máli. Hv. þm. Ísaf. sagði, að það væri ekkert flokksmál hjá Framsfl., að um togarana yrði samvinnuútgerð. Ég veit ekki, hvaðan hann hefir umboð til að segja þetta; ég hélt, að honum væri nóg að tala fyrir munn Alþfl. En ég vil benda á, að Framsfl. hefir lagt fram hér á Alþ. frv. um að auka samvinnuútgerð í landinu, og hv. þm. hlýtur að vera kunnugt eftir skrifum í blöðum flokksins, að stefna hans í útgerðarmálum er einmitt sú, að koma á samvinnuútgerð. Ég held, að hv. þm. sé ekkert færari um að fullyrða, að þetta sé ekki flokksmál hjá Framsfl., þótt hann sé forstjóri samvinnuútgerðarinnar á Ísafirði. Ég hygg, að sú útgerð sé rekin eins og önnur útgerðarfélög, að verkafólkið fái taxtakaup og sjómennirnir séu upp á hlutaráðningu, en þegar Framsfl. talar um samvinnuútgerð, miðar hann við, að afkoma fólksins verði í hlutfalli við afrakstur útgerðarinnar. Ég held, að sjómönnum væri lítill fengur í því að taka upp hlutaskipti á togurunum, a. m. k. hefir Sjómannafélag Reykjavíkur alltaf þeitt sér móti því. Ef Alþfl. getur sætt sig við, að það verði samvinnuútgerð með þessu sniði um togarana, vil ég spyrja, hvort það sé í samráði við Sjómannafélag Reykjavíkur, að þeir láta sér til hugar koma slíkan rekstur

Hv. ráðh. sagði, að ef menn hefðu trú á þessu fyrirtæki, mundi fé til þess koma af sjálfu sér. Ég er honum sammála um það, að ef menn hefðu trú á nýrri togaraútgerð, mundi fé berast til hennar, en ég dreg í efa, að þessi trú sé nú fyrir hendi og fullyrði, að hjá miklum fjölda fólks er hún alls ekki fyrir hendi af því, að framkvæmd þessa máls á að vera að svo miklu leyti undir stjórn sósialista.

Hv. þm. Ísaf. og hæstv. atvmrh. virtust draga í efa orð mín um afkomu togaraútgerðarinnar undanfarin ár. Ég skil ekki, hvernig hv. þm. Ísaf. getur efað þau, því eftir því sem ég bezt veit, hafa togarar á Ísafirði ekki verið neinir eftirbátar annara í að gefa tap á rekstri sínum. Ég hefi skýrslu frá félagi togaraeigenda í Reykjavík, þar sem skýrt er frá rekstrarreikningum allra togara þeirra undanfarin ár Ég get sýnt hv. þm. þessa skýrslu, ef þeir vilja. Hér er yfirlit yfir rekstrarafkomu meðaltogara árið 1936, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta: „Á saltfisksveiðum er rekstrarhalli kr. 31055.26, á ísfisksveiðum er rekstrarhalli kr. 10489.11, á síldveiðum er rekstrarhalli kr. 28984.00. Samtals er rekstrarhalli meðaltogara á árinu 1936 kr. 70528.36. — Þá vil ég taka árið 1937, þar er miðað við sama meðaltal. Þá er rekstrarhalli á saltfisksveiðum kr. 28770.26, rekstrarhagnaður á síldveiðum kr. 8367.76 og rekstrarhalli á ísfisksveiðum kr. 28730.22. Samtals er rekstrarhalli þá kr. 49132.72. Þetta eru ekki glæsilegar tölur, en þær eru því miður sannar, og afkoma ársins, sem nú er að líða, er miðuð við reikninga togaranna fyrir það, sem af er árinu. Nú skulu menn ekki halda, að hér sé tekið lítið aflamagn til þess að gera skýrsluna sem óálitlegasta, heldur er tekinn meðalafli, en margir togarar hafa auðvitað veitt minna, eins og hv. þm. geta séð af því, að meðal síldarafli togara er talinn 15196 mál.

Þessi skýrsla sýnir það, sem raunar allir ættu að vita, að afkoma togaraútgerðarinnar er mjög bágborin og hefir farið versnandi undanfarin ár.

Í þessu frv. segir svo, að félög sjómanna, verkamanna og annara skuli njóta styrks í þessu skyni. Þetta orð „annara“ er nokkuð teygjanlegt, og þætti mér gott að fá upplýst, hve stór hluti sjómanna og verkamanna þarf að vera á móti hluta þessara annara manna til að félögin njóti styrks. Menn gætu hugsað sér, að einhver efnamaður, eins og t. d. hv. 3. þm. Reykv., legði fram 90% af framlaginu og fengi svo nokkra sjómenn og verkamenn með sér til að leggja fram 10%, sem hann e. t. v. lánaði þeim sjálfur. Gæti ekki slíkur félagsskapur orðið styrksins aðnjótandi? Hvaða skorður eru settar hér fyrir því, að um félög sjómanna og verkamanna þurfi að vera að ræða?

Hv. þm. Ísaf. kunni því illa, að ég taldi rýrnun markaða sem þriðja lið í orsökum að erfiðleikum útvegsins. Það má segja, að það skipti ekki máli, í hvaða röð þessir liðir eru taldir upp, og ég taldi ekki þennan lið síðastan af því að ég telji hann minnstan. Þó má benda á, að afkoma útvegsins var farin að rýrna áður en erfiðleikar á sölu saltfiskjar komu verulega til greina. Árið 1931 voru engar viðskiptahömlur hjá þeim viðskiptaþjóðum okkar, sem aðallega keyptu saltfiskinn, en þá stóð yfir kreppa.

Hv. þm. vildi gera lítið úr því, á hvern hátt ríkisvaldið hefði búið að þessari atvinnugrein. Hann mun hafa nokkra sérstöðu, sem útvegsmaður á Ísafirði, því þar er um bæjarútgerð að ræða, svo hann verður ekki eins hart fyrir skattasviptunni og aðrir útgerðarmenn landsins. En öllum hlýtur að vera ljóst, að með hækkun beinna og óbeinna skatta og með nýjum tollum með nýjum nöfnum eru nýjar verulegar kvaðir lagðar á útveginn. Allt þýðir þetta aukinn rekstrarkostnað. Ég verð að segja, að mig undra þau ummæli hv. þm. Ísaf. stórum, að engir nýir skattar hafi verið lagðir á útveginn, þótt á hverju þingi hafi verið lagðir á hann nýir skattar til að jafna tekjuhalla fjárlaganna. Nú á t. d. að afla ríkissjóði 2,8 millj. kr. nýrra tekna á þessu þingi. Skyldi atvinnulífið ekkert verða vart við það? Hvaðan eru þá þessar álögur teknar?

Þá talaði hv. þm. um verkalaun við útgerðina og sagði að sig furðaði á því, að ég, sem sæti í vel launaðri stöðu, skyldi vera að telja eftir kaup til verkamanna og sjómanna. Það er hægt að slá slíku fram á kosningafundum, en það á ekki við hér á Alþingi. Það er ekki hægt að reka útgerðina ár eftir ár með tapi, eins og hv. atvmrh. sagði líka. Það verður að skera niður útgjöld á öllum sviðum útgerðarinnar, ef hún á að geta haldið áfram.

Hæstv. atvmrh. þarf ég ekki að svara miklu.

Hann sagði, að Ísfirðingar hefðu fengið leyfi til þess að flytja 400 smálestir af frystum fiski á markað í Norður-Ameríku, og það er rétt, en umboðsmaður sölusambandsins réð frá því, að fiskurinn væri sendur. Niðurstaðan varð því sú, að Jón A. Jónsson sendi aðeins 5 smálestir, er seldust á 240 kr. smálestin. Umboðsmaður fiskimálanefndar seldi hinsvegar 130 smál., með þeim árangri, að fiskimálanefnd varð að borga 100 kr. með hverri smálest. Tjónið varð um 120 þús. kr. Sést af þessu, hvort fiskimálanefnd eða Jón A. Jónsson hafa hagað sér skynsamlegar.

Það er alger óþarfi af hæstv. atvmrh. að vera að lofsyngja fiskimálanefnd fyrir karfann. Til þeirra mála hefir nefndin lagt alls 5660 kr. Það, að það mál komst á góðan rekspöl, er fyrst og fremst að þakka ungum fiskifræðingi, sem benti á hætiefni karfalýsisins, sem áður voru ókunn, og duglegum útgerðarmönnum á Patreksfirði, sem byggðu verksmiðjur til að vinna úr karfanum.

Hæstv. atvmrh. kvartaði yfir árásum við sig. Það er nú svo með hann og ýmsa hörundssára samherja hans, að þeir kalla allt árásir, þótt aðeins sé um heilbrigða og hógværa gagnrýni að ræða. Þeir hófu þegar í þessu máli lofsöng um fiskimálanefnd, og það var sá lofsöngur, sem knúði þessa gagnrýni fram. Annars hófst þessi lofsöngur strax og fiskimálanefnd var stofnuð. Einu sinni kom í Alþýðubl. stór og skrautleg mynd af formanni fiskimálanefndar fyrir að hafa sent á erlendan markað 2000 smálestir — sem voru raunar aðeins 200 smál. — af fiski, sem seldist með 50 þús. kr. tapi. Einu sinni voru sendar nokkrar niðursuðudósir til Ítalíu, og kom í tilefni af því forsíðugrein í Alþýðubl.

Ég er þakklátur hæstv. atvmrh. fyrir upplýsingar hans um markað fyrir beinlausan fisk, þótt ég búist við, að ég sé eins kunnugur Argentínu-markaðinum eins og hann. Líka höfum við haldið áfram að leita fyrir okkur um markaði í Norður-Ameríku. Hingað kom þaðan maður í fyrra, sem hefir búið um fiskinn eins og hann telur hentast fyrir þann markað, og gerir sér vonir um nokkra sölu. — Hæstv. ráðh. sagði, að kapphlaup væri á milli sölusambandsins og fiskimálanefndar. Ég get ekki séð fram á neina hættu af því kapphlaupi. En sannleikurinn er sá, að jafnan hefir verið lagður fjötur á sölusambandið, utan saltfisksmarkaðarins, til þess að spilla ekki fyrir formanni fiskimálanefndar.

Þá minntist hæstv. atvmrh. á togarana. Hann vildi ekki viðurkenna, að sósialistar hefðu lækkað seglin í kröfum sínum um bæjar- og ríkisrekstur á togurum, þótt þeir séu nú úr 10 bæjar- og ríkisrekstrar togurum komnir niður í 2, sem ekki mega vera reknir af því opinbera. Nei, það má segja, að þeir hafi ekki lækkað kröfurnar, þótt þeir hafi nú skotið niður fyrir sjálfum sér 8 togara af 10. Hæstv. ráðh. spurði ennfremur, hvort ég héldi, að togurum fjölgaði, ef hann færi frá völdum. Já, ég held, að svo yrði. Ég held, að ef þjóðin losnaði við afskipti sósialista af atvinnuvegunum, myndi fljótlega færast í þá aukið fjör, sem m. a. myndi leiða til aukningar á togaraflotanum. Þess vegna held ég, að þjóðinni væri fyrir beztu, að hv. atvmrh. færði sig milli stóla hér á Alþingi. — Hann sagði m. a., að ég hefði verið að kvarta yfir því, hve togararnir væru fáir. Ég hefi aldrei beðið um ríkistogara til að bæta úr þeirri fækkun, en er hinsvegar fylgjandi styrkjum til togarafélaga útgerðarmanna og sjómanna.

Það var helzt að heyra á hv. þm. Ísaf., að þessir 2 togarar ættu að geta orðið til í einni svipan. En hæstv. ráðh. tók ekki dýpra í árinni en svo, að hann sagði að þeir gætu ekki orðið til á næsta ári.

Þá hafði hann það rétt einu sinni enn eftir hv. þm. G.-K., að togarar vorir væru fúaduggur og ryðkláfar. Ég vil nota hér tækifærið til að lýsa yfir því, að þessi ummæli eru algerlega úr lagi færð. Hv. þm. G.-K. sagði, að ef útgerðin vegna síversnandi afkomu gæti ekki haldið skipunum við, yrðu togararnir fljótlega að fúaduggum og ryðkláfum. En hingað til hafa útgerðarmenn, þrátt fyrir alla sína miklu örðugleika, reynt að koma í veg fyrir þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að útgerðin hefði aldrei verið styrkt sem nú, með þessu frv. En hvenær hefir togaraútgerðin verið styrkt af því opinbera? Ég hefi a. m. k. ekki orðið var við það.

Eitt er víst, og það getur ekki lengur dulizt þeim, er sýnt hafa útgerðinni tómlæti og jafnvel óvild undanfarið, að framtíð og afkoma sjávarútvegsins er í miklum vanda. Tölur þær, sem ég las upp, sýna ástandið nú, og það er ekkert, sem bendir til þess nú, að framtíðin verði bjartari. Þjóðfélagið verður því að finna ráð til að koma í veg fyrir hrun þessa atvinnuvegar. Norska útgerðin hefir lent í sömu ógöngum, en þar styrkir nú ríkisvaldið útgerðina árlega með stórfé. Og fyrst og fremst verður að styrkja þau veiðitæki, sem til eru, togara og vélbáta, svo hægt sé að ýta þeim úr vör, hvaða ráð, sem valin eru þess.

*Héðinn Valdimarsson: Hér liggur nú fyrir frv. um hinar mestu fjárveitingar til sjávarútvegsins, sem fyrir þinginu hafa legið, og jafnframt gerast þau undur, að þeir, sem jafnan hafa þótzt bera hag sjávarútvegsins og þá einkum togaraútgerðarinnar fyrir brjósti, snúast öndverðir gegn þessu frv. Hér er fyrst um það að ræða, að létta útflutningsgjaldinu af saltfiskinum, þá að stofna niðursuðuverksmiðjur og hraðfrystihús með opinberum styrk, og loks að styrkja tvo nýtízku togara. Það má því vera furðu mikið flokkshatur, sem veldur því, að sjálfstæðismenn dirfast að tala eins og þeir gera í þessu máli.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því, sem hér hefir verið rætt um fiskimálanefnd. Það var að heyra á ræðu hv. 6. þm. Reykv., að öllu því fé, er fiskimálanefnd hefir fengið til umráða, hefði verið varið til ónýtis, eða verr en það. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að auk þess sem þessu fé hefir verið varið til ýmissa markaðsleitartilrauna, sem borið hafa árangur, á nefndin líka allmiklar eignir. Ég vil t. d. benda á þurrkhjallana, sem metnir eru á 115 þús. kr., og útistandandi lán til Ísfirðinga, 100 þús. kr., og auk þess allmiklar birgðir af harðfiski og hraðfrystum fiski. Þá má og telja vélar, er keyptar hafa verið í frystihúsið Ísbjörninn. Annars mun aldrei hafa verið til þess ætlazt, að nefndin bæri sig

sem fyrirtæki, heldur ættu atvinnuvegirnir að hagnast á því fé, er hún fengi til umráða. Hv. 6. þm. Reykv. nefndi til dæmis um sukk og ráðleysi nefndarinnar, að hún hefði varið miklu fé í kvikmynd af atvinnuvegum landsins, er reynzt hefði einskis virði. Það er rétt, að kvikmynd þessi reyndist ónothæf, en bæði var það, að upphaflega var til ætlazt, að þrír aðalatvinnuvegir landsins tækju þátt í kostnaði við hana, og að sá maður, er fyrir töku myndarinnar stóð, Guðm. Kamban, er einmitt einn af þeim, sem Íhaldið og ýmsir aðrir hafa hampað mjög hin síðari ár. Annars er það rangt, að ekkert væri í myndinni um fisk. En myndin reyndist ónothæf, eins og ég hefi þegar sagt, og því hefir nefndin fært verð hennar niður í 100 kr.

Ég vil þá víkja nokkuð að sölum sölusamlagsins í markaðsleitarskyni, til að sýna fram á, að þeir, sem standa því næst, ættu ekki að undrast þótt tap yrði á fyrstu tilraunasölum. Það er vitað og viðurkennt, að tap varð á fyrstu tilraunasölu okkar til Póllands, en upp úr þeim tilraunum hefir þó hafzt markaður þar síðan. Um Ameríkusölurnar er öðru máli að gegna. Umboðsmaður sölusamlagsins, starfsbróðir hv. þm. Snæf., Kristján Einarsson, eggjaði til fisksölu þangað. En þó að hér ætti hlut að máli ein af hinum alvísu verum í framkvæmdastjórn sölusambandsins, gaf hann þó svo rangar upplýsingar um umbúnað fiskjarins, að allmikið tap varð á sendingunni. Þá var önnur sending útbúin eins og vera átti til sölu á Ameríkumarkaði, og í sama mund kom skeyti frá Jóni A. Jónssyni á Ísafirði til nefndarinnar, þar sem hann bað um að fá að senda 400 smálestir af fiski vestur, og leyfði nefndin þetta. En fiskimálanefnd varð fyrri til en Jón A. Jónsson, m. a. af því, að frystihús hans var ekki tilbúið, og sendi 130 smál. vestur, en hann 4—5 smál. Þetta sýnir, að allt skraf Kristjáns Einarssonar framkvæmdarstjóra sölusambandsins hefir verið tóm markleysa. Þessi reynsla hefir kostað peninga, og getur verið, að ef menn hefðu treyst minna á þessar framkvæmdir, þá hefði verið farið hægar í þessum málum. Því að það var reynt að taka svo mikið magn, án þess að reynsla væri fengin um söluna til Ameríku. En ég geri ráð fyrir, að þessi sambönd haldi áfram. (TT: Við fáum það ekki). Það er víst enginn vafi á, að þið fáið það. Karfavinnsluna hefi ég minnzt á. En hv. þm. Snæf. vill lítið úr gera, af því að lítið fé hafi eyðzt þar. Þar á það að vera sönnun fyrir því, að tilraunin hafi gefizt illa, að lítið hafi eyðzt. En sannleikurinn er sá, að þær ábyrgðir, sem fiskimálanefnd tók að sér, kostuðu ekki meira en þetta nú, en komu á stað allmiklum atvinnuvegi, sem síðan hefir verið haldið áfram af einstökum mönnum. Ég ætla, að það ætti að vera hrós, að þessar ráðstafanir hafi ekki kostað meira.

En um leið vil ég benda á, hve stórkostlega þessi mál hafa verið vanrækt af þeim, sem þóttust hafa forystuna, eins og t. d. Kveldúlfur, sem bæði hefir haft mörg skip og verksmiðjur til umráða. Þá má og minna á harðfiskinn, en útflutning hans hefir orðið allmikið að undirbúa, og hefir hann verið mikill atvinnuauki. Er þó enginn vafi á, að ef þessi nýbreytni hefði mætt meiri skilningi útvegsmanna, — ef „ljós“ allrar útgerðarinnar, bræðurnir í Kveldúlfi, hefðu sinnt meir þessu máli, hefði verið hægt að hafa miklu meiri atvinnu af harðfisksútflutningnum en enn er orðið, því að þeir, sem hann hafa stundað, eru satt að segja menn, sem þessi „ljós heimsins“ hafa ekki litið svo hátt á hingað til.

Þá dettur þeim ekki í hug að minnast á frystihúsatilraunirnar, nema hv. 6. þm. Reykv. virðist finna það að fiskimálanefnd, að hún sé í einskonar braski, þar sem hún sé farin að verzla með frystan fisk. Það er svo, að þessi nefnd má ekki gera neina tilraun og ekki reka verzlun, sem ber sig, eins og með þennan hraðfrysta fisk. Það, sem gerðist í þessum hraðfrystimálum, er í stuttu máli það, að í staðinn fyrir tiltölulega lítinn útflutning, sem sænska frystihúsið hafði, hefir komið mikill og vaxandi útflutningur, sérstaklega af hraðfrystum fiskiflökum, sem hefir vitanlega aukið atvinnu mikið, og keppast menn hvaðanæfa af landinu við að komast í samband við nefndina um þetta. Menn hafa fengið þessi sambönd í Englandi, áður óþekkt, með vöruvöndun, sem ekki var áður þekkt. Hefir verið fengin sérstakur maður frá Englandi til þess að kenna mönnum að fara með þessa vöru sem skyldi. Og fiskurinn er sendur með svo að segja hverju skipi, þegar pláss er fyrir hann, og er borgaður um leið, svo að þar er ekki heldur um áhættu að tala. Ég veit ekki til, að neinn, sem tekið hefir þátt í þessari verzlun, sé ekki ánægður með útkomuna. Og ég veit, að þeir, sem hafa stutt bróður hv. þm. Snæf. mjög sterklega, hafa sótzt eftir samböndum. Ef nefndin hefði ekki verið til þess að gera þessar tilraunir og koma þessum samböndum á, hvar værum við þá í þessu efni? Myndi h/f Kveldúlfur hafa gert nokkuð? Ekki bendir neitt á það. Þeir hafa ekki stigið eitt einasta spor í þessa átt, jafnvel þó að þetta sé búið að ganga í tvö ár.

Þá er að víkja að niðursuðunni. Hv. þm. Snæf. virðist halda fram, að rækjuverksmiðjan hafi komizt á fót án tilstuðlunar fiskimálanefndar, — og þá líklega önnur en sú, sem komst á fót hjá bæjarsjóði Reykjavíkur. Ég spyr: Hvers vegna kemst sú verksmiðja ekki á fót? Hvað er það, sem dvelur? Ekki þarf lán fiskimálanefndar til að koma henni upp. En sú verksmiðja, sem hefir komizt á fót, hefir komizt það bæði vegna áhuga manna, sem stóðu fyrir því á Ísafirði, bæjarstj. fyrst og fremst, og svo vegna þess, að fiskimálanefnd hefir lánað fé og stutt að tilraununum. Annars hefir verið meiri undirbúningur undir þetta af hálfu nefndarinnar, og ég geri ráð fyrir því, að það sé það, sem hefir hvatt sölusambandið nýlega til að gera ákvörðun um að nota varasjóð, 100 þús. kr., til fiskniðursuðu. Ég verð að segja, að það er mjög glæsilegt, ef sölusambandið tekur upp eitthvað af þeim málum, sem fiskimálanefnd hefir haft með höndum, og notar sitt fé til þess. En þar sem ég á sæti í sölusambandinu, veit ég, að þetta mál er ekki svo mikið á döfinni eins og hv. þm. Snæf. vill vera láta. Því að það er fyrst á aðalfundinum, sem komið hefir fram till. um þetta, og hefir ekki verið rætt á stjórnarfundi. Það mætti svona rétt geta þess, til þess að minna þessa menn á,

hvernig þetta yfirleitt gengur í þeirra herbúðum, þar sem þeir þykjast berjast fyrir sjávarútveginum, að sölusambandið er búið að tapa einni millj. kr. á Spáni og Grikklandi til samans, sem að öllum líkindum mun ekki fást aftur. Mikið af því tapi er til komið þannig, að vörum var sleppt án þess að um leið væri tekin nauðsynleg trygging. Ef þessi milljón væri nú í höndum þeirra manna, sem vilja styrkja sjávarútveginn hér á þingi, þá væri hægt að gera meira en um er að ræða í þessu frv., og ættu þeir, sem gera ýmiskonar kröfur hér á Alþingi, að hugsa frekar um, hvernig þeir gætu náð þessari milljón inn.

Þessir hv. þm. virðast ganga út frá því sem gefnu, að ég ráði öllu í fiskimálanefnd. Fyrst og fremst eiga þeir meiri hl. í nefndinni. Í fiskimálanefnd eru tveir menn frá bönkunum, Júlíus Guðmundsson og Helgi Guðmundsson. Þar er Kristján Bergsson, forseti Fiskifélagsins, og Guðmundur Ásbjörnsson, kosinn af togaraeigendum. Þessir menn geta með öllum rétti talizt til Sjálfstfl. Þeir eru í meiri hluta, og á móti meiri hl. er að sjálfsögðu ekki hægt að gera neitt. Þá er maður frá Framsfl., sem er forstjóri skipaútgerðar ríkisins, og maður frá Alþýðusambandinu, Jón Axel Pétursson, og ég. Ég verð að segja, að það er dálítið undarlegt, ef ég á að hafa svona mikið vald yfir öllum þessum mönnum, ekki aðeins framsóknarmanninum og flokksbróður mínum, heldur yfir fjórum sjálfstæðismönnum, svo að þeir geri alla hluti beint á móti hagsmunum sjávarútvegsins og eyði fé bókstaflega í vitleysu. Ég efast ekki um, að þessir hv. þm. hagi orðum sínum öðruvísi, þegar þeir tala við þessa menn. Þeir vita betur en þeir segja hér á þingi, vegna þess að þeir hafa aðgang að þessum mönnum og geta frétt frá þeim, af hvaða ástæðum allar ráðstafanir fiskimálanefndar eru gerðar. Loks má benda á, að allar ráðstafanir, sem kosta fé og ekki eru innifaldar í venjulegum daglegum rekstri, eins og hraðfrystistöðin í Reyjavík, eru bornar undir ráðuneytið og fengið leyfi þess til útgjaldanna. Það er áreiðanlega meir af vilja en mætti — meir af öfund en nokkru öðru, sem þessi orð hv. þm. koma fram gagnvart fiskimálanefnd.

Ég mun svo ekki skipta mér af því, sem hv. þm. Snæf. vék að ráðh. og þm. Ísaf., að öðru leyti en því, sem hann talaði um nýja togara. Ég veit, að hv. þm. muni vera það ljóst, þó að hann segi það ekki, að ný skip muni verða ódýrari í rekstri en gömul skip og nýtingin á afurðunum verða á ýmsan hátt hagkvæmari, þannig að rekstrarafkoman hljóti að verða betri. En auk þess er hægt að haga útgerðarrekstrinum á ýmsan hátt öðruvísi en þau félög hafa gert, sem stærst hafa verið hér í útgerð áður. Það er ekki sagt hér í frv., hvaða fyrirkomulag eigi að vera á þessu útgerðarfélagi verkamanna og sjómanna. En það má fyllilega gera ráð fyrir, að það verði sett algert bann við því að veita fé úr þessum fyrirtækjum til eigendanna umfram eitthvert lágmarks hundraðsgjald af hlutafénu. En það er ekki hægt að segja um þau hlutafélög, sem hér starfa í sjávarútveginum, að svo hafi verið búið um hnúta, að ekki væri hægt að veita milljónum úr þeim frá sjávarútveginum, út í landbúnaðinn og út í eyðslulíf manna. Slík skilyrði og önnur eins eiga auðvitað að geta gert reksturinn hagkvæmari en hefir verið hingað til, hvort sem þau eru nóg eða ekki. Það mun reynslan sýna.

Bergur Jónsson: Eins og sést á frv., er ég 2. flm. þess. Mér finnst þessar umr. að mestu leyti algerlega óþarfar, því að það virðist ekki vera neinn skoðanamunur um það, hve nauðsynlegt er að styrkja yfirleitt þær framkvæmdir, sem ætlazt er til að styrkja samkv. ákvæðum frv. Ég vil geta þess um afstöðu okkar framsóknarmanna, að þær framkvæmdir eru allar í fullu samræmi við flokkssamþykktir á flokksþinginu í febrúar s. l. Í fyrsta lið 5. gr., sem er breyt. á 14. gr. laganna, er talað um að styðja að því að koma á fót niðursuðuverksmiðju fyrir sjávarafurðir. Í 2. lið að styðja að því að reisa hraðfrystihús, að styðja að því að koma upp nýjum vélum í þeim, sem fyrir eru, og að lokum að veita þeim hraðfrystihúsum, sem eru reist á síðustu tveim árum, þau hin sömu hlunnindi. Í 4. lið er talað um að gera tilraunir að veiða með nýjum veiðarfærum og leita nýrra markaða. Og síðasti liðurinn er yfirleitt um það, að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða og reyna að auka sölu. Þetta er allt nákvæmlega í samræmi við ályktanir, sem flokksþing framsóknarmanna gerði í febrúar s. l. Og þess vegna er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að við framsóknarmenn stöndum að því að flytja frv. um að styðja þessar framkvæmdir.

Einn liður í frv. er sá, að styrkja félög sjómanna, verkamanna og annara til kaupa á nýtízku togara. Þetta mál er vitanlega nokkuð annars eðlis en aðrar framkvæmdir, sem rætt er um í frv. Það er skoðun mín, að það beri fyrst og fremst á þeim erfiðleikatímum, sem nú eru fyrir sjávarútveginn, að leggja aðaláherzluna á það, að gera hagnýtingu sjávarafurða sem fjölbreyttasta og að reyna að finna nýja markaði fyrir þær sjávarafurðir yfirleitt, sem núv. fiskifloti landsmanna getur aflað sér. Hinsvegar er það líka viðurkennt mál af öllum, að togaraflotinn sé orðinn yfirleitt það úr sér genginn, að ekki sé við því að búast, að til lengdar verði við unað, án þess að gera sem fyrst tilraun til þess að endurnýja hann með nýjum skipum í stað hinna eldri. Í sambandi við það er ákveðið í 3. lið 5. gr., að styrkja félag sjómanna og verkamanna og annara til kaupa á togara í tilraunaskyni. Hv. þm. Snæf. spurði að því í gær og vék að því í dag, hvort meiningin væri að hafa samvinnurekstur eða bæjarrekstur, og svaraði hæstv. atvmrh. því. En nú virtist mér hann einnig spyrja, hvort hér ætti að vera ríkisrekstur. Eins og hv. þm. sér á þessum lið, er gert ráð fyrir félagsskap, og er því augljóst, að ekki er um ríkisrekstur að ræða. Í þessum tölul. er ekki gengið frá því nánar, hvort vera skuli samvinnufélag eða hlutafélag.

Hv. 6. þm. Reykv. og þm. Snæf. hafa fundið þessum framkvæmdum til foráttu, að þær verði settar undir fiskimálanefnd, undir sósialistiska stjórn. Ég tek undir með hv. 3. þm. Reykv. (HV), að það er mjög ólíklegt, að hann geti ráðið öllu í

nefndinni, enda þótt hann sé nú formaður hennar, og álít hreina móðgun við aðra nefndarmenn að segja, að þessi maður geti ráðið þar lögum og lofum. Ég vil benda hv. þm. Snæf. á það, að nú á að skipa nýja menn í nefndina, svo að það er ekki einu sinni víst, að hv. 3. þm. Reykv. komist í hana. En þó að hann yrði settur í hana aftur, þá eru aðrir, sem eiga að tilnefna menn, sem ekki er hætt við, að mundu velja tóma sósíalista, enda er það ekki reynslan hingað til. Bankarnir hafa þar hvor sinn manninn, og ég held það sé Félag botnvörpuskipaeigenda, sem hefir nefnt þar forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur, einn af þekktustu sjálfstæðismönnum þessa bæjar. Enn fremur hefir Fiskifélagið haft forseta sinn í nefndinni. S. Í. S. hefir haft forstjóra skipaútgerðarinnar þar, og loks hefir Alþýðusambandið haft þar sinn fulltrúa. Af þessum sjö mönnum í nefndinni eru aðeins tveir alþýðuflokksmenn. Og mér finnst ekki hægt að líta á þessar sífelldu árásir á fiskimálanefnd og gerðir hennar öðruvísi en sem vantraust til þeirra manna yfirleitt, sem í nefndinni sitja. Því að annaðhvort eru þeir hinir samþykkir hv. 3. þm. Reykv., ef hans vilji ávallt kemst fram, eða þeir standa ekki á verði gagnvart honum og eru ekki færir til að starfa í nefndinni. Ég vil, að þeir, sem ráðast mest á fiskimálanefnd og telja óhæfu að hafa þetta í höndum hennar, geri grein fyrir því, hvort það sé ástæða til að vantreysta svo mjög þeim mönnum, sem hingað til hafa verið í fiskimálanefnd, að undanteknum hv. 3. þm. Reykv., sem þeir virðast ekki sérlega hrifnir af, — og ég fyrir mitt leyti er nú ekki heldur.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist, að gefnu tilefni frá hv. þm. Snæf., á rækjuverksmiðjuna, sem sett var á stofn á Ísafirði, og sagði, að ekki hefði komið fram beiðni til fiskimálanefndar um neina aðra rækjuverksmiðju. Formaður fiskimálanefndar hefir gleymt því, að Bilddælingar hafa sótt fyrir nokkru síðan um styrk til nefndarinnar, til þess að koma upp verksmiðju í Bíldudal, en ekki fengið því framgengt ennþá. En ég vona, ef þetta frv. gengur fram og nefndin starfar í framtíðinni, þá muni hún verða einnig við þeirri beiðni.

Af því, sem ég hefi tekið fram, álít ég ekki neina hættu, að nefndin, sem yfirleitt er skipuð af þeim aðiljum, sem allir eiga talsvert mikið undir því, að sjávarútveginum farnist vel, verði eins skipuð framvegis og hingað til, og tel að hún muni halda þannig á málum, að fullkominnar óhlutdrægni verði gætt í framkvæmdum hennar. Mér finnst mjög skrítið, sem kom fram í ræðum hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf., að þeir vildu einna helzt, að atvmrh. réði, hvernig styrkur væri veittur. Hann er sem stendur sósíalisti, og mér hefir ekki virzt þeir sýna sérstakt traust til hans í þessum umræðum. Ég held það sé mikils virði fyrir alla aðilja, hvaða flokks sem er, sem vilja velfarnað sjávarútvegsins, að fyrir framkvæmdum við stuðning sjávarútvegsins standi nefnd, sem er skipuð 3 mönnum frá stofnunum, sem eiga mikið undir því, að þar sé óhlutdrægt og með viti unnið.

***Sigurður Kristjánsson:** Hæstv. atvmrh. hóf mál sitt á því, að ég hefði verið nokkuð beroður um fiskimálanefnd. En ég vona, að ræða mín hafi verið með allri kurteisi, og rökin fyrir mínu máli sótti ég að mestu leyti í skýrslu n. og reikninga hennar. En það er satt, að út úr því plaggi má fá nokkuð harðar ásakanir á n., og það verður hún náttúrlega að þola.

Um ræðu hæstv. atvmrh. get ég hinsvegar sagt það, að hún var verulega hógvær og miklu minna gort í henni en oft hefir verið út af þessum fiskimálum. — Annars varð ég ekki var við, að hæstv. atvmrh. gerði einu sinni tilraun til þess að hnekkja þeim rökum, sem ég færði fram, og það er þess vegna óþarft fyrir mig að fara neitt frekar út í það, sem ég í minni fyrri ræðu sagði.

Hæstv. ráðh. sagði, að andmæli mín hefðu byggzt allmikið á því, að nefndin væri eyðslusöm, og hefði ég ámælt henni fyrir það að eyða því fé, sem hún hefði fengið til meðferðar, og var helzt á honum að skilja, að ég mundi jafnvel hafa viljað, að n. legði þetta fé fyrir. En þetta er mesti misskilningur. Ég lagði einmitt áherzlu á það, að tilgangurinn með því að stofna n. og fá henni allmikil fjárráð í hendur, hefði verið sá, að styrkja menn til þess að gera ýmsar tilraunir og nýbreytni í fiskveiðum, verkun og sölu sjávarafurða. En ég sýndi fram á, að styrkir, sem n. hefði veitt, hefðu verið tiltölulega mjög litlir, en langmest af fénu hefði farið í ýmiskonar rekstur hjá n. sjálfri. Þetta starf hefir, eins og ég rökstuddi, misheppnazt að mjög miklu leyti, og er þar að auki — að því er ég bezt veit — fyrir utan tilgang þingsins með því að fá n. mikil fjárráð. Ég er að sjálfsögðu því samþykkur, að ef n. er til og starfar, þá verji hún því fé, sem hún hefir til umráða, einungis til þess að styrkja þá menn, sem aðstöðu hafa, bæði hvað þekkingu og annað snertir, til þess að framkvæma nýtilega nýbreytni á sviði útvegsins. Ég er samþykkur því, að hún verji fé í þessu skyni, ef hún á annað borð hefir fjárráð. En auðvitað geta svo verið skiptar skoðanir um það, hvað heppin n. hefir verið í því að velja menn til að styrkja og í að velja tegundir tilrauna.

Út af þeim styrk, sem ætlaður er til togarakaupa, sagði hæstv. ráðh., og snéri sér þar til hv. þm. Snæf., að hann vildi gjarnan fá samvinnu um það, að framlag þeirra félaga, sem styrk fengju, yrði eitthvað lægra en 15%. Ég tók það fram í minni ræðu, að mér fyndist þetta framlag of lágt, og byggði ég það á því, að enda þótt 25% styrkur fengist og 15% framlag, þá væri eftir að afla 60% af andvirði togaranna, og er ólíklegt, að létt verði að afla þess fjár. Enda er það óeðlilegt, að þeir, sem leggja í fyrirtæki, eigi að leggja fram minna fé sjálfir heldur en styrknum nemur, sem þeir fá úr fiskimálasjóði. — Ég hefi haft tækifæri til þess að ræða þetta mál dálítið áður og hefi lýst mínum vilja í þessu efni opinberlega, og það oftar en einu sinni. Ég hefi skrifað um þetta í fjöllesið blað, og vil þess vegna, að mín afstaða til þessa máls — að styrkja togaraútgerðina — sé alveg tvímælalaus. Ég er alveg sannfærður um, að fiskveiðar Íslendinga eiga enga framtíð, ef togaraútgerðin getur ekki staðið. Það er vissulega sú tegund útgerðar, sem mest er í nýtízkusniði og

tryggir langbezt afkomu þeirra, sem að útveginum vinna. En ég hefi lýst því yfir, að mín hugsun sé sú, að bæði bæjarfélög og ríkissjóður styrki menn til þess að halda útgerðinni áfram í nýtízkuhorfi, endurbæta hana og auka. Þar af leiðandi hefi ég ekki viljað, að sett væru nein takmörk fyrir því, hverjir yrðu þessa starfs aðnjótandi, enda er það eðlilegast, að það séu þeir menn og þau félög, sem haldið hafa uppi þessum atvinnurekstri á erfiðum tímum, engu síður en nýir menn. Ég held, að því verði ekki mótmælt, að þeir menn, sem eru starfandi á sviði sjávarútvegsins, standa að ýmsu leyti betur að vígi með að halda áfram rekstrinum heldur en nýir menn, og refsiverðir mega þeir á engan hátt teljast fyrir það, að þeir hafa barizt hinni góðu baráttu á erfiðum tímum. Sjónarmið mitt og þeirra manna, sem að þessu frv. standa, eru að því leyti ólík, að mitt sjónarmið er það, að stuðningur þess opinbera sé einungis miðaður við það, að útvegurinn geti haldið áfram, en þeirra sjónarmið virðist fyrst og fremst vera það, að koma upp einhverjum nýjum atvinnurekendum, án tillits til þess, hvaða skilyrði þeir hafa til þess að halda slíkum atvinnurekstri uppi með góðum árangri. — Það hafa hvað eftir annað verið gerðar ráðstafanir til þess að styðja bændur landsins í baráttu þeirra nú á þessum erfiðu tímum, sem yfir standa, og mér þykir ólíklegt, að þeir menn, sem telja sig sérstaklega málsvara bændastéttarinnar, mundu telja það eðlilegast, að slíkur styrkur væri bundinn við það, að engir núv. bændur fengju að njóta hans, heldur aðeins þeir menn, sem hefjast vildu handa sem nýgræðingar á sviði landbúnaðarins. Það væri t. d. merkilegt, ef stuðningur til bænda út af þessu nýja böli þeirra, mæðiveikinni, ætti að bindast við menn, sem vildu hefja búskap og kynnu að verða fyrir búsifjum af þessari veiki, en hinir, sem staðið hefðu í baráttunni og búnir voru að biða mikið tjón af þessum sökum, mættu bara fara til fjandans.

Ég þarf ekki að svara þeirri firru, sem fram hefir komið bæði hjá hv. þm. Ísaf. og hæstv. atvmrh., að engar íþyngingar og álögur á sjávarútveginn hefðu átt sér stað síðan núv. stjfl. komu til valda. Hv. þm. Snæf. hefir glögglega sýnt fram á, hver firra þetta er. En jafnvel þótt engar álögur og engar nýjar íþyngingar hefðu átt sér stað, þá er það vitanlegt, að þessi atvinnurekstur er nú á þessum erfiðleika-tímum miklu síður fær um að standa undir sínum álögum heldur en þegar fyrst var byrjað að láta hann bera verulegar álögur. Það er t. d. vitað, að þegar útflutningsgjald af fiski var fyrst lögleitt, þá var hagnaður af því að reka útgerð, og var það því ágóðahluti, sem ríkið var þar að seilast til. En nú er ekki um neinn ágóðahluta að ræða, og það er svo oft búið að sýna fram á erfiðleika útvegsins nú fram yfir það, sem áður var, að óþarft er að bæta þar nokkru við. Aðeins vil ég minna á það, að ekki eru mörg ár síðan verkun á skippundi af fiski kostaði ekki nema 4,50—6 kr., en kostar nú yfir 20 kr., og þó er verðið engu betra, sem fæst fyrir fiskinn. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir, að útvegurinn þarf miklu meiri tilhliðrunarsemi og velvilja frá því opinbera heldur en áður. Nú þarf hann stuðnings við, í stað þess að áður gat hann mjög vel stutt ríki og sveitarfélög, sem leggja á hann útgjöld.

Hæstv. atvmrh. vildi vefengja, að rétt væri með farið hjá mér, að í kvikmynd þeirri, sem hér hefir verið rætt um, hafi engar myndir verið af fiskveiðum landsmanna. Í skýrslu n. sjálfrar segir, að mynd þessi hafi verið tekin í þeim tilgangi að sýna hana erlendis, til þess að kynna mönnum fiskveiðar Íslendinga og þá framleiðslu, sem þeir hafa með höndum. En svo segir í framhaldi af þessu: „Engar myndir höfðu verið teknar af fiskveiðunum, og aðeins fáeinar lítilsháttar myndir frá landbúnaðinum, en aftur á móti margar myndir úr samkvæmislífi á Hótel Borg“. — Þetta segir nú n. sjálf, svo að ég hygg, að ég hafi ekki ofmælt mig í minni ræðu. — Hæstv. atvmrh. vildi ekki viðurkenna, að Guðmundur Kamban væri prófessor, af því að hann sjálfur hefði ekki gert hann það. En í skýrslu n. er komizt svo að orði: „Í öndverðum júlí 1935 hóf próf. Guðm. Kamban máls á því við fiskimálanefnd, að nauðsynlegt væri, að tekin yrði kvikmynd frá Íslandi, einkum af aðalatvinnuvegum landsins, fiskveiðum og landbúnaði “. . . . Nú er það viðurkennt, að þessi kvikmynd hefir mistekizt. En mér skilst á hæstv. ráðh., að n. eigi ekki að vera ámælisverð fyrir það, vegna þess, að maðurinn, sem fyrir þessu verki stóð, hafi ekkert vit haft á því. En hverjir áttu að sjá um að velja til þessa hæfan mann? Var það ekki einmitt n. sjálf, sem lagði í þetta fé? En þetta er í samræmi við ýmislegt fleira, sem n. hefir látið gera, því að það virðist flest hafa verið gert af mönnum, sem heldur lítið vit höfðu á sínu verki.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. hefði í sér fólginn hinn stórfenglegasta styrk, sem enn hefði verið veittur útgerðinni, og þótti það undarlegt, að við sjálfstæðismenn, sem annars hefðum haldið mjög stíft á málum sjávarútvegsins, skyldum berjast á móti þessu frv. En það stafar aðeins af því, að við teljum ekki, að þessi leið, sem hér er farin, horfi til verulegs stuðnings fyrir sjávarútveginn. Og það er ekki aðeins álit okkar, heldur og þeirra manna, sem við útgerðina fást, að fiskimálanefnd hafi á margan hátt orðið útgerðinni til ógagns. Hinu er sjálfsagt ekki að neita, að í einstökum atriðum hefir hún haft viðleitni til þess að vinna útgerðinni gagn, en þar hefir henni bara oft mistekizt leiðinlega.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að ég hefði alveg gengið framhjá því, að fiskimálanefnd ætti eignir. Þetta er ekki rétt. Eftir reikningum n. hefir hún sér eignareikning og sér rekstrarreikning, og það var rekstrarreikningurinn, sem ég rakti. Ég lét það gott heita, að það, sem n. telur til eigna, væri eignir. En ég ræddi aðallega um það, hvernig hún hefði varið því fé, sem hún hefði eytt fram yfir tekjur sínar. En úr því að hv. þm. vakti máls á þessu, skal ég gjarnan taka það fram, að það fé, sem n. hefir haft til umráða, er miklu meira en fram kemur á rekstrarreikningnum, því að þar er yfirleitt ekkert talið, sem til eignanna heyrir. En því er ekki að neita, að þessar eignir, sem n. nú telur, eru að langmestu leyti líka tapað fé. Það eru taldar á annað hundrað þúsund kr. í fiskhjöllum. Ég hygg, að við getum nú verið sammála um

það, að jafnvel þótt þessir fiskhjallar hafi orðið framleiðslu landsmanna til einhvers stuðnings, þá sé þar ekki um neitt nýmæli að ræða. Og enda þótt svo hefði verið, þá munu þessar fúnandi spýtur víðsvegar um landið ekki vera verulega mikið verðmæti fyrir nefndina. En við því væri ekki mikið að segja, ef féð hefði að öðru leyti komið að verulegu gagni. — Svipað er að segja um þau lán, sem n. hefir veitt, rúmar 100 þús. kr., að ganga má út frá því sem vísu, að mest af þeim sé tapað fé. Annars er þetta ekki sundurliðað hér á eignareikningi, svo að ekki er vert að kveða upp um það ákveðinn dóm. En þar sem þetta fé mun að langmestu leyti hafa verið veitt til ýmissa tilrauna, þá mun það, hvort hægt er að endurheimta þetta fé eða ekki, vera undir því komið, hvernig þau fyrirtæki, sem féð hafa fengið, bera sig í framtíðinni.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv., að S. Í. F. hafi í ýmsu tekizt illa, og virðist sem hann vilji telja, að okkur farist ekki að ámæla fiskimálanefnd, því að þar hafi ekki tiltölulega verið um meiri misheppnanir að ræða. Við höfum nú báðir verið í stjórn þessa fyrirtækis, og ættum því að vita, hvernig fisksölurnar hafa tekizt. Vitanlega væri það ekki óeðlilegt, að á jafnerfiðum tímum, sem undanfarin tvö ár hafa verið, hefði einhver óheppni átt sér stað. En ég man ekki eftir einni einustu sölu, sem stjórn S. Í. F. hefir verið sérlega óánægð með, og svo mikið er áreiðanlegt, að eigendur fisksins hafa yfirleitt lokið miklu lofsorði á sölurnar. Það væri þess vegna viðkunnanlegra, að hv. 3. þm. Reykv. reyndi að færa einhver rök fyrir þessu máli sínu.

Það er útúrsnúningur hjá hv. flm. frv., er hann reynir að láta það svo heita, að við sjálfstæðismenn viljum ekki styðja sjávarútveginn. Það er vitað af öllum, að stuðningur við sjávarútveginn er fyrsta krafa okkar sjálfstæðismanna. Ágreiningurinn milli okkar og stjórnarflokkanna liggur í því, að við teljum, að stjórnin hafi ekki sýnt nægan skilning á þörfum útvegsins og þýðingu hans fyrir þjóðfélagið. Ágreiningurinn liggur ennfremur í því, að við álítum rangt að láta taka mikið fé frá útvegnum og ráðstafa því svo, að allar líkur séu til, að það komi þessum atvinnuvegi að sáralitlu gagni.

*Einar Olgeirsson: Í deilunum um frv. þetta hafa komið fram tvær andstæðar skoðanir um það, hver afskipti hið opinbera eigi að hafa af sjávarútveginum. Sjálfstæðismenn hafa haldið því fram, að þegar vinstri stjórn sé við völd í landinu, eigi hið opinbera alls ekki að seilast inn á þetta svið. Sjálfstæðismenn virðast halda, að sjávarútvegsmál séu einskonar sérgrein þeirra, þeir einir geti stjórnað sjávarútvegsmálum svo að vit sé í, og þessum atvinnuvegi verði aldrei almennilega stjórnað nema undir þeirra yfirumsjá. — Hv. þm. Snæf. sagði áðan, að þar, sem sósialistar kæmust til valda, lentu allir atvinnuvegir í öngþveiti, en þar, sem einkaframtakið fengi að njóta sín óhindrað, væri allt gott og blessað. Helzt var að skilja á þessum hv. þm., að sjávarútvegurinn væri í eitt skipti fyrir öll leystur úr vanda, ef framlag ríkissjóðs yrði látið ganga til Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, en ekki til fiskimálanefndar. Ég held, að það sé í þessu sambandi nauðsynlegt að athuga nokkuð þá reynslu, sem við Íslendingar höfum af einkaframtakinu og stjórn sjálfstæðismanna á sjávarútvegsmálum. Um einkaframtakið á þessu sviði er það að segja, að þegar það hefir fengið að njóta sín óhindrað um nokkurn tíma, þá sér það sér ekki annað fært en að mynda hringa stórútgerðarmanna. Hringarnir fá svo meginið af því fé, sem bankanir hafa til umráða, því er eytt, og síðan verður ríkið, þ.e.a.s. almenningur að borga fyrir þessa ágætu stjórn sjálfstæðismanna á útvegsmálunum. Íhaldsmenn telja fólki trú um, að sjávarútvegurinn sé þeirra sérgrein, aðrir séu þar ekki færir um að stjórna, það sé hreint og beint óviðkunnanlegt, að vinstri flokkarnir séu að seilast inn á þetta svið. En hver er reynslan af stjórn sjálfstæðismanna á sjávarútvegsmálum okkar síðustu áratugina? Á árunum 1920—1930, þegar íhaldsmenn máttu heita einráðir um þessi mál, stofnuðu þeir Coplands-hringinn, er sölsaði undir sig veltufé bankanna og endaði með því að setja annan aðalbankann á hausinn með töpum sínum, — töpum, sem þessir sérfræðingar í sjávarútvegsmálum höfðu leitt yfir þjóðina. Enn verður almenningur hér á Íslandi að borga fyrir töp Íslandsbanka, töp þessara sérfræðinga í sjávarútvegsmálum, íhaldsmannanna. Og ég fæ ekki betur séð en að sama sagan sé að endurtaka sig nú, þó að hringurinn sé kenndur við Kvöldúlf í stað Coplands. Ég sé ekki ástæðu til þess fyrir sjálfstæðismenn að vera stoltir af þeim gífurlegu skuldum, sem hringur þessi er kominn í við Landsbankann. Nei, reynslan af stjórn sjálfstæðismanna á sjávarútveginum er ekki svo glæsileg, að ástæða sé til að óska þess, að þeir hafi þar áfram óskoraðan yfirráðarétt. Þeir virðast halda það, þessir háu herrar, að nóg sé að tala fagurt, og fólkið muni þá gleyma gerðum þeirra. Þeir halda, að ef þeir tala nóg um 11 þús. kr., sem fiskimálanefnd hafi varið í ómerkilega filmtöku, þá gleymist sex millj. skuld Kvöldúlfs. En menn gleyma ekki aðgerðum sjálfstæðismanna í þessum málum. Það er svo langt frá því, að einstaklingsframtak hv. þm. Snæf. og flokksbræðra hans hafi verið til bjargar sjávarútveginum, þvert á móti, þetta einstaklingsframtak hefir leitt frá hruni til hruns. Togaraflotinn hefir ekki verið endurnýjaður, bankarnir hafa orðið að afskrifa milljón eftir milljón vegna tapanna. Svo koma sjálfstæðismennirnir og amast við því, að aðrir skipti sér nokkuð af þessum atvinnuvegi, enginn geti stjórnað honum nema einmitt þeir!

Það er langt frá því, að sjálfstæðismenn vilji ekki, að hið opinbera leggi fram fé til sjávarútvegsins; þeim nægir ekki að Alþ. geri það á fjárl., heldur eiga bankarnir að leggja fram milljón á milljón ofan, smáútvegsmenn eiga að leggja fé í hendur herranna, sem ráða, svo hundruðum þúsunda króna skiptir. — Hv. sjálfstæðismenn eru siður en svo á móti þesskonar ríkisrekstri, að hið opinbera, að bankarnir leggi fram allt áhættufé, og gangi framleiðslan vel, hirða einstaklingarnir arðinn, en ef allt fer illa, þá skella töpin á ríkinu, á bönkunum. — Hv. 3. þm. Reykv. talaði um, að upphæðin, sem til er tekin í þessu

frv., 500 þús. kr., væri sú mesta fjárveiting, sem hið opinbera hefði veitt til sjávarútvegsins. Þetta er ekki rétt. Þó að hærri upphæðir hafi ekki verið veittar á fjárl., þá ætti það engan að blekkja. Með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu fræga var rúm milljón króna tekin af smáútvegsmönnum. Sjálfstæðismenn höfðu sérstaka aðstöðu til að hafa áhrif á það, hvernig því gjaldi var varið. Þeir hefðu getað sýnt það með meðferðinni á þeirri milljón, hvað þeir vilji gera til styrktar sjávarútveginum, og fróðlegt væri að fá vitneskju um það, hvernig þessu fé var varið, hvort það fór í mútur til Spánar, eins og sagt hefir verið, eða hvort sjálfstæðismenn hafi á annan hátt varið því svo, að það sýni ótvírætt, hvernig þeir fara með fé almennings. Sjálfstæðismenn standa ekki vel að vígi, er þeir nú koma fram hér á hv. Alþ. og lýsa því yfir, að vandræði sjávarútvegsins yrðu leyst með því, að einstaklingsframtakið fengi óskorað að njóta sín og vinstri flokkarnir hættu öllum afskiptum af þessum málum. Tuttugu ára reynsla af stjórn íhaldsmanna á sjávarútveginum sannar hið gagnstæða. Úr vandræðum sjávarútvegsins verður ekki bætt meðan menn þora ekki að taka fyrir sjálft átumeinið: Yfirráð einstakra stórútgerðarhringa á þessum atvinnuvegi.

Ég skal aðeins drepa á eitt atriði viðvíkjandi því, hvort hægt væri að láta togaraflotann bera sig. Eins og nú er, er íslenzka togaraflotanum stjórnað af mörgum félögum, sem sum eiga aðeins einn einasta togara. Íslenzku togararnir eru ekki fleiri en það, að vel mætti stjórna þeim af einu félagi, og myndi við það sparast stórmikið fé. Annars þarf ekki að búast við, að smáútvegurinn beri sig meðan hringavaldið er óbeizlað. Samkv. skýrslu nefndar þeirrar, er rannsakaði hag útvegsmanna árið 1932, námu töp smáútvegsmanna á útgerðinni það ár um tveimur millj. króna. En það mun láta nærri, að á sama tíma hafi gróði þess hluta verzlunarauðvaldsins, sem einkum selur til smáútvegsmanna, grætt sömu upphæð. Hið opinbera verður að taka valdið af hringunum, Kveldúlfshringnum, olíuhringunum og öðrum, sem eru að sliga sjávarútveginn. Annars er það kynlegt að heyra sjálfstæðismenn kvarta undan afskiptum hins opinbera af sjávarútveginum. Ég veit ekki betur en að aldrei hafi verið settar skarpari skorður í sambandi við sjávarútveginn hér á landi en einmitt þegar formaður Sjálfstfl. var ráðherra, — hann gaf þá út bráðabirgðal., sem bönnuðu öllum að flytja saltfisk út úr landinu nema einu félagi, sem bróðir ráðh. var formaður fyrir. Slík afskipti hins opinbera eru sjálfstæðismönnum velþóknanleg. Eftir að hafa kynnzt stjórn sjálfstæðismanna á sjávarútvegsmálum, þá finnst manni, að hver sú tilraun, sem gerð er til þess að fara aðrar leiðir, eigi fullan rétt á sér. Fiskimálanefndin er ein slík tilraun. Ég viðurkenni það fúslega, að fiskimálanefnd hefir gert ýms afglöp og á gagnrýni skilið. En það er algerlega rangt ályktað, að leggja eigi fiskimálanefnd niður, þó að henni hafi mistekizt eitthvað. Það dugir ekki að hætta við að reyna að finna aðrar aðferðir en sjálfstæðismenn notuðu og reyndust svo herfilega illa. Gagnvart þeirri löngu keðju af reginmistökum, sem sjálfstæðismenn, sérfræðingarnir í sjávarútvegsmálum, hafa á samvizkunni, er það skiljanlegt, að þeir menn, sem sjálfstæðismenn telja fullkomna viðvaninga í þessum efnum, geti gert glappaskot. Ég álít, að það sé rétt að halda áfram með fiskimálanefnd, halda áfram í leit að nýjum aðferðum, en taka ekki að nýju upp aðferðir Coplands og Kveldúlfs. — Viðvíkjandi fiskimálanefnd vildi ég taka það fram, að mér finnst ófært, að smáútvegsmenn skuli engan fulltrúa eiga í nefndinni. — Frv. það, sem hér er til umr., stefnir í rétta átt. Hitt ætti að vera óþarft að taka fram, að með starfi fiskimálanefndar er engin reynsla fengin um það, hvernig vinnandi stéttir landsins mundu skipa þessum málum, ef þær væru einráðar, — framkvæmdir þessarar nefndar eiga ekkert skylt við sósíalisma. Það er aðeins verið að reyna, hvort hið opinbera getur ekki haft einhver þægilegri afskipti af sjávarútveginum en að borga milljón eftir milljón í töp einkaframtaksins í þessum atvinnurekstri.

***Sigurður Kristjánsson:** Hv. síðasti ræðumaður sagði, að sjálfstæðismenn teldu sjávarútveginn einkaeign Sjálfstfl. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. kemur þessi speki. En það hefir orðið svo, að sjálfstæðismenn hafa lengst af lagt sitt fram öðrum fremur í þennan atvinnuveg, og hafa því mesta þekkingu á honum og mesta reynsluna í þessum efnum. — Hv. þm. taldi, að sjávarútvegurinn hefði verið þung byrði á ríkinu og bönkunum. Þarna er öllu snúið öfugt. Ég veit ekki betur en að sjávarútveginum hafi blætt út vegna þeirra fórna, sem af honum hefir verið krafizt í ríkissjóð. Hv. þm. nefndi hvað eftir annað fyrirtækið Kveldúlf og sagði, að því væri haldið uppi af ríkinu og bönkunum. Ég veit ekki til, að nokkurntíma hafi verið farið fram á það, að hið opinbera styrkti þetta fyrirtæki, hitt vita allir, að gerð hefir verið ákveðin tilraun til þess á opinberum vettvangi að setja þetta félag á höfuðið. (**EOl:** Á ríkið ekkert í Landsbankanum?) Mér vitanlega hefir Landsbankinn ekki tapað eyri á þessu fyrirtæki. — Hv. þm. var að heimta skýrslur um það, hvernig verðjöfnunarsjóðsgjaldinu hefði verið varið. Því spyr hv. þm. ekki hæstv. atvmrh. að þessu? Það er þegar búið að gera fulla grein fyrir því, hvernig fé þessu var varið, og eigendur sjóðsins eru búnir að leggja samþykki sitt á það. Þetta virðist hv. þm. ekki hafa hugmynd um, og má það merkilegt heita.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 163, n. 194 og 206).

Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson): Þar sem þetta mál hefir verið rætt hér á Alþ. við 1. umr. málsins og einnig undir ýmsum öðrum liðum, þá

læt ég nægja að vísa til framsögu minnar um málið við 1. umr., nema nánara tilefni gefist.

Frsm. minni hl. (Sigurður E. Hlíðar): Eins og kunnugt er, hefir sjútvn. klofnað um þetta mál, eins og önnur mál, og hefir minni hl. gert grein fyrir sinni afstöðu til málsins á þskj. 206. Byggist okkar afstaða að miklu leyti á áliti þeirra manna, sem ég hygg, að beri mest skyn á fyrirkomulag þessara mála. Á ég þar við samband ísl. fiskframleiðenda, en þetta samband hefir látið skýrt og skorinort í ljós sitt álit á fiskimálanefnd, sem er aðalatriði þessa frv. Eins og tekið er fram í nál., þá hefir S. Í. F. samþ. till. á síðasta aðalfundi sínum, þar sem það kemur berlega fram, að sambandið álítur ekki mikið upp úr því leggjandi að leggja svo mikið fjármagn í hendur þessarar nefndar, og yfir höfuð að það sé illa farið, að henni skuli vera falin öll helztu sjávarútvegsmálin. Þessi till. var samþ. með 182:43½ atkv. Í raun og veru eru þetta sterk rök, þar sem þessum mönnum ætti að vera treystandi.

Það er um þetta frv. að segja, að við teljum, að það sé að ýmsu öðru leyti mjög varhugavert. Er það þó einkennilegt, þar sem ekki ætti að hafa verið kastað til þess höndunum að semja það. Það er kunnugt, að á bak við það liggur mánaðar starf beggja stjórnarflokkanna. En í þessu frv. eru eins og kunnugt er ýms af helztu atriðunum í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Í þessu frv. eru talin hin helztu verkefni fiskimálanefndar. Þar eru talin öll hin helztu sjávarútvegsmál, sem nú eru á döfinni. Það skiptir því ekki svo litlu máli, hvernig framkvæmd þessara mála eigi að vera. Eins og ég gat um áðan, þá treystum við fiskimálanefnd ekki svo vel, að við viljum kasta í hana auknu fjármagni. Öllum þeim sjávarútvegsmálum, sem við höfum beitt okkur fyrir sjálfstæðismenn, hefir verið umsvifalaust kastað í þessa nefnd. Það virðist svo, sem fiskimálanefnd sé einhver allsherjar-ruslakista, sem stjórnarflokkarnir kasti öllum sjávarútvegsmálum í. Það virðist þó svo, að hér í landinu séu til stofnanir, sem væri miklu nær, að hefðu með höndum ýms þeirra mála, sem vísað hefir verið til fiskimálanefndar. Ein af þessum stofnunum er t. d. Fiskifélag Íslands. Fiskifélag Íslands virðist mér, að sé alveg hliðstæð stofnun hvað sjávarútveg snertir og Búnaðarfélag Íslands er gagnvart landbúnaði. Ég veit ekki betur en að fullt tillit hafi verið tekið til Búnaðarfélags Íslands um landbúnaðarmál, og því meira að segja falið að hafa með höndum ýmsar mikilsvarðandi framkvæmdir landbúnaðarins. Ég hélt satt að segja, að Fiskifélag Íslands væri þannig skipað, að það væri full ástæða til að taka meira tillit til þess og hliðstætt því, sem viðgengst í landbúnaðarmálum um Búnaðarfélag Íslands. Mér er sagt, að Fiskifélag Íslands muni fá um 60—70 þús. kr. árlegan styrk úr ríkissjóði. Ég sé þess vegna ekkert á móti því, að einmitt þetta félag sé látið vinna ýmislegt af þeim störfum, sem eru nú í höndum fiskimálanefndar. Ég sé enga ástæðu til að koma nánar inn á starfssvið Fiskifélagsins; það er öllum að svo góðu kunnugt.

Þá er það önnur stofnun, sem ég vil benda á sem heppilega til að taka að sér hinn þáttinn í starfi fiskimálanefndar; það er S. Í. F. Í því eru flestir fiskframleiðendur landsins, og það hefir með höndum margskonar starfsemi. Þessar 2 stofnanir virðast sem sagt vel til þess fallnar að taka að sér öll störf fiskimálanefndar, og verður þá að álíta, að þessi nefnd sé með öllu óþörf. En það er hér eins og víða annarsstaðar í þjóðlífinu, að það er verið hér að reyna að deila ábyrgðinni. Það eru skipaðir menn af öllum flokkum í hinar umsvifamestu nefndir, og afleiðingin verður sú, bæði með þessa nefnd og aðrar, að enginn þykist bera ábyrgð á neinu. Það er svo skammt síðan síldareinkasalan sálaða var á döfinni, að menn ættu að muna eftir, hvernig þetta fyrirkomulag gafst. Það er að vísu svo um fiskimálanefndina, að þar eru fulltrúarnir ekki kosnir af pólitískum flokkum, heldur af ýmsum félögum, sem hafa sérstakan áhuga fyrir sjávarútvegsmálum og hafa hagsmuna að gæta í sambandi við þau. Ég held, að ég muni það rétt, að fiskimálanefnd sé skipuð 7 mönnum. Bankarnir, Útvegsbankinn og Landsbankinn, skipa sinn manninn hvor, S. Í. S. skipar einn mann, Alþýðusambandið einn, Fiskifélagið einn, og ég man ekki, hvaða fleiri aðiljar skipa menn í þessa nefnd. En hér kemur fram sama hugsunin, að reyna að deila ábyrgðinni. En þetta fyrirkomulag er þannig, að maður gæti látið sér detta í hug, að hvert hneykslismálið ræki annað án þess að nokkur hreyfði hönd eða fót. Það er látið svo heita, að þessu sé þannig skipað af sanngirni, en ég sé nú satt að segja ekki þá sanngirni; ég sé frekar þá hættu, sem af þessu getur stafað. Ég hefi hér fyrir framan mig skýrslu fiskimálanefndar. Af þessari skýrslu er bersýnilegt, að í nefndina hefir verið eytt miklu fé, en árangurinn kemur hinsvegar ekki eins berlega í ljós. Ég skal ekki þreyta menn á að fara nánar út í þessa skýrslu, en hún talar sem sagt sínu máli um starf þessarar nefndar. Ég hefi ekki annað að fara eftir en niðurstöður n. sjálfrar, enda geri ég ekki ráð fyrir, að hún sé að draga fjöður yfir sína eigin verðleika. Þess vegna finnst mér það vera rík rök fyrir okkur, sem erum í minni hl., að við treystum öðrum betur til að fara með þessi mál heldur en fiskimálan., og þar að auki álítum við það heppilegra fyrir ríkissjóð, því að þá þarf ekki að kosta eins miklu fé til n., sem um þessi mál á að fjalla. Þess vegna erum við öruggir á því að vera á móti þessu aðalákvæði frv., sem hér liggur fyrir. Við erum þeirrar skoðunar, að heppilegra sé að fela þessi nauðsynlegu mál sjávarútvegsins öðrum aðiljum en fiskimálan., og ég er þeirrar skoðunar, að hún megi í raun og veru missa sig.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HelgJ, PHann, JörB.

nei: StSt, GSv, JPálm, SEH.

TT, EE, ÍslH greiddu ekki atkv.

12 þm. (SK, ÞBr, ÁÁ, BÁ, EOl, GÞ, HG, HV, JakM, JGM, ÓTh, PO) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 194 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt., samþ. með 16:1 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 229).

Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 322).

Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta mál hefir legið fyrir sjútvn. og er komið frá hv. Nd. Eins og nál. sjútvn. ber með sér, standa ekki að till. n. nema tveir nm. Þriðji maður n. tók að vísu þátt í umr. um málið, en var ekki viðstaddur lokaafgreiðslu þess í n. (**JJós:** Af hverju?). Þetta var að vísu á fundi, sem hv. þm. ekki var kunnugt, að málið yrði tekið fyrir, en hv. form. n. mun gefa um þetta frekari skýringar.

Þetta frv. gerir nokkrar smábreyt. við 1., 2. og 3. gr. l. um fiskimálan. frá 1935, en aðalefni frv. er í 5. gr. Meiri hl. n. er algerlega sammála aðalefni frv., en ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þess í sérstökum atriðum fyrr en ef andmæli koma fram gegn því hér í hv. d., að ég mun þá að sjálfsögðu svara þeim, en sem sagt, meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vil láta þess getið fyrir mitt leyti, sem sennilega hefði orðið minni hl. sjútvn. í þessu máli, en er í bili eiginlega ekki neitt, að mál þetta var afgr. á aukafundi í sjútvn., sem mér var ekki boðaður. Mér gafst þess vegna ekki tækifæri eða tími til að ræða við meðnm. mína um þær breyt., sem ég hefði kosið á frv. Að öðru leyti get ég látið frekari umr. um málið bíða 3. umr. Ég vildi aðeins geta þessa, að mér var ókunnugt um afgreiðslu málsins í n., og skil ég eiginlega ekki í því, að meiri hl. skyldi ekki þykja viðkunnanlegra, að minni hl. n. væri viðstaddur afgreiðsluna, þó ég hinsvegar skilji, að meiri hl. þætti þessi afgreiðsla á vissan hátt heppilegri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 229, 388).

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Þegar þetta mál var borið fram í hv. Nd., fylgdi því grg. frá flm., þar sem m. a. svo var tekið til orða: „Saltfiskur var um mörg undanfarin ár aðalútflutningsvara vor Íslendinga, en nú hefir útflutningur á honum minnkað svo mjög, að á s. l. ári nam verðmæti hans aðeins um 14,5 milljónum króna, og á þessu ári mun útflutningur verða svipaður. Árið 1930 nam útflutningur þessarar vöru hinsvegar um 36 millj. króna, og á árinu 1933 nær 31 millj. króna. Útflutningsverðmæti þessarar vörutegundar hefir þannig minnkað síðan 1930 um 22 millj. króna" — Þetta er sjálfsagt rétt tekið upp eftir útflutningsskýrslum, og þess vegna virðist mér það dálítið undarlegt, að þegar á þessum forsendum er byggt, þá skuli ætlazt til, að mestur hluti þess fjármagns, sem hér á að veita úr ríkissjóði, eigi að renna til saltfisksframleiðslunnar.

Samvæmt 3. lið 5. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, á að veita félögum sjómanna, verkamanna eða annara styrk til að kaupa togara með nýtízku vinnslutækjum, og má styrkurinn nema allt að 25% af kostnaðarverði. Hin önnur verkefni fiskimálasjóðs eru talin upp í sömu gr., og eru þau ekki neitt smáræði. Samkv. 1. gr. á að koma á fót niðursuðuverksmiðjum eða styrkja þær verksmiðjur, sem fyrir eru. Þær eru nú vitanlega fáar, svo að höfuðverkefnið yrði því að reisa nýjar niðursuðuverksmiðjur. Þá á samkv. 2. lið gr. að veita lán til að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem vel eru sett og hæf eru til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert frystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að ¼ kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús.

Þegar þess er gætt, hvaða peningamagn er ætlazt til að hér sé fyrir hendi, þá finnst mér satt að segja verkefnin vera nokkuð stór, þ. e. a. s., ef meiningin er sú, að þessar ráðstafanir eigi að koma sjávarútveginum að verulegu gagni, hvað manni hefir skilizt á hv. stjfl.

Ég skal nú fyrst víkja að því, að sjávarútvegurinn þarf mjög öflugs stuðnings við, og það miklu öflugri heldur en hér er lagt til í þessu frv., og að ég hygg nokkuð á annan veg.

Nefndir bátaútvegsmanna og togaraeigenda, í samstarfi við stjórn fisksölusamlagsins, hafa lagt fyrir ríkisstj. niðurstöður af rannsóknum, sem sýna það, að með því fjárhagsástandi, sem nú er, og þeim afkomuhorfum, sem framundan eru, verður saltfisksframleiðslunni ekki haldið áfram nema með stórkostlegu hruni á þessum atvinnuvegi. Þetta álit er staðfest í bréfi, sem stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda hefir undirritað og sent ríkisstj., og þar var enginn stjórnarnefndarmaður undanskilinn. Það eru nú að ég

hygg liðnar tvær vikur síðan þessar niðurstöður voru lagðar fyrir ríkisstj. og síðan fundur var haldinn í stjórnarráðinu að viðstöddum öllum ráðherrunum og formönnum stjórnmálaflokkanna hér á Alþ., og er nú beðið eftir því, að ríkisstj. láti eitthvað til sín heyra um það, hvaða ráð hún sjái til þess að létta svo undir með þeim, sem stunda saltfisksframleiðslu, að það geti forðað því hruni, sem að áliti hinna kunnugustu manna, er fram undan, ef ekkert er að gert.

Þegar þessar niðurstöður fengust af þeim aðiljum, sem ég hefi nefnt, var það þegar vitað, að útflutningsgjald af saltfiski yrði afnumið. Ég vil taka þetta fram til þess, að enginn gangi þess dulinn, að að áliti stjórnar sölusambandsins og þeirra nefnda, sem störfuðu bæði fyrir smáútveginn og stórútveginn, er niðurfelling útflutningsgjaldsins af saltfiski ein út af fyrir sig — þó að vísu hún sé réttmæt og þakkarverð, það sem hún nær — engan veginn næg ráðstöfun til þess að létta svo að um muni þá erfiðleika, sem þessi atvinnuvegur á við að búa. — Nú er liðið svo mjög á þingtímann, að aðeins nokkrir dagar eru eftir, og verð ég því við þetta tækifæri að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að ríkisstj. hefir ekki ennþá, eins og hún lofaði, kvatt þessa aðilja aftur til viðræðu um þetta mál, eða yfirleitt látið nokkuð frá sér heyrast um það, hvaða ráðstafanir hún gæti gert. Og ég verð einnig að segja það, að ég hefði kosið, að einhver ráðh. hefði séð sér fært að vera hér viðstaddur, því að það væri full ástæða til, að inn í umr. um þetta frv. drægjust umr. um hinar almennu ráðstafanir, sem við útvegsmenn höfum farið fram á, að gerðar væru.

Ég skal þá aftur víkja að sjálfu frv. og þeim ráðstöfunum, sem samkv. því á að gera og svo mjög hefir verið gumað af í stjórnarblöðunum, að væru til viðreisnar sjávarútveginum. — Ég hefir þegar lýst því, hvað eigi að gera samkv. 1. og 2. lið 5. gr. þessa frv., og einnig samkv. 3. lið, sem ég legg til, að verði felldur niður, af þeirri ástæðu, að reyndin hefir orðið sú að undanförnu, að þrátt fyrir það, þó að útvegsmenn hafi verið skattlagðir um ½% af öllum sjávarafurðum handa fiskimálanefnd, og hún þannig sennilega fengið um 100 þús. kr. á ári, þá hefir lítið verið gert, sem hægt sé að segja, að miði til verulegra hagsbóta fyrir sjávarútveginn almennt. Það hafa að vísu verið styrkt nokkur hraðfrystihús og keyptir staurar til landsins til þess að hengja á fisk til herðingar, en til þess hefði ekki þurft neitt rándýrt nefndarbákn eins og fiskimálanefnd. Þessar styrkveitingar, staurakaup og þ. u. l. hefði verið innan handar fyrir atvinnumálaráðuneytið sjálft að framkvæma. Hinsvegar hefir þetta undirráðuneyti, sem ég nefni fiskimálanefnd, fengizt við ýmiskonar tilraunir, sem meira og minna hafa misheppnazt, eins og vitað er, þannig að samkv. þeirri reynslu, sem fengin er í þessum efnum á undanförnum árum, er ekki hægt að draga þá ályktun, að skattgjald það á útvegsmenn, sem með þessu frv. á enn að nýju að lögfesta, beri nokkurn verulegan ávöxt í auknum framkvæmdum eða fyrirtækjum, heldur muni það að mestu leyti fara, eins og áður, í tilraunastarfsemi og rándýran nefndarkostnað. — Og hvað viðvíkur þessum 400 þús. kr., sem eiga að standa nær einar undir þeim framkvæmdum, sem taldar eru upp í 1., 2. og 3. lið 5. gr., þá gefur að skilja, að það verður harla lítið eftir af þessu fjármagni til þess að koma upp niðursuðuverksmiðjum, til þess að kaupa hraðfrystitæki og reisa ný hraðfrystihús, þegar búið er að leggja fram til þessara tveggja nýju togara, þó að það sé ekki beinlínis tekið fram í frv., að þeir eigi að vera tveir, vegna þess að ég hefi séð það þannig útlagt í blöðum stj., að það eigi að kaupa tvo togara. Ennfremur hafa þeir, sem að þessum málum standa, gert þá áætlun, að tveir togarar, búnir nýtízku tækjum, muni kosta um 700 þús. kr. hvor fyrir sig, og ætla ég það sízt of hátt áætlað. Kaupverð þessara togara mun því verða samanlagt minnst 1400 þús. kr., og 25% af því er 350 þús. kr. Og er þá kúfurinn farinn að fara af þessum 400 þús., sem ætlað er að verja til hinna margvíslegu annara hluta. Þá yrðu eftir um 50 þús. kr., og sé það nú virkilega alvara að gera gangskör að því að breyta fiskiðnaðinum að miklu leyti í niðursuðu og hraðfrystingu, þá sjá það allir, að þessi fjárhæð nær mjög svo skammt til þess að koma því í framkvæmd.

Ég tel þetta mál tekið vettlingatökum, er aðeins nokkur hluti peninganna á að renna til þessara lítilfjörlegu umbóta, en mestur hlutinn til kaupa á togurum, eða ef til vill allt, því að skipin þyrftu ekki að vera nema litlu dýrari en 700 þús. kr. hvort, til að gleypa alveg þessar 400 þúsundir.

Hv. dm. spyrja ef til vill, hvort ég telji ekki þörf á því að kaupa togara og endurbyggja flotann. Því svara ég þannig, að ég er þeirrar skoðunar, að þessa sé þörf. (SÁÓ: Mikið var!) Hv. framitakandi hefir undanfarin 7 ár, eða allan sinn þingsetutíma, ef ég man rétt, verið vitni að því, að við sjálfstæðismenn höfum flutt frv. um að efla fiskveiðasjóð, svo að hann yrði þess megnugur að stuðla að endurbyggingu flotans. En þó að ég telji þetta sjálfsagt, tel ég líka þörf að stuðla að eflingu vélbátaflotans og línuskipaflotans. Við viljum ekki einskorða okkur við togarana. En hér er stefnt að því að verja þessu mikla fé einungis til togarakaupa.

Af þessum ástæðum, af því að ég vil ekki fórna öllu fyrir kaup á tveim togurum, legg ég til, að 3. liður sé niður felldur. Það myndi þýða, að þessar 400 þús. kr. mætti nota til að ýta af stað mjög myndarlegum framkvæmdum í niðursuðu og hraðfrystingu víðsvegar um land, og væri það ekki aðeins hagur fárra manna, sem stunduðu atvinnu á tveim togurum, heldur til hagsbóta mörgum þúsundum manna, sem standa að vélbátaútvegi landsins.

Ef þetta mikla fé á að leggja í togara, geta hin verkefnin, sem talin eru í frv., ekki verið framfærð nema til málamynda. Það yrðu varla mikil tilþrif, þó að niðursuða og hraðfrysting væru styrktar með 50 þús. kr. framlagi, sem afgangs myndi verða, ef togararnir yrðu ekki dýrari en ráð er fyrir gert, sem ég leyfi mér að efast stórlega um, að reynast myndi.

Ég endurtek það, sem ég hefi áður sagt, af því að hæstv. atvmrh. er hér staddur, að við útvegsmenn höfum fyrir 2 vikum lagt fyrir hæstv. stj.

vel rökstudd gögn fyrir því, að saltfisksframleiðslan geti ekki haldið áfram, nema henni sé veittur stuðningur, og ég sakna þess, að við höfum ekki fengið svör við þessu frá hæstv. stj., eins og lofað var á fundinum í stjórnarráðinu. En við því var búizt, að þau svör kæmu fyrir lok þessa þings.

Ég hefi nú gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að ég legg til, að 3. liður verði felldur, en aðalástæðan er sú, að ég vil vinna að því, að hin atriðin, sem talin eru í 1. og 2. lið, geti orðið til gagns, en þau væru að öðrum kosti ekkert annað en þýðingarlaus gylling á frv.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði hér um fund þann, sem haldinn var í stjórnarráðinu með útgerðarmönnum, get ég viðurkennt, að það er rétt, að þeim var lofað svörum svo fljótt sem stj. gæti gefið þau. Að nokkru leyti hafa þau svör komið hér fram, m. a. með því, að fallizt hefir verið á, að horfið skyldi að nokkru frá gjöldum þeim, er lögð skyldu á útveginn. En að fullkomin svör hafa ekki verið gefin, er af því, að ég hefi verið frá í tvo daga.

Annars get ég endurtekið það, sem ég sagði á umræddum fundi, að ef hver togari tapaði að meðaltali 110 þús. kr. á ári og hver vélbátur 10 þús. kr., eins og skýrsla útgerðarmanna hermir, þá ættu allir að geta verið sammála um, að það er hinu opinbera um megn að rétta við útgerð, sem byggir á slíkum áætlunum. Með því að gera ráð fyrir þeim afla og því verði, sem þar er byggt á, getur útgerðin sýnilega ekki borið sig. En ég vil annars geta þess, að ég sé ekki ástæðu til að miða við þessar tölur, því að nú er hægt að selja blautan fisk fyrir 30 aura kg., og auk þess er engin ástæða til að ætla, að á næstu vertíð verði annar eins aflabrestur og orðið hefir á þeirri síðustu.

Eins og ég hefi áður sagt, vildi ég láta athuga, hvort ekki er hægt að afnema toll á kolum og olíu, ekki af því, að hið opinbera muni ekki um það fé, heldur af því, að ekki er nema sjálfsagt, að ríkið athugi, hvort það getur ekki sleppt einhverjum slíkum tekjustofnum, þegar nauðsyn útgerðarinnar er eins brýn og nú er. Líka mætti athuga, hvort ríki og bæjarfélög gætu ekki létt af hafnargjöldum að einhverju leyti.

Hvenær greiðist svo úr, að það sjáist, hvernig afkoman muni verða á næsta ári, getur enginn sagt. Um áramót má ef til vill sjá nokkru lengra fram en nú. En ennþá hlýtur allt að vera í talsverðri óvissu um þetta.

Með brtt. sinni á þskj. 388 leggur hv. þm. til, að 3. töluliður 5. gr. verði felldur niður og þar með heimildin til að kaupa 2 togara. En mér skildist hann ekki gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig þetta mál væri hugsað. Hann gekk út frá því, að kaupverð hvors togara myndi ekki verða undir 700 þús. kr. Ég tel vafasamt, að það geti farið niður úr 750 þús. kr., ef um nýtízku togara á að vera að ræða. (JJós: Ég er sömu skoðunar). 25% af þessari upphæð er rúmlega 187 þús. kr., eða, ef um 2 togara er að ræða, 375 þús. kr. Hv. þm. dró þessa upphæð frá tillaginu til fiskimálasjóðs á einu ári, en tilætlunin hefir hinsvegar verið sú, að þetta skyldi lagt fram á tveim árum að minnsta kosti. Tekjur fiskimálasjóðs eru nú um 120 þús. kr. Framlag er 400 þús. kr., eða samtals 520 þús. kr. Auk þess hefir sjóðurinn ýmsar smærri tekjur, og má gera ráð fyrir, að honum áskotnist þannig alls 520—550 þús. kr. á ári. Ef hann þarf að leggja fram til þessara kaupa um 180 þús. kr. hvort árið, ætti hann að hafa afgangs eitthvað kringum 350 þús. kr. hvort árið til annara aðgerða, frystihúsa, niðursuðuverksmiðja o. s. frv. Ég held því, að ekki sé ástæða til að ætla, að þessar upphæðir nægi ekki þessi fyrstu 2 ár. Nú þegar er búið að veita verulegar upphæðir til frystihúsa. Auk þess tel ég ekki hyggilegt að fara hraðara í útvíkkun á þessari starfsemi en markaðir leyfa. En ég held, að langt megi komast með þetta fé, þó að það myndi vera ófullnægjandi, ef gengið væri út frá því, eins og hv. þm. gerir, að fyrir liggi á næstu árum að breyta okkar fiskframleiðslu í form hraðfrystingar og niðursuðu. Ég trúi því ekki, að slíkt geti orðið á næstu árum, því að það krefst mikils undirbúnings, ekki sízt í markaðslöndunum. Hv. þm. Snæf. tók það líka fram í ræðu í Nd., að varlega yrði að fara í þessu efni og með fullri forsjá. Ég er honum sammála um þetta. Mig minnir líka, að í frv. sjálfstæðismanna í Nd. um þetta efni hafi verið gert ráð fyrir, að 120—150 þús. kr. á ári myndi nægja til þessara hluta. Ég held því, að hv. þm. Vestm. þurfi engu að kvíða, þó að 3. liður verði samþ. Með því, sem sjóðurinn hefði þá afgangs, mætti eflaust komast langt á næstu 2 árum um aðstoð við hraðfrystingar- og niðursuðufyrirtæki.

En að því er snertir nauðsynina á nýjum togurum, þá viðurkenndi hv. þm. hana. Mér skildist þó sem nokkuð annað vekti fyrir honum en mér í þessu. Fyrir mér vakir þetta: Það hefir verið talið um nokkurra ára skeið, og fastast fram haldið af togaraeigendum nú, að togaraútgerð geti ekki borið sig á þessu landi. Allir sjá, hvert stefnir, ef þetta er rétt. Ef togaraveiðar geta ekki svarað kostnaði, þó að létt sé af þessari útgerð sköttum og skyldum og greitt fyrir henni eins og hægt er, þá hljóta togaraveiðar hér að leggjast niður á næstunni. Nú er það skoðun mín og minna flokksmanna, að ekki sé enn fengin full reynsla um þetta. Ætlun mín er nú sú, að fá hingað 2 nýtízku skip, sem eiga að geta skorið úr þessu máli. Slík skip, sem eru þannig útbúin, að þau geti notað hvern ugga, standa auðsjáanlega miklu betur að vígi en hin eldri. Vélaútbúnaður þeirra er allur miklu sparneytnari en hinna. Fyrir mér vakir að gera tilraun til að fá úr því skorið, hvort ekki sé hægt að láta slíka togara, smíðaða með fullkomnasta hætti nútímatækni, bera sig hér á landi. Einstakir menn geta ekki eða vilja ekki leggja fram fé í þessu skyni. En þjóðfélagið á hinsvegar mikið undir því, að úr þessu fáist skorið. Er því ekki nema sjálfsagt, að það leggi fram þetta áhættufé, og jafnvel þótt meira væri.

*Jón Baldvinsson: Hæstv. atvmrh. hefir tekið fram mest af því, sem ég vildi minnast á. Þó vil ég enn taka fram nokkur atriði. Hv. þm. Vestm. blandaði saman tveim atriðum, sem hvort er

síns eðlis. Annað er tilraunastarfsemin um það að breyta til um atvinnuvegina, en hitt, hvernig hjálpa eigi þeim, sem standa sérstaklega að þorskveiðum, selja saltan og hertan þorsk. Þessi tvö atriði eru ekki sama eðlis. Þess má þó geta, að tilraunir þær, sem hið opinbera hefir gert fyrir atbeina fiskimálan. og með öðrum hætti, voru upp teknar af því, að sýnilegt var, hve erfiðlega gekk fyrir sjávarútveginum. Hv. þm. getur ekki neitað, að það hafa verið teknir upp nýir hættir um verkun fiskjar, og sumt í nokkuð stórum stíl. Hv. þm. Vestm. veit það bezt, að ein af þessum ráðstöfunum var að rýmka um dragnótaveiðina, sem hann manna bezt barðist fyrir. En í sambandi við það var óhjákvæmilegt, að til væru frystihús, sem tækju á móti þessum afla og byggju um hann, svo að hann væri seljanlegur á erlendum markaði. Þetta hefir verið gert. Það er í rauninni enn á tilraunastigi, en ég verð að segja það, að þessar tilraunir eru svo líklegar til gagns í framtíðinni, að ég álít sjálfsagt að halda þeim áfram.

Hv. þm. Vestm. minntist á, að þetta hefði verið gert í gegnum rándýra nefnd. Þeim er ekki vel við fiskimálanefnd, sjálfstæðismönnunum. Ég ætla þó, að þeirra menn starfi í þessari n. og hafi sín áhrif á ákvarðanir hennar, svo að þeir eru alls ekki afskiptir um það, hvað þar fer fram, þó að þeir séu á móti þeim framlögum, sem veitt eru til n. og vildu kannske, að hún væri ekki til. En þeir starfa þarna og hafa þar sín áhrif, og ég hefi ekki heyrt getið um það, að sjálfstæðismenn í n. hafi neina sérstöðu þar. Hefði verið í það vitnað, ef svo væri.

Hv. þm. Vestm. sagði, að úthlutun þessa fjár hefði eins getað farið fram í gegnum ráðuneytið eins og að hafa þessa n. til að ráðstafa því. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það hefði verið rétt að hafa það þannig, og ég álít, að það séu komin fram rök fyrir því, að þetta hefði ekki verið rétt. Þá álítur vitanlega hv. þm., að þessu fé hefði átt að úthluta eins og vant er að úthluta fé úr einhverjum sjóði, og að umsóknir manna hefðu verið teknar til greina og fénu hent sitt á hvað til þeirra, sem sóttu, útgerðarmanna sjálfra, og ekkert eftirlit haft með því, hvernig það væri notað. En það er munur á þessari aðferð og þeirri aðferð, sem fiskimálan. hefir haft. Hún hefir fylgzt með þeim nýjungum, sem gerðar hafa verið, og kynnt sér rækilega þær stofnanir, sem hún hefir styrkt. Og frumkvæðið að því, að reynt yrði að koma á fót niðursuðuverksmiðju, kom frá fiskimálanefnd. Hún hefir meira að segja orðið að fara út fyrir þann venjulega útgerðarmannahóp, til þess að fá menn til að taka upp eins einfaldan hlut og herðing fiskjar, til þess að létta á saltfisksmarkaðinum. Þegar um þetta var að ræða, fengust útgerðarmennirnir ekki til að gera það, sem að áliti hv. þm. Vestm. áttu að fá styrkinn. Og það var annað og meira en að það þyrfti að fá staurana og flytja þá til landsins; það varð að fara út fyrir hóp þeirra venjulegu útgerðarmanna, sem þykjast hafa í kollinum allt það vit, sem til er um útgerðarmál, og finna menn, sem vildu taka að sér að hafa framkvæmd í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að herðing fiskjar hefir verið til frá alda öðli hér á landi. Skreið var um tíma aðalgjaldeyrir landsmanna, sem út var fluttur. Og meginhlutinn af þeim fiski, sem landsmenn hafa borðað fram á þennan tíma, hefir verið hertur eða siginn. Það er eins og þessir nýtízku útgerðarmenn viti það ekki og séu ófáanlegir til að herða fisk.

Fiskimálanefnd hefir unnið að því að koma á karfaveiðum. Útgerðarmenn gáfu fyrirskipun um, að þessum fiski skyldi hent. Og það var ekki fyrr en fiskimálanefnd beinlínis keypti þá til að hirða þennan fisk, að þeir tóku það upp. Það var langt stímabrak við að fá þá til að setja út botnvörpu á karfamiðum.

Það geta vitanlega verið áraskipti að því, hvað veiðist af karfanum, en mér er sagt, að stofninn sé mjög sterkur og mikið til af honum, og hefir einn af okkar kunnugustu mönnum í þessum greinum skýrt svo frá.

Þetta hefði verið um megn fyrir ráðuneytið að hafa með höndum og engin regla verið um framkvæmd þessara mála. Það gæti vel hafa setið allt í sama horfinu, þrátt fyrir styrkveitingarnar. Venjulegir útgerðarmenn hafa ekki haft annað fyrir augum en að veiða þorsk, til þess að salta og þurrka á þann venjulega hátt, sem tíðkazt hefir undanfarið.

Hv. þm. sagði það réttilega, að útgerðin væri illa stödd. En eftir þeim gögnum að dæma, sem útgerðarmenn hafa lagt fram um hag útgerðarinnar, virðist líta svo út, að það sé óhugsandi, að nokkur útgerð geti orðið frá Íslandi næstu ár, a. m. k. ekki til að veiða fisk í salt, svo gífurlegt er tapið, ef það á að vera 4 millj. á togarana, og ég man ekki hvað margar millj. á vélbátana. Og hver mundi treystast til að leggja fé til þess? Ég held, sem betur fer, að þeir hafi málað með þeim dekkstu litum, sem þeir hafa fundið. Það er frekar hægt að selja fisk nú. Það er ekki heldur rétt að taka út úr verstu aflaárin síðustu 10—15 ár. Það á að taka meðaltal af einhverjum vissum árafjölda og láta þar vera í bæði góð og vond ár. Á annan hátt er ekki hægt að reikna þetta.

Hæstv. ráðh. svaraði þeim atriðum í ræðu hv. þm., þar sem hann talaði um það, hversu mikið skarð það væri í fé fiskimálasjóðs, að leggja í að kaupa togara, og hann hefir sýnt fram á, að það er ekki eins mikið og hv. þm. vildi vera láta.

Ég skal að lokum geta þess, að það er náttúrlega ekki rétt, að það hafi ekkert verið gert fyrir útveginn. Fyrir ráðstafanir Alþingis hefir verið velt millj. skuldum af bátaútvegnum, með framlögum úr ríkissjóði eða lántökum ríkissjóðs. Millj. kr. af skuldum útgerðarmanna hafa verið strikaðar út, bæði hjá bönkunum og öðrum, og mun þetta hafa komið að verulegu haldi, einkanlega hjá þeim, sem voru heppnir á síðustu síldarvertíð. En það er rétt, að það hefir ekki verið veitt fé til stærri útgerðarinnar, vegna þess að þar er um þær gífurlegu fjárhæðir að ræða, að mönnum hefir hrosið hugur við þeim kröfum, sem útgerðarmenn hafa gert. Og í sjálfu sér er það alveg gagnslaust að efla fiskveiðasjóð, ef flotinn er í því ástandi, sem hv. þm. vildi vera láta í sinni ræðu.

Ég vil svo að lokum geta þess, að ég tel það eina þá merkilegustu nýjung í þessu frv., að gera þessa tilraun með togarana. En af því að hæstv. ráðh. hefir fært fyrir því svo skýr og mikil rök, læt ég mér nægja að vísa til þess, sem hann hefir sagt. Ég mun greiða atkv. á móti þessari till., og ég tel það illa farið, að hv. þm. Vestm. skuli vera þess sinnis, að vilja fella svo merkilegan lið niður úr þessu frv. og ekki styðja að því, að þær tilraunir geti farið fram, sem ætlazt er til með frv.

*Jóhann Jósefsson: Hv. 9. landsk. þm. endaði ræðu sína með því að segja, að hann teldi mjög illa farið, að ég vildi fella niður svona merkilegan lið úr þessu frv. Ég hefi mér til afsökunar þann tilgang, sem ég þegar hefi lýst, að ég tel, að hin önnur verkefni, með því fjármagni, sem sjóðnum er ætlað, séu honum nóg viðfangsefni, þó að ekki sé af þessu klipið á jafnstórvægilegan hátt til togaranna.

Þær tölur, sem hæstv. ráðh. nefndi, eru víst topptölur af tekjum sjóðsins, og það var eftirtektarvert, að hæstv. ráðh. kom hvergi nærri því stórkostlega atriði í þessu máli, að hingað til hefir það verið svo, að þessi lofsverða n., sem hv. 9. landsk. elskar af öllu hjarta, en mér og öðrum útgerðarmönnum er drumbs um, hefir farið þannig með það fé, sem til hennar hefir verið veitt, að það hefir runnið meir út í sandinn í gegnum fingur hennar heldur en farið hefir til þarflegra framkvæmda.

Það er síður en svo, að ég, eftir að hafa hlustað á þessar tvær ræður, sé sannfærður um það, að rétt sé að dreifa fjármagninu eins mikið og ætlazt er til með þessu frv. Hitt er vitað, að 3. liður 5. gr. frv. er kominn inn fyrir atbeina sósialista og er dálítið smækkuð tilraun af þeirri ríkisútgerð, sem þeir stefndu að á síðasta þingi og var látin þá, a. m. k. á yfirborðinu, valda friðslitum milli framsóknarmanna og sósialista.

Ég er heldur engan veginn sannfærður um, að það sé nauðsynlegt að kaupa þessa tvo nýju togara til þess að fá úr því skorið, hvort togarar svari kostnaði eða ekki, vegna þess að við höfum margra áratuga togaraútgerð að baki okkur og höfum þar á meiri reynslu að byggja heldur en þó að tveir togarar væru keyptir og þeim bætt við. Við yrðum engu nær eftir það útgerðartímabil heldur en nú vegna þess að allir vita, að það getur á hverju ári farið svo, að á útkomu þess árs sé ekki byggjandi, og hefir hv. 9. landsk. bezt reynt að rökstyðja þá skoðun, þegar hann vill vefengja útkomu togaranna, sem hefir verið lögð fyrir hann og aðra góða menn, frá árinu sem leið. Það er því sýnt, að með þessu yrði enginn nýr hæstiréttur búinn til í þessum efnum. Ég held miklu fremur, að það, sem Alþ. gerir í þessum efnum, eigi að vera þannig, að sýnilegt sé, að að öruggu marki sé stefnt og að þegar sé ljóst í upphafi, að af hálfu Alþ. sé stuðningurinn við sjávarútveginn meira en nafnið tómt. En eins og frv. er nú, hneigist ég að þeirri skoðun, að það fé, sem á að veita fiskimálanefnd til togarakaupa, muni verða lítið í framkvæmdinni, ef tillit er tekið til þess, hvernig uppskeran hefir orðið hingað til af þeim mörgu hundruðum þús., sem fiskimálanefnd hefir fengið milli handanna.

Hv. 9. landsk. taldi, sem rétt er, að ég og margir sjálfstæðismenn værum ekki hlynntir fiskimálanefnd. Ég get bent hv. þm. á það, að þetta er ekkert flokksmál Sjálfstfl. Á næstsíðasta aðalfundi S. Í. S. var samþ. einróma ályktun um það, að þingið legði n. niður og að verkefni hennar væru falin sölusambandi. (JBald: Ekki væri það gott). A. m. k. held ég, að fyrirfram sé ekki hægt að fullyrða, að þetta færi verr úr hendi hjá S. Í. F. heldur en hjá n. (JBald: Þegar það skilar millj. frá Spáni). Það var skaði, að hv. 9. landsk. var veikur, þegar ég kom að því hér á dögunum að svara bæði honum og hæstv. fjmrh. í sambandi við þessar millj. frá Spáni. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti hefir svo mikla þolinmæði, að hann leyfi mér að fara út í það mál. (Forseti: Það er nú tæplega). Ég trúi því vel. En þá svaraði ég hæstv. fjmrh. rækilega út af öðru spursmáli, sem reis upp, en vegna þess að hv. 9. landsk. gat ekki verið á fundi, fór ég ekkert út í þessar Spánarskuldir. En í skemmstu máli sagt, hvað snertir viðskiptin við Spán, hafa Íslendingar tiltölulega komið þar ár sinni þjóða bezt fyrir borð. Norðmenn áttu þar innstæðu í pesetum og Færeyingar einnig, og báðar þessar þjóðir áttu meira inni tiltölulega en Íslendingar.

Innstæða Íslendinga stóð aftur á móti í sterlingspundum. Hitt getur verið, að Íslendingar tapi einhverju af þessu fé sakir ófriðarins, en þeir verða áreiðanlega ekki einir um það.

Mér skildist að öðru leyti á ræðu hv. 9. landsk., að hann drægi það í efa, að skýrsla útgerðarmanna væri rétt. (JBald: Áætlunin). Áætlunin er byggð á skýrslunni og skýrslan á reynslunni. Og hv. þm. talaði um þetta eins og maður, sem er kominn út úr hömrum og lítur með vantrú á það, sem aðrir menn segja. Hefði hv. 9. landsk. hinsvegar haft hér skýrslu um þessi mál frá einum af bankastjórum Útvegsbankans, býst ég við því, að sá góði maður hefði orðið að viðurkenna, að bækur bankans sýndu það bezt, hvernig hagur útgerðarinnar er. Og vegna þess að hv. 9. landsk. er svo náskyldur einum slíkra manna, ætti hann að eiga innangengt að öllum upplýsingum um þessi mál. Tel ég óþarft í þessu sambandi að fara að minna á einstök útgerðarfyrirtæki, en mér segir svo hugur, að hv. 9. landsk. þurfi ekki að láta í ljós vantrú eða undrun, þegar útgerðarmenn leggja fram skilríki fyrir sínum stóru og miklu töpum undanfarin ár.

Þá sagði hv. 9. landsk., að það væri ekki hægt að neita því, að margt af því, sem fiskimálanefnd hefði gert, væri vel gert, og í því sambandi minntist hann á það, að styrkt hefðu verið hraðfrystihús og stutt að herðingu fiskjar. Ég vil engan veginn segja og hefi aldrei sagt, að þetta sé illa gert. En hitt hefi ég alltaf sagt og segi enn og skal alltaf segja, að það hefði ekki þurft neina slíka stofnun sem fiskimálanefnd til þess að hrinda þessu af stað. Þá bar hv. þm. þær sakir á útvegsmenn, að þeir hefðu ekki viljað sinna þessu. Hér þykir mér skjóta skökku við. Ég þekki marga útgerðarmenn, sem hafa gengið eftir fiskimálanefnd með styrk til þess að koma upp hjöllum, til að herða í fisk, sem

hafa ekki fengið hann. En svo hefir fiskimálanefnd búið til nýja menn í þessari grein, — ekki af því, að útgerðarmenn hafi ekki fengizt til að gera þetta, heldur hefir fiskimálanefnd gengið framhjá þeim og talið, að þetta væri betur komið í höndum annara, sem hingað til hafa staðið fyrir utan hóp útgerðarmanna. Ég held, að þó að útgerðarmenn hafi margar syndir á bakinu fyrir óvarfærni og ýmislegt, sem mannlegt er í áhættusömum atvinnurekstri, þá verði þeim sízt borið á brýn, að þeir séu tregir til að reyna nýjar leiðir.

Um karfaveiðarnar er það að segja, að það var farið að reyna þær áður en fiskimálanefnd leit þessa heims ljós. (SÁÓ: Hvar var það?). Var það ekki fyrir vestan? Ég fullyrði, að það var farið að stunda karfaveiðar hér fyrir vestan land áður en fiskimálanefnd kom til sögunnar.

Herðing fiskjar var þegar búið að benda á, bæði fyrir allmörgum árum af einum erindreka Fiskifélags Íslands, og svo var í áliti milliþingn. í sjávarútvegsmálum frá 1932 búið að benda mjög greinilega á það, hvað gera þyrfti og hvernig hitt og þetta skyldi gert, og þar á meðal var till. um það, að hjálpa mönnum til að koma upp þessum herzluhjöllum.

Ég held það hljóti að vera misskilningur hjá hæstv. ráðh., ef hann hefir skilið mig svo, að ég ætlist til, að allar breyt. á verkunaraðferðum sjávarafurða hér á landi geti gengið fyrir sig á mjög stuttum tíma. Ég held ég hafi manna oftast bent á það, bæði utan þings og innan, bæði við flokksmenn hæstv. ráðh. og hann sjálfan, að því er mig minnir, að allar slíkar breytingar væru mjög torveldar og þar af leiðandi seinlegar. Ennfremur álít ég að því fari fjarri, að dagar saltfiskverkunarinnar séu taldir. Ég álít, að þegar aftur rofar til í Suðurlöndum, muni saltfiskurinn aftur verða þýðingarmikil verzlunarvara. En það er einmitt hæstv. ráðh. og skoðanabræður hans, sem þráfaldlega halda því fram, að dagar saltfisksins séu taldir hjá okkur.

Þá minntist hæstv. ráðh. á kröfu útgerðarmanna og sagði, að till., sem komið hafa fram hér í hv. d., væru einskonar svar við þeim kröfum. Þessar till. eru um það, að nema nokkrar vörutegundir undan nýjum skatti í sambandi við frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs. Þessar vörur eru girðingarefni, tilbúinn áburður, olía, salt og kol. Það er ekki hægt að skoða þessar till. sem neitt svar við málaleitun útgerðarmanna. Ef ætti að skoða þær sem svar, þá væri nánast verið að gera gys að útgerðarmönnum með slíku svari. Ég vil í lengstu lög vona, að hæstv. ráðh. hafi einhver meiri og betri hjálparráð handa útveginum en þessi, sem hann nefndi, enda drap hann á það, að það ætti að létta öllum gjöldum og tollum af salti og kolum. Girðingarefni og tilbúinn áburður koma ekkert þessu máli við. Ég sagði áðan, að ég væri þeirrar skoðunar — enda hefi ég og minir flokksbræður barizt fyrir því nú á sjö þingum í röð —, að hin brýnasta þörf væri til þess að endurbyggja togaraflotann. Þess vegna fannst hæstv. ráðh., að ég hlyti að vera með þessu frv. En í þessu frv. eru engar ráðstafanir gerðar til endurbyggingar á flotanum; aftur á móti höfum við Sjálfstæðismenn flutt till., sem hefðu komið öllum fiskiflotanum að gagni, ef þær hefðu verið samþ., en í þá átt er ekki stefnt með frv.

Þá var hæstv. ráðh. og hv. flokksbróðir hans 9. landsk. með bjarta spádóma hér áðan. Það geta hvorki þeir né ég nokkuð um það sagt, hvað framundan er. Þeir sögðu, að nú væri auðvelt að selja blautan fisk. Það er venjulega svo, þegar engan fisk er að fá, að kaupendur láta í veðri vaka, að þeir vilji kaupa fisk. Það er engin nýlunda, þó selja megi saltfisk á 30 aura kg. fyrri hluta vetrar, en reynslan hefir oftast verið sú, að þetta verð hefir skyndilega fallið, þegar kemur fram yfir nýár.

Ég hygg, að ég hafi þá svarað báðum þeim hv. þm., sem talað hafa. Hv. 9. landsk. sagði, að það væri búið að gera mikið fyrir útgerðarmenn, búið að gefa þeim eftir milljónaskatta og láta þá hafa skuldaskil. Ég veit þetta, en miklu af þeim byrðum, sem létt var af sumum útgerðarmönnum við skuldaskilin, hefir verið velt á aðra útgerðarmenn eftir þeim reglum, sem skuldaskilasjóður starfaði eftir. En það var nú hvorki tilgangur minn eða annara sjálfstæðismanna, er við upphaflega bárum fram þá kröfu, að fjárhagur útgerðarmanna væri rannsakaður og þeim hjálpað til að komast út úr kreppunni.

Þá segir hv. 9. landsk., að eftir mínum rökum sé gagnslítið að efla fiskiveiðasjóð. Ég skil ekki, hvernig hann fer að draga þá ályktun af orðum mínum. Ég hefi alltaf talið fiskiveiðasjóð stofnun, sem bæri að efla og sem ætti að hafa það hlutverk að standa fyrir stofnlánum útvegsins. (SÁÓ: Ekki þó togara). Jú, ég hefi einmitt borið fram frv. ásamt tveimur samflokksmönnum mínum um eflingu fiskiveiðasjóðs til þess hann gæti lánað til endurbóta á togaraflotanum eins og hann hefir hingað til lánað til byggingar bátaflotans. Það er dálítið kyndugt, að hv. 3. landsk. skuli halda þessu fram, efir að við sjálfstæðismenn í sjútvn. höfum einmitt borið fram frv. um þetta efni. (SÁÓ: Þar var stærðartakmarkið 80 tonn). Það er líka gert ráð fyrir því í frv., að fiskiveiðasjóður láni í togara, er hann eflist, þó það nái að vísu of skammt. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er því haldið fram, að ekki verði hjá því komizt að efla togaraflotann eins og smærri flotann. Hæstv. ráðh. vill hér gera tilraun um það, hvort togari með 25% styrk úr ríkissjóði geti staðizt á við aðra togara!

Ég hefði talið, að þetta frv. hefði nóg að vinna, eins og allt er í garðinn búið, þó ekki hefði verið svo frá gengið, að allur þorri peninganna fari í þessa tilraunastarfsemi. Og þó ég viti, að það tekur langan tíma að breyta um verkunaraðferðir og að ekki eigi að gera það of fljótt, þá veit ég, að það fé, sem hér er tíundað, hrekkur skammt til þeirra hluta með togarakaupunum.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Við 2. umr. þessa máls gerði ég það með vilja að fara mjög lauslega út í þetta mál. Nú hefir hv. þm. Vestm. andmælt þessu frv. og gert við það breyt., og er það m. a. út af nokkrum ummælum, sem féllu hjá honum áðan, að ég sem einn nm. tel mér skylt að taka til máls.

Hv. þm. Vestm. byrjaði á því að tala um fiskimálanefnd sem algerlega óþarfa stofnun og færði

henni margt til foráttu. Ég vil nú leyfa mér að benda á, að nefndin er, eins og öllum er kunnugt, ákveðin með lögum, og Alþ. hefir yfirleitt ekki talið rétt að leggja hana niður. Skal ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp 2. gr. laganna, þar sem verkefni fiskimálanefndar er þannig skilgreint: „Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð. Hún skal og gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal og hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, sem lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstj. veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðstjórnarinnar". — Það er þannig skýrt og ákveðið fyrst og fremst verkefni fiskimálanefndar að hafa með höndum tilraunastarfsemi, og verður þess vegna að hafa hliðsjón af því, þegar verið er að tala um, hvað nefndin hafi verið dýr.

Hv. þm. Vestm. vildi meina, að n. hefði verið dýr og lítið lægi eftir hana. Að hans dómi voru það aðeins tvö atriði, sem hún hefði nokkuð unnið að, sem sé að styrkja hraðfrystihús og stuðla að harðfiskverkun. En hún hefir gert miklu meira, eins og þegar er kunnugt, og er rétt, að þess sé getið hér, þegar um þetta mál er rætt.

Ég skal þá fyrst víkja að því, hvað fiskimálanefndin hefir verið dýr í sínu starfi, en það má sjá á þeim reikningum, sem fylgja skýrslu n. um störf hennar 1935—1936. Beinn rekstrarkostnaður n. 1935 er sem næst 3 þús. kr. En annar kostnaður, sem færður er undir gjöld það ár, stafar af ýmsum tilraunum, sem n. hafði með höndum, og m. a. af fisksendingunni til Póllands, er oft hefir verið minnzt á hér á Alþ. og vitað er, að nokkurt tap varð á. En ég hélt, að hv. þm. hefði nú sízt átt að fara út í þá sálma, því að hann er í raun og veru ekki alveg hvítþveginn af því máli. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að hann átti mikinn þátt í því, þegar sú sala var gerð, og að n. fór beint eftir hans till. í því efni. — Við skulum svo athuga árið 1936. Þá hefir rekstrarreikningurinn að vísu hækkað, en hann er þó ekki meiri en rúmar 63 þús. kr. Annar kostnaður, sem þar kemur fram á rekstrarreikningi, er beinlínis í sambandi við þær tilraunir, sem n. hefir gert, svo sem kostnaður við rækjur, styrkir, kostnaður við ýms sýnishorn, styrkur til netakaupa, kostnaður við niðursuðutilraunir, tap á Steady-farminum til Ameríku, og styrkur til fiskirannsókna. Þetta er allt í samræmi við það, sem n. hefir verið ætlað að gera, og þess vegna er ekki rétt að dæma hana fyrir það, þó að nokkurt fé hafi farið í þessar tilraunir.

Það er þegar orðinn nokkur árangur af ýmsum tilraunum fiskimálanefndar, svo sem við rækjuverksmiðju og niðursuðu, sem virðist ætla að gefa glæsilegan árangur. Sama er að segja um harðfiskinn. Það hefir þegar sýnt sig, að það má að vissu marki gera töluvert í því efni að auka harðfiskframleiðsluna og gera hann að útflutningsvöru. Í þessu sambandi vil ég minnast á það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að nefndin hefði gengið framhjá útgerðarmönnum, þegar um úthlutun hjallanna hefði verið að ræða. Þetta held ég, að sé rangt, því að mér er kunnugt um það, að þau stórútgerðarfélög, sem áttu kost á hjöllum, vildu alls ekki nýta þá. Og mér er manna kunnugast um það, að þeir sýndu mesta tómlæti í því að gera skip sín út til ufsaveiða, og þar af leiðandi höfðu þeir lítið með hjallana að gera. Þeir hjallar, sem voru þegar látnir af hendi til þessara togarafélaga og fluttir voru vestur á Önundarfjörð og Hesteyri, hafa verið fluttir hingað til Reykjavíkur aftur, af því að efni þeirra var ekki notað sem vera átti. — Þetta er lítið dæmi um það, að útgerðarmenn hafa yfirleitt alltaf skellt skolleyrunum við því að taka upp nýbreytni í fiskveiðum og verkun aflans. Þeir hafa ekki talið, að hér væri um þá nýbreytni að ræða, sem vert væri að gefa gaum, en það hafa aðrir tekið þetta mál upp og sýnt, að þetta er atvinnuvegur, sem sjálfsagt er að veita fullkomna athygli.

Þá vil ég út af því, að oft hefir verið talað um hinn mikla rekstrarkostnað fiskimálanefndar, minnast á Sölusamband ísl. fiskframleiðenda til samanburðar. Það vill nú svo til að ég hefi skýrslu yfir störf þess frá 1. maí 1933 til 31. apríl 1934, og er þar að finna rekstrarkostnaðinn. Ég skal aðeins tala um þær upphæðir í þeim reikningi, sem eru hliðstæðar við þann kostnað fiskimálanefndar, og það eru laun starfsmanna og endurskoðenda. Þetta ár er stjórnarkostnaðurinn 88 þús. kr. tæpar og laun starfsmanna og endurskoðanda rúmar 83 þús. kr. Þetta er þreföld sú upphæð, sem er kostnaður við fiskimálanefnd. Ef við svo tökum næsta ár á eftir, 1934—1935, þá eru laun starfsmanna, framkvæmdarstjóra og annara um 194 þús. kr. yfir árið. Þetta er svona ríflega ⅔ hlutum meira en kostnaðurinn við fiskimálanefnd. Síðasti reikningurinn, sem ég hefi í höndum, er fyrir árið 1935—1936. Þar eru laun framkvæmdarstjóra og starfsmanna 169333 kr. Ég bendi á þessar tölur einungis til samanburðar, þegar verið er að vitna í þann mikla kostnað, sem fiskimálanefnd hefir í för með sér. Það má engu síður vitna í hinn geysimikla kostnað, sem Sölusambandið hefir í för með sér. Nú er það vitanlegt, að með hverju árinu, sem líður, hefir verkefni þess farið minnkandi, þar sem Sölusambandið hefir aðallega fengizt við sölu saltfiskjar, sem nú er óðum að hverfa, og prósentvís hlýtur því þessi mikli kostnaður hjá Sölusambandinu að verða alltaf æ hærri og hærri. Og ég fyrir mitt leyti álít, að sá kostnaður mætti engu síður minnka heldur en sumir aðrir, sem hér á Alþ. hafa verið gagnrýndir.

Aðalatriðið í því, sem hér er til umr., er það, hvort fella eigi niður 3. lið frv., eins og það nú liggur fyrir. Hv. þm. Vestm. vildi meina, að það væri umhyggja hans fyrir smáútveginum, sem gerði það að verkum, að hann væri á móti þeim tillögum, sem í þeim lið fælust, þ. e. að styrkja kaup tveggja nýtízku togara. Ég hygg nú, að hv. þm. sé í raun og veru — enda kom það fram í öðru orðinu — með þeirri stefnu að endurnýja togaraflotann. En ég veit ekki, hvernig hann hyggst að fara að því, ef hið opinbera á ekki á einhvern hátt að koma skrið á það mál, því að einkarekstur togaraútgerðarmanna hér mun tæp-

lega þess megnugur að endurnýja flotann eins og þörf væri. Það hefir verið krafa jafnaðarmanna, að ríkið og bæjarfélögin gripu hér inn í og reyndu að vinna að því marki, að togaraflotinn yrði aukinn og endurbættur. Ég er einn af þeim mönnum, sem hafa óbilandi trú á því, að það sé þessi tegund skipa, sem okkur henti bezt til fiskveiða, þrátt fyrir allt. Og þar að auki verðum við að hafa hugfast, að þar sem á okkar fiskimiðum stunda veiðar togarar svo hundruðum skiptir frá öðrum þjóðum, þá verður erfitt fyrir okkur að halda uppi samkeppninni við þær, ef við ekki rekum okkar veiðar á svipaðan hátt og hinar erlendu þjóðir. Ég er ekki í minnsta vafa um það, að ef hnigið yrði að því ráði að hafa mótorskip við fiskveiðarnar, þá yrðum við aftur úr í þeirri miklu samkeppni. Englendingar hafa nú endurbyggt sinn flota að nokkru, Þjóðverjar gera slíkt hið sama. Um Frakka, Holllendinga og Belga er mér ekki kunnugt, hvað mikið þeir hafa endurbyggt, en hitt er vitanlegt, að þeir leggja mikið kapp á, að þeirra floti geti farið um úthöfin, bæði til Íslands og annara staða norðarlega á hnettinum. Það má og benda á eina þjóð enn, sem er mjög að velta því fyrir sér, hvort hún eigi ekki að fara inn á þessa sömu braut og það eru Norðmenn. Þar eru mjög háværar raddir um það að auka togaraflotann og síðustu fregnir herma, að jafnvel sé í ráði að styrkja félög og einstaklinga til þess að gera tilraunir í þeim efnum, svo að full reynsla fáist þar af. Og þegar svona er komið hjá okkar nágrannaþjóðum, og jafnvel þeim, sem hafa verið okkar markaðsþjóðir, þá megum við ekki láta undir höfuð leggjast að hafa okkar tæki til fiskveiðanna nokkurn veginn sambærileg við þessar þjóðir, og ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál — aukning togaraflotans — sé eitt af því, sem við nú verðum að leggja aðaláherzlu á. En þá er spurningin sú, á hvern hátt það skuli gert. Hv. þm. Vestm. vildi meina að það ætti að gera með lögum, sem við nú höfum til, um fiskveiðasjóð Íslands. Það er vitanlegt um þann sjóð, að hann var og er hugsaður fyrst og fremst fyrir smáútveginn í landinu og það er barnaskapur einn að ætla, að hann geti — jafnvel með þeirri aukningu, sem sjóðnum nú er ætluð, — annað því að styðja togaraútgerðina svo að nokkru nemi. — En þá skulum við nú snúa okkur að því, sem frv. ætlast til, að gert sé í þessum efnum, og það er að styðja að kaupum tveggja nýtísku togara, sem hv. þm. Vestm. er á móti. Nú hefi ég talað við marga sjómenn, og ég veit, að það er þeirra heitasta ósk að komast á hina fullkomnustu togara þar sem þeir geti haft möguleika til þess að sýna sína miklu yfirburði yfir aðra erlenda fiskimenn, sem hér stunda veiðar kringum landið. Þetta er skiljanlegt, því að það er vitanlegt, að okkar gamli floti er orðinn úreltur. Að vísu eru til togarar, sem teljast verða sæmilega góðir, en meiri hluti þeirra er kominn á fallandi fót, að ógleymdu því, að þeir hafa ekki ganghraða og eyða því meiru af kolum heldur en yfirleitt hin nýrri skip gera. Þar að auki hlýtur stærð hinna nýju skipa að geta haft það í för með sér, að auðveldara sé að koma við betri hagnýtingu aflans heldur en áður hefir verið. Það er nú vitað, að miklir peningar hafa legið í þeim hluta aflans, sem ekki hefir verið hægt að nýta um borð og kasta hefir orðið í sjóinn. Það má nú kannske segja, að hægt væri að koma þessari vinnslu við í sumum okkar togara, en ég hygg, að það yrði ákaflega erfitt, og það yrði alltof kostnaðarsamt að setja þessi nýju tæku um borð í gömlu skipin, sem ekki eru byggð með það fyrir augum, að ógleymdu því, að þau hafa ekki nægilegt pláss til þess. Ég er ekki í vafa um, að ef það tækist að sýna, að þessi skip, sem búin væru nýjustu tækjum, hefðu verulega yfirburði gagnvart hinum eldri skipum, þá myndi það ýta undir framkvæmdir í þessu efni, ekki aðeins einstaklinga, heldur og ríkis- og bæjarfélaga. Hv. þm. er ef til vill á móti svona nýjungum af eðlishneigð. En við, sem berjumst fyrir þessu máli, erum svo bjartsýnir, að við trúum því, að þetta sé rétta leiðin.

Ég get líka bent á, að þeim, sem á skipunum vinna, er ekki sama, hvort þeir vinna á stórum og fullkomnum skipum, sem hægt er að reka allt árið, eða ekki. Flest þau skip, sem héðan ganga til fiskveiða, eru aðeins rekin nokkurn hluta úr árinu, 2—3 mánuði á vetrarvertíðinni, nokkurn tíma á síld að sumarlagi, og þar með búið. Þau fáu línugufuskip, sem eru hér á landi, stunda síldveiðar aðeins 2—3 mánuði á ári, og hvað er slíkt fyrir sjómenn að byggja atvinnu á? Því er það eindregin ósk sjómanna, að það opinbera veiti þessu máli fullan skilning.

Einu sinni var svo talið, að hér væru til 43 eða 44 togarar. Nú eru þeir að nafninu til 37, og það er varla nema nokkur ár þangað til sumir þeirra hverfa úr sögunni fyrir elli sakir, ef þeir sökkva þá ekki í djúp hafsins af sömu eða öðrum orsökum.

Hv. þm. talaði um örðugleika útvegsins. Mín skoðun á þeim skýrslum, er liggja fyrir frá útgerðarmönnum og þeir byggja á áætlun sína um útgerðarkostnaðinn 1938, er sú, að hana beri að taka með mestu varasemi. Menn geta sjálfir dæmt um, hvort ísfiskitúr þurfi að kosta £1535. Ég hefi ekki við hendina tölur um þennan kostnað undanfarin ár, en hann mun hafa verið eitthvað um 11—1200 £. Ég tel því þennan áætlunarlið mjög óábyggilegan og svona er um ýmsa aðra liði í áætluninni. Þar er t. d. gert ráð fyrir 50 daga úthaldi á vetrarvertíð og er það miðað við undanfarna vertíð, sem er sú rýrasta, er lengi hefir átt sér stað. Annars hefir vertíðin venjulega staðið í 80—90 daga. Ennfremur er í áætluninni byggt á verðlagi síðasta árs, sem var alveg óvenjulega lágt. Ýmsir glöggir menn telja nú hinsvegar, að fiskverð 1938 muni verða mun betra en 1937, og sé þetta því óþarfa svartsýni hjá útgerðarmönnum.

Það þarf ekki að láta sig dreyma um að fá endana saman að því er útgerðina snertir með því að gera ráð fyrir öllu eins og það var á síðustu vertíð. Ég horfi með meiri bjartsýni fram á næsta ár, ef vilji er hjá útgerðarmönnum til að halda áfram með rekstur sinn. En ég sé ekki, hvernig Alþ. getur komið til móts við útgerðarmenn um þær kröfur, sem þeir gera nú til ríkisstj. Nú þegar hefir verið sýnd talsverð viðleitni í þá átt að létta gjöldum af útgerðinni. En kröfurnar til ríkisins mega ekki fara fram úr öllu hófi.

Ég hefi farið nokkuð út fyrir það mál, sem hér skyldi rætt, sem sé verksvið fiskimálan. Ég hefi gert grein fyrir því, hversu óréttmætt sé að fella niður þennan lið, sem hv. þm. vill láta niður falla. Ég er viss um, að ef hægt er að kaupa slík skip, eins og hér er gert ráð fyrir, þá er það hin rétta leið.

Fleira minntist hv. þm. á, eins og t. d. karfaveiðarnar. En það var nú einmitt fiskimálan., sem beitti sér fyrir þeim. Hv. þm. taldi aðra hafa byrjað á þessum tilraunum á undan henni, og er það rétt, að nokkrar tilraunir voru gerðar í þessu efni af Kristjáni Torfasyni á Flateyri, en þó í öðrum tilgangi. En nú er þessi útgerð rekin á Patreksfirði. Þar hefir verið reist verksmiðja og þaðan ganga tvö skip til þessara veiða. Hefir orðið góður árangur af þessu. En það var fiskimálan., sem hafði forgöngu um þetta, því að meðal útgerðarmanna var í fyrstu mikil tregða gagnvart þessum veiðum.

Fleira má telja, sem n. hefir gert í tilraunaskyni. En allar tilraunir hljóta í upphafi að hafa nokkurn kostnað í för með sér. Og þó að illa hafi til tekizt um sumar ísfisksendingarnar t. d., er það ekki að undra. Má á það minna í þessu sambandi, að Kveldúlfur byrjaði fyrir nokkrum árum að senda freðinn fisk til Spánar. Ég hefi engan heyrt ámæla Kveldúlfi fyrir þá tilraun, og fóru þó þar margir tugir þúsunda í súginn.

Ég minntist áðan á Póllandsfiskinn fræga, sem hv. þm. var nokkuð við riðinn. Fáir held ég, að áfellist hann fyrir það mál. En þá er líka óþarfi að vera að áfellast fiskimálan. fyrir tilraunir, sem hafa ef til vill ekki gengið að óskum að öllu leyti.

Ég sparaði við síðustu umr. að tala um mál þetta. Það gerði hv. þm. líka, og er ég honum þakklátur fyrir. Það er ekki nema eðlilegt, í máli eins og þessu, að menn láti það koma fram, sem inni fyrir býr. En ég er sannfærður um, að hv. þm. er ekki eins andvígur fiskimálan. og hann lætur. En hann mun vera sendur fram af öðrum, sem hafa meiri andúð á henni, og er hann þar líklega að vinna þegnskylduvinnu sem góður flokksmaður.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég tók ekki til máls við 2. umr. málsins, því að ég bjóst við, að málinu væri ætlað að ganga fram, hvað sem hver segði. En upp á síðkastið hafa komið fram svo einkennilegar skoðanir hjá jafnaðarmönnum hér í d., að mér finnst ég verða að segja álit mitt, áður en málið fer úr þessari hv. d.

Hér hefir aðallega verið um það deilt, hvort meira aðkallandi væri nú að hjálpa togaraútgerðinni í heild eða að hjálpa sjávarútveginum á þann hátt að kaupa tilraunatogara, til að reyna, hvort hægt væri að reka nýtízku togara með góðum árangri.

Ef tekið er fyrra atriðið, hvort ástæða sé til að hjálpa togaraflotanum, sem fyrir er, þá virðist mér sumir menn hér vera þeirrar skoðunar, að þess þurfi ekki með, því að áætlanir togaraútgerðarmanna fyrir 1938 geti ekki staðizt, en í öðru lagi sé fiskverð nú að hækka, svo að afkoman hljóti að verða góð á næsta ári. Það getur verið, að kostnaðaráætlanir fyrir 1938 hafi í nokkrum atriðum verið of háar. En um tapið á togaraútgerð undanfarin ár verður ekki deilt. Ég er nokkuð kunnugur bæjarútgerðinni í Hafnarfirði. Þar gera sósíalistar út, svo að ætla mætti, að sú útgerð hefði farið vel úr hendi. Frá því sú útgerð hófst, hefir öll árin orðið tap á henni, nema eitt árið. Í tapi þessarar útgerðar er fiskverkunarstöð innifalin, og hefir þó venjulega verið gróði af sliku fyrirtæki. Og þegar þess er gætt, að þessi útgerð hefir ekki greitt útsvar, sjá allir, að skýrsla togaraútgerðarmanna muni vera á rökum reist, því að það tap, sem hún gefur upp, er ekki einu sinni meðaltal af tapi skipa í Hafnarfirði.

Þegar slíkt tap hefir orðið á útgerðinni, er ekki hægt að segja, að nú á næsta ári sé útlitið svo gott, að líkur séu til að afkoman verði sæmileg. Það er gefið, að eins og útlitið er nú og svo gömul sem skipin eru orðin og frek til viðgerða, getur togaraflotinn ekki borið sig. Stjórnarsinnar segja, að nú sé verið að gera svo og svo mikið fyrir útgerðina, afnema útflutningsgjöld og létta af henni sköttum. Hér hefir komið fram frv. um skattauka. Hann var felldur niður og annað ekki.

Einnig hefir verið minnzt á, að hjálpa ætti útgerðinni með því að létta skatta hennar þar, sem hún er rekin, lækka hafnargjöld og fleira þess háttar. Það þýðir, að verið er að skylda bæjarfélögin, sem hafa mjög þröngan fjárhag, til að hjálpa útgerðinni, en hv. Alþ. eða stjórnarflokkarnir ætla ekkert annað að gera en að hætta við að leggja á hana nýja skatta. En um leið og þeir segjast hafa létt sköttum af útgerðinni eru öll veiðarfæri, hvaða nafni sem nefnast, skattlögð með þessari 2% skatthækkun, sem geymist í þessu frv. Nei, Alþ. hefir ekkert gert til að útgerðin geti borið sig, og þar með, að afkoma sjómanna og verkamanna, sem þessir menn bera sérstaklega fyrir brjóstinu, geti orðið sæmileg. Það er öllum vitanlegt, að þótt keyptur verði einn nýtízku togari sem tilraunaskip, þá bjargar hann ekki fólkinu í þessu landi. Hann gerir ekki það að verkum, að togarar í Reykjavík eða Hafnarfirði geti farið á veiðar þrátt fyrir þau stórkostlegu töp, sem hér hefir verið gefið í skyn, að þeir hafi orðið fyrir, og hægt er að sanna, að séu rétt reiknuð. En hvað verður þá, ef togararnir, sem til eru, komast ekki á veiðar? Hvað ætlar stjórnarliðið þá að gera? Ætla þeir að hafa þá aðferð, sem virðist vera gefin í skyn með þessu frv., að þvo sínar hendur af aðgerðarleysi Alþ. með því að segja, að það sé ekkert hægt að gera vegna sjálfstæðismanna á Alþ. Ætla þeir að hafa sömu aðferð og þá, sem höfð er í blöðum þeirra, að segja að skipin liggi bundin vegna þess að sjálfstæðismenn vilji ekki gera þau út?

En þessu trúir fólkið ekki, a. m. k. ekki sjómenn og verkamenn, sem þetta mál snertir mest.

Þá kem ég að hinu atriðinu með þetta tilraunaskip. Þó að ég fagni því, að hingað komi skip til að gera þessa tilraun um, hvort hægt er að láta útveginn bera sig með nýtízku tækjum, vinnsluvélum og stórum skipum, sem geta sótt aflann alla leið til Grænlands og Spitzbergen, þá er það ein spurning, sem mér finnst, að menn ættu líka að hafa hugfasta í þessu sambandi;

það er, hvort réttara sé að styrkja þá útgerð, sem nú er, með fjárframlögum, sem svara þeirri upphæð, sem verja á til kaupa þessa nýtízku togara, á þessum tímum, þegar líkindi eru til, að hann mundi kosta margfalt meira fé en næstu 2 eða 3 árin. Það er vitanlegt, að frá í fyrra um þetta leyti og til þessa tíma hefir smíði á nýtízku togurum hækkað um ca. 7 þús. £, sem er um 150—160 þús. ísl. kr., eða allt að þessu 25% framlagi fiskiveiðasjóðs, sem hann á að leggja fram. Á þessum tímum, þegar allt logar í ófriði og verkstæði hafa öll yfirfullt að gera og stál hækkar í verði, væri ólíkt skynsamlegra að reyna að hjálpa þeirri útgerð, sem nú er til, með þessu fjárframlagi, en að leggja það í þessi kaup meðan verðlag er eins hátt og nú er.

Ég vil í þessu sambandi minnast á það, sem deilt hefir verið á hv. þm. Vestm., án þess hann hafi gefið þar mikið tilefni til, um það, hvort betra væri að reka togara eða mótorbáta. Ég ætla að láta þessa deilu hlutlausa, en ég tel, að það sé mikið undir staðháttum komið, hvað heppilegast er á hverjum stað. T. d. álít ég heppilegra fyrir Vestmannaeyjar að hafa mótorbáta heldur en Hafnarfjörð, en svo aftur heppilegra fyrir Hafnarfjörð að hafa togara heldur en Vestmannaeyjar. En flokksmenn hv. 3. landsk. og hann hafa hamrað á því, að bæjarstj. í Hafnarfirði ætti að ganga í ábyrgð til að hægt væri að koma þar upp mótorbátaútgerð. Seinast þegar þing var komið saman, kom áskorun til mín, sem mér var sagt, að hefði líka verið send hv. 3. landsk., um að ég hlutaðist til um, að Alþ. veitti Hafnarfjarðarbæ og verkamannafélaginu Hlíf þar ábyrgð til að koma upp mótorbátum og setja upp frystihús í Hafnarfirði. Þó undarlegt megi virðast, hafa ýmsir, þar á meðal flokksmenn hv. 3. landsk., haldið því fram, að mótorbátaútgerð mundi bera sig betur en togaraútgerð í Hafnarfirði.

Þá vil ég minnast á það, sem hv. 3. landsk. minntist á, að sjómenn og verkamenn ættu að bera allan þungann af útgerðinni. Nú er langt frá, að ég hafi á móti því, að sjómenn og verkamenn eigi erfitt með að framfleyta sér og sínum á þessum erfiðu tímum, og ég vildi gjarnan, að þeir gætu átt við sæmileg kjör að búa. En á þessum erfiðu tímum verða allir, sem hlut eiga að máli, að slá heldur af sínum kröfum heldur en að auka þær. Ég hefði ekkert á móti því, að sjómenn og verkamenn fengju þessar 21 þús. kr., sem leggja á á hvern togara, en þá yrði að vera hægt að létta einhverjum öðrum tilsvarandi sköttum af útgerðinni. Það er vitanlegt, að tilgangur hv. 3. landsk. með því að slá því fram í hv. deild, að útgerðarmenn ætluðust til, að sjómenn og verkamenn ynnu kauplaust á togurunum, hefir ekki verið annar en að reyna að blekkja menn. Til þess ætlast enginn.

Það hefir verið minnzt á fiskimálan. öðrum þræði í sambandi við þetta. Hv. 3. landsk. sagði, að það væri ekki eins mikill skrifstofukostnaður við hana eins og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, en þó hefir hann hækkað úr 38 upp í 65 þús. á einu ári. Enda virðist ríkisstj. vera orðinn þessi kostnaður þyrnir í augum, því í frv. þessu er tekið fram, að ríkissjóður eigi ekki að borga hann. Ríkissjóður er orðinn hræddur við þennan mikla bagga og vill láta sjómenn og útgerðarmenn borga hann, enda má gera ráð fyrir eftir því, sem á undan er gengið, að skrifstofukostnaðurinn hækki upp í ca. 100 þús. á næsta ári.

Þá hefir og mikið verið talað um það mikla gagn, sem fiskimálanefnd hafi gert. Útgerðarmenn hafi t. d. verið ófáanlegir til þess í fyrstu að herða fisk eða setja vörpu í sjóinn til að veiða karfa, eins og hv. 9. landsk. orðaði það. Skilur ekki hv. 9. landsk. og aðrir, að ekki er eðlilegt, að menn herði fisk, þegar sæmilegt verð fæst fyrir hann saltaðan? Þegar fiskimálanefnd kemur til sögunnar, eru farnir að verða erfiðleikar á sölu saltfiskjar, og þess vegna fara menn að herða fisk. Það er eðlileg afleiðing af því, að markaðurinn brást, og hefði verið gert jafnt hvort Héðinn Valdimarsson hefði stjórnað þessu fyrirtæki eða sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefði haft forustu í því. Um karfaveiðarnar vita þeir efalaust, hv. 9. landsk. og hv. 3. landsk., að þær fengu fyrst skrið þegar fiskifræðingurinn Þórður Þorbjarnarson kom upp með allt vítamínið, sem væri í karfalýsi og karfamjöli. Það var hann, sem kom karfaveiðunum af stað, en fiskimálanefnd kom ekki til skjalanna fyrr en eftir að útgerðarmenn voru byrjaðir á þeim. Þetta eru því rök, sem ekki sæmir að bera fram á Alþ.

Að lokum vil ég gera fyrirspurn til hv. jafnaðarmanna hér í hv. deild og hæstv. atvmrh. Það er um það, hvernig fer með þennan nýtízku togara, þegar hann kemur. Nú segir einn, að það verði einn togari, sem komi, 3. landsk. segir, að það verði tveir. Þetta má til sanns vegar færa á þann hátt, að fyrsta árið komi einn og næsta ár komi annar í viðbót, ef þannig á að endurnýja togaraflotann. Raunar býst ég við, að ef það á að gerast, verði að koma fleiri en einn eða tveir togarar. En ef nú kemur aðeins einn togari, — hvert á hann þá að fara og hverjir eiga að fá hann? Ef nú Hafnfirðingar, Reykvíkingar og Keflvíkingar vilja fá hann, hvað á þá að ráða úrslitum? Á að hugsa um, hvar þörfin er mest, eða eiga einhverjir vildarvinir fiskimálanefndar að fá hann?

Í frv. er svo fyrir mælt, að fiskiveiðasjóður leggi fram 25% af kaupverði togarans, verkamenn og sjómenn, eða aðrir, sem áhuga hafa fyrir þessu, 15—20%. Þarna eru komin 40—45%. Nú vildi ég spyrja, hvaðan á hinn hlutinn að koma? Hvar á að fá lán til þessa? Frá áreiðanlegum heimildum hefi ég þær upplýsingar, að t. d. í Englandi láni skipasmíðastöðvarnar aldrei meira en 50% af skipsverðinu.

Ég efast ekki um, að þeir hv. 3. og 9. landsk. og hæstv. ríkisstj. muni geta svarað þessu, og langar mig til að fá það upplýst.

*__Árni Jónsson__: Mér þykir skiljanlegt, að hæstv. forseti reki á eftir mönnum nú undir þinglok, og má segja, að mjög er nú setið, og getur það sama átt við um okkur og sagt var um einn ráðh., að hann væri mjögsitjandi. Er þar ekki heldur leiðum að líkjast. En þar sem ég hefi ekki reynt mjög á þolinmæði hæstv. forseta það sem af er þingi, þá vona ég, að það sé átölulaust af hans hálfu, þótt ég segi nokkur orð.

Að ég stóð upp, orsakaðist af því, að við upphaf ræðu hv. 3. landsk. beindi hann nokkrum orðum til hv. þm. Vestm., sem þá var ekki viðstaddur. Var þá rætt um aukið starf fiskimálanefndar og látið mikið af störfum hennar, enda var ræða hv. 3. landsk. að mestu leyti gum af þessu ástfóstri þeirra stjórnarflokkanna. Það er líkt á komið með þetta ástfóstur stjórnarflokkanna og börn sumra mæðra; þeim þykir ekki alltaf vænzt um efnilegustu börnin, heldur þvert á móti. Mæðurnar láta sér oft annast um þau börnin, sem öðrum þykir mestu leiðindakrógar. Þannig hefir þetta farið með fiskimálanefnd hjá stjórnarflokkunum. Þótt þeir gumi endalaust af henni, hefir öðrum þótt hún mesti leiðindakrógi.

Hv. 3. landsk. hóf ræðu sína á því að mótmæla ummælum hv. þm. Vestm. um, að fiskimálanefnd væri óþörf, og færði fram sem sönnun fyrir því, að Alþ. hefði ekki fundið ástæðu til að afnema hana, heldur ætlaði það nú að veita henni meiri völd en verið hefði. Þetta verð ég að segja, að eru léleg rök. Ég hefi setið fundi þeirra manna, sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta á því sviði, sem fiskimálanefnd er sett yfir, sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Hygg ég, að réttasta dóm á ágæti þessarar n. megi fá hjá þeim mönnum, sem mest eiga undir því, að vel sé gengið fram um sölu þeirra vara, sem fiskimálanefnd er sett til að sjá um, en ekki hjá Alþ. Á fundum þessa sambands hefir verið mikið um fiskimálan. rætt síðan hún var stofnuð, og hún hefir haft þar fulltrúa sína og velunnara. En í apríl 1936 var þess krafizt einróma af fundarmönnum, að fiskimálanefnd væri lögð niður, og var ástæðan fyrir því sú, að þá hafði hún nýlega ráðizt í að senda hinn margumrædda Steady-farm til Ameríku. Fiskeigendur höfðu ekki meiri trú á ráðstöfunum n. en þetta.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér Póllandsfiskinn, sem hv. 3. landsk. sagði, að hv. þm. Vestm. hefði átt svo mikinn þátt í að senda. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Vestm. muni sjálfur upplýsa, hvern þátt hann átti í því máli, og geta menn þá séð, hvort honum ber að þakka eða skella skuld á hann fyrir það, sem þar gerðist.

Mér þykir furðulegt, þegar hv. 3. landsk. ber saman ísfisksölu fiskimálanefndar og saltfisksölu sölusambandsins. Sem kunnugt er hefir sambandið annazt alla saltfisksölu landsmanna, og jafnvel þeir, sem eitthvað hafa haft við einstaka framkvæmdir þess að athuga, eru á einu máli um það, að ef sú stofnun hefði ekki komið til, væru útgerðarmenn milljónum fátækari og útgerð þeirra ennþá verr komin. Til dæmis um það, hvernig þessar tvær stofnanir starfa, skal ég nefna það, að þegar sölusambandið flytur út fisk, er alltaf reiknað í tonnum, en þegar fiskimálanefnd flytur út fisk, er reiknað í kílóum og pundum.

Nú er eðlilegt að kostnaður við fyrirtæki eins og sölusambandið sé alltaf meiri en við fiskimálanefnd. En þó er það ekki sá gífurlegi kostnaður, sem við nefndina er, sem menn telja mest eftir, heldur er það það tap, sem hún bakar landsmönnum.

Þegar verið er að veita fiskimálanefnd aukið starfssvið, er reynt að réttlæta stofnun hennar og tilveru með því, að einkafyrirtæki hafi ekki fengizt til að taka upp nýbreytni í verkunaraðferðum og hagnýtingu fiskjar viðvíkjandi markaði í Suðurlöndum. Það er bezt að minna hv. þm. á, hvernig fiskimálanefnd er til komin. Hugmyndin um fiskiráð er ekki komin frá stjórnarflokkunum, heldur frá sjálfstæðismönnum. Þeir báru fram frv. um fiskiráð hér á Alþ., og í því frv. er gert ráð fyrir flestöllum þeim hlutverkum, sem fiskimálanefnd hafa verið fengin. Þar er gert ráð fyrir harðfiskverkun, hraðfrystingu og markaðsöflun bæði í Suður- og Norður-Ameríku. Það eru sjálfstæðismenn, sem eiga hugmyndina að öllu þessu, og ef þeir hefðu haft framkvæmd hennar, hefði hún orðið allt önnur en nú er. Hugmyndin er góð, en framkvæmdin hefir í mörgum tilfellum verið sú, að í augum fiskeigenda hefir fiskimálan. algerlega fyrirgert tilverurétti sínum. Annars er það svo, að þessi söngur hv. 3. landsk. og fleiri um, að fiskeigendur hafi ekki fylgzt með, þeir hafi verið ófúsir til að taka upp nýjar verkunaraðferðir og afla nýrra markaða, ekki nýr, þetta eru gamlar flugur, sem bornar voru á borð á þeim tíma, þegar verið var að undirbúa stofnun fiskimálanefndar. Ég man eftir því í útvarpsræðu hjá hæstv. atvmrh. 1935, að hann hélt því fram, að þeir, sem önnuðust fisksöluna, væru tómlátir um allt nýtt og hjá þeim færi allt í handaskolum, en sannleikurinn er sá, þrátt fyrir þetta tal, að allt fram að þeim tíma, er saltfisksmarkaðurinn rýrnaði, vorum við alltaf að vinna á í Suðurlöndum á kostnað keppinautanna. Okkar skæðustu keppinautar, Norðmenn, voru stöðugt að hopa úr hverju landinu eftir annað. Þeir hefðu heldur viljað sitja að saltfiskmarkaðinum einir, en þeir urðu að hopa, og við sátum að beztu mörkuðunum. Þetta var nú allt tómlætið. Hitt er annað mál, að þegar þessi markaður lokaðist, þá þurfti að finna nýjar leiðir, en þá urðu útgerðarmenn fyrstir til að benda á herðingu, hraðfrystingu o. s. frv. Þess vegna er það, þegar verið er að saka útgerðarmenn um það, að þeir hafi ekki viljað aðrar verkunaraðferðir eða annan markað en fyrir saltfiskinn, samskonar ásökun eins og ef bóndinn væri ásakaður fyrir að fara ekki með sitt fólk í útsköfurnar meðan ræktaða landið er enn óslegið. En eins og bóndinn neyðist til að fara á útsköfurnar, þegar allt betra slægjuland er búið, eins neyddumst við til að taka upp nýjar aðferðir og leita nýrra markaða, er bezti markaðurinn lokaðist.

Sannleikurinn er sá, að starfsemi fiskimálan., hefir gengið hörmulega illa. Ég held, að ennþá sé rétt að telja harðfisksöluna í pundum. Það má benda á það, að síðan markaðurinn lokaðist í Suðurlöndum hefir verið leitað nýrra markaða annarsstaðar. Tveir framkvæmdastjórar Sambands ísl. fiskframleiðenda fóru til Ameríku og komu aftur með bezta árangur. Þeir opnuðu markaði í Braziliu, Argentínu, Uruguy, Cuba og víðar. Þó þeir markaðir væru ekki sambærilegir við markaðina í Suðurlöndum, þá voru þeir mikil hjálp út úr þrengingunum. Nei, ég álít það næsta eðlilegt, að einmitt hv. þm. Vestm., sem sjálfur

er útgerðarmaður og fulltrúi fyrir útgerðarmenn, sem eiga sína hagsmuni að allmiklu leyti undir fiskimálanefnd, þó þessi maður vilji ekki stækka starfssvið fiskimálanefndar frá því, sem verið hefir, því sannleikurinn er sá, að hún hefir brugðizt vonum manna meira en flest önnur fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið á síðari árum.

Forseti (EÁrna): Ég geri nú ráð fyrir að takmarka hér eftir ræðutíma hv. þm. við 10 mínútur.

***Jóhann Jósefsson:** Hv. 3. landsk. hélt hér ræðu alllanga um fiskimálan. og afrek hennar, og sérstaklega um afskipti mín af sölu fiskjar til Póllands. Ég veit ekki, hversu oft ég þarf að vitna í þessu máli gegn látlausu japli fiskimálan. á ósannindum um þetta mál. Ég hefi gert það bæði á Alþingi, í blöðum og í skýrslu til F. Í. S., en ég get gert það einu sinni enn fyrir hv. 3. landsk., svo hann hafi ekki ástæðu til oftar að endurtaka þessi ósannindi fiskimálan.

Það er rétt, að ég, eftir tilmælum ríkisstj. gegnum danska sendiráðið, athugaði möguleika fyrir sölu fiskjar til Póllands. Það er líka rétt, að ákveðið danskt firma, líka fyrir milligöngu danska sendiráðsins, benti mér á umboðsmann í Póllandi, sem S. Í. F. skipti við. Ég þóttist ekki hafa ástæðu til að óttast, að þetta væri neinn óreiðumaður, úr því S. Í. S. hafði valið hann sem sinn umboðsmann, sem ég ekki heldur veit, hvort hann hefir verið. Ég tilkynnti svo fiskimálan. um, að þessi maður væri fús að taka að sér sölu á fiski frá Íslandi, en lét þess jafnframt getið, að ef fiskur yrði sendur þangað, þá yrði fljótt að hefjast handa, því markaðurinn væri þarna takmarkaður. Þetta var í janúar 1935, og með því var mínum afskiptum af þessu máli lokið. Ekki er hægt að segja, að n. brygði fljótt við, því sending mun ekki hafa farið fyrr en í marz. Fiskimálan. leitaði ekkert til mín, en gerði alla samninga við Magnús Andrésson og Steady, og sýnir það, að eftir mínum ráðum var ekki farið að öðru leyti en því, að n. tók upp korrespondanse við firmað. Á Alþingi sagði ég svo frá sambandinu við þetta firma. Þá reis upp formaður fiskimálan., hv. 2. þm. Reykv., Héðinn Valdimarsson, og sagði að það hefði alls ekki verið Jóhann Jósefsson, sem útvegað hefði þetta samband, heldur fiskimálan. Hann hefði að eins skrifað nokkur bréf og sent skeyti, og svo punktum, basta og búið. En þegar illa fór með þessa sendingu, þá var það Jóhann Jósefsson, sem átti sökina. Ég þarf ekki að fjölyrða um þessa framkomu formanns fiskimálan. gagnvart mér, lítilmennska hans er svo augljós. Þegar útlit er fyrir, að ég geti grætt á þessu máli, reynir hann að níða heiðurinn af mér með skömmum, en svo þegar hallast á, þá á ég alla sökina. Ég veit, að hv. 3. landsk. er of vel innrættur maður til þess að endurtaka þennan óhróður um mig, þegar hann er búinn að fá réttar upplýsingar.

Hvernig fór svo með Amerikuverzlunina? Ekki var það ég, sem þá stýrði penna fiskimálan. Þó urðu þar enn meiri mistök. Fiskimálan. reif þar niður það, sem bezti sölumaður okkar, Kristján Einarsson, hafði byggt upp fyrir S. Í. F. Nefndin gerði meira en hrekja frá okkur þetta samband; hún hrakti einnig frá okkur velvilja og samúð landa okkar vestra, og allt þetta fyrir geðofsa formanns fiskimálan. Ég tel, að mikil mistök hafi orðið í Póllandi, en í Ameríku voru það ekki mistök, heldur var þar vitandi vits rifið niður það, sem búið var að byggja.

Hv. 3. landsk. var að dylgja um það, að tölur og skýrslur útgerðarmanna væru ekki réttar; hið sama var að heyra á hæstv. ráðh. En nú veit hv. þm., að á nýafstöðnum fundi útgerðarmanna réðst einn af stæltustu flokksmönnum hv. þm. á skýrslur útgerðarmanna og áætlanir, en var hrakinn lið fyrir lið, svo að hann gat ekki á þeim vettvangi sýnt fram á, að nokkur liður áætlunarinnar væri rangur. Þess vegna ætti hv. þm. að spara sér hér dylgjur um rangar tölur og áætlanir, þegar raunar enginn er til andsvara. Hv. 3. landsk. sagði ef ætti að taka kröfur útgerðarmanna alvarlega, — hann sagði ef, — já, ef ekki á að hengja myllustein um háls útgerðarinnar, ef ekki á að taka neitt tillit til fyrirsjáanlegs taprekstrar og bágborins fjárhags útgerðarinnar, m. ö. o. ef á að halda áfram að berja höfðinu við steininn, þá er það augljóst, að útgerðin getur ekki risið undir gjöldunum og fer alveg á höfuðið, samtímis því sem varið er 400 þús. kr. til nýrrar útgerðar. Ef þetta verður gert, væri það svipað því, ef Alþingi, sem veitt hefir fé til stofnunar nýbýla, skeytti ekkert um þær jarðir, sem fyrir eru í landinu, skipti sér ekkert af byggingum á þeim, en jysi fé í nýbýli.

Ég gaf ekkert tilefni til samanburðar á báta-útgerð og stórútgerð. Hann var í því sambandi að segja draum sinn um lækkun á kola- og salttolli, en það er ekki annað, sem liggur fyrir, en það, að hætta við að hækka toll á þessum vörum ásamt olíu, girðingarefni og tilbúnum áburði.

Að síðustu vil ég segja hv. 3. landsk. það, að ég tel það hafa miklu meiri þýðingu bæði fyrir sjómenn og verkamenn, ef hans flokkur og ráðh. reyndu að manna sig upp og opna augun fyrir því, sem er að gerast í sjávarútveginum, og reyna að gera þar eitthvað til umbóta, heldur en þó keyptir væru einn eða tveir togarar. Aðalatriðið er, að atvinnuvegurinn beri sig; annars fer allt í strand. Það tjáir ekki, þó bætt sé við einum eða tveimur togurum ofan á atvinnurekstur, sem ekki getur borið sig.

Þá voru hv. þm. og hæstv. ráðh. með mikla bjartsýnis spádóma. Ég vildi gjarnan óska, að þeir rættust; ekki veitir af. Útlitið bendir bara ekki til þess að því er virðist. Ég get bent á tvær vörutegundir í útflutningi okkar, sem í fyrra um þetta leyti fóru hækkandi. Þessar vörur snerta mjög sjávarútveginn; það eru hrogn og lýsi. Þá fór verð á saltfiski aftur á móti lækkandi. Nú er verð á hrognum og lýsi aftur á móti lækkandi, og yfirleitt er talið, að verðlagið á heimsmarkaðinum fari lækkandi. Þeir, sem trúa því, að saltfiskur muni hækka í verði í næstu framtíð, eru bjartsýnir, ef tillit er tekið til reynslu síðastliðinna ára.

Ég skal láta máli mínu lokið með því að skora á hæstv. atvmrh. að beita sér fyrir því, að Alþ. og ríkisstj. gefi útgerðarmönnum skýr og góð

svör við þeim kröfum, sem þeir hafa sent ríkisstj. og enn er eftir að svara.

*Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það verður að virða mér það til vorkunnar, þó ég geti ekki á 10 mín. svarað öllu því, sem ég þyrfti að svara, en ég byrja á því að snúa máli mínu að þeim hv. þm., er síðast talaði.

Það, sem ég áðan vék að Póllandssölunni, byggði ég á skýrslu frá fiskimálan. fyrir árin 1935 og 1936. Nefndin segir, að leitað hafi verið til hv. þm. sem fulltrúa ríkisstj. í Miðjarðarhafslöndum um möguleika á fisksölu til Póllands, og að hv. þm. hafi ráðið n. til að senda fisk þangað, og bendir á ákveðinn mann sem umboðsmann eða kaupanda. Svo komst maður inn í þetta í Kaupmannahöfn sem millimaður. (JJós: Það var ekki eftir minni till.). Hvað hv. þm. hefir svo gert með bréfum og skeytum getur skýrslan ekki um, en það er sýnt, að hv. þm. hefir mikið verið viðriðinn þessa sölu sem ráðgjafi n. Hv. þm. þótti óþarft, að ég væri að gagnrýna skýrslur útgerðarmanna. Hann segir, að einn okkar manna hafi reynt að gera það á fundi útgerðarmanna, en hafi verið hrakinn lið fyrir lið. Þetta er ekki rétt;þessi maður gat ekki gagnrýnt skýrslu þeirra, af þeirri einföldu ástæðu, að hann hafði ekki skýrsluna undir höndum. Síðan hefi ég litið ofan í þessa skýrslu og fundið þar ýmislegt, er mér hefir þótt athugavert. Það er rétt hjá hv. þm., að útgerðin þarf að bera sig, en það er margt, sem kemur til greina í sambandi við það, að bera sig. Ég hefi ekki tíma til að fara út í það nú, því það væri efni í langa ræðu.

Þá var hér nokkuð minnzt á bæjarútgerðina í Hafnarfirði af hv. þm. Hafnf., sem vitnaði hér. Hann segir, að þess útgerð sé spegill af því, hvernig útgerð yfirleitt beri sig. Ég hefi ekki reikninga þeirrar útgerðar, en ég efast ekki um, að þær upplýsingar, sem hann gaf, eru réttar, það sem þær ná. Hitt er vitað, að eftir að bæjarútgerðin í Hafnarfirði bætti við sig öðru skipi, gekk miklu verr en áður. Þetta skip aflaði mjög illa og var langt fyrir neðan meðallag. Slíkt getur vitanlega komið fyrir fleiri útgerðarfyrirtæki. Þetta skip, sem mjög voru skiptar skoðanir um, hvort rétt væri að kaupa, olli því, að útgerðin gekk eins illa og raun varð á. Hinu er ekki hægt að neita, að Hafnfirðingar hefðu verið mun fátækari, ef þessi útgerð hefði engin verið, því hún hefir veitt atvinnu upp á marga tugi þúsunda fram yfir það tap, sem orðið hefir á útgerðinni. Og fyrir bæjarfélagið hefir sú atvinna, sem útgerðin veitti, verið mikil hjálp á þessum þrengingatímum.

Þá sagði hv. þm., að einn togari bjargaði ekki almenningi í landinu. Ég skýrði það í fyrri ræðu minni, hvað þessi tilraun gæti þýtt. Hún getur þýtt algerða umsköpun á togaraútgerðinni og beint henni inn á réttar brautir. Hann minntist einnig á mótorbátaútgerð í Hafnarfirði, sem flokksbræður mínir hefðu óskað eftir ríkisábyrgð fyrir. Ég er sammála honum um það, að slík útgerð sé ekki álitleg. En ég get sagt honum, að það voru flokksmenn hans, sem beittu sér fyrir mótorbátaútgerð hér í Reykjavík, til þess að reyna að drepa niður togaraútgerðina.

Þá var þessi hv. þm. að tala um það, að áður en saltfisksmarkaðurinn brást hafi verið sæmilegt verð á saltfiski og því ekki eðlilegt, að útgerðarmenn legðu mikla áherzlu á útvegun nýrra markaða. Ég held nú, að enginn vilji halda því fram í alvöru, að saltfisksverðið hafi verið sæmilegt árin 1934 og 1935. Fólkið sá og fann, að svo var ekki, þó útgerðarmenn virtust ekki koma auga á það. Svo kom styrjöldin á Spáni. Hana sá enginn fyrir, en þá bar Alþfl. fram till. á Alþ. um, að ríkissjóður legði fram fé til hjálpar útveginum. Þá till. studdu útgerðarm. ekki.

Þá minntist hv. þm. á karfann og sagði, að í þá veiði hefði verið ráðizt fyrir forgöngu eins ungs vísindamanns, Þórðar Þorbjarnarsonar. Það er að vísu rétt, en í fyrstu ætlaði allt að stranda fyrir tregðu útgerðarmanna á að leigja skip til þessara nýju veiða. Þá var það einn velviljaður útgerðarmaður, sem lánaði eitt af sínum skipum til hinna fyrstu tilrauna, sem gerðar voru. Aðrir vildu ekki leigja skip sín í þessum tilgangi.

Hv. þm. var að tala um, að þetta væri kosningabomba. Það er eins og menn sjái kosningabombu í öllum málum. En þetta mál er flutt af Alþfl. aðeins sem þjóðþrifamál, fyrst og fremst fyrir fiskimannastéttina, en ekki sem neitt kosningamál, eins og sagt er um eitt mál, sem nú er ofarlega á döfinni hjá sjálfstæðismönnum, hitaveituna.

Þá talaði hv. 11. landsk. hér langt mál og hélt uppi vörnum fyrir sitt heimili, sölusambandið, sem hann taldi allt til ágætis og miklu fremri heldur en fiskimálanefnd. Ég minntist nú aðeins á sölusambandið í sambandi við þann mikla kostnað, sem sú stofnun hefði í för með sér, enda er því ekki að neita, að hann er í augum landsmanna yfirleitt óeðlilega hár. (Forseti: Tíminn er búinn). Ég verð þá að láta ósvarað ýmsum atriðum, sem fram komu hjá hv. 11. landsk., sem þörf hefði verið að gera nokkur skil.

En ég vil aðeins að lokum geta þess, þar sem umr. um þetta mál hafa þótt nokkuð langar, að það er ekki hægt að komast hjá því að ræða nokkuð ýtarlega mál, sem eru jafnofarlega í hugum landsmanna eins og einmitt þessi mál, og ég vænti þess, að frv., sem hér liggur fyrir, eigi eftir að sýna, að hér er stefnt inn á rétta, en ekki ranga braut.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég get verið stuttorður Það voru aðeins örfá atriði, sem ég vildi ekki láta ósvarað hv. 3. landsk.

Það er þá fyrst það atriði, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar væri miklu fátækari, ef togararnir hefðu ekki verið þar, sem ég vil segja, að ekki sé rétt. Að vísu hafa þeir skaffað atvinnu í bæinn, en samtímis hefir líka aðstreymi fólksins aukizt þangað mjög, svo að það voru ekki einungis bæjarbúar einir, sem nutu góðs af. En nú vil ég skýra hv. þm. frá því, að tap bæjarútgerðarinnar á þessu ári er komið yfir ½ millj. kr., og fátækt bæjarfélag, eins og Hafnarfjörður, hlýtur þó að vera miklu verr sett en áður, ef það fær í viðbót við það, sem fyrir er, ½ millj. kr. skuldabagga. Þetta er því eins og hver önnur firra hjá hv. þm., sem ekki er hægt að láta ómótmælt.

Hv. 3. landsk. minntist líka á það, að margir hefðu verið á móti þessum togarakaupum, þ. e. a. s. þeim síðari. En ég get upplýst hann um, að það voru einungis sjálfstæðismenn. Hinir allir álitu þetta hið mesta happ fyrir bæjarfélagið, þrátt fyrir það, hvernig allt var í pottinn búið.

Þá sagði hv. þm., að verðfallið hefði komið 1935 — sem er rétt og það eina rétta af því, sem hann sagði — og að Alþ. hefði séð, að hverju stefndi, en útgerðarmenn hefðu ekki séð það. Samt sem áður er margbúið að taka það fram *við hv. þm., að það hafi einmitt verið sjálfstæðismenn, sem báru það fram á þingi að stofna nefnd, sem færi í sömu átt og fiskimálanefnd.* En það er alveg sama, hvað sagt er við þennan hv. þm., hann ber bara höfðinu við steininn og segir, að svona hafi það verið og öðruvísi ekki.

Þá vil ég að lokum minnast á karfaveiðarnar. Hv. 3. landsk. játaði, að ég hefði farið þar rétt með, en hamraði á því, að útgerðarmenn hefðu verið tregir til að gera út á karfaveiðar, og ekki fengizt til þess nema örfáir með styrk frá fiskimálanefnd. En þó að hv. þm. geti bent á eitt útgerðarfélag fyrir vestan, sem máske hafi borið sig við karfaveiðarnar, þó var það nú svo, að togarar, sem styrktir voru í þessu skyni af fiskimálanefnd, urðu gjaldþrota, en svo hefði varla farið, ef uppgripaafli hefði verið af ufsanum.

ATKVGR.
Brtt. 388 felld með 9:4 atkv.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 398).

22. Sauðfjárbaðanir.

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Hermannsson): Samskonar frv. og þetta lá fyrir hv. þd. í fyrra og var þá eins og nú flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem þá voru borin fram, þar sem hv. þdm. eru margir hinir sömu, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 25. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 38).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Eins og hv. þdm. munu sjá á nál., leggur n. til, að frv. verði samþ. með lítilfjörlegum breyt. Þessar breyt., sem er að finna á þskj. 38, eru að mestu leyti orðabreyt., en þó eru 3 smávægilegar efnisbreyt. Í 1. brtt. er það fellt niður, að skylt sé að tvíbaða, ef kláði kemur upp á einhverjum stað. Það getur staðið svo á, að ekki sé hægt að koma því við að tvíbaða, t. d. ef kláði kemur upp um sauðburð. Ég ætla hinsvegar, að ekki þurfi að taka neitt fram um þetta, þar sem gert er ráð fyrir, að þetta sé framkvæmt eftir ráðstöfun og fyrirsögn dýralæknis. Þetta mundi því verða framkvæmt þannig, að þar, sem ekki væri hægt að koma við 2 böðunum, yrði látið nægja með eina. — 4. brtt. en nánast leiðréttíng. Í frv. stendur, að sektir skuli renna í sveitarsjóð. Það getur staðið svo á, að hér sé um bæjarsjóð að ræða, og renna þá sektirnar vitanlega í hann. Þá hefir n. lagt til, að það bráðabirgðaákvæði verði tekið upp í l., að landbrh. verði heimilað að endurgreiða þeim, sem tvíböðuðu fé sitt 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun. Þarna er um litla upphæð að ræða; það er ekki nema í þremur sýslum, sem þetta mun koma til greina, en með þessu er þeim, sem ákvæði þetta nær til, gert jafnhátt undir höfði og öðrum. N. leggur sem sagt til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún leggur til, að verði gerðar á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 38,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 38,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 38,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 38,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10. shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 38,5 (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 60).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., 27. okt., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á. 14. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að gera nokkrar athugasemdir við þetta frv. áður en það fer til 2. umr. Frv. var fram borið í fyrra í Ed. og aftur nú að tilhlutun landbrh., eins og segir í grg., sem fylgir því, og ber það með sér, hvers vegna það er fram komið. Þar segir m. a.: „Lög nr. 58 30. nóv.

1914 eru orðin nokkuð ófullnægjandi, einkum eftir að numin hafa verið úr gildi hin eldri sérstöku ákvæði um útrýmingu fjárkláðans með lögum nr. 90 3. maí 1935, sem gera ráð fyrir útrýmingaráðstöfunum í stórum stíl, sem hinsvegar hefir ekki reynzt fært að framkvæma vegna ýmislegra kvilla og faraldurs í sauðfé landsmanna". — Ennfremur er tekið fram, að nauðsynlegt sé að skylda „sauðfjáreigendur til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda fjárkláðanum í skefjum og reyna að útrýma honum, þar sem hans verður vart." Loks er gert ráð fyrir, að ef þrifabaðanir yrðu rækilega framkvæmdar, mundi aldrei þurfa „að koma til allsherjarútrýmingarböðunar, sem mundi kosta mikið fé og þó reynast hæpið, að kæmi að fullum notum".

Ég get fyrir mitt leyti fallizt á þessi rök, það sem þau ná. Það er t. d. nauðsynlegt að skylda menn til að halda fjárkláðanum í skefjum. Og bezt get ég trúað, að það sé hægt með þrifaböðunum, og jafnvel svo, að það gangi útrýmingu næst. Ég álít, að það svari kostnaði fremur en að leggja í útrýmingarböðun með þeim tækjum og aðferðum, sem það mundi útheimta.

Einmitt af því, að útrýmingarböðun verður að vera tvíböðun, hefir ekki reynzt fært að framkvæma lagaákvæði um hana vegna ýmissa kvilla í sauðfé. Hver er þá munurinn á einböðun og tvíböðun? Tvíböðun er framkvæmd til öryggis, til þess að uppræta maurana, svo að ekki náist einungis til þeirra, sem lifa undir kláðahrúðrinu, heldur líka til eggjanna. Einböðun nægir hinsvegar ekki til að vinna bug á eggjunum. Nú á að skylda menn til einböðunar undantekningarlaust, en leysa undan tvíböðun. — En ég er þeirrar skoðunar, að sjúkt fé — sérstaklega það, sem haldið er þeim faraldri, sem nú gengur víða um byggðir landsins — sé ekki vogandi að leggja undir böðun. Ég er hræddur um, að einböðun hafi líkar verkanir og tvíböðun á sársjúkt fé. Mér finnst því, að hér þurfi eins og ástatt er um heilbrigði sauðfjárins víða, að setja heimildarákvæði fyrir landbrh., sem leyfi aðrar öruggar eyðingaraðgerðir á óþrifum sauðfjárins. Ég vil í þessu sambandi benda á, að til eru meðul, sem eru saklaus, en þó nokkuð örugg, sem geta komið í staðinn fyrir böðun, þar sem svona stendur á. Þarf þar ekki annað en að benda á smyrsli, t. d. smyrsli, sem ég hefi notað einkum við svín, því að það er talið forkastanlegt að nota baðlyf á svín. Þetta hefir gefizt ágætlega, og ég veit, að í öðrum löndum er þetta notað á sauðfé. Sú aðferð, sem talin er bezt, er brennisteinsgaslækning (SO_2), en ég geri ráð fyrir, að þótt hún sé talin öruggasta aðferðin, muni það taka tíma að koma henni á, vegna þess að hún er nokkuð dýr og þarf margbrotin áhöld við hana, en það er leið, sem örugglega má nota, bæði fyrir sjúkt fé og eins það, sem er heilbrigt af öðru en óþrifum.

Þetta er það, sem ég set aðallega út á frv. og ég held, að verði ekki komizt hjá að breyta, en svo eru ýms smærri atriði, sem kunna að vera álitamál, eins og t. d. tímatakmarkið fyrir því, hvenær böðun eigi að fara fram. Í frv. er það sett frá 1. nóv. til 15. jan. Ég er í efa um, að allir telji þetta þann heppilegasta tíma. 1. nóv. er efalaust bezti tími um það, hvenær böðun skuli hefjast, en að láta hana ganga svona langt fram á fengitímann, held ég að sé varhugavert. Ég held líka, að þrifaböðun gæti farið fram á 6 vikna tíma, ef góður vilji er til þess, og mætti því tíminn vera ákveðinn 1. nóv. til 15. des.

Orðalag 1. gr. sýnist mér óviðkunnanlegt, þar sem stendur: „Þrifaböðun skal árlega fara fram *á* öllu sauðfé *á* landinu *á* tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar". Þessar forsetningar eru þarna óviðkunnanlega margar saman, en þessi grein er alveg eins og í l. frá 1914, og mætti laga þetta og færa til betra máls.

Þá finnst mér vanta í þetta frv. mikilvægt atriði, sem er í l. frá 1914, en það er ákvæðið um, hvaða baðlyf skuli nota. Þetta er mikilvægt atriði. Nú mun ekki vera um margar tegundir að ræða, sem menn nota. Aðallega er það Barratts- og Coopers-baðlyf. Barratts-baðlyf er mikið notað, en sumir vilja þó fá Coopers-baðlyf með. Í 3. gr. l. frá 1914 er stjórnarráðinu gefið vald til að ákveða í samráði við dýralækni, hvaða baðlyf skuli notuð. Þetta álít ég alveg rétt. Þess vegna finnst mér það vöntun, að þessu skuli vera sleppt í frv.

Í 4. gr. frv. er svo fyrir mælt, að hreppsnefndir skuli skipa eftirlitsmenn, en í niðurlagsmálsgr. sömu gr. er talað um eftirlitsmenn þá, sem ræðir um í l. frá 1935 og eiga að hafa hér um bil sama starf. Mér finnst heppilegast og eðlilegast, að sömu mennirnir hafi þetta hvorttveggja með höndum og full ástæða til að ætla, að hvorir fyrir sig væru vel til þess fallnir að annast þetta starf allt, og því óþarfi að hafa tvennskonar eftirlitsmenn.

Í 4. gr. er nýmæli, sem ég held, að sé til bóta, en það er sú tilkynningarskylda, sem eftirlitsmönnum er lögð á herðar, þegar grunsöm tilfelli eru á ferðinni. Þetta álít ég mjög til bóta.

Ég hefi þá með þessum fáu orðum reynt að lýsa kostum og löstum þessa frv. Ég óska, að n. taki frv. til athugunar og íhugi einnig þessi ummæli mín, annars neyðist ég til að koma fram með brtt. á öðru stigi málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 60, n. 269 og 298).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 298. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Ottesen): Landbn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með tveimur breyt., sem eru tvær nýjar gr., er bæta skal í frv., eins og nál. 298 ber með sér, og miðar fyrri gr. að því að veita landbrh. heimild til að veita undanþágu frá l. þegar brýn nauðsyn ber til. Þessi undanþága er miðuð við það ástand, sem nú er á fjársýkissvæðinu, er gæti orðið þess valdandi, að böðun hefði hættu

í för með sér. Í gildandi l. er engin slík undanþáguheimild til, og þess vegna er sjálfsagt, er breyta á l., að taka slíka heimild inn í þau, svo ekki þurfi að fella niður böðun þvert ofan í lagaákvæði. Hin gr., sem meiri hl. vill bæta í frv., er um það, að l. öðlist þegar gildi. Meiri hl. landbn. hefir borið sig saman við flm. frv. í hv. Ed. og er vitað, að þeir fallast á þær fyrir sitt leyti. Annars vil ég segja það, að eins og gengið er frá frv. eru teknar upp í það allar öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru gagnvart sauðfjárböðunum, hvort sem um er að ræða þrifabaðanir eða útrýmingarbaðanir. Það eru tekin upp í frv. ákvæði um eftirlit með böðun á hverjum stað, og svo vel frá því gengið sem kostur er á. Ennfremur er það tryggt, að sæmileg aðstaða sé þar, sem böðunin fer fram, bæði um sundker og önnur nauðsynleg skilyrði. Eftir samþykkt þessa frv. eru gildandi l. um þetta efni vitanlega óþörf, þar sem þetta frv. hefir inni að halda öll nauðsynleg varúðar- og öryggisákvæði í svokölluðum l. um útrýmingu fjárkláða. Þess vegna vil ég vænta þess, að gott samkomulag geti orðið um að samþ. þessa löggjöf, sem áreiðanlega er svo vönduð að frágangi sem kostur er á.

*Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Eins og sést á nál. landbn., hefir n. ekki orðið sammála um þetta frv. Ég og hv. 7. landsk. teljum enga þörf á nýrri löggjöf um þetta mál eins og sakir standa. Það er kunnugt, að þetta atriði er gamalt deilumál hér á Alþingi og snýst um það, hvort gerlegt sé að hugsa til að útrýma fjárkláðanum með öllu. Ég skal ekki fara langt út í þá deilu, þó hv. frsm. meiri hl. gæfi nokkuð tilefni til þess, því sá skoðunarmunur er svo glöggur, að þess gerist ekki þörf.

Eins og tekið er fram í áliti okkar hv. 7. landsk., eru til l. um þrifaböðun frá 1914, og þau eru nægileg, því að svo miklu leyti, sem þörf er á að auka við þau l., hefir ríkisstj. heimild til að setja reglugerð um þau atriði þessa máls, er l. ná ekki yfir. Einnig hefir ríkisstj. heimild til að veita undanþágu frá böðun á þeim svæðum, sem þörf krefur, eins og nú er á sýkta svæðinu. Vonandi er, að það ástand, sem á því svæði er nú, verði aðeins bráðabirgðaástand, en á meðan það varir verður ekki hægt að framkvæma baðanir á því svæði, hvorki eftir l. frá 1914 eða þessu frv., en svo framarlega sem þörf krefur að vikið sé frá l. frá 1914, þá hefir ráðh. heimild til að gera það með reglugerð. Enda munu þess dæmi, að gefin sé undanþága frá l. hér á landi, þegar sérstaklega stendur á. Hv. þm. sagði, að í frv. væru sameinuð öll nauðsynleg ákvæði um þrifabaðanir og kláðabaðanir. Þetta er ekki rétt, því í frv. sjálfu er vísað til l. frá 1935 um kláðabaðanir, svo á því sést, að þau lög verða þó að gilda eftirleiðis. Annars er það í raun og veru aðeins eitt atriði, sem færa mætti fram til sönnunar á nauðsyn á samþ. frv., en það er, að það felur í sér ákvæði um, að ríkissjóður skuli borga baðlyf til þeirra sauðfjáreigenda, sem þurfa að láta fara fram tvöfalda böðun. Þetta hefir lengi verið í l. og ætíð verið á því hin mesta óreiða. Í fyrsta lagi hefir það verið svo, að þau baðlyf, sem stj. hefir úthlutað, hafa yfirleitt verið þau verstu, sem völ er á, en það er „Hreins kreolin“ og „Barrattssápa“, og þar að auki er vafasamt, að heppilegt sé að eyða úr ríkissjóði þessum 10—12 þús. kr. á ári í þetta kák, sem kemur ekki að neinu verulegu gagni. Og þó að ég sjái ekki ástæðu til að mæla því í gegn, að bændur fái þennan styrk til þess að kaupa baðlyf, þá er ég þeirrar skoðunar, að betra sé að verja þeim krónum meira til þeirra manna, sem fyrir mestu tjóni hafa orðið af völdum fjárpestarinnar, en láta þetta niður falla, og það er eitt af því, sem gerir það að verkum, að ég legg til, að frv. sé frestað eins og nú standa sakir.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil leyfa mér að koma með þá fyrirspurn til hv. n., hvað mikinn kostnað mundi leiða af samþ. frv. samkvæmt 5. gr. annarsvegar og ákvæðunum til bráðabirgða hinsvegar.

Þorbergur Þorleifsson: Þetta frv. er í aðalatriðunum frv., sem við hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ. fluttum á þingi 1936. Það gekk þá greiðlega í gegnum þessa d. og var afgr. til Ed., og því er þess að vænta, þar sem þetta frv. hefir verið tekið upp í Ed., að það fái greiða afgreiðslu í þessari d. eins og þá.

Hv. þm. A.-Hún. reyndi þá að tefja fyrir framgangi þessa máls, eins og hann reynir enn með því að kljúfa n. og hindra, að þetta mál gangi fram. Þau rök, sem hann færði fram gegn frv., var, að ef það yrði að l., mundu þau draga úr því, að þau l., sem hafa verið samþ. um útrýmingu fjárkláðans, yrðu framkvæmd. En við, sem fluttum frv. í Nd., héldum fram, að ef svona l. yrðu samþ., þá yrði það einmitt til þess að draga úr fjárkláðanum, og ef til vill til að útrýma honum með öllu. Þess vegna er það undarlegt með þá, sem eiga heima þar, sem fjárkláðinn er, eins og í héraði hv. þm. A.-Hún., að þeir skuli beita sér gegn því, að svona löggjöf verði samþ. Það hefir ekki þótt fært, að þessi l. kæmu til framkvæmda, og útlit fyrir, að það muni geta dregizt í nokkur ár, að l. um útrýmingu fjárkláðans verði framkvæmd. Og hvers vegna þá ekki að leyfa þessari löggjöf að sýna sig og vita, hvort þetta strangara eftirlit með þrifaböðunum gæti ekki orðið til þess að draga úr eða útrýma fjárkláðanum, því að um það er engum blöðum að fletta, að í þeim héruðum, þar sem hann hefir magnazt, þá stafar það af því að miklu leyti, að þrifaböðun á sauðfé hefir verið vanrækt.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta hér, en ég vænti, að eins og d. sýndi frv. okkar velvild á þingi 1936, þá taki hún þessu frv. vel og afgr. það héðan nú.

*Frsm. meiri hl. (Pétur Ottesen): Ég skal svara hæstv. fjármrh. að því er snertir bráðabirgðaákvæðin. Mér er sagt, að sá kostnaður muni nema eitthvað milli 5 og 6 þús. kr. En viðvíkjandi ákvæðum 5. gr., þá er það í samræmi við 4. gr. gildandi l. um útrýmingu fjár-

kláðans, að því er snertir þátttöku ríkissjóðs í kostnaðinum, og er ómögulegt að segja, hvað mikill sá kostnaður muni verða, það fer eftir því, í hvað mörgum tilfellum til slíks þarf að taka.

Sigurður E. hlíðar: Þegar þetta frv. var til 1. umr., fór ég um það nokkrum orðum og sé ég nú, að hv. landbn. hefir tekið til greina meginaths. mína, þar sem ég óskaði eftir, að tekin væri upp heimild til undanþágu frá böðun, þar sem sjúkdómar væru í sauðfé, svo að vogun væri að framkvæma böðun. Ég get þess vegna fellt mig vel við frv., því að ég tel þetta ákvæði mjög mikils virði og bæta úr slæmum ágalla á l. Ég held, að hér sé stefnt í rétta átt og meiri hl. leggi það rétta til, þar sem hann vill, að frv. nái fram að ganga.

Hv. þm. A.-Húnv. gat þess, að minni hl. legði til, að núgildandi l. væru látin standa óhögguð. Mér skildist, að hann legði ekki mikið upp úr þessari útrýmingarböðun, en hér er ekki um það að ræða, því að l. frá 1935, sem fyrirskipa þá böðun, hafa ekki verið látin koma til framkvæmda, því að eins og allir vita, hefir stj. ekki séð sér fært að láta þau koma til framkvæmda vegna pestar í sauðfé. Hér er aðeins um þrifaböðun að ræða, en ekki útrýmingarböðun. Annars er orðið „útrýming" svo stórt orð, að ég þori ekki að treysta því, að með henni takist að fullu að útrýma fjárkláðanum, en með góðri þrifaböðun á að vera hægt að halda honum í skefjum.

Mér finnst því gæta misskilnings hjá hv. minni hl. landbn., að hann skuli leggjast á móti þessu frv., af því að hann hafi ekki trú á útrýmingarböðun, því að hér er ekki um hana að ræða, heldur að lögskipa þrifaböðun, og með þeirri lagfæringu, sem nú hefir fengizt á frv., tel ég að þar sé farin heppilegasta leiðin til að ná góðum árangri.

Hv. frsm. meiri hl. svaraði fyrirspurn hæstv. fjmrh. um kostnaðarhliðina. Ég sé ekki, að frv. sjálft hafi í för með sér nein fjárútlát fyrir ríkissjóð. Þessar þrifabaðanir eru kostaðar af eigendunum sjálfum, en eftirlitsmennirnir eru launaðir af hreppssjóðum og sýslusjóðum. Kostnaður er því aðeins í sambandi við þessi bráðabirgðaákvæði, sem hv. frsm. gat um, að mundi hlaupa á 4—5 þús. kr.

Ég vil því mæla með því, að frv. nái fram að ganga, því að mér finnst það til bóta á gildandi l.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 298,1 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—9. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 298,2 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 329).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:7 atkv. og endursent Ed.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Á málinu hafa í Nd. aðeins verið gerðar tvær smávægilegar breytingar. Önnur er sú, að tekið hefir verið upp ákvæði, sem kom til tals í Ed., en var ekki tekið upp þar, að landbn. geti undanskilið frá þrifaböðun fé, sem líkur eru til, að geti stafað hætta af böðuninni. Var talið hér í d., að þessi undanþága komi af sjálfu sér, ef hennar gerðist þörf, þar sem baðanir fara fram undir eftirliti dýralæknis, en Nd. hefir þótt tryggara að hafa þetta ákvæði í l. Þá hefir verið bætt við 11. gr., að l. skuli þegar öðlast gildi. Þetta eru einu breytingarnar. Sú fyrri er þýðingarlítil og má vel standa, og sú síðari er til bóta.

Legg ég svo til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 411).

---

23. Bráðabirgðaverðtollur.

Á 22. fundi í Nd., 8. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 132 31. des. 1935, um viðauka við og breytingar á l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll (þmfrv., A. 95).

Á 24. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég þarf ekki miklu að bæta við þau rök, sem færð eru fram með frv. þessu í grg. Ég skal aðeins geta þess, að mál þetta lá fyrir iðnn. í fyrra, og var n. á einu máli um að flytja frv. um þetta efni, en eins og sjá má í grg., þá varð ekki úr því, sakir þess, hve áliðið var orðið þings, er málið komst í hendur n. Er frv. það, sem hér liggur fyrir, flutt af allri n. ágreiningslaust. Hefi ég því ekki aðrar óskir fram að færa frá n. en að frv. fái að ganga sem greiðast áfram í gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 13., nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 339).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Það er líkt á komið með þetta frv. og það næsta á undan, þannig, að undanfarið hefir verið sami tollur á innfluttu efni til kassagerðar, hvort sem það hefir verið hálfunnið, alunnið eða óunnið. Nú er komin kassagerð á stofn hér í Reykjavík, sem er fullkomlega samkeppnisfær við iðnað annarsstaðar í þessari grein, en hún hefir átt erfitt uppdráttar, þar sem hún vinnur úr óunnu efni, en nú er farið að flytja inn allmikið af kössum, sem eru alunnir að öðru leyti en því, að þeir eru settir saman hér á landi, en það er ófært að hafa sama toll á þessum vörutegundum. Nú er öllum ljóst, að kassagerðin getur ekki verið samkeppnisfær við þessar vörur, sem eru fluttar að alunnar, þó það sé betri vara, sem gerð er hér. Í frv. er lagt til, að settur sé 10% verðtollur á þetta hálf- og alunna efni, og mælir iðnn. eindregið með því, að þetta verði samþ. hér á Alþ., svo að ríkisvaldið bæti úr þeim misrétti, sem nú á sér stað.

***Magnús Jónsson:** Ég vil spyrja hv. iðnn. um, hvort hún hafi athugað, að það sé tryggt, að kassar hækki ekki í verði, ef þetta frv. verður að l. Ég þykist vita, að þótt hér sé fyrirtæki, sem getur unnið úr óunnu efni, þá getur það fyrirtæki á engan hátt keppt við erlendar verksmiðjur í að undirbúa efnið til kassagerðar hér á landi. Það er athugandi, að erlendar verksmiðjur vinna efnið í svo stórum stíl, að hér er ekkert fyrirtæki, sem kemur í hálfkvist við þær, sem undirbúa efni til kassagerðar um allan heim, og gæti verið gott, ef verksmiðjur hér gætu fengið efnið svo og svo mikið undirbúið fyrir líkt verð og óunnið timbur. Þegar slík l. sem þessi eru sett, verður að athuga vel, að enginn sé órétti beittur. Hér er margskonar iðnaður, sem það skiptir miklu máli fyrir, hvort kassar fáist ódýrir eða ekki, þar sem verksmiðjurnar nota mjög mikið af kössum til að senda vörur sínar í. En reynslan hefir venjulega orðið sú, að hafi verndartollar verið settir á einhverjar vörur, þá verður það til að hækka verð á innlendri vöru. Enda er ekki langt síðan hæstv. fjmrh. sagði, að allmikið af innlendum iðnaði ynni í skjóli þessara tolla. Þá missir ríkissjóður tolltekjurnar af innfluttum vörum jafnframt verðhækkuninni.
Ég segi þetta ekki af því, að ég sé á móti frv., heldur aðeins af því, að ég vildi spyrja hv. iðnn., hvort hún hefir kynnt sér, að þetta muni ekki leiða til verðhækkunar.

***Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Að vísu hefir iðnn. ekki kynnt sér þetta mál sem slík, en ég hefi átt tal við þann mann, sem á kassagerðina hér, og hann hefir tjáð mér, að svo mundi ekki verða; verð mundi verða svipað og nú er. En hann sagði, að ef þetta ástand yrði óbreytt, yrði hann að leggja niður verksmiðjuna, þar sem svo mikið væri flutt inn af unnu efni, en það yrði til mikils vinnutaps. Það má vera, að réttara sé fyrir n. að fá skriflega umsögn frá manninum, og má athuga þetta nánar við 3. umr., þegar þau gögn liggja fyrir.

***Jóhann Jósefsson:** Ég er hræddur um, að iðnn. sé hér á varhugaverðri braut. Ég hefi reynslu fyrir því, hvað kassar kosta hér og það efni, sem flutt er inn í þá. Mér líkar það illa, að settur sé sérstakur innflutningstollur á efni í kassa, auk þess sem áður lá á því samkv. öðrum greinum tolllaganna. Ég vildi gjarnan fá að heyra, hvort hv. frsm. iðnn. álítur ekki, að þetta verði til þess að kassar hækki yfirleitt í verði. Ég tel heppilegra, að málið væri tekið af dagskrá og umr. frestað, svo að hv. iðnn. geti kynnt sér málið betur. Nú er það svo, að kassar þeir, er hér eru unnir, eru dýrari en ef efnið er fengið tilhöggið frá útlöndum og kassarnir reknir hér saman. En þar sem við þurfum svo mikið á kössum að halda til útflutnings á framleiðsluvörum okkar, tel ég mjög varhugavert, ef farið yrði að tillögum hv. n., sökum þess að verð kassanna mundi hækka.

Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson): Hv. síðasti ræðumaður vildi láta fresta umr., svo að iðnn. gæti athugað málið betur. Ég sé enga ástæðu til þess, þar sem þetta er 2. umr., og n. gæti athugað það atriði, sem hv. ræðumaður minntist á, milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, SÁÓ, ÁJ, BSt, BSn, GL, IngP, JBald, EÁrna.
nei: MJ,[1]) JJós,[2]) ÞÞ.
3 þm. (JJ, BrB, HermJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 412).

24. Tunnuefni og hampur.

Á 39. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp (þmfrv., A. 216).

Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það er í rauninni ekki annað en framlenging á þessari tollundanþágu, sem gilt hefir síðustu 3 ár, til ársloka 1937. Það er farið fram á, að undanþágan verði framlengd til ársloka 1940, og þarf ekki annað en að vísa til raka, sem lágu fyrir þeirri breyt., sem gerð var í því efni fyrir 3 árum síðan. Það þótti sanngirnismál að veita þessa tollundanþágu á tunnuefni og hampi til veiðarfæragerðar. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er kominn talsverður vísir að tunnugerð hér á landi, sérstaklega síldartunnugerð, og er það aðallega á tveim stöðum hér á landi, Akureyri og Siglufirði, sem tunnusmiði hefir verið rekin undanfarin ár og gefizt vel að vonum, má segja. Þessi iðn. hefir í rauninni verið rekin sem atvinnubótavinna á þessum stöðum, sérstaklega á Akureyri, þar sem bæjarfélagið sjálft hefir rekið þessa tunnugerð og á verksmiðjuna til þeirra hluta, en á Siglufirði er félagsskapur um þetta. Mér er kunnugt um það í mínu eigin heimkynni, hvernig þessi rekstur hefir verið, og það má segja, að tunnusmiðin hafi staðið undir sér sjálf. Það hefir verið séð um, að ekki yrði hagnaður af henni, enda var það ekki meiningin, þar sem þetta er atvinnubótavinna, en það hefir veitt mikla atvinnu og ég veit varla, hvernig bærinn gæti haldið uppi nauðsynlegri atvinnu framvegis, ef hann nyti ekki þessarar tunnusmiði. Það hefir verið reynt að færa þessa tunnusmiði í aukana, og nú á þessum vetri er t. d. gert ráð fyrir að smíða um 60000 tunnur, eða rösklega það, í þessari tunnuverksmiðju okkar.

Mér er kunnugt um, að á Siglufirði er sömuleiðis talsverður hugur í mönnum um að koma upp allverulegri tunnusmiði. Ég geri ráð fyrir, að þar verði smíðaðar nálægt 20000 tunnur, ef allt gengur vel. Það er tekið fram í grg. þessa frv., að tunnuþörfin muni vera nálægt 200000 tunnur, svo að það er ekki mikill hluti af þeirri tunnutölu, sem við getum sjálfir framleitt, eins og sakir standa, en það væri æskilegt, að við gætum aukið hana svo að við gætum orðið sjálfum okkur nógir, þó að við kaupum efni að. En það er samkeppni í þessari iðngrein, því að Norðmenn og einnig fleiri þjóðir framleiða mjög mikið af tunnum og geta selt þær við sæmilega lágu verði, svo að það er örðugt fyrir okkur að geta aðstaðið þetta, ef við hljótum ekki neinar ívilnanir. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að framlengja þessa tollundanþágu, og það er sannfæring mín, að ríkissjóð muni ekki svo um þá upphæð, sem hér er gert ráð fyrir, að það komi þjóðinni sjálfri ekki að meira gagni, að tollundanþágan fengist, svo að þessi iðnrekstur gæti haldið áfram og mætti aukast og dafna. Ég vil taka það fram, að þetta frv. er borið fram með einróma samþykki iðnn. Ég hefi aðeins tekið að mér að mæla nokkur orð fyrir frv. fyrir hönd n. Ég þarf svo ekki að orðlengja um þetta frekar, en iðnn. leggur eindregið til, að frv. nái fram að ganga og veitt verði tollundanþága bæði fyrir tunnuefni og hampi til veiðarfæragerðar.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 216, n. 340). Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Baldvinsson):** Iðnn. hefir athugað þetta mál, sem er í rauninni aðeins fram-

1) **MJ:** Þar sem ég hefi ekki fengið frá hv. n. þær upplýsingar, er ég hefi óskað eftir, segi ég nei.
2) **JJós:** Með sömu forsendum og hv. 1. þm. Reykv. segi ég nei.

lenging á l. nr. 5 frá 9. jan. 1935. Í þeim l. eru nokkur undanþáguákvæði, sem gilda til ársloka 1937, og taldi n. nauðsynlegt, að þau ákvæði yrðu framlengd, þar sem nokkur iðnaður er kominn upp hér á landi í þessum greinum, svo sem tunnuverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði og hampiðjan hér í Reykjavík, og töldum við, að þessi iðnaður væri bezt verndaður með því að láta þau fá tollundanþágu af óunnu efni, þar sem tollur er annars jafnhár af unnu sem óunnu efni í þessar vörur.

Telur iðnn. því, að samþ. eigi frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 216.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 413).

---

25. Tollheimta og tolleftirlit.

Á 37. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit (þmfrv., A. 210).

Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af fjhn. samkv. ósk hæstv. fjmrh. Frv. er allmikill bálkur í 6 köflum og 55 gr. Ég tel frv. mjög vandað og að undirbúningi þess hafa staðið hinir hæfustu menn. Ég vil geta þess, að fjhn. sendi Eimskipafélagi Íslands þetta frv. til yfirlits, og gerði það varatill. við 31. gr. frv., sem var tekin til greina af n.

Það má geta þess, að eldri ákvæði um tollheimtu og tolleftirlit eru mjög gamaldags og ófullnægjandi, en störf tollstjóra og tollþjóna eru mjög vandasöm og ábyrgðarmikil, svo að það er fyllsta þörf að samþ. þennan lagabálk, sem hér liggur fyrir, og vænti ég þess, að allir hv. þm. geti orðið á eitt sáttir um, að l. sé mikil þörf og láti frv. ganga í gegnum hv. d. ágreiningslaust.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.

***Ísleifur Högnason:** Það er víst enginn vafi á því, að nauðsyn er á að herða tolleftirlitið frá því, sem nú er, og mun ýmislegt í þessu frv. standa til bóta frá því, sem nú er. En það er eitt atriði í þessu frv., sem ég hefði óskað, að n. sú, sem um málið fjallaði, hefði tekið til athugunar. Með þessu frv. er gengið lengra en áður í því að rannsaka farangur manna, og það má jafnvel ganga svo langt að rannsaka, hvort menn hafi nokkuð á sér, þegar þeir koma til landsins úr ferðalagi. Ég hefi orðið var við, að þessi skoðun hefir verið framkvæmd nú í seinni tíð. En eftirlit þetta er mjög þungalamalegt og orsakar oft töf fyrir farþega.

Farangurinn er tekinn á tollstöðina, og það fer eftir geðþótta manna, hvenær hann fæst afgreiddur. Ef þessi tollskoðun verður að l., þá verður tolleftirlitið að sjá um, að farþegar á skipum verði ekki tafðir um of vegna tollskoðunar. Mér er kunnugt um, að erlendis, þar sem menn fara með farangur í gegnum tollbúðir, þá gengur þetta mjög fljótt og ferðamenn eru ekki tafðir þess vegna. Mér finnst það vanta í l., að þess sé gætt, að eftirlitið gangi greiðlega og það sé tryggt, að farþegar eða þeir, sem þurfa að komast leiðar sinnar, verði ekki fyrir óþarfa töfum af hendi tolleftirlitsmanna. Þetta verður að vera tryggt, þegar gengið er eins langt í því að rannsaka farangur manna eins og þetta frv. fer fram á. Það er auðvitað mikið undir tollstjórunum og tollskoðunarmönnum komið, að kurteislega sé komið fram við þá, sem fyrir skoðuninni verða. Þetta er mjög misjafnt

Ég óska, að n., sem fjallaði um málið, taki þessi atriði til athugunar og reyni að fá úr þessu bætt annaðhvort með sérstökum l. um það, hvernig þessir starfsmenn skuli haga sér gagnvart almenningi, eða þá fellt inn í l., að aldrei megi tefja för manna vegna tollskoðunar.

***Einar Olgeirsson:** Ég verð að segja, að mér finnst dálítið slæmt að láta svona stóran lagabálk fara í gegn án þess að rætt sé nokkuð um hann. Ég segi fyrir mig, að mér hefir ekki gefizt tími til að athuga þennan lagabálk sem skyldi. Ég vil aðeins vekja athygli á einu. Eftir þessum lagabálki er réttur þeirra manna, sem skoðað er hjá, ekki á nokkurn hátt tryggður. Eins og þetta hefir verið framkvæmt upp á síðkastið, þá er hægt að taka farangur manna og fara með hann upp á tollstöð, en þar er maðurinn, sem farangurinn á, ekki viðstaddur, þegar hann er rannsakaður, og það er engin trygging fyrir því, hvað kann að vera gert í sambandi við skoðunina. Ég veit, að það er rétt, sem síðasti ræðumaður tók fram, að alstaðar þar, sem svona skoðun á sér stað, eru þeir, sem farangurinn eiga, látnir opna hann sjálfir, og hann er rannsakaður að þeim viðstöddum. Ég vil vekja eftirtekt á því, að ef þeir menn, sem eru með farangur, hafa engin réttindi, þá er hægt að framkvæma allskonar óréttlæti í sambandi við skoðunina, þar sem enginn er viðstaddur nema yfirvaldið. Í svona lagabálk þarf að vera ákvæði um það, að hver farþegi, sem skoðað er hjá, hafi rétt til þess að heimta að vera sjálfur viðstaddur, þegar farangurinn er skoðaður. Það er ekki rétt að taka af mönnum farangur þeirra og fara með hann á tollstöðina og skoða hann þar án þess

að þeir séu viðstaddir. Ég get hugsað mér, að undir sérstökum kringumstæðum gæti þetta haft alvarlegar afleiðingar. Það er ef til vill hægt að bæta úr þessu í sambandi við reglugerð, en ég tel rétt að vekja athygli á þessu þegar verið er að setja stóran lagabálk um atriði, sem áður hafa verið mjög lítilfjörleg l. um.

Forseti (JörB): Ég vil benda á, að þetta er 2. umr. málsins og þá ber að ræða einstakar gr. frv., en ef menn vilja gera frekari aths. við málið yfirleitt, þá heyrir það frekar til 3. umr.

***Frsm. (Stefán Stefánsson)**: Tveir hv. þm. hafa fundið ástæðu til að rísa upp í tilefni af þessu frv., en ég verð að segja, að tilefnið til þess, að þeir stóðu upp, er harla lítilfjörlegt. Þeir minntust báðir á, að það væri þeitt nokkuð hörðu viðkomandi tolleftirlitinu, sem farþegar verða fyrir, og að það væri mjög óviðeigandi að heimta það, að farangur manna sé tekinn upp á tollstöð og skoðaður þar án þess að viðkomandi farþegi sé til staðar. En það leiðir af sjálfu sér og liggur í augum uppi, að ákvæði um framkvæmd tolleftirlitsins eru ekki tekin upp í l. Það eru reglugerðarákvæði, sem ég geri ráð fyrir, að fjmrh. taki upp í reglugerð, sem verður samin í sambandi við tolllögin. Það, að l. fari umræðulítið í gegn á Alþ., er aðeins sönnun þess, að allir eru sammála um, að þau séu réttmæt og sjálfsögð, og allir þingflokkar sammála um, að þau eigi að ganga í gegn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—21. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
22.—31. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
32.—34. gr. samþ. með 20. shlj. atkv.
35.—43. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
44.—52. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 210, n. 333).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Baldvinsson)**: Þetta frv. er, eins og hv. dm. sjá, mikill lagabálkur í 52 gr. og 6 köflum. Málið er um tollheimtu og tolleftirlit, hvernig því skuli haga. Þetta frv. er undirbúið af embættismönnum ríkisstj. og hefir áður legið fyrir þinginu, en þá voru fundnir á því ýmsir agnúar, svo ekki þótti fært að samþ. það með þeim á. Nú hafa þeir verið sniðnir af; m. a. hefir frv. verið sýnt Eimskipafélagi Íslands, sem hefir mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við tolleftirlit o. fl., sem í frv. er, og munu að endingu hafa verið tekin upp ákvæði þau, sem Eimskipafélagið taldi sig geta unað við. En þetta er meiri bálkur en svo, að n. hafi getað sett sig inn í hvert einasta atriði þess, enda þetta mál svo „tekniskt", að það er þeirra manna, sem vel eru inni í tolleftirliti og tollheimtu, að fjalla um það. Hefir tollstjórinn í Reykjavík, Jón Hermannsson, tjáð mér, að hann hafi lagt mikla vinnu í að gera það samrýmanlegt og sambærilegt við hliðstæða löggjöf erlendis. Í íslenzkri löggjöf eru ekki til svo ýtarleg ákvæði um þetta efni, sem þurfa þykir, og er þeim, sem til eru, öllum komið hér saman í eina heild, og er ætlazt til, að þessi lagabálkur innifeli í sér öll gildandi l. með viðbótum og breytingum, sem taldar eru nauðsynlegar og greiða fyrir tolleftirliti og tollheimtu. Er mikill áhugi meðal þeirra manna, sem við slíkt fást, að þetta frv. fáist í gegn.

Slíkum l. má finna til foráttu, að þeir, sem tollinn eiga að greiða, kunna þeim illa fyrst um sinn, en þau standa til bóta, þegar reynslan sýnir, hverju breyta þarf.

Vera má, að einhver smáatriði frv. hefðu mátt betur fara, en til að gagnrýna frv. þyrfti að þrautlesa það og kynna sér mjög vel, hvað n. hefir ekki unnizt tími til.

Það er því till. n., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Eins og ég sagði áðan er þetta embættismál og ekki eitt þeirra mála, sem flokkarnir beita sér fyrir, svo um það ætti ekki að þurfa að verða neinn ágreiningur. Legg ég því til fyrir hönd n., að frv. nái samþykki hv. Ed. Þar sem það hefir gengið í gegnum umr. í Nd. og aðeins eru eftir 2 umr. í þessari hv. deild til að það verði að l., ætti það að geta gengið greiðlega.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12. shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
22.—31. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
32.—34. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
35.—43. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
44.—52. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 414).

26. Verðlag á vörum.

Á 30. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum (þmfrv., A. 152).

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. er flutt eftir tilmælum ríkisstj. og er að verulegu leyti sama eðlis og frv., sem flutt var í þinginu í fyrra.

Aðalefni frv. er að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir óeðlilega hátt verð eða álagningu á almennum nauðsynjavörum.

Það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir, að notað verði í þessum tilgangi, er það, að stj. ákveður, hvaða vörur þessi l. skuli taka yfir, en síðan sé starfandi sérstök n., sem ákveði hámarksverð á þeim vörum, sem framkvæmdin tekur til.

Það er gert ráð fyrir, að þessi n. verði þannig skipuð, að í henni eigi sæti fulltrúar frá 5 aðiljum, einn frá Alþýðusambandi Íslands, einn frá Landssambandi iðnaðarmanna, einn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, einn frá Verzlunarráði Íslands og svo sé einn skipaður af ríkisstj., og sé hann formaður n.

Þetta mál er í sjálfu sér einfalt og er nokkur grein fyrir því gerð í forsendum frv. Ég sé því ekki ástæðu til að tala um það langt mál, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 152, n. 202).

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Allshn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. með breyt., sem nánar eru tilgreindar á þskj. 202. Ég skal þó taka það fram, að tveir nm. hafa um þetta nokkurn fyrirvara, sem ég hygg að vísu, að sé ekki um mikilvæg atriði, og munu þeir gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Þær breyt., sem n. í heild leggur til, að gerðar séu á frv., eru fjórar. Fyrsta breyt. er um það, að í stað orðsins „vörutegund" komi nauðsynjavörutegund. Þessi breyt. er við 1. gr. frv., og er hún í samræmi við fyrirsögn frv., sem hljóðar um verðlag á almennum nauðsynjavörum. N. leit svo á, að það væru fyrst og fremst nauðsynjavörur, sem um væri að ræða.

Önnur breyt. er við 2. gr. og er í rauninni aðeins leiðrétting.

Þriðja breyt. er við 6. gr., og hún er um það, að ríkisstj. setji nánari fyrirmæli um framkvæmd l. og eftirlit með þeim.

Fjórða breyt. er við 7. gr. og er þess efnis, að gr. verði felld niður. Efni þessarar gr. er um það, að ef einhver verði þess var, að brotin séu ákvæði l., þá sé honum rétt að snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra og óska þess, að hann taki málið til meðferðar. Einnig getur n., ef henni finnst ástæða til, óskað rannsóknar. En n. leit svo á, að óþarft væri að taka þetta fram, samkv. almennum l.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég og hv. þm. Snæf. höfum skrifað undir nál. um þetta mál með fyrirvara. Það er ekki vegna þess, að við séum raunverulega andvígir þessu frv., en hinsvegar var á síðasta þingi, þegar þetta frv. var lagt fyrir, ákveðið af meiri hl. allshn. að leita umsagnar Verzlunarráðsins og fleiri stofnana og fá fram till. til breyt. frá þeim. Þetta mun ekki hafa verið gert og þeirri ósk okkar nú, að frv. yrði sent til umsagnar, var ekki sinnt. Við vildum því að þessu leyti hafa frjálsar hendur, ef það kæmu fram brtt. frá þessum stofnunum við frv.

Þetta frv. gengur aðallega, eins og það er orðað, inn á það, að heimila verðlagsnefnd að ákveða útsöluverð á vörum eða hámark verzlunarálagningar. Frv. gengur því í þá átt að tryggja rétt neytandans að þessu leyti og það mun að sjálfsögðu hafa vakað fyrir um nefndarskipunina á sínum tíma og þeim, sem sömdu frv. En þó er það þannig, að vegna þess, að í landinu rennur nú upp íslenzkur iðnaður, sem að verðlagi til getur ekki keppt við erlenda vöru, þá myndast þarna nýtt sjónarsvið að því er snertir framkvæmd þessara l., sem sé að taka hæfilegt tillit til beggja, þeirra, sem standa að íslenzkri framleiðslu, og hinna, sem kaupa hana, og þá sérstaklega með tilliti til þess, hvað sá sami kaupandi getur fengið erlenda vöru fyrir miklu lægra verð.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skipuð sé verðlagsnefnd, sem skipuð sé 5 mönnum: 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af ríkisstj.

Nú er það eins og þessi upptalning sé hugsuð þannig sérstaklega, að S. Í. S. og Verzlunarráðið tilnefni menn í n. með tilliti til þeirra, sem verzla með vöruna, Alþýðusambandið sérstaklega með tilliti til neytendanna. Sá fjórði er tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna. Ég hygg, að hér sé um misskilning að ræða hjá þeim, sem sömdu þessa gr., vegna þess að það hefir væntanlega vakað fyrir þeim, að Landssambandið ætti að tilnefna mann, sem sérstaklega gætti hagsmuna iðnrekenda, en Landssamband iðnaðarmanna er ekki slíkur félagsskapur. Það er sem sé ekki framleiðendur, sem mynda Landssamband iðnaðarmanna. Þar eru félög eins og Bakarameistarafélag Reykjavíkur, Félag bókbandsiðnrekenda, Félag píparameistara,

Hárgreiðslukvennafélag Reykjavíkur, Málarafélag Hafnarfjarðar, Rakarameistarafélag Reykjavíkur, Úrsmiðafélag Íslands, Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands o. s. frv. En félag framleiðendanna heitir Félag íslenzkra iðnrekenda. Í þeim félagsskap eru nálega allir þeir, sem framleiða íslenzkar iðnaðarvörur. Ég held það hljóti að vera misskilningur að setja hér Landssamband iðnaðarmanna í staðinn fyrir Félag íslenzkra iðnrekenda. Og vonast ég til, að hv. meðnm. minir í allshn. eigi eftir að átta sig á þessu. En að öðrum kosti áskil ég mér rétt til að bera fram brtt. um þetta atriði fyrir 3. umr. Eins og tilgangur þessa frv. er að vernda neytandann, hlýtur það að miða um leið að því að vernda hinn unga iðnað, og samkv. því er sjálfsagt, að Félag íslenzkra iðnrekenda eigi þar fulltrúa til þess að gæta réttar íslenzks iðnaðar.

ATKVGR.

Brtt. 202, 1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 202,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 202,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

6 gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 202,4 (7. gr. falli niður) samþ. með 18 shlj. atkv.

8.—12. gr. (verða 7.—11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 6. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 225. 230).

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Í sambandi við þetta frv. er sérstaklega tekið fram í grg., að atvmrh. hafi skipað þriggja manna nefnd til að athuga verðlag á nauðsynjavörum, og virðist starf og rannsóknir þessarar nefndar hafa verið undirbúningur undir og tilefni til þessa frv., sem hér liggur fyrir. N. hefir skilizt, að mikið nauðsynjamál er að reyna að draga úr dýrtíðinni, en hinsvegar er slæmt að þurfa að grípa til þess að setja lagaákvæði um, hvað sé hæfilegt útsöluverð á vörum í landi, þar sem samvinnustefnan er eins öflug og hér, og ég álít nauðsynlegt að taka fram í sambandi við þetta mál, að það sé ekki fram komið til þess að lýsa vantrausti á kaupfélögunum, eða því, að þau séu ekki fær um að halda vöruverðinu niðri. Ég get hugsað mér, að verðlagsnefnd þessari verði aðallega ætlað að sjá um verð á þeim vörum, sem einokunarhringarnir verzla með, svo sem kolum, salti og olíu. Það eru vörur, sem kaupfélögin og samvinnufélögin hafa ekki ráðið yfir svo miklu magni af, að þau hafi getað skapað rétt verðlag á þeim. Það má segja, að það séu næstum eingöngu þær vörur, sem einokunarhringarnir verzla með, sem ekki hefir tekizt að fá rétt verð á. Ég vil taka það fram um leið og ég greiði atkv. með þessu frv., að ég álít, að þessi n. eigi aðallega að beina valdi sínu gegn því verði, sem hringarnir hafa skapað. Þar sé ég, að rétt er, að ríkisvaldið grípi inn í og setji lög og skipi n. til að halda uppi hagsmunum landsmanna í baráttunni við þessa einokunarhringa, sem reynslan hefir sýnt, að ekki tekst að sigra með samvinnufélagsskap. Ég vil taka þetta sérstaklega fram í sambandi við atkvgr. mína í þessu máli.

Jafnframt vildi ég skjóta því til hæstv. ríkisstj., að hér fer að verða allmikið um þessar verðlagsnefndir, og ég held, að rétt væri að athuga, hvort ekki væri hægt að setja saman í eina n. þessar verðlagsnefndir, sem til eru, bæði fyrir mjólk og kjöt. Álít ég rétt, að athugað væri fyrir næsta þing, hvort ekki væri hægt að sameina þetta sem mest í eina n.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég gat um það við 2. umr., að allshn. mundi taka til athugunar að gera breyt. á 2. gr. þannig, að í stað Landssambands iðnaðarmanna yrði það Félag ísl. iðnrekenda, sem kysi fulltrúa í n., en þegar taka átti þetta fyrir á fundi, komu skilaboð frá hæstv. atvmrh. um, að hann bæði að fresta þessu. Síðan hefir ekki verið haldinn fundur í n., og ég því ekki heldur borið fram brtt., sem ég þó annars hefði gert, og vil ég því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann sæi sér ekki fært að taka máið af dagskrá og fresta því þar til n. hefir tekið afstöðu til þessa atriðis.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Ég tel rétt að geta þess, að allshn. hefir á þskj. 230 borið fram eina brtt. við frv. Þetta er þó aðeins orðalagsbreyting, sem ekkert snertir efni frv. og er aðeins gerð vegna þess, að við álítum það þannig í betra samræmi við almenna málvenju í íslenzkum lögum.

Í sambandi við það, sem hv. 8. landsk. vakti máls á hér, um að það væri heppilegra, að í stað Landssambands iðnaðarmanna, sem á að skipa fulltrúa í n., kæmi Félag íslenzkra iðnrekenda, þá mun það rétt, að á þetta hefir verið minnzt í n., en engin afstaða tekin til þess. Ég fyrir mitt leyti er í vafa um, að breyta eigi þessu þannig. Ég álít ekki, að Félag íslenzkra iðnrekanda hafi innan sinna vébanda alla iðnrekendur landsins, heldur aðeins nokkurn hluta þeirra, og virðist því vafasamt, að í þeim félagsskap væru færari menn til þess að gegna þessum starfa heldur en í hinum. Í Landssambandi iðnaðarmanna eru aftur á móti menn, sem hafa yfir að ráða þeirri þekkingu, sem ætla má, að sé nauðsynleg til þess að geta gert sér grein fyrir, hvaða verðlag sé rétt, og þess vegna vil ég segja fyrir mitt leyti, að ég mun vera því andvígur, að þessi breyt. verði gerð.

Forseti (JörB): Það hefir komið fram ósk um, að málið verði tekið út af dagskrá og umr. frestað um sinn, og mun ég verða við því, í von um, að ekki þurfi að fresta málinu lengi.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil beina því til hv. allshn., hvort hún gæti ekki fallizt á þá breyt. á brtt. á þskj. 230, að fella niður orðið „nauðsynjavörur“, þannig að það væri eins og frv. var upphaflega, að heimilt sé að ákveða útsöluverð og verzlunarálagningu á tilteknum vörutegundum, en binda ekki við nauðsynjar. Að sjálfsögðu er til ætlazt með ákvæði þessara laga, að þeim sé aðallega beint gegn háu verði á nauðsynjavörum, en þrátt fyrir það geta komið fyrir þau tilfelli, þar sem um er að ræða alveg óhæfilega álagningu á vörum, sem hæpið er, hvort hægt sé að telja nauðsynjavörur. Slík brtt. kom fram á síðasta þingi í Ed., en varð að samkomulagi þar að fella till., vegna þess að talið var, að slíkar heimildir yrðu aldrei notaðar, nema alveg í sérstökum tilfellum, þegar um mjög áberandi misfellur væri að ræða. Ég vil taka það fram, að þessum ákvæðum er ætlað að takmarka hámarksverð og hámarksálagningu á vörum, sem ekki munu allir vera sammála um, að sé beint nauðsynjavörur. Mönnum er t. d. í fersku minni, að þau epli, sem kostuðu í fyrra í innkaupi um 70 aura kg., voru seld í útsölu á 3 kr. kg. Ég verð að segja það, að ég er þó ekki viss um, að það yrði litið svo á, að nýir ávextir yrðu taldir nauðsynjavörur. En ef meiningin er sú, að leggja svo freklega á vörur eins og nýja ávexti, þá er fullkomin ástæða til að hafa heimild í lögum til þess að takmarka slíka álagningu. Ég vil þess vegna mælast til þess við hv. n., að hún gæti fallizt á þessa breytingu, og legg ég fram skrifl. brtt. til hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hæstv. atvmrh. við brtt. á þskj. 230, um að í stað orðsins „nauðsynjavörutegundum“ í meginmáli till. komi: vörutegundum. Þessi brtt. er of seint fram komin, auk þess sem hún er skrifleg, og þarf því tvenn afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 288) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

*Garðar Þorsteinsson: Ég ber fram brtt. við 2. gr. á þá leið, að fyrir Landssamband iðnaðarm., sem er einn af þeim aðiljum, sem eiga að skipa verðlagsn., komi Fél. íslenzkra iðnrekenda. Eins og ég gat um við 2. umr., finnst mér ekki nema eðlileg krafa, sem íslenzkur iðnaður á, að fá að hafa mann í þessari verðlagsn. Það er sem sé alveg víst, að þær vörur, sem eru framleiddar hér og taldar íslenzkur iðnaður, eru nú orðnar mjög fjölbreyttar. Og í félagi íslenzkra iðnrekenda eru 44 verksmiðjur. Það er sem sé öllum ljóst, að þær vörur, sem þessar verksmiðjur framleiða, eru þær tegundir, sem falla áreiðanlega nær allar undir 1. gr. frv., „nauðsynjavörur“. Ég get upplýst það, að þessar 44 verksmiðjur munu framleiða t. d. allskonar fatnað, smjörlíki, kaffibæti, veiðarfæri, snyrtivörur, áburð, öl og gosdrykki, og margt og margt fleira.

Nú er það svo, eins og hv. þm. vita, að það hefir þótt brenna við, að þær vörur, sem framleiddar eru hér heima, séu dýrari en samskonar vörur kosta erlendis frá. Það er því alveg víst, að hámarksverð á nauðsynjavörum kemur fyrst og fremst til með að bitna á þessum íslenzka iðnaði. Af því leiðir hinsvegar, að það er sjálfsögð krafa, sem þessir aðiljar hafa til þess að hafa einn mann af 5 í þeirri n., sem ákveður verðlag á þessum vörutegundum. Það nær í sjálfu sér engri átt, að 5 menn séu í n., án þess a. m. k. einn þeirra hafi aðstöðu til þess að fylgjast með kostnaðarverði þessara vara. Í frv. stendur hinsvegar, að það sé Landssamband iðnaðarmanna, sem eigi að tilnefna einn mann. Og mér skilst nú, að það eina, sem eigi að réttlæta það, sé það, að tilnefningin er þannig orðuð í 2. gr., að Samband íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands tilnefni hvort sinn manninn. Með þessu fyrirkomulagi verða tveir menn í n. fyrir hagsmuni framleiðenda, og hinsvegar eru Alþýðusambandið og Iðnsambandið með fulltrúa fyrir hagsmuni neytenda. Ég játa, að fyrir þessu eru nokkur rök, en þó verður að finna einhverja aðra leið um skipun n., ef 5 menn eiga að vera í henni, heldur en þá, sem farin er í 2. gr. frv. Landssamband iðnaðarmanna er ekki félagsskapur þeirra, sem framleiða iðnaðarvörur, heldur þeirra, sem vinna við iðnaðarframleiðslu, svo sem járnsmiðir, trésmiðir, úrsmiðir, skósmiðir, matsveinar o. fl., og eru þetta neytendur. (SEH: Svo —!). Þeir eru a. m. k. að mjög litlu leyti framleiðendur. Hvaða „interessu“ hafa skósmiðir, úrsmiðir og matsveinar af iðnaðarframleiðslu? Þeir eru ekkert annað en neytendur, eins og við hinir. Það má finna ýmsan félagsskap í landinu, sem meiri ástæða væri að líta á sem fulltrúa iðnframleiðenda heldur en Landssamband iðnaðarmanna, og ég held, að það sé komið þarna inn fyrir misskilning, úr því stj. ætlast til, að það sé sem fulltrúi iðnrekenda.

Brtt. mín finnur ekki náð fyrir augum hæstv. atvmrh. Hann telur með henni komna þrjá fulltrúa í n. fyrir framleiðendur. Ég er að sjálfsögðu ekkert á móti því, ef fundin verður önnur leið en sú, sem hent er á í minni till., til að tryggja jafnvægi í n., en það er óhjákvæmilegt, þar sem eitt aðalhlutverk n. er að ákveða verðlag á iðnaðarvörum, að þá þarf að vera fulltrúi í n. fyrir iðnaðinn, og til þess tel ég Félag íslenzkra atvinnurekenda bezt fallið.

Út af hinni skrifl. brtt. hæstv. atvmrh. skal ég taka það fram, að það var upphaflega ekki ætlað í frv. að takmarka það við nauðsynjavörur einar, nema aðeins fyrirsögn frv., en allshn. samræmdi fyrirsögn frv. og innihald þess. N. áleit það ekki rétt, að frv. næði nema til nauðsynjavara. Ríkisvaldið á ekki að hafa of óbundnar hendur í þessu efni. Hitt gat komið til mála, að það hefði greiðari aðgang að því að skera úr, hvað væri nauðsynjavara og hvað ekki. Ef verðlagsn. t. d. setti hámarksverð á einhverja vörutegund, en svo kemur kaupmaður og segir, að sú vara sé ekki nauðsynjavara, þá yrði það seinfær leið, ef slíkur ágreiningur þyrfti að fara fyrir dómstóla. Ég fyrir mitt leyti er ekki á móti því, að hér væri farin sú leið, að gefa ráðh. heimild með einföldum úrskurði til að kveða á

um það, hvort varan væri nauðsynjavara eða ekki. Það eru ýms ákvæði hliðstæð þessu í l., t. d. í tollal. er svo fyrir mælt, að ráðh. úrskurði, undir hvaða flokk þær vörur falli, sem ekki eru nefndar í l. Ég get ekki fallizt á hina skrifl. brtt. hæstv. ráðh., heldur gæti ég hugsað mér, að í stað hennar kæmi það úrskurðarvald ráðh., sem ég hefi talað um. Að síðustu vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. ráðh., ef hann ekki sér sér fært að fallast á brtt. mína, hvort hann þá ekki getur umorðað 2. gr., svo að þessi aðili, sem svo mjög er um deilt, hvort hafi fulltrúa í n., fái rétt sinn betur tryggðan en frv. nú gerir.

***Frsm. (Gísli Guðmundsson):** Ég hefi áður gert grein fyrir brtt. á þskj. 230 við 1. gr. frv., sem er nánast aðeins orðabreyting. Auk þeirrar till. eru hér fram komnar brtt. frá tveimur hv. þm. Það eru tvær brtt. frá hv. 8. landsk. og skrifl. brtt. frá hæstv. atvmrh.

Út af brtt. hæstv. atvmrh. skal ég taka það fram, sem hv. 8. landsk. hefir að nokkru leyti gert, að þegar allshn. ath. frv. nánar, sá hún, að ekki var samræmi milli fyrirsagnar frv., sem aðeins var miðað við nauðsynjavörur, og 1. gr. frv., sem náði yfir allar vörutegundir. Um þetta var talsvert rætt í n., og varð niðurstaðan sú, að flytja brtt. um að miða frv. aðeins við nauðsynjavörur, og var sú brtt. samþ. við 2. umr. Ég hygg það hafi verið skoðun allra hv. nm., að lengra ætti ekki að ganga, og ég fyrir mitt leyti get ekki séð neina knýjandi nauðsyn til að hafa l. víðtækari; jafnvel þó komi fyrir vörutegundir eins og t. d. ávextir, sem vafi getur leikið á, hvort séu nauðsynjavörur eða ekki, þá sé ég ekki, að það skipti svo miklu máli, hvort heimilað er að setja á þær hámarksverð eða ekki.

Viðvíkjandi brtt. hv. 8. landsk. um, að Félag íslenzkra atvinnurekenda eigi fulltrúa í verðlagsn. í stað Landssambands iðnaðarmanna, þá hefi ég þegar við 1. umr. sett mig á móti henni. Síðan var þessi till. rædd í allshn., og gat meiri hl. n. ekki fallizt á hana, m. a. af því, að n. þessi er þannig hugsuð, að í henni komi sem jafnast fram sjónarmið seljanda og kaupanda, en oddastaðan fáist með skipun ráðh. á einum manni í n. Það er litið svo á, að Verzlunarráðið skipi fulltrúa atvinnurekenda í n., og þó segja megi, að Samband ísl. samvinnufélaga sé fulltrúi neytenda að öðrum þræði, þá er það þó frekar skoðað sem fulltrúi framleiðenda eða seljenda. Aftur eru fulltrúar Alþýðusambandsins og Iðnsambandsins skoðaðir fulltrúar neytenda. Hinsvegar ef Félag ísl. atvinnurekenda ætti fulltrúa í n., eins og hv. 8. landsk. leggur til, þá yrðu seljendur yfirsterkari í n., og það getur meiri hl. allshn. ekki fallizt á. Auk þessa vil ég benda á tvö atriði í þessu sambandi. Landssamband iðnaðarmanna er félagskapur, sem nær yfir allt landið, líkt og Samband ísl. samvinnufélaga og Alþýðusambandið, en Félag ísl. atvinnurekenda nær aftur á móti ekki yfir nema takmarkað svæði, og þó Reykjavík sé mesti iðnaðarbær landsins, þá er einnig á öðrum stöðum um verulegan iðnrekstur að ræða. Í öðru lagi hafa verksmiðjurnar aðstöðu til að hafa áhrif á val fulltrúa í n. gegnum Verzlunarráðið eða Samband ísl. samvinnufélaga.

Af þessum ástæðum gátu fjórir af fimm mönnum í allshn. ekki fallizt á brtt. hv. 8. landsk., og er það því í raun og veru aðstaða n. að óska eftir því, að frv. verði afgreitt óbreytt.

***Emil Jónsson:** Ég ætla að víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 8. landsk. Að vísu hefir síðasti ræðumaður, hv. þm. N.-Þ., að nokkru leyti tekið af mér ómakið. En ég vil bæta við nokkrum rökum fyrir því, að Landssamband iðnaðarmanna er í raun og veru félag iðnrekenda, án þess að fara langt út í það mál, en sem dæmi því til sönnunar, að svo hefir verið litið á af hv. Alþingi, að eðlilegra væri, að Landssamband iðnaðarmanna fremur en Félag ísl. atvinnurekenda skipaði sæti í hliðstæðri nefnd, er fulltrúi Iðnaðarsambandsins í kjötverðlagsnefnd, sem situr þar sem fulltrúi neytenda. Í öðru lagi er ekki úr vegi að benda á það, að auk þess, sem Iðnsambandið skoðast fulltrúi neytenda, hefir það mjög góða aðstöðu til að gera sér ljóst, hvert sé hæfilegt verð á íslenzkum iðnaðarvörum. Þetta eru fagmenn, sem hafa betra vit á því en þeir, sem selja vörurnar. Hv. þm. spurði, hverjir væru fagmenn í iðnaði. Það eru áreiðanlega ekki iðnrekendurnir heldur þeir, sem búa til vörurnar. Þá spurði hann, hvaða „interessu" þessir menn, Iðnsambandið, hefðu fyrir iðnaði. Það er ofurauðgljóst, að þessir menn hafa atvinnu sinnar vegna „interessu" fyrir því, að atvinnugreinin beri sig.

Þá vil ég að síðustu benda á það, að Iðnsambandið er sú stofnun, sem ríkisstj. hefir jafnan leitað til um öll iðnaðarmál, og þessi hv. þm. og hans flokksbræður hafa mjög gengið eftir því, að til þess væri leitað um þau efni, svo þess vegna kemur mér framkoma þessa hv. þm. ókunnuglega fyrir sjónir.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég vildi beina þeirri till. til hæstv. forseta, að fresta umr. til morguns og gefa allshn. færi á að athuga frv. og brtt.

Bergur Jónsson: Ég sem formaður allshn. get engu lofað um það, að n. geti athugað þetta mál fyrir fundartíma á morgun. Það gengur illa að hafa saman nefndarfundi nú, er þingfundir standa fram á nætur. **(Atvmrh.:** Mundi það ekki verða reynt fyrir tilmæli mín og hæstv. forseta?). Ég get engu lofað.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 9. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 225, 230, 283, 288, 294).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 294.

— Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 288 samþ. með 17:4 atkv.
— 230, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 283 felld með 16:10 atkv.
— 294 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um verðlag á vörum.

Á 46. fundi í Ed., 10. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 297).

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 344, 373).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 373. — Afbrigði leyfð og samþ. um nál. með 11 shlj. atkv. og um brtt. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál er komið frá hv. Nd., eins og kunnugt er, en shlj. mál lá fyrir þessari hv. d. á síðasta þingi, sem d. afgreiddi þá, svo d. hefir að því leyti tekið afstöðu til þessa máls. Frv. hefir ekki tekið neinum verulegum breyt. frá því á þinginu í fyrra og var því allshn. alveg sammála um, eins og hún var áður, að mæla með þessu frv.

Um nauðsyn þess, sem hér um ræðir, ætla ég ekki að fjölyrða. Ég hygg, að öllum sé það nokkurn veginn ljóst, að eins og nú háttar til í okkar þjóðfélagi, þá sé fullkomin nauðsyn á því, að til sé heimild um að skipa verðlagsnefnd, sem hafi vald til þess að varna því, að óeðlilegt álag sé á vörum. Um þetta var d., eins ég sagði áðan, sammála á síðasta þingi, og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur milli flokka um þetta.

Að öðru leyti finn ég ekki ástæðu til þess að skýra frv., því í raun og veru skýrir það sig sjálft.

Hér liggur fyrir brtt. frá hv. 11. landsk. (ÁJ) um það, að í staðinn fyrir fulltrúann frá Landssambandi iðnaðarmanna komi fulltrúi frá Félagi íslenzkra iðnrekenda. Um þetta atriði vil ég aðeins segja það aftur, að n. getur ekki verið till. samþykk. Það er ekki hægt að neita því, að Landssambandið „repræsenterar" miklu meiri hluta af þjóðinni heldur en Félag iðnrekenda, og margfalt stærri hópur manna, sem verðlagið snertir, fær möguleika til að hafa áhrif á það, ef þessu er ekki breytt í frv.

***Árni Jónsson:** Ég ætla aðeins að segja fáein orð um brtt. mína á þskj. 373. Hún er um það, að einn fulltrúinn af 5 í verðlagsnefnd skuli vera frá Félagi íslenzkra iðnrekenda, en ekki Landssambandi iðnaðarmanna. Ég hefi álitið réttara, að íslenzki iðnaðurinn ætti mann í þessari nefnd. Því að tilætlunin er vitanlega sú, að verðlagsákvæðin nái einnig til íslenzkra iðnaðarvara. Í Félagi iðnrekenda held ég séu flestir iðnrekendur hér á landi, eða 40—50 meðlimir. Það mun sannast, að það er fátt nauðsynlegra en að efla þennan litla iðnað, sem hér er orðinn innlendur, einkum ef við verðum að fara sömu leið og aðrar þjóðir, að búa að sínu. Það er kvartað um, að íslenzki iðnaðurinn sé ekki samkeppnisfær. Víst er það, að skilyrðin eru ekki mjög hentug. Það eru margir byrjendaörðugleikar til tafar. Þess vegna dugir ekki að gera þessari atvinnugrein rangt til. Því tel ég brýna nauðsyn til þess, að iðnrekendur eigi fulltrúa í verðlagsnefnd til að gæta sinna hagsmuna. — Á hinn bóginn geri ég ekki ráð fyrir, að verðlagsákvæðin snerti mikið framleiðslu félagsmanna í Landssambandinu. Í því eru félög bakara og rakara, rafvirkja, húsgagnasmiða, pípulagningarmanna og fleiri vinnuþiggjenda, og hagsmunir þeirra mjög sundurleitir, ef dæma skal um hámarksverð á vörum, enda óvíst um þekking fulltrúa þeirra á framleiðslukostnaði. — Með tilliti til þess, að allir flokkar hafa lýst yfir því óspart, að þeir vilji hlynna að iðnaðinum unga, þá geri ég mér von um, að brtt. nái samþykki hv. deildar.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það má vel vera, að íslenzkar iðnaðarvörur komi til með að falla undir ákvæði verðlagsnefndar. Því að mjög mikill hluti af því, sem flest heimili þurfa að nota, er nú að verða innlend framleiðsla, og er vel farið. Það er rétt, að mörg þau fyrirtæki mæta örðugleikum. En á sömu sviðum blómgast iðnaðurinn vel. Þá hefir stundum staðið samkeppni um verðlækkun nokkurt skeið, eins og t. d. milli smjörlíkisgerðanna, en nú hygg ég, að samtök séu komin á um að halda verðinu uppi á ýmsum slíkum nauðsynjavörum almennings. Vitanlega þarf að sjá um, að það verð sé ekki úr hófi hátt. — Það er alls ekki mín meining, að það eigi að þrengja svo að kosti fyrirtækjanna, að þau geti ekki þrifizt. Og ég hygg, að atvinnurekendur séu svo sterkir í Landssambandinu og stjórn þess — man að vísu ekki nákvæmlega um stjórn þetta árið — svo sterk, að líklega má treysta því, að í verðlagsnefnd yrði valinn maður með hugsunarhátt atvinnurekandans. En um leið ætla ég, að hann mundi taka til greina sjónarmið neytendanna, sem eru fjölmennir meðal iðnaðarmanna. Og það er sjónarmið, sem þarf til að tryggja rétta stefnu.

***Árni Jónsson:** Eins og ég veik að áðan, er í Landssambandinu fjöldi félaga, sem eingöngu eru mynduð af handverksmönnum eða kunnáttumönnum, allt frá félagi sótara að félagi hárgreiðslukvenna, og fæst af þessu fólki selur framleiðslu sína á markaði, svo að verðlagsákvæðin snerti það meir en t. d. meðlimi kennarafélags eða húsmæðrafélags.

Þegar hv. frsm. talar um, að neytendur þurfi málsvara í verðlagsnefnd hygg ég, að fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga uppfylli þá kröfu. Og því má ekki gleyma, að ráðh. ræður einum manninum í n., og býst ég við, að sá maður verði ekki þannig valinn, að hann gangi á snið við hagsmuni neytendanna.

Það er auðvitað rétt að koma í veg fyrir óeðlilega álagning bæði hjá íslenzkum framleiðendum og öðrum. En það þarf að rannsaka málið í hvert sinn og vita, hvort það, sem almenningi sýnist vera okur, er ekki í rauninni alveg réttlætanlegt. Því er það nauðsynlegt fyrir iðnaðinn að eiga fulltrúa í þessari nefnd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 373 felld með 9:6 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 415).

---

27. Búnaðarbanki Íslands.

Á 4. fundi í Ed., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands (þmfrv., A. 14).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Hermannsson): Það er eins og með frv. um sauðfjárbaðanir, sem var til umr. næst á undan, að það lá einnig í fyrra fyrir hv. þd. Aðalefni þess er, að bankastjórum Búnaðarbankans skuli fækkað úr þremur í einn. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. geti fallizt á þær till., m. a. af sparnaðarástæðum. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 48 og 53).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Meiri hl. landbn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Það kom til tals í n. að senda frv. þetta til milliþingan. þeirrar, sem nú starfar í bankamálum. En þar sem frv. er ákaflega einfalt og grípur lítið inn í stjórn heildarbankastarfseminnar í landinu, þar sem það gengur ekki út á annað en að fækka bankastjórum Búnaðarbankans niður í einn bankastjóra og einn gæzlustjóra og að spara með því fé, þá sá meiri hl. n. ekki ástæðu til að senda milliþn. frv.

Ef á sínum tíma koma fram viðtækar till. frá milliþn. þessari, þá kemur það þó ekki neitt til baga, þó að það fé, sem þarna sparast, án þess að rýra neitt framkvæmdir bankans, verði sparað nú þegar. Þess vegna höfum við meiri hl. n. lagt til, að frv. verði samþ. nú þegar óbreytt.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég gat ekki orðið samferða hv. meiri hl. landbn. í þessu máli og hefi fært í sérstöku nál. ástæður minar fyrir því.

Það er almennt álitið, að þegar milliþn. eru skipaðar til að fjalla um mál eða málsatriði, þá sé þann tíma, sem þær starfa, ekki rétt að koma með frv., sem fjalla um þau málsatriði, sem þær nefndir eiga að fjalla um og gera sínar till um, nema sérstök knýjandi nauðsyn krefji. Í þessu tilfelli er um enga slíka nauðsyn að ræða, sem gerir nauðsynlegt að koma með þetta frv. áður en till. milliþn. í bankamálum koma fram um þetta mál. Það er óumdeilt, að þetta frv. fellur undir þann verkahring, sem sú n. hefir verið að vinna í. Og að hv. flokksmenn Framsfl. líta ekki allir svo á, að ganga eigi framhjá því að fá álit milliþn. í málum eða málsatriðum, sem þær eiga að gera till. um, það sýndi sig í umr. í Nd. í gær, þar sem það var vitt af þeim eða talið óviðeigandi, að flutt var frv. um sumarvinnuskóla nú á þessu þingi, en kosin hafði verið milliþn., sem átti að fjalla um þess konar mál og gera till. sínar um þau. Það, sem þar var þá um að ræða, var algerlega sambærilegt við það mál, sem hér er um að ræða. Og hv. þdm. Nd. ýmsir litu svo á, að það ætti ekki að eiga sér stað, að svona væri tekið á málum, að káka með einstaka atriði í málum, sem milliþn. væri falið að gera ályktanir um. Ég verð líka að halda því fram, að milliþn., sem búin er að starfa í þessu máli, ætti að vera betur undirbúin til að láta álit sitt í ljós um þetta mál en meiri hluti landbn. Ég veit ekki til þess að landbn. hafi fengið neinar skýrslur í málinu. Og færi nú svo, að milliþn. áliti annað en það, sem hér er farið fram á, þá er verið að hlaupa í þessar samþ. í bili, en verður þá sennilega svo, að till. milliþn. verða samþ. og lögfestar um það leyti, sem þetta frv. kæmi til framkvæmda.

Að vísu er mál þetta einfalt, þ. e. a. s. frv er stutt. Og það var talað um, að þetta sparaði fé. Ég þrátta ekki um það. En ef á að gera frv. þetta að l. og ef dagskrártill. mín um þetta mál verður felld, þá mun ég reyna að stuðla að því, að þetta frv. verði þannig afgr., að enn meiri sparnaðar gæti en nú er í frv. En till. til breyt. á því kem ég ekki með fyrr en ég sé við þessa umr., hvort dagskrártill. mín verður felld eða ekki.

Þetta mál horfir þannig við, nú a. m. k., að ekki á að hafa að neinu störf og till. milliþn. viðkomandi þessu atriði, sem frv. fjallar um, heldur á að flýta þessu máli, sem ekki er þó nauðsyn á að hraða svo mjög. Ég geri ráð fyrir, að viðkomandi hv. milliþn. þyki hún vera nokkuð fyrir borð borin með svona málsmeðferð. Ég býst við t. d., að hv. formaður þeirrar n., 1. þm. Eyf., kunni ekki við þetta. Í þessari n. eiga

menn úr öllum þingflokkum sæti. Og ef mönnum þessum er sýnt tiltrú, þá verður að treysta þessari n. og afgreiða málið a. m. k. ekki frá þinginu án þess að leita umsagnar hennar.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Frv. þetta er ekkert stórmál. En út af þeim ummælum, sem hafa þó fallið um málið, vildi ég taka þetta fram:

Frv. var flutt á síðasta þingi og áður en milliþn. var skipuð í þetta mál, bankamálið. Það hefir verið tekið fram í þessum umr., að málið sé mjög einfalt. Og það virtist svo, sem allir flokkar væru nokkurn veginn sammála um það, þegar málið var flutt fram á síðasta þingi, að þessi breyt., sem á að gera samkv. frv., væri eðlileg. Og mér er óhætt að segja, að bankastjórarnir, sem 2 eiga sæti hér á Alþ., létu það þá báðir í ljós, að þeir teldu eðlilegt, að dreginn væri saman starfskostnaður við bankastjórnina svo sem frv. gerir ráð fyrir. Það er þess vegna eðlilegt, þegar á að leysa einföld málsatriði, sem menn hafa verið sammála um, áður en milliþn. er skipuð í þau mál í heild, séu ekki látin bíða eftir áliti milliþn., sem skipuð er til að rannsaka vandameiri atriði málsins. Hér var milliþn. skipuð til að rannsaka flóknari bankamál en þetta atriði.

Ég held, að þetta einfalda mál sé alveg vorkunnarlaust að leysa á þessu þingi, eins og það hinsvegar hefði verið leyst á síðasta þingi, ef störf þess hefðu ekki hætt svo fljótt sem raun varð á og ekki þarf að rekja ástæður fyrir hér.

Það hefir þess vegna ekki verið gengið framhjá n., sem skipuð var til þess að rannsaka bankamálin, því að bankastjórarnir báðir og n. virtust sammála um, að þessi breyt. ætti að ganga fram. Virðist mér því, að þetta mál mætti ganga fram án þess að milliþn. fjallaði um það. Hún hefir miklu stærri mál að leysa.

Bernharð Stefánsson: Ég vil aðeins geta þess út af þeirri rökst. dagskrá, sem fyrir liggur, að það er vitanlega alveg óvíst, að till. milliþn. í bankamálum liggi fyrir í byrjun næsta þings, eins og gert er ráð fyrir í dagskrártill. Ég segi ekkert um þetta, en ég gæti hugsað mér, að það yrði ekki fyrr en á þinginu 1939, að till. milliþn. liggi fyrir. (ÞÞ: Það stendur þarna: Gera má ráð fyrir). En mér fyndist ekkert óeðlilegt, þó að mál eins og þetta yrði sent til þeirrar n. Annars er mín aðstaða þannig, að ég mun ekki greiða atkv. um dagskrártill., þar sem ég á sæti í milliþn. Og frv. geri ég tæplega ráð fyrir að fylgja á þessu þingi.

*Magnús Jónsson: Það er að nokkru leyti fallin burt ástæðan fyrir því, að ég taki til máls, við það, að hv. 1. þm. Eyf. tók til máls. Ég hafði hugsað mér að beina til hans fyrirspurn um það, hvað liði till. þessarar milliþn. Það er þó ekki svo skammur tími síðan sú n. var skipuð. Maður gat því vel hugsað sér, að a. m. k. eitthvað af hennar till. væri nú þegar annaðhvort orðnar til eða þá í þann veginn að verða til. Nú hefir hv. formaður þessarar milliþn., 1. þm. Eyf., upplýst, að till. n. muni naumast liggja fyrir næsta þingi (BSt: Ja, ég vil ekki lofa því), eða a. m. k. vill hann ekki lofa því.

Er það þá ætlun þessarar n. að skila engu frá sér fyrr en hún treystir sér til að koma með allar þær till., sem hún gerir um öll bankamálin í landinu, sem henni hefir verið falið að rannsaka og gera till. um? Ég get hugsað mér, að n., sem hefir svo ákaflega umfangsmikil mál með höndum til álits og rannsóknar, gerði mjög rétt í að skila till. sínum nokkurnveginn jafnóðum og hún kemst að niðurstöðu um þær. Það væri hentugra vegna vinnubragða hér á Alþ. heldur en að demba inn á þing allt of mörgum umfangsmiklum till. í einu. Bankamálin hafa reynzt þingunum mjög erfið og hafa tekið mikinn tíma þing eftir þing. Það væri því hentugt að fá till. milliþn. í bankamálum til meðferðar á Alþ. nokkurnveginn jafnóðum og þær verða til.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að bankastjórar Búnaðarbankans hefðu ekki hreyft andmælum gegn ráðstöfun þeirri, sem gerð er með frv., vil ég segja, að ég get vel hugsað mér, að þeir séu meðmæltir þessu. En um það lá ekkert fyrir, þegar milliþn. var skipuð. Mér þætti ekkert óeðlilegt, þó að þeir séu með þessum sparnaði, sem frv. gerir ráð fyrir, þá vildu þeir samt ekki flýta afgreiðslu þessa máls meðan milliþn. um bankamálin situr á rökstólum, með því að vera að samþ. þessa káktill.

Allir, sem nú hafa talað um þetta mál, segja, að það sé einfalt og lítið mál; sumir leggja áherzlu á, að það sé einfalt, en aðrir, að það sé ákaflega lítið mál. Hvað liggur þá á að afgreiða það endilega nú? Ég er sammála hv. minni hl. landbn., að einmitt því minna sem málið er, því minni ástæða sé til að afgr. það nú. Mér skildist á hv. 1. þm. Eyf., sérstaklega því, er hann sagði, þegar hann greip fram í mína ræðu áðan, að hann alls ekki vera fjarri því að leggja eitthvað af till. milliþn. fyrir næsta Alþ., og því hygg ég réttara að fresta þessu máli til næsta þings. Mun ég því greiða atkv. með þeirri rökst. dagskrá, sem fyrir liggur.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er ekki ástæða til að halda uppi löngum umr. um þetta mál. Ég get vísað til þess sem ég sagði áðan. En út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, vildi ég aðeins draga þá ályktun, sem mér virðist rétt. Og þar sem mál þetta er óbrotið og var borið hér fram á síðasta þingi og hv. þm. virtust þá sammála um það, og einnig bankastjórarnir — og hefir hinsvegar þó nokkurn sparnað í för með sér, sem alltaf er mikilsverður kostur á málum, — þá vil ég út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. spurði, hvort milliþn. færi að skila till., segja, að það væri náttúrlega hugsanleg leið í þessu máli, að milliþn. tæki þetta atriði bankamálanna fyrst og flytti í frumvarpsformi till. um það. N. ætti ekki að þurfa nema nokkra daga til þess að athuga þetta mál, sem mér skildist hv. 1. þm. Reykv. vera sammála um, að sé bæði einfalt og óbrotið, og gæti strax að því loknu flutt um það frv. Gæti það orðið samkomulagsleið í þessu máli, að milliþn. tæki við málinu og athugaði það svo í sambandi við þær rannsóknir, sem hún hefir gert í bankamálunum,

og afgr. svo málið aftur hingað, þannig að það yrði fyrsta frv., sem frá henni kæmi til Alþ., eins og hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að till. n. ættu ekki að koma fram allar í einu lagi. Ég vildi gjarnan heyra álit formanns n., hvort störfum hennar sé ekki það á veg komið, að hún treysti sér til þess að taka frv. til athugunar og afgr. það á stuttum tíma.

Það er vitanlegt, að 3 bankastjórar hafa verið nauðsynlegir fyrst, þegar bankinn var að hefja starfsemi sína og hún var umfangsmeiri og erfiðari heldur en nú, og er því ekki nema eðlilegt, að þeim sé fækkað, enda vel framkvæmanlegt að sögn bankastjóranna sjálfra.

Bernharð Stefánsson: Milliþinganefndin starfar nú ekkert síðan Alþ. kom saman, en vitanlega get ég kallað hana saman á fund og borið málið undir hana, ef hv. d. sýnist að senda það mál til umsagnar hennar áður en þingi lýkur. En vitanlega get ég ekkert um það sagt fyrirfram, hvaða till. n. kunni að gera um málið. — Annars hefir n. enga ákvörðun tekið um það enn, hvort hún skilar áliti sínu öllu í einu, eða einhverju á næsta þingi og svo því, sem eftir verður, á þinginu 1939. Þau störf, sem enn hafa farið fram í n., eru aðeins rannsóknir á ýmsum atriðum, sem snerta þessi mál, en till. hafa engar verið samdar enn. Ég get því engar upplýsingar gefið hv. 1. þm. Reykv. um það, hvort koma muni fram frv. um einstök atriði frá n. á næsta þingi eða ekki, en mér þykir það þó líklegt, þó að ég geti ekkert um það fullyrt. En ef einhverjar till. verða gerðar til breyt. á stjórn bankanna, þá tel ég víst, að þær mundu koma frá n. allar í einu, og að því sé ekki líklegt, að lögð verði fram till. um þetta sérstaka mál, ef n. þá væri ekki tilbúin með till. um stjórn annara banka. En þetta er, sem sagt, aðeins það, sem mér þykir líklegt. Ég er ekki nema einn af 5 nm. og get því ekki um það sagt, hverjar eða hvers eðlis endanlegar till. n. verða.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vildi aðeins láta í ljós ánægju mína yfir þeirri sanngirni, sem fram hefir komið í þessu máli af hendi hæstv. forsrh., þar sem hann virðist nú vera sömu skoðunar í þessu máli eins og ég í upphafi málsins, að það bæri að athugast af mþn. og að hún fengi að segja sitt álit um það. Ég segi fyrir mig, að ég hefi ekki átt að venjast meiri sanngirni úr þeirri átt heldur en einmitt nú.

En út af því, sem sagt hefir verið, að allir væru sammála um þetta frv., vil ég taka það fram, að ég hafði strax lýst því yfir, að ég mundi, svo framarlega sem dagskrá mín yrði ekki samþ., koma fram með brtt. við 3. umr., og þá einkum í sparnaðaráttina, en ég get fallizt á það, eins og annað, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni seinni ræðu, að málinu verði frestað í bili og það athugað. En ég get ekki séð, að það sé nokkuð hægara fyrir Alþingi sjálft að taka einstaka banka nú og gera breyt. á stjórn þeirra heldur en fyrir n. að koma með till. til breyt. á fyrirkomulagi eins banka. Þá er a. m. k. meiri trygging fyrir sæmilegum undirbúningi málsins.

Ég ætla þá ekki að gera þetta mál frekar að deiluefni.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég geri það þá að till. minni, að málinu sé aftur vísað til n. og að henni sé falið að leita umsagnar bankanefndarinnar, til þess að æru hennar sé borgið.

Á 32. og 33. fundi í Ed., 22. og 23. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 24. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Páll Zóphóníasson): Eins og menn muna, var umr. frestað um þetta mál að tilhlutun landbn., sem óskaði eftir því, að á meðan á frestun umr. stæði fengi milliþn. sú, sem nú situr til að athuga og gera till. um löggjöf um bankamál, málið til umsagnar. Í tilefni af þessu skrifaði landbn. milliþn. og óskaði umsagnar hennar um málið, og sú umsögn liggur nú fyrir. Ég vil lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar þannig:

„Í tilefni af bréfi landbúnaðarnefndar efri deildar, dags. 28. f. m., um frv. til laga um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, hefir milliþinganefnd í bankamálum á fundi í dag gert svofellda ályktun:

Milliþinganefnd í bankamálum mun væntanlega á sínum tíma gera tillögur um starfsmannahald og skipulag bankanna, og sér ekki ástæðu til að mæla með smábreytingum að svo stöddu.

Virðingarfyllst.

Bernh. Stefánsson. Ásg. Ásgeirsson.

Þetta bréf er dagsett 8. nóv. 1937.

Eins og hv. þdm. sjá af þessu, virðist milliþn. líta svo á, að hér sé um smábreyt. að ræða — sem þetta líka er — sem hún ekki vill mæla með og ekki heldur mæla á móti, m. ö. o. vill láta liggja á milli hluta, en gefur í skyn, að hún muni seinna gera till. um breyt. á starfsmannahaldi bankanna yfirleitt, og þess vegna sennilega þessa banka líka. Það hefir þess vegna hvorki fengizt upp úr þessu meðmæli eða mótmæli viðkomandi þessari breyt. í frv. Hér er ekkert um frv. sagt.

Eins og haldið hefir verið fram áður, tel ég, að hér sé um svo lítilfjörlega breyt. að ræða á því fyrirkomulagi, sem nú er í bönkunum, þar sem ekkert er talað um annað en að spara dálitið rekstrarfé hjá einum banka með því að hafa einn bankastjóra og gæzlustjóra í stað þriggja bankastjóra. Það er engin ástæða til þess að bíða með samþykkt þessarar lagabreyt. eftir því, að einhverntíma — trúlega þó ekki fyrr en á Alþ. 1939 — geti legið fyrir breyt. um fyrirkomulag bankanna yfirleitt. Þess vegna mæli ég með því, að frv. verði samþ. nú, en rökst. dagskráin á þskj. 53, frá minni hl. landbn., verði felld.

Til viðbótar skal ég geta þess, að mér var sjálfum ekki ljóst sem utanþingsmanni, á hverju

það byggðist á sínum tíma, að þrír bankastjórar voru settir þarna við Búnaðarbankann. Mér var kunnugt um, að leitað var álits margra manna víðsvegar um land af Tryggva heitnum Þórhallssyni um frv. um stofnun Búnaðarbanka Íslands. Og ég hygg, að af 60—70 umsögnum manna, sem sumir eru nú á Alþ., hafi enginn ætlazt til, að bankastjórarnir væru hafðir þrír. Þvert á móti lögðu margir til, að það væri aðeins hafður einn bankastjóri. Þessi breyt., sem felst í frv., er því í fullu samræmi við vilja þann, sem kom fram vegna þeirrar fyrirspurnar, sem Tryggvi heitinn Þórhallsson lét gera, er hann óskaði, að menn gerðu sínar aths. við frv. Ég hygg, að það sé vilji alþjóðar, að víðar en við þennan banka sé reynt að spara fé til starfsmannahalds við bankana, og þá ekki sízt á bankastjórum. Enda virðist ekki mikil ástæða til að hafa þá eins marga og l. gera ráð fyrir nú að þeir séu.

Mæli ég því með, að rökst. dagskráin verði felld, en frv. samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er alveg rétt hjá hv. frsm. meiri hl. landbn., sem hann sagði, að ekki hefði komið fram neitt álit frá mþn. í bankamálum né till. í þessu máli. En sú n. hefir sagzt ætla sér að gera till. á sínum tíma um starfsmannahald bankanna í heild. Því hefir heldur ekki verið mótmælt hér, að það geti vel farið svo, að einhver hluti till. þessarar mþn. geti legið fyrir næsta Alþ. Og er ekki óliklegt, að einmitt till. um það, sem frv. fjallar um, muni þá liggja fyrir.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hér væri um óverulegar breyt. að ræða í þessu frv. Það er rétt. Og þó að þetta mál bíði eftir rækilegri endurskoðun í þrjá mánuði eða svo, þá sýnist ekki mikið í húfi. En hitt er óviðkunnanlegt, að hlaupa til og grípa fram fyrir hendurnar á starfandi mþn., grípa inn í verksvið hennar áður en hún gerir þær till. um þetta mál, sem hún hefir lýst yfir, að hún muni gera.

Þetta kemur alveg í bága við skoðanir framsóknarmanna, því að í hv. Nd. var hér á dögunum af framsóknarmönnum haldið fram — og ég geri ráð fyrir að það komi ekki í bága við stefnu meginhluta Framsfl. —, að alveg óviðeigandi væri að koma fram með frv. á Alþ., sem starfandi mþn. ætti að fjalla um. Þetta var í umr. um frv. til l. um sumarvinnuskóla alþýðu, en um svipað mál fjallaði milliþn. Ég býst nú við, að hv. framsóknarmenn vilji vera sjálfum sér samkvæmir og segi ekki eitt í Nd. og annað í Ed. um þessa hluti. Í þessu efni ætti þeim því ekki heldur að þykja viðeigandi að grípa inn í störf starfandi mþn. (PZ: Ég hélt, að hv. þm. hefði séð, að ekki eru allir framsóknarþm. á sama máli, og ekki heldur sjálfstæðismenn).

Þar sem ekki er komið fram álit frá mþn. um breyt. frv. á l., sé ég ekki ástæðu til að falla frá dagskrártill. minni. En fari svo í þessu smámáli, að ekki verði gefinn kostur á að bíða álits mþn. um það, áskil ég mér rétt til að koma við 3. umr. málsins fram með rækilega sparnaðartill. við það. Því að ef á annað borð á að byrja á breytingum á þeim stutta tíma þangað til milliþn. skilar áliti um málið ... (PZ: Veit hv. þm., hvenær það muni koma?) Það er skjalfast yfirlýst, að mþn. ætlar að gera till. um starfsmannahald bankanna, þó ekki sé til tekinn neinn sérstakur tími. Og ef út í sparnað er farið í þessu efni, áður en álit n. kemur fram, þá er sjálfsagt að ganga vel frá og koma fram rækilegum sparnaði. Ég sé t. d. ekki ástæðu til að lögfesta hjá aðalbankastjóra dýrtíðaruppbót, ótakmarkaða, eftir því sem ráðh. ákveður, úr því einu sinni er búið að semja við hann — til bráðabirgða a. m. k. — um það, að hann fái ekki dýrtíðaruppbót. Eins mun ég leggja til, að lögákveðin verði laun gæzlustjóra. Þessar till. mun ég gera, svo framarlega sem dagskrártill. mín verður felld.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá minni hl. landbn., á þskj. 53, felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, MG, MJ, ÞÞ, BSn, GL.

nei: IngP, JBald, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ[1]), HermJ, EÁrna.

2 þm. (BSt, BrB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 14, 190).

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Eins og ég gat um við 2. umr., þá hefi ég komið fram með 2 brtt., en þær eru hvorki langar né margbrotnar, og þarf því ekki langa forsögu um þetta atriði, enda minntist ég á það við 2. umr.

Fyrri breyt. felur aðeins það í sér, að bankastjóri Búnaðarbankans haldi þeim launum, sem hann hefir, og verði ekki breytt í því. Hin brtt. er sú, að laun gæzlustjóra Búnaðarbankans verði ákveðin. Um fyrri brtt. er það að segja, að eftir því sem skýrt hefir verið frá opinberlega í blöðum, og er víst alveg rétt, þá hefir bankastjóri Búnaðarbankans verið ráðinn með 12 þús. kr. árslaunum án dýrtíðaruppbótar. Brtt. mín er aðeins sú, að hann haldi þessum launum eins og um hefir verið samið og engin breyt. verði þar á, en eftir frv. á ráðh. að ákveða bankastjóranum dýrtíðaruppbót, sem honum þykir rétt. Sá landbrh., sem með þessi mál fer nú, hefir ákveðið launin við ráðningu þess bankastjóra, sem nú er, og kemur því sennilega ekki til mála, að gerð verði breyt. þar á, en svo getur komið annar ráðh., sem ef til vill vill hækka launin. En til þess að hafa launin ákveðin, en ekki hverful hvað dýrtíðaruppbótina snertir, hefi ég komið með þessa brtt., enda er talið, að 12 þús. kr. árslaun séu nægileg, þótt í nokkuð vandasamri stöðu sé, og býst ég því við, að

1) **SÁÓ:** Þar sem ég mun greiða frv. þessu atkv. mitt fyrst um sinn til 3. umr., segi ég nei við dagskrártill.

þeir, sem annars telja sig með sparnaði, vilji ekki gefa þarna lausan tauminn fyrir hærri laun.

En um hitt embættið, sem er stofnað með þessum l., vil ég segja, að ekkert er ákveðið um, hvaða laun sá maður skuli hafa, sem því gegnir, heldur aðeins falið ráðh. að ákveða það. Yfirleitt tel ég varhugavert, þegar verið er að stofna slík störf eða embætti, að ákveða ekki launin um leið. Það hefir yfirleitt verið venja að gera slíkt hér á þingi, a. m. k. í flestum tilfellum, og rétt, að það haldist ennþá. Þar sem þetta er ekki mikið starf, virðist nóg að ákveða fyrir það 2000 kr. á ári, en það yrði með dýrtíðaruppbót 3000 kr. Maðurinn þarf ekki að sitja í bankanum nema endrum og eins og hefir þetta með öðrum störfum, og sé ég því ekki annað en að 3000 kr. séu sæmileg laun.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. síðasti ræðumaður hefir snúið við blaðinu frá því að vilja allt spara við þennan banka og til afstöðu sinnar nú. Ég held, að fyrri till., þar sem árslaunin eru ákveðin 12000 kr., sem ekki má breyta, hvernig sem verðlag breytist, sé ekki til bóta. Í seinni brtt. er gert ráð fyrir, að árslaun gæzlustjóra verði 2000 kr. auk dýrtíðaruppbótar, svo að þau laun verða gerð hreyfanleg. Ég álít eins og hv. þm., að 2000 kr. auk dýrtíðaruppbótar sé nægileg laun fyrir gæzlustjórastarfið. Hinsvegar er ég á móti því, að laun bankastjóra séu ríkskorðuð við 12000 kr., þvert ofan í alla venju, því að ef verðlag breytist, er ekki sanngjarnt, að þessi laun séu ekki hreyfanleg eins og laun annara starfsmanna. Það er því ósamræmi á milli fyrri og síðari brtt. Ég vil leggja til, að hv. d. samþ. síðari brtt., en felli þá fyrri.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal játa, að það kennir nokkurrar sanngirni hjá hæstv. ráðh., þegar hann fellir sig ekki við, að þetta séu fastákveðin laun bankastjóra, sem ekki lækki, þó að verðfall verði. En ef til slíks kæmi, mundi að líkindum fara fram almenn endurskoðun á launakjörum í landinu, eins og ýmsar stjórnir hafa framkvæmt, svo að brtt. kæmi ekki að sök, og sé ég því ekki ástæðu til að hverfa frá henni. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði snúið við blaðinu, en það er alrangt. Ég vildi bara ekki káfa inn í verkahring n., sem hefði bankamálin til athugunar. Þess vegna er ekki ástæða til að bregða mér um eyðslusemi, enda fer hæstv. ráðh. ekki lægra en ég. Hitt er mjög sanngjarnt af hæstv. ráðh., að vilja vera sömu skoðunar og ég um síðari till., um laun gæzlustjóra.

***Jónas Jónsson:** Ég skal ekki lengja umr. mikið, en þar sem Framsfl. hefir verið mikið við stofnun bankans riðinn, vil ég segja nokkur orð út af launum þar.

Þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, var meira góðæri en nú er og menn bjartsýnni um fjárhaginn. Voru því stofnlaunin ákveðin eins og við hina bankana, en dýrtíðaruppbót óákveðin. Þegar Páll Eggert Ólason var bankastjóri þar, gerði aðalblað Sjálfstfl. veður út af því, hversu launin væru há, og að ákveða ætti fyllstu dýrtíðaruppbót, þannig að bankastjóralaunin yrðu eins og í Landsbankanum. En sannleikurinn var sá, að dýrtíðaruppbót var ákveðin minni en í Landsbankanum, og urðu laun aðalbankastjóra tæp 20 þús. kr. Þetta hélzt svo þangað til núv. forsrh. veitti Hilmari Stefánssyni embættið. Það var þá veitt án dýrtíðaruppbótar og var fyrsta embættið, sem veitt var á þann hátt. Sú ráðdeild, sem ég veit, að er hv. flm. brtt. kær, kom þar greinilega fram, þó að um flokksmann væri að ræða. Ég álít, að bæði hjá hæstv. ráðh. og þeim manni, sem fékk bankastjóraembættið, hafi þarna komið fram lofsverður skilningur á því, að launin væru of há.

Bankinn er ekki mjög stór, og ég veit, að það er engum kunnugra en hv. flm. brtt., sem er mesti ráðdeildarmaður, að bændur eru yfirleitt óánægðir með hin óþarflega háu laun, og ekki heldur sjá þeir ástæðu til að hafa 3 bankastjóra, enda hygg ég, að þessi breyt. muni mælast vel fyrir og þykja sjálfsögð.

Um það, hvort eigi að fella niður dýrtíðaruppbótina með l., vil ég geta þess, að ég þykist viss um, að a. m. k. sá ráðh., sem felldi hana niður í verki, muni ekki taka hana upp aftur, og ég býst ekki við, að ráðh., sem á eftir kæmi, mundi gera það. Ég tel þetta tákn þess, að hinn litli banki verði ráðdeildarsamur í æðstu stjórn sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Ed., 2. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 190,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, BrB, GL, JJós, ÞÞ, ÁJ.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, EÁrna.

2 þm. (JBald, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 190,2 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, GL, JJós.

nei: BSt, IngP, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.

HermJ, JJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (JBald, MJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.

nei: BSn, GL.

JJós, ÞÞ, ÁJ, BSt greiddu ekki atkv.

2 þm. (JBald, MJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á. 41. fundi í Nd., 3. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2 umr. (A. 14, n. 328).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórsson): Það náðist ekki samkomulag í landbn. um afgreiðslu þessa frv. Ég og hv. þm. Mýr. vildum afgr. það eins og það liggur fyrir, en mér er ekki kunn afstaða hinna nm., og hefir enn ekki komið fram nál. frá þeim. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál.

Eins og kunnugt er, þá er sú breyt., sem farið er fram á með þessu frv. að gera á l. um. Búnaðarbanka Íslands, aðeins sú, að framvegis verði bara einn bankastjóri við þennan banka, í staðinn fyrir þrjá eins og þeir eru nú. Það, sem fyrst og fremst mælir með þessari breyt., er sparnaðurinn, sem af því leiddi að hafa aðeins einn bankastjóra. Að vísu er svo til ætlazt, að í stað þessara tveggja bankastjóra, sem niður yrðu lagðir, komi einn gæzlustjóri, sem vitanlega hefir mikið minni laun heldur en bankastjórarnir tveir. En þó er rétt að geta þess, að þeir hafa aldrei haft nema lítil laun, miðað við bankastjóralaun yfirleitt. Þeir munu hafa haft 4 þús. kr. hvor, enda mun ekki hafa verið ætlazt til, að þeir gegndu þessu starfi sem sínu aðalstarfi. Nú þykir það hafa komið í ljós, að heppilegra muni vera að hafa aðeins einn bankastjóra ásamt gæzlustjóra, sem starfaði í bankanum að nokkru leyti. Við, sem erum í minni hl. n. og viljum samþ. þetta frv., lítum svo á, að þessi skipun muni vera eðlilegri í framtíðinni heldur en sú, sem nú er, þ. e. að hafa tvo bankastjóra að nafninu til, sem vegna launa sinna og aðstöðu að öðru leyti geta ekki sinnt starfinu nema að nokkru leyti. Af þessum ástæðum er það, að við leggjum til, að frv. verði samþ., engu síður en af hinu atriðinu, þ. e. a. s. sparnaðinum, sem ég legg ekki svo mikið upp úr, því að hann getur aldrei orðið mikill, þar sem einn gæzlustjóri á að koma í staðinn fyrir tvo lágt launaða bankastjóra.

Að svo komnu sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

Jón Pálmason: Eins og hv. frsm. tók fram, *þá náðist ekki samkomulag í n. um þetta frv.*, en hitt er ekki rétt hjá honum að hann hafi haft vitneskju um, hver afstaða okkar hinna nm. væri, því að hvað mig snertir, þá lýsti ég því yfir í n., að ég sæi ekki ástæðu til að taka þennan þátt út úr bankamálum landsins, þar sem nú væri starfandi mþn. í þeim málum, sem sennilega skiladi áliti fyrir næsta þing.

Þar að auki eru ákvæði í þessu frv., sem ég er algerlega mótfallinn, eins og t. d. það, að bankastjórinn hafi 12 þús. kr. laun og dýrtíðaruppbót að auk, því að þótt það sé kunningi minn, sem þarna á hlut að máli, þá tel ég þess háttar launakjör hreinar öfgar. — Ég vil þess vegna leggja fram rökst. dagskrá í þessu máli, sem þannig hljóðar:

„Þar sem nú er starfandi milliþinganefnd til þess að athuga og gera till. um bankamál landsins og full ástæða er til að gera margvíslegar breyt. á stjórn og rekstri bankanna, þá telur deildin ástæðulaust að taka út úr aðeins það atriði, sem frv. fjallar um, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég sé svo ekki ástæðu til að ganga lengra inn á þetta mál, en ég þykist vita, að ýmislegt fleira geti komið til athugunar ef frekari umr. verða.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt rökst. dagskrá frá hv. þm. A.-Húnv., sem hv. þm. hafa nú heyrt, *og liggur hún þá einnig fyrir til umr.*

Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórsson): Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það hefði ekki verið rétt með farið hjá mér, að ég hafi ekki vitað um hans afstöðu í n., því að hann hefði talað um það á fundi að afgr. málið með rökst. dagskrá. En ég sagði, að enn væri ekki komið neitt nál. frá hinum hl. n., og mér var ekki kunnugt um þessa rökst. dagskrá, enda er hún nú fram komin skrifleg.

Þessi rökst. dagskrá er byggð á því, að ekki sé rétt að taka þennan þátt bankamálanna út úr, þar sem nú sé starfandi mþn. í þeim málum. Ég hygg nú, að það geti ekki valdið neinni truflun á störfum þeirrar n., þó að þessi breyt. sé gerð á stjórn Búnaðarbankans, svo að ég fyrir mitt leyti vil mæla á móti hinni rökst. dagskrá, sem hér er fram komin.

Hv. þm. gat þess, að hann væri mótfallinn því ákvæði, að búnaðarbankastjórinn hefði 12 þús. kr. laun og dýrtíðaruppbót að auki. Út af fyrir sig get ég verið hv. þm. sammála um þetta, en hinsvegar verð ég að halda því fram, að miðað við þau laun, sem öðrum bankastjórum eru greidd hér á landi, þá geti þau ekki verið lægri. Ég hefi þann metnað fyrir hönd Búnaðarbankans, að ég get ekki sætt mig við, að hans bankastjóri sé settur mjög miklu lægra heldur en aðrir bankastjórar. (**BB:** Það er nú gert samt). Já það er gert, og ég álít, að hér sé of mikill munur á hvað þetta snertir. Ég er því hissa á hv. þm. A.-Húnv., sem er landbúnaðarmaður fyrst og fremst, að hann skuli álita rétt að lækka laun þessa bankastjóra út af fyrir sig. Mér virðist þetta því ekki nein rök fyrir því, að frv. eigi ekki að ná fram að ganga.

Jón Pálmason: Ég skal fyrst víkja að því atriði, sem hv. frsm. síðast kom að, sem sé launakjörum bankastjóra Búnaðarbanka Íslands. Það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm., að ég ætlist til þess, að lækkuð séu laun þessa bankastjóra eins út af fyrir sig. En þar sem nú er starfandi mþn. í bankamálum yfirleitt, vil ég ekki gera neinar breyt. á þessum lögum, og þar með ekki binda mig við að samþ. neina bankastjóralaun, hvorki þessi né önnur. Sannleikurinn er sá, að launakjör manna í bönkum, frá þeim æðsta til hins lægsta, eru mikið hærri en teljast má eðlilegt og sanngjarnt, og er þetta m. a. eitt af þeim atriðum, sem til athugunar hlýtur að koma í sambandi við þær breyt., sem gera á í bankamálum okkar lands. Þess vegna kemur það ekki að neinu leyti við metnaði minum eða hv. 2. þm. Skagf. fyrir landbúnaðarins hönd, hvað gert

er í þessum sökum, því að deilan stendur aðeins um það, hvort ástæða er til að samþ. nokkrar breyt. á þessum lögum eða ekki.

Viðvíkjandi því, að það valdi ekki neinni truflun á störfum mþn., þó að frv. sé samþ., þá kann það rétt að vera, en mér finnst það óneitanlega dálitið óviðfelldið, að Alþ. sé á hverju einasta ári að krukka smátt og smátt í löggjöf, sem bersýnilega þarf breyt. við, hvað Alþ. sjálft hefir viðurkennt með því að skipa mþn. til þess að endurskoða þá löggjöf.

Þá vil ég benda á það, að mér finnst sá hluti n., sem vill samþ. þetta frv., ekki vera fyllilega sjálfum sér samkvæmur, þar sem við nú nýlega höfum samþ. brtt. við önnur lög, sem hefir það í för með sér að auka mjög störf stjórnar Búnaðarbanka Íslands frá því, sem nú er, og á ég þar við byggingarmál sveitanna. Ég tel því, að mjög geti komið til athugunar, hvort ekki sé rétt að hafa bankastjórana tvo frekar en einn og að sleppa þessum fyrirhugaða gæzlustjóra, sem gert er ráð fyrir í frv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þetta mál liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, og ég geri ráð fyrir, að þeir, sem hér eru viðstaddir, geti gert sér ljóst, hvort réttmætt sé að samþ. þetta frv. eða þá dagskrá, sem ég hefi lagt hér fram.

Forseti (JörB): Það hefir orðið að samkomulagi milli mín og hv. flm. að hinni rökst. dagskrá, að hún verði tekin aftur til 3. umr., sakir þess að það vantar allmarga hv. þm. í d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, HV, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BJB, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GG, JörB,
nei: JakM, ÓTh, PO, TT, GÞ.
ÍslH, ÁÁ, EE greiddu ekki atkv.
8 þm. (HG, JPálm, PHalld, SEH, SK, StSt, ÞBr, GSv) fjarstaddir.
2.—4. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15 des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti (JörB): Við 2. umr. þessa máls var borin fram rökst. dagskrá, sem var frestað til 3. umr., og liggur hún því fyrir nú.
Rökst. dagskráin hljóðar svo: [Sjá að framan].

ATKVGR.
Rökst. dagskráin frá þm. A.-Húnv. felld með 17:12 atkv.
Frv. samþ. með 17:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 416).

28. Eignarnám í Grímsey.

Á 36. fundi í Ed., 26. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um eignarnám á landspildu í Sandvíkurlandi (þmfrv., A. 198).

Á 38. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Bernharð Stefánsson: Ástæðan til þess, að þetta litla frv. er hér borið fram, er tekin fram í grg. þess, og þarf ég þar sáralitlu við að bæta. Eins og þar greinir, er fyrir allmörgum árum byrjað á bryggjubyggingu í Grímsey, og hefir enn ekki náðst samkomulag við eiganda þess lands, sem bryggjan stendur á, um kaup á landinu. Þetta er hreppnum mjög bagalegt, og er því farið fram á það hér, að fá landið tekið eignarnámi samkv. l. — Hér ætti ekki að vera um mikilsvert atriði að ræða fyrir landeiganda, því að landspilda sú, sem samkv. frv. á að taka eignarnámi, er um flóð mikið til í sjó, og því sjálfsagt til lítilla nota fyrir eigandann, þó að hún hinsvegar sé nauðsynleg hreppnum vegna bryggjunnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 231).

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Málið hefir legið fyrir allshn., og eins og sjá má á nál. á þskj. 231, hefir n. komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. beri að samþ. Mælir hún með, að frv. sé samþ. breytingarlaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 198, n. 353).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Í þessu frv. er farið fram á að fá heimild til þess að taka eignarnámi landspildu í Sandvíkurlandi í Grímsey undir bryggju, sem þegar er búið að reisa. Þetta mál gekk mótmæla- og mótatkvæðalaust í gegnum Ed., og allshn. Nd. leggur til, að frv. verði samþ., en tveir nm. hafa skrifað undir með fyrirvara, og munu þeir gera grein fyrir honum.

Thor Thors: Það er aðallega samnm. minn, hv. 8. landsk. þm., sem stendur fyrir þessum fyrirvara okkar um þetta mál. Hann er ekki mættur á fundi, og geri ég ráð fyrir, að hann muni við 3. umr. gera grein fyrir því, hvernig á þessum fyrirvara stendur. Mér skildist á honum, að hann þyrfti að athuga betur við hreppsnefndina í Grímsey, hversu almennur vilji væri á bak við þetta frv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vil geta þess út af því, sem hv. þm. sagði, að n. sá ekki ástæðu til þess að efast um, að oddviti Grímseyjarhrepps, sem farið hefir fram á, að þetta mál væri flutt, hefði fullt umboð hreppsnefndar til þess að gera það, því eins og menn vita, er það venja, að oddvitar annist öll bréfaviðskipti hreppsnefnda, og er því engin ástæða til þess að efast um, að hann hafi haft fullt umboð til þessa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 448).

---

29. Þurrmjólk í brauð o. fl.

Á 30. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk (þmfrv., A. 147).

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Sveinbjörn Högnason: Ég þarf ekki að taka ræki lega fram efni þessa frv., þar sem það er kunnugt. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi af hv. 7. landsk. og er nú flutt aftur svo að segja óbreytt. Það er aðeins það ákvæði sett nýtt inn í þetta frv. frá því frv., sem flutt var á þinginu í fyrra, að það megi styrkja þær stöðvar, sem settar eru upp til að vinna þurrmjólk, eftir sömu reglum, sem gilda um styrk til fullkominna mjólkurbúa.
Frv. miðar að því takmarki að auka markað fyrir mjólk hér innanlands, og jafnframt að koma í veg fyrir innflutning mjólkur hingað, en þótt ótrúlegt megi virðast, hafa undanfarið verið fluttir hingað inn 3000—4000 pt. á ári til súkkulaði- og sælgætisgerðar. Innanlandsmarkaðinn má auka stórum með því að fyrirskipa blöndun þurrmjólkur í brauð. Frv. því, sem flutt var um þetta efni í fyrra, fylgdi ýtarleg grg. frá dr. Vestdal, og er henni útbýtt nú ásamt frv. Sést m. a., hve ástatt er nú annarsstaðar um þurrmjólkurvinnslu. Stofnkostnaður slíkra stöðva er miklu minni en margir munu halda. Þannig kosta vélar til allstórrar stöðvar ekki yfir 15—20 þús., og byggingar þurfa ekki að vera mjög dýrar.
Frv. er, eins og ég hefi þegar sagt, borið fram með tilliti til þess, hve mjólkurmarkaðurinn er þröngur innanlands, og vegna þess óþarfa og hneykslanlega innflutnings á mjólk, sem verið hefir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 264).

***Frsm. (Emil Jónsson):** Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég skal þó geta þess, að einn nm., hv. þm. Borgf., var ekki á fundi, þegar málið var afgr., og að hv. þm. A.-Húnv. áskildi sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. En hann var samþykkur frv. í aðalatriðum.
Ég skal ekki fara út í að skýra efni frv. Það var flutt hér á þinginu í fyrra, en dagaði þá uppi. Nú er það flutt óbreytt að öðru leyti en því, að í þessu frv. er ríkisstj. heimilað að veita byggingarstyrk til þurrmjólkurvinnslustöðvar eftir sömu reglum og gilda á hverjum tíma um styrk til mjólkurbúa. Þetta ætti að vera til þess að örva menn til að byggja mjólkurvinnslustöðvar og að hægt yrði sem fyrst að fara að nota mikla mjólk til þessarar framleiðslu. Ég gat þess við umr. um mjólkurlögin í gær, að það liti nokkuð öðruvísi út fyrir okkur alþýðuflokksmönnum að leyfa ótakmarkað verðjöfnunargjald, þegar tryggt væri, að þetta frv. yrði samþ., heldur en ef það yrði ekki samþ.

Því að nú skapast með þurrmjólkurvinnslunni möguleikar til að notfæra sér vel þann hluta mjólkurinnar, sem litið hefir fengizt fyrir áður, — undanrennuna, sem mikið af verðjöfnunargjaldinu hefir gengið til að verðuppbæta. Og við hagnað framleiðenda bætist aukin hollusta í fæði manna í kaupstöðunum, þar sem þeir fengju úr þurrkaðri undanrennunni einmitt ýmis nauðsynleg steinefni og næringarefni. Og með því væri mjög mikið unnið.

Til hv. þdm. hefir verið útbýtt frv. og grg. frá því í fyrra, þar sem sýnt er hversu mikils má af þessari framleiðslu vænta. — Þar sem n. hefir orðið sammála um frv., vona ég, að hv. deild veiti því skjóta og góða afgreiðslu.

*__Pétur Ottesen:__ Það er rétt hjá hv. frsm., að ég var ekki á fundi, þegar málið var afgr. og vil því lýsa afstöðu minni til þess. Ég er efni frv. alveg sammála og þeirri viðleitni, sem bak við það liggur, — að reyna að finna leiðir til þess að koma þeirri miklu næringu, sem í mjólkinni er geymd, til fólksins, sem þarf hennar með.

En mér finnst, að hægt hefði verið að taka helztu ákvæði þessa frv. upp í mjólkurlögin. Þetta er einn liðurinn í hagnýting mjólkur. En kannske má einu gilda, hver leiðin farin er. Ég mun styðja að því, að þetta frv. verði að lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

__Jón Pálmason:__ Eins og sjá má á þskj. 296, höfum við hv. þm. Borgf. lagt til, að efni þessa frv. verði tekið upp í sambandi við afgreiðslu mjólkurmálsins. Fer ég því fram á það við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. um þetta mál, þar til séð verður, hvernig fellur atkvgr. um þær brtt. okkar, er við höfum borið fram við 4. málið á dagskránni.

Umr. (atkvgr.) frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 347).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

__Frsm. (Páll Zóphóníasson):__ Herra forseti! Þetta frv. hefir legið fyrir Alþ. áður í hér um bil sömu mynd og nú. Það er flutt til að stuðla að því tvennu, að sú undanrenna, sem fellst til hér á landi og ekki er til nema takmarkaður markaður fyrir, fái þarna afsetningu í gegnum brauðin, og hinsvegar að stuðla að því, að brauðin sem fæðutegund verði betri og hollari með íblönduninni.

Þetta frv. hefir legið fyrir landbn. þessarar d., og er n. sammála um að mæla með því, að það verði samþ.

Það eru aðallega 2 breyt., sem hafa verið gerðar á frv. frá því að það lá fyrir þinginu í fyrra. Önnur er sú, að nú er heimilt í staðinn fyrir þurrmjólk að setja tiltölulega sama magn af venjulegri mjólk, og hin er sú, að styrkja stöðvar, sem kunna að verða reistar til vinnslu þurrmjólkur, á sama hátt og nú er veittur styrkur til mjólkurbúa. Ég tel báðar þessar breyt. til bóta, en n. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, í aðalatriðum a. m. k.

*__Jón Baldvinsson:__ Það er aðeins aths., sem ég ætla að gera við 2. gr. frv., þar sem landbrh. er veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð, að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda. Mér finnst þetta of fortakslaust ákvæði og ráðh. gæti misbeitt því með því að fyrirskipa, að það brauð, sem annars ekki þyrfti að ákveða slíkt um, sé blandað með þurrmjólk. En mér skilst, að það séu aðallega hinar algengustu matbrauðstegundir, sem ætlunin er að blanda í þurrmjólk, en að ákveða þetta svo fortakslaust, finnst mér of langt gengið. Ég hefði viljað gera breyt. á þessu í þá átt, að það væru ákveðnar brauðtegundir, sem skylt væri að blanda þurrmjólk í. Það er nú ekki nauðsynlegt að koma með þessa breyt. við þessa umr., en ég ætla að athuga það til 3. umr., hvort ekki sé rétt að draga hér úr, því það getur litið út fyrir, að þetta eigi að ná til alls þess, sem framleitt er í brauðgerðarhúsum og kallað er brauð. En undir það kemur margt fleira heldur en það, sem mér skilst, að sé tilgangurinn með þessu frv., að blanda franskbrauð, hveitibrauð og rúgbrauð með þurrmjólk. — Þessa aths. vildi ég aðeins gera.

__Guðrún Lárusdóttir:__ Herra forseti! Það er aðeins lítil fyrirspurn til hv. frsm. þessa máls um það, hvað hægt sé að gera ráð fyrir, að brauðin hækki í verði við slík fyrirmæli sem þessi. Mér finnst, að það sé spurning, sem þarf að taka til athugunar jafnframt og það er ákveðið að lögfesta þetta. Um leið og ákveðið er að lögfesta þetta, þá sýnist mér, að afleiðingin hljóti að verða sú, að brauðin komi til að hækka í verði. En ég álít, að almenningur megi ekki við því, að gerð sé nein tilraun til þess að hækka þessa vöru, sem hér um ræðir, enda þótt hún kunni að verða eitthvað betri við blöndunina.

Ég vil taka undir það, sem hv. 9. landsk. sagði áðan. Eins og frv. nú liggur fyrir, þá lítur í raun og veru út fyrir, að það eigi að blanda mjólk í allt brauð, sem framleitt er í brauðgerðarhúsum, og spurningin verður þá, hvað við, sem lifum svo mikið á brauði, eigum að gefa fyrir þennan viðbæti.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég skal leitast við að svara þessari fyrirspurn, og þá ætla ég fyrst og fremst að svara henni með því að benda fyrirspyrjanda á, að frv. því, sem lá fyrir síðasta þingi og var á þskj. 217, fylgdi grg. frá dr. Jóni Vestdal, þar sem þetta er allt reiknað út. Þar komst hann að þeirri niðurstöðu, að ef 1% af undanrennu er blandað í 1,5 kg. af rúgbrauði, þá hækki það um 1,3 aura. Þessi útreikningur fylgdi með frv. eins og það lá fyrir þinginu í fyrra á þskj. 217.

Viðvíkjandi því, sem hv. 9. landsk. var að tala um, þá má vel vera, að betra sé að orða þetta öðruvísi. En þegar þess er gætt, að þarna er aðeins um heimild að ræða fyrir landbrh. að ákveða þetta, þá leiðir af sjálfu sér, að hann þarf ekki að ákveða þetta í allt brauð. Hann getur notað heimildina til að ákveða blöndun í þær brauðtegundir, sem honum finnst ástæða til, en hann þarf ekki að ákveða í allt brauð.

Það kann vel að vera, að heppilegra sé að fella burtu þetta „allt", en mér finnst, að það þurfi ekki, þar sem aðeins er um heimild að ræða. Það liggur því opið fyrir, að það þarf ekki að nota heimildina til að ákveða blöndun í þær brauðtegundir, sem enginn kærir sig um að hafa duft í. Það er því ekki nein þörf á að breyta þessu, þó ég fyrir mitt leyti hafi ekkert á móti því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 147, 375).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði *leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.*

Einnig var of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 375. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jón Baldvinsson:** Ég boðaði þessa brtt., sem nú liggur fyrir á þskj. 375, við 2. umr. og ræddi þá um efni hennar, en það er að gera nokkra takmörkun á ákvæðum 2. gr. frv. Þar stendur, að landbúnaðarráðh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk. Þetta vil ég orða svo, að í staðinn fyrir orðin, „allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum" komi: „ákveðnar brauðtegundir, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum". Tilgangurinn með þessari brtt. er sá, að hindra, að of langt verði gengið í þessu efni, svo að síður sé hætta á, að komi til óþægilegrar verðhækkunar t. d. á smábrauði. Mér skilst, að ætlun flm. sé fyrst og fremst sú, að þurrmjólkinni verði blandað í svokallað matbrauð, allt algengt hveitibrauð og rúgbrauð. Ef þetta er rétt skilið, verða ákvæði frv. greinilegri, ef brtt. mín verður samþ. Eins og nú er, er óþarflega sterkt til orða tekið í frv. Ég skoða till. mína því sem orðabreyt., en ekki efnisbreyt., og vænti því, að hún verði samþ.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég get verið því fylgjandi, að þessi brtt. verði samþ., þar sem ég geri ráð fyrir, að framkvæmdinni yrði hagað eins og brtt. gerir ráð fyrir, að fyrst verði teknar ákveðnar tegundir brauða, og þurrmjólk blandað í þær til reynslu. Án slíkrar reynslu yrðu lögin lítt framkvæmanleg. Brtt. útilokar hinsvegar ekki, að blanda megi þurrmjólk í allar brauðtegundir, er tímar líða, ef reynslan sýnir, að það er hentugt og framkvæmanlegt.

***Jón Baldvinsson:** Það má vera, að hæstv. ráðh. hafi rétt fyrir sér í því, að þótt till. mín yrði samþ., mætti smátt og smátt tína til allar tegundir brauða, sem seldar eru í brauðgerðarhúsum, og láta heimildina ná yfir þær. Það má vera, að þetta verði gert, þegar einhver reynsla er fengin. En mál þetta er á tilraunastigi enn sem komið er, og jafnvel eftir að lögin ganga í gildi. Fyrst verður að fá reynslu af því, hvernig tekst með framleiðslu þurrmjólkurinnar hér og að hve miklu leyti er hægt að blanda henni í brauð. Ég vil leggja áherzlu á, að kostnaðurinn við þessar tilraunir fari ekki fram úr hófi, svo að brauðverðið þurfi ekki að hækka. Mér þætti því heppilegast, að stj. notaði fyrst aðeins nokkurn hluta heimildarinnar, sem henni er gefin með frv. Við að nota þurrmjólk í brauð yrði auðvitað dregið úr nýmjólkurnotkuninni í brauðið. Er þá óvíst, hver hagnaður mjólkurseljendum yrði að þessari breytingu, ef sú yrði útkoman, að ekki yrði notað meira mjólkurmagn í brauð en áður. Sífellt er verið að kvarta yfir því, að ekki sé hægt að koma út öllum mjólkurafurðunum, og þó er nú ástandið svo hér í bænum, að ekkert smjör er fáanlegt og orðið hefir að hætta við að blanda smjörlíkið smjöri, eins og lög mæla fyrir. Ég minnist á þetta í sambandi við það, að ég álít rétt að fara varlega í sakirnar með þá heimild, sem hér á að veita hæstv. ráðh.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Mér þykir vænt um að heyra, að hv. flm. felst á þann skilning minn á brtt., að ráðh. væri heimilt að fyrirskipa blöndun þurrmjólkur í allt brauð, með því að teja upp allar tegundir brauða. Ég er með brtt. vegna þess, að ég álít heilbrigt, að slík framkvæmd komi ekki öll í einu, heldur smátt og smátt, svo að nokkur reynsla hafi fengizt áður en framkvæmdir í stórum stíl eru hafnar á því, hvort brauðin verða betri eða ekki, og hvort þessar aðgerðir verða til þess, að verðið hækki að mun. Ég þarf því ekki að fara fleiri orðum um brtt. En það kom annað atriði fram í ræðu hv. flm., sem ég sé ástæðu til að leiðrétta, þar sem sami misskilningurinn hefir

komið fram opinberlega víðar. Ég á hér við smjörframleiðsluna og tilraunir þær, sem nú upp á síðkastið hafa verið gerðar til árásar á mjólkurskipulagið í sambandi við hana. Ég skal þá upplýsa það, sem menn virðast ekki vita, að smjörframleiðslan stendur utan við sjálft mjólkurskipulagið. Framleiðsla og sala smjörs er algerlega frjáls, nema hvað verðið er ákveðið. Og það hafa engin mistök orðið í smjörframleiðslunni. Sagt hefir verið að undarlegt sé, að ostar hafi verið framleiddir í stórum stíl, síðan fyrirsjáanlegt var, að smjörskortur yrði. Sannleikurinn er sá, að það hefir ekki verið framleitt eitt kíló af feitum ostum í mjólkurbúunum síðan í ágúst, er það sást, hve óskaplegir óþurrkar ætluðu að steðja að. Þá var einnig hætt við þá blöndun smjörs í smjörlíki, sem framkvæmd hefir verið að undanförnu. Þetta eru nú öll „mistökin", sem orðið hafa, og er fjarstæða að ætla sér að kenna skipulaginu um það. Það er vitanlegt, að undanfarna mánuði hefir ekki verið framleitt meira smjör en sem svarar 1 kg. á móti hverjum 15 kg. áður, og þó hefir öll nýmjólkin verið notuð til þess, en bændur hafa víða orðið að skera niður mjólkurkýr sínar vegna óþurrkanna.Það er því álika skynsamlegt að kalla þetta mistök og kenna mjólkurskipulaginu um, eins og að kenna sjómönnum um, að illa fiskaðist árið sem leið. Ummæli hv. 9. landsk. gáfu mér tilefni til að koma fram með þessar leiðréttingar hér, — en næstu daga mun ég birta skýrslu um þetta mál í dagblöðunum.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég get ekki séð, að þessi brtt. sé nauðsynleg. Ég er fylgjandi ákvæðum 2. gr. um, að heimildin verði látin ná til allra brauðtegunda, en ég get samt fylgt brtt. Ég vil benda á, að það er ætlazt til þess í 2. gr., að nota megi aðra mjólk í brauð en þurrmjólk, og er það breyting á frv. frá því, sem það var fyrst. Ef á að blanda þurrmjólkinni aðeins í einstöku tegundir, veit ég ekki hvernig dr. Jón Vestdal fer að því að láta þurrmjólkina einungis í það hveiti og það mjöl, sem ætlað er í þessar sérstöku tegundir brauða, — fyrir honum vakti, að þurrmjólkinni yrði blandað í allt það hveiti og allt það mjöl, sem brauðgerðarhúsin fá til þess að baka úr. Ég sé ekki, að sú leið sé fær, ef blöndunin á einungis að ná til einstakra brauðtegunda.

***Jón Baldvinsson:** Það getur ekki verið ætlun dr. Jóns Vestdals, þó að hann segi svo í áliti sínu, að það beri að blanda allt það hveiti og rúgmjöl, sem til landsins flyzt, með þurrmjólk. Hér eru engar hveitimyllur, þar sem hægt væri að blanda hveitið. Rúgmjöl mun eitthvað vera malað hér, en eigi að fara að blanda það strax um leið og malað er, þarf vísindalega rannsókn á því, hvernig mjöl geymist, sem blandað er þurrmjólk löngu áður en það er notað. Mér skilzt, að bezt sé að framkvæma blöndunina um leið og hveitið eða mjölið er tekið til bökunar. Ég vil vara við því, að þurrmjólkin sé tekin í stað nýmjólkurinnar, vegna þess að ég hygg, að brauðin verði lakari vara. Það gæti leitt til þess, að minna mjókurmagn yrði haft í brauðunum og þau samt seld dýrar. Þessu vildi ég vara við. Og ég skil till. mína sem takmörkun á rétti hæstv. ráðh. til að tína upp allar tegundir brauða og fyrirskipa þurrmjólkurblöndun í þær, og held því fram, að það sé hinn eðlilegasti skilningur, sem hægt sé í hana að leggja. Annars er ég ánægður með yfirlýsingu hæstv. ráðh. um, að framkvæmd málsins muni verða hagað eins og ráð er gert fyrir í brtt. En brtt. á engu að síður fullan rétt á sér.

ATKVGR.
Brtt. 375 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 15. fundi í Sþ., 17. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 405).
Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 449).

---

30. Tekju- og eignarskattur (frv. fjhn. Nd.).

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 271).

Á 45. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd. 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed. s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 271, n. 403).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. (Jón Baldvinsson). Þetta frv. er eins og hv. dm. sjá þess efnis, að ekki megi færa á milli ára tap eða skuldir, sem gefnar hafa verið eftir fyrir ráðstafanir þess opinbera. Þegar þær eru strikaðar út, svo sem með framlögum úr ríkissjóði eða samningum við banka, er ekki eðlilegt, að fólk geti haft þær í bókum sínum á milli ára og dregið þær frá tekjuskattinum. N. leggur til, að frv. verði samþ. Það er undirbúið af skattstofunni og verður að teljast réttmætt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

31. Hafnargerð á Suðureyri.

Á 34. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Suðureyri (þmfrv., A. 179).

Á 35. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það þarf ekki að gera nánari grein fyrir málinu á þessu stigi þess, en ég vil geta þess, að gögn þau um málið, sem vitamálaskrifstofan hefir, verða lögð fyrir n. þá, sem fær það til meðferðar. Það er líkt á komið um þetta mál og mál það, sem hér lá fyrir í gær um hafnargerð á Hofsósi.
Á Súgandafirði er talsverð útgerð og góð skilyrði til fiskiveiða, og sjómenn eru þar ef til vill duglegri en annarsstaðar, þar sem sjór er þarna sóttur allan ársins hring. Verður að telja, að ekki sé betra hægt að gera en að styrkja Suðureyri til að koma upp þeim hafnarmannvirkjum, sem hér er um að ræða. En nú er höfnin of grunn til þess að bátar geti legið þar öruggir, ef illt er í sjó.
Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 363).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 363 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 408).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Þetta frv. er komið frá Nd., og eru öll þessi frv. um hafnargerðir steypt í sama mót. N. hefir athugað málið og leggur eindregið til, að það verði samþ., enda er hér um heimildarl. að ræða,

sem koma ekki til framkvæmda fyrr en fé er til þess veitt í fjárl.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 454).

---

32. Hafnargerð á Hofsósi.

Á 33. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Hofsósi (þmfrv., A. 174).

Á 34. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*Flm. (Steingrímur Steinþórsson). Við þm. Skagf. höfum leyft okkur að flytja hér á þskj. 174 frv. til laga um hafnargerð á Hofsósi. Frv. fylgir allýtarleg grg., sem ég mun að mestu leyti láta nægja sem rökstuðning fyrir frv., aðeins bæta við nokkrum orðum til skýringar.

Hofsóskauptún mun vera elzti verzlunarstaður við Skagafjörð, og einn elzti verzlunarstaður landsins. Frá náttúrunnar hendi hagar þarna þannig til, að mjög var auðvelt að gera þar örugga lendingu. Síðustu áratugina hefir myndazt þarna dálítið þorp, og lifa þorpsbúar nú orðið aðallega á sjávarútvegi. Áður var Hofsóskauptún svo að segja dauður bær á sumrin; íbúarnir fóru til Siglufjarðar og stunduðu þar ýmsa hlaupavinnu, sem þeir gátu náð í. En nú síðustu árin hefir þetta breytzt þannig, að fyrir tilstilli kaupfélagsins þar hefir komizt þar upp dálítill vélbátafloti, sem íbúar kauptúnsins framfleyta sér á eins og sakir standa. Undanfarin tvö sumur hefir verið unnið þarna töluvert að hafnar- eða lendingarbótum og er nú búið að gera þar góða bátahöfn ásamt „plani" til síldarsöltunar. Í mannvirki þetta er nú búið að eyða um 140 þús. króna, en af því hefir ríkissjóður ekki greitt nema ⅛ hluta. Framlag ríkissjóðsins hefir nfl. verið miðað við styrk til lendingarbóta. Um verk þetta má óhætt segja það, að eftir því sem bezt verður vitað, er það bæði öruggt og traust.

Að mannvirki þessu stendur aðeins þessi litli og fátæki hreppur, sem þarna á hlut að máli. Það er því sýnilegt, að honum verður ofraun að standa straum af því. Við þm. kjördæmisins höfum því borið fram frv. þetta til hafnarlaga fyrir kauptúnið, til þess að hlutaðeigendur fái greidda ⅖ hl. kostnaðarins frá ríkissjóði. Jafnframt er ætlazt til, að þeir fái ábyrgð ríkissjóðs fyrir öðrum ⅖ hlutum, en sjálfir greiði þeir ⅕ hluta. Í 1.—2. gr. frv. er farið fram á meiri upphæð úr ríkissjóði en mannvirkið hefir kostað, eða allt að 300 þús., en þetta er miðað við það, að síðar verði gerður þarna hafnargarður, sem stærri skip geti lagzt við, en það er ekki gert ráð fyrir, að þetta komi til framkvæmda fyrr en eftir nokkur ár. Að þetta er sett inn í frv. nú, er til þess, að ekki þurfi að breyta lögunum þegar að þessari breyt. kann að verða horfið. Með samþykkt frv. myndi hreppurinn fá um 12 þús. kr. umfram það, sem hann hefir fengið.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um frv. að þessu sinni, og óska, að því verði að umr. lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A 174 n. 366).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Sjútvn. er sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. með 3 brtt. á þskj. 366, sem eru bornar fram til að samræma frv. við önnur hafnarlög. Af þessum till. er ein veruleg efnisbreyting, 3. brtt., sem er um það, að 7. liðurinn í 10. gr. heimili að taka 2% af afla skipa og báta, sem eiga heima í kaupstöðum, og annara skipa og báta, en ekki að taka greiðslu á hlut, eins og gert er ráð fyrir í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 366,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 366, 2 samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—9. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 366, 3 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
11.—18. gr., samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 377).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed. s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 51. fundi í Ed., 16 des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 407).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Herra forseti! Það er sama um þetta mál að segja og málið hér á undan (hafnargerð á Suðureyri). Á l. sjálfum er í raun og veru enginn mismunur. N. leggur einnig til, að þetta frv. verði samþ. Þó að geti verið álitamál, hvort eigi að byggja höfnina, vill n., að þessi heimildarl. nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 455).

33. Mjólkursala og rjóma o. fl. (frv. SvbH o. fl.).

Á 30 fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (þmfrv., A. 154).

Á 32. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Sveinbjörn Högnason)**: Það er óþarfi að fara mörgum orðum um frv. þetta, því að það gengur í sömu átt og frv. um sama efni, er lá fyrir síðasta þingi að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Þá fylgdi með frv. ýtarleg grg., sem sýndi, hverra breytinga og bóta þyrfti við á mjólkurlöggjöfinni. Þetta mál hefir verið rætt mikið hér og á fundum, bæði austanfjalls og vestanfjalls, og get ég því látið mér nægja að stikla á stærstu atriðunum.

Eins og kunnugt er, voru mjólkurlögin upphaflega sett sem bráðabirgðalög 1934. Tilgangur laganna var í fyrsta lagi sá, að lækka kostnað við sölu og dreifingu mjólkurinnar. Þetta hefir heppnazt svo vel, að sölukostnaðurinn er nú kominn úr 16 aurum niður í 3—4 aura pr. lítra. Í öðru lagi var það tilgangur laganna að koma á verðjöfnunargjaldi, sem jafnaði aðstöðumun framleiðenda, og í þriðja lagi að koma á þeirri verkaskiptingu milli mjólkurbúanna, sem hagkvæmust væri fyrir báða aðilja, þá, er selja mjólk til neytenda, og hina, er láta vinna úr henni.

Það kom þá bráðlega í ljós, að svo mikill vöxtur var hlaupinn í mjólkurframleiðsluna, að verðjöfnunargjald það er áætlað hafði verið, reyndist þegar á næsta ári yfir 52 þús. kr. of lágt. Þessi mismunur var fyrir það ár greiddur af tekjum verðjöfnunarsjóðs 1936. Langmestur hluti mjólkuraukningarinnar hefir eðlilega lent á vinnslumjólkinni, og þá einkum farið í verðminnstu mjólkurafurðirnar, svo sem osta til útflutnings. Í stað þess að upphaflega var ætlað, að vinnslumjólk næmi árlega 3 millj. lítra, er hún komin upp í 6,7 millj., og sjá þá allir, hve fjarri því er, að hið upphaflega verðjöfnunargjald hrökkvi til. En alls hefir mjólkurframleiðslan aukizt, síðan lögin voru sett, um 87%, eða úr 6,4 millj. lítra upp í 11,7 millj.

Þessi gerbreytta aðstaða hlaut að leiða til þess, að annaðhvort varð að fella verkaskiptingu búanna niður með öllu, eins og heimild var til, eða fá frekari heimild í lögum um fullkomnari verðjöfnun. Vegna hinnar auknu framleiðslu fór bilið milli þeirra, er selja mjólk til vinnslu og mjólk til neyzlu, sívaxandi. Upphaflega var gert ráð fyrir, að neyzlumjólk yrði goldin 2 aurum lægra, en reynslan sýnir, að bilið var orðið allt að 6 aurum. Árið 1936 hafði mjólkursamsalan tekjuafgang á 2. hundr. þús. kr. Það var tekið til bragðs að greiða af þessu það, sem vantaði 1935 upp á verðjöfnunargjaldið fremur en leggja niður verkaskiptingu mjólkurbúanna, enda hefði sú ráðstöfun komið langþyngst niður á mjólkurbúunum í og við Reykjavík og Hafnarfjörð, sem ekki geta framleitt skyr né osta nema með ærnum kostnaði.

Það er því auðsætt, að lögin sníða verðjöfnuninni of þröngan stakk, ef halda skal áfram á sömu braut og áður, að halda verkaskiptingu búanna. Því að það er öllum ljóst, að framleiðendur þeir, er selja mjólk sína til vinnslu, geta ekki gert sig ánægða með það, að afurðaverð þeirra skuli sífellt vera að hrapa meðan aðrir mjólkurframleiðendur halda sama verði, enda hafa komið fram ríkar kröfur um það, að verkaskiptingin félli niður, eins og heimilt er samkv. lögum. En slík breyting kæmi langþyngst niður á mjólkurbúunum í og við kaupstaðina, og því verður það að teljast heppilegast, að það fyrirkomulag haldist, að bæði verðjöfnun og verkaskiptingu sé beitt. Í 23 löndum, þar sem ég þekki til mjólkurlöggjafar, er þessu þannig fyrir komið, og sá einn munur á verði neyzlu- og vinnslumjólkur, að þeir, er vinnslumjólk selja, verða að greiða flutningsgjald til sölustaðar. Í Englandi er 1 penny á gallon sett sem

hámark í þessu skyni, og í Rinarhéruðunum eru dæmi til, að þeir, sem næstir eru sölustað, fá 1—1½ pf. meira en hinir fyrir mjólkurmagn, sem jafnt er árið í kring. Við höfum tekið þau ákvæði upp í þetta frv., að mjólkurbúin kosti sjálf flutning mjólkur og mjólkurafurða frá sölustað, og þetta gerir það að verkum, að þeir, sem skemmst eru frá sölustað (Rvík, Hafnarfirði), njóta aðstöðu sinnar í hækkuðu verði fram yfir hina, enda þótt fullri verðjöfnun sé komið á.

Ég býst ekki við því, að nokkur hv. þm. sé svo ósanngjarn, að hann geti ekki fallizt á þetta frv., og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að enginn bóndi sé því andvígur, að verkaskiptingin og verðjöfnunargjaldið nái sínum upphaflega tilgangi, eins og tryggt er í þessu frv.

Til þess er ætlazt, að mjólkursölunefnd megi breyta verðjöfnunargjaldinu eftir því sem þurfa þykir. Þetta er í samræmi við þá nauðsyn, sem viðurkennd er víða erlendis. Þar eru afurðasölulögin aðeins heimildarlög, sem breytt er árlega eftir þörfum. — Annars er þetta mál svo þrautrætt, að ég tel óþarfa að ræða það nánar.

Sigurður E. Hlíðar: Ég hefi borið hér fram frv. viðvíkjandi þessu máli, á þskj. 94, og hefir því þegar verið vísað til 2. umr. Þetta frv. var ekki fyrirferðarmikið og ég sé að önnur till., sem í því fólst, hefir verið tekin upp í þetta frv. Hún er um það, að framleiðendur skuli vera undanskildir gjaldi af þeirri mjólk, er þeir nota til eigin þarfa. Þetta er orðað svo í þessu frv., 3. gr.: „Heimilt er þó hverjum framleiðanda, sem undanþágu þessarar nýtur, að undanskilja til heimilisþarfa ½ lítra á dag á hvern heimilismann". Ég get gert mig ánægðan með þetta þar sem þessi skammtur á að vera nægur frá strangheilbrigðislegu sjónarmiði. Hin till. mín kemur hinsvegar ekki fram í frv. Ég tel það ekki samkv. raunveruleikanum að reikna 3000 l. ársnyt eftir kúna hvar sem er, en hefði kosið, að nythæðin væri miðuð við lögsagnarumdæmi. Ég gæti fellt mig við það að draga frv. mitt til baka, ef ég gæti komið inn í þetta frv. brtt. um þetta, enda þótt ég bindi mig ekki við þetta frv. að öðru leyti.

***Ólafur Thors:** Þetta mál er gamalkunnugt og þarf því ekki langra umræðna. Því geri ég ekki allar þær misfellur, sem komið hafa á framkvæmd mjólkurmatsins frá öndverðu, að umtalsefni nú, er sumpart hafa verið eðlilegar og sumpart stafað af viljaleysi þeirra, er lögin hafa framkvæmt.

Aðalkjarni þess frv., er hér liggur fyrir, er sá, að réttast sé og öllum fyrir beztu, að komið sé á allsherjarverðjöfnun. Ég hefi aðrar skoðanir á þessu og rökstuddi þær rækilega í lok síðasta Alþingis. Það kann að vera rétt hjá hv. aðalflm., að svipað fyrirkomulag gildi í 23 löndum. (**SvbH:** Ég get lánað hv. þm. skýrslu um þetta). Það er ekki nema eðlilegt, að ég taki upplýsingum þessa hv. þm. með varfærni, eftir þá kynningu, sem ég hefi haft af honum í þessu máli. En hvað sem í þessu efni kann að gilda annarsstaðar, þá veit ég, að hv. þdm. hljóta að viðurkenna, að meginmunurinn í þessu máli, að því er snertir íslenzka staðhætti annarsvegar og hinsvegar það, sem mun vera annarsstaðar, er sá, að annarsstaðar, þar sem slíkri löggjöf hefir verið komið á, eru svo góðar samgöngur, að framleiðendur geta alltaf verið öruggir með að koma mjólkinni á neyzlustaðinn sem óskemmdri vöru og í óbreyttu ástandi, nema hvað hún kann að vera gerilsneydd, en hér er þetta öryggi um aðflutninga frá héruðunum austanfjalls ekki fyrir hendi. Þetta tel ég skipta ákaflega miklu máli, ef hægt er að fullyrða það, sem ég tel hægt að fullyrða, að þessar sveitir geti ekki veitt öryggi um aðflutninga á hverjum degi, og ef svo aðrar sveitir geta veitt fullkomið öryggi í þessu efni, þá breytir það eftir mínu viti ákaflega mikið eðli málsins. Þessu held ég fram fyrir mitt leyti. En þar við bætist svo líka það, sem einnig er vitað, að bændur vestanfjalls hafa stofnað til síns búskapar á miklu dýrari grundvelli en bændur austanfjalls og þurfa þess vegna á öðru og hærra verði að halda, ef þeir eiga að hafa sæmilegar líkur fyrir svipaðri afkomu af búrekstri sínum og bændur austanfjalls.

Ef það á við rök að styðjast, sem ég held fram, að ekki ríki öryggi um flutninga frá héruðunum austanfjalls, og ef það hefir líka við rök að styðjast, að bændur vestanfjalls þurfi hærra mjólkurverð en bændur austanfjalls, og hærra verð en hægt er að áætla, að þeir fái, ef þetta frv. verður samþ., þá færist hér inn í málið nýr aðili, sem hefir mjög mikilla hagsmuna að gæta, en það eru neytendurnir, sem búa á sölusvæðinu, þ. e. a. s. neytendurnir í Reykjavík og Hafnarfirði. Ég veit að menn gera sér vonir um, að bættar samgöngur kunni að geta skapað þetta öryggi, en um það liggur engin reynsla fyrir enn, og þá sýnist mér eðlilegast að draga slíka lagabreyt., þangað til hægt er að rökstyðja hana með því, að þeir bændur, sem hlutfallslega eiga sömu aðstöðu til markaðsins, þeir geti á hverjum tíma komið vörum sínum á markaðinn þannig, að þær séu óskemmdar.

Mér sýnist fljótt á litið, að nokkru meiri skilningur á bágri afkomu bænda vestanfjalls komi fram í þessu frv. en því, sem borið var fram í fyrra, þar sem þessi eyrismunur er gerður hér, sem hv. flm. gat um, en það var ekki í frv. í fyrra. En þó að það kunni að sýnast einhver litur á svolitlum vilja til sanngirni, þá er það ekki nægilegt frá mínu sjónarmiði.

Hér var lagt fram á Alþingi í fyrra frv. frá núv. hv. þm. Dal. og þáv. 2. þm. Rang. Þetta frv. hné að því að koma á verðjöfnun á mjólk án þess að útborgun til bænda vestanfjalls lækkaði, með því móti að afla verðjöfnunarsjóði nýrra tekna þannig að hann reyndist þess megnugur að standa undir hækkuðu verði austanfjalls án þess að af því þyrfti að leiða lækkun á útborguðu verði vestanfjalls. Ég gerði þá við útvarpsumr. allýtarlega grein fyrir muninum á því, sem fólst í því frv. og hinu frv. Sé ég ekki ástæðu, a. m. k. við þessa umr., að lengja umr. með því að fara út í það, en ég geri ráð fyrir, að hv. landbn., sem mun fá þetta mál til athugunar, muni einnig taka til umr. þá hugmynd, sem fólst í hinu frv. Það er mín skoðun og

studdist ég þar við umsögn þeirra bænda, sem ég er fulltrúi fyrir á Alþingi, að þeir megi ekki við að taka á sig neina aukna verðlækkun frá því, sem nú er, og ég held, að þetta sé í raun og veru á vitund þeirra manna, sem eitthvað þekkja til þess búskapar, sem hér er rekinn. A. m. k. ætti hv. þm. Mýr., sem er einn af flm. þessa frv., að geta upplýst sína meðflm. um það, að hann hefir fengið fulla reynslu á því, að hann má ekki við því í sínum búskap að missa neitt af þeim tekjum, sem hann hefir fengið, og alveg sama gildir um aðra bændur á þessu svæði. Þeir eru fjárhagslega mjög illa staddir og langt frá því, að þeir megi við, að tekjur þeirra minnki, heldur þvert á móti ríka þörf fyrir, að tekjur þeirra verði auknar.

Það er náttúrlega skoðun á móti skoðun um, að það sé fyrir þessa bændur gert, að koma allsherjarverðjöfnun á, en þó trúi ég varla, að það standi skoðun á móti skoðun, heldur fullyrðing annarsvegar á móti skoðun hinsvegar. Ég held það. Og það er mesti misskilningur hjá hv. flm., þegar hann leyfir sér að staðhæfa, að varla muni til sá bóndi, sem hér á hlut að máli, að hann vilji ekki heldur, að þetta frv. sé samþ. en að löggjöfin verði upphafin. Ég er sannfærður um, að almennt hafa menn ekki betri reynslu en það af mjókurlögunum hér vestanfjalls, að mjög margir bændur, kannske heildin, vildu heldur, að l. væru afnumin en að þetta frv. yrði samþ. Þeir vildu kannske helzt, að l. yrðu endurbætt, en þó á öðrum grundvelli en hér er farið fram á.

Ég mun svo reyna að koma á framfæri við umr. málsins í n. þeim till., sem við sjálfstæðismenn stóðum að eða studdum á síðasta þingi, en það kann að vera, að þetta sé eitt af þeim málum, sem búið er að semja um milli stjórnarflokkanna og þar fáist engu um breytt. Og ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. forsrh., sem ég hefi nú þá ánægju að sjá framan í, hvort þetta sé eitt af þeim málum, sem stjórnarflokkarnir hafa samið um, að skuli ganga fram óbreytt. Og í því sambandi vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort það sé satt, sem við alþm. lásum í blöðum stjórnarflokka, að búið sé að gera málefnasamning og semja um áframhaldandi stjórnarsamvinnu á þessu þingi, því að það er óviðfelldið fyrir okkur stjórnarandstæðinga að við skulum þurfa að lesa í blöðum um það, hvað þinginu sé ætlað að gera. Það er vel viðeigandi, þegar stjórnarflokkar hafa gert með sér samning, að forsrh. fyrir hönd stj. leyfi okkur alþm. einhverja þá skýrslu um slíkan málefnasamning.

Ég skal í þessu sambandi leyfa mér að minna hv. alþm. á, að nýlega fór borgarstjóri, sem á sæti hér á þingi, til útlanda. Það var upplýst við umr. í bæjarstjórn, að hann hefði ekki gefið bæjarráði skýrslu um það,hvað hann hefði í hyggju að afreka fyrir hönd Reykjavíkurbæjar í þessari fyrirhuguðu utanför, og einn bæjarráðsmaður, Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrv. alþm., lét falla um það orð, að ef borgarstjóri hefði farið til að semja um eitthvað fyrir hönd Reykjavíkurbæjar án þess að tala um það fyrst og fremst við þá, sem ættu sæti í bæjarráði Reykjavíkur, þá sæi hann ekki, að meðlimir bæjarstj. ættu erindi í bæjarráð, og jafnvel ekki í bæjarstjórn. Svona leit hann á þetta mál. En við, sem höfum verið meðlimir Alþingis síðan þessi stj. tók við völdum, við hefðum getað minnt þennan gleymna þm. á, að það er ekki langt síðan þessi salur, sem er talinn salur allra flokka, var notaður til þess af stjórnarflokkunum á þingi að afgr. í sinn hóp svo að segja hvert málið á fætur öðru, og þar voru teknar ákvarðanir, t. d. í fjárl., þar sem var ákveðið svo að segja krónu fyrir krónu, hvernig ætti að útbýta þeim hálfum öðrum milljónatug, sem ríkissjóður greiðir af hendi, gersamlega án þess að stjórnarandstæðingar hefðu um það nokkra umsögn eða áhrif þar á. Og ef borgarstjóri má ekki ætla sér að fara utan án þess að hafa þar í samráði við sig jafnvel andstæðinga sem samherja, þá þykir okkur undarlegt, a. m. k. þeim, sem erum umboðsmenn fyrir meiri hluta þjóðarinnar en nokkur annar þingflokkur, að gerðir skuli samningar án þess að við höfum nokkra hugmynd um það og ekkert fá um það að vita, annað en það, sem við tínum saman í blöðum, að búið sé að ákveða, að þetta eða hitt skuli verða samþ. á Alþingi.

Þó að segja megi, að þetta sé ekki beint viðkomandi því máli, sem hér liggur fyrir, þá vona ég, að hæstv. forseti telja ekki óeðlilegt, að ég hreyfi þessu við fyrstu umr. fyrsta málsins, sem kemur nú fyrir þessa d. og samið hefir verið um af stjórnarflokkunum. Ég vil svo endurtaka þessa fyrirspurn, að ég leyfi mér að spyrja um það og þykist eiga kröfu til að fá að vita, hvort núv. stjórnarflokkar eru búnir að gera með sér málefnasamning, og þá um hvað sá samningur er.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Hv. þm. G.-K. spurðist fyrir um það, hvort mjólkurmálið svokallaða væri eitt af þeim málum, sem ættu að ganga fram á þessu þingi. Hann lét svo sem þetta kæmi sér að einhverju leyti á óvart. Ég held, þó að sjálfsagt sé að svara þessum fyrirspurnum, sem hann hefir borið fram, þá geti tæplega verið, að hann hafi spurt vegna þess, að ástæða hafi verið til að spyrja. Þetta mál, sem hér liggur fyrir nú, var borið fram á síðasta þingi og var þá yfirlýst, af mér að því er ég hygg, að málið ætti að ganga fram þá á þinginu, ef störfum yrði lokið á þinginu með þeim hætti, sem gera mátti ráð fyrir, áður en samvinnunni milli stjórnarflokkanna lauk. Ég lagði áherzlu á, að málið gengi fram svipað því, sem það var borið fram á síðasta þingi, og það hefir verið lögð áherzla á það í blöðum Framsfl. a. m. k. í heilt ár, og þær meginreglur allar, sem koma fram í frv., sem eru 3 og ég þarf ekki að telja upp hér. Jafnframt hefir verið tekið fram í blöðum flokksins, að þetta væri eitt af þeim málum, sem hefðu verið borin fram hér á þingi, eins og yfirleitt öll þau mál, sem Framsfl. bar fram fyrir síðustu kosningar, og eins var því lýst yfir, að engin mál væru borin fram, nema ætlazt væri til, að þau yrðu látin ganga fram. Þess vegna kemur það nú engum á óvart, ekki

heldur þessum hv. þm., að þetta frv., sem hér liggur fyrir, á að ganga fram, og ég er viss um, að það kemur engum óbrotnum kjósanda í landinu á óvart, sem fylgist með landsmálum. Þess vegna er það gefið mál samkv. þeim yfirlýsingum, sem liggja fyrir frá Framsfl. á Alþingi og á fundum og í blöðum hans nú í hálft annað ár, að einmitt þetta mál yrði eitt af þeim aðalmálum, sem við framsóknarmenn beittum okkur fyrir, að næði fram að ganga, því að þótt ég ætli ekki að rökræða það nú, þá er það frá okkar sjónarmiði fullkomið réttlætismál fyrir bændur landsins.

Um hitt atriðið, hvort gerður hafi verið málefnasamningur milli stjórnarflokkanna og ekkert tilkynnt um það hér á þingi, heldur eins og hv. þm. segir hafi þm. orðið að tína það upp úr blöðum stjórnarflokkanna, þá vil ég segja, að það hefir hingað til, þegar stjórnarflokkar hafa gert með sér samninga, aldrei verið venja að tilkynna það á Alþingi, og það hefir ekki heldur verið venja fyrr en hjá núv. stjórnarflokkum að tilkynna opinberlega í blöðum landsins, um hvað hefir verið samið. Það er ekki heldur hægt, nema þá með því að taka upp sérstaka vinnuaðferð hér á þingi, að taka slíkan málefnasamning fyrir sem sérstakt mál. En það má á það benda, að þessi mál, sem samið er um, skipta ekki aðeins þm. máli, heldur allan landslýð miklu máli. Þess vegna voru samningarnir birtir í blöðum beggja stjórnarflokkanna, undir eins daginn eftir að samningarnir voru gerðir, og talin upp þau mál, sem samningar höfðu verið gerðir um. Jafnframt var birtur í útvarpinu útdráttur úr blöðum beggja flokkanna, þar sem skýrt var frá, um hvað hefði verið samið. Það er þess vegna fjarri því, að þurfi að tína þetta upp úr blöðum stjórnarflokkanna, og það er ekki hægt að gefa tilkynningar, sem koma betur til vitundar almennings en með því að birta þær í blöðum og jafnframt í útvarpi. Það hvílir þess vegna engin hula yfir um hvað hafi verið samið, og það hefir verið tekið fram bæði í blöðum og útvarpi, að þetta mál sé eitt af þeim, sem samið hefir verið um og ætti að ganga fram í aðalatriðunum og á svipaðan hátt og það hafði verið borið fram af framsóknarmönnum á síðasta þingi. Þetta liggur því svo ljóst fyrir, að það er að mínu áliti ástæðulaust að kvarta undan því, og ég get því ekki skilið, að þessi hv. þm. hafi nokkra ástæðu til þess, og ég veit, að hann fylgdist eins vel með í þessu máli og hver annar. Þess vegna er það jafnframt með þriðja atriðið, sem var uppistaðan í ræðu hv. þm., að borgarstjórinn mætti ekki fara utan án þess að tilkynna það í bæjarráði, að þar er ólíku saman að jafna, því að ég veit ekki til, að borgarstjóri hafi tilkynnt neitt um utanför sína, ekki heldur bæjarstjóri, og ég hefi enga tilkynningu séð frá honum í blöðum um það, hvað hann ætlaði að gera, og því síður hefi ég heyrt það í útvarpi, en ef þetta væri sambærilegt, hefði hann átt að birta bæði í blöðum og útvarpi, í hvaða erindagerðum hann færi utan. Annars býst ég ekki við að koma með neina umkvörtun út af því, að hann skyldi ekki tilkynna neitt um erindi sitt. og mér dettur ekki í hug, að hann hafi þurft að gera það, þó að ýmsir séu þeirrar skoðunar, að það hefði verið viðkunnanlegra, án þess að ég ætli að leggja neinn dóm á það, hvort hann hefði átt að skýra frá því í bæjarráði, sem er yfir hann sett. Annars vil ég ekki draga það mál inn í þessar umræður og hefi ekki gert nema að því leyti, sem hv. þm. G.-K. gaf tilefni til.

Ég álít að ég hafi þá með þessum fáu orðum svarað þessum fyrirspurnum. Ég ætla, að það hafi komið nægilega greinilega fram fyrr og síðar nú í síðastl. 1½ ár, að það er ætlazt til, að málið gangi fram, og í öðru lagi, að málefnasamningurinn hefir verið birtur á þann hátt, að ekki er ástæða til að kvarta í því efni, meðan ekki er tekin upp sú venja, sem ég get vel fallizt á að væri rétt, að tilkynna hér á Alþingi stjórnarsamninga og ræða um þá í útvarp frammi fyrir alþjóð, en það er langt frá, að slíkt hafi tíðkazt hingað til, því að það hefir ekki einu sinni verið venja, að stjórnarflokkarnir hafi birt samning sinn fyrr en núv. stjórnarflokkar gerðu það 1934, heldur var það meira og minna á huldu og kom meira fram í afgreiðslu mála, svo að það hefir verið samið um málin eitt og eitt, en ekkert tilkynnt um slíkt. Þess vegna hefir orðið í þessu tilfelli fremur framför en hitt, síðan núv. stjórnarflokkar tóku við.

*__Ólafur Thors:__ Hæstv. forsrh. lét sem það hefði verið aðalefnið í fyrirspurnum mínum, að mér hefði komið á óvart að þetta mál kæmi fram, en í minni ræðu var ekkert, sem gaf tilefni til að álykta á þá leið. Hitt var aðalefnið, að óviðfelldið væri, að við alþm. yrðum dag frá degi að láta úthluta okkur í blöðum í smáskömmtum einstökum atriðum í stjórnarsamningunum, úr því búið er að gera þá, þegar þessu til viðbótar kemur það, að frásögnum í blöðum framsóknarmanna og blöðum sósíalista ber ekki einu sinni saman. Svo til viðbótar þessum beinu umsögnum blaðanna bætast þær upplýsingar, sem maður fær frá þm. flokkanna um þessa samninga, og þá skilst mér, að ekki liggi skýrt fyrir, hvað það raunverulega er. (__Forsrh.:__ Hvað er það, sem hv. þm. er í vafa um?). T. d. hvort eigi að gefa 150 eða 180 þús. kr. í einn togara eða tvo. Einn af framsóknarmönnum sagði, að það yrði kannske enginn, en Alþbl. sagði, að þeir væru tveir. Í blaði hæstv. forsrh. var ekki hægt að sjá, hvað það væri mikið, sem framsóknarmenn þyrftu að eyða til þess að kaupa vinfengi sósíalista, og það er ýmislegt fleira, sem bæði ég og aðrir eru í vafa um. Annars væri langbezt að fá þessa samninga skýrt fram hér í þinginu, og það hefir þó áunnizt með þessum fyrirspurnum mínum, að hæstv. forsh. hefir viðurkennt, að rétt væri að tilkynna samninginn og ræða opinberlega á Alþingi, heldur en að verða, eins og ég sagði, að snapa einstök atriði hans saman í blöðum, sérstaklega þegar blöðunum ber ekki saman, heldur segir eitt þetta og annað hitt. Hæstv. ráðh. sagði, að þessir samningar hefðu átt erindi til fleiri en þm. Þeir hefðu líka snert hagsmuni fólksins! Eins og það sé nú eitthvert aðalatriði fyrir hæstv. ráðh.

Ég vil leiða athygli hæstv. ráðh. að því, að það lá ekki heldur neitt fyrir síðasta þingi um, að þetta mál ætti greiðan gang í gegnum þingið. Hæstv. ráðh. segist hafa verið með því, en það segir ekkert um, hvort framsóknarmenn almennt hafa verið með því, eða jafnaðarmenn. Ég man ekki betur en að einn jafnaðarmaður a. m. k. lýsti sig tregan. Hitt er hressilegt að heyra af vörum hæstv. ráðh., að þar sem hann sé með því, skuli það ganga hér fram. Það er ánægjulegt fyrir hv. jafnaðarmenn í d. að heyra þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. En hvort jafnaðarmenn geta talað eins hressilega, er mikið vafamál. Það væri gaman fyrir okkur dm. að heyra hv. þm. N.-Ísf. standa upp og segja, að það, sem Alþfl. heimtaði fyrir kosningar, skuli verða.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það kom fram í svari hv. þm., að tilefnið til fyrirspurnar hans er ekki til, því að samningarnir hafa verið birtir í blöðunum og útvarpinu. Það er ekki nema þetta eina, sem hv. þm. er í vafa um, um togarana. Það stendur í frv., að kaupa eigi tilraunatogara, en þar sem orðið er eins í eintölu og fleirtölu í þessu sambandi, er ekki von, að hv. þm. geti leyst gátuna. En það fer eftir því, hvað mikið fjármagn verður fyrir hendi, hvort togararnir verða einn eða fleiri. Hitt ætla ég ekki að fara út í, hvort ástæða er til að kaupa togara, en hv. þm. getur ekki með réttu lagzt á móti slíkri tilraun.

Spurning hv. þm. um mjólkurmálið var ærið barnaleg. Það er vitað, að mjólkurmálið er eitt af þeim málum, sem Framsfl. hefir lagt mesta áherzlu á. Það er því undarlegt að spyrja, hvort flokkurinn ætli að víkja frá því. Ég ætla í þessu sambandi ekki að fara sérstaklega út í samninganna við jafnaðarmenn. Það er fullkomið réttlætismál fyrir bændur á Suðurlandsundirlendinu, að þeir hafi sama rétt og stéttarbræður þeirra aðrir. Ég vænti, að hv. þm. beiti sér ekki gegn frv., þegar hann fer að athuga, hvað liggur til grundvallar fyrir því.

*Flm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. þm. Ak. sagði, að hann hefði búizt við, að við tækjum upp í brtt. okkar við mjólkurl. eina brtt., sem hann hefði flutt. Í stað 3000 l. mundi vera hægt að fallast á 2600 l. Eins og kunnugt er, var 3000 l. hámarkið sett á sínum tíma, því að meðalársnyt hér var meiri en það, og ég hefi ekkert við það að athuga, að farið sé eftir meðalársnyt á hverju sölusvæði.

Það gladdi mig, að hv. þm. G.-K. sagðist mundu taka með mikilli varfærni öllum nýmælum, sem kæmu fram í þessu máli, því að ég veit ekki til, að hingað til hafi komið annað frá honum í málinu en fljótfærni og ofstopi. Hann hefir sannarlega aldrei verið varfærinn og því fagna ég þessum miklu sinnaskiptum, sem hann virðist nú hafa tekið. Hv. þm. benti á nokkur atriði, en hafði ekkert til síns máls. Hann sagði, að öðru máli væri að gegna um ísl. staðhætti en erlenda. Þetta er rétt, en ég vil benda hv. þm. á, að samkv. 1. gr. mjólkurl. takmarkast verðjöfnunarsvæði að jafnaði við það, að hægt sé að koma mjólkinni daglega á sölustaðinn. Samgöngur hafa batnað hér svo mjög á síðustu árum, að engin tormerki eru á, að hægt sé að framkvæma þetta. Hitt er annað mál, að það geta komið fyrir flutningateppur. T. d. var síðastl. vetur ekki hægt að flytja mjólk ofan úr Mosfellssveit, þó að engin vandkvæði væru á flutningnum austan yfir Hellisheiði. Það hefir líka komið fyrir, að ekki hefir verið hægt að flytja mjólk á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þó að það sé sjaldgæft. Þessi mótbára hv. þm. verður því lítils virði.

Önnur mótbára hv. þm. var sú, að bændur vestanfjalls hefðu stofnað búskap á dýrari grundvelli og þyrftu því hærra verð. Þetta er einkennileg kenning. Bændur, sem ráðast í dýrar framkvæmdir, eiga að fá hærra verð fyrir afurðirnar. Hvernig yrði verðið, ef ætti að miða við þetta? Samkv. þessari kenningu ætti t. d. að vera misjafnt verð á saltfiski eftir efnahag framleiðenda. Sér er nú hver vitleysan.

Þá sagði hv. þm., að ekki væri öruggt, að hægt væri að fullnægja mjólkurþörf Rvíkur á þennan hátt. En það hefir verið svo t. d. í haust, að aðeins hefir verið hægt að fá ⅔ af neyzlumjólk bæjarbúa í Rvíkurumdæmi. Alla aðra mjólk hefir orðið að sækja upp í Borgarfjörð og austur yfir fjall.

Það liggur í hlutarins eðli, að þeir, sem hafa aðeins neyzlumjólk til sölu, eiga mest á hættu. Það er hægt að benda á eitt þorp hér í nágrenni Reykjavíkur, Akranes, þar sem mjólkurl. eru ekki framkvæmd. Þar er verðið komið niður í 17—18 aura. Ég er viss um, að Rvíkurverðið væri komið miklu lengra niður, ef ekki væru mjólkurl. Ég er sannfærður um, að sú endurbót, sem ætluð er með þessu, er nær eingöngu fyrir þá, sem næst búa sölustað.

*Ólafur Thors: Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hér væri um að ræða fé til eins eða tveggja togara. Hæstv. ráðh. svaraði, að samkv. ísl. málvenju væri orðið togari í þessu sambandi eins í eintölu og fleirtölu, enda færi þetta eftir því, hvað mikið fé væri fyrir hendi. En í blaði hæstv. atvmrh. stendur, að samið hafi verið um 2 togara, alveg án tillits til getu ríkissjóðs. Þarna sést strax, að um þetta eina atriði er ágreiningur í skýrslum þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. Ég trúi betur því, sem hæstv. forsrh. segir, en því, sem einhver óvalinn maður segir í Alþýðublaðinu. En fólkinu er ætlað að trúa því, sem í Alþýðublaðinu stendur. — Togaraútgerð er enginn óreyndur atvinnurekstur hér, og það er allundarlegt, að ríkið vill styrkja þá, sem kaupa nýja togara, og taka með sköttum styrkinn af þeim, sem reka eldri togarana.

Hæstv. ráðh. fannst, að mér skildist, ósvífni að spyrja, hvort mjólkurl. væru með í samningunum. Hann hefði lýst yfir því, að hann væri þeim fylgjandi. 16. apríl síðastl. sagði hæstv. atvmrh., að Alþfl. heimtaði þjóðnýtingarfrv. Er það þá ósvífni að spyrja hvort þau mál, sem þingrofið varð út úr, séu í samningunum? Ég vil beina því til hæstv. forsrh., hvort einhver mál Framsfl. séu í samningunum?

Þá vil ég snúa mér að hv. 1. þm. Rang. Það er svo til ætlazt, að verðjöfnunarsvæðið tak-

markist við það, að hægt sé að flytja mjólkina daglega á sölustað. Þetta er orðalagið, en um skilninginn má deila. Ég er því ekki samþykkur, að samskonar öryggi gildi um flutninga úr Mosfellssveit, Kjós og jafnvel úr Hafnarfirði eins og austan yfir fjall. Það skal sannast, að það mun valda vandkvæðum, ef á að byggja alveg á flutningana austan heiðar. Þó að ef til vill geti komið fyrir, að flutningar teppist milli Hafnarfjarðar og Rvíkur, eru samt líkurnar mjög miklu meiri til þess, að flutningavandræði verði að austan, þar sem um fjallveg er að fara.

Við erum ekki komin suður undir Miðjarðarhafslínu, þótt við höfum sloppið skaðlaust hina síðustu vetur. Hv. þm. dró dár að því, sem ég sagði, að bændur vestanfjalls þyrftu hærra verð en bændur austanfjalls. Hv. þm. lætur sem hann hafi ekki skilning á þessu, en ég veit, að hann fæst aðeins ekki til að tala um þetta mál eins og hann hefir skilning til, og það er enginn vafi á því, að hann vissi við hvað ég átti. Honum er eins vel kunnugt um það eins og mér, að eftir því, sem Reykjavík hefir stækkað og þörf aukizt þar fyrir neyzlumjólk, þá hafa fleiri og fleiri bændur freistazt til þess að stækka búskap sinn eða byrja búskap á landi, sem ekki er vel til þess fallið almennt talað. Þetta hafa menn gert með hliðsjón af því að fá að njóta sérréttinda um sölu á markaðinum í Reykjavík. Ég skal ekki segja um, hvort þessir menn geta beinlínis talizt hafa heimtingu til að sitja fyrir um rétt til mjólkursölu í Reyjavík, en þeir hafa haft þann rétt fyrir augum, þegar þeir byrjuðu búskap sinn, og hið opinbera má ekki gera beinar ráðstafanir til þess að svipta þá þeim rétti. Það er engin goðgá, þótt ég, sem umboðsmaður þeirra bænda, sem búa við slík skilyrði, biðji um vernd löggjafans þeim til handa. Og það er enn þá minni goðgá, þótt ég fari fram á, að löggjafinn geri engar beinar ráðstafanir, sem geti aukið hættuna fyrir þessa bændur, eða sem orka tvímælis um, að ekki færi þeim aukna hættu. Hvað sem hver segir um þetta mál, verður það að viðurkennast, að ákvæði þessa frv. eru þannig vaxin, að það orkar tvímælis, svo að ég segi ekki meira, að þau auki ekki erfiðleika bænda hér í nágrenninu. Má vera að ég sé of einsýnn vegna umhugsunarinnar um afkomu minna umbjóðenda, en ég tel það ekki orka tvímælis, að frv. rýri afkomumöguleika þeirra. Ég hygg, að enginn geti gengið skemur en að viðurkenna, að það er undir hælinn lagt, hvort þeirra hagsmunum sé betur borgið með því að samþ. sé slíkt frv. án þess að gagnráðstafanir verði gerðar. Hv. þm. segir, að „mjólkurstríð" mundi koma harðast niður á þeim mönnum, sem ég er að bera fyrir brjóstinu. En ég fullyrði samt, að umbjóðendur mínir kjósa heldur að berjast innbyrðis um hagsmuni sína í þessu máli án afskipta löggjafans með frv. sem þessu, er hér liggur fyrir. Má vera, að einhver hluti bænda skaðaðist í bili af þeim bardaga, en trú mín er sú, að mínir umbjóðendur telji sér betur borgið þann veg en með þessu frv. Má vera, að löggjafinn telji sér skylt að afstýra því, að bændur leggi út í slíka baráttu og þá skerðingu hagsmuna þeirra, sem hún gæti haft í för með sér um einhvern tíma. En bændur þeir, sem eru mínir umbjóðendur, munu trúa því, að ef þeir mættu sjálfir semja við bændur austanfjalls, mundu þeir bera giftu til þess að ná hagkvæmari samningum en hægt er að ná með afskiptum löggjafans af þessu máli. Ég vek athygli á því, að þótt bændur vestanfjalls hafi stofnað til dýrs búrekstrar, með hliðsjón af því að geta notið markaðarins í Reykjavík, þá gefur það eitt út af fyrir sig þeim ekki rétt til að gera kröfur á hendur löggjafanum um, að gerðar séu beinar ráðstafanir til, að bændur í Gullbr.- og Kjósarsýslu hafi ekki betri aðstöðu en þeir til að berjast um Reykjavíkurmarkaðinn, en aðalatriði þessa frv. er það, að bændur á þessum sýslum eru sviptir sinni frjálsu aðstöðu til að berjast um hann.

Um það, sem hv. þm. sagði, að þessi verðmunur væri afarlítill, eða 3 aurar á lítra, sem yrði einar 70—80 kr. á kýrnyt, verð ég að segja, að ég hélt, að hann væri þessum málum svo kunnugur, að hann vissi, að meðalkýrnyt hefir lækkað mjög mikið síðustu ár, og í ár er talið, að hún muni ekki verða meiri en tvö þúsund lítrar; suma bændur hefi ég heyrt tala um 1600 lítra sem meðalnyt, sem orsakast bæði af því, að hey eru slæm frá sumrinu og svo af því, að skortur er á kraftfóðri. Sá aðstöðumunur, sem hann benti á, að væri vegna nábýlis við Reykjavík, er raunverulega ekki eins mikill og hann hélt fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í fleiri atriði í ræðu hv. þm. á þessu stigi málsins, enda mun gefast tækifæri til þess að ræða það síðar.

*Jón Pálmason: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, mjólkurmálið, er að mörgu leyti gamall kunningi hér á Alþingi; hér hafa áður staðið um það harðar deilur. Ég geri ráð fyrir, að svo geti og farið nú, og get ég sparað mér langar umr. Okkur er kunnugt um, að undanfarið hefir þetta verið baráttumál milli bænda vestan og austan Hellisheiðar, og hefir komið ljóst fram í þessari umr., að aðstaða þessa aðilja er óbreytt enn. Hér er gengið lengra en nokkru sinni fyrr í því að þurrka út aðstöðumun milli þeirra, sem næst búa sölustaðnum, og hinna, sem fjær búa. Samkv. þessu frv. er ætlazt til, að þurrkaður sé út sá aðstöðumunur að öllu öðru leyti en hvað flutningskostnaði viðkemur. Eins og hv. þm. G.-K. tók fram, hafa þeir, sem búa næst Reykjavík, byggt sinn búrekstur á því, að geta ávallt komið sinni mjólk á þann markað, sem hæst verð gefur, en ég skal ekki fara nánar út í það á þessu stigi málsins, hvort rétt er eða ekki að stíga það spor, sem hér er ætlazt til að stigið verði, en ég vildi fá að vita, hvar heilbrigt er að setja takmarkið, ef farið er inn á þá braut að jafna verði á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur, svo að þeir, sem utan þess svæðis búa, fái sömu réttindi. Ég leyfi mér að halda því fram, að ef fara á inn á þá braut, þá sé eins réttlátt að taka þar með alla Dalasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Strandasýslu, báðar Húnavatnssýslur, og jafnvel vafasamt, hvort ekki ætti líka að taka Skagafjarðarsýslu með. Um allar þessar sýslur er það að segja, að þaðan er hægt

að flytja daglega mjólk til Reykjavíkur yfir sumartímann, og er aðstaða þeirra að því leyti í engu frábrugðin aðstöðu sýslnanna vestan Hellisheiðar. Hitt er vitað, að það er engin möguleiki til að flytja mjólk daglega úr þessum héruðum á veturna, en sama má segja um héruðin austan heiðar; það er langt frá, að hægt sé að flytja mjólk þaðan daglega yfir veturinn. Þessi héruð, sem ég hefi nefnt, eru þannig stödd, að sá atvinnurekstur, sem þau undanfarið hafa lifað á, sauðfjárrækt, virðist vera að leggjast í rústir, og ekki verður hjá því komizt hin næstu ár að athuga, hvað hægt er að gera til þess að varna því, að þessi héruð falli í auðn. Að vísu liggur fyrir þessu þingi till. um að veita meira eða minna af opinberum styrk til þeirra héraða, sem lakast hafa farið út úr þeim vandræðum, sem Deildartunguveikin hefir leitt yfir landið, en það er ekkert framtíðarbjargráð að ætlast til, að hægt verði að halda uppi atvinnurekstri á stórum svæðum á landinu með ríkisframlögum, heldur verður að breyta atvinnulífinu. Þá er ástæða til að stíga stórt spor til þess að þurrka út aðstöðumuninn til að koma vörum á stærsta sölumarkað landsins.

Ég veit, að þetta mál muni koma til n., sem ég á sæti í, og fæ ég því tækifæri til þess að athuga það síðar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Hv. frsm. þessa máls hefir rakið mjólkurmálið svo, að ekki er tilefni til fyrir mig að segja nema nokkur orð til að svara því, sem kom fram í ræðu hv. þm. G.-K. um afstöðu þeirra, sem búa nálægt Reykjavík. Það má benda á, að eins og verið hefir undanfarið, þá hefir ekkert réttlæti ríkt í því, hvernig markaðinum hefir verið skipt. Það er ekkert nýtt, að þeir menn, sem hafa setið að markaðinum vestanfjalls, eigi erfiðara með að flytja mjólk sína á markaðinn í Reykjavík en þeir, sem búa austanfjalls, jafnvel þótt þeir eigi lengri leið að flytja hana, og er á því auðséð, að ekkert réttlæti hefir ríkt í þessum málum. Það er ekki af kostnaði við flutninga, sem þetta orsakast, heldur af því, að Mjólkurfèlag Reykjavíkur gat veitt önnur kjör en þeir vestanfjalls fengu. Ef bændur fengju þá aðstöðu, sem hv. þm. óskaði eftir, eins og hann orðaði það, til að berjast um markaðinn, þá myndu þeir, sem búa hér nálægt Reykjavík og hafa bezta aðstöðuna, fara verst út úr því, en bændur austanfjalls mundu fara bezt út úr þeirri baráttu. Hér í nágrenni Reykjavíkur er smákaupstaður, sem ekki heyrir undir mjólkurlögin, og þar er ástandið þannig, að verðið til bænda er ekki nema 16—17 aurar á lítra. Þannig er það þar, sem baráttan um markaðinn er frjáls, og ég þori að fullyrða, að ég er ekki oftar heimsóttur í stjórnarráðið af öðrum mönnum en bændunum, sem þarna búa, sem eru að biðja um, að mjólkurskipulagið verði látið ná til þeirra. Sama ætlar að verða á Akureyri og Siglufirði. Sama reynsla er líka erlendis. Þar sýnir það sig, að bændurnir, sem búa á dýrustu jörðunum nálægt kaupstöðunum, þeir fara verst út úr baráttunni. Þegar vegir að markaðinum opnast, svo að bændur geta komið með vörur sínar, þá verða þeir, sem búa næst bæjunum, verst úti í samkeppninni. Þetta skipulag er því ekki sízt fyrir þá, sem næst markaðinum búa, því samkv. þessum lögum hafa þeir betri kjör en hinir. Bændur í nágrenni Reykjavíkur fundu til þessa áður en mjólkurskipulagið kom á; þá stóðu þeir í sífelldum samningum sín á milli til að koma í veg fyrir það, sem hv. þm. G.-K. var að óska þeim til handa, þessa frjálsu baráttu.

Ég held, að menn ættu að geta sameinazt um það, sem reynslan hér heima og einnig erlendis sýnir, að nauðsynlegt er að taka upp slíkt skipulag, að sama verð verði greitt fyrir vöruna á sama sölumarkaði og hver beri það úr býtum, sem kostnaðurinn leyfir. Þetta er ekkert nýtt fyrirkomulag; það er það sama og haft er í Noregi, þar sem viðurkennt er, að þetta skipulag sé komið einna lengst. Hvað viðkemur því, að láta þetta skipulag ná allt norður í mitt kjördæmi, vil ég segja það, að ég mun ekki gera kröfu til, að það verði teygt svo langt norður. Sölumöguleikar takmarkast af því, hvað langt bændum tekst að flytja óskemmda mjólk langan veg á markaðinn. Sé ég ekki ástæðu til að eyða fleiri rökum þessu máli mínu til stuðnings. Það er búið að ræða þetta mál mikið, og væri æskilegt, að menn gætu orðið sammála um lausn þess.

Um hitt atriðið, sem hv. þm. G.-K. minntist á, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um. Ég tók eftir einu atriði, sem hann minntist á í sambandi við kaup á þessum 2 eða 3 togurum. Hann taldi, að það mundi fara eftir því, hvort fjármagn væri til í ríkissjóði, hvort þeir togarar yrðu keyptir eða ekki. Eins og skýrt er frá í frv., er gert ráð fyrir, að það fjármagn verði fyrir hendi í fiskimálasjóði. En ég hélt, að hv. þm. hefði tekið eftir því, að gert er ráð fyrir, að einstaklingar leggi fram 15—20% af kaupverði togaranna, svo það fer ekki síður eftir því, hvort það fjármagn verður fyrir hendi. Um hluta ríkissjóðs hefir verið séð með þeim fjáröflunarfrv., sem þegar liggja fyrir.

***Einar Olgeirsson:** Ég vildi í sambandi við þetta mál gera fyrirspurn til hv. flm. út af atriði, sem er mikið rætt um hér í Reykjavík í sambandi við mjólkurmálið; það er, hvort nokkur hætta væri á því, þótt þetta frv. yrði að lögum, að það kæmi til með að þýða hækkun á mjólkurverði til neytenda.

Það hefir verið svo um mjólkurlögin, eins og hv. flm. kom réttilega inn á, að þau hafa öll verið sett á kostnað neytenda. Það er vitað, að hefði frjáls samkeppni verið á þessu sviði, þá hefði mjólkurverðið verið lægra. Svo framarlega sem mjólkurverkfall hefði átt sér stað, þá hefði mjólkin fengizt ódýrari. Nú hefir vaknað ótti um það, sérstaklega í Reykjavík, að afleiðing þess, að frv. þetta yrði samþ., yrði hækkun á mjólkinni, og jafnvel hafa menn verið hræddir um, að stjórnarflokkarnir hafi samið um það sín á milli. Eftir því, sem ég get bezt gert mér hugmynd um, álít ég ekki, að svo sé, en ég held, að það væri hyggilegt að fá í sambandi við þessa umr. yfirlýsingu hv. flm. um, að það væri ekki tilgangurinn. Ég álít líka, að það mundi vera

óheppilegt bæði fyrir framleiðendur og kaupendur að hækka mjólkurverðið hér í Reykjavík. Það er þetta, sem ég vil fá fram, þótt ég hinsvegar gangi út frá því, að það sé ekki meiningin með frv. að hækka mjólkurverðið. En sé það ekki tilætlunin, hlýtur afleiðingin að verða sú, að lækka verður verðið til framleiðenda hér í kringum Rvík. Og þá kemur til greina að ráða fram úr því mikla vandamáli, hve landleiga er orðin há hér í kringum bæinn. Mjólkurframleiðendur hér innan lögsagnarumdæmisins búa á allt of dýrum jörðum, og stofnkostnað þeirra verður líka á einhvern hátt að skera niður, ef þessi mál eiga að leysast á viðunandi hátt. Ég vil gjarnan heyra álit flm. um það, hvort nokkuð sé hæft í því, að mjólkin eigi að hækka, ef frv. verður að lögum, og jafnframt, hvernig þeir ætli að bæta úr jarðaokrinu í og í kringum Reykjavík, sem fyrst og fremst er orsökin til örðugleika mjólkurframleiðenda þar og gerir þeim miklu erfiðara fyrir en ella að taka á sig þær réttlátu byrðar, sem af allsherjarverðjöfnun leiðir.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. þm. G.-K. hefir ýmist ekki komið nálægt málinu eða þá verið að afsaka, að hann væri á móti því. Það er að vísu engin furða, þótt hann klóri í bakkann og reyni að verja sérréttindi umbjóðenda sinna. Það er nú einu sinni svo, að menn vilja ógjarnan sleppa þeim sérréttindum, sem þeir hafa einu sinni hreppt. En framkoma hv. þm. G.-K. í þessu máli sýnir það öll ljóslega, hve erfitt og óverjandi það er að standa í gegn þessu máli. Persónulegar dylgjur hans um mig hafa engin áhrif önnur en þau, að undirstrika rökþrot hans, eins og þegar hann slær því fram alveg órökstuddu, að ég segi allt annað en ég meina. Yfirleitt sýndi öll framkoma hans, að þótt mótstaðan gegn málinu megi nú heita brotin á bak aftur, eru þó enn til óvandaðir menn, sem í lengstu lög reyna að verja illan málstað.

Hv. þm. sagði, að það væri trú manna, að mjólkurlögin, í þeirri mynd, sem þau nú væru, myndu falla niður. En hér er ekki verið að tala um nein trúmál. Hér talar reynslan sínu ótvíræða máli, og hér er að ræða um fjárhags- og hagsmunamál, en þó fyrst og fremst réttlætismál, sem enginn getur staðið á móti.

Hv. þm. vildi halda því fram, að hjá sínum umbjóðendum væri kýrnytin að meðaltali ekki nema 1600 lítrar á ári. Verður ekki annað séð, en að hv. þm. hafi hér borið fram þessa fjarstæðu umbjóðendum sínum, sem annars eru margir mestu myndarmenn, til óvirðingar. Með þessum hætti eiga kýr þeirra að mjólka 4—5 lítra á dag.

Hv. þm. A.-Húnv. segir, að hér sé gengið lengra í því en áður að gera upp á milli framleiðenda hér og lengra frá. Fyrst var í l. gert ráð fyrir fullri verðjöfnun. En þar sem mjólkurframleiðslan hefir næstum tvöfaldazt síðan lögin voru sett, varð það ljóst, að verðjöfnunargjaldið hafði verið ákveðið of lágt. Þetta er aðaltilefni frv. En um takmörk þau, er sett eru í þessum l., er það að segja, að vel má vera, að þeim verði breytt — og verður breytt eftir því sem henta þykir. Nú stendur svo á, að aðeins örsjaldan er hægt að flytja mjólk suður yfir Holtavörðuheiði að vetrarlagi. Hinsvegar hafa komið vetur eftir vetur án þess mjólkurflutningar yfir Hellisheiði eða úr Borgarnesi hafi stöðvazt. En ef þessi aðstaða breytist, verður l. auðvitað breytt.

Hv. 5. þm. Reykv. var að spyrja um það, hvort mjólkurhækkun myndi fylgja í kjölfar þessa frv., ef að lögum yrði. Ég vil ráðleggja honum sem svar við þessari spurningu að lesa frv. sjálft. Hvað mjólkurverðið snertir hefir það vitanlega ekkert að segja, hvort þetta frv. er samþ. eða ekki, því að slíkt er algerlega á valdi sérstakrar verðlagsnefndar. Annars er ég hissa á þessum hv. þm., að hann skuli nú vera að tala um mjólkurstríð, þar sem hann, eins og kunnugt er, tók þátt í slíku stríði með Íhaldinu 1935, sér og félögum sínum til lítils sóma.

Hv. þm. talaði um það, að óviturlegt væri að hækka mjólkurverðið. En hvernig er það þá með verkakaupið, sem hann berst stöðugt fyrir að verði hækkað? Bændur eru yfirleitt verr settir en þeir, sem hann og félagar hans eru sífellt að gera verkföll fyrir í kauphækkunarskyni. Þeir menn, sem tala eins og hv. þm. í garð bændastéttarinnar, sem hefir verið og er uppistaðan í íslenzku þjóðlífi, ættu ekki sífellt að vera með skefjalausar kröfur fyrir aðrar stéttir.

***Ólafur Thors:** Hæstv. ráðh. mun hafa misskilið mig algerlega. Orð mín féllu þannig,að ég sagði, að sumir bændur vildu heldur engin mjólkurl. en þessi. Ég gerði það ekki að mínum orðum. Ég hefi líka sýnt skoðanir mínar á þessum málum í verkinu, með því að bera fram fyrstur manna frv. til mjólkurlaga sama árið og hæstv. ráðh. var kosinn á þing. Hinsvegar hefi ég verið andvígur mjólkurlögunum eins og þau nú eru, af því að ég tel með þeim gengið á rétt umbjóðenda minna.

Ég veit ekki hvort ég á að taka það hátíðlega þegar hv. 1. þm. Rang. fer að þenja sig út af því með miður geðslegri helgislepju, að ég hafi sagt, að hann hefði meiri skynsemi en fram kæmi í ræðum hans. Hann um það, hvort honum þykir betra að búa undir því, að hann skorti skilning, heldur en að venjulegri kappgirni hans, sem að vísu oft getur orðið að rangsleitni, sé um framkomu hans að kenna. Allir vita, að kappgirni og ofsi þessa hv. þm., sem annars er vel mælandi við undir fjögur augu, leiðir hann oft í gönur, svo að hann vill alls ekki setja sig inn í málin. Mér þætti æskilegt að hann hefði fært einhver rök fyrir því, að þetta frv. væri réttlætismál, því að staðhæfingar hans einar nægja mér ekki, af þeim ástæðum, er ég hefi þegar tilkynnt. Það sýnir m. a., hve vandaður þessi hv. þm. er í málflutningi, að hann hélt því fram, að ég hefði sagt, til að gera sem mest úr volæði umbjóðenda minna, að meðalkýrnyt hjá þeim væri 3—4 lítrar á dag. Ég sagði, að hjá sumum bændum væri kýrnytin 2000 og allt niður í 1600 lítra nú. En með því að nota lítlu margföldunartöfluna, sést, að þótt lægri talan sé tekin, verður nytin þó co. 4,5 lítrar á dag. Þetta sýnir návæmnina og ráðvendnina í röksemda-

færslum þessa hv. þm. Öllum er kunnugt, að þessi dæmi eru til, og að orsakirnar eru fyrst og fremst vond hey og bann á innflutningi á erlendu kraftfóðri. Ég hefi margsýnt það og sannað með fullum rökum, að ástæða er til þess að bera kviðboga fyrir afkomu bænda hér vestanfjalls, ef þeim er ekki sýnd full sanngirni.

***Einar Olgeirsson:** Ég á bágt með að skilja það, hvers vegna hv. 1. þm. Rang. þurfti að rjúka upp með þeim ofstopa, sem hann gerði, þótt ég spyrði, hvort mjólkin myndi hækka samkv. samningum stjórnarflokkanna, ef frv. þetta yrði samþ. Ég fyrir mitt leyti býst nú ekki við, að sú verði raunin á, en þó reyndist ómögulegt að fá skýr svör við þessu. Hann svaraði yfirleitt engu öðru en því, að verðlagsnefnd ákvæði verðið. En hér er um það að ræða, að hækka mjólkurverðið til framleiðenda austanfjalls, en slíkt verður auðvitað ekki gert, nema á kostnað stórbændanna kringum Reykjavík, með lækkuðu mjólkurverði hjá þeim — eða með hækkuðu söluverði mjólkur til neytenda í Reykjavík og Hafnarfirði. Eina ráðið til að koma í veg fyrir slíkt, er að auka neyzluna hér að miklum mun. Ég taldi, að þessar ráðstafanir væru gerðar á kostnað neytenda, og vitnaði í því sambandi til hv. 1. þm. Rang., er hann sagði, að frjáls samkeppni hefði lækkað mjólkurverðið. Ég benti hinsvegar á þá lausn, að hafa mjólkurlög, en hækka verðið til bænda með því að auka neyzluna. Það er engu líkara en að hv. flm. finnist það einhver goðgá. (**SvbH:** Það er goðgá, að aldrei má hækka neitt nema kaup verkamanna). Það getur líka verið spursmál, hvort það er ekki það skynsamlegasta, sem hægt er að gera bændum í hag. — Við kommúnistar höfum stungið upp á því að skipuleggja samvinnu milli neytendanna í kaupstöðum og framleiðendanna í sveitum. Við skulum hugsa okkur t. d., að mjólkurverðlagsnefnd segði, að svo framarlega sem mjólkurneyzlan hér í Reykjavík færi upp í 6 millj. lítra á ári, þá lækkaði mjólkin. Mundi þá skapast keppni meðal neytendanna um að auka neyzluna, til þess að vinna að lækkuðu verði. Það liggur og í augum uppi, að það mundi borga sig að selja mjólkina 2—3 aurum ódýrara, svo framarlega sem neyzlan yrði þetta meiri. Hér er þess vegna alls ekki um það að ræða að ráðast á hagsmuni bænda, heldur hvernig hægt sé í einu að vernda hagsmuni tveggja aðilja, verkamanna og bænda. Ég sé þess vegna enga ástæðu fyrir hv. þm. að vera með æsingaræðu, þó að minnzt sé á það, að skynsamlegt geti verið fyrir bændur undir vissum kringumstæðum, að lækka mjólkurverðið. Ég held, að það sé fullmikið kapp í þessu máli, ef ekki má rannsaka, hvernig hægt væri að koma á samvinnu milli bænda og verkamanna. Það getur verið heppilegt fyrir bændur, að verkamenn hafi hærra kaup, því að þá geta þeir keypt meiri mjólk, en það er sú vara, sem þeir — illu heilli — einna tilfinnanlegast hafa orðið að neita sér um. — Ég álít því mjög óheppilegt að koma af stað æsingum í þetta mál milli verkamanna og bænda, því að þetta er það, sem þeir sameiginlega þurfa að leysa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 249 og 268).

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson):** Herra forseti! Landbn. hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill afgr. það óbreytt í öllum aðalatriðum, en gerir ráð fyrir að koma með brtt. um nokkur smærri atriði. Minni hl. taldi sig mótfallinn málinu, en kvaðst mundu bera fram brtt., þegar sýnt væri, hvort málið gengi í gegn, og hefir hann skilað sérstöku nál. Það er því ekki reynt til þrautar, hvort n. geti staðið saman um einhverjar brtt. Meiri hl. áleit rétt að afgr. málið óbreytt til 3. umr., til þess að flýta fyrir því, þar sem nú er áliðið þings og mjög stór mál eftir. Hann áleit, að ekki skipti máli, hvort brtt., sem fram yrðu bornar, kæmu fram við 2. eða 3. umr.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá felur þetta frv. í sér þá aðalbreyt. frá núgildandi l., að í stað þess, að nú gildir það, að verðjöfnunarsjóðsgjald er takmarkað við ákveðið hámark, að það sé ekki yfir 8%, þá verði nú samkv. þessu frv. gjaldið lagt þannig á, að ákveðinn verðmunur verði á neyzlumjólk bænda og viðurkenndra búa á nærliggjandi svæði og hinsvegar búa í fjarliggjandi sveitum og þessu verðjöfnunargjaldi varið til að bæta upp þá mjólk, sem fer til vinnslu í viðurkenndum búum. Verðmunurinn á mjólk í nærliggjandi og fjarliggjandi búum á að vera sem næst því, sem kostar að flytja mjólkina frá markaðsstað fram yfir það, sem kostar að flytja vöruna unna. M. ö. o. á að taka upp þá reglu, sem nokkuð hefir verið rædd í sambandi við þetta mál, að sama verði gildi fyrir samskonar vöru, komna á sama sölustað.

Ég vil ræða ofurlítið um þá mótspyrnu og umr., sem um þetta mál hafa orðið utan þings og innan. Sumir hafa haldið fram, að með þessu móti sé verið að ganga á rétt þeirra manna, sem nú njóta aðallega mjólkurmarkaðsins hér í Reykjavík og til skamms tíma hafa svo að segja einir haft sölu á neyzlumjólk. Því hefir verið haldið fram, að með setningu þessara l. og framkvæmd þeirra væri verið að ganga á rétt þessara manna.

Nú vil ég ekki neita því, að í mjólkursölunefnd hafa komið fram árekstrar milli þeirra manna, sem næst markaðnum eru, og þeirra, sem fjær honum búa. En þessi ágreiningur hefir ekki komið fram vegna þess, að mjólkurlögin voru sett, heldur var hann til áður og hlaut að koma fram fyrr eða síðar. Og ástæðan var sú, að skapazt hafði aðstaða til þess að flytja inn á markaðinn meiri mjólk en hægt var að selja sem neyzlumjólk, og þess vegna varð að vinna úr nokkrum hluta hennar. Og þá hlaut að koma fram sú spurning, hverjir ættu að fá

að selja mjólk sína sem neyzlumjólk og hverjir ættu að láta vinna úr sinni mjólk og búa þar með að því lakara verði, sem vinnslumjólkin gefur. En ástæðan til, að þessi aðstaða skapaðist, var sú, að á síðari árum hafa fengizt stórfelldar samgöngubætur á fjarlægum svæðum, bæði sem vegabætur og líka vegna þeirra nýju flutningatækja, sem þekktust ekki áður, sem sé bifreiðanna. Þessi mikla breyt. gerði mönnum kleift að flytja mjólk til markaðanna miklu lengri veg en áður, og ríkið hjálpaði bændum, sem bjuggu á fjarliggjandi stöðum, til þess að koma upp vinnslubúum, sem gerði enn kleifara að nota markaðinn. En hin bætta sala, hin bætta aðstaða gegnum mjólkursölunefnd, aukin ræktun, bættar engjar og tún gerðu það að verkum, að bændur hafa komið sér upp kúabúum, þar sem slíkt þekktist ekki áður.

Þetta er ástæðan til, að árekstur hlaut að myndast milli þeirra, sem áður höfðu markaðinn, og hinna nýju manna, sem voru að sækja inn á hann. Þessi hagsmunastreita var komin áður en mjólkurlögin voru sett og farið að framkvæma þau. Að vísu var þessi árekstur ekki orðinn mjög áberandi, því að harðvítug samkeppni um mjólkurmarkaðinn hlýtur ætíð að verða báðum aðiljum til stórtjóns. Þess vegna var um nokkurt skeið einskonar vopnaður friður, af því að menn sáu hilla undir skipulag, sem mundi bæta það ástand, sem komið var. En það er vitað, að ef þessi l. hefðu ekki komið þá bráðlega, hefði hlotið að koma harðvítugt stríð milli þessara aðilja, sem svo andstæðra hagsmuna höfðu að gæta, þeirra, sem höfðu markaðinn fyrir, og þeirra, sem voru að sækja inn á hann, og við höfum reynslu fyrir því frá síðustu árum, hvað slíkt stríð hefir í för með sér. Slíkt stríð átti sér stað milli mjólkurbús Mjólkurfélags Reykjavíkur og mjólkurbús Thor Jensens. Þessi tvö bú settu upp hverja búðina á fætur annari til þess að ná undir sig mjólkurmarkaðnum hér í bæ. Þannig voru stundum tvær búðir hvor við hliðina á annari eða hvor á móti annari í sömu götu, og kostnaðurinn hjá framleiðendunum við að halda uppi öllum þessum búðum var orðinn stórkostlegur. Þessi samkeppni var þess valdandi, að á stuttum tíma lækkaði útsöluverðið um 10 aura, af því að hver setti niður fyrir öðrum. Þessi saga hefði endurtekið sig í miklu stærri stíl en nokkru sinni áður, ef ekki hefði verið hafizt handa og komið á skipulagi, sem varnaði mjólkurstríði. En hefði það ekki verið gert, er sýnilegt, hvernig endirinn hefði orðið. Það hefði endað með fullkominni verðjöfnun milli þessara aðilja, en bara þannig, að mjólkin hefði farið neðst niður í það, sem framleiðendur hefðu séð sér hag í að selja hana móts við að vinna úr henni, eða m. ö. o., verðjöfnunin hefði farið langt niður fyrir það, sem hugsanlegt var, að framleiðendur stæðust við að selja hana. Nú komu mjólkursölulögin í veg fyrir þetta, en sumir hafa haldið því fram, að það hafi verið ógæfa, að l. komu svo snemma, því að ef samkeppnin, með því tjóni, sem henni hlaut að fylgja, hefði fengið að sýna sig til fulls, hefði l. verið tekið með miklu meiri ánægju en raun bar vitni um, af sumra hálfu að minnsta kosti.

Eins og ég hefi sýnt fram á, þá er aðstaðan orðin þannig hjá bændum, bæði uppi í Borgarfirði og eins austanfjalls, að ómögulegt er að halda þeim úti af markaðinum. Það er ekki hægt að vernda sérréttindi okkar, sem nær búum, nema með l. um, að þeir, sem næstir byggju markaðnum, skyldu einir hafa rétt til hans, en það væri fjarstæða, sem ekki þýðir að ræða um. Það næði vitanlega engri átt, að Alþingi færi að lögbjóða, að viss hluti bænda skyldi búa að bezta markaðnum, enda er alveg útilokað, að slík l. yrðu nokkurntíma samþ. á Alþingi. Þess vegna er ekki um annað að ræða en að setja mjólkursölulög og framkvæma þau á þeim grundvelli, sem aðstaða til mjólkursölu var búin að skapa þessum mönnum; þeir fengju svipaða íhlutun um mjólkursölu, en verkaskipting yrði viðhöfð þannig, að þeir, sem fjær byggju, skyldu vinna úr sinni mjólk, en þeir, sem nær byggju, annast söluna. En til þess að finna form fyrir þetta, verður að koma á verðjöfnunarsjóðsgjaldi, sem bætir þeim, sem vinnsluna annast, nokkuð upp það, sem þeir bera minna úr býtum fyrir sína vöru en þeir, sem framleiða sölumjólkina.

Því hefir verið haldið fram, og ég skal ekki bera á móti því, að þau rök hafa við sannleika að styðjast, að mjólkurframleiðendur í nærsveitum Reykjavíkur væru ekki það vel staddir, að þeir mættu við, að mjólk þeirra lækkaði frá því, sem hún er nú. Ég skal ekki bera á móti, að það sé rétt. En ég vil halda því fram, að það sé ekki aðalatriðið, því að alveg eins má segja með sanni um þá, sem í fjærsveitunum eru, að þeir séu ekki betur staðir en það, að þeir megi ekki við, að allt verðfallið komi niður á þeim, en þeir sem næst búa, fái að halda verðinu sömu og jöfnu. Það verður að taka tillit til hagsmuna beggja. Það væri hart búið að héruðum, sem nú byggja afkomu sína að miklu leyti á mjólkurframleiðslu, eins og Borgarfjarðar- og Mýrasýsla, ef þannig væri gengið frá mjólkurl., að öll afföll, sem stafa frá aukinni framleiðslu og vinnslu, lentu á búendum þar, en öðrum væri tryggt fullt verð. Því að þótt sýnt yrði fram á, að bændur, sem notið hafa mjólkurmarkaðar Reykjavíkur, þoli ekki mjólkurverðlækkun, þá má sýna fram á það engu síður, að hinir þola ekki verð, sem færi niður í 12 eða 11 aura.

Því hefir verið haldið fram, að mikill verðmunur sé á jörðum, er bændur í nágrenni Reykjavíkur hafa orðið að kaupa, og jörðum bænda í fjarlægari sveitum. Það er rétt, að jarðir í nærsveitum Reykjavíkur hafa verið dýrari en t. d. austanfjalls eða í Borgarfirði. En verðjöfnunin gengur svo langt, að þessi verðmunur er þurrkaður út. Frv. ákveður, að verðmunur á mjólk til bænda í nærsveitum og fjarsveitum skuli samsvara flutningskostnaði á nýmjólk. Segjum, að hann væri 3 aurar á lítra. Bóndi, sem ætti 10 kýr og fengi úr þeim 25000 lítra á ári, fengi þannig 750 kr. meira á ári í nærsveit en fjarsveit. En þetta er 15% af 15000 kr., eða ef verðmunur þessi væri reiknaður 4 aurar, þá

væri upphæðin 5% af 20000 kr. Eða m. ö. o., jörð nálægt Reykjavík með 10 kúm mætti vera 20 þús. kr. dýrari en jafngóð jörð fjær, að öðru jöfnu, án þess að eigandi hennar væri verr settur.

Ég sé ekki, hvernig hægt er að finna sanngjarnari grundvöll að l. um þetta efni en þann, sem lagður er með frv. Það er auðvitað eðlilegt, að hver aðili reyni að teygja sinn tota, og vitanlega mætti ég, sem einn framleiðandi á svæðinu hér umhverfis Reykjavík, óska að þeir væru almennt betur settir. En sem maður get ég ekki annað en viðurkennt, að þeir, sem fjær búa, hljóti að eiga sama rétt á sér og hinir. Og ég býst við því, að þótt bændum í fjarsveitunum verði veitt þessi réttindi, þá yrðu þeir yfirleitt ekki betur settir en bændur nærsveitanna. Um glímu bænda um markaðinn má segja það, sem haft er eftir meistara Jóni, að það sé svipað því að gaddhestar rífist um illt fóður. Þar er hvorugum gefin sérréttindi, sem þeir eiga ekki tilkall til samkv. okkar l. og landsvenju.

Ég mun geyma að bera fram brtt. mínar til 3. umr., og fer því ekki út í það að þessu sinni, hvaða breytingar ég teldi æskilegar.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Hér er nú ærið mikið skarð höggvið í þingsetu manna á bekkjum í Nd., og meðan hv. frsm. meiri hl. var að tala, söng svo hátt í tálknum manna hér, sem auðsjáanlega voru að ræða um önnur mál, þessu óviðkomandi, að ég átti erfitt með að heyra, hvað hv. frsm. meiri hl. sagði. Ég mælist til þess við hæstv. forseta að hann fari fram á, að menn sitji í sætum sínum, eða ef þeir geta það ekki, að þeir hafi þá svo hljótt, að við framsögumannsnefnurnar getum heyrt hvor til annars.

Í n. var nokkuð rætt um þessi mál, bæði um það, hverjar afleiðingar þessi lagasetning kynni að hafa á aðstöðumun framleiðenda, og eins hitt, hver ráð væru til þess, að þetta raskaði ekki svo mjög afkomu bænda, að þeir yrðu að hætta búskap sínum. Margir telja, að teflt sé í tvísýnu, a. m. k. í bili, afkomu manna, er búa nálægt Reykjavík, ef tilhögun þessa frv. kemst á. Telja margir, að líkur séu til, að þessir bændur fái ekki risið undir búskap sínum, að svo miklu leyti sem hann byggist á mjólkurframleiðslu. Ég hefi engan heyrt tala um þetta á annan veg en þann, að þessi hætta geti verið fyrir dyrum. Hv. frsm. meiri hl. hefir einmitt tekið einna fastast undir það, að þetta væri fyrirsjáanlegt. Hann tók að vísu ekki svo djúpt í árinni um þetta nú, en á síðasta þingi kvað hann mjög skýrt að orði. Í sambandi við gagnrýni, sem komið hafði frá hv. þm. G.-K. og öðrum, sagði hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„... og það er víst, að bændur í nágrenni Reykjavíkur þola ekki meiri lækkun á mjólkinni, ef þeir eiga að geta setið lengur við sín bú. Það er ekki hægt að bjarga þessum mönnum með því að skera meira af skuldum þeirra en búið er, en verði þeir fyrir skakkaföllum af þessu frv., þá mun ég þeita mér fyrir því, að ráðstafanir verði gerðar til að bjarga þeim".

Þetta er mjög skýrt til orða tekið, þar sem gert er ráð fyrir, að gera yrði sérstakar ráðstafanir til bjargar þessum mönnum, eftir að nýja mjólkursöluskipulagið væri komið á. Hv. frsm. meiri hl. heitir því fylgi sínu, að slíkar bjargarráðstafanir verði gerðar. En í þessu frv. er þó ekki gert ráð fyrir neinu slíku.

Nú má líta á það, án tillits til þess, hvort þetta skipulag er heppilegt eða ekki, að ef það yrði til þess, að þessir menn gæfust upp við búskap sinn, þá er þar um athugavert atriði að ræða, sem Alþingi getur ekki gengið fram hjá. Við vitum, hvílík vandræði eru fyrir dyrum á þeim svæðum, þar sem menn eru að missa bústofn sinn, þar sem fjárpestin geisar, og hve mikil nauðsyn er á því að létta svo hag þessara manna, að þeim voða verði afstýrt, að mikill hluti af byggðu bóli þessa lands leggist í auðn. Verður því þegar að gera sér grein fyrir, hverjar afleiðingar þetta skipulag muni hafa, og ef það reynist líklegt, að þær verði hinar sömu og hv. þm. Mýr. gerði ráð fyrir, þá verður helzt í sömu löggjöf að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þessar afleiðingar. Hitt ber svo að athuga, hvort heildarskipulag þetta hefir til að bera svo mikla kosti, að þeir nemi meiru en kostnaðinum við framkvæmd slíkra hjálparráðstafana. — Ég legg mikið upp úr áður tilgreindum ummælum hv. þm. Mýr., þar sem hann er búsettur á svæði því, sem hér um ræðir, og þekkir til þess og getur gert sér grein fyrir því, hver afkoma manna þar verður, ef mjólkurverð til þeirra lækkar. Í nál. minni hl. er að því vikið, að hann geti ekki fallizt á hugsun frv., nema þetta atriði sé tekið til greina og fyrirbyggð sú hætta, er ég hefi vikið að.

Við munum þess vegna, ef sýnt þykir, svo sem ég þykist renna grun í, að þetta frv. eigi fram að ganga á þessu þingi, sýna viðleitni á því að hafa sem bezta samvinnu við alla hv. þm., sem láta sig málið nokkru skipta, um að fá því framgengt, að sett verði í frv. ákvæði, er sporna við þessari hættu, auk þess sem frv. þarf nokkurra bóta að öðru leyti, þar sem frv. er mjög óskýrt orðað, enda margir hv. nm. talið orðalag þess þannig, að það stríddi beint gegn þeirri aðalhugsun, sem það átti að byggjast á, og hefir þetta verið viðurkennt af hv. frsm. meiri hl.

Til að rökstyðja það, sem ég hefi nú sagt, get ég drepið á tvö atriði. Í 1. málsgr. 1. gr. frv. er sagt, að í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbrh., skuli gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Hv. þm. Mýr. vildi skýra þetta svo, að þótt með þessu sé skýlaust ákveðið, að taka skuli verðjöfnunargjald af allri neyzlumjólk og rjóma, þá nái það aðeins til þeirrar mjólkur og rjóma, er selt sé hér í Reykjavík og Hafnarfirði. En allir sjá, að orðalag frv. getur ekki samrímzt þeirri hugsun, svo að það verður að orða skýrar, hvaða mjólkurbú það eru, sem þetta á að taka til. Eins er um 3. málsgr. 1. gr. frv. Þar stendur, að tekjuafgangur

mjólkurbús eða mjólkursamsölu á sölusvæði skuli renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafi farið fram og aðrar greiðslur, er stj. telja nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins. Hér vildi hv. þm. leggja þann skilning í, að það væri aðeins tekjuafgangur samsölunnar í Reykjavík, er þetta tæki til, en það næði ekki til mjólkurbúanna. Fleira er óljóst í þessu frv., t. d. um tilhögun þá, sem lagt er til, að höfð sé á rekstri mjólkurbúanna, og um grundvöllinn undir verðjöfnun einstakra mjólkurbúa. Þó hirði ég ekki að fara frekar út í það nú.

Ég vil minnast hér á enn eitt atriði, sem virðist þó ekki hægt að heimfæra undir það, að hægt sé að villast á því eða það sé óskýrt orðað, atriði, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á og talaði um að þyrfti breytinga við; það er viðvíkjandi síðasta málsl. 1. gr., þar sem á að tryggja framleiðendum 1 eyris gjald umfram aðra fyrir lágmarksmjólkurmagn, sem þeir leggja inn í samsöluna, ætla ég að sé. En samkv. orðalagi þessa málsl., þá á þetta ekki að ná til annara en þeirra, sem hafa mjólkurframleiðslu innan takmarkaðra svæða í námunda við kaupstaði, og þá sérstaklega Reykjavík og Hafnarfjörð, en e. t. v. ætlazt til, að þetta verði fært út á víðara svið síðar, þannig að það nái til allra kaupstaða og kauptúna. Þar að auki er þess að gæta, að höfuðtilgangi þessara ákvæða, sem er að tryggja markað lágmarksmjólkurmagns, er engan veginn náð með því að takmarka þetta eingöngu við mjólkurframleiðslu kaupstaðanna, því hún er svo lítill og óverulegur hluti af því mjólkurmagni, sem þarf til þess að fullnægja þörfinni í kaupstöðum landsins. Þetta ákvæði tryggir því alls ekki það, sem virðist að réttmætt væri að tryggja, og þetta er ekkert annað en uppbót á þá mjólk, sem framleidd er á kaupstaðarlóð, og sú uppbót er tekin af því verði, sem mjólkurframleiðendur annarsstaðar ættu að réttu lagi að fá. Það er því hin mesta nauðsyn á að endurskoða þetta ákvæði og færa það svo út, að það nái til þeirra svæða, sem hafa aðstöðu til þess undir vissum kringumstæðum að flytja mjólk á markaðinn í kaupstöðunum og er mikils um vert að geti sem bezt fullnægt nauðsyninni á því, að sjá kaupstöðunum fyrir nægilegu mjólkurmagni. Það er þetta, sem við minni hl. n. höfum viljað vinna að, eftir að við vorum búnir að sjá, að þetta frv., eða svipaðar till. og í því felast, eiga fram að ganga hér á þinginu. Og við höfum óskað eftir sem beztu samkomulagi um þetta, fyrst og fremst við okkar samnm. og svo milli hv. þdm., og að sýnd sé viðleitni til þess að afstýra þeirri hættu, sem virðist geta vofað yfir þeim mönnum, sem búa í námunda við aðalmjólkursölustaðina, vegna verðbreytingar, sem hér verður. Í öðru lagi óskum við eftir því, að orðalag þessa nýja frv. verði alveg skýrt og ótvírætt, svo að það geti ekki valdið neinum ágreiningi, þegar kemur til framkvæmdanna. Og í þriðja lagi teljum við, að alltaf verði mjög áfátt við þessa löggjöf, hversu skert var áhrifavald framleiðendanna sjálfra um alla framkvæmd þessarar löggjafar. Hún var reist á þeim grundvelli og allur undirbúningur hennar var gerður á þeim grundvelli þrátt fyrir afskipti ríkisvaldsins af þessari löggjöf, að framkvæmdin yrði sem mest í höndum framleiðendanna sjálfra. Og þetta er í fullu samræmi við þá tilhögun, sem nágrannaþjóðir okkar, Norðmenn og Svíar, sem komið hafa á hjá sér svipaðri löggjöf um sölu mjólkur og rjóma, hafa á þessum málum, og kom það skýrt fram hjá hv. 1. flm. þessa frv. við 1. umr.

Ég sagði, að allur undirbúningur undir þessa löggjöf hefði verið byggður upp úr þessari hugsun, því það var aðeins til bráðabirgða, að önnur tilhögun átti að vera á stjórn þessara mála, og það bráðabirgðaákvæði, sem sett var inn í l., átti ekki að gilda lengur en 6 mán. tíma. Þótti rétt að hafa þessa heimild í l., en hinsvegar var alls ekki gert ráð fyrir því, að þessi bráðabirgðaákvæði yrðu notuð lengur en þennan tiltekna tíma, þó hitt hafi orðið ofan á, að öll framkvæmd l. hefir byggzt á þessu bráðabirgðaákvæði, og þannig hefir verið gengið framhjá því, sem ætlazt var til hvað þetta snertir við afgreiðslu þessarar löggjafar hér á þingi. Ég ætla, að það megi með fullum sanni segja, að þeir árekstrar, sem hafa orðið við framkvæmd þessara l., eigi rót sína að rekja til þess, að tilhöguninni um framkvæmd þessa máls hefir verið haldið á þessum grundvelli, í stað þess að fara þá leið, sem upphaflega var ætlazt til að farin yrði, að láta framleiðendurna sjálfa hafa hana sem mest á sinni hendi.

Hitt er annað mál, að þegar um það er að ræða nú, að gera breyt. á þessari tilhögun, þýðir ekki að fara langt út í það, hvernig framkvæmdin hefir orðið á þessum málum, eða taka upp deilur um það, en þó er sjálfsagt við hina nýju endurskoðun að hafa hliðsjón af því og reyna að sneiða framhjá þeim agnúum, sem hafa orðið til þess, að um þetta hefir staðið meiri styr en annars hefði þurft að vera. Og hvernig sem litið er á einstök atriði þessa máls, þá eru vitaskuld allir á eitt sáttir um það, að æskilegast sé, að sem bezt samkomulag geti orðið um framkvæmd þessarar löggjafar, að því er snertir að tryggja hag framleiðendanna, og stærsta atriðið í því er það, að geta verið í góðum friði og sátt um allan framgang þessa máls við neytendur þessarar vöru. Við minni hl. n. viljum þess vegna óska og vona, að við getum átt gott samstarf, fyrst og fremst við meðnm. okkar og svo aðra hv. þdm., sem láta sig þetta mál nokkru skipta, um það, að taka þetta til athugunar og fá á því þá lausn, sem yrði heppilegust fyrir rekstur og framkvæmd alls þessa máls. Þetta biður nú allt 3. umr., og ég get lofað því f. h. okkar minni hl., að við munum gera það, sem við getum í þessu efni, þótt við vitanlega getum ekki fellt okkur við aðra úrlausn en þá, sem við teljum til bóta og allir aðiljar geta unað sæmilega við.

Hv. þm. Mýr. talaði hér um það, að það væri nokkuð mikið úr því gert í umr. manna á meðal, og þá ekki sízt af þeim, sem hér ættu hlut að máli (þeim, sem búa í námunda við Reykjavík), hvað hlutur þeirra yrði miklu verri, eftir að þessi tilhögun væri komin á, heldur en undir því fyrirkomulagi, sem þeir nú búa við.

Í þessu sambandi minntist hv. þm. á, að það væri allmikill kostnaður við að flytja afurðirnar frá þeim mjólkurbúum, sem eru í nokkurri fjarlægð frá aðalsölustaðnum, Rvík, og þessi kostnaður legðist á þá, sem fjær búa. En í skjóli þess, að þeir, sem í námunda við Rvík búa, þyrftu ekki að taka á sig neinn slíkan kostnað, þá nytu þeir hlunninda, sem hann var með nokkurn útreikning um, hversu mikils virði væru fyrir þá, og færði það út á þeirra búskaparsvið, þó að hann hlypi yfir atriði, sem skiptir allmiklu fyrir þá, sem búa í námunda við Rvík. Ég vil aðeins benda á það, að þegar hv. þm. Mýr., frsm. meiri hl., hélt sína ræðu hér á Alþingi í fyrra, horfði þetta mál eins við og nú hvað þetta snertir, og þó gerði hann ráð fyrir þeim alvarlegu afleiðingum, sem af þessu hlytist fyrir þá menn, sem búa hér í nágrenni Reykjavíkur, og hann var að bjóða liðveizlu sína til þess að greiða fram úr þessum vandræðum með sérstökum ráðstöfunum. En nú gekk hann framhjá þeim aðstöðumun, sem hér kemur til greina, sem er það, hvað ræktun hér í kringum Rvík er miklu erfiðari og dýrari en sumstaðar annarsstaðar, og þar af leiðandi heyöflun líka. Þennan aðstöðumun, sem er hjá þeim, sem búa nálægt Rvík, og hinum, sem fjær búa, t. d. fyrir austan fjall, undirstrikaði hv. þm. rækilega í ræðu sinni á þinginu í fyrra, þegar hann var að deila á hv. 1. þm. Árn. fyrir ummæli, sem hann lét falla og þar sem hann vildi gera lítið úr þessu atriði.

Annað atriði, sem hv. þm. Mýr. gekk líka framhjá nú, en kom inn á í ræðu sinni í fyrra, þegar hann var að verja sig og sína sveit, er viðvíkjandi þeitinni. Hann deildi þá við hv. 1. þm. Árn. um það, hvað hagarnir væru lélegir hér í kringum Rvík yfir sumarið, og þegar kýrnar gætu á öðrum stöðum skilað fullri nyt af því fóðri, sem þær sæktu í hagann, þá væri svo ástatt hér víða, að það yrði að gefa þeim kjarnfóður, til þess að þær skiluðu sæmilegum arði yfir sumarið. — Þessi tvö atriði vantaði í þann útreikning, sem hv. þm. Mýr. var að gera, og ég veit, að þessi atriði eru nokkuð þung á metunum, þegar á að bera þetta hvorttveggja saman. Hitt er mál út af fyrir sig, hvort það sé réttlætingarvert að láta þá, sem búa í námunda við Rvík, njóta þess aðstöðumunar í betra verðlagi, þó að skilyrðin séu þar erfiðari til mjólkurframleiðslu. Og mér finnst að það eitt réttlæti þetta, að þessir menn eru það nærri mjólkurmarkaðinum, að þeir geta veitt tryggingu fyrir því, að hægt sé að fullnægja þessum markaði á hverjum tíma, eftir því sem ræktun og mjólkurframleiðslumöguleikar tilláta; það sé þessi aðstaða, sem réttlæti það, að þeir njóti hærra verðs en hinir, sem fjær búa og geta ekki nema á sumum tímum fullnægt þörfinni fyrir mjólk í kaupstöðunum. Það er þessi aðstöðumunur, sem hefir skapað allt verðgildi fasteigna og hefir þótt rétt að byggja á og byggt hefir verið á lögum samkvæmt, sem staðfest hafa verið af stjórnarráði og Alþ. Það er þessi aðstöðumunur, sem lagður er til grundvallar þessu verðmætamati, og hvort það sé rétt eða rétt ekki að viðurkenna það, þegar um er að ræða mál eins og þetta mjólkurmál og hvað sanngjarnt sé, að hver um sig beri úr býtum fyrir þá mjólk, sem hann sendir á markaðinn; það er atriði, sem er fullkomlega vert þess, að það sé tekið til athugunar. Það er hreint og beint þjóðfélagsmál, og röskun á þessu þjóðfélagsmáli er líka atriði, sem þarf að athuga gaumgæfilega við setningu löggjafar í sambandi við þá löglegu staðfestingu, sem fyrir liggur í fasteignamatinu.

Það er svo ekki fleira, sem ég hefi um þetta að segja að svo stöddu, og sennilega ekki við þessa umr. Og þar sem engar brtt. liggja hér fyrir, þá skilst mér, að frekari umr. um þetta mál geti beðið þess, að þær komi fram, þegar það er búið að sýna sig við atkvgr. hér í d., að þetta frv. eða sú hugsun, sem það er byggt á, eigi að lögleiðast á þessu þingi, og út frá því mun aðstaða okkar minni hl. til brtt. verða, svo sem ég hefi drepið á.

*__Emil Jónsson:__ Ég verð að hafa nokkurn veginn sama formála fyrir mínum fáu orðum og hv. þm. Mýr., að ég mun ekki að þessu sinni geta komið inn á einstakar gr. frv., heldur tala almennt um það, því það hefir orðið að samkomulagi að láta málið ganga áfram við þessa umr., en brtt. komi fram við 3. umr. En ég áleit sjálfsagt að láta ekki málið ganga svo framhjá þessari umr., að ég gerði ekki grein fyrir afstöðu minni og Alþfl.

Um afstöðu Alþfl. áður til þessa máls er vitað, og ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Við höfum tekið á okkur að nokkru leyti ábyrgðina á því að koma þessum l. á, og við höfum bjargað þeim, þegar þau voru sem hættast komin fyrir árásum andstæðinganna, þannig að við eigum í þeim mikinn þátt. Og ástæðan fyrir því, að við vildum styðja þau var í fyrsta lagi sú, að við töldum að með því mundi fást veruleg lækkun á dreifingarkostnaðinum, í öðru lagi jöfnun á útborgunarverði til framleiðenda, og í þriðja lagi auknir hollustuhættir fyrir þessa framleiðslu. Af þessum ástæðum öllum fylgdum við l. í upphafi og stóðum að því að bjarga þeim, þegar þau voru í hættu. En við vorum í nokkrum vafa á síðasta þingi, hvort það bæri að fylgja fram, eins og á stóð, þeim breyt., sem þá voru bornar fram við l. og nú eru bornar fram á ný. Ástæðurnar fyrir því, að við vorum í nokkrum vafa um það, hvort við vildum fylgja þessum breyt., voru þær, að við töldum þær í sumum greinum ganga svo langt, að e. t. v. væri þessu skipulagi, sem fengizt hafði góð reynsla fyrir, stefnt í voða, ef þær yrðu að l. Við töldum því tryggara að ganga ekki inn á þessar breyt.

Í öðru lagi töldum við, að með þessari lagasetningu, sem hér var farið fram á, væri ekki náð þeim höfuðtilgangi, sem ætti að stefna að í þessum málum, en það væri að auka mjólkurneyzluna, því þar, sem skórinn kreppir helzt og mest að, er það af því, að mjólkurframleiðslan hefir á síðustu árum aukizt svo mikið, að neyzlumjólkurmarkaðurinn hefir ekki getað torgað þeirri framleiðslu allri, heldur hefir svo og svo mikið af mjólk orðið að fara til vinnslu og mestur hluti vörunnar farið til útlanda fyrir lágt verð. Til þess að jafna verðmuninn á útflutningsvörunni og neyzlumjólkinni hefir svo

meginhuti verðjöfnunargjaldsins farið. Og eftir því sem stærri hlutur verður notaður á þennan hátt, verður munurinn meiri, og þar með þarfirnar fyrir útjöfnuð, en mundi vera, ef neyzlumjólkurmarkaðurinn gæti stækkað. Fyrir okkur Alþflm. vakti því að gera ráðstafanir til þess að fá neyzlu mjólkur eitthvað aukna. Till. okkar voru því, í samræmi við þetta álit okkar, þær, að gera ráðstafanir til þess að skapa ýmist nýja markaði innanlands fyrir mjólk, og í öðru lagi að gera ráðstafanir til þess, að neyzlumjólkurmarkaðurinn gæti aukizt. Till. okkar um að skapa nýjan markað innanlands komu fram í frv., sem ég flutti um heimild fyrir ríkisstj. til að fyrirskipa þurrmjólkurblöndun í brauð, og það er nú flutt á ný á þessu þingi af mér og hv. 1. þm. Rang. Með þessu frv., ef að l. verður, er tryggður allverulegur nýr markaður fyrir mjólk og mjólkurafurðir, þar sem til blöndunar í brauð þarf allmikla mjólk. Sömuleiðis til iðnaðarþarfa mætti nota mjólkurduft, sem nú er keypt frá útlöndum.

Ef nú, eins og ég segi, þetta frv. verður að l., sem líkur eru til og von um, þar sem landbn. hefir óskipt lagt til, að frv. verði samþ., tel ég, að með þeirri ráðstöfun sé stigið stórt spor við að skapa nýjan markað og verulegan fyrir mjólk.

Það hefir komið fyrir, og nú í haust síðast og oft áður, að það hafi ekki fengizt nægilegt smjör frá mjólkurbúum landsins. Smjörframleiðslan hefir ekki getað verið meiri en svo, að það hefir ekki verið hægt að uppfylla þær lágmarkskröfur, sem hafa verið um íblöndun smjörs í smjörlíki, þannig, að ef hægt væri að fá markað fyrir undanrennu, til að búa til þurrmjólk úr, mætti nota mikið af mjólk til að auka smjörframleiðsluna. Ég lít þess vegna svo á, að með þeirri ráðstöfun, sem gerð er í frv. um stofnun þurrmjólkurvinnslustöðvar í sambandi við aukningu smjörframleiðslunnar, ætti að vera hægt að losna við mjólkurvöruútflutninginn að tilsvarandi leyti, en það er hann, sem gleypt hefir mestan hluta verðjöfnunargjaldsins.

Um hitt atriðið, að auka neyzlumjólkurmarkaðinn með því að lækka verðið á mjólkinni, hefir ekki náðst samkomulag við Framsfl. Þeir telja sig ekki geta gert það. Við höldum aftur á móti hinu fram, að væri verðið að einhverju verulegu leyti lækkað á mjólk, þannig að almenningi væri gert kleift að kaupa meira en nú, mundi neyzlan aukast til muna frá því, sem nú er, og þannig myndi meira mjólkurmagn komast í hærri verðflokk en nú.

Það er langt frá því, að okkar mjólkurneyzla sé komin upp í það lágmarksmagn, með tilliti til þess að hægt sé að segja, að almenningur hafi nægilega mjólk, borið saman við önnur lönd. Mér hefir verið sagt, að á Norðurlöndum væri mjólkurneyzlan 50% meiri en hér. Ég sé, að hv. 1. þm. Rang. hristir höfuðið yfir þessu. En ég skal skýra þetta nánar. Það má vel vera, að honum komi þetta ókunnuglega fyrir. En ég hefi það eftir sænskum hagfræðingi, að mjólkurneyzlan á hvern Íslending sé 50% minni en annarsstaðar á Norðurlöndum. Bezta lausnin til þess að bæta úr þeirri mjólkuroframleiðslu, sem orðin er hér hjá okkur, er því sú fyrst og fremst, að auka mjólkurneyzluna í landinu sjálfu, og í öðru lagi þarf að afla mjólkurafurðunum nýrra markaða erlendis.

Höfuðatriði frv. þessa er það, að verðjöfnunargjaldið á samkv. því að vera breytilegt og ótakmarkað. Því verður ekki neitað, að það liggur nokkur hætta í því að hafa gjaldið ótakmarkað, þar sem þá ríður svo mjög á því, hvernig framkvæmdirnar verða. Eins og drepið hefir verið á, þá þarf meira verðjöfnunargjald til þess að bæta upp þær vörur, sem seldar eru á erlendum markaði en innlendum. Hér verður framkvæmd afurðasölunnar það meginatriði, sem allt veltur á. Um það, hversu verðjöfnunargjaldið kemur til með að verða, liggja engir útreikningar fyrir, en búast má við, að hækkunin geti orðið allt að 3—4 aurar á hvern lítra.

Hvað snertir afstöðu okkar jafnaðarmanna til þessa máls, þá eigum við hægara með að fylgja þessu frv. en frv. því til breyt. á mjólkurlögunum, sem borið var fram í fyrra, því að nú hefir verið gengið inn á þau atriði í sambandi við þetta mál, sem draga úr þeirri hættu, að verðjöfnunargjaldið hækki eins mikið og það óneitanlega hefði gert samkv. frv. í fyrra.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða einstök atriði frv. En ég býst við, að við 3. umr. komi fram eitthvað af brtt., og mun þá eflaust gefast tækifæri til þess að ræða frv. frekar.

Að endingu vil ég svo undirstrika það, að skipulag mjólkursölunnar hefir án efa orðið til ávinnings fyrir alla aðilja. A. m. k. hafa bændur fengið meira fyrir framleiðslu sína en þeir hefðu fengið annars. Það verður því að leggja höfuðáherzluna á, að á engu sviði sé gengið svo langt, að skipulaginu sjálfu geti staðið hætta af; m. a. verður að gæta þess, að verðjöfnunargjaldið verði ekki sett svo hátt, að það geti dregið úr neyzlu mjólkurinnar. Og að síðustu vil ég segja þetta, að ég tel mig ekki bundinn við að fylgja frv., ef ég sé, að vegna ákvæða þess sé skipulaginu hætta búin.

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson):** Hv. frsm. minni hl. fór að minnast á nokkur ummæli, sem hann taldi sig hafa eftir mér frá síðasta þingi. M. a. taldi hann mig hafa sagt, að bændur hér í nágrenni Reykjavíkur þyldu ekki meiri lækkun á mjólkurverðinu en þegar væri orðin. Ég minnist nú alls ekki að hafa sagt þetta, sem hv. þm. telur sig hafa eftir mér. Hitt mun ég hafa sagt, að ef mjólkurlögin hefðu ekki verið sett, þá væru bændur hér verr settir en þeir þó eru nú, því að þá hefði óhjákvæmilega orðið stríð um mjólkurmarkaðinn, sem bændur hér vestan heiðar myndu vart hafa þolað.

Annars má hv. frsm. minnihl. vita það, að erfiðleikar bænda hér umhverfis stafa ekki af mjólkurl. heldur miklu frekar af því, að það hefir verið falskt mat á flestum jarðeignum hér umhverfis, sem mjólk hefir verið framleidd á. Jarðirnar hafa verið allt of hátt metnar, sem aftur hefir leitt af sér margskonar kostnað fyrir bændurna, og m. a. hefir verið lánað allt of

mikið út á þær, sem miðað hefir verið við það, að mjólkursalan væri svo mikils virði. Þetta rangláta mat var einu sinni ekki leiðrétt við framkvæmd kreppulánasjóðslaganna, en þá var lánað of mikið út á jarðirnar, því að þær voru taldar svo mikils virði vegna mjólkursölunnar. Ég tel það siðferðislega skyldu að gera eitthvað fyrir þessa bændur, sem hafa orðið svona hart úti, þó að það sé ekki vegna mjólkurlaganna, því að það er öldungis víst, að ef við bændur hér vestan heiðar hefðum orðið að taka upp harðvítuga baráttu um mjólkursöluna við bændur austursveitanna, þá hefði útkoman orðið miklu verri heldur en hún hefir þó orðið með mjókurlögunum.

Vegna þeirra krafna, sem komið hafa fram um það, að skapa bændum hér vestan heiðar, í nágrenni Reykjavíkur, sérstöðu, þá vil ég benda á, að þeir hafa samkv. frv. sérréttindi, þar sem það er tryggt, að mjólk þeirra getur ekki fallið nema að vissu marki, í stað þess, sem mjólk þeirra, sem selja til vinnslubúanna, getur fallið því nær ótakmarkað. Ég vil nú spyrja hv. þm. Borgf., hvaða ráðstafanir eigi að gera til þess að bjarga þeim mönnum, sem þannig eru settir, að mjólk þeirra getur fallið niður í 7—8 aura. Og hann verður að gæta þess, hv. þm., að það eru fleiri en bændurnir, sem búa hér í grennd við Reykjavík, sem hafa mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við mjólkursölumálið. Hann ætti og að athuga það, hv. þm., að það eru alltaf að verða fleiri og fleiri bændur í hinum fjarlægari héruðum, sem byggja alla sína afkomu á mjólkursölu, bændur, sem eru búnir að missa fjárstofn sinn af völdum fjárpestarinnar.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði gengið framhjá ýmsum atriðum, sem gerðu búskapinn erfiðan hér í nærsveitunum, en ég hefði þó nefnt í fyrra. Þetta er bara út í loftið hjá hv. þm., sem hlýtur að stafa af því, að hann hafi ekki heyrt til mín.

***Sveinbjörn Högnason:** Ef litið er á þann ágreining, sem hefir verið um þetta mál, þá væri til ofmikils ætlazt af minni hl. landbn., þeim hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv, að þeir fari að brjóta í bága við þá stefnu, sem þeirra flokkur hefir tekið í málinu að undanförnu með miklu offorsi, þó að auðséð sé á nál., að þeir séu farnir að linast í sókninni, enda held ég, að mér sé óhætt að segja, að þeir séu að hálfu leyti með frv., þó að hv. þm. Borgf. hafi talað á þennan hátt fyrir brtt. og nál. minni hl.

Hv. þm. Borgf. talaði um það í sinni framsögu, og eins er það sagt í nál. minni hl., að ef frv. ætti að ná fram að ganga, þyrfti að gera ýmsar breyt. á því. Ég get vel fallizt á, að þetta frv. sé ekki svo mjög aðgengilegt fyrir þá, sem ekki hafa kynnt sér málið til hlítar, vegna þess að l. um þetta efni eru mjög flókin, og verður að hafa allmikið svigrúm við slíka lagasetningu fyrir framkvæmdina í einstökum tilfellum, þar sem ekki er hægt að setja ákvæði, sem ná yfir öll einstök atriði.

Hv. frsm. minni hl., þm. Borgf., benti á nokkur atriði, sem hann vildi fá skýrara fram tekin í l., og getur sumt af því haft eitthvað til síns máls, en þó ekki nærri því allt.

Hv. þm. benti fyrst á, að í 1. gr. væri talað um, að verðjöfnunarsjóðsgjald væri lagt á alla neyzlumjólk frá mjólkurbúum, félögum, eða einstökum mönnum. Hv. þm. sagði, að ekki væri nógu skýrt, til hverra þetta næði. Þessi gr. er ákveðin eins og í fyrri l., og eru þar ákvæði, sem gr. byggist á, sem sé að hér sé um að ræða þá staði, þar sem fram geti farið dagleg sala frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbrh. Þetta er m. ö. o. takmarkið, sem sett er fyrir því, hvar það sé, sem þetta gjald beri að innheimta, og hingað til a. m. k. hefir þetta ekki valdið neinum misskilningi eða ágreiningi um það, hvert væri það raunverulega sölusvæði, þar sem ætti að greiða verðjöfnunargjald, enda eru það starfsfélögin á sölusvæði Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem afmarka þetta, þótt mjólkursölunefnd geti ákveðið að taka einstakar sveitir undir sölusvæðið, ef hún telur það æskilegt. Þetta hlýtur að verða grundvöllurinn fyrir því, hvort sem þessar breyt. ná fram að ganga eða ekki, hvar þetta gjald beri að innheimta, og hlýtur það að vera nægilega skýrt fyrir hverjum manni, sem kynnir sér þessi ákvæði.

Þá taldi hv. frsm. minni hl., að væri óskýrt orðalag í 3. málsgr. 1. gr., þar sem stendur, að tekjuafgangur mjólkurbús eða mjólkursamsölu, á sölusvæðinu skuli renna í verðjöfnunarsjóð, en það er vegna þess, að hann hefir ekki athugað frv. nógu rækilega í sambandi við mjólkurl. frá 1935, en samkv. þeim skal á því sölusvæði, þar sem aðeins er eitt mjólkurbú, fela því framkvæmd mjólkurl., en þar sem eru fleiri bú, skuli það vera samsalan. Þess vegna er þetta þannig tekið fram um báða þessa aðilja, sem eiga að annast sölu og dreifingu og er þetta tekið fram í samræmi við l. sjálf. Á Akureyri er þá átt við mjólkurbú, en aftur á móti mjólkursamsölu hér. Það er aðeins átt við það fyrirtæki eða þá stofnun, sem annast sölu og dreifingu á hverju sölusvæði. Hitt er vitanlega fjarstæða, sem engum dettur í hug, að láta tekjuafgang einstakra búa á sama sölusvæði koma inn í þetta líka, því að þá væri burtu fallið eitt meginákvæði frv., sem er að ákveða jafnt gjald í öllum búum, sem skipta við samsöluna, þannig að þau fái fullt aðhald til þess að fá rekstrarkostnað sinn sem minnstan, því að þau bú, sem eru vel rekin, njóta þess þá sjálf, en hjá þeim, sem eru rekin verr, kemur það fram í lægra mjólkurverði. Þetta er alstaðar framkvæmt þannig til þess að skapa hjá búunum fullkomið aðhald um að hafa sem hagkvæmastan rekstur. Ég held því, að ef hv. frsm. minni hl. athugar þessi ákvæði betur og ber þau saman við l. frá 1935, hljóti hann að sjá, að ekki orkar tvímælis, við hvað er átt.

Ég vil ennfremur benda á í þessu sambandi, að nú eru liðnar upp undir 3 vikur síðan þetta frv. fór til landbn. Hefir því verið nægur tími til að koma með brtt. Nú telur hv. minni hl. n. þörf á skýrara orðalagi í frv. og ber fram sérstakt nál., en kemur ekki með neina brtt. Ég verð því að líta svo á, að ef minni hl. telur þörf á brtt., en ber þær þó ekki fram eftir 3

víkur, þá sé með því verið að reyna að tefja framgang málsins, því að tími til að athuga málið og bera fram brtt. hefir sannarlega verið nógur.

Þá minntist hv. frsm. ennfremur á það ákvæði, sem stendur síðast í 1. gr., en það er um 1 eyris uppbót á þá mjólk, sem framleiðendur á sölusvæðinu geta tryggt til sölu og selja jafnt allt árið. Það hafa komið flutningateppur úr nærsveitunum, eins og ég sagði við 1. umr., svo að þær geta í raun og veru ekki gefið fulla tryggingu fyrir mjólk í bæinn hvenær sem er. Ég þekki ekki til þess, að aðrar takmarkanir séu gerðar fyrir þessari upphæð en að hún skuli greidd á þá mjólk, sem tryggt er, að er alltaf hægt að hafa til sölu til þess að reyna að tryggja, að bærinn verði ekki mjólkurlaus. Ef hinsvegar ætti að fara lengra og taka einstakar nærsveitir undir þetta, þá væri það spurning, sem ég treysti mér ekki til að svara, hvar ætti að draga slík takmörk. Þó farið yrði eftir fjarlægðum, þá yrði ekkert réttlæti í því, því að sumstaðar er hægara með flutninga frá fjarlægari stöðum en þeim, sem nær eru.

Annars gekk ræða hv. þm. Borgf. mest út á, að ekkert réttlæti væri í þessari verðjöfnun milli fjarsveitanna, og minnihl.-menn taka fram í nál. sínu, að þeir geti ekki fallizt á þá stefnu, sem frv. er byggt upp á, og það er í sjálfu sér aðalatriðið. M. ö. o., þeir geta ekki fallizt á þá stefnu, sem nú er tekin upp í löggjöf annara þjóða, alstaðar þar, sem þessum málum hefir verið skipað, að allir, sem sama markaðs geta notið, séu jafnréttháir, en aðeins hinn mismunandi flutningskostnaður skapi mismun á verði. Nú er vitanlegt, að þetta hefir verið gert alstaðar annarsstaðar, hvaða stjórnmálaflokkar sem hafa ráðið, hvort sem íhaldsmenn hafa ráðið eða sósíalistar. T. d. er nú íhaldsstjórn í Englandi, og þar eru þessi mál framkvæmd þannig, að sett eru takmörk um, hvað mikið megi draga frá mjólkurverðinu vegna vegalengdar. Það er mest sem svarar 2 aur. á lítra. Ég ætla, að hv. þm. minni hl. telji sig í stjórnmálaskoðunum skyldasta þeim aðiljum, sem þessa löggjöf hafa sett í Englandi. Þetta hefir verið gert í Noregi af sósíalistum, í Svíþjóð af sósíalistum, og í Þýzkalandi af öfgaflokki eins og nazistum, svo að allir hafa talið sér skylt að láta menn njóta jafnréttis í þessum efnum sem öðrum. Þess vegna furðar mig á, að fulltrúar bænda utan af landsbygðinni skuli ekki geta fallizt á það réttlæti, að bændur, hvar sem þeir eru staddir með sína framleiðslu, skuli njóta fullkomins jafnréttis.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv. væri verið að stefna í tvísýnu afkomu bænda í nærsveitum Reykjavíkur og ganga á þeirra rétt. Ég fullyrði, að um það sé engum blöðum að fletta, að með þessum l. sé fyrst og fremst verið að vernda hagsmuni framleiðenda í nærsveitunum, sem eingöngu verða að byggja á sölu neyzlumjólkur, en hafa enga möguleika til að vinna úr sinni mjólk. Ég vil ennfremur í því sambandi benda á það, sem hv. frsm. minni hl. minntist á, að ef svo er, að þessir menn þurfi sérstaklega hærra verð en aðrir, þá liggur það líka í hlutarins eðli, að engir eru verr við því búnir að fá samkeppni um markaðinn, sem hefði sömu afleiðingar í för með sér og heima hjá hv. þm. Borgf., á Akranesi, þar sem samkeppni var um mjólkurmarkaðinn, og verðið hrundi niður úr öllu valdi, þangað til það var komið niður í 16—17 aura, og bústjórinn þar hefir sagt mér, að það sé þó meira en þeir geti borgað. Þeir m. ö. o. safna skuldum á því.

Það er því rangmæli, að þetta skipulag komi harðast niður á nærsveitamönnum, heldur er það fyrst og fremst til varnar fyrir þá. Það hefir verið það hingað til, eins og berlegast kemur í ljós á því, að nú skuli eiga að skapa meira jafnrétti en áður. Í því liggur viðurkenning á því, að þeir hafi fengið ívilnanir meira en góðu hófi gegnir. Það, sem minni hl. fer hér fram á, er því ekkert annað en að vernda þá sérhagsmuni, sem þessir menn hafa haft fram yfir aðra framleiðendur. Ég hélt að hv. þm. Borgf. mundi fremur sjá ástæðu til að skapa jafnrétti fyrir bændur í sveitum; a. m. k. munu svo að segja allir bændur í hans kjördæmi vilja það jafnrétti, að allir bændur á þessu framleiðslusvæði hafi við svipuð kjör og skilyrði að búa með framleiðslu sína.

Annars er rétt að benda á það, sem hv. frsm. meiri hl., þm. Mýr., tók fram, að þótt þetta frv. verði samþ., þá verða framleiðendurnir í nærsveitunum eftir sem áður langbezt settir með framleiðslu sína. Eins og sjá má af því dæmi, sem hann tók, þá nemur sá munur hvorki meira né minna en rentum af 20 þús. kr. Nú sér hver maður, að ekki er rétt í þessu sambandi að taka tillit til dýrleika býlanna að öðru leyti en því, sem í jörðinni sjálfri liggur. Það er ekki rétt að taka tillit til þess, þó að dýrar byggingar séu á jörðum hér í nágrenninu, því að ekki er dýrara að byggja hér en í fjarsveitunum, nema síður sé, því að flutningskostnaður er þó alltaf miklu meiri hjá þeim, sem búa langt frá kaupstað. Ég ætla, að fáar jarðir séu í nærsveitunum, sem eru 20 þús. kr. hærri að dýrleika en jarðir uppi í Borgarfirði eða austur á suðurlandsundirlendi. Ég efast um, að meðaljörð uppi í Mosfellssveit eða á Kjalarnesi sé einu sinni metin á 20 þús. kr. Ég hygg, að aðeins örfáar jarðir nái því, hvað þá að það sé dýrleikamunurinn á þeim og meðaljörðum í fjarsveitunum.

Þetta sýnir ekkert annað en það, að frá þessu frv. er gengið þannig, og þannig búið að þeim mönnum, sem nær búa, að miklu meiri ástæða væri til óánægju fyrir þá, sem fjær búa, að þeir séu ennþá afskiptir fram yfir það, sem réttlæti mælir með.

Þá talaði hv. frsm. ennfremur um, að ef þessar brtt. næðu fram að ganga, þá vildi hann tryggja betur framleiðendunum sjálfum yfirstjórn þessara mála. En eins og allir vita, þá er í l. frá 1935 það ákvæði til bráðabirgða, að mjólkursölunefnd skuli fara með þessi mál þar til samkomulag sé fengið milli mjólkurbúanna um, hvernig stj. skuli skipuð. Honum er kunnugt um, að samkomulag náðist ekki um, að búin færu með stjórnina, vegna þessara mismunandi hagsmuna. Menn voru ekki jafnréttháir,

og þess vegna hafa hvorugir treyst öðrum. En þegar búið er að mynda jöfnuð milli búanna, þá er enginn vafi, að samkomulag næst þegar í stað, að framleiðendur fari sjálfir með stjórn og framkvæmd þessara mála, því að þegar þeir hafa sömu hagsmuna að gæta, þá hafa þeir enga hagsmuni nema að samsalan sé rekin sem bezt fyrir alla. Þá er horfinn sá mismunur, sem felst í l. eins og þau eru nú, þar sem hver togar sinn skækilinn, aðrir reyna að halda þeim sérréttindum sem þeir nú hafa, en hinir eru óánægðir með, hvað þeir eru miður settir en þeir, sem næst búa.

Þegar hv. þm. vitnar í, að ég hafi sagt við 1. umr., að nú sé svo komið hjá okkar nágrönnum, að framleiðendurnir sjálfir fari með stjórn þessara mála, þá er það alveg rétt, — en vegna hvers er það? Vegna þess, að þeir hafa allir komið á hjá sér fullkominni verðjöfnun, og meira að segja á sumum stöðum, er eins og ég sagði, takmarkað, hvað mikið megi draga frá vegna vegalengdar. En í þessu frv. er þó gengið lengra um þennan mismun, þar sem við leggjum til, að þeir fái hærra verð, sem á bæjarlandinu búa. Við höfum þannig gengið svo langt í því efni sem við þekkjum nokkur dæmi til, að lengst sé gengið, til samkomulags við þá, sem sérhagsmuni hafa í þessu máli. Þess vegna getur hvorki minni hl. landbn. né aðrir borið okkur á brýn, að hér sé farið lengra en góðu hófi gegnir, og ég mun fagna, þegar búið er að koma þessu réttlæti á, því að það verður til þess, að framleiðendur fara að treysta betur hver öðrum en þeir hafa gert hingað til, meðan misrétti hefir verið á milli þeirra.

Ég ætla, að ekki sé vert að fara út í það, sem hv. frsm. minni hl. tæpti á, að áreksturinn hefði skapazt af því, að bændur hefðu sjálfir farið með þetta. Ég vil benda honum á, að mesti árekstur inn varð af því, að bornar voru fram kröfur um fjölgun mjólkurbúða hér í Reykjavík. Aðalkrafan var sú, að búðum væri fjölgað og að enginn tapaði atvinnu við mjólkursöluna. Ég efast um, að nokkrir bændur hafi viljað það. Í öðru lagi var þess krafizt, að verðið lækkaði niður í 35 aura, en ég þekki engan bónda, sem hefði tekið undir það. Í þriðja lagi var krafa um, að mjólk frá sérstökum mjólkurbúum væri gert hærra undir höfði en annari mjólk, en ég hefi ekki heyrt nokkurn bónda telja það réttmætt. Ef hv. þm. hugsar sig vel um, man hann, að þetta voru mestu árekstrarnir. Og ekkert af þessu var gert vegna hagsmuna bænda.

Ég hygg, að það sé ekki miklu meira, sem ég þarf að taka fram. Það var tvennt, sem hv. þm. vildi taka tillit til hér í kringum Rvík, að ræktun væri hér erfiðari og kúahagar lélegri. Ef ætti að taka tillit til þessa, t. d. með því að borga hærra verð þar en á bezt ræktuðu löndunum, væri það afarhál braut að fara inn á. Það er alveg skýlaust þjóðhagslegt atriði, að ræktað sé þar, sem land er bezt til ræktunar fallið, og ýta undir ræktun þar.

Ég hygg, að ekki þurfi að ræða meira um þetta. Hv. frsm. meiri hl. hefir skýrt það vel, að það yrði ekki þolað í nokkurri löggjöf, að sérstök sérréttindi væru gefin um afurðasölu. Það yrði talinn vottur um ómenningu, á svipaðan hátt og ef mismunað væri í kaupgreiðslum. Það eru nógu miklir erfiðleikar þeirra, sem fjarst búa, þó að ekki sé farið að fella vörur þeirra í verði. Það er svo mikið ranglæti, að ég er alveg hissa, að nokkur þm. skuli fást til að verja það.

Ég vil aðeins benda á eitt atriði í ræðu hv. 7. landsk. Hann minntist á lækkun mjólkurverðsins í sambandi við aukna mjólkurneyzlu. Hann sagði, að okkar mjólkurneyzla mundi vera 50% minni en í Svíþjóð. Ég þekki nú engin dæmi meiri mjólkurneyzlu en hér í Rvík, ½ lítri á mann að meðaltali. Aftur á móti er neyzla sjálfsagt meiri annarsstaðar á öðrum mjólkurafurðum, ostum og slíku. Í Englandi er eytt milljónum til þess að auka neyzluna, en hún er samt ekki komin upp í ½ l. Í Stokkhólmi er neyzlan að því er ég bezt veit á milli ¼ og ½ l. á mann. Ég álít, að það sé vafasamt, að hægt sé að auka mjólkurneyzluna hér, þar sem við erum áreiðanlega í hámarki. Ég vil benda á dæmi frá Oslo. Það var reynt að lækka verðið allt niður í 20 aura til fátæklinga og skóla. En reyndin varð sú, að fólk keypti ekki meiri mjólk en áður, heldur notaði peningana til annars. Lækkunin bar engan árangur, og eftir 2 ár hættu mjólkursamtökin í Noregi að styðja þetta. Mér er sagt, og ég hygg, að það sé rétt, að þegar neyzlan er komin í þetta hámark, muni þurfa mikil átök til þess að breyta svo lífsvenjum fólksins, að það fari að nota meiri mjólk. Hitt mætti gera, að auka neyzlu á öðrum mjólkurafurðum, svo sem ostum, skyri og smjöri. Enda hefir neyzla þeirra aukizt að mun á síðari árum, síðan mjólkursamtökin komust á, og náðst betri vöruvöndun.

Þeir töluðu um það, hv. þm. Borgf. og hv. 7. landsk., að það væri hægt að gera ráðstafanir, sem yrðu skipulaginu að falli. En það er ekkert, sem er hættulegra en að misrétti haldist á milli framleiðenda. Ef ekki er hægt að bæta úr því, mun annar aðalþáttur skipulagsins hrynja, sem sé verkaskiptingin. Hún á að vera til þess að spara og til að geta greitt framleiðendum meira fyrir neyzlumjólkina. Í gildandi mjólkurlöggjöf er ekkert, sem fyrirskipar, að sumir framleiðendur eigi að fá meira en aðrir, heldur er það sem mestur jöfnuður. Enginn framleiðandi óskar eftir að fella niður verkaskiptinguna og að mönnum sé gefinn kvóti. Á þetta vil ég benda hv. þm. Þetta er mergurinn málsins, þegar um það er að ræða, hvort mjólkurskipulagið á að falla niður eða ná tilgangi sínum.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Þeir, sem voru hér áðan, þegar við fluttum okkar ræður, hv. frsm. meiri hl. og ég, hafa eflaust veitt því eftirtekt, að við hreyttum engum ónotum hvor í annan, hvorki út af fortíð þessa máls né frv., sem fyrir liggur. Við töluðum út frá einlægum vilja um að leysa þetta mál og leggja grundvöll til samstarfs um lausn þess. En það kvað við annan tón, þegar hv. 1. þm. Rang. fór að leggja orð í belg og tala um offors hjá

mér og öðrum sjálfstæðismönnum og mála upp allskonar myndir til að fela á bak við eigin ávirðingar. Ég vildi láta þennan mun koma fram í framkomu okkar og hans. Það má öllum ljóst vera, hversu heppilegt það er að vera með slík hnífilyrði, þegar svo mikið veltur á góðu samkomulagi.

Ég vék að því, að frv. væri óljóst orðað, en ekki vildi hv. 1. þm. Rang. á nokkurn hátt viðurkenna það. Hinsvegar litu hv. meðflm. hans svipað á þetta og ég, enda hafa þeir talað um að bera fram brtt. Enda er svo um þetta frv., að það er fullkomin þörf á að kveða skýrar á um ákvæði þess og nota tækifærið nú til breyt. á löggjöfinni, svo að ekki sé á valdi mjólkursölun. að úrskurða um vafaatriði.

Hv. 1. þm. Rang. vildi verja ákvæðið um eyrisuppbót á sölusvæði Rvíkur og Hafnarfjarðar og færði fyrir því þau rök, að þar væru meiri erfiðleikar á ræktun en annarsstaðar. En ég sé bara eina frambærilega ástæðu fyrir þessu ákvæði, sem sé að verið sé að tryggja meira lágmarksmagn af mjólk inn á markaðinn á hverjum tíma. Meðan Mjólkurfél. Rvíkur hafði þetta með höndum, hafði það þetta fyrirkomulag til þess að tryggja meira lágmarksmagn, þegar mjólkurframleiðslan er minnst. Eins og nú er, er þetta ný uppbót til þeirra, sem eru á sölusvæði Rvíkur, fengin fyrir kröfu sósíalista um að hlynna að þeim. Það er bezt fyrir hv. 1. þm. Rang. að meðganga þetta, enda er enginn annar grundvöllur til að byggja þetta á. Hv. þm. sagði, að þeir, sem væru inni á sölusvæði Rvíkur, væru þeir einu, sem alltaf hefðu mjólk til staðar, en ég vil segja, að mögulcikarnir til þess að uppfylla mjólkurþörfina í Rvk byggist á öllum þeim, sem ekki þurfa að fara fjöll og firnindi til að koma mjólkinni á markað.

Hv. 1. þm. Rang. var að kasta ónotum að okkur minnihlmönnum fyrir, hvað málið hefði verið lengi í landbn. Ég get sagt hv. þm. það, að málið var fyrst tekið fyrir í landbn. 30. nóv., en við minnihlmenn ráðum engu um það, heldur form. þeirrar n., sem er frsm. meiri hl. og meðflm. hv. 1. þm. Rang. að þessu frv. Hv. þm. verður því að beina skeytum sínum til flokksmanna sinni í n.

Hv. 1. þm. Rang. varð mjög tíðrætt um eitt atriði, sem við töluðum mikið um, hv. frsm. meiri hl. og ég, sem sé breyt. á aðstöðu þeirra, sem búa í námunda við Rvík, og það kvað svo rammt að skilningsmuninum á milli hv. 1. þm. Rang. og hv. frsm. um þetta atriði, að hv. 1. þm. Rang. sagði, að frv. væri fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá, sem búa nálægt Reykjavík, en hv. þm. Mýr., sem er frsm. meiri hl., sagði, að þetta mundi kollvarpa þeirra atvinnuvegi, svo að líklega þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til bjargar þeim. Þessi reginmunur kom fram á skoðunum þessara tveggja samherja, og er bezt, áður en lengra er farið til þess að jafna misfellur, að þeir reyni að jafna á milli sín.

Nei, sannleikurinn er sá, að málið horfir svo við, eins og hv. frsm. hefir viðurkennt, að aðstaða manna í kringum Rvík þolir ekki verðfall. Afleiðingin af verðfalli mundi verða, að sérstakar ráðstafanir þyrfti að gera til þess að bjarga þeim.

Mér finnst að þegar löggjöf eins og þessi er sett, beri að athuga allar afleiðingar, sem af henni leiðir. Ég segi ekki, að sú athugun þurfi endilega að leiða í ljós, að ekki þyki fært að gera slíkar ráðstafanir, en það verður að gera sér ljóst fyrst, hvort vandræði af þessu verði ekki svo mikil, að ekki þyki tækilegt að framkvæma lögin. Það má ekki ganga svo nærri þessum mönnum, sem hv. þm. Mýr. taldi, að verða mundi. Það er áframhaldandi niðurstaða okkar í minni hl., að við verðum í sameiningu við hv. meiri hl. landbn. að athuga afleiðingar þessa máls og afleiðingu þess, að samþ. væri slíkt frv. sem þetta.

Skal ég svo ekki á þessu stigi málsins fara út í fleiri en tvö atriði úr ræðu hv. 1. þm. Rang. Það fyrra er það, sem hann sagði um mjólkurverðið á Akranesi. Þar fór hann með rangt mál. Að vísu er verðið þar ófullnægjandi, en þó er það ekki nærri því eins aumt og hann taldi. Hitt atriðið er það, að hann sagði, að ekki væri að neinu leyti betra, að bændur sjálfir eða fulltrúar, sem þeir kysu, færu með framkvæmd mjólkurlaganna. En ég hverf ekki frá, að svo væri málinu miklu betur komið, enda litu bændur svo á, að til þess væri ætlazt, þó framkvæmdirnar hafi orðið aðrar. Það er rangt, sem hv. þm. segir, að aldrei hafi náðst samkomulag um það milli bænda. Mikill meiri hl. þeirra vildi taka málið í þeirra eigin hendur, en það atvikaðist ávallt þannig, að einn maður var á móti því, og í skjóli þeirrar afstöðu þessa eina manns hefir landbn. haldið málinu í því horfi, sem í upphafi var aðeins bráðabirgðaákvæði í lögunum, sem átti ekki að gilda nema 6 mánuði, þegar það var sett. Þar var búin til trappa fyrir hæstv. atvmrh. til að standa gegn því, að þetta mál yrði fært inn á þá braut, sem lögin sjálf gera ráð fyrir, að yrði viðtekin frá öndverðu.

Ég vil beina því sérstaklega til hv. framsóknarmanna hér í hv. d., að þeir sporni heldur við því, að hv. 1. þm. Rang. sé mikið að sletta sér fram í þetta mál hér. Hann hefir farið þannig af stað, að hann fer mjög í aðra átt en við hv. þm. Mýr. óskum, og virðist hann ætla að verða sá illi andi í þessu máli hér á Alþ., eins og margir halda fram, að hann hafi verið í því frá upphafi.

Hv. þm. Mýr. beindi áðan til mín örfáum orðum. Get ég látið bíða að svara því þangað til n. ræðir um þetta mál, en hann beindi sérstaklega til mín þeirri spurningu, hvað ég sæi til bjargar þeim mönnum, sem búa í allmikilli fjarlægð frá Reykjavík, og minntist í því sambandi á okkar hérað, þar sem þau vandræði steðja að bændum, að þeir eru að missa þann hluta bústofns síns, sem drýgst hefir framfleytt þeim, sem sé sauðféð. Er því ástæða til að reyna að fylla það skarð með aukinni mjólkurframleiðslu. Spurði hv. þm. mig, hvað ég sæi til bjargar, ef slík ákvæði sem þessi yrðu ekki að lögum. Ég vil biðja hv. þm. Mýr. að athuga með mér og þeim öðrum hv. þm., sem láta þetta mál sig að nokkru skipta, hver afleið-

ingin verður af því að jafna verðlaginu alltaf endalaust niður á við, eftir því, sem mjólkurframleiðslan eykst. Sé ekki mikið bjargráð í því, að frv. sem þetta verði lögleitt. Því fylgja engin úrræði til styrktar bændum, að jafna mjólkurverðinu aðeins lengra og lengra niður á við eftir því, sem mjólkurframleiðslan vex. Öðru máli væri að gegna, af þetta frv. fæli í sér ákvæði lík þeim, sem voru í frv., sem flutt var á síðasta þingi af hv. þáv. 2. þm. Rang. og þm. Dal., ef ég man rétt. Ef tekið væri inn í þetta frv. ákvæði um blöndun þurrmjólkur í brauð, og þar að auki lagður einhver skattur á kjarnfóður, þá væri öðru máli að gegna. Þar væri aflað tekna, sem gætu orðið nokkuð miklar, samfara aukinni mjólkurframleiðslu. Þegar við hv. þm. Mýr. erum að athuga, hvað gera skal til að bjarga okkar kjördæmi og öðrum héruðum, sem líkt stendur á um, er sjálfsagt að líta á allt, sem gæti skapað grundvöll að byggja á, en hann finnst ekki í þessu frv., nema svipuðum ákvæðum og þessum væri bætt inn í það.

Hv. þm. Mýr. talaði um þann mikla aðstöðumun á flutningskostnaði á sölustað, sem væri milli þeirra, sem búa nálægt Reykjavík og svo hinna, og vildi hv. þm. gera mikið úr þessu. Mér er kunnugt um, að þeir úr Borgarfjarðarsýslu utan Skarðsheiðar verða að borga um 5 aura á lítra fyrir flutninginn. Þegar svo í viðbót við það hefir verið tekið svo og svo mikið af útborguðu mjólkurverði í verðjöfnunarsjóð, er auðséð, hver aðstaða þessara manna verður til þess að taka á móti þeirri lækkun útborgunarverðsins, sem þessu frv. fylgir, án þess að til komi nein ívilnun vegna aðstöðumunar með flutning mjólkurinnar á markað hér. Til þessa ber líka að taka tillit.

Fer ég svo ekki fleiri orðum um þetta mál, en bið hæstv. forseta fjarvistarleyfis það, sem eftir er af fundinum, og bið hv. þm. A.-Húnv. að taka svari mínu, ef þess gerist þörf.

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég þarf ekki mörgu að svara því, sem til mín hefir verið beint síðan ég talaði áðan. Ég verð aðeins lítillega að minnast á nokkur atriði úr ræðu hv. þm. Borgf., þó hann sé farinn af fundi, enda hefir hann sett mann til að svara í staðinn fyrir sig.

Hv. þm. minntist á, að svo gæti farið, væri þessum lögum breytt samkv. frv., að leita yrði hjálpar fyrir þá bændur á fjárpestarsvæðinu, sem framleiða mjólk á þessu sölusvæði, vegna þess, að jafna ætti verðinu lengra og lengra niður eftir því, sem mjólkurframleiðslan vex. Ég verð að benda hv. þm. á, að mikill munur er fyrir þessa menn, hvort verðinu er aðeins jafnað niður á þá, sem búa á fjárpestarsvæðinu, eða hvort þeir, sem búa annarsstaðar, taka líka þátt í því, eins og yrði samkv. þessu frv.

Þá minntist hv. þm. á þann mikla flutningskostnað, sem væri á mjólk, fluttri til Reykjavíkur. Það er rétt. Einnig þurfa einstaka bændur að kosta miklu til við flutning mjólkurinnar til vinnslubúanna, og svo búin aftur til Reykjavíkur, en nú fá þeir þann hluta flutningsgjaldsins endurgreiddan samv. þessu frv., og það munar afarmiklu. Nú skiptir nokkur hluti bænda í Borgarfirði beint við mjólkurstöðina í Reykjavík, og hafa þeir háan flutningskostnað, en sama er líka að segja um suma bændur austanfjalls; þeir þurfa áreiðanlega að greiða 5 aura fyrir lítrann í flutningskostnað, en nú verður endurgreiddur það mikill hluti þessa kostnaðar, að miklu meiri jöfnuður verður á eftir en áður milli þeirra, sem fjær búa, og hinna.

Ég vil leiðrétta það, sem hv. þm. sagði um, hvenær málið hefði verið tekið fyrir í landbn. Nokkru eftir að málið kom til n. ræddi ég um það á fundi, án þess að nokkuð væri bókað, hvort menn vildu ekki taka málið til athugunar heima hjá sér, svo þeir hefðu sínar brtt. tilbúnar, þegar málið yrði tekið fyrir á fundi 25. nóv., og ætlaðist ég til, að menn hefðu gert það, þegar að fundi kom, en svo reyndist ekki. Þá var óskað eftir, að hv. aðalflm. kæmi á næsta fund til að ræða um frv. Þetta var gert, en þá kom hv. þm. Borgf. ei á fund, svo honum a. m. k. varð lítið gagn að þeim upplýsingum, sem flm. gaf. Á næsta fundi ætlaðist ég til, að nm. hefðu brtt. sínar tilbúnar, en þá var ekki hægt að ná samkomulagi um þær. Það var líka reynt á næsta fundi, en lengur gat ég ekki beðið með afgreiðslu málsins, svo ég get ekki tekið það til mín sem formanns, að málið hefir ekki verið afgr. fyrr en þetta, nema að því leyti, að ég reyndi til, að n. gæti staðið saman um till. sínar. Út af þeim orðum, sem hv. þm. Borgf. beindi til okkar framsóknarmanna viðvíkjandi afskiptum hv. 1. þm. Rang., datt mér í hug, að þegar þeir tveir hv. þm. ættust orðastað við um þetta mál, væri það líkt því, er viss höfðingi hittir ömmu sína, svo hvorugur mun eiga hjá hinum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 154, 295).

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég vildi mælast til þess, að frestur yrði á því, að þetta mál verði tekið fyrir, unz brtt. minni hl. koma, en þær eru nú í prentun.

Forseti (JörB): Ég álít, að frsm. meiri hl. geti gert grein fyrir sínum till., unz hinar koma, því að þær munu vera á leiðinni.

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson):** Hér hafa verið lagðar fram brtt. við frv. frá meiri hl. landbn. Ég hefi borið þær undir hv. þm. Borgf., og virtist mér hann vera samþ. þeim flestum, þótt ekki sé hann meðfl. að þeim. A-liður 1. till. er á þá leið, að því er bætt inn í, að mjólkursölunefnd verði að ákveða sem sölusvæði þá

kaupstaði og kauptún, þar sem dagleg sala mjólkur fer fram.

Þá er b-liður, um að upphaf 3. málsgr. orðist svo: „Tekjuafgangur mjólkursölu skal renna“ o. s. frv., í stað: „Tekjuafgangur mjólkurbús eða mjólkursamsölu á sölusvæðinu skal renna“ o. s. frv. Ég vil taka það fram, að „mjólkursölu“ er prentvilla, í stað „mjólkursamsölu“. Margir skildu þetta ákvæði í frv. svo, að tekjuafgangur ætti allur að renna í verðjöfnunarsjóð, en hér er þetta ljósar orðað. — Brtt. 1. c. er aðeins orðabreyt.

Þá er d-liður. Hann er á þá leið, að eftir orðunum „í stöðvargjaldi búsins“ komi nýr málsl., svohljóðandi: „Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðin fyrirfram af mjólkursölunefnd svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig, að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára“. Hér er ætlazt til, að mjólkursölunefnd geti ákveðið flutningskostnaðinn fyrir hvert tímabil, þannig, að bilið milli vinnslu- og neyzlumjólkur verði hærra að vetri en sumri, það gæti orðið til þess að auka, eða, ef svo mætti að orði komast, „stimulera“ mjólkurframleiðsluna vestan heiðar yfir veturinn, en draga úr henni yfir sumarið, sem er ekki nema eðlileg verkaskipting milli þessara tveggja aðilja, því að það er eðlilegra að framleiða mjólk hér á vetrum, þegar samgöngur eru örðugar, en þær eyður, sem koma í framleiðsluna hér, séu heldur að sumarlagi, og fer þetta saman við hagsmuni þeirra, sem búa vestan heiðar, því að þeim er eðlilegri framleiðslan að vetri en sumri vegna hinna lélegu haga, sem hér eru, og því erfitt að halda uppi góðri nyt í kúm yfir sumarið.

Þá er e-liðurinn, sem sé að upphaf 4. málsgr. orðist svo:

„Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama verðjöfnunarsvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða, en slíkan kostnað“ o. s. frv. Þetta er aðeins til þess að skýra frekar það, sem í gr. stendur, en ekki til þess að breyta efni hennar. Það, sem átt er við, er, að í öllum búum skuli reikna sama gjald fyrir vinnslu á hverri vörutegund út af fyrir sig, þannig að öllum búum er reiknað sama vinnslugjald fyrir smjör út af fyrir sig, fyrir ost út af fyrir sig og fyrir rjóma út af fyrir sig, og svo verði það þeirra halli eða ábati, hvort þau geta rekið búin fyrir lægra eða hærra gjald en þar er ákveðið.

Þá kemur f-liður, að aftan við 1. málsgr. 5. gr. bætist: „miðað við bæjarlöndin eins og þau eru nú“, m. ö. o., að sú undanþága, sem þeim er gefin, sem búa á bæjarlandinu, sé bundin því, að bæjarlöndin séu ekki færð út frá því, sem nú er, þannig að undir þetta komi kannske heil sveitarfélög til viðbótar, sem nú liggja fyrir utan bæjarlöndin. Ef þessi varnagli væri ekki sleginn, væri hægt að bæta við heilum sveitarfélögum.

Þá kemur g-liðurinn, sem er aðeins umorðun á síðustu málsgr. 1. gr. frv. og um það, að þeir framleiðendur, sem búa á sölusvæðinu, þ. e. a. s. á bæjarlandinu og ekki hafa leyfi til sölu beint til neytenda, fái eins eyris uppbót á hvern lítra af þeirri mjólk, sem þeir selja jafnt allt árið. Tilgangurinn með þessu er sérstaklega sá, að reyna að örva mjólkurframleiðsluna á því tímabili, sem hún er minnst, því að það hefir komið fyrir, að *mjólkurskortur hefir orðið svo mikill*, að ekki hefir verið hægt að fá nægilega mjólk til skyrgerðar og rjómasölu borið saman við það, sem eftirspurnin hefir krafizt.

Þess vegna er það út af fyrir sig nauðsyn að reyna að jafna framleiðsluna, svo að ekki verði skortur á mjólk á neinum tíma ársins, og það gert þannig, að það gangi yfir á það tímabil, sem mjólkin hefir verið mest, og miklu meiri en góðu hófi gegndi vegna framboðsins og þeirra, sem hafa þurft að koma henni út. M. ö. o., það hefir orðið svo lítið úr mjólkinni vegna vinnslunnar á þessu tímabili, að full ástæða er til að draga úr, að hóflaust sé framleitt vissa árstíma, *en aftur skorti mjólk vissa árstíma*. Ég hefði óskað, að þessu hefði verið breytt þannig, að í staðinn fyrir að greiða ákveðna upphæð fyrir meðalmagn, hefði átt að greiða hærra gjald fyrir mjólkina ákveðinn tíma ársins, þegar helzt skortir mjólk, en ég komst ekki að samkomulagi um það við hv. 7. landsk., sem hélt nokkuð fast í þetta ákvæði, og gekk ég og meiri hl. inn á að láta þetta standa, gegn því, að við bættist annað viðbótarákvæði, sem nær til þeirra manna, sem framleiða mjólk utan sölusvæðisins, og kemur það hér sem h-liður í brtt. við 1. gr. og er þannig:

„Fyrir það mjólkurmagn, sem framleitt er utan sölusvæðis og selt er af sölusamtökum á því, mánuðina okt.—des., skal greiða 1 eyri á lítra umfram jöfnunarverð þá mánuði. Einnig er mjólkursölunefnd heimilt að fyrirskipa mjólkurbúum að mismuna í útborguðu verði til framleiðenda eftir árstíðum, ef hún telur nauðsyn á, til að fullnægja markaðsþörfinni.“

Ég skal geta þess, að í þessum lið er prentvilla; stendur þar „verðjöfnunarverð“ í staðinn fyrir jöfnunarverð. Verður að lagfæra það í umprentun.

Þessi ákvæði stefna bæði að því sama, að auka mjólkurframleiðsluna á því tímabili, sem hún er minnst, dýrust og örðugust. Þessar aðferðir hafa báðar verið notaðar áður af Mjólkurfélagi Reykjavíkur, og á vissu tímabili fylgt þeirri reglu, að borga fullt verð út fyrir þá mjólk, hversu mikil sem vinnslan var, sem nam því, sem menn höfðu haft yfir haustmánuðina, og á þennan hátt var mjólkurframleiðslan á þessu tímabili stóraukin, en síðar var þessari reglu breytt þannig, að í staðinn fyrir meðaltalsákvæðið var þeirri reglu fylgt, að borga meira fyrir haustmánuðina, og það hefir verið gert til skamms tíma. Þess vegna er reynsla fengin fyrir því, að báðar þessar reglur hafa orðið til þess að „stimulera“ mjólkurframleiðsluna fyrir það tímabil, sem aðallega er dauður punktur í framleiðslunni, en það eru haustmánuðirnir. Við í meiri hl. berum þessa till. fram til samræmis fyrir þá, sem búa utan sölusvæðisins, til samræmis við þau hlunnindi, sem þeir fá, sem búa inn á sölusvæðinu, með þeirri uppbót, sem þeir fá á meðaltalsmjólk ársins. Ég hefði

frekar óskað þess, að sama ákvæði hefði náð yfir hvorttveggja, en ég tel, að það ákvæði, sem hér er bætt við, nái fremur tilgangi sínum en hitt, vegna þess að ef verðuppbót er bundin við meðaltalsmjólk, reyna menn alltaf að hafa mjólkina það uppi, að það nái þessu lægsta meðaltali, t. d. reyni menn um sumarmánuðina að komast það hátt upp, að þeir nái haustmeðaltalinu, en það er engin nauðsyn, heldur miklu meir ástæða að herða á framleiðslunni yfir haustmánuðina, án þess að menn séu bundnir við að halda uppi meiri framleiðslu yfir sumarmánuðina. Að því leyti verkar brtt. okkar í hlið frekar í þá átt, sem ætlazt er til, að örva framleiðsluna yfir haustið, að það er sama, hvað þeir framleiða mikið yfir það tímabil, þá fá þeir eins eyris uppbót fyrir það, þó að dragi úr framleiðslunni hjá þeim á öðrum tíma ársins, og jafnvel þó hún færi niður í ekki neitt.

Þá er seinni hluti brtt. „Einnig er mjólkursölunefnd heimilt", o. s. frv. Þetta ákvæði stefnir í sömu átt, þá átt, að ef ekki næst nægilegur jöfnuður á framleiðsluna með þessum tveimur ákvæðum, sem ég hefi nefnt, þá geti n. fyrirskipað búunum ennfremur að borga mjólkina tiltölulega hærra verði vissar árstíðir heldur en aðrar, til þess að ýta undir að fá meiri mjólk inn á markaðinn, sem nauðsynlegt er, ef hætt er við, að framleiðslan verði of lítil, eins og komið hefir fyrir á haustin. Ef þetta ákvæði hefði þá verið í l., þá hefði verið hægt að koma því þannig fyrir, að framleiðendunum hefði verið greitt hærra fyrir haustmjólkina en gert var, — reyndar á kostnað þeirrar mjólkur, sem síðar kom, — aukið þannig framleiðslu haustsins, svo að eftirspurninni hefði frekar verið fullnægt heldur en raun varð á í haust. Þetta getur vitanlega alltaf komið fyrir, og þess vegna sá n., að ekki var nema sjálfsagt að gefa mjólkursölunefnd heimild til að gera þessar ráðstafanir, ef á þyrfti að halda.

Þá er brtt. við 3. gr. Þar orðum við um 2. málsgr. 5. gr. í núgildandi l. Ég ætla að lesa alla brtt. eins og hún liggur fyrir. Hún er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til sölusamtakanna og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald eftir því sem mjólkursölunefnd ákveður það á hverjum tíma". Þetta er svo að segja orðrétt nema niðurlagið, þar sem tekið er fram, að þeir skuli greiða verðjöfnunargjald, eftir því, sem mjólkursölunefnd ákveður það á hverjum tíma, en það er til samræmis við þær breyt., sem eru við 2. og 3. gr. l., því að áður var ákveðið víst verðjöfnunargjald, sem ekki varð breytt, en ef frv. verður samþ., verður hægt að breyta því, og við það er átt með þessari brtt.

Þá er áframhald brtt., sem er svo hljóðandi: „Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Hafnarfjarðar". Þetta er líka óbreytt frá því, sem er í l. Svo kemur niðurlagið: „Hafi hinsvegar meðalársnyt í öðrum þeim lögsagnarumdæmum, þar sem sölusvæði er ákveðið, reynzt lægri samkv. skýrslum nautgriparæktarfélaga þar, skal gjaldið miðað við það".

Ég skal taka fram til skýringar á ákvæðinu um þessa 3000 lítra ársnyt, að hún er neðan við það, sem er í þessum tveimur lögsagnarumdæmum, en það var gert til tilhliðrunar við þá menn, sem búa á bæjarlandinu, að færa hana niður í 3000 lítra. En viðbótin við brtt. er fram komin m. a. fyrir kröfu hv. þm. Ak. Það mun hafa sýnt sig á Akureyri, að meðalársnyt er ekki svona há, og eins gæti verið, að sölusvæðunum yrði síðar meir fjölgað, og gæti vel verið, að meðalársnyt yrði þar minni en 3000 l. og þykir n. rétt, að þar sé miðað við þá raunverulegu nythæð, sem er á hverjum stað.

Þá er breyt., sem var í frv. og við breytum einnig, en það er heimild til að undanskilja til heimilisnotkunar ½ lítra á dag fyrir hvern heimilismann. Þetta er nýtt ákvæði, en lá fyrir í því frv., sem hér er til umr., og n. hefir ekki breytt því út af fyrir sig, en leggur til að bæta því við, að í þessu sambandi teljist þeir til heimilismanna, er framleiðandi hefir á framfæri, svo og hjú hans, enda tilkynni hann tölu heimilismanna og færi sönnu á hana eftir því sem sölustjórn ákveður. Þetta ákvæði er aðeins til öryggis, til þess að menn fari ekki að telja heimilismenn fleiri en þeir eru.

Þá er 3. brtt., sem er aðeins smálagfæring við 2. málsgr. 4. gr., að í staðinn fyrir „sá, er flutninginn annast, eða aðrir", komi sá, er flutninginn annast, og aðrir. Þetta er gert til að orða það skýrt, að ef mjólkurvörur eru fluttar óleyfilega inn á sölusvæðið, skuli sektir ekki aðeins koma fram á þeim, sem vöruna flytja, heldur einnig þeim, er meðsekir reynast. Þetta er aðeins smáleiðrétting.

Eins og hv. þdm. sjá, er nokkuð mikið af þessum brtt. aðeins formsbreyt., sem gera ýmis ákvæði frv. skýrari en áður. Eina till., sem felur í sér efnisbreyt., er sú, að bætt sé við þessari eins eyris uppbót hjá þeim, sem selja utan bæjarlandsins. Sömuleiðis er skýrar tekið fram, hvernig skuli reikna flutningskostnaðinn, og með tilliti til þess, að ekki skuli reiknaður meðaltalsflutningskostnaður yfir allt árið, heldur mismunandi fyrir ýmis tímabil ársins, þannig að reiknaður sé hærri á vetrum en sumrum munurinn milli vinnslumjólkur og sölumjólkur, en þetta verður til þess, að eðlileg verkaskipting myndast, þannig að nærliggjandi búin taka að sér framleiðslu sölumjólkurinnar að vetri til, en hleypa hinum búunum inn á sumarsöluna, eftir því sem ástæður eru fyrir hendi.

Forseti (JörB): Brtt. á þskj. 296 munu ekki vera komnar úr prentun og getur dregizt í nokkrar mínútur. Fundi er því frestað til kl. 3.10. [Fundarhlé.]

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 296, og verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Hv. frsm. meiri hl. gat þess í upphafi máls síns, að enginn fundur hefði verið um þetta í landbn. Þegar málið var hér til 2. umr., talaði ég um, að æskilegt væri, að leitað væri samkomulags um ýms atriði, er snerta afgreiðslu þess, og að n. héldi fund í því skyni. En það hefir atvikazt svo, að enginn fundur hefir verið haldinn hjá n. í heild, en hv. frsm. meiri hl. sýndi mér í morgun þær till., sem hann hefir borið fram, og ég sagði honum innihald till. minni hl. og jafnframt, að við hefðum ekki gengið frá þeim, því að við héldum, að landbn. mundi taka málið til meðferðar, og við vildum sjá, hver árangur yrði af því. Þetta varð þess valdandi, að brtt. komu seinna fram en ella. Hv. frsm. gat þess, að ég hefði haft mikið að athuga við þessar brtt. Það er að því leyti rétt, að brtt. miða að því að bæta úr ágalla frv. um óljósa orðun á ýmsum atriðum, einkum 1. gr. En í þeim brtt., sem hv. frsm. meiri hl. talaði um, er ekki um neinar meginbreyt. að ræða. Þó er lögð til í g-lið nokkur breyt. á ákvæði, sem nú felst í síðustu mgr. 1. gr. frv. Það er breyt., sem ég ekki samþ. og skal ekki fjölyrða um. Hin atriðin í brtt. eru ekki breyt. í raun og veru, heldur skýringar á ýmsum ákvæðum frv. Þó mætti segja, að í einu atriði — e-lið — gæti falizt nokkur breyt. Það er hér í 1. gr. frv., þar sem talað er um, að þeir, sem leggja mjólk sína í mjólkurbú til vinnslu, fá þeim mun minna verð fyrir mjólkina, sem svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar. Þetta er skýrt svo af hv. frsm. meiri hl., að þessi munur sé flutningskostnaður á hrámjólk frá búi til sölustaðar, sem hann gizkar á, að séu 3—4 aurar á lítra. Ég held, að þegar þetta ákvæði er athugað í sambandi við annað í sama málslið, sé þetta ekki allskostar rétt. Þar stendur: „— enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búsins". M. ö. o., flutningskostnaður á unnu vörunni á að teljast með í rekstrarkostnaði búsins, og eftir því sem hann er meiri, eftir því fá menn minna fyrir mjólkina og þurfa meira verðjöfnunargjald til þess að jöfnuður fáist. Mismunurinn yrði ekki 3 aurar, heldur bara munurinn á flutningskostnaði hrámjólkurinnar og flutningskostnaði unnu varanna. Það á ekki að binda sig við þetta eingöngu, heldur á mjólkursölunefnd að ákveða flutningskostnaðinn, að hann sé sem næst raunverulegu verði, en það fer eftir því, sem litið er á á hverjum tíma.

Ég skal ekki fara út í þessar brtt., nema brtt. í g-lið í sambandi við brtt. minni hl. um svipað efni. Þess er getið í nál. minni hl., að hann geti ekki fallizt á þá hugsun, sem felst á bak við frv., nema jafnframt sé sýnd viðleitni til þess, að í framtíðinni verði það ekki til þess að valda þeim örðugleikum, sem mundu torvelda eða gera ómögulegan búrekstur þeirra, sem áður gátu flutt daglega mjólk inn á sölustaðina í Reykjavík og Hafnarfirði. En því hefir verið haldið mjög fram, að ekki sé hægt að sjá út yfir framkvæmd þessa frv., svo að ekki er hægt að fortaka neitt um, að þessi geti ekki orðið afleiðingin. En þó að sé viðurkennd þörfin á, að þeir, sem fjær búa, beri meira úr býtum en nú á sér stað, þá verður að gæta þess, að þjóðhagslega séð er ekki bætt úr þessari þörf, ef framkvæmd l. hefir þær afleiðingar, að á öðrum svæðum verði menn að gefast upp við búrekstur-inn. Við minni hl. menn höfum borið fram brtt., sem stefna að því, að í framkvæmdinni verði reynt að sigla framhjá þessum afleiðingum. Við gerum það með brtt. okkar við 1. gr. — a-lið, þar sem við leggjum til, að aftan við 2. mgr. 1. gr. bætist: „Við ákvörðun gjaldsins skal þó tekið hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við mjólkurframleiðsluna á hinum ýmsu stöðum innan verðjöfnunarsvæðis, og má aldrei hækka það svo, að ofboðið sé með því greiðslugetu framleiðenda í nokkru byggðarlagi á verðjöfnunarsvæðinu; skal um þetta stuðzt við álit og till. Búnaðarfél. Ísl.".

Það hefir fengizt viðurkenning hjá hv. frsm. meiri hl. um það, að hann gæti gert ráð fyrir, að sú yrði afleiðingin um þessi byggðarlög, að á eftir þyrfti að gera sérstakar vandræðaráðstafanir vegna þeirra, sem l. kæmu illa niður á. Það er líka viðurkennt af formælendum málsins, að réttmætt er að taka tillit til þess, hversu ræktun hefir verið dýr sumstaðar og til þess aðstöðumunar, að sumir hafa ekki sumarbeit fyrir mjólkurpening.

Búnaðarfél. Ísl. er stofnun bændanna og hefir sérstakan kunnugleika á högum bænda. Þess vegna leggjum við til, að Búnaðarfél. Ísl. sé haft með í ráðum. Enda er það viðurkennt af Alþ., að Búnaðarfél. Ísl. hafi hönd í bagga með ræktunarmálum og framleiðslumöguleikum.

Næst er brtt. við b-lið, og er aðeins leiðrétting á tilvitnun.

Þá kem ég að c-lið, og þar er ég kominn að þeirri brtt., sem ég minntist á áðan og sem brtt. frá hv. meiri hl. liggur hér fyrir um. Eins og þetta er nú, og tekið er fram í frv. og minnzt var á við 2. umr. málsins, þá eru það eingöngu þeir, sem framleiða mjólk í kaupstöðum eða á sölusvæðinu, sem eiga að njóta þessarar 1 eyris uppbótar á sína mjólk fyrir það lágmarksmjólkurmagn, sem þeir leggja í samsöluna yfir árið. Ég hefi bent á, að með þessu ákvæði er alls ekki hægt að ná þeim tilgangi, sem látið var skína í að ætti að ná með þessu, sem sé að auka mjólkurmagnið á vissum tíma ársins, af því að mjólkurmagnið, sem um er að ræða í kaupstöðunum, er svo lítið, að það gerir hvorki til né frá, þegar um er að ræða heildarmjólkurþörf kaupstaðanna. Nú er hér brtt. um að færa þetta út. Því er haldið óbreyttu, að kaupstaðarbúar eigi að fá þessa 1 eyris uppbót á allt sitt lágmarksmjólkurmagn yfir árið, en annarsvegar eiga aðrir framleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu að fá 1 eyris uppbót fyrir það mjólkurmagn, sem þeir leggja inn 3 mánuði ársins, og það án tillits til þess, hvort um er að ræða mjólk, sem framleidd er á þeim svæðum, sem hafa aðstöðu til þess að senda mjólk daglega inn á sölustaðinn; því að þetta nær til allrar mjólkur, sem flutt er til samsölunnar, hvort

sem hún er framleidd fyrir vestan eða austan fjall. Það sjá allir, hver geysimunur er á þessu ákvæði gagnvart mönnum, sem búa utan sölusvæðisins eða utan kaupstaðar. Þeir, sem búa í kaupstöðum, eiga að fá 1 eyri fyrir lágmarksmjólkurmagn allt árið, en þessir menn fá 1 eyri á það magn, sem þeir selja 3 mánuði ársins, og þá mánuði ársins, sem þeir undir venjulegum kringumstæðum flytja minnst af mjólk til kaupstaðanna. Mér finnst þarna kenna ærins misræmis, þegar um er að ræða þau hlunnindi, sem felast í þessari 1 eyris uppbót, sem skiptist á milli framleiðenda. Ég fyrir mitt leyti vil alls ekki ganga inn á viðbót við þau hlunnindi, sem kaupstaðirnir hafa fengið og nú er verið að færa út með ákvæðum, sem hér liggja fyrir, fyrst og fremst með því, að þeir megi draga frá ½ lítra á hvern heimilismann, og í öðru lagi með brtt., sem hér liggur fyrir um það, að þeir menn, sem selt hafa til samsölunnnar og orðið að borga í verðjöfnunarsjóð af 3000 árslítrum á hverja kú, þurfi ekki að borga svo mikið, heldur eins og t. d. á Akureyri ekki nema af 2700 l., og ég efast um, að það sé hærri meðalnyt hér í Reykjavík, en ég skal þó ekki fullyrða um það. Það sjá allir, að þau ákvæði, sem nú gilda í þessu efni, eru ekki ósanngjörn miðað við þau verulegu hlunnindi, sem kaupstaðirnir fá að því er þetta snertir. Við í minni hl. höfum lagt til í okkar brtt., að það sé farið með þetta á sama grundvelli, sem um langt árabil var búið að framkvæma þetta á hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, sem sé að fyrir það mjólkurmagn, sem framleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu leggja inn í samsöluna og geta tryggt til sölu og selja allt árið jafnt, skal þeim greiddur 1 eyrir umfram jöfnunarverð til framleiðenda, og skuli þessi uppbót greiðast úr verðjöfnunarsjóði eftir á um áramót. Með þessu móti má ná þessum tilgangi, sem lá á bak við þetta áður og þótti reynast vel, og það er sanngjarnt, að þetta ákvæði nái til allra, sem hafa aðstöðu til þess að senda mjólk til samsölunnar, með þeim takmörkunum, sem nú eru um þetta efni.

Ég vil vænta þess, að hv. d. geri ekki upp á milli manna, hvort sem þeir framleiða mjólkina í kaupstað eða annarsstaðar á verðjöfnunarsvæðinu, þar sem annars er möguleiki fyrir því að senda daglega mjólk á sölustaðinn. [Frh.]

Forseti (JörB): Þar sem ég býst við, að fundur í Sþ. standi til kl. 7 og ég hefi hugsað mér að halda fundi áfram í hv. d., fresta ég fundi til kl. 8 í kvöld. [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen) [frh.]: Ég var kominn að því áðan, þegar fundi var frestað, að minnast hér á brtt., sem við minni hl. landbn. berum fram, að eftir 3. gr. mjólkurlaganna komi ný gr., sem felur í sér að afla verðjöfnunarsjóði nokkurra tekna fram yfir það, sem honum ber gegnum verðjöfnunarsjóðsgjaldið af mjólkinni. Og er það með tvennum hætti, sem við viljum auka tekjur hans, sem sé með því að leggja innflutningsgjald, sem nemi allt að 5 aurum á hvert kg. af innfluttu kjarnfóðri, þ. e. a. s. kjarnfóðri, sem flutt er inn á verðjöfnunarsvæðið. Í öðru lagi með því að afla verðjöfnunarsjóði tekna með því að komið sé á fót þurrmjólkurvinnslu, og að það verði gert að skyldu að blanda mjólk í öll brauð í brauðgerðarhúsum á verðjöfnunarsvæðinu. Með þessum hætti ætti að mega afla verðjöfnunarsjóði nokkurra viðbótartekna, og þá líka hamla nokkuð upp á móti því, að af þessu fyrirkomulagi leiði það, að verðið jafnist svo mikið niður á við, ef mikil aukning yrði á mjólkurframleiðslunni, að lítt yrði við hlítandi fyrir þá, sem eiga að byggja sína búskaparafkomu á mjólkurframleiðslunni. Ég hefi náttúrlega engar tölur um þetta, hvað mikilla tekna sé hægt að afla verðjöfnunarsjóði með þessum hætti, en hinsvegar má fullkomlega gera ráð fyrir því, að með þessum ákvæðum mundi vera létt allmikið undir með það, að hægt væri að bæta verð mjólkurinnar allmikið meir en hægt yrði að gera án þess að miður færi á öðrum stöðum, með því ákvæði einu, að verðjöfnunarsjóður fái ekki aðrar tekjur en verðjöfnunarsjóðsgjaldið af mjólkinni. Við höfum í þessari brtt. einungis gert ráð fyrir innflutningsgjaldi af því kjarnfóðri, sem flutt er inn á verðjöfnunarsvæðið, svo að aðrir en þeir, sem hafa einhverra hagsmuna að gæta, verða ekki skattlagðir í þessu augnamiði, svo að neinu verulegu nemi. Jafnframt þessu höfum við reynt að búa svo um þá hnúta, að það þurfi ekki að verða neinn árekstur á framkvæmd þessara ákvæða, með þeim ákvæðum, sem við höfum sett inn í okkar brtt. að þessu lútandi. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að um innflutningsgjald sé einungis að ræða á þeim svæðum, þar sem verðjöfnunarsjóður er. En á hinum falli það niður, t. d. eins og ég ætla, að muni vera á verðjöfnunarsvæði Akureyrar. Og ætti þetta þá ekki að rekast á við skiptingu verðjöfnunarsvæða.

Um hitt ákvæðið, um þurrmjólkurvinnslu og að blanda þurrmjólk í brauð, liggur nú fyrir Alþingi, og það einmitt fyrir þessari hv. deild, till. um það, að komið sé á fót þurrmjólkurvinnslu í landinu, án þess að nokkuð sé tekið fram um það, eða það sé nokkuð tengt við mjólkurlögin, sem nú eru í gildi hjá okkur. Að farið verði að nota mjólk í brauð, er náttúrlega til mikilla bóta, og hagnýta þannig svo og svo mikinn hluta af mjólk, sem annars er lítið verðmæti, eins og t. d. undanrennan. Hinsvegar virtist okkur flm. þessara brtt., að þá væri rétt að tengja þetta nokkuð nánar við mjólkurlögin eða framkvæmd þeirra, þannig, að gert yrði ráð fyrir í þessu sambandi, að stofna til þess að vinna þurrmjólk, jafnframt því sem fyrirskipað er að nota mjólk í brauð í öllum brauðgerðarhúsum á verðlagssvæðinu, og að það væri skýrt tekið fram, að allar tekjur, sem af þessu hlytust, rynnu einmitt í verðjöfnunarsjóð. En í frv., sem liggur fyrir, er ekkert ráð fyrir þessu gert, heldur alveg óákveðið um þetta, og virtist okkur því réttara að tengja þetta mál einmitt með þessum hætti við mjólkurlögin, eins og við höfum gert í brtt. Það getur ekki verið álitamál, að hér sé að ræða um mikinn ávinning fyrir framleiðendur, að það verði tekið upp að blanda mjólk í brauð, og á með þessum hætti

að vera hægt að afla aukins markaðar fyrir mjólk og koma á þennan hátt þessari kjarngóðu fæðu einmitt til notkunar í nokkuð verulega stærri mæli heldur en nú er, með því að þetta sé upp tekið. Þá er ennfremur í okkar brtt. ákvæði um það, að kveða alveg skýrt á um það í lögum, að framleiðendur fái í sínar hendur alla framkvæmd, er snertir sölu mjólkur, og þeir ráði beinlínis, hvaða menn það eru, er skipa þá stjórn, sem hefir með höndum sölu og dreifingu mjólkurinnar.

Eins og tekið var fram við 2. umr. þessa máls, er framkvæmd þessara mála í höndum mjólkursölun., og er bráðabirgðaákvæði í lögum, og við teljum rétt, úr því að það liggur fyrir að breyta lögunum, að taka upp ákvæði um þetta efni. Hefir verið um tilhögun á stjórn og framkvæmd mjólkursölunar farið eftir þeim till., sem komið hafa frá fulltrúum mjólkurbúanna, og verið samþ. á fundum þeirra um þetta efni, þannig, að mjólkurbúin tilnefni þessa menn, og að það sé tilnefndur einn maður frá hverju mjólkurbúi, með þeim undantekningum þó, að 2 mjólkurbú, sem langsamlega hafa yfir mestu mjólkurmagni að ráða, tilnefni hvort fyrir sig 2 menn í stjórn samsölunnar.

Í sambandi við þessar till. höfum við gert brtt. um það, að niður falli e-liður í 9. gr. Það er bein afleiðing af þessari breyt., og sömuleiðis ákvæði um stundarsakir, sem þá er alveg óþarft, þegar búið er að slá föstu, hvernig stjórnin skuli skipuð.

Ég vil nú vænta þess að hv. d. ljái þessum till. okkar fylgi sitt og þær verði samþ. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, fyrr en þá ef tilefni gefst til þess síðar.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson): Mig langar að gera hér nokkrar aths. við það, sem fram kom hjá hv. frsm. minni hl., bæði það, sem hann fór inn á brtt. meiri hl., og það, sem hann sagði í sambandi við brtt. minni hl., sem fram hafa komið síðan í dag að ég talaði. Hann hóf mál sitt á því, að hann hefði óskað eftir því við 2. umr. þessa máls, að samvinna gæti orðið í landbn. milli meiri og minni hl. um þær till., sem fram yrðu bornar. Þetta er að vísu rétt, en ég þarf ekki að geta þess, þó það sé nú rétt í sambandi við þetta, að þingdm. er kunnugt um, að síðan þær umr. fóru fram, hefir ekki gefizt kostur á því að halda neinn deildarfund. Fundir n. eru milli kl. 5 og 6, en síðan farið var að halda kvöldfundi, hefir ekki verið unnt að kalla saman nefndarfund. Og í öðru lagi vegna þess, að ég gerði talsverða tilraun til þess að ná í þm. Borgf. til samkomulags og ræða um þessa brtt. minni hl., en mér tókst það ekki fyrr en í morgun, áður en ég setti þær í prentun. Þannig er það ekki af því, að ég hafi forðazt samvinnu og samtal við hv. minni hl. n. Hinsvegar er ekki víst, að við hefðum orðið sammála um allar okkar till., þó að okkur hefði gefizt tími til að ræða málið saman.

Þá skal ég minnast á nokkur atriði, sem hv. þm. kom inn á í sambandi við mál mitt á fundinum í dag. Ég held það hafi verið af vangá hjá honum, eða hann hefir ekki tekið eftir því, þegar ég við 2. umr. þessa máls tók það fram, að verðmunur milli vinnslubúa og sölubúa yrði sem mismun á flutningskostnaði næmi, þ. e. að ég ætla 3 til 4 aurar, og hefi ég byggt mína útreikninga á því.

Þá fetti hv. þm. fingur út í það, að í till. okkar meiri hl. væri gert ráð fyrir því, að þessi flutningskostnaður reiknaðist sem mest eftir hinum raunverulega kostnaði, og fannst óþarflega hæversklega til orða tekið, að það væri ekki allur raunverulegur flutningskostnaður, sem lagður væri til grundvallar, heldur sem næst honum. Það er af því, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að hann sé ákveðinn fyrirfram, svo menn fyrirfram viti, að hverju er að ganga, heldur fara eins nærri honum og unnt er. Ég býst við, að aldrei verði hægt að sjá flutningskostnað út í öllum einstökum atriðum eins og hann hefir verið breytilegur, svo sem mönnum er kunnugt.

Þá skal ég víkja að brtt. minni hl. n. Ég efast nú ekki um, að honum hafi gengið gott eitt til með þeim brtt., sem hann leggur hér fram, en mér virðist, að sá sameiginlegi galli sé á a. m. k. öllum höfuðbrtt., að þær séu illframkvæmanlegar, og skal ég reyna að færa þeim orðum mínum stað. — Fyrsta brtt. hljóðar svo: „Við ákvörðun gjaldsins skal þó tekið hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við mjólkurframleiðsluna á hinum ýmsu stöðum innan verðjöfnunarsvæðis, og má aldrei hækka það svo, að ofboðið sé með því greiðslugetu framleiðenda í nokkru byggðarlagi á verðjöfnunarsvæðinu ...“. Ég býst við, að flestum muni reynast það nokkuð erfitt að meta það fyrir hvert framleiðslusvæði fyrir sig, hvað þetta verðjöfnunargjald megi vera hátt, til þess að greiðslugetu framleiðenda sé ekki ofboðið. Ég býst við, að það muni reynast mjög erfitt og að niðurstaðan yrði sú, að verðjöfnunargjaldið yrði að vera mjög mismunandi á hinum ýmsu svæðum, því að við vitum það, að jafnvel á sölusvæðinu til Reykjavíkur er framleiðslukostnaðurinn mjög mismunandi. Ef þessu ákvæði ætti því að fylgja út í yztu æsar, þá yrði að vera t. d. annað verðjöfnunargjald í Kjósinni heldur en á Kjalarnesi og Mosfellssveit, og annað uppi í Borgarfirði. Ég efast líka um, að nokkur muni vilja taka það að sér að reikna þetta út, því að vafalaust yrði mikið þref um það, hvort sá útreikningur væri sannleikanum samkvæmur eða ekki. — Svo vildi ég líka minnast á annað í sambandi við þessa brtt. Þar stendur sem sé, að aldrei megi hækka verðjöfnunargjaldið svo, að ofboðið sé með því greiðslugetu framleiðenda í nokkru byggðarlagi. En það er ekkert talað um það, að ekki megi lækka svo verðjöfnunargjaldið, að greiðslugetu manna sé ofboðið. Við verðum að aðgæta það, að bæði hækkun og lækkun á verðjöfnunargjaldinu hefir mjög mikil áhrif á hina einstöku framleiðendur. Hagur þeirra, sem selja mjólkina nýja og greiða verðjöfnunargjaldið, batnar, ef gjaldið er lágt, en hagur hinna, sem verða að láta vinna úr mjólkinni, versnar að sama skapi sem gjaldið lækkar. — Ég bendi á þetta sem dæmi um það, hve hér er mjög einstrengingslega sett fram krafa þeirra, sem hag hafa af því, að þetta gjald

sé sem lægst, en ekkert tillit tekið til hinna, sem eiga alla sína hagmuni undir því, að gjaldið sé hátt. Hér verður vitanlega að sigla milli skers og báru, og ég sé ekki, að hægt sé að finna neina réttlátari leið en þá, að gera öllum jafnhátt undir höfði með það að nota markaðinn, eftir því sem eðlilegar ástæður leyfa, með þeim takmörkunum einum, sem því eru samfara, að menn búa mismunandi langt frá markaðsstaðnum. M. ö. o., að flutningsgjaldið eitt hafi áhrif á það, hvað menn fá mikið út úr sinni framleiðsluvöru. En matið samkv. 1. lið 1. brtt. er svo flókið, að ég sé ekki nokkra leið til þess að framkvæma það.

Þá vil ég aðeins minnast á c-lið þessarar sömu brtt., sem er umorðun á 6. gr. frv., og er á þá leið, að allir framleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu, sem leggja mjólk sína inn í samsöluna, skuli njóta eins eyris uppbótar fyrir þá mjólk, sem þeir hafa að meðaltali allt árið, eða m. ö. o. fyrir það mjólkurmagn, sem er jafnt því, sem þeir hafa minnst yfir árið. Hv. þm. Borgf. talaði töluvert um þetta ákvæði og fannst þetta mundi verða hagkvæmara heldur en það, sem meiri hl. leggur til, sem sé að ætla mönnum eins eyris uppbót fyrir þá mjólk, sem þeir leggja inn 3 haustmánuðina, okt.—des. En ég held, að þetta sé alveg öfugt við það, sem hv. þm. vill halda fram, og hann mundi reyna það, ef hann framkvæmdi báðar þessar leiðir, að það er miklu erfiðara og dýrara að haga mjólkurframleiðslunni þannig, að náð sé einhverri jafnri framleiðslu allt árið, heldur en að koma miklu af henni á 3 mánuði. Og ég er alveg sannfærður um það, að bændur myndu fá meira fyrir sína mjólk, ef þeir neyta þess að fá eins eyris uppbót fyrir 3 mánuði, heldur en með því að fá eins eyris uppbót fyrir meðaltalsmjólkina. Ég segi þetta ekki heldur út í bláinn, vegna þess að ég og fleiri bændur hér í nágrenni Reykjavíkur hafa reynt þetta. Þetta ákvæði var fyrst lengi vel í reglugerð Mjólkurfélags Reykjavíkur, að menn ættu að fá uppbót fyrir það mjólkurmagn, sem þeir hefðu jafnt allt árið, en Mjólkurfélagið hvarf frá þessari reglu yfir í það að borga meira yfir haustmánuðina, sem hvorttveggja stefnir að því sama, þ. e. að „stimulera“ mjólkurframleiðsluna á þeim tímum árs, sem venjulega er minnst af henni og dýrast að framleiða hana. Og ég verð að segja það, að seinni reglan verkaði engu síður á það að auka við haustframleiðsluna, því að það er nú miklu hægara fyrir framleiðendur að nota sér þá reglu heldur en hina. Hv. þm. verður nefnilega að athuga það, að þó að greiða eigi þetta eyris gjald allt árið, þá verður undir flestum tilfellum ekki nema nokkur hluti ársframleiðslunnar, sem kemst undir þetta ákvæði. Mér þykir gott, ef meðalbændur ná meiru en ¼ af sinni framleiðslu undir þetta ákvæði, þ. e. a. s., að meðaltalsmjólkin verði meira en ¼ af ársframleiðslunni. En ég er sannfærður um það, að hægara er að ná þessum ¼ af ársnytinni á þessum ársfjórðungi, þ. e. okt., nóv. og des., þannig að það er langt frá því, að þeim sé í vilnað, sem komast undir þetta meðaltalsákvæði, fram yfir þá, sem fá eins eyris uppbót á 3 mánuðum. Og auk þess er þetta í fullu samræmi við reynslu Mjólkurfél. Rvíkur, sem hvarf frá meðaltalsákvæðinu yfir í uppbótarákvæðið fyrir vissa mánuði.

Þá var það annað, sem hv. þm. Borgf. fann þessu ákvæði til foráttu, nefnil. að uppbótarákvæðið yfir haustmánuðina næði líka til vinnslubúanna, þ. e. a. s. til þeirrar mjólkur, sem þau koma með á þessu tímabili, ef ekki er næg mjólk fyrir hendi hjá sölubúunum. En hvað gæti komið til þess, ef bændur yfirleitt notuðu sér ekki þetta ákvæði og framleiddu ekki næga mjólk fyrir markaðinn, til þess að fá þessa eins eyris uppbót? Það væri vitanlega vegna þess eins, að þeim þætti svo dýrt að auka framleiðsluna á þessu tímabili, að þeim fyndist það ekki borga sig fyrir þennan eina eyri. En ef það er svo, að bændum á sölusvæðinu þætti of dýrt að auka framleiðsluna með eins eyris viðbót á þessu tímabili, hvaða sanngirni er þá í því, að þeir, sem selja til vinnslubúanna, fái ekki þessa uppbót líka? Því að það er vitanlega líka dýrara fyrir þá að framleiða mjólk á þessu tímabili, og eiga þeir því sömu heimtingu á að fá þessa uppbót. Mér þætti það einkennilegt, að ef bændur í nágrenni Rvíkur vildu ekki nota sér af þessu uppbótarákvæði, þá ættu bændur úr Borgarfirðinum, sem hlaupa yrðu í skarðið, ekki að njóta þessa eina eyris, sem hinum þætti of lítið. Ég gæti ekki séð neitt réttlæti í því.

Hv. þm. Borgf. var mikið að tala um það, að bændur á bæjarlandinu mættu ekki vera rétthærri en aðrir bændur, sem seldu til búanna. Og ég skal játa, að mér þykir það nokkur galli á þessu frv., að ekki skuli vera hægt að ganga þannig frá því, að allir séu jafnréttháir um mjólkursöluna, með þeirri takmörkun einni, sem fjarlægðir og önnur náttúrleg skilyrði setja. En mér finnst það fara illa í munni hv. þm. Borgf. að fjargviðrast yfir því, að bændur á bæjarlandinu séu hærra settir heldur en hinir, þar sem það er undirstaðan í hans máli, að bændur í nærsveitunum eigi að vera hærra settir heldur en bændur í fjarsveitunum.

Þá skal ég koma inn á brtt. hv. minni hl. um fóðurbætisgjaldið. Þar stendur svo: „Af öllu innfluttu kjarnfóðri á verðjöfnunarsvæði skal greiða innflutningsgjald, er renni í verðjöfnunarsjóð svæðisins, og nemi það 5 aur. á hvert kg. Ef ekki er verðjöfnunarsjóður á svæði, fellur gjaldið niður.“ Um þessa brtt. vil ég segja það sama og þá fyrstu, að ég sé ekki vel, hvernig á að framkvæma hana. Ég sé ekki, hvernig á að finna það út, hvað af því fóðurmjöli, sem flutt er inn á verðjöfnunarsvæði Rvíkur og nágrennis, er notað á þessu svæði, því að mikið af því fóðurmjöli, sem flutt er til Rvíkur, er aftur flutt út á land. En svo er annað í þessu sambandi, sem við verðum að athuga, sem sé, að þegar farið er að skattleggja fóðurmjöl, þá gæti vel farið svo, að bændur færu að nota rúgmjöl í staðinn fyrir mais til fóðurbætis, og ómögulegt er að hafa aðgæzlu á því, hvað af rúgmjölinu er notað til manneldis og hvað til fóðurs, og svo félli það vitanlega undan skattinum. Ennfremur vil ég benda á það, að ef ég t. d. tek verðjöfnunarsvæðið í Borgarfirði, Mýra- og Snæfellsnessýslu, þá er það ekki óhugsandi, að bændur á því svæði færu til Stykk-

ishólms og keyptu þar fóðurbæti, og yrði þá að gera sérstaka skrá yfir það, hvaða fóðurbætir færi frá Stykkishólmi inn á verðjöfnunarsvæðið. Og í þriðja lagi vil ég benda á það, að mér finnst það ekki réttmætt, að á þennan hátt yrðu skattlagðir vegna mjólkurframleiðenda bændur, sem alls ekki ná til búanna og auðvitað — sérstaklega þegar verðið er lágt á sauðfjárafurðum — eru miklu verr settir heldur en hinir, sem framleiða mjólk til sölu. Það er vitanlega ekki hægt að sjá, hvað af fóðurbætinum er notað fyrir kýr og hvað fyrir fénað, þannig að sauðfjárræktarbændur, sem eru þannig settir, að þeir hafa engin not af mjólkurbúunum, verða skattlagðir fyrir þessa menn, sem undir mörgum kringumstæðum eru betur settir heldur en þeir sjálfir. Gagnvart þessum mönnum álít ég, að kæmi fram ranglæti, ef þetta yrði samþ. En hitt skal ég taka fram, að meginhlutinn af þessum skatti kæmi frá mjólkurframleiðendum í nágrenni við bæina, því að þar er vitanlega kjarnfóðrið mest notað, m. ö.-o., að skatturinn kæmi aðallega niður á þeim sömu mönnum, sem greiða verðjöfnunargjaldið. Þeir slyppu að vísu með minna verðjöfnunargjald, en kostnaðurinn yrði þeim mun meiri á fóðurvörunum. Ég get því ekki séð, að þeir, sem hjálpa á með þessu ákvæði, verði neitt betur settir, síður en svo. — Af þessum ástæðum, sem ég hefi nú nefnt, get ég ekki fylgt þessari till. um kjarnfóðrið. Ég álít, að hún sé ýmist ranglát, óframkvæmanleg eða komi ekki að þeim notum, sem til er ætlazt.

Um þurrmjólkurtill., sem hv. minni hl. flytur með brtt. sínum, er það að segja, að ýmislegt mælir að vísu með því, að sá háttur sé upp tekinn, sem þar er gert ráð fyrir. En nú liggur fyrir þessu þingi sérstakt frv. um framleiðslu á mjólkurdufti og blöndun í brauð, og ég sé ekki betur en að öll aðalatriði brtt. n. séu í þessu frv., sem mér finnst því rétt að afgr. eins og það liggur fyrir.

Að síðustu vil ég minnast á brtt. minni hl. um skipun stjórnar samsölunnar. Ég er hv. þm. Borgf. alveg sammála um það, að æskilegast er, að þessi mál komist á þann rekspöl, sem upphaflega var hugsað, að bændur taki stjórn þessara mála í sínar hendur. En eins og togstreitan í þessum málum hefir verið til þessa, þá verður að viðurkenna, að það er nauðvörn að hafa stjórnina skipaða á þennan hátt, sem verið hefir. En hitt vil ég segja, að ef þær breyt. á mjólkursölulögunum, sem hér liggja fyrir í þessu frv., verða samþ., þá er kippt burtu aðalágreiningsefninu og ásteytingarsteininum úr framkvæmd þessa máls, og ég treysti því, að þá hljóti svo að fara, að fullt samkomulag geti orðið milli bænda um stjórn samsölunnar eftir ákvæðum núgildandi l., án nokkurra breyt. Því tel ég ekki þörf á því að taka upp ný ákvæði um skipun stjórnarinnar.

Ég hefi þá farið nokkrum orðum um helztu atriðin í brtt. hv. minni hl., en ég skal geta þess, að ég hefi ekki getað borið mig saman við landbn. sem heild, þannig að það, sem ég hefi hér sagt, er meira út frá mínu eigin brjósti heldur en fyrir hönd. n.

Ég vil þá að lokum geta þess um brtt. hv. 2. þm. Rang., að ég tel sjálfsagt að samþ. hana og reikna það frekar sem vangá heldur en viljaleysi, að n. tók hana ekki upp.

*Jón Pálmason: Ég þykist nú vita, að það sé meiningin að gera þetta frv., sem hér liggur fyrir, að l. á þessu þingi með þeim breyt., sem fyrir liggja frá meiri hl. n. En þrátt fyrir það vil ég ekki láta málið fara svo út úr þessari d., að ég ekki segi um það nokkur orð almennt séð. — Það hefir nú gengið svo til með þetta mjólkurmál, að síðan ég komst á þing hefir það legið fyrir á hverju einasta ári í einhverri mynd, og mætti því ætla, að við, sem setið höfum á öllum þessum þingum, værum farnir að kynnast nokkuð þeirri deilu, sem um það hefir staðið. Hvað mig snertir, þá stend ég vel að vígi með að tala um þetta mál sem almennt landsmál, því að mínir hagsmunir og minna kjósenda hafa fram til þessa verið utan við þær deilur, sem um það hafa staðið, og vildi ég því fara um það örfáum orðum frá því sjónarmiði, því að hér er auðsjáanlega til þess ætlazt, að gengið sé lengra en áður inn á þá braut, sem byrjað var á með mjólkurlögunum, þegar þau upphaflega voru sett.

Það hefir oft verið að því vikið, og nú seinast töluvert við 2. umr. þessa máls, að við sjálfstæðismenn á Alþ. hefðum sýnt þessu máli andúð, en það er með öllu rangt. Deilan hefir aldrei staðið um það, hvort hér ættu að vera mjólkurlög eða ekki, hvort borga ætti verðuppbót til þess að jafna verðið o. s. frv., heldur um allt annað. Hún hefir staðið um það, hvernig ætti að haga stjórn þessara mála, og í annan stað, hvað langt ætti að ganga í því að jafna verðinu milli hinna einstöku framleiðslusvæða, en þó hefir deilan staðið fyrst og fremst og harðast um það, sem hafa verið framkvæmdaratriði á þessu sviði. Út í þetta skal ég ekki fara miklu nánar, en ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að mótmæla því sem algerlega röngu, að við sjálfstæðismenn höfum sýnt því andúð að koma heilbrigðu skipulagi á þessa hluti.

En það er eitt slagorð, sem upp hefir verið tekið í sambandi við þá deilu, sem staðið hefir á þessu og hinum síðustu þingum um enn frekari verðjöfnun en áður hefir verið, sem sé það, að sama verð skuli vera á sömu vöru á sama stað. Og ég hefi heldur engan heyrt mótmæla því, að þetta ætti svona að vera, enda held ég, að deilan standi alls ekki um það. Deilan hlýtur eðlilega að standa aðallega um hitt, hvaða breytingar eru gerðar, þegar vara, sem unnin er úr mjólk, kemur í allt annari mynd á markaðinn heldur en hún upphaflega var í. Nú kemur það í ljós samkv. grg. þessa frv., að síðan þessi l. voru sett, hafa hlutföllin milli vinnslumjólkur annarsvegar og neyzlumjólkur hinsvegar raskazt svo gífurlega, að verðjöfnunargjaldið hrekkur ekki líkt því til þess að skapa fullan jöfnuð. Líkur eru til, að þetta hlutfall breytist meira, ef lengra er farið inn á þá braut að hafa verðuppbótina misjafna. Þó sjálfsagt sé að hafa verðjöfnunargjaldið hærra á þá mjólk, sem hefir hagkvæma markaði, þá er samt vafasamt, hve langt á að ganga. Líklegt er, að eftir að neyzlumjólkin hefir minnkað í hlutfalli við vinnslu-

mjólkina, verði verðjöfnunargjaldið hærra, og þá eru meiri líkur til, að búskapur, sem byggir á neyzlumjólk, geti ekki borið sig. Það er þýðingarmikið að hugsa þá hugsun til enda, hvaða afleiðingar það hefði í framleiðslu okkar í heild, ef þessi regla yrði upp tekin. Ég sagði áðan, að mér væri það ljóst, að ef þessi regla yrði upp tekin, yrði hún að vera viðtækt notuð. Segjum nú, að sú regla yrði tekin upp, að greiða framleiðendum sama verð fyrir mjólkina, í hverri mynd sem hún er sett á markaðinn, hvort sem unnið er úr henni eða hún seld beint sem neyzlumjólk. Þá getur endirinn ekki orðið annar en sá, að þetta fyrirkomulag hljóti að ná um allt landið. Ég vona, að hv. þm. sé ljóst, að þetta verður afleiðingin, ef framkvæmdin á að geta orðið sjálfri sér samkvæm. En þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé eins sanngjarnt að færa þetta fyrirkomulag yfir á aðrar framleiðsluvörur, t. d. að hafa sama verð á kjöti, hvar sem það er framleitt á landinu og í hvaða mynd það er sett á markaðinn, og verðinu jafnað milli þess, sem nýtt er selt, og þess, sem er selt niðursoðið. Það yrði sama fyrirkomulagið og hér á að setja á mjólkursöluna. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu heppilegt slíkt skipulag væri. En mér finnst fullt samræmi í því, eigi að bæta úr verðminni mjólkurvörum með því að taka af þeim verðmeiri. Það væri réttast, að þeir, sem sitja að Reykjavíkurmarkaðinum, borguðu svo hátt verðjöfnunargjald til okkar hinna, sem seljum á erlendum markaði, að hægt væri að jafna verðinu um allt land.

Ef farið verður inn á þá braut, sem frv. fer fram á, væri athugandi, hvort skipulagið ætti ekki líka að ná yfir þá mjólk, sem seld er í smærri kauptúnum; annars gætu þeir seljendur fengið hærra verð en aðrir fyrir sína mjólk.

Ég vil þá minnast á þau aðalatriði, sem uppi hafa verið í sambandi við þetta mál, og þá fyrst og fremst það, hverjir eigi að stjórna þessum málum. Sjálfst.menn hafa alltaf haldið því fram, að það væru framleiðendur sjálfir, sem ættu að stjórna þessum málum. Það er nú svo, að ég er samvinnumaður, hvað sem öðrum þóknast að kalla mig, og einn af merkari þáttum samvinnunnar hér á landi er einmitt samtökin um vinnslu og sölu á framleiðsluvörum lands og sjávar. En hér hefir það gerzt á undanförnum árum í mjólkurmálinu, að farið hefir verið út fyrir takmörk hinnar eðlilegu samvinnu, og ríkisvaldið látið skipa málunum. Það er sama sagan og um fiskinn. Þar var sett upp stjórnskipuð nefnd til að segja þeim mönnum fyrir verkum, sem framleiðendur sjálfir höfðu kosið sem forsvara sína. Þetta er mjög óheppileg aðferð að mínum dómi.

Ég skal þá víkja að þeirri brtt., sem ég og hv. þm. Borgf. flytjum við þetta frv. Ég skal taka það fram, að mín afstaða til frv. er sú, að það eigi ekki að ná fram að ganga. En með brtt. okkar tel ég þó, að það sé fært til betra horfs. Frsm. meiri hl., hv. þm. Mýr., sagði, að þessi brtt. væri léttvæg. Ég skal ekki svara því með mörgum orðum, en víkja að því, sem vakir fyrir okkur flm. með till. Hvað það snertir, sem sagt hefir verið um fyrstu brtt. okkar, um að ekki megi ákveða verðjöfnunargjaldið svo hátt, að það ofbjóði greiðslugetu gjaldenda, og að við ákvörðun gjaldsins eigi að taka tillit til mismunandi framleiðslukostnaðar innan sama verðjöfnunarsvæðis, skal ég viðurkenna, að það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að framleiðslukostnaður getur verið mismunandi í sömu sýslu, en ekki er hægt að gera ráð fyrir, að löggjöfin geti tekið til greina svo nákvæman mismun á framleiðslukostnaðinum. Þegar nú á t. d. að leggja þungan skatt á bændur hér í Gullbringu- og Kjósarsýslu til verðjöfnunarsjóðs, þá yrði að miða við það, sem ætla mætti, að væri meðaltalsframleiðslukostnaður í þeim sýslum. Það getur svo verið upp og ofan, hve réttlátt það meðaltal er. En Búnaðarfélagi Íslands, sem hér á að fjalla um, er vel trúandi til þess að fara sem næst sanni. — Hv. þm. Mýr. sagði í þessu sambandi, að farið gæti svo, að verðjöfnunargjaldið færi niður í ekkert, og væri þá ofboðið aðstöðu þeirra manna, sem taka eiga við verðjöfnunargjaldinu. Samkv. lögunum má hafa þetta gjald 5—8%, og er það álitamál, hvort hægt er að hafa verðjöfnunargjaldið hærra en lög gera ráð fyrir. Um eins eyris uppbótina er það að segja, að það er efamál, hvort hún á nokkur að vera. En ef hún á að vera, þá er ekki sanngjarnt, að uppbót þessi nái bara til takmarka bæjarlóðar Reykjavíkur. Ég lít svo á, að það sé sanngjarnara að hafa það eins og við fórum fram á í brtt. okkar, og mér skildist á hv. þm. Mýr., að hann liti svipað á það mál. Þetta getur ekki orðið erfitt í framkvæmd, ef þær reglur verða um það hafðar, sem við leggjum til. Og réttast er að miða við það meðaltal mjólkurmagns, sem viðkomandi getur selt árið um kring.

Aðrar till. okkar eru um tekjuöflun í verðjöfnunarsjóð þann, sem hér er um að ræða. Ég get ekki fallizt á rök hv. þm. Mýr. hvað fóðurbætinn snertir. Það er tvímælalaust heppileg leið til þess að ná fé í verðjöfnunarsjóðinn, að leggja toll á innfluttan fóðurbæti, af þeim orsökum, að hið opinbera á ekki að ýta undir mjólkurframleiðslu, sem fyrst og fremst er byggð á erlendum fóðurbæti. Ég tel mjög heppilegt, að á þennan hátt verði aflað tekna í verðjöfnunarsjóð handa þeim mönnum, sem byggja framleiðslu sína á innlendu fóðri. Um framkvæmdaratriði þessa ákvæðis verður að fjalla í reglugerð, sem landbúnaðarráðh. gefur út. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Mýr. sagði, að vel gæti farið svo, að þessi fóðurbætistollur lenti á þeim, sem nú eiga samkv. lögum að greiða hæst verðjöfnunargjald, er það að segja, að þetta mun verða mjög misjafnt í hinum einstöku sveitum, og algerlega fara eftir því, hvort hlutaðeigandi byggir framleiðslu sína á jarðrækt eða aðkeyptum fóðurbæti.

Viðvíkjandi brtt. um þurrmjólkina er það að segja, að líkur eru til, að á þessu þingi verði samþ. lög um þurrmjólkurvinnslu, og því vafasamt, hvort rétt er að blanda því ákvæði inn í lögin um meðferð og sölu mjólkur og rjóma. Ýmislegt mælir með því, en ýmislegt á móti. Með þessu móti er hægt að fá allmikið fé í verðjöfnunarsjóð, og það veitir ekki af miklu fé.

Ég mun þá ekki hafa þessi orð min fleiri, en ég tel vafasamt, hvort rétt sé að samþ. frv. þetta eins og það er nú. Verði farið inn á þessa braut, má búast við, að það hafi viðtækar afleiðingar á allt skipulag afurðasölunnar innanlands.

Jakob Möller: Ég hefði óskað, að hér hefðu verið viðstaddir fleiri af þm. Alþfl., þar sem þeir telja sig öðrum fremur eiga að gæta hagsmuna þeirra, sem búa í bæjunum við sjávarsíðuna og kaupa þær vörur, sem hér er um að ræða. Mér skilst, að hagsmuna þeirra manna sé ekki sem bezt gætt í frv. þessu, sem nú mun orðið samkomulag um milli stjórnarflokkanna, að nái fram að ganga. Þessari skoðun til stuðnings má geta þess, að þegar frv. var sýnt hér áður á Alþ., var vitanlegt, að Alþfl. var því andvígur. Nú hefir flokkurinn fallizt á að afgreiða það ásamt Framsfl., til þess að fá að hanga áfram í stjórninni. Ég skil ekki í öðru en að afleiðingin af samþ. þessa frv. verði sú, að mjólkurverðið til neytenda, bæjarbúanna, hækki stórum. Um það þarf ekki að deila, enda viðurkennt af hv. frsm. meiri hl., að landbúnaður í nágrenni Reykjavíkur ber sig svo illa, að það kemur ekki til mála, að hann fái staðizt þá verðlækkun sölumjólkurinnar, sem af því hlytist, ef fullkominn verðjöfnuður, eins og frv. fer fram á, yrði framkvæmdur, þá yrði aðeins um tvennt að tefla, að nærsveitir Reykjavíkur legðust í eyði, því að ekki er víst, að hægt yrði að breyta búnaðarháttum svo, að koma upp annari framleiðslu en mjólkurframleiðslu. Og mjólkurverðið mundi hækka, þegar mjólkurframleiðslan í nærsveitunum legðist niður. Það er augljóst mál, að jafnskjótt og það sýnir sig, að búskapurinn ber sig ekki, verður útsöluverð mjólkurinnar hækkað. Ég furða mig á því, að hv. þm. Alþfl. skuli hafa fengizt til að fylgja þessu frv. Hitt er skiljanlegra, að Framsfl. víli ekki fyrir sér að setja löggjöf sem þessa.

Forystumenn Framsfl. eru þekktir að því að búa til sniðug spakmæli, þegar þeir eru að koma mestum rangindum inn í löggjöf landsins. Frægt er spakmælið um „tvöfalda skattinn", en það var gert að allsherjar-þjóðlygi. Bændum var talin trú um það, að ef samvinnufélögin væru látin borga skatt eins og önnur sambærileg fyrirtæki, þá væri þar í rauninni um tvöfaldan skatt að ræða, þó að allir heilvita menn sæju, að skatturinn var bara eins og samskonar og sá skattur, sem hliðstæð fyrirtæki greiddu. En framsóknarmenn prédikuðu þetta svo látlaust, að það tókst að telja fjölda sveitamanna trú um það.

Nú er það áþekk firra, sem á að styðja þau rangindi, sem hér á að lögfesta, nefnilega að það eigi að vera sama verð á sömu vöru á sama sölustað. En hér er alls ekki um það að ræða, heldur á hér að setja sama verð á lakari vöru á öðrum sölustað. Þeir, sem selja vöru sína í búin austanfjalls, eiga að fá sama verð, að frádregnum flutningskostnaði, og þeir, sem selja í Reykjavík. Sölukostnaðurinn er ekki sá sami. En er þá varan sú sama? Er það sama vara, sem flutt er austan undan Eyjafjöllum, og sú mjólk, sem fæst héðan úr Mosfellssveitinni? Vitanlega er það ekki sama varan. Það er önnur og lakari vara, sem búið er að flytja langar leiðir, jafnvel hundruð km., i misjöfnu færi og farartækjum. Þess vegna er hér ekki um að ræða að fá sama verð fyir sömu vöru. Það er um að ræða að fá sama verð fyrir lakari vöru. Ef svo færi, að ekki væri hægt að halda uppi búskap í kingum Rvik, yrði afleiðinginu sú, að bæjarbúar ættu þess engan kost að fá nema lakari vöru fyrir sambærilegt verð og hægt er að fá betri vöru hér. Ég fæ ekki skilið, hvorki afstöðu Alþýðuflokksins, sem er með málinu, né heldur það blygðunarleysi, sem fram kemur hjá flm. þess.

Í þessu sambandi má minna á fleira, sem hnígur að því að íþyngja neytendum í kaupstöðum. Það hefir verið talað um lögskipaða blöndun á þurrmjólk. Fyrir nokkrum árum var mikið um þetta rætt og gerðar áætlanir um kostnaðinn og sýnt fram á, að ef ætti að selja þurrmjólk við verði, sem gæti gefið bændunum nokkuð fyrir sína vöru, þá þyrfti kg. að kosta 1 krónu. Þessari þurrmjólk ætti svo að blanda saman við mjöl í deig og yrði til þess að lækka brauðverðið. Þarna er Alþfl. að níðast á umbjóðendum sínum. (Forseti hringir). Hæstv. forseti má hringja, ég lýsi óhikað mínum skoðunum. Ég vil segja það aftur, að Alþfl. svikur kjósendur sína með fylgi sínu við þetta mál. Þeir hafa ekki boðað kjósendum sínum, að þeir ætli að vinna að því á Alþingi, að nauðsynjavörur hækki í verði. Þetta mál er mesta rangsleitnismálið á þessu þingi. Þeir framleiðendur, sem búa hér utan bæjarlandsins, eru þarna settir í þá aðstöðu að verða að fara á vonarvöl vegna þess að atvinnurekstur þeirra verður svo miklu dýrari en hinna, sem þeir eiga að greiða þennan skatt til. Og þessi aðstaða þeirra er svo til komin, að þeir eiga þar sjálfir enga sök. Jarðir þeirra hafa hækkað í verði vegna legu sinnar. Ef um væri að ræða að bæta þeim upp bara þennan aðstöðumun, t. d. með því að greiða þeim af opinberu fé nokkurn hluta af verðmæti jarðanna, þá væri öðru máli að gegna, en um það er alls ekki að ræða, því að það á blátt áfram að ræna mennina. Og samt er þess að gæta, að engar líkur eru til þess, að þeir, sem þetta er gert fyrir, geti innt af hendi það hlutverk, sem hinir geta innt af hendi, nefnilega að sjá neyzlusvæðinu fyrir mjólk. Ég man, að hv. 1. þm. Rang. sagði frá því við 1. umr., að það hefði komið fyrir, að hægt hefði verið að flytja mjólk austan yfir fjall sömu dagana sem ekki var hægt að flytja hana ofan úr Mosfellssveit, en það er náttúrlega alveg einstætt og mun mjög sjaldan koma fyrir. En ef á að halda opnum veginum að austan í hörðum vetrum, þá mundi sannast, að kosta þyrfti miklu til af opinberu fé til þess að tryggja mjólkurflutningana.

Vegna hagsmuna minna umbjóðenda hlýt ég að vera mótfallinn þessu máli, því að enginn vafi er á, að það mun reka að því, að það leiði til verðhækkunar á mjólk. Í öðru lagi eru allar líkur til þess, að afleiðingin verði sú, að almenningur fái lakari vöru en ella. Í þriðja lagi

er þetta ekkert annað en ágreiningsmál af hálfu manna, sem ekki hafa þá aðstöðu, sem geti réttlætt að setja þá jafnfætis hinum.

*Sveinbjörn Högnason: Ég hefi heyrt það um hv. 2. þm. Reykv., að hann kallaði ekki allt ömmu sína í ræðumennsku. Ég hefi lítið orðið þessa var, en eftir þessa síðustu ræðu hv. þm. sé ég, að þetta muni vera alveg rétt. Hv. þm. talaði um, að hagsmuna neytenda væri illa gætt af hálfu mjólkurlöggjafarinnar. En hver maður sér, að þetta er sú herfilegasta fjarstæða. Til þess eru mjólkurl. sett, að taka af hinn mikla sölukostnað í Rvík til hagsbóta bæði fyrir neytendur og bændur. Þetta hefir tekizt. Það er vitanlega eins og hv. 2. þm. Reykv. segir, að ef verðið fer mjög niður, hækkar það til neytendanna. Þar með er fengin full viðurkenning fyrir því, að ef samkeppnin hefði haldið áfram, hefði hlotið að stafa af því hækkun á verði til neytendanna, enda liggur það í hlutarins eðli. Það hefir komið fram fyrir löngu hjá framleiðendum, að þeir heimta hækkað verð, allt upp í 7 aura. Þetta rekur sig svo á, að það hlýtur að reka að því, ef ekki er hægt að spara milliliðakostnaðinn, að verðið hækkar hér.

Hv. þm. talaði um, að hér væri um fullkomið okur að ræða og að níðzt væri á neytendum. Ég held, að hv. þm. ætti að líta sér nær. Hvað gerir hann í bæjarstj. Rvíkur? Hann leggur aukaskatt á hvern vatnssopa fátækra verkamanna. Er hann ekki þar að níðast á þeim, sem mega sín minnst? Og rafmagnið er dýrara en kostar að framleiða það. Þar er líka verið að níðast á þeim fátæku og smáu. Þessu stendur hv. 2. þm. Reykv. að, og svo leyfir hann sér að bregða okkur um, að við séum að níðast á neytendum, þegar við gerum skipulagsbundnar ráðstafanir til, að varan hækki ekki fyrir neytendur. Síðan mjólkurskipulagið var sett, hafa allar vörur hækkað hér í Rvík og Hafnarfirði, nema mjólkin. Er þetta að níðast á neytendum? Nei, frekar þó á framleiðendum. En þeir fengu milligróðann, svo að þeir hafa ekki þurft að kvarta fram til þessa.

Hv. þm. viðhafði þau orð, að ég vil ekki hafa þau eftir. En það er nú sumum hollt að sletta ekki miklu fram til andstæðinganna. „Þjóðlygar" var eitt orðið, sem hv. þm. notaði. Það væri rétt fyrir hv. þm. að líta í eiginn barm. En öll ræða hv. þm. sýndi, hvað undir býr. Það er gremja gagnvart samvinnufél. landsins, sem hv. þm. segir, að hafi verið ívilnað þegar þau fengu réttlátara skattaskipulag á móts við aðra. Hv. þm. segir, að hér sé um það sama að ræða. Já, það er rétt, það á að hjálpa bændum til að halda uppi mjólkurskipulagi, svo að þeir þurfi ekki að láta taka af sér 16 aura fyrir hvern mjólkurlítra hér. Það er von, að umbjóðendum hv. þm., kaupmönnunum, sárni þetta.

Þá vil ég aðeins minnast á brtt. hv. meiri hl. Ég get fellt mig sæmilega við þær flestar og álít, að sumar þeirra séu til bóta, þó að ég telji varhugavert að mismuna til framleiðenda, en til samkomulags get ég fallizt á það.

Um brtt. hv. minni hl. gegnir öðru máli, og það kom ljóst fram í ræðum beggja flm., að erfitt er fyrir menn að mæla gegn máli, sem þeir eru í hjarta sínu samþ.

Í brtt. minni hl. felst í fyrsta lagi mismunur eftir geðþótta á milli framleiðenda. Í fyrstu brtt. stendur: „Við ákvörðun gjaldsins skal þó tekið hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við mjólkurframleiðsluna á hinum ýmsu stöðum innan verðjöfnunarsvæðis".

Hvaða framleiðandi segir það ekki um hvern einasta skatt, að hann sé ofvaxinn greiðslugetu sinni. Meira að segja kaupmenn hér, sem hafa tugi þúsunda á ári, kveina undan hverjum skatti. Hv. frsm. minni hl. talaði um, að margt væri óljóst í frv. Ég hygg nú, að hann hafi sett met í að hugsa óljóst, og skal ég koma að því síðar. Ein brtt. er um að fella alveg niður öll ákvæði, sem gilda um það, eftir hverju skuli fara um verð á mjólk. Þá gæti orðið nokkuð hátt verð, ef ætti að fara eftir því, hvað þessi og þessi framleiðandi vill fá. Hygg ég að þessir flokksmenn gætu illa komið sér saman um þá skilgreiningu. Ég get ekki annað skilið. [Frh.].

Forseti (FJ): Ég vil biðja hv. 1. þm. Rang. að gera dálítið hlé á ræðu sinni á meðan leitað er afbrigða fyrir brtt. á þskj. 300, sem nú var verið að útbýta.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sveinbjörn Högnason [frh.]: Þetta var hin fyrsta aðalbreyt., sem hv. minni hl. fer fram á, og þetta er í fullu samræmi við nál. það, sem þeir gáfu út, þar sem þeir segjast vera andvígir stefnu þeirri, sem fylgt er í þessari löggjöf. Þessi brtt. er því í fullu samræmi við skoðun þeirra um að brjóta þetta á bak aftur.

2. brtt. þeirra er sú, að taka upp í þetta mjólkurfrv. aðalákvæði úr frv. um þurrmjólk og þurrmjólkurvinnslu, sem hv. 7. landsk. og ég flytjum og búið er að ganga í gegnum 2. umr. í þessari d. Ákvæðin í brtt. eru ófullkomnari en í frv., svo ég get ekki séð, að þessi brtt. hafi nokkurt gildi.

3. brtt. er um það, hvernig stjórn þessara sölusamtaka skuli hagað. Nú er vitað, að í l. sjálfum eru ákvæði um, hvernig stjórninni skuli hagað, en það er á valdi framleiðendanna sjálfra, hvernig þessu er hagað, ef þeir geta komið sér saman um það. Ég get ekki annað séð en það sé bezt fyrir framleiðendurna, að þeir geti ráðið þessu sjálfir með samkomulagi sín á milli. Þegar það er athugað, sem hér er stungið upp á, þá dettur engum óvitlausum manni í hug, að það geti verið heil brú í því. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnin skal skipuð á þann veg, að hvert mjólkurbú og framleiðslufélag skipi einn mann". Það þarf a. m. k. skilgreiningu á þessu. Hv. 1. flm. brtt. talaði um, að aðrir hugsuðu óskýrt eða settu óskýrt fram það, sem þeir hugsuðu. Ég veit ekki, hvað átt er við með þessu, nema ef vera skyldi átt við öll framleiðslufélög, sem til eru og mynduð kunna að verða. Og hvað geta þau orðið mörg? Það er gefið, að framleiðslufélög verða mynduð milli þeirra, sem nú hafa undan-

þágu til að selja sína mjólk beint til neytenda. Það hlýtur að koma framleiðslufélag í Reykjavík fyrr eða síðar og annað í Hafnarfirði. Og ef sérstakt sölusvæði verður á Akranesi, þá kemur hið þriðja þar. Ef reipdráttur yrði t. d. um það, hvernig stjórn skyldi mynduð, þá yrði öðrumhvorum hreppnum falið að mynda sérstakt framleiðslufélag. Ég veit til þess, að í sumum hreppum eru 2 framleiðslufélög, sem ekki eru meðlimir í mjólkurbúi, heldur viðskiptamenn. Þetta eru hrein starfandi framleiðslufélög. Það er svo óskýrt markað, hvernig þetta skuli vera, og það er svo mikið svigrúm fyrir ótakmarkaðar breytingar, svo þetta ákvæði er einskis nýtt.

Þetta eru í höfuðatriðum þær þrjár breyt., sem felast í brtt. minni hl. Ég veit ekki, hvort ég á að fara inn á einstök atriði í þeim. Hv. frsm. meiri hl. hefir þegar gert það. Ég get þó ekki stillt mig um að benda á, hversu skarplega hugsað er hjá þessum hv. þm., þar sem í 2. lið 2. brtt. þeirra segir á eftir ákvæðinu um þurrmjólkurvinnslu.: „Sú verðhækkun, sem á mjólkinni verður fyrir þessa notkun, eftir mati mjólkursölunefndar, rennur óskipt í verðjöfnunarsjóð“.

Hvað eiga þeir við með þessu? Þeir munu þarna hafa farið í smiðju til manna, sem fluttu svipað frv. á síðasta þingi. Mér skilst, að ef fyrirkomulag verðjöfnunarsjóðs er eins og ætlazt er til í frv., þá sé dálítið einkennilegt að segja, að ef einhver hlutur, sem fer til að búa til venjulega vöru, hækkar í verði, þá renni sú hækkun í verðjöfnunarsjóð til að bæta upp vöruna sjálfa. Fyrir mér er þetta það sama eins og ef sett væri í l. ákvæði um það, að ef verðhækkun yrði á ostum á erlendum markaði, þá ætti sú hækkun að renna í verðjöfnunarsjóð. Ég get ekki séð, hvaða önnur meining er með þessu.

Nú er það vitanlegt, eins og hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að þar sem þurrmjólkurvinnsla er komin á, þá er aldrei hægt að gera sér vonir um, að hún skili meiru fyrir mjólkina heldur en meðaltal annarar vinnsluvöru er, eins og hún nú er. Og þrátt fyrir það, þótt hún skilaði svo miklu, þá væri það miklu hærra verð heldur en verð þurrmjólkur, sem fæst keypt frá útlöndum. Ég vil segja, að það sé helmingi hærra. Þetta gefur að skilja, þar sem vinnsluverðið er helmingi dýrara hér en hjá bændum erlendis.

Ég skal svo ekki fara um þessar brtt. fleiri orðum. Þær sýna ljóslega, að þær eru í flaustri hugsaðar til þess eins að vinna máli því, sem hér um ræðir, tjón. Ég get vel skilið þetta, þar sem báðir þessir hv. þm. hafa sagt, að þeir væru þessu andvígir. Ég get skilið, að þeir vilji þá gera þessu máli það tjón, sem þeir halda, að geti orðið því að fullkomnu fótakefli, enda væri, ef þessar till. væru samþ., harla lítið varið í mjólkurlögin, sem eru í gildi hér á landi. Og einmitt í þessu kemur það fram, sem hv. þm. A.-Húnv. var að tala um, þegar hann var að spyrja okkur, sem að þessu frv. stöndum, hvort sjálfstæðismenn á þingi hefðu sýnt mjólkurskipulaginu fjandskap. M. a. eru hv. flm. þessara till. að sýna því fjandskap, þó ég viti reyndar, að það sé að óvilja þessa hv. þm., því hann er velviljaðri bændastéttinni heldur en þessar till. bera vott um. Það hefir jafnan verið svo, að þegar þetta mál hefir verið til meðferðar hér á Alþ., þá hefir það sætt þessari sömu meðferð með brtt. og málarekstri, sem jafnan hefir stefnt að því að ónýta það svo, að ekkert gagn væri að því.

Þá voru það nokkur atriði önnur, sem hv. þm. A.-Húnv. var að tala um og ég vildi gjarnan koma lítilsháttar inn á, þó ég vilji ekki eyða til þess miklum tíma. Hann segir, að ef eigi að útfæra þetta, að sama verð verði fyrir sömu vöru á sama stað, þá hljóti það að leiða til þess, að þessa verði krafizt um allt land og allt verði að koma undir þetta. Þá komi sama krafan um kjöt og aðrar framleiðsluvörur, svo þetta eigi að ríkja alstaðar. En hann hugsar þetta dálítið skakkt. Hann gengur út frá því, að allir eigi að eiga sinn sölustað í Reykjavík. Ef verðjöfnun á kjöti væri framkvæmd þannig nú, og þó ekki væri gengið lengra en þessar brtt. við mjólkurl. fara fram á og með þeim mismun á flutningskostnaði, sem yrði, ef kjötlögin væru framkvæmd þannig, að á öllu landinu væri miðað við Reykjavík, þá myndi verða langtum meiri mismunur á verðjöfnun á kjöti heldur en nú er. Hvað myndi það nema miklu á hverju kjötpundi hjá bændum, að flytja lifandi fé landleiðina norðan úr Þingeyjarsýslu og til Reykjavíkur? Hvað myndi það verða, komið til Rvíkur? — Ég skal taka annað dæmi. Ef Akureyri, sem nú fær 20 aura fyrir sína mjólk, væri t. d. ekki miðuð við sitt verðjöfnunarsvæði, heldur við Reykjavík, svo flutningskostnaðurinn á óunninni mjólk til Reykjavíkur væri dreginn frá, en hann er 15 aur., og er ég þá hræddur um, að verðið væri orðið harla lágt. Þess vegna verður verðjöfnunin að miðast við þann sölustað, sem næstur er, svo að sem mest réttlæti ríki meðal framleiðenda á öllum sviðum, því það er í raun og veru ranglæti að láta menn gjalda fjarlægðar frá sölustað. Ég veit um mjólkurbú á Suðurlandsundirlendinu, sem hefir tekið að sér ótilkvatt að minnka flutningskostnaðinn hjá þeim, sem lengst eiga, þannig að þeir, sem nær eru, taki þátt í honum. Þetta er hinn rétti samvinnuandi, og með slíku móti getur félagsskapurinn bezt haldizt. Það er ekki réttlátt, að þeir einir, sem hið opinbera hugsar mest um og hafa beztar samgöngur og þurfa því minnst fyrir lífinu að hafa, séu látnir njóta þess, sem hið opinbera hefir lagt fram til þess að lífsskilyrðin séu sem bezt á þeim stað. Það er nú ekki meira réttlæti, sem farið er fram á með þeim breyt. á mjólkurl., sem hér er gert ráð fyrir. Það er ekki farið fram á, að gengið sé lengra en það, að ekki sé níðzt á, svo ég noti orð hv. 2. þm. Reykv., þeim framleiðendum, sem hið opinbera hefir gert minnst fyrir og verst eru settir hvað snertir samgöngur og flutning á sinni framleiðsluvöru. Annað er ekki farið fram á.

Ég ætla svo ekki að segja miklu meira um þetta efni, enda býst ég við, að það sé óþarfi. Ég vil aðeins taka undir það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, sem ég veit, að meinar vel að ýmsu leyti, þó hann sé þarna á villigötum, að hann

vonaði, að hv. þm. gerðu sér það ljóst, hvað það þýðir, ef þetta frv. verður samþ. Eða ef það verður fellt? Hvað þýðir það? Það þýðir upplausn á því skipulagi, sem nú hefir verið í nokkur ár og hefir á mestu örðugleikaárum bjargað bændum á stórum svæðum með afurðasölu, og fært þeim betra verð en þeir hafa fengið áður, en jafnframt fært neytendunum lækkun á því tímabili, sem allar aðrar vörur hafa hækkað í verði. Ég vona, að hv. þm., sem finna til ábyrgðar gagnvart úrlausn þingmála, geri sér þetta ljóst, áður en þeir láta hafa sig til að greiða atkv. móti þeirri lausn, sem hér um ræðir til þess að halda uppi því nauðsynlega skipulagi, sem verið hefir, og reyna að bæta það, en ekki að fella það niður.

*Einar Olgeirsson: Ég hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls, svo ég þarf ekki að fara út í það aftur. En það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði áðan, gaf mér tilefni til að standa upp og segja nokkur orð.

Við 2. umr. málsins kom það í ljós, að menn óttuðust, að þessi l. yrðu til þess að mjólkurverð hækkaði í Reykjavík. Ég kom þá með fyrirspurn til hv. flm. þessa frv. og fór fram á, að þeir gæfu yfirlýsingu um, að engin hætta væri á því. Ég fékk ekki skýrt svar við þessari fyrirspurn þá. Nú höfum við heyrt, hvernig fulltrúar íhaldsins hér í hv. d. fara að því að nota sér ótta fólksins í Reykjavík við hugsanlega hækkun á mjólkinni, og reyna að slá sér upp á henni. Það var einkennilegt að sjá þá verkaskiptingu, sem átti sér stað hjá hv. þm.Sjálfstfl. í þessari deild. Við 2. umr. málsins talaði hv. þm. G.-K. langt og mikið mál um það, að með þessum l. eigi að drepa bændur í nágrenni Rvíkur. Hann talaði um, hvílík réttarskerðing þetta væri gagnvart þeim og bar þá mjög fyrir brjósti þá menn, sem harðast hafa gengið fram í því að halda uppi háu mjólkurverði gagnvart neytendum í Rvík. Nú kemur annar þm. úr Sjálfstfl., hv. 2. þm. Reykv., með allt aðra hlið á málinu, sem sé þá, að það eigi að fara að vega að neytendum í Rvík og hækka mjólkurverðið fyrir þá. Það er kyndugt að sjá þessa verkaskiptingu hjá íhaldinu hér. Þetta er að vísu ekki nýtt. Þeir hafa vanið sig á þetta og beita þessu hvað eftir annað. Annar talar fyrir bændur í sveitunum, en hinn fyrir neytendurna í kaupstöðunum, og þannig geta menn úr sama flokki leyft sér að segja við bændur úti um sveitirnar, að þeir vilji hafa hátt mjólkurverð, en með hinni tungunni segja þeir við neytendurna í Rvík, að þeir vilji hafa mjólkurverðið sem lægst. Það er dálítið einkennilegt, að íhaldsmenn segjast allt í einu vera orðnir á móti háu mjólkurverði, því mjólkurhringurinn, sem er tökubarn íhaldsins, hefir haldið uppi háu mjólkurverði lengst af. Þegar við í Kaupfélagi alþýðu vorum að brjótast í því að fá samninga við mjólkurbúin austanfjalls til þess að fá mjólkina fyrir lægra verð en hringurinn lét hana fyrir, þá þutu þeir í mjólkurhringnum upp til handa og fóta og gerðu allt, sem þeir gátu, til þess að drepa niður hverja viðleitni í þá átt að lækka mjólkurverðið. Það kemur því úr hörðustu átt, þó maður sé nú vanur lýðskrumi frá íhaldinu, þegar þessir herrar beita sér fyrir því, að mjólkurverðið hjá neytendum í Rvík sé ekki hækkað, enda er ég hræddur um, að neytendurnir í Rvík trúi þeim ekki mikið, hvað þetta snertir.

En ég vil sérstaklega vekja eftirtekt Framsfl. á því, að það er engin ástæða til þess að gefa íhaldinu undir fótinn með þetta lýðskrum, því hann hefði átt að lýsa því ótvírætt yfir, að menn þyrftu ekki að óttast, að mjólkurverðið hækkaði. Ég fór fram á það til þess, að við hefðum það svart á hvítu, að slík yfirlýsing hefði verið gefin, ekki sízt út frá þeim tilraunum, sem fulltrúar íhaldsins hafa verið að gera hér á þessu þingi til þess að beita fyrir sig lýðskrumi.

Það er líka annað, sem mig langar til að minnast á. Hv. 2. þm. Reykv. kom inn á tvöfalda skattinn svokallaða í þessu sambandi, og talaði um hann sem eina þjóðlygina, sem Framsfl. hefði tekizt að koma inn hjá þjóðinni. Það er afarheppilegt að fá þessa yfirlýsingu fram á þessu augnabliki, og það er leitt, að formaður Framsfl. skuli ekki vera staddur hér í d. Það er lærdómsríkt fyrir þá menn, sem fyrir áratug síðan börðust ár eftir ár móti tvöfalda skattinum og börðust ár eftir ár fyrir því að koma þeim skilningi inn hjá þjóðinni, að tvöfaldi skatturinn væri réttlátur, að sjá nú, þegar þeir eru farnir að brosa til hægri og búa sig undir samvinnu við íhaldið, að sjá þá hvernig íhaldið hugsar undir niðri. Það hefir ekki borið á þessu síðan Garðar Gíslason skrifaði sínar frægu greinar á árunum, svo það er langt síðan íhaldið hefir látið bera á þessari skoðun sinni um tvöfalda skattinn. Þeir hafa ekki verið að hampa henni mikið upp á síðkastið, eftir að þeir tóku upp lýðskrumsaðferðina. Þeir þykjast jafnvel upp á síðkastið vera orðnir samvinnumenn. Það er þess vegna mjög heppilegt á þessum tímamótum, að það skuli við sérstök tækifæri gægjast undan sauðargærunni sá sami andi og var 1923 og þar í kring. Þeir þm. Framsfl., sem eru kannske að hugsa um að taka á einhvern hátt upp samvinnu við Íhaldsfl., mega þess vegna af þessum orðum hv. 2. þm. Reykv. greinilega sjá, á hverju þeir mega eiga von að því er snertir samvinnuhreyfinguna, og ég kann hv. 2. þm. Reykv. beztu þakkir fyrir.

*Eiríkur Einarsson: Að sama skapi og framleiðsla neyzluvara jókst í nágrenni höfuðstaðarins, þá vaknaði hjá mönnum áhyggja út af því, hvaða aðstöðumun ýms héruð hér nærlendis höfðu til að koma vöru sinni, sem alltaf fór vaxandi, á markaðinn. Menn höfðu áhyggju út af því, að þeir, sem erfiðari aðstöðu höfðu, træðust undir í þeirri viðureign. Að því er snertir aðalframleiðslusvæðin út frá höfuðstaðnum, sem eru fyrst og fremst héruðin fyrir austan fjall, þá hefir mönnum verið það ljóst um langt skeið, að til þess að fá bætt úr erfiðari aðstöðu þessara héraða, þá var það ekki fyrst og fremst skipulagið, að því ólöstuðu og viðurkenndu nauðsynlegu að mörgu leyti, sem um var að ræða til bjargráða í þessu efni, heldur samgöngurnar.

Mönnum var það ljóst, að til þess að þessi héruð gætu komið á öruggu sambandi við höfuðstaðinn með markaðsvöru sína, þá var óhjákvæmilegt að bæta samgöngurnar svo, að þær yrðu öruggar allan ársins hring. Það þurfti að nema burtu þann ókleifa múr, sem var milli höfuðstaðarins og sveitanna fyrir austan fjall. Það var þessi ókleifi múr, sem varð þess valdandi, að umhverfis Reykjavík voru unnin og ræktuð lönd með ærnum kostnaði, því menn treystu því, að sá kostnaður myndi borga sig vegna þess aðstöðumunar, sem fyrir hendi var í þessu efni. Þannig stóð á því, að hin mikla jarðyrkja í Mosfellssveit, Reykjavík sjálfri og annarsstaðar nærlendis, jókst í óeðlilegu hlutfalli við framkvæmdirnar annarsstaðar á landinu. Það er því harla einkennilegt, þegar verið var að ræða um það í hv. d. við umr. um þetta frv., hvernig það sé með löndin hér í nágrenni höfuðstaðarins, hvort þar sé dýrari framleiðsla eða hvort þeir, sem þar búa, þurfi í raun og veru að fá meira fyrir sína vöru heldur en þeir, sem búa annarsstaðar. Allir, sem bera nokkurt skynbragð á þetta og hafa fylgzt með þessu máli, vita, að hér nærlendis hefir verið dýrara að rækta löndin heldur en annarsstaðar af því, að þau hafa verið torveldari til ræktunar. Menn brutust í að rækta þessi lönd til þess að geta notið markaðarins með betra árangri til frambúðar heldur en aðrir áttu að fagna. Þessi lönd gengu því kaupum og sölum fyrir hærra verð en aðrar jarðeignir og lendur, sem voru lengra frá aðalmarkaðinum. Það er því enginn vafi á því, að löndin í kringum Reykjavík og í Rvík hafa verið dýrari, svo menn þurfa þar í raun og veru að fá meira fyrir mjólkurlítrann heldur en annarsstaðar á landinu. En svo er hitt allt annað mál, hvort það eigi rétt á sér, að það verði þannig til frambúðar, að þessir menn, sem næst búa og hafa bezta aðstöðu, fái að njóta hennar á kostnað hinna, sem fjær búa, og þeim verði gert ókleift að koma til samræmis aðstöðu við þá, sem næst búa. Ég verð að segja það, að frá sjónarmiði þeirra, sem vilja líta á þetta með óhlutdrægni og ekki kemur málið of mikið við, þarf þetta að leita síns jafnvægis, á þann hátt, að sá aðstöðumunur, sem þeir eru búnir að öðlast með því að búa hér næst höfuðstaðnum, komi þeim ekki þann veg til hagsbóta, að þeir sitji í ljósi fyrir öðrum, sem hafa einhverja möguleika og þörf til að verzla við höfuðstaðinn. Þess vegna hefir sú grundvallarhugsun, sem um er að ræða í þessu máli, rétt á sér að vissu takmarki, að því takmarki, þegar maður lítur til bændanna hér í námunda við Rvík öðrum þræði og bændanna á suðurlandssvæðinu hinsvegar, þá þarf mælikvarðinn og hin lögbundna afstaða að vera á þann hátt, að þeim verði álíka haganlegt að nota markaðinn og koma sinni framleiðsluvöru á sölustaðinn. Ég veit, að þetta er vandfundin leið, en hinu verður maður að gera sér grein fyrir, að fyrst verður að hugsa til að fylgja þeirri grundvallarhugsun, sem er réttmæt í þessum málum, og hún er þetta.

Ég nefndi það áðan, að þó að verðjöfnunin og skipulagið eigi hinn fyllsta rétt á sér, hvort um sig og sameiginlega, verður það aldrei lagasetningin ein, því miður, sem bætir til hlítar úr þeim misbrestum, sem þarna eru fyrir hendi. Maður verður að líta til þessa eins og maður væri landnemi, sem maður er reyndar, og þjóðin verður fyrst að framkvæma það, sem er nauðsynlegast. Eitt af allra mestu nauðsynjamálunum, sem þjóðin þarf að ráða bót á, eru samgöngumálin. Og með bættum samgöngum kæmist af sjálfu sér meira jafnvægi á hvað snertir það mál, sem hér er til umr.

Ég ætla þá að snúa mér að því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 154, og þeim brtt., sem fram hafa komið frá minni hl. landbn. á þskj. 296. Það hefir verið mælt fyrir þessum brtt. af hv. flm., og það hefir líka verið mælt gegn þeim af meiri hl. landbn., og ætla ég ekki að tefja tímann með því að endurtaka það, sem þeir hafa sagt, hvorir um sig. En ég vil skýra frá minni afstöðu til nokkurra af þessum till., sem mér þykja máli skipta. Það er þá fyrst viðvíkjandi verðjöfnunargjaldinu og takmörkum þess. Það hefir, frá því að mjólkursölulögin voru sett og allt til þessa, verið ein aðalspurningin, hvernig ætti að reikna þetta gjald. Það er í rauninni svo, að þó að það hafi komið hér fram við umr., að það sé djúp staðfest á milli þess, sem um þetta er sagt í frv. annarsvegar og brtt. minni hl. hinsvegar, þá tel ég að hér sé alls ekki um neinn meginmun að ræða. Í frv. segir svo um verðjöfnunargjaldið, að það ákveðist fyrirfram af mjólkursölunefnd, og megi breyta því svo oft sem þurfa þykir. Þetta fær að standa samkv. till. minni hl. landbn., en það er bætt nokkru við um það, hvernig gjaldið eigi að ákveðast og hvað langt megi fara í þessum efnum. Það er sagt eitthvað á þá leið, að gjaldið megi aldrei reikna hærra en svo, að búskapnum á þeim svæðum, sem gjaldið greiðist frá, verði ekki íþyngt um of, þannig að hann fái ekki borið sig. Þetta virðist í sjálfu sér ekki vera nema sjálfsagt sem hver annar varnagli. Það hefir komið fram hér við umr., að það sé óljóst, hvernig eigi að finna það út, hvenær búskapnum sé ofþyngt. En ég vil þá vekja athygli á því, að samkv. frv. á mjólkursölunefnd að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrirfram, og má breyta því svo oft sem þurfa þykir. Er þetta ekki einnig handahófsákvæði? Er ekki vandi að finna það út, hvað hátt þetta gjald á að vera í hvert skipti? Er ekki mjólkursölunefnd í vanda sett? Vitanlega. Ég segi, að sá vandi er engu minni heldur en þessi vandi, sem skapast með varnagla minni hl. landbn.

Er gert á hluta nokkurs með því að setja þennan varnagla, að verðjöfnunargjaldið megi ekki vera hærra en svo, að búskapurinn fái staðizt? Nei, vissulega ekki. Ef mjólkursölunefnd yrði einhverntíma sú skyssa á, að reikna gjaldið hærra en svo, að menn stæðust við að greiða það og hrökkluðust burt af jörðum sínum, hvaðan kæmi þá þeirri mjólkursölunefnd fé í verðjöfnunarsjóð? Því aðeins borgast þetta gjald, að það séu kýr og fjós, sem gefa af sér einhverjar nytjar.

Það var tekið fram hér, að það gæti þá komið eins að því, að hinum, sem ættu að verða að-

njótandi verðjöfnunargjaldsins, þ. e. þeim aðiljum, sem senda mjólkurnyt sína til mjólkurbúanna til vinnslu, gæti vegna skorts á slíku gjaldi orðið ómögulegt að reka þú sín. En yrðu hinir sömu bættari fyrir það, þó að mjólkin hér í nágrannasveitunum minnkaði svo, að þetta gjald yrði hverfandi lítið? Ég segi nei. Þetta gjald getur því aðeins komið að tilætluðum notum, að fullrar sanngirni sé gætt á báða bóga.

Því er svo varið með þetta mál, að þó að menn vildu hver og einn skara eld að sinni köku og bæta hagsmuni þess héraðs eða þeirrar sveitar, sem þeir bera sérstaklega fyrir brjósti í þessum efnum, þá vita menn ekki hverra hagsmuna þeir eru að gæta, þegar frá líður, því eftir því sem höfuðstaðurinn eykst vegna fólksfjölgunar, og eftir því sem samgönguskilyrðin breytast og batna, eftir því breytast einnig þau hlutföll, sem nú gilda viðvíkjandi verðjöfnunargjaldinu.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að öðru aðalatriði þessa frv. og brtt., sem hér hefir orðið nokkur ágreiningur um, þ. e. verðjöfnunarsjóð. Ég hygg nú, að því miður sé því þannig varið, að verðjöfnunarsjóður þurfi á einhvern hátt að afla sér tekna utan verðjöfnunargjaldsins, til þess að geta staðizt óhjákvæmilegar greiðslur. Og ef þetta er satt, sem ég vildi þó að væri ekki, þá virðist sízt úr vegi að gera sér grein fyrir því, hvaða leiðir verða fundnar í þessum efnum. Ég held, að þær leiðir, sem minni hl. landbn. hefir bent á, séu einna líklegastar. Hann leggur til, að lagður verði nokkur skattur á aðfluttan fóðurbæti í þessu skyni, þó með þeirri eðlilegu og sjálfsögðu undantekningu, að þetta skuli ekki gilda með innfluttan fóðurbæti í harðærum. Ég álít, að þessi skattur sé hentugur, ekki einungis til þess að afla tekna, heldur líka með tilliti til þess, að vera einskonar hamla á móti því, að framleiðendur, t. d. hér í Rvík og nágrenni, haldi kúabúum sínum að meira eða minna leyti uppi á erlendum fóðurbæti.

Þá hefir verið minnzt á aðra tekjulind, þ. e. þurrmjólkurvinnsluna. Það er svo skylt mál hvað snertir alla framþróun í meðferð á mjólk, að það er ekki nema eðlilegt að láta verðjöfnunarsjóð verða góðs aðnjótandi, ef um hagnað gæti orðið að ræða.

Það segir sig sjálft, að eftir því sem fleiri leiðir verða fundnar til þess að hagnýta mjólk landsmanna, eftir því ætti afkoman að verða betri á þessu sviði. Nú er það vitað, að aðsóknin til mjólkurbúanna eykst stöðugt, og þar af leiðandi aukast einnig mjólkurvinnsluvörurnar, en það eru þær, sem hafa aðallega tekið til sín verðjöfnunargjaldið. Til þess því að geta haldið verðinu nokkurn veginn uppi, veitir sízt af því að færa sér í nyt öll hugsanleg meðul, sem fyrir hendi eru.

Ég skal lítið ræða um það, hvort sanngjarnlega sé komið fyrir þessari eins eyris uppbót, sem um getur í frv. Ég verð að taka undir það, sem um þetta hefir verið sagt hér við umr., að það sé helzt til mikið handahófsverk að láta takmörkin fyrir þessu einskorðast af kaupstaðarlóðinni, þannig að það gildi allt árið innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, en 3 mánuði á næsta bæ í Mosfellssveit. Það er kannske erfitt að koma þessu fyrir, en mér hefði þótt skemmtilegra, að það hefði getað verið þarna nánara samræmi. Skal ég ekki fara lengra út í þá sálma. Ég veit, að þetta þriggja mánaða ákvæði er sett inn til þess að örva framleiðsluna, þegar mjólkin er minnst, svo að það verði síður hörgull á mjólk yfir haustmánuðina.

Þá er það þriðja meginatriðið, sem kemur fram í brtt., þ. e. till. um breyt. á stjórn mjólkurmálanna. Ég álít, og það virðast allir gera, sem tekið hafa til máls, að stjórn þessara mála eigi að vera í höndum framleiðendanna sjálfra. Mér finnst sannarlega kominn tími til þess að hrinda þessu í framkvæmd, og get ég ekki séð, að þar sé eftir neinu að bíða.

Þá vildi ég að lokum minnast á verðjöfnunarsvæðin og stærð þeirra. Ég álít fróðlegt að hafa orð á því hér, að þegar mjólkurbúið fyrir austan heiði var stofnað 1928—'29 var fenginn til forstöðunnar maður með þekkingu og reynslu frá Danmörku. Og ég man að hann aðvaraði okkur, sem vorum að baksa í að koma þessu á fót, þegar við vorum að „agitera" fyrir þátttöku í þessu fyrirtæki, að vera ekki of bráðlátir, því hagur búsins og gengi byggðist á því, að hafa hvorki of mikla eða of litla aðsókn, að eiginlega væru það hinir hæfilegu flutningar, sem svöruðu til vinnslu og markaðar. Ef búið er of lítið, þá er það of dýrt í rekstri. Hitt gætu orðið samskonar vandræði, ef farið yrði að safna langt að hverjum lítra, sem næst. Þá koma dýrir flutningar og allskonar erfiðleikar, jafnvel gallar á vörunum, af því að mjólkin hefir spillzt. Það er nú þegar á líðandi tíma gert of mikið að því að safna öllu undir vængi mjólkurbúanna. Og ef vinnslan í búunum fer að verða svo mikil, að yfirgnæfandi meiri hluti verður vinnslumjólk, þá þrengist um möguleika til sæmilegra verðuppbóta. Þó að það vanti í mjólkurlögin frá 1935 og vanti í þetta frv., þyrfti að setja þarna ýmis ákvæði, sem væru hömlur á það, hvað búin fengju að þenjast langt út frá heimasetri sínu. Þá vantar einnig ákvæði um flutninga bæði að búunum og frá þeim um það, hvort útboð skuli gert á þeim eða annað, sem tryggi það, að aldrei verði einokun á slíkum hlutum. Þessi ákvæði ættu þar virkilega heima almenningi til öryggis. Og fleiri mætti telja.

En ég vil enda mál mitt með því að víkja aftur að meginskoðun minni. Þó að skipulag mjólkurmálanna sé merkilegur hlutur og óhjákvæmilegur og flokkapólitíkin hljóti að ráða þar nokkru, svo viðsjárverð sem hún þó er, þá er hvorugt aðalatriðið, mjólkurlögin né flokkarnir, heldur er það framkvæmd öruggra samgangna við suðurlandsláglendið. Það er umbótin, sem verður til þess að leggja allar deilur.

*Jakob Möller: Mér þykir ákaflega leitt að hafa orðið til þess, að sessunautur minn, annar eins geðspektarmaður og allir vita að hann er, stökk dálítið upp á nef sér. Það var líka það eina, sem ég hafði upp úr eftirgrennslan minni, því að hann gleymdi náttúrlega að svara mér og fór út í aðra sálma. Ég hafði gert ráð fyrir,

að þessi breyt. á mjólkurlögunum mundi verða til þess að útsöluverð mundi hækka. Hv. 1. þm. Rang. (SvbH) svaraði þessu engu, en ráða mátti af orðum hans, að hann gerði ráð fyrir þessu, því að hann fór að réttlæta hækkun og vitnaði í það, að ef að framleiðendum þrengdi, mundu þeir annaðhvort verða að hætta eða hækka afurðaverðið. Hv. 5. þm. Reykv. kvaðst hafa spurt um þetta við 2. umr. hvort stuðningsmenn þessa máls vildu gefa nokkur fyrirheit um það, að söluverð yrði ekki hækkað, og hann þóttist ekki fá skýr svör, hvorki þá né í ræðu sessunautar míns, hv 1. þm. Rang. — Það eru líka ákaflega litlar líkur til annars en að þetta verði til hækkunar, því að svo þrengist að bændum í nágrenni Reykjavíkur, að búskapur þeirra getur alls ekki borið sig undir hækkuðu verðjöfnunargjaldi, því að talið er, að þeir berjist í bökkum eins og nú er.

Hv. 10. landsk. taldi þetta frv. enga bót yfirleitt og e. t. v. ekki fyrir neinn. Alveg eins og framleiðslan á stóru verðjöfnunarsvæðunum hefir aukizt geysilega, þegar verð hefir hækkað, þá má gera ráð fyrir, að framleiðslan haldi áfram að aukast, og verður þá engu nær en áður að bera sig. Hinsvegar skil ég ekki afstöðu hv. 1. þm. Rang., þegar hann talar um afstöðu manna utan verðjöfnunarsvæðisins. Hv. þm. A.-Húnv. veik að því, að hliðstæðar kröfur mundu verða gerðar af öllu landinu. Hv. 1. þm. Rang. var stokkinn upp á nef sér áður, svo að hann gat það ekki meir, en nú brást hann við hið versta, ef hann ætti að sjá borgið hag bænda utan verðjöfnunarsvæðis Reykjavíkur. Það er alls ekki grunlaust um, að þetta standi í nokkru sambandi við þingmennsku hv. þm., það að kjósendur hans eru í fjarlægum sveitum verðjöfnunarsvæðisins, en ekki utan þess. Nú vil ég spyrja: Er ekki nákvæmlega sama ástæða til að bæta hag bænda, sem búa utan verðjöfnunarsvæðisins? Bændur t. d. í Rangárvallasýslu eru ekki vitund verr settir, eins og er, heldur en bændur hvar sem er á landinu. Ef þeir þar eystra eru illa staðir, þá hafa allir bændur annarsstaðar á landinu jafnilla aðstöðu. En hv. þm. sér ekki út fyrir sínar bæjardyr og kjósenda sinna. Þess vegna hvorki vill hann né treystir sér til þess að svara neinu um þetta. En ég hygg, að þessir bændur séu kannske meðal þeirra, sem þurfa þess sízt með, að þeim sé hjálpað með þessum lögum. Ég hygg, að afkoma þeirra sé sízt verri en bændanna, sem aðallega selja nú mjólkina í Reykjavík og Hafnarfirði.

Ég verð að líta svo á, að það sé játað, að miklar líkur séu til þess, að útsöluverð mjólkurinnar hljóti að hækka á útsölustöðunum. Þá er mér alveg fullnægt. Þetta var það, sem ég vildi láta koma fram.

Hv. 1. þm. Rang. spurði mig, hvort ég vissi, hvers vegna mjólkurlögin hefðu verið sett. — Hann sagði, að þau hefðu verið sett af því, að líkur hefðu bent til þess, að útsöluverð mundi hækka. Þetta fannst mér býsna undarleg staðhæfing. Því að almennasta afleiðingin af vaxandi framboði á mjólk er vitanlega verðlækkun, en ekki hækkun. Hv. þm. snýr þessu alveg við. Nei, ástæðan til að setja þessar hömlur á söluna var óttinn við það, að ef hún væri frjáls, mundu bændur í fjarsveitum fara að senda hingað mjólk í stórum stíl og bjóða niður verð hver fyrir öðrum. (SvbH: Hvað reyndi Mjólkurfélag Reykjavíkur 1933?). Það er viðurkennt, að afleiðingin hefði orðið lækkun almennt, og það hefi ég heyrt hv. 1. þm. Rang. segja sjálfan, einmitt við menn, sem eru í Mjólkurfélagi Reykjavíkur. — Þetta er svo alviðurkennt, að það þarf ekki að þrátta um það. Lækkunin hefði ekki aðeins orðið á verðinu til neytenda, heldur líka á verðinu til framleiðenda, vegna samkeppninnar um markaðinn.

Svo komst þm. út í þá sálma að tala um okur, svívirðilegt okur. Það kom sér illa fyrir hann í þessu sambandi, en hann þurfti nú samt á því að halda. Hann þurfti að geta sagt, að Reykjavíkurbær okraði á nauðsynjum, t. d. hefði hann hækkað verð á rafmagni og vatni. Hv. þm. snýr þessu við líka. Tökum fyrst rafmagnið. Það hefir alltaf verið að lækka, seinast nú í vetur úr 50 aurum niður í 6 aura. Annars er þetta ekki sambærilegt við mjólkurframleiðslurnar. Rafveitan er sameiginlegur rekstur bæjarbúa og því sameiginleg eign þeirra. Það var fyrirsjáanlegt, að það þurfti að reisa nýja stöð, sem framleitt gæti ódýrara rafmagn. En til þess að hægt yrði að lækka rafmagnsverðið að sama skapi, þurfti að vera búið að láta Elliðaárstöðina borga sig upp og skuldabagginn að vera horfinn. Alveg sama er að segja um vatnið. Það varð að auka vatnsveituna. Og þá þurfti að leggja nýjan skatt á bæjarbúa. Það var ráðstöfun, sem allir flokkar samþykktu. Ég man ekki til þess, að samflokksmenn hv. 1. þm. Rang. gerðu nokkurn ágreining um það í bæjarstjórn.

Við tölum um þjóðlygar. Hv. þm. var að tala um fimm millj., sem kaupmenn hér í Reykjavík græddu. Hún er þekkt hér, þessi saga. Áður hefir það verið hv. samþingsmaður minn til hægri (EOl), sem mest hefir hampað henni. Hún er tekin úr þeirri rauðu bók, sem annar nágranni minn hér á þingbekkjum, hv. 7. landsk. (EmJ), kannast við. Þar stendur á bls. 90—91:

Vöruhagnaður (407) verzlana í Reykjavík kr. 2687303,71

Vöruhagnaður (758) verzlana á öllu landinu kr. 5061381,87

Þarna er þetta 5 milljóna fjármagn sýnt á pappírnum. En þetta er ekki í Reykjavík einni. Það er á öllu landinu. Það er þjóðlygin, sem segir, að þetta græði kaupmennirnir í Rvík allt saman. Ég veit, að hv. þm. hefir kannske ekki átt neinn þátt í tilorðning þessarar þjóðlygi, þó að hann sé að stuðla að útbreiðslu hennar. Hann lætur sem hann viti ekki, að í þessari 5 milljóna upphæð á öllu landinu kemur aðeins fram mismunur á verði keyptrar og seldrar vöru og í því er innifalinn allur verzlunarkostnaðurinn. Það verður náttúrlega býsna mikill munur. Fyrir því eiga menn að loka augunum; þá er komin þessi dálaglega þjóðlygi. (SvbH: Já, þm. var að bæta einni við).

*Emil Jónsson: Ég hafði ekki hugsað mér að lengja umr. Ég er að vísu meðflm. að brtt. meiri

hl. landbn. og fylgi þeim því vitanlega. En það er búið að gera svo rækilega grein fyrir þeim, að ég tel mig ekki þurfa neinu við að bæta. Sömuleiðis hefir málið verið rætt á víð og dreif, eins og þörf gerist. En hv. 2. þm. Reykvíkinga gaf mér tilefni til andsvara, þegar hann lýsti eftir því, hvort nokkur Alþýðuflokksmaður tæki til máls um þetta. Við 2. umr. lýsti ég nákvæmlega afstöðu minni til málsins, og hefði hv. þm. vel mátt heyra það. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég skal minnast á aðalatriðin og sérstaklega þau, sem snerta mjólkurverð.

Það er sá höfuðmunur á því að samþ. ótakmarkað verðjöfnunargjald nú, hjá því sem var á síðasta þingi, að nú er með sérstökum ráðstöfunum skapaður möguleiki til þess að auka markaðsmöguleikana stórkostlega — með stofnun mjólkurvinnslustöðva og vinnslu þurrmjólkur. Bæði aukin nýting á næringarefnum undanrennunnar og sá léttir, sem þetta getur skapað á markaðinum fyrir mjólkurvörur, ættu að leiða til þess, að hægt verði að miðla meiri verðuppbótum heldur en hægt var áður.

En um mjólkurverðið má annars segja, að mjólkurskipulagið hefir einmitt orðið til þess, að hægt var að lækka taxta útsöluverðsins, lækka dreifingarkostnaðinn, afnema milliliðagróða, hækka verð til framleiðenda, og það, sem líka er peningavirði: bæta vörugæðin með fullkominni gerilsneyðing og heilbrigðiseftirliti. — Ég tel þess vegna mjólkurskipulagið fela í sér þá beztu möguleika, sem fyrir hendi eru, til þess að ná lágu vöruverði án þess að lækka verð til framleiðenda. Hagnaðurinn næst með því fyrst og fremst að lækka dreifingarkostnaðinn. Ég get vel skilið, að hv. 2. þm. Reykv. taki það sárt, að sá skattur lækki, sem fer til dreifingar og milliliða. Sá skattur rann í vasa hans umbjóðenda og skjólstæðinga. Honum svíður það, að Mjólkurfélag Reykjavíkur getur ekki haft sama arð af mjólkinni og áður og ýmsir í skjóli þess. En það fer ákaflega illa í munni þessa hv. þm. að hallmæla öðrum fyrir að lækka ekki mjólkina. Það er játað, að verðinu var einmitt haldið uppi af honum og hans skjólstæðingum, sem þurftu að græða á því. Og manni verður að spyrja: Hvenær hefir hann og flokkur hans yfirleitt beitt sér fyrir að lækka vöruverð? Hvenær hefir þeim flokki eiginlega skilizt það, að verð á nauðsynjum væri of hátt? Þeir hafa aldrei á það minnzt fyrr en milliliðirnir voru greinilega komnir úr sögunni. Nú fara þeir fyrst að tala um hátt mjólkurverð, þegar búið er að færa niður dreifingarkostnaðinn. Þeir tala um raftækjaeinkasöluna, að hún selji fyrir of hátt verð; ekki af því, að verðið sé hærra en það hefði verið í frjálsri sölu, því það er alveg öfugt, heldur af því, að þarna er milliliðagróðinn horfinn. Í hvert einasta skipti, sem þeir tala um lágt vöruverð, en það er nú reyndar ekki oft, sem það kemur fyrir, en þá er það fyrir að milliliðagróðinn er horfinn. Annars finnst mér það fara ákaflega illa í munni hv. þm. að vera að tala um of hátt vöruverð.

Við Alþfl.-menn teljum það alveg víst, að með skipulagi og góðri samvinnu milli framleiðenda og neytenda í þessu máli muni nást lækkun á verðinu til hagsbóta fyrir báða aðilja.

Ég skal ekki fara langt út í önnur atriði í ræðu hans. Hann var að tala um, að rafmagnið hjá rafmagnsveitu Rvíkur hefði lækkað núna úr 50 au. niður í 6 au. Þetta er ekki rétt hjá honum. Lækkunin er úr 50 au. í 40 au. á ljósarafmagni. 6 au. rafmagnið er önnur tegund rafmagns, sem ekki hefir áður verið í notkun.

Í skýrslum skipulagsn. er sýnt greinilega, hvað átti er við með verzlunarhagnaðinum í landinu, og sýnt glögglega fram á, að það nær ekki nokkurri átt, hve hann er hár. Það, sem þar er sagt, heyrir alls ekki undir þjóðlygi, enda var því ekki hnekkt af hv. þm.

Um mjólkurduftið fór hann hörðum og óviðurkvæmilegum orðum, sérstaklega þegar þess er gætt, að aðalefnið úr frv. mínu um mjólkurduftið í fyrra hafa flokksmenn hv. þm. tekið upp í brtt. sínar við þetta frv. Hv. þm. sagði, að það ætti að selja mjólkurduftið á 1 kr. kílóið, en ég efast um, að hann hafi kynnt sér þetta mál nógu vel til að geta talað um það. Ég skal til að upplýsa hann betur um það mál lesa fyrir hann kafla úr grg. við frv. mitt í fyrra, sem samin er af dr. Jóni Vestdal, og er það kafli úr bréfi frá honum á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hefi reiknað út, að ef í það rúgmjöl, sem notað er í rúgbrauð, væri blandað 1% af undanrennudufti, þyrfti mesta hækkun á einu rúgbrauði, sem er 1,5 kg., að vera 1,3 aurar, en ef látið væri í það 5% af undanrennudufti, 6,6 aurar. Ef í það hveiti, sem notað er í hveitibrauð, væri blandað 1% af undanrennudufti, þyrfti mesta hækkun að vera 0,5 aurar, og með 5% undanrennudufti 2,6 aurar. Mestu hækkun, sem þyrfti að verða á ýmsu kaffibrauði, hefi ég ekki getað reiknað út, þar sem ég þekki ekki þyngd þess og samsetningu, en hækkun á því er þó ekki nema lítið brot af hækkun hveitibrauða.

Til þess að þessar vörur hækkuðu ekki svo mikið í verði, að neytendur yrðu að nokkru verulegu leyti varir við það, mundi ég telja heppilegast að blanda í allt rúgmjöl, sem notað væri í brauð, 1% af undanrennudufti og í allt hveiti, sem notað væri í brauð og kaffibrauð, 5% af undanrennudufti. Mesta hækkun, sem þyrfti að verða á þessum vörum, væri með því móti svo lítilfjörleg, að neytendur mundu verða vart varir við hana".

Þannig varð samkomulag milli Bakarameistarafélagins og Alþýðubrauðgerðarinnar um það, að brauðverðið þyrfti ekkert að hækka, þó ákvæði frv. yrðu samþ., svo hv. þm. má reikna kílóið af mjólkurduftinu svo hátt eða lágt sem honum sýnist; það hefir engin áhrif á brauðverðið til neytenda, og það er aðalatriðið. En þó ekki sé blandað nema 1% af mjólkurdufti í rúgbrauð og 5% í hveitibrauð, þá þarf 2,1 millj. lítra af undanrennu í það duft, og ég verð að segja, að það er verulega mikið mjólkurmagn, sem létt er af mjólkurbúunum á þennan hátt, því smjörframleiðsluna eru engin vandræði með, því það er alltaf fremur smjörskortur en hitt, að það sé of mikið. Ég tel þess vegna svo mikla bót að þurrmjólkurframleiðsl-

unni, sem hægt verður að selja á erlendum markaði, að viðhorfið sé nú allt annað til þessa máls en var í fyrra. Þess vegna er afstaða mín og okkar Alþfl.-manna til þessa máls allt önnur nú en hún var þá. Þegar svo þar við bætist, að milliliðagróðinn er alveg útilokaður, þá er ekki að undra, þó við viljum halda áfram að styðja þessa stofnun, sem við vorum með að koma á fót og studdum gegn hinum harðvítugu og illvígu árásum frá flokki þessa hv. þm. Ég tel svo hv. þm. fyllilega svarað með þessu.

Ég hefði gjarnan viljað ræða brtt. meiri hl. landbn., en hv. þm. Mýr., frsm. n., hefir skýrt þær svo vel, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær skýringar.

Þá var hv. þm. Reykv. að segja ýms spakmæli, sem Framsfl. hefði fundið upp; hann talaði um svokallaðan „tvöfaldan skatt“ og hann talaði um „sama verð á sömu vöru á sama stað“. Ég skal ekki um það segja, hvort þetta eru spakmæli eða hve rétt þau eru, en Framsfl. hefir fundið eitt spakmæli, sem form. flokksins, Tryggvi Þórhallsson, sagði fyrstur fyrir nokkrum árum, og það er þetta: Allt er betra en íhaldið. Þetta er spakmæli. Og það, að ég veit, að hvaða skipulag sem er er betra en það, sem íhaldið vill hafa, þá fylgi ég því skipulagi, sem þetta frv. felur í sér, langtum fremur en að láta íhaldið ráða, því ég hefi enga trú á því, að íhaldið leysi þetta mál til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

*__Ólafur Thors__: Það er nú orðið svo áliðið dags og fáir hv. þdm. viðstaddir, að ég tel ekki þýða að gera máli þessu þau skil, sem annars málsins sjálfs vegna væri full ástæða til að gera, og einnig með hliðsjón af þeim rökum, sem hv. flokksbræður mínir hafa fært fram í þessu máli, þá mun ég að þessu sinni láta nægja aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær almennu umr., sem hér hafa farið fram. Allra síst ætla ég að gera tilraun til að sannprófa það, hve mikið sannleiksgildi hafa hin einstöku spakmæli, sem hér hafa verið tilfærð eftir Framsfl., og hvað þau hafa auðgað vísindi heimsins. En út af því spakmæli, sem hv. 7. landsk. síðast tilfærði eftir Framsfl. á sínum tíma, „allt er betra en íhaldið“, vil ég benda þessum hv. þm. á það, að það er nú hálfleiðinlegt fyrir hann og hans flokk að lifa á því eina náðarbrauði í kjöltu Framsfl., að allt sé betra en íhaldið, eftir að þeir flúðu til baka frá fótum kommúnista, vitandi það, að máske flýgur nú um hug sjálfra framsóknarmanna, að til muni vera það, sem er verra en íhaldið. Það er alkunnugt, að hið þjóðfræga hægra bros breiðist nú ört út í þeim flokki af þeirri ástæðu, að flokkurinn er að skilja, að til er það, sem er verra en íhaldið. Og èg get óskað þessum hv. þm. til hamingju með það, að sú forna speki Framsfl. er nú að falla úr gildi.

Um þetta frv. er margt misjafnt, en fátt gott að segja. Ég er hræddur um, að sú verði raunin síðar, að það verði *til lítillar blessunar þeim* bændum, sem ætlað er að ívilna með því, og ennfremur að neytendur á þessu sölusvæði kenni þess brátt, að ekki heldur verður það þeim til framdráttar. Það er örugg vissa fyrir því, að nokkur hópur bænda, sem við l. þessi á að búa, mun vegna beinna fyrirmæla frv. verða fyrir miklum þrengingum, hversu sem að lokum kann að takast að ráða fram úr þeim örðugleikum. Það er alveg augljóst, að með ákvæðum frv. er fyrst og fremst stefnt að því að ívilna bændunum austanfjalls á sölusvæðum hér, sem l. er aðallega ætlað að ná til. Sjálfsögð afleiðing af frv., ef samþ. verður, er ný hvatning til þessara bænda um aukna framleiðslu. Við því er ekkert að segja, ef ekki væri með þessu verið að gefa bændunum tyllivonir, en ég veit, að margir hv. þm. óttast í hjarta sínu þá örðugleika, sem stafa munu af þeim framleiðsluauka, er siglir í kjölfar þessarar löggjafar. Örðugleikarnir hafa þegar gert vart við sig, en það vita allir, að þeir munu vaxa, og ég er ekki í minnsta efa um það, að þeir verða svo miklir, að þessir bændur, sem nú á að hjálpa, fá að reyna það, að þær vonir, sem þeim nú eru gefnar með þessu frv., eru tyllivonir.

Nú veit ég það, að örlög þessa máls eru hér ákveðin, svo að ræðuhöld þess vegna fá engu raskað. Eigi að síður vil ég vekja athygli á því, að hægt er að gera á frv. nokkrar breyt. sem yrðu tvímælalaust til bóta, án þess þó að vikið sé frá höfuðtilgangi frv., og sem jafnvel gefur vonir um, að hægt væri að sjá sæmilega borgið hag þeirra manna, er falla eiga undir l. Ég vil í því sambandi sérstaklega leggja áherzlu á tvö atriði. Annarsvegar að bændur sjálfir fái yfirráð yfir þessum málum, eins og lagt er til í brtt. sjálfstæðismanna í landbn. Það er of augljóst mál til þess, að ég ætli að látast vera að opna augu hv. þdm. fyrir því, að hér er náttúrlega um mikið hagsmunamál að ræða fyrir alla bændur, en jafnframt mál, sem felur í sér nokkra innbyrðis togstreitu milli þeirra sjálfra. Ég hefi enga trú á, að þeirri togstreitu verði ráðið til lykta á annan hátt en helzt að bændurnir sjálfir leysi málið. Ég er sannfærður um, að heppilegra er að láta þann bóndann, sem á að missa, deila við hinn bóndann, sem á að hreppa, heldur en að leggja deiluna í hendur mönnum eins og hv. 1. þm. Rang., flm. þess frv. Ég hefi náttúrlega mikla löngun til að deila á hann persónulega, þó ég ekki geri það hér, en það er *mín skoðun*, að maður með hans aðstöðu *eigi* örugra með að ná réttlátri og farsælli lausn í málinu heldur en bændurnir sjálfir. Menn eru þannig gerðir, að þegar þeir halda á umboði fyrir aðra menn, eru þeir djarfari og ófeimnari í frekum kröfum heldur en þegar þeir berjast fyrir sínu eigin máli. Hv. þm. veit, að við erum svona allir. Ég er t. d. ekki viss um það, ef hann, sem er þm. Rang., væri að bera fram kröfur á hendur mér, þm. G.-K., að hann með jafnköldu blóði gengi á minn hag eins og hann nú, að því er virtist, tiltölulega rólegur gengur á rétt bændanna í G.-K. Þetta er þáttur í mannlegu eðli. Þess vegna tel ég betra, að valdið verði lagt í hendur bændunum sjálfum, í stað þess að nú á að auka þetta vald í höndum þeirrar framkvæmdarstjórnar, er sjálf stendur utan við málið.

Þetta er nú annar þáttur þessa máls, hinn er

sá, að ég tel, að tæplega sé hægt fyrir hv. þd. að neita þeim tilmælum fulltrúa sjálfstæðismanna í hv. landbn., sem koma fram í a-lið 1. brtt. þeirra við 1. gr., um að við ákvörðun verðjöfnunargjaldsins sé tekið hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við mjólkurframleiðsluna á hinum ýmsu stöðum innan verðjöfnunarsvæðisins, og má aldrei hækka það svo, að ofboðið sé með því greiðslugetu framleiðenda í nokkru byggðarlagi á verðjöfnunarsvæðinu.

Ég viðurkenni fúslega það, sem komið hefir fram í umr., að þetta er teygjanlegt ákvæði, en það lýsir góðvilja Alþingis í garð þeirra bænda, sem ástæða er til að ætla, að l. setji í voða og bindur að vissu marki hendur þeirra manna, sem framkvæmdarvaldið hafa. Ég veit að vísu, ef þessi till. verður samþ., að nokkur hætta er á því, að mjólkin hækki fyrr eða síðar, en ég álít þessa hættu ekki mikla, því ekki verði gripið til þess að hækka mjólkina fyrr en til verulegra þrenginga er komið fyrir bændur hér í grennd.

Það liggur í hlutarins eðli, að fyrir hönd bændanna í Gullbr.- og Kjósarsýslu hefði ég ástæðu til að gera margt fleira í frv. að umræðuefni, en ég geri það ekki að þessu sinni af þeim ástæðum, sem ég þegar hefi tilgreint. Ég þori ekki að segja, að ég hafi fullkomna trú á því, að tekið verði tillit til óska minni hl. í þessu máli, en þó hefi ég nokkra von um, að svo mikil sanngirni og sómatilfinning finnist hjá andstæðingunum, að sýnd verði nokkur tilhneiging til að verða við óskum þeirra. Ég get svo lokið máli mínu með því að endurtaka það, sem ég sagði í öndverðu mínu máli, að ég hefi margt misjafnt að segja um þetta frv., en fátt gott, og hvað forsmhlið þess snertir þykir mér verst að sjá hv. þm. Mýr. sem meðflm. frv., því um hann má áreiðanlega segja, að „þar heggur sá, er hlífa skyldi". Því hann veit eins og hver annar — og í raun og veru betur en aðrir hv. flm. frv., — hvernig þeir bændur standa að vígi, sem nú eiga að mæta hinu nýja böli. Læt ég svo þetta nægja að svo komnu máli.

***Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen):** Ég ætla, að það hafi verið hv. 1. þm. Rang., sem hafði orð á því, að okkur í minni hl. landbn., flm. brtt. á þskj. 296, hefði ekki farizt fimlega að mæla fyrir þeim brtt., og vildi hann færa það út á þann veg, að málstaðurinn væri svo illur og bölvaður, að betra væri ekki að vænta. En ég verð að segja það, að hafi okkur farizt þetta ófimlega, þá fórst honum samt enn verr, er hann ætlaði að fara að gagnrýna brtt. okkar, og sömuleiðis hv. þm. Mýr., þó viðleitni hans væri að vissu leyti dálítið önnur, sem byggist á mjög svo ólíkri skapgerð þessara manna og allri framkomu.

Sem gagnrýni á 1. brtt. okkar talaði hv. þm. Rang. um, að framleiðendum þætti náttúrlega sinni greiðslugetu ofboðið. Í þessari brtt. felst nú ekki annað en að það er mjólkursölunefnd, sem á að ákveða verðjöfnunargjaldið, að það er hún, sem á að hafa hliðsjón af því, þegar hún framkvæmir verkið, að greiðslugetu þessara manna sé ekki ofboðið með þeim hækkunum á verðjöfnunargjaldi, sem kynni að leiða af því nýja skipulagi. Þetta hálmstrá, sem hv. þm. grípur þarna til, sýnir ljóslega, í hverjum neyðarvandræðum hann er þegar hann ætlar að finna meinbugi og ágalla á brtt. okkar. Og því fremur ætti mjólkursölunefnd að geta framkvæmt þetta eða farið nærri um það, þar sem ráð er fyrir gert, að Búnaðarfélagið leggi henni nokkurt lið í þessu efni, sem sé allsherjarstofnun bænda í þessu landi, sem hefir það að hlutverki að kynna sér sem bezt þeirra hag. Annað dæmi sýnir það, hversu þröngt er fyrir dyrum hjá þessum mönnum um gagnrýni á þessum till. okkar, þegar hv. þm. Mýr. var að tala um kjarnfóðursskattinn. Þar fór hann að tala um, hvað óskaplegt ranglæti gæti af þessu hlotizt gagnvart þeim, sem við sauðfjárframleiðslu fást og keyptu kjarnfóður handa sauðfé. Það er ljóst, að samkv. þessari till. er það nær eingöngu innflutt kjarnfóður, sem innflutningsgjald þetta nær til. Þess vegna verður þetta ranglæti ekki til, sem hv. þm. var að tala um; það á engan grundvöll í till. Það er alkunnugt, að um innflutningsgjald er eingöngu talað af innfluttum vörum, en það er ekki talað um innflutningsgjald af vörum, sem fluttar eru milli hafna innanlands. Ég vildi aðeins benda á þetta, hvað það nú er, sem þessir hv. þdm. grípa til, þegar þeir eru að reyna að finna höggstað á þessum till. Ég þarf náttúrlega ekki að fara út í það, sem hv. 1. þm. Rang. var að breiða sig yfir út af verðhækkuninni, sem leiddi af þurrmjólkurvinnslunni og blöndun mjólkur í brauð. Með upphrópun yfir allt andlitið var hann eitthvað að tala um skarplega hugsun í þessu efni. Það eru vitanlega svo skiljanlegir hlutir, sem í till. felast, að mér dettur ekki í hug að eiga orðastað við hv. þm. um þá; það getur enginn misskilið hana, þó að þessi hv. þm. grípi til þess sem örþrifaráðs.

Þá var hv. 1. þm. Rang. að tala um stj. á framkvæmd mjólkursölunnar. Hann hélt, að úr þessu gæti orðið hinn argasti óskapnaður, af því að það var talað um framleiðendafélög samhliða mjólkurbúunum. Eins og sakir standa nú, eru það mjólkurbúin ein, sem koma til greina um að skipa menn. Ég er nú ekki viss um að hugur fylgi máli hjá hv. þm., að hann vildi styðja brtt. um það, að framleiðendur fengju þessar framkvæmdir í sínar hendur, þá skyldi ég undir eins bjóða honum að taka orðið „framleiðendur" úr þessari till. og láta standa „mjólkurbú". En ég veit, að hv. þm. mundi ekki greiða slíkri till. atkv. Hann vill nú fá að halda þeirri aðstöðu, sem hann hefir haft undanfarið, nefnilega að vera formaður þeirrar stofnunar, sem hefir mjólkursöluna með höndum, og þjóna sinni lund þar áfram á líkan hátt og hann hefir gert undanfarið.

Hv. þm. var eitthvað að tala um, að þessar till. okkar mundu vinna þessu máli tjón. Það er nú síður en svo. Fyrsta till. miðar að því að fyrirbyggja þá hættu, að einstök byggðarlög gætu beðið við það hnekki, þann, sem hv. þm. Mýr., meðfl. hans að þessu frv., hefir talað um, að þyrfti að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að bæta aftur. Fyrsta till. miðar nú

eingöngu að þessu. En hitt tel ég víst, að hv. 1. þm. Rang., sem vill nú „skalta og valta“ með þetta allt eftir eigin vild, eftir því sem andinn blæs honum í brjóst á hverjum tíma, hann vill náttúrlega ekki, að sér verði settar neinar hömlur um framkvæmdir í þessu efni, eða á þann geðþótta, sem hans framkvæmdir annars stjórnast af á hverjum tíma. Það er bara þetta í till., sem hann er á móti, þótt hann láti það ekki koma beint fram og sé að leita að öðrum ástæðum, sem ekki er hægt að draga út úr till.

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þetta mál; það mun sennilega ekki hafa mikla þýðingu. En ég vil aðeins bæta því við, að það mun sýna sig við síðari reynslu, ef till. við þetta frv. frá meiri hl. landbn. verða felldar og frv. samþ. eins og það liggur fyrir, að það var ekki happaspor stigið í Alþingi, þegar það var gert, og að það var ekki gert af umhyggju fyrir hagsmunum bænda og framleiðenda. Og mér er kunnugt, að ýmsir framsóknarmenn, og þar á meðal þeir, sem fluttu málið á þingi fyrst, — t. d. hv. 1. þm. Árn. — hafa einmitt talað um, að það mundi verða nauðsynlegt að afla verðjöfnunarsjóði tekna með einhverju öðru móti heldur en gert er með verðjöfnunargjaldinu eingöngu. Ég er ekki í vafa um að sá kostur, sem menn eiga að búa þar við, getur orðið ærið þröngur, að jafna alltaf verðinu niður á við.

Það hefir í þessum umr. verið talað um þjóðlygar. Það hefir verið talað um eina þjóðlygi, það hefir verið talað um tvær þjóðlygar, og ég held, að talan hafi verið komin upp í þrjár. Og mig minnir, að það féllu einhvern veginn orð á þá leið, að hv. 1. þm. Rang. væri kannske höfundur að þriðju þjóðlyginni. Ef ekki, þá hefði hann a. m. k. sýnt alla viðleitni á að koma henni á framfæri, og er það kannske nokkuð það sama. Og ég skal bæta því við, að þegar þetta var sagt, þá ljómaði andlitið á hv. 1. þm. Rang. og varð eitt bros, — svo mikið fannst honum um það að hafa átt þessa hlutdeild í þessari þriðju þjóðlygi. Mér verður á að bera þetta saman við það, þegar hann í sínum prestskrúða með uppréttar hendur blessar yfir söfnuð sinn þar austur frá og prédikar það yfir þeim, að „það er sannleikurinn, sem gerir yður frjálsa“. Ég verð að segja í sambandi við þetta tvennt, að það fer náttúrlega öllum illa að þykja sómi að skömmunum, en verst fer það þeim, sem falið er það hlutverk að vera meðalgöngumenn milli guðs og manna.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Það er varla vert að gera raunir hv. þm. Borgf. meiri þegar maður heyrir þann tón, sem hann endar á. Því að meira víl og volæði hefir líklega sjaldan heyrzt frá honum, að hann væri svo herfilega beygður, að hann gæfi algerlega frá sér annað en einhverja prédikun um það, hvað hollt væri að halda sér við sannleikann. Því að ég hygg, að hann hafi ekki alltaf fremur öðrum verið neitt sérstakt leiðarljós í því, og þá sízt í þessu máli, hvað væri sannleikur. Enda hefi ég ekki heyrt, að hann hafi gert neina tilraun til að sýna, hvað er réttlæti milli manna, sem eiga að þessum l. að búa, heldur hefir hann stöðugt hamrað á því, að mikið ranglæti væri framið. Enginn hefir heyrt hann segja, á hverjum það ranglæti bitnaði. En ég tel það hlutverk mitt — það get ég sagt hv. þm. — bæði í kirkju og utan, að halda þannig á málstað manna, sem ég vinn fyrir, að réttur þeirra sé ekki fyrir borð borinn og að allir séu jafnréttháir í þjóðfélaginu. Og þess vegna álít ég, að ef hv. þm. Borgf. ætlar að tala í þeim tón, sem hann endaði ræðu sína á, þá ber honum að snúa sér frá þeirri stefnu í þjóðmálum, sem hann hingað til hefir fylgt, þar sem stefnt er í þá átt að halda við ranglæti og misrétti milli manna í þjóðfélaginu, þar sem menn aldrei vilja láta af ranglæti og misrétti fyrr en þeir eru til þess neyddir.

Ég hefi annars ekki miklu við þetta að bæta. Menn hafa heyrt það, að bæði hv. þm. G.-K. og svo hv. þm. Borgf., sem annað er tamara en að barma sér, það verð ég að segja, hafa hér í raun og veru ekki haft nein rök að síðustu fram að færa, heldur bara spádóma og grunsemdir. En ég hygg, að hv. þingmenn verði nú að byggja á öðru traustara um afstöðu til mála og úrlausn þeirra á Alþingi heldur en spádómsgáfu hv. þm. Borgf. og hv. þm. G.-K., þó að þeir telji sig kannske spámannlega vaxna.

Þá skal ég aðeins minnast á þau atriði, sem hv. þm. Borgf. talaði um viðkomandi tillögunum, þar sem hann kvaðst fús til þess að taka burt orðið „framleiðendafélög“. Því að nú hefir hann séð, að slíkt getur ekki náð nokkurri átt, að það verði ótakmarkað fyrir framleiðendur, hvernig skipa skuli sölustjórn fyrir þessi sölusamtök. Nú veit hv. þm., að í mjólkurlögunum eins og þau eru nú, er heimild fyrir þessu hvenær sem framleiðendur koma sér saman. Og hann heldur fram, að ég vilji ekki ganga inn á þetta fyrirkomulag af því að mér sé umhugað að vera formaður fyrir stofnun, og bætti við „til að ráða þar öllu einn“. En það er að geta óþarflega mikið í skyn, að ég, einn af sjö mönnum, ráði öllu. En ég get sagt hv. þm. það, að ég hefi gengið ófús til þessa starfs, sem ég er í, og er manna fúsastur til að leggja það niður þegar bændur óska þess og aðrir, sem hafa falið mér það. En ég efast um það, þó að bændur ættu einir um að velja, að ég myndi að öllu leyti losna við það að vera eitthvað við þetta áfram.

Það, sem verður að líta á í þessu máli, er það, hvað er framkvæmanleg og heppileg úrlausn. Og það er fullkomlega játað af mér — og margsinnis við þessar umræður —, að ef búið er að taka burt þann hagsmunaágreining, sem ríkt hefir, og bændur stæðu jafnar að vígi, þá er ekkert til fyrirstöðu, að þeir geti komið sér saman um sölustjórn. Það hefir verið svo alstaðar annarsstaðar í löndunum kringum okkur, þar sem bændur hafa búið við það sama, að þeir hafa farið með þetta sjálfir án alls ágreinings. Og ég er alveg viss um, að þeir geta það líka hér á landi, þegar allir hafa sömu hagsmuna að gæta.

Hv. þm. G.-K. var að tala um, að það ætti að ívilna einhverjum mönnum eftir frv., aðallega austanfjalls, sagði hann, og einnig í Borg-

arfirði. Ég vil biðja hv. þm. að benda mér á, hvar í frv., sem hér er á ferð, eru ákvæði, sem fela í sér sérréttindi og ívilnanir til bænda, sem fjær búa. Ég þekki þau ekki. Og ég veit ekki betur en að frv. feli í sér, að sá aðstöðumunur, sem er á milli manna, eigi að haldast, en þegar komið er í sölustað eigi þeir að búa að hinu sama.

Annars skal ég ekki orðlengja um þetta meira og ekki koma inn á ræðu hv. 2. þm. Reykv., þar sem hann var að reyna að draga að landi með þær fullyrðingar, sem hann hafði í frammi, að verðið ætti endilega að hækka við þetta, því að náttúrlega er það mesti misskilningur, sem hugsazt getur. Þetta leiði ég nú hjá mér, enda hafði hann ekkert fram að bera. En ég ætla aðeins að enda orð mín á því að benda hv. þdm. á, hvað það er í raun og veru ómerkilegt hjá andstæðingum þessa frv., þegar þeir tala um það eins og einhver voði sé á ferð og eru með illa spádóma út í framtíðina, ef á að koma á hjá okkur sömu ákvæðum um þetta sölufyrirkomulag eins og búin eru að gilda sumstaðar í mörg ár í nágrannalöndunum allt í kringum okkur. Og ég þekki engin dæmi um sölufyrirkomulag mjólkur í Evrópu, þar sem gengið er skemmra til þess að jafna aðstöðumuninn. Það er hinsvegar vitað, að hjá okkur hefir vegna þessa mismunar, sem ríkt hefir milli framleiðenda, verið allmikil togstreita um þetta mál þann tíma, sem þetta skipulag hefir staðið, þó að skipulagið í heild hafi orðið til góðs. Það er þess vegna alveg augljóst mál, að ef þessi mismunur, *sem haldizt hefir undanfarið*, er burt numinn, eru allar líkur til, að náist sami friður á milli framleiðenda um þetta skipulag og almenn ánægja eins og hefir náðst alstaðar annarsstaðar, þar sem framkvæmdin hefir verið með fullum jöfnuði.

***Frsm. meiri hl. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég verð enn einu sinni að leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í umr. í kvöld, og ekki sízt hjá hv. þm. A.-Húnv., að með þessari löggjöf sé verið að taka einhver ákveðin réttindi af nokkrum hluta bænda og gefa öðrum mönnum réttindi, sem þeir hafi ekki haft áður. Þetta er sá misskilningur, sem öll höfuðmótspyrna og höfuðmálfylgja gegn þessu máli hefir byggzt á. Hér er ekkert verið annað að gera en tryggja mönnum að nota rétt og aðstöðu, sem þeir höfðu áður en mjólkurlögin voru samþ. og áður en þessi breyt. var fram borin. Því að hvað hefir skapað bændum austanfjalls og í Borgarfirði rétt og aðstöðu til að nota aðalmarkaðinn í Reykjavík og Hafnarfirði? Ekkert annað en þær miklu samgöngubætur, sem framkvæmdar hafa verið síðastl. ár milli þessara héraða og Rvíkur, þar með talin hin nýju flutningatæki, bílarnir. Ennfremur sú mikla ræktun, sem hefir farið fram í þessum héruðum, sem hefir allt gert mönnum mögulegt að koma upp kúabúum og stunda mjólkursölu. Allt þetta hefir skapazt fyrir aðgerðir, sem voru að nokkuð *miklu leyti* þegar á *komnar áður en* mjólkursölulögin voru sett. Eftir að samgöngurnar höfðu batnað og eftir að búið var að reisa mjólkurbú í Ölfusinu, í Flóanum og uppi í Borgarfirði, þá var þar með sköpuð sú aðstaða, sem bændur hafa og þeir hafa rétt til að nota, að koma mjólk sinni á Reykjavíkurmarkað. Við skulum hugsa okkur, að engin mjólkurlöggjöf hefði verið sett, eða að þessi löggjöf væri afnumin; þá mundu allir þessir aðiljar flytja mjólk á markaðinn hér. Og í verðmun á mjólk þeirra og hinna, sem nær búa, yrði munurinn á flutningskostnaðinum höfuðatriðið. Hér er því ekki verið að koma á neinum nýjum réttarbótum fjarlægari bændum til handa, heldur að lögfesta þann rétt og aðstöðu, sem þeir höfðu áður en l. voru gerð. Um þetta fannst mér skorta skilning hjá hv. þm. A.-Húnv., þegar hann var með heimspekilegar bollaleggingar sínar um mikið misrétti í þessari löggjöf. Hann sagði, að við yrðum að horfast í augu við það, ef þetta yrði framkvæmt eins og í frv. segir, að svipuð verðjöfnun yrði að ganga yfir kjötið. En er það ekki einmitt grundvallaratriðið í kjötlögunum, að jafna verðið á kjötinu eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi? Og meira að segja er svo langt komið nú þegar, að verðjöfnun á kjöti er í aðalatriðum ekki minni en ætlazt er til, að verði á mjólkinni samkv. þessu frv. Það er einmitt návæmlega það sama, sem farið er fram á í *þessari löggjöf, eins og búið* er að gera í kjötsölulöggjöfinni.

Hv. þm. sagði, að ef ætti að halda þessu áfram, þá yrði að stiga sporið til fulls og láta alla bændur á landinu njóta réttinda, sem eru í þessu frv. Ég geri ráð fyrir, að þótt sett yrði ákvæði um það, að bændur í Austur-Húnavatnssýslu ættu rétt til að koma mjólk á Reykjavíkurmarkað, ef þeir vildu kosta flutning hingað, þá yrðu þeir hv. þm. ekki ákaflega þakklátir fyrir að koma því til vegar. Því að flutningurinn yrði svo dýr, að vafasamt er, að söluverðið gerði meira en að borga hann, a. m. k. suma tíma árs. En með þessum l. er aðeins verið að tryggja mönnum áður fengin réttindi.

Hv. þm. G.-K. kvað sér þykja það einna óviðkunnanlegast af öllu í meðferð þessa máls að sjá mig einn af flm. þessa frv., þar sem mér mundu vera kunnar ástæður bænda í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hyggi þar sá, er hlífa skyldi. Ég vil benda honum á, að ég er fulltrúi bænda í Mýrasýslu og tel mér skylt og rétt að gæta þeirra réttinda. En ég skal viðurkenna, að ef ég hefði þá skoðun, að ég aflaði þeim réttinda með því að ganga á rétt annara, þá er mér það mjög óljúft, og ég myndi ekki fylgja slíku máli fram. En þegar ég álít, að ég sé að tryggja þeim rétt, sem þeir samkv. sinni aðstöðu höfðu áður en þessi l. voru sett, þá er mér það skylt, þó að jafnvel verði að ganga eitthvað á hagsmuni minna nágranna að nokkru leyti. Og mér er kunnugt, að þótt erfiðar séu fjárhagsástæður fjölda bænda í nærsveitum Rvíkur, þá eru engu betri fjárhagsástæður fjölda bænda í mínu kjördæmi, sem ofan á alla erfiðleikana hafa orðið fyrir því undanfarin ár að missa mikinn hluta og sumir allt sauðfé, sem þeir hafa mest byggt afkomu sína á undanfarið; þannig að ef ég ofan á það allt brygðist því að tryggja þeim á Alþingi þau réttindi, sem ég álít, að þeir eigi

eins og aðrir borgarar þjóðfélagsins til að nota markað, sem þeir hafa skapað aðstöðu til að nota, þá mætti segja, að höggur sá, er hlífa skyldi.

*Jón Pálmason: Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, sem oft hefir skeð áður í umr. um þetta mál, að hann greip til röksemda, sem eru algerlega út í hött, þegar hann var að gera ráð fyrir, hvernig fara mundi, ef allt mjólkurskipulagið væri upphafið. Ég veit ekki til, að nokkur maður vilji upphefja þau l. Hér er aðeins um það að ræða, hvort á að útfæra þetta í miklu viðtækari skilningi en áður hefir verið gert.

Hvað það snertir, sem hann taldi mikið grundvallaratriði í þessari deilu, að sagt væri, að tekinn væri réttur af mönnum og fenginn öðrum í hendur, en hann taldi ekki vera gert, þá er það svo, að af þeim, sem næstir búa markaðsstaðnum, er tekinn réttur og fenginn öðrum í hendur, þegar á að jafna verðið þannig, að jafnt er greitt fyrir vinnslumjólk og neyzlumjólk.

Annars verð ég að segja að ég get glatt mig fyrir hönd bæði minna kjósenda og annara, sem búa úti á landi, yfir að fá þessa yfirlýsingu, að ef frv. verður samþ., þá sé meiningin að útfæra verðjöfnun yfir allt landið, ekki aðeins að því er snertir mjólkina, heldur einnig aðra framleiðslu, sem er á markaðinum frá okkur bændunum, því að það er engum frekar til hagsmuna en þeim, sem fjærst búa. En ég álít, að það sé fjarstæða að taka upp þessa reglu, því að ef komið er fullum verðjöfnuði á neyzlumjólk og þá mjólk, sem unnið er úr kannske að ⅔—¾ hlutum, þá getur eins gengið, þegar fjær kemur og unnið er úr mjólkinni allri, að eins eigi að bæta hana upp. Sama er að segja, að því er snertir kjötið og þau sláturhús, sem hafa ekki aðstöðu til neins annars en að salta, þá ættu þau samkv. sömu reglu að fá sama verð og þeir, sem hafa aðstöðu til að selja kjötið nýtt á bezta markaðnum innanlands.

Ég vil að endingu minna menn á, að það kom fram hjá hv. 1. þm. Rang. hér í kvöld sú yfirlýsing, að ef frv. væri fellt, þá væri þar með upphafið allt það gagn, sem væri að hafa af þessu mjólkurskipulagi, sem nú er. Ef þessi yfirlýsing hefir við rök að styðjast, þá sannar hún, að mjólkurlögin, sem nú eru í gildi og ekki nema 3 ára gömul, hafa ekki verið mikils virði þegar þau voru sett, ef þau eru nú einskis virði, eins og ætla má eftir yfirlýsingu hv. þingmanns. Ég lít öðrum augum á þetta. Ég álít, að eins og sakir standa sé heppilegast að una við þau lög, sem nú eru í gildi og ganga ekki út í neinar öfgar á þessu sviði, — en ég kalla það öfgar, ef það er meiningin, hvað mikil sem vinnslumjólkin verður, þá skuli jafna verðið til fulls, eins og á að gera með þessu frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 295,1.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 296,1.a felld með 14:8 atkv.
— 296,1.b tekin aftur.
— 295,1.c samþ. án atkvgr.
— 295,1.d-e samþ. með 17 shlj. atkv.
— 295,1.f samþ. með 16:2 atkv.
— 296,1.c felld með 16:9 atkv.
— 295,1.g samþ. með 17 shlj. atkv.
— 295,1.h samþ. með 22 shlj. atkv.
— 296,2 felld með 17:7 atkv.
— 295,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 295,3 felld með 17: 8 atkv.
— 296,4—5 teknar aftur.
— 295,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 300 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 313).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr (A. 313, n. 345 og 362).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Frv. þetta hefir legið fyrir landbn., en þegar fundur var haldinn um það, voru ekki allir nm. á fundi. Við sem á fundinum vorum, ég og hv. 6. landsk., vorum ekki að öllu leyti sammála um það. Ég vildi leggja til, að frv. væri samþ. óbreytt, en hann vildi gera á því nokkrar breytingar.

Þetta mál er svo margrætt, að óþarft er að hafa langa framsöguræðu. Aðalbreytingar, sem í frv. felast frá núgildandi l., eru þær, að í stað þess, að verðjöfnunargjald af mjólk mátti ekki fara upp fyrir vissa prósenttölu af verðinu, er það nú óákveðið hér og ætlazt til, að það fari eftir þörfum, svo að mjólkin verði til bænda með sama verði, að frádregnum ýmsum liðum, sem fram eru teknir í löggjöfinni. Það er fyrst og fremst mjólk, sem framleidd er á haustmánuðunum, þegar mjólk er minnst; hana má selja einum eyri hærra, og menn, sem búa nálægt bænum, mega einnig selja sína mjólk einum eyri hærra en aðrir. Með þessum og nokkrum öðrum undantekningum er mjólkin greidd með sama verði yfir allt verðjöfnunarsvæðið, nema hvað gerður er munur á kostnaði, sem leiðir af dýrum flutningum.

Það sýndi sig með ákvæði fyrri l. um tekjur verðjöfnunarsjóðs, að þær nægðu ekki til að ná tilætlaðri verðjöfnun, og því er gripið til þess að breyta l.

Mönnum er mál þetta svo kunnugt, að ekki

er ástæða til að fara um það fleiri orðum, og um brtt. mun ég ekki tala fyrr en flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Eins og hv. 1. þm. N.-M. tók fram, klofnaði n. um málið, og er þríklofin í raun og veru.

Ég get ekki gengið að þessu frv. óbreyttu og hefi því gert tvær brtt. við það. Að ég hefi ekki farið lengra út í málið, orsakast af því, að ég hefi ekki sökum anna haft nógu góðan tíma til að athuga það, enda barst mönnum það til eyrna, að samkomulag hefði orðið um það milli stjórnarflokkanna að láta þetta mál ganga í gegn á þessu þingi, og það fljótlega. Geri ég því ekki ráð fyrir, að þeir menn séu hingað komnir til að láta sannfærast af rökum eða fara eftir brtt., sem fram koma, en það mun sýna sig í kvöld, hvort nokkur fótur er fyrir þessu.

Ég ætla ekki að vera margorður um þetta mál, enda er svo ástatt fyrir mér, að fjvn. situr nú á rökstólum, og er hún einmitt komin saman til atkvgr., svo ég geri ráð fyrir, að ég taki ekki mikinn þátt í umr. nú.

Þetta mjólkurmál er í raun og veru mikið vandamál. Ég játa, að full þörf var á löggjöf um það. En ef vel hefði átt að vera, þá hefði hún þurft að geta komizt á án þess að pólitík hefði verið hleypt í málið, en því miður hefir það komizt inn í straumkast stjórnmálanna, því varla hefir staðið meiri styr um önnur mál heldur en mjólkurmálið í seinni tíð, og þó hlé hafi verið í bili, þá virðist hann vera að vakna upp aftur. Ég hefi lítið tekið þátt í þessum deilum, enda hefir min aðstaða verið þannig, að hérað það, sem ég á heima í, hefir ekki haft þar nein sérstök réttindi eða kvaðir, en ég hefi jafnan reynt að líta hlutdrægnislaust á allar málsástæður.

Það eru, eins og ég sagði áðan, aðallega 2 till., sem liggja fyrir frá minni hendi. Þær eru að mestu leyti teknar upp eftir brtt., sem komu fram við málið í hv. Nd.

Fyrri brtt. er um það, að við ákvarðanir um greiðslu verðjöfnunargjaldsins verði tekið hæfilegt tillit til hins mismunandi kostnaðar, sem er við framleiðslu þessarar vöru á verðjöfnunarsvæðinu. Eins og nú standa sakir er öllum það vitanlegt, að á þessum stóru svæðum, sem hér er um að ræða, er feiknamikill munur á því, hvað framleiðsla vörunnar kostar. Við vitum, að það er nokkuð dýrara að framleiða mjólk í grennd við Reykjavík, þar sem menn verða að brjóta holt og urðir til þess að vinna þar ræktuð lönd og geta haft mjólkurframleiðslu, heldur en þar, sem löndin liggja svo að segja fullbúin til heyvinnslu með vélum, svo að það þarf ekki nema áburðinn til þess að þau séu töðugæf. Vinnan er líka hér miklu dýrari heldur en lengra úti á landi, og það verður að taka tillit til þess. Yfirleitt á sú skoðun að ríkja, að þeir menn, sem eiga erfiðari aðstöðu, fái heldur betri kjör til þess að geta haldið við byggðinni. Hér hafa menn í góðri trú á betri markað en annarsstaðar lagt út í að rækta lönd umhverfis Reykjavík með ærnum kostnaði. Ef svo fer, að söluverð vörunnar er ekki fyrir framleiðslukostnaði á einum stað, en greitt ef til vill miklu meira en framleiðslukostnaður á öðrum stað, þá mun fólkið dragast að þeim stað, þar sem það hefir meiri gróða af sinni atvinnu. Það getur því farið svo, að það dragi úr framkvæmdum hér, og það getur orðið til þess, að fólk, sem býr hér nálægt, fari beint inn í bæina, þegar það getur ekki alið önn fyrir sér á sínum löndum. Ég hefi tekið upp þessa till. vegna þess, að hún hjálpar mönnum til þess að fá sem næst framleiðslukostnaði. Ég sé ekki annað en sá heppilegasti aðili til þess að reikna út, hver hinn raunverulegi framleiðslukostnaður er, sé Búnaðarfélag Íslands.

Um hina aðalbrtt. mína get ég verið fáorður. Það er almennt viðurkennt, að sú breyt. hafi í raun og veru fullkominn rétt á sér og það er talið að hún hljóti að koma bráðlega. En í bili er tregðazt við að láta þessi fyrirmæli koma fram. Ég sé ekki ástæðu til að draga að lögfesta þetta atriði, úr því gera má ráð fyrir, að það verði fyrr eða síðar.

Ég ætla svo ekki að lengja umr. að þessu sinni meira. Ég vænti þess, að menn líti með sanngirni á þessar till. og fylgi þeim, ef ekki er allt bundið fyrirfram.

***Magnús Jónsson:** Ég vona, að hæstv. forseti leyfi mér að fara örfáum orðum um málið almennt, áður en ég minnist á brtt. þær, sem ég hefi borið fram. Þetta mál var ekki rætt neitt hér við 1. umr., og þó það sé tækifæri til þess að koma að almennum aths. við 3. umr., þá býst ég við, að það borgi sig hvað vinnubrögð snertir að minnast heldur nokkrum orðum á málið almennt nú. Ég skal ekki fara óhæfilega langt út í það.

Mjólkurl. eru hér um bil jafngömul núv. ríkisstj. Þau voru fyrst sett sem bráðabirgðal. sama haustið og ríkisstj. tók við völdum. Þau bráðabirgðal. komu svo náttúrlega fyrir næsta þing á eftir, sem kom saman skömmu seinna, og voru þau þá afgr. Maður getur sagt, að þessi l. hafi frá upphafi borið dálítinn keim af þeirri stjórnarstefnu, sem komið hefir fram hjá núv. ríkisstj., að taka málin á nokkuð einræðislegan hátt og hirða ekki mjög um, að eðlileg þróun og samkomulag manna á milli fái að ráða, heldur líta einstrengingslega á ákveðnar þarfir, og setja þegar í stað lagaákvæði um það, sem mönnum þykir áfátt. Þegar þessi mjólkurl. voru sett, þá komu þegar í stað fram mjög mikil andmæli frá Rvík. Ég held mig að nokkru leyti við Rvík, vegna þess að ég er fulltrúi þess kjördæmis, og þar sem Rvík á svo mikilla hagsmuna að gæta, bæði vegna neyzlu þessarar vöru og framleiðslu hennar þar, þá er eðlilegt, að raddir komi fram þaðan fyrir munn þm. þess kjördæmis. Það var þá þegar mikill uggur í mönnum hér út af þessum l. Fyrst og fremst getur maður minnt á neytendurna. Þeir voru hræddir við, að með þessu fyrirkomulagi myndi verð mjólkurinnar hækka til neytendanna, þar sem farið var fram á að leggja allmikil gjöld á þá mjólk, sem auðveldast var að framleiða og ná til, eins og þá var. Menn óttuðust þetta,

enda er ómögulegt að neita því, að l. voru í upphafi sett til þess að forða frá verðfalli á mjólk. Mig undrar nokkuð, að við umr. í Nd. um þetta mál virðast einstaka hv. þm. hafa verið að halda fram allt öðru um málið, og það sömu þm., sem áður héldu því fram, að þetta væri gert til að vernda bændur og aðra mjólkurframleiðendur gegn of miklu verðfalli. Það átti að forða frá mjólkurstríði, sem stafaði af of miklum aðflutningi mjólkur á vissum tíma árs og þar af leiðandi frá hruni á verði mjólkurinnar. Hitt er svo annað mál, að neytendur mjólkur líta náttúrlega ekki með mikilli gleði á beinar ráðstafanir löggjafans til þess að gera dýrari þá vöru, sem er svo ákaflega mikið notuð af fátækum ekki síður en ríkum. Það, sem menn borga fyrir mjólk í Reykjavík, er svo verulegur hluti af kostnaðinum við það að lifa, ekki síst þar, sem börn eru á heimili, að það er ákaflega eðlilegt, að það komi fram nokkur uggur og ótti við ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að hækka þá vöru. Það komu þess vegna nokkur andmæli frá Reykjav. út af þessu.

En það var dálítið einkennilegt fyrirbrigði, að samtímis því, sem neytendur mjólkur voru hræddir við þessi l., þá komu einnig fram allmikil andmæli frá framleiðendum mjólkur einmitt hér á bæjarlandinu. Það var af því, að með þessum l. var beinlínis stefnt í þá átt að taka að miklu leyti af framleiðendum á bæjarlandinu þá sérstöku hagsmuni, sem þeir höfðu af því að vera búsettir alveg við bæinn, og geta þannig hagnýtt mjólkina á betri hátt en þeir, sem voru fjær. Þetta kom m. a. fram í því, að gerilsneyðingarskylda var sett á alla mjólk. En menn, sem framleiddu mjólk á bæjarlandinu, og seldu hana til fastra kaupenda beint úr fjósinu, gátu ekki hugsað sér, að mjólkin yrði nein skaðræðisverzlunarvara, þó hún færi beint úr fjósum til ákveðinna neytenda, frekar en annarsstaðar á landinu, þar sem engin gerilsneyðingarskylda er. Með því að neyða menn til að gerilsneyða alla mjólk, þá var lagður á menn mikill kostnaður, sem ekki fer til neins, nema þeirra, sem taka að sér gerilsneyðinguna, og þá þeirra, sem hafa atvinnu af henni, en það er ekki ætlazt til, að það sé gróðafyrirtæki. Ég verð að segja, að ég gerði orð þeirra manna að mínum, þegar mjólkurl. voru til afgreiðslu, sem gátu ekki séð, ef nákvæmt heilbrigðiseftirlit var haft með kúnum, og dýralækni t. d. gert að skyldu að skoða hverja kú einu sinni á ári, að hægt væri að fá hollari mjólk en þá, sem kom beint úr fjósinu til neytenda. Gerilsneyðingin kemur þá fyrst til greina, þegar farið er að hella saman mikilli mjólk, svo kaupandi getur ekki greint uppruna mjólkurinnar. Þá kemur til greina þörfin á að bæta úr því samsulli með því að gerilsneyða alla mjólkina til þess að forðast hættu af einstökum gripum, sem kunna að eiga sína nyt í öllum þeim stóra sjóði. Hitt er fráleitt, að mjólkin sé hættuleg, þó hún sé framleidd í fjósi rétt við Rvík og flutt beint á heimilin í Rvík frekar en á öðrum heimilum landsins, svo framarlega sem þess er gætt, að gripirnir séu heilbrigðir. Þetta var eitt óánægjuefnið.

Það er ekki rétt að rifja þetta upp frekar, heldur aðeins minna á þetta sem sögulega endurminningu. En með þessu var lagt á mjólkurframleiðendur gjald, sem hér í Rvík hefir farið upp í 100 þús. kr. Þetta er gjald, sem í raun og veru var ekki nein brýn nauðsyn að leggja á.

Annað var það, að menn óttuðust þann kostnað, sem leiddi af skipulaginu, því margir framleiðendur mjólkur hér við Rvík lifðu á sinni framleiðslu, þannig að þeir önnuðust allt viðvíkjandi mjólkinni sjálfir, svo sem að aka henni í bæinn til þeirra, sem neyttu hennar, og spöruðu sér þannig milliliðakostnað.

Það var þess vegna allerfið aðstaða hjá Rvík út af þessu máli, þar sem bæði var óánægja neytenda og framleiðenda á bæjarlandinu. En það var ekki miskunn hjá Magnúsi, þegar l. voru sett, því hnefinn var bara settur í borðið og sagt, að svona skyldi það vera, og ekki öðruvísi.

Ég vil ekki gera mönnum getsakir um það, hvað mönnum hafi gengið til með þessu, en ég er hræddur um, að dálítil pólitík hafi blandazt í þetta mál, og þá sérstaklega austanfjallspólitík. Það var sérstaklega Framsfl., sem leit hýru auga til manna fyrir austan fjall, og hann gerir það líka enn. Þar var land að vinna, og það er eins og Filippus af Makedóníu sagði, að hver borg er vinnanleg, ef asni klyfjaður gulli kemst inn fyrir borgarhliðin. Ríkisstj. hugsaði eins. Það er líka hægt að vinna kjördæmi með verðjöfnunargjaldi. Ég vil ekki segja, að þetta hafi brugðizt ríkisstj. á neinn hátt. Gjaldið hefir streymt austur og atkv. til þeirra, svo nú ráða þeir fyrir austan fjall, og þá er sennilega einum höfuðtilgangi mjólkurl. náð.

Ég lýsti því yfir, þegar l. voru sett, að mér fyndist eðlilegt, að þetta skipulag, sem var sett á mjólkursöluna, væri látið ná til þeirrar mjólkur, sem flutt væri að til Rvíkur. Mér fannst það ekkert ósanngjarnt, að heild út af fyrir sig, þó hún sé innan ríkisheildarinnar, fengi sjálf að ráða og skipa um þá mjólk, sem hún sjálf framleiðir. Það var talið, að notaðir séu í Rvík um 6 millj. lítrar af mjólk. Af þessari mjólk var talið, að ¼ væri framleiddur á bæjarlandi Reykjavíkur, eða 2 millj. lítra. Þá vildum við, sem litum á þetta út frá sjónarmiði Reykjavíkurbæjar, segja, að mjólkurþörf Rvíkur væri 4 millj. lítra, eða rúmlega það, og um þá mjólk skyldu þeir skipa eins og þeim sýndist. Þar gætu þeir fyrirskipað gerilsneyðingu og verðjöfnun til að jafna milli manna, en láta í friði þá mjólk, sem framleidd væri á bæjarlandinu. Það væri á okkar ábyrgð að neyta þeirrar mjólkur, og ef hún væri óholl, þá kæmi það niður á okkur, en þeir skyldu bara láta okkur í friði með hana. Alveg eins og kaupþörf eins lands á einhverri vöru er það, sem vantar á framleiðslu landsins sjálfs á þessari vöru, þá er markaðsmöguleiki Rvíkur fyrir mjólk það, sem bæinn vantar á framleiðslu mjólkur handa sér.

Þetta fannst mér sanngjörn afstaða. Ég bauðst til að vera í fullri samvinnu um hverskonar umbætur og fyrirmæli, sem menn vildu lögtaka um hina aðfluttu mjólk til Rvíkur, en ég

vildi fá Rvíkurmjólkina undanskilda. Um þetta var ekki að ræða, og ég og aðrir vorum ekki grunlausir um, að þessi ræktun bæjarlandsins væri ef til vill ekki vel séð hjá þeim, sem framleiddu mjólk hér í kring og vildu koma mjólk sinni á markaðinn í Rvík. Það fer að verða skrítinn landbúnaðaráhuginn, ef slík ræktun, sem farið hefir fram á bæjarlandinu, þar sem ræktaðir hafa verið 524 hektarar með því að breyta holtunum kringum Rvík í fögur tún, er talinn bjarnargreiði við landbúnaðinn, svo það verði að þröngva kosti þeirra manna, sem ráðizt hafa í þessa ræktun, með jöfnuði á verði, þannig, að þessi ræktun hætti eða dragist saman eða það, sem ræktað hefir verið, falli í órækt aftur. Allt þetta eigi svo aðeins að gera til þess að aðrir menn, sem annarstaðar búa, geti fengið meiri markað. Þannig hefir þetta komið út.

Þessi ræktun hér var, eins og hv. 2. minni hl. landbn. tók fram, ákaflega dýr og byggðist beinlínis á því, að aðstaðan fyrir þessa menn var betri, eins og sést á því, að þeir fengu 5 aurum meira fyrir lítrann af sinni mjólk heldur en aðrir, sem stafaði af því, að þeir gátu komið mjólkinni nýrri til neytendanna. Það er ekki hægt að neita því, að það er mjög erfitt fyrir þá menn, sem ráðizt hafa í stórar framkvæmdir út frá ákveðnum forsendum, ef þessum forsendum er svo kippt í burtu allt í einu. — Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta viðvíkjandi Rvík.

En það er önnur misklíð, sem þessi l. hafa valdið og ég skal minna skipta mér af, en það er misklíð, sem komið hefir fram milli þeirra, sem áttu að skipta herfanginu á milli sín, bændanna utan Rvíkurlandsins. Þetta var misklíð milli þeirra, sem bjuggu vestan og austan heiðar, og þessi misklíð hefir haldið áfram. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, því bændur vestan heiðar höfðu að nokkru leyti sömu aðstöðu og þeir, sem ræktuðu bæjarlandið. Þeir hafa líka ráðizt í ræktun, sem var að vísu ekki eins dýr og ræktun bæjarlandsins, en þó dýrari en fyrir austan fjall. Þessi ræktun byggðist líka að nokkru leyti á því, að þeir, sem í hana lögðu, töldu sig hafa betri aðstöðu til að njóta mjólkurmarkaðarins í Reykjavík. Þessir menn töldu sig því geta setið að markaðinum í Rvík. En ég ætla ekki að fara frekar út í þennan ágreining. Hann hefir orðið örlagarikur að ýmsu leyti, og valdið því að nokkru leyti, að l. hafa aldrei komizt fullkomlega til framkvæmda eins og látið var í veðri vaka að þau væru hugsuð.

Ég hefi heyrt, að einmitt þessar breyt., sem nú er verið að hugsa um að gera á mjólkurl., eigi að koma af þessari misklíð milli bænda vestan og austan heiðar. Það eigi að gera það með því að gera öllum jafnhátt undir höfði og gera aðstöðumuninn að engu, eða sama sem engu. Ég hafði álitið, að það ætti að fara öðruvísi að í þessu máli, og þá hefði betur farið. Ég hefði viljað byggja miklu meira á þeirri þróun, sem var í fullum gangi, þegar l. voru sett. Það var uppi tilfinning fyrir því, að það þyrfti að koma á föstu fyrirkomulagi um aðflutning og sölu mjólkur hér, og framleiðendurnir sjálfir voru að berjast við að koma þessu á. Það var svo ekki nema sjálfsagt, að löggjafarvaldið gripi inn í og aðstoðaði til að komast yfir örðugasta punktinn. Ég er sannfærður um, að þá hefði málið farið miklu betur, ef löggjafinn hefði aðeins komið sem hjálpandi hönd til þess að hjálpa samtökum framleiðendanna sjálfra til þess að komast yfir einstaka punkta, sem oft geta verið, þegar margir eiga í hlut. Það hefði því verið miklu betra, að löggjafinn hefði komið sem hjálpandi hönd, en ekki slegið hnefanum í borðið og sagt, að svona skyldi það vera, hvort sem mönnum líkaði betur eða verr.

Með þessu frv. er gengið lengra en gert hefir verið í framkvæmd mjólkurlaganna frá 1934. Og ég verð að segja, að mér virðast þessar breytingartilraunir í frv. allar stefna lengra og lengra í þá sömu átt, sem ofskipulagningin vill sjálfkrafa fara. Löggiöf getur valdið þeim straumbreytingum á fáum árum, að ekki sé um annað að gera en að halda áfram undan straumnum, hversu varhugavert sem manni þykir það.

Samt er ég hissa á ýmsu bæði í frv. og grg. þess. T. d. því, þegar þar stendur, að menn hafi ekki orað fyrir þeirri miklu mjólkurauknингu, sem varð 1934—36 á verðjöfnunarsvæði Rvíkur. Menn máttu gæta þess, hvað uppland Rvíkur er stórt og fært um mikla framleiðslu, en hún sjálf lítil til að nota mjólkurafurðirnar. Verðjöfnunargjaldið kom mönnum til að minnka kjötframleiðsu, en auka mjólkina. Allir nota sér möguleikann til að selja mjólk, þegar þeim er bætt það upp í verðjöfnunarpeningum, ef þeir eiga erfiðari aðstöðu til flutninga. Svo er eins og löggjafinn hafi hrokkið við, þegar hann sá allan þennan mjólkurstraum — og gerir nú ráðstafanir á kostnað nærsveitamanna, eða einhverra, til að auka hann enn meir.

Verðjöfnunargjaldið, sem í upphafi átti ekki að fara hærra en í 5%, var hækkað upp í 8%, en nú þykir það allt of lítið, nú á það að mega hækka alveg ótakmarkað samkv. þessu frv. Mjólkursölunefnd ræður ein hæð þess og má eins og það er svo skemmtilega orðað: „breyta því svo oft sem þurfa þykir".

Brtt. frá hv. 2. minni hl. landbn. get ég fallizt á að efninu til. Ég tel rétt að verðjöfnunargjaldinu séu einhverjar skorður settar, og er aðeins hræddur um, að ákvæði 1. brtt. við 1. gr. séu nokkuð rúm og of lítið bindandi. Það eru lög, sem hafa tog, ef aðeins er tekið fram, að taka skuli hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar — — á hinum ýmsu stöðum". Ég vildi mælast til þess við hv. flm. 2. minni hl. landbn., að hann reyndi að finna annað orðalag, þó að mér sé ekki enn ljóst, hvernig hægt er að orða hana, svo að gagni komi.

Ég hefi þess vegna borið fram brtt. (þskj. 365) án þess að snerta við þessu atriði, en legg til í fyrsta lagi, að mjólkursölunefnd reikni út verðjöfnunargjaldið eftir á fyrir hvert tímabil, þegar séð er, hve mikið þarf til verðjöfnunar. — Mér er spurn: Hvað á mjólkurverðlagsnefnd að gera, ef ekki þetta? Það er ekki hún, sem ræður hæð gjaldsins, ef fylgt er lögunum, heldur ákveðst það af mjólkurmagninu og því, hve mikið er selt sem neyzlumjólk, hve mikið fer í osta til útflutnings, mysuost, skyr o. s. frv. og við hvaða verði. Ég bið þá, sem að frv. standa,

að leiðrétta mig í þessu, ef það er ekki rétt. Mér skilst, að með þessu sé verið að innleiða mjög svipað fyrirkomulag og verið hefir kringum Osló, þar sem verðjöfnunargjaldið er reiknað út fyrir hvern mánuð eftir á. Þar er það hreinn útreikningur. Hér vil ég ekki binda þetta við mánuð, heldur eitthvert lengra tímabil, sem ákveðið yrði með reglugerð.

Í öðru lagi legg ég til, að 3. efnismálsgr. 1. gr. falli niður. En í þeirri málsgr. er ákveðið, að tekjuafgangur mjólkurbús eða mjólkursamsölu á sölusvæðinu skuli renna í verðjöfnunarsjóð, eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar nauðsynlegar greiðslur, „enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins". — Ég legg mjög mikla áherzlu á það, að þetta falli niður. Ef hagnaður verður á samsölunni hér eða í Hafnarfirði, rennur hann til verðjöfnunar samkv. þessu ákvæði. Þegar mjólkurverðlagsnefnd ræður útborgaða verðinu og verðjöfnunargjaldinu, getur hún látið þennan hagnað verða svo mikinn, að hann komi næstum eða alveg í staðinn fyrir verðjöfnunargjald, og gert með því að engu undanþágu framleiðenda á bæjarlöndum Rvíkur og Hafnarfjarðar, þá undanþágu, sem þeir njóta nú fyrir eina kú á hvern fullræktaðan hektara af landi sínu. Það er auðséð, að nefndin getur sett útborgaða verðið svo lágt, að hagurinn af undanþágunni sé alveg farinn. Nú vil ég ekki ætla löggjafanum það, að hann vilji taka með annari hendinni það, sem hann gefur með hinni, og treysti því fastlega, að hv. deild samþ. þessa brtt.

3. brtt. mín er aðeins leiðréttíng, að í stað-inn fyrir „sama verð fyrir mjólk sína" komi „sama verð fyrir jafngóða mjólk". — Ég hafði gaman af því, að hv. frsm. 1. minni hl. orðaði þetta eins í sinni ræðu og ég í brtt. Enda er það eina rétta skýringin á orðtakinu, að bændur eigi að fá sama verð fyrir sömu vöru á sölustað. Og það vita allir, að mjólk er einhver sú vara, sem fljótust er að spillast á einhvern hátt. Það er ekki meining laganna að meta alla mjólk fyrsta flokks verði.

Það er 13. gr. laganna, sem segir, hvernig tryggja á, að mjólkin sé sama varа og hún á að vera. Í 4. málsgr. 1. gr. frv. er vísað til 13. gr. „(sbr. þó 13. gr.)". Ég sé ekki annað en þetta „þó" sé pennaglöp og eigi að falla burt.

Þá er brtt. mín við 3. gr., að verðjöfnunargjaldið skuli miðast við meðalársnyt úr kú í hverju lögsagnarumdæmi. En meðalársnytin sé því aðeins áætluð 3000 lítrar úr kú, að ekki sé á staðnum nautgriparæktarfélag, er gefið geti skýrslu um raunverulega nythæð. — Það hefir verið sagt, að það væri ívilnun við þá, sem búa á bæjarlandi Rvíkur, að miða ársnyt þar við 3000 lítra, því að þeir gætu komið nytinni hærra. Þetta eru mjög villandi ummæli, því að meðalnytin er miklu lægri. (PZ: Já, 2980). Margir hafa sagt mér, að hún væri ekki yfir 2500 lítra. (PZ: En það er vitleysa). Þetta er mjög misjafnt, m. a. eftir árferði og möguleikum til kjarnfóðurkaupa. Mér er sagt, að á sumum búum komi menn ekki ársnytinni einu sinni upp í 2000 lítra á kú. Hitt er ekki að marka, þó að skýrslur nautgriparæktarfélaga sýni, að hægt sé að komast upp undir 3000 lítra meðalnyt eða jafnvel hærra með kjarnfóðrun. — Í hv. Nd. var frv. breytt til spillis og þessi brtt. mín gengur að miklu leyti í þá átt að færa frv. í sitt upprunalega form með dálitið ýtarlegri orðum. Og mér finnst það svo ljótt að sjá í lögum, að í einu einasta lögsagnarumdæmi skuli miðað við 3000 lítra ársnyt, alveg ranglega, en í öllum öðrum við raunverulega, útreiknaða nythæð, að ég trúi ekki öðru en hv. deild sjái sóma sinn í því að fella það burt.

Því næst hefi ég gert brtt. um að ný gr. bætist í frv. á eftir 3. gr., á þá leið, að auk þess, sem mjólk er metin með tilliti til þess gerlagróðurs, sem í henni finnst, skuli taka tillit til aldurs hennar og þeirrar vegalengdar, sem hún er flutt til sölustaðar. Þetta ákvæði á að falla inn í 13. gr. laganna, þar sem rætt er um flokkun til verðs. — Það er hjáleitt að setja reglur um fitumagn t. d., en telja fituna í mjólkinni eins, hversu gömul sem hún er eða langt að flutt og mikið búin að hristast. Mér er sagt, að mjólk, sem kemur hingað lengst austan yfir fjall, sé iðulega 2—3 sólarhringa gömul, og það viðgengist að fella hana ekkert í verði fyrir það. Ég spyr, hvort sannur sé sá orðrómur, að metin sé allstranglega mjólk hér úr nærsveitunum, en ekki mjólkin að austan. Ég veit, að margar sögur, sem ganga, eru ekki réttar, en ég vonast þá líka til, að það svar, sem kemur við þessu, verði satt. Auðvitað er, að því lengra sem farið er í því að borga verðuppbætur á mjólk að austan, því ríkar verður að ganga eftir því, að sú mjólk sé ekki metin meira en hún er verð. — Mig minnir, að einhver þjóð, ég held Þjóðverjar, hafi í mjólkurskipulagi sínu ákvæði í líka átt og ég fer hér fram á. Mjólk, sem er skekin á slæmum vegum fulla 100 km., eins og austan úr miðri Rangárvallasýslu, getur a. m. k. hvergi talizt sama vara og mjólk, sem staðið hefir sama tíma kyrr í íláti á svölum stað. Mér datt satt að segja í hug að setja ákvæði um það, hvað verðið ætti að lækka mikið fyrir tilteknar vegalengdir, sem mjólkin yrði flutt, en ég gat ekki fundið nægar fyrirmyndir til að ákveða þann lækkunarstiga sanngjarnlega og lét það heldur vera óákveðið í brtt. Enda á öll nánari flokkun að vera reglugerðaratriði.

Svo er að lokum brtt., sem kemur málinu öllu og brtt. minum mjög mikið við, en hún er sú, að ákvæði mjólkurlaganna um stundar sakir falli niður. Því að það er í raun og veru skilyrðið fyrir því, að ég gæti gengið með þessari fullkomnu verðjöfnun, sem frv. fer fram á, — þetta ef framleiðendurnir fá aðeins að ráða því fullkomlega sjálfir, hvernig fyrirtækin eru rekin. Þannig mun það vera í Noregi, þaðan sem fyrirmyndin er tekin; þar hafa framleiðendur sjálfir fullkomna stjórn á þessu og meiri yfirstjórn en við myndum hafa hér, þó þetta ákvæði um stundarsakir sé numið burt. Þar er þessu þannig hagað, að n., sem hefir yfirstjórn aflar nokkurra skýrslna um, hvað af mjólk kemur í hvern verðflokk. Hennar starf er að taka á móti, reikna út og greiða út þetta verðjöfnunargjald. Það er vitaskuld alveg skilyrðið að þetta gangi allt með ánægju af,að fram-

leiðendur fái sjálfir að ráða. Þar að auki verður maður að segja, að þetta er orðin hreinasta skrípamynd af bráðabirgðaákvæði, sem átti aðeins að gilda í 3—4 mánuði, að það skuli vera komin 3 ár, og er þetta því miður afarljós mynd af þessum heilindum. Fyrst fengu bændur í hendur hátíðlega með 5. gr. öll mjólkurbú og alla stjórn, sem annaðist um sölu og dreifingu og alla framkvæmd. En svo er bara sett ákvæði, sem tekur þetta vald af bændunum, og fengið skipaðri n. í hendur. Og það er ekki látið nægja. Því svo er sett ákvæði, sem reynslan hefir sýnt, að það þarf samkomulag allra til að samþ., og þá er ekki annað en að fá einn mann til að eyðileggja það, og ef hann bregzt, þá þarf samþykki landbúnaðarráðherra. Ég heyrði af hendingu, þegar ég gekk um Nd., þegar þetta mál var þar til umr., að einn helzti meðmælandi þessa frv., 1. þm. Rang., sagði það, að þetta fyrirkomulag, sem frv. felur í sér, myndi nema burt þann misskilning, sem hefði verið milli manna austan og vestan heiðar, svo að nú yrði sátt og samlyndi um málið. Þótti mér gott að heyra þetta, og það styrkti mig í þeirri trú, að þessi brtt. mín um að afnema ákvæðið um stundarsakir verði samþ., þar sem það er gert á sama tíma og breytingin á lögunum, sem þessi hv. þm. telur vera nægilega til þess, að bændur og framleiðendur geti loks fengið að taka málið í sínar hendur. — Ég hefi nú mælt fyrir þessari brtt. minni og mun láta mínu máli lokið að sinni.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Það er nú svo fátt hér af þm., að það tekur því tæpast að tala langt mál, og tíminn til kl. 7, þegar fundi verður sennilega frestað, er stuttur. Þó get ég ekki komizt hjá því að minnast á þau atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem ég tel, að séu á misskilningi byggð. Hv. þm. minntist á það, að framkvæmd laganna bæri yfirleitt mikinn keim af þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefði fylgt. Hann benti á það, að þetta væri heppilegt fyrirkomulag, sem tekið væri upp í lögin nú, og gengi lengra en núgildandi ákvæði, og í þá átt, sem ríkti í Noregi um þessi mál. Það er alveg rétt, að Norðmenn hafa tekið upp fyrirkomulag um sölu mjólkur, sem gengur lengra á einn og annan hátt en okkar mjólkurlög eins og þau eru nú. Sama máli gegnir um Englendinga, eða þá þjóð, sem hefir verið einna tregust til að taka upp fyrirkomulag, sem miði í þá átt að svipta einstaklinga frelsi á verzlunarsviðinu. Og það sýnir það bezt, að þessar ráðstafanir varð að gera. Þá minntist hv. þm. á, að það væri eðlilegt, að hér hefði fengið að eiga sér stað hin eðlilega þróun. En það er nú það, sem bæði þeir og við höfum rekið okkur á, að sú „eðlilega þróun" var sú, sem farið var að bera á hér í Rvík, þegar mjólkurbúðirnar voru komnar upp í 108. Þróunin verður þá á þann hátt, að fjármunirnir, sem fara í milliliði, verða alveg óþolandi miklir, en framleiðendur fá, þrátt fyrir nokkuð hærra mjólkurverð, mjög lágt verð. Sem dæmi um þróunina má taka eitt þorp hér í nágrenni, sem hefir verið utan mjólkurskipulagsins, eftir ósk íbúanna þar. Þar var mjólk á sölumarkaðnum komin niður í 17 aura lítrinn. Þetta er sú eðlilega þróun, sem varð í mjólkurmálunum, og hún er ekki þessleg, að sótzt sé eftir henni, enda hafa þessar þjóðir, sem ég minntist á, reynt að afstýra henni.

Þá minntist hv. þm. á það, að það væri óánægja frá Reykjavík Ég get fullvissað hv. þm. um það, að það verður aldrei hægt að setja lög um þetta atriði eða önnur, þar sem verðjöfnun á sér stað, nema að einhver óánægja verði. Þetta hefir sýnt sig bæði í Noregi og Englandi, og alstaðar þar, sem mjólkurlögin eru framkvæmd, að hver og einn telur, að sinn hlutur eigi að vera stærri en hann er. Ég held þó, og kem að því seinna, að Reykvíkingar þurfi ekki að vera óánægðir í þessu efni.

Þá benti hv. þm. á það, að neytendur hafi óttazt, að mjólkin hækkaði í verði fyrir þetta skipulag. En ég benti jafnhliða á, að reynslan er allt önnur en sú. Mjólkin hefir lækkað um allt að 2 aurum í útsölu, og ég hygg, að hún sé eina nauðsynjavaran, sem lækkar í þessu landi, en eftir öllum eðlilegum ástæðum og eftir því markaðsverði, sem nú er á nauðsynjavörum, hefði mjólkin átt að hækka verulega í verði. Og hvað sem bændur geta haldið lengi út að selja vörur sínar þannig, þá gera þeir það nú. Ég hefi fengið upplýsingar hjá manni, sem hefir kynnt sér það erlendis í sumar, að mjólk er seld sumstaðar miklu hærra en hér. Í Noregi mun hún vera svipuð, en t. d. í Englandi mun verðið vera allt að 50 aurum. En á þessum tímum hefir mjólkin hér lækkað. Hv. þm. hélt, að það gæti varla verið ætlunin að halda mjólkurverðinu niðri, því það væri sagt annað í sveitinni, þegar væri verið að ræða þessi mál þar. Og þetta er rétt að því leyti, að við höfum stöðugt haldið fram, sem reynslan hefir sýnt og sannað, að þetta hvort tveggja getur farið saman, að verðið hækki til framleiðanda, þó að það lækki til neytenda, því milliliðakostnaðurinn við dreifingu mjólkur hefir stórkostlega lækkað. Svo að þessi rök, sem við höfum haldið fram í málinu, stangast á engan hátt.

Kem ég þá að þessu atriði aftur, sem ég minntist á, að ég myndi tala um nánar, að mótmæli komu fram frá framleiðendum í Rvík, þegar lögin voru samin. En ég þori alveg að fullyrða það, að aðstaða Reykvíkinga síðan mjólkurlögin voru sett, og nú samkv. þessum lögum, er stórum mun betri — það gildir sama um Hafnarfjörð — heldur en áður en mjólkurlögin komu. Og ég hygg, að ef hv. 1. þm. Reykv. hefði leitað sér upplýsinga um aðstöðu Reykvíkinga og Hafnfirðinga nú og áður en mjólkurlögin voru sett, hefði þetta orðið niðurstaðan. Vitaskuld kvarta alltaf framleiðendur, og það gera flestir á þessum slæmu tímum. En ég hygg, að umkvartanir frá Reykjavík séu yfirleitt ekki háværar, og hafa ekki verið undanfarna tíma. Því að áður en mjólkurlögin voru sett, var komin svo mikil óreiða á innheimtu hjá framleiðendum hér í Rvík, að það borgaði sig betur, að sögn þeirra sjálfra, að selja mjólkina fyrir 25 aura lítrann, og það í stórum stíl, heldur en að selja hana á 40 aura og eiga síðan eftir að innheimta. Nú er það þannig, að þessir framleiðendur selja

margir hverjir utan við samsöluna, a. m. k. nokkurn hluta, fyrir 40 aura hvern lítra, að frádregnum 3,2 aurum. Ég hefi nýlega látið afla skýrslna í Reykjavík og nágrenni og látið leggja nokkuð mikla vinnu í það, og niðurstaðan orðið sú, að þeir fá 36,7 aura fyrir hvern lítra, og sótzt er mikið eftir mjólkinni, vegna þess að margir vilja heldur ógerilsneydda mjólk. Og það er vegna þessarar aðstöðu á markaðnum í Rvík, að þeir geta fengið stöðuga eftirspurn eftir vörunni. Þeir þurfa ekki að selja öðrum en þeim, sem standa vel í skilum. Ég fullyrði, að framleiðendur á þessu svæði, sem hafa stundað mjólkurframleiðsluna undir þessu skipulagi, hafa sizt af öllu ástæðu til að kvarta eða vera óánægðir.

Ég veit ekki, hvort það hefir verið einhver misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann sagði, að það væri alveg fráleitt að blanda mjólkinni á bæjarlandinu saman við mjólk utan úr sveit, utan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Þetta er ekki gert almennt. Þeir, sem standa framarlega í framleiðslunni og hafa bætt þrifnað í sínum fjósum og fullnægja yfirleitt vissum skilyrðum samkv. *heilbrigðiseftirliti, sem gert er* miklu strangara en áður, fá að selja beint til neytenda ógerilsneydda mjólk og geta alveg komizt undir þessa undanþágu, og þetta er í samræmi við það, sem gildir innan söluhverfisins. Það er vitanlega ákjósanlegast, að framleiðendur komi þrifnaði í fjósunum í það horf, að viðunandi sé frá heilbrigðislegu sjónarmiði, til að selja mjólkina ógerilsneydda. Um þetta er undanþáguákvæði í 5. gr. gömlu mjólkurlaganna, og fyrir þetta, ef þeir vilja vinna fyrir utan samsöluna og borga 3,2 aura, hafa þeir á þann hátt fullkomna vernd fyrir þennan markað sinn. Og ég er ekki í neinum vafa, að þessi vernd fyrir framleiðendur í Rvík er geysimikils virði, eins og líka má sjá af því, að hinir byggnu bændur og framleiðendur áður töldu það hagnað að selja lítrann fyrir 25 aura ef þeir fengju greiðslu með skilum. Og þegar minnzt er á það, að sjálf Rvík eigi að vera frjáls með sína framleiðslu, þá er því að svara, sem oft hefir líka verið svarað áður, að ef svo ætti að vera, þá er það líka auðvitað mál, að um leið og væri gefið alveg fullt frelsi fyrir framleiðendur mjólkur í lögsagnarumdæmi Rvíkur og Hafnarfjarðar, þá myndi framleiðslan komast í það horf, sem hún stefndi í fyrst eftir að mjólkurlögin voru sett. Þar sem undanþágan var til staðar, voru kúabúin flutt í stórum stíl inn *í lögsagnarumdæmi Rvíkur, — hey einnig flutt* og fóðurbætir að sama skapi. Það var byrjað á þessu strax eftir að elztu mjólkurlögin voru sett. Dæmi er, að hér fyrir innan bæ og einnig fyrir vestan bæ var byggt 54 kúa fjós á 7 dagslátta túni, og ekki annar heyfengur til staðar fyrir þetta fjós. Hér er þess vegna farinn sá millivegur, sem við að athuguðu máli álitum þann eðlilegasta. Og það er langt frá því, að komið hafi fram það, sem hv. þm. ætlaði að færa rök fyrir, — fjandskapur gegn ræktun á bæjarlandinu. Eins og líka kemur greinilega fram í ákvæðunum, að þessi undanþága fyrir Rvík hefir einmitt gilt fyrir þá menn, sem hafa 1 hekt. ræktað land fyrir hverja kú. Það er svo *langt frá því, að verið sé að sporna á móti* ræktuninni, heldur er verið blátt áfram að örva ræktunina hér í Rvík og koma henni á þann grundvöll, sem er eðlilegastur, að mjólkin sé framleidd með heyi, en ekki fóðurbæti. Því að sjálfsögðu er það mjög þjóðfélagslega skaðlegt að hafa mikla mjólkurframleiðslu á aðkeyptum fóðurbæti, þegar mjólkurframleiðslan er orðin svo mikil, að erfitt er að selja vöruna svo að vel fari.

Hv. þm. talaði líka um það, að lögin væru fyrst og fremst sett fyrir austanfjallsmenn, en ég þarf tæpast að svara því, þar sem ég hefi með rökum sýnt fram á, að Reykvíkingar eru stórum betur settir nú en áður en mjólkurlögin voru sett. Yfirleitt er það þannig, að þessi lög hér, eins og annarsstaðar, koma öllum framleiðendum að gagni, vegna þess að þau losa þá við mikið af milliliðakostnaði og halda mjólkurverðinu stöðugu, og reynslan hefir annars sýnt, að ekki er unnt að gera með skipulagsleysi. Og reynslan hefir ekki aðeins sýnt það hér og sýnir enn í dag, heldur hefir reynslan sýnt þetta *sama bókstaflega alstaðar*. Það er þess vegna alveg rangt að halda því fram, að mjólkurlögin séu sett sérstaklega fyrir einhvern vissan hluta framleiðenda. Þau eru sett fyrir þá alla.

Svo er hér brtt., sem hv. 1. þm. N.-M. hefir nú að vísu minnzt á, en ég vildi samt aðeins drepa á þær. Þar er lagt til, að verðjöfnunargjaldið sé ákveðið eftir á, en ekki fyrirfram. Þetta mun vera mjög erfitt í framkvæmdinni fyrir þá sök, að framleiðendum er greitt verð mjólkur á 14 daga eða viku fresti. Og það hefir alltaf verið og verður að hafa það svo í framkvæmdinni, að verðjöfnunargjaldið er tekið jafnóðum og greitt er. Því ef á að ákveða það mánuði eftir á, myndi þurfa að innheimta gjaldið hjá framleiðendum aftur, nema það væri þá látið koma þannig niður, að taka allt af síðustu vikunni, sem ég hygg, að mörgum þætti koma verr við. Því að sú reynsla, sem fengizt hefir á undanförnum árum og fæst stöðugt, gerir fært að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrirfram eins og þarf að vera. Og þess vegna má þetta standa eins og það er í frv. En svo er það 3. efnisgr. 1. gr., sem hv. 1. þm. Reykv. gerir að sinni till. að falli niður. Því að ef ekki, þá telur hann, að undanþáguheimildin fyrir Rvík sé gerð að engu. Eins og hann orðaði það, má ákveða verðjöfnunargjaldið eftir geðþótta. Þetta er rétt, því ef frv. er athugað nánar, er verð*jöfnunargjaldið fyrir Rvík í frv.* alveg fastákveðið og má ekki fara með það hærra en til er tekið svo að það getur aldrei gengið út yfir þessa undanþágu á neinn hátt. Að svo miklu leyti sem þetta kynni að líta þannig út, að það gengi út yfir aðra, t. d. þá, sem búa utan við *lögsagnarumdæmið vestan heiðar*, þá getur það ekki heldur orðið, því að það er ákveðið, ef verðjöfnunarsjóðsgjaldið reynist hærra fyrir einhvern en reynslan sýnir að nauðsynlegt er, þá rennur það í verðjöfnunarsjóð, enda hefir það áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjalds, þannig, að þegar það verður ákveðið síðar, verður tekið tillit til þess, hvað þeir hafa borgað, en

verður ekki endurgreitt, heldur lagt í sjóð, og borga þeir þá þeim mun minna næst, sem þeir eiga meira inni. Svo að þetta getur ekki gengið út yfir þá, sem framleiða vestanfjalls.

Þá er c-liður, að í staðinn fyrir „sama verð, fyrir mjólkina“ komi „sama verð fyrir jafngóða mjólk“. Þetta ákvæði er líka, eins og liðurinn, atriði sem kemur í sama stað niður, vegna þess, að það er ætlazt til þess og beinlínis fyrirskipað í 13. gr. l., að það skuli flokka mjólkina í gæðaflokka og þá um leið verðflokka. Og þess vegna er það beinlínis ákveðið í l. eins og þau eru, að framleiðandinn fái sama verð á sama sölustað fyrir jafngóða mjólk. Og þó að mætti vitanlega taka þetta fram annarsstaðar í l. einnig, eins og gert yrði, ef þessi brtt. yrði samþ., þá er það í sjálfu sér alveg óþarfi. Því að þetta er greinilega ákveðið í 13. gr. og hefir einatt verið þannig í framkvæmdinni. Og í því sambandi má svara þeirri fyrirspurn, sem þessi sami þm. beindi til mín um það, að mjólkin myndi verða flokkuð vestanfjalls, en hann hafði heyrt, að það væri ekki gert austanfjalls, — hann fullyrti það ekki frá sjálfum sér. En það er ekki heldur rétt, að það hafi verið þannig í framkvæmdinni, og getur ekki komið til mála. Og ég get upplýst, að mjólkin að austan er tvískoðuð, í stað þess að mjólkin hér vestra er skoðuð einu sinni og flokkuð einu sinni. Mjólkin í búunum austur frá er flokkuð þar í gæðaflokka og verðflokka, og síðan hér líka í mjólkurstöðinni. Og ég get líka upplýst, að sá maður, sem kom verulega góðu lagi á flokkunina hér og hefir það til síns ágætis að vera mjög strangur í því efni, kom einmitt frá búunum fyrir austan fjall og gekk mjög strangt í að flokka mjólkina eins og hann hefði gert fyrir austan. En með því hefir hann komið góðu lagi á mjólkurframleiðsluna að mörgu leyti austanfjalls, þó að það kostaði mikið stríð, eins og oft vill verða. Þessi brtt. er í sjálfu sér engin breyt. á l.; og þar sem þetta er ákveðið áður, er ég frekar á móti henni, eins og brtt. í b-lið, af þeirri ástæðu, að ég vil ekki, ef hjá verður komizt, láta málið ganga til Nd. aftur.

Þá er það, að fyrsti málsl. 4. gr. falli niður. Það er ekki heldur efnisbreyting. Ég get fallizt á, að þetta er betra mál. En hér ber að sama brunni eins og ég var að benda á viðvíkjandi c-lið; en það er ákveðið, að menn skuli fá sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað, en svo stendur „sbr. þó 13. gr.“, þ. e. í sambandi við það, að mjólkin er flokkuð í gæðaflokka og verðflokka. Það á þó að flokka mjólkina, og þetta „þó“ á að undirstrika þá reglu. Ég viðurkenni, að það er nóg að segja „sbr. 13. gr.“, en þetta hefir þótt gefa meiri áherzlu.

Viðvíkjandi atriðinu um þessa 3 þús. lítra og þeim ákvæðum, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á, vil ég segja, að þessir 3 þús. lítrar eru ákveðnir eftir skýrslum um meðalnyt undanfarin ár, og þær skýrslur eru fengnar frá framleiðendum í Rvík. Það má segja, að það ætti að safna skýrslum stöðugt á hverju ári og gera tíðari mælingar á mánaðarnyt. En það er ákaflega mikil fyrirhöfn því samfara og vitað mál, að með því ástandi, sem nú er orðið í nautgriparæktinni, er þetta talin meðalnyt, nema eitthvað alveg sérstakt komi fyrir, meðalnyt á þessu öllu svæði hér sunnanlands. En óþurrkarnir um allt Suðurlandsundirlendið munu nú hafa í sumar gengið nokkurn veginn jafnt yfir austanfjalls og vestan þannig að meðalnytin lækkar yfirleitt. Og þó að ég vefengi ekki, að menn vildu gefa rétt upp, hver er meðalnyt á þessu svæði, þá kostar það nokkra fyrirhöfn að fá sannanlega réttar skýrslur um það atriði. Virðist mér því eðlilegast að miða við þessa meðalnyt, sem miðað er við í l. eins og þau eru nú, sem fengin er eftir þessum upplýsingum frá framleiðendum. Og ég held það sé óhætt að staðhæfa, að þó að einhver vandkvæði séu á því nú að framleiða þessa meðalnyt, vegna þess hve ákaflega illa gekk með heyskap í sumar, þá muni það vera venjulega hægt.

Viðvíkjandi seinasta atriðinu, að ákvæðið til bráðabirgða falli niður, geri ég mér satt að segja von um, að náist samkomulag um framkvæmd l. eftir að þeim er breytt í þetta horf. Og mér finnst nú af viðtölum, sem ég hefi átt við framleiðendur, að ýms tákn bendi til þess, að svo megi verða, og fremur hefir þokað í þá átt. En hinsvegar treysti ég mér ekki til að mæla með því, að ákvæðið til bráðabirgða verði látið falla niður í þetta skipti. Raunar er það rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að eftir að þessi ákvæði eru orðin að l., er ekki neitt sérstakt um að deila milli framleiðenda, vegna þess að þeir hafa sameiginlega hagsmuni. Má þess vegna búast við, að þetta samkomulag náist; þó að það sé náttúrlega ekki útilokað af reynslunni hér — og alstaðar annarsstaðar —, að eitthvað dragist samkomulagið, og sé þess vegna betra að hafa bráðabirgðaákvæðið fyrst, meðan verið er að koma framkvæmdum af stað. Ég hefi nýlega verið að kynna mér fyrirkomulag á mjólkursölumálum í Englandi. Og þó að samkomulagið hafi verið slæmt hér stundum um mjólkurskipulagið, þá er óhætt að fullyrða, eftir því, sem dagblöðin skýra frá, að samkomulagið þar hefir stundum verið ennþá lakara, og hefir þar orðið að leysa upp fundi hvað eftir annað. En þrátt fyrir þetta hafa Englendingar haldið fast við sitt skipulag. Það er í þessum efnum svo afarerfitt að komast hjá óánægju, vegna þess að hver aðili telur sinn hlut eiga að vera stærri en hann er. En ég geri mér sem sagt von um samkomulag. Og þar gerir hv. 1. þm. Reykv. mér alveg rangt til, að ég óski eftir því fyrir mig að hafa þetta skipulag í mínum höndum. Ég vil miklu fremur vera laus við það og láta bændur sjálfa hafa stjórnina þegar ég sé að þeir geta það án þess að skipulagið bíði hnekki. Það held ég að flestir geti skilið. Það er svo um þetta mál, að það á ýmsan hátt veldur miklu annríki og kostar mikið erfiði að halda skipulaginu uppi, þó að þetta sé nokkuð breytt í seinni tíð.

Ég get minnzt á það hér, að mikið hefir verið um það rætt, að mjólkurstöðin í Rvík sé ekki eins og hún þyrfti að vera til þess að hægt sé að senda þaðan alveg fyrsta flokks vörur að öllu leyti og ég hefi leitað samkomulags við

alla framleiðendur um það, að þeir yrðu samtaka um að byggja nýja mjólkurstöð og fullkomnari, sem gæti sent frá sér hinar fullkomnustu neyzluvörur fyrir bæinn. Þeir hafa tekið því miklu betur en því hefir verið tekið nokkurn tíma áður. Það hefir verið minnzt á, að það þyrfti að leggja niður gömlu stöðina með miklu tjóni fyrir bændur vestanfjalls. Ég tók það til ráðs að fá mann frá útlöndum, sem ekki er um deilt, að er einn af færustu mönnum í þessari grein á Norðurlöndum, byggingu slíkra stöðva, og hefi látið hann í samráði við eigendur mjólkurstöðvarinnar hér rannsaka möguleika fyrir endurbótum á þessari stöð, eða að koma mjólkurvinnslunni þannig fyrir, að hún verði sem hagkvæmust og eyðileggi sem minnst verðmæti fyrir bændum vestanfjalls. Og jafnframt að málinu verði komið í það horf, að stöðin verði fyrsta flokks. Ég hygg, að náist samkomulag milli bænda um það, að búin standi öll að þessari stöð. Og það er spor í áttina til þess, að þeir geti tekið við stjórn þessara mála. Þetta þokast í áttina. En eins og ég sagði, hygg ég hentugra að hafa báðabirgðaákvæðið enn, meðan verið er að koma framkvæmdum af stað.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þeir tveir hv. þm., sem hér eiga brtt. á þskj. 365 og 362, hafa báðir lýst þeim, og í þessu sambandi talaði hv. 1. þm. Reykv. allmikið um sögu þessa máls. Ég skal ekki fara langt út í að svara honum, enda hefir hæstv. forsrh. þegar gert það, en þó vil ég ekki láta hjá líða að benda á nokkur atriði, sem hann nefndi og eru eiginlega eins og spegilmynd af allri hans ræðu. Hann var t. d. að tala um, að það væri mikill skattur, sem hefði verið lagður á herðar manna hér á bæjarlandinu með því að skylda þá til þess að gerilsneyða mjólk. Það væru 100 þús. kr. á ári hér í Reykjavík, sem rynnu beint í sjóð vegna stöðvargjaldsins. Það væri ekki svo vel með þetta eins og það fé, sem rennur í verðjöfnunarsjóð, sem það færi að nokkru leyti til annara manna. Allt gjaldið, sem stöðin fær, er 110 þús. kr. Eftir því ætti $^1/_{11}$ af allri mjólk, sem í stöðina fer, að vera framleiddur af öðrum mönnum en þeim, sem búa á bæjarlandinu. Ætti því allt svæðið frá Skarðsheiði til Hellisheiðar, að Reykjavík meðtalinni, að framleiða $^1/_{11}$ hluta af þeirri mjólk, sem fer í stöðina. Svona var sannleikurinn að því er þetta atriði snertir. Svona var hv. þm. vel inni í málinu að því er þetta snertir, og svipað var það á öðrum stöðum. (**MJ:** Þetta er tómur misskilningur hjá hv. þm.). Í öðru lagi var hv. þm. að hella sér mikið yfir gerilsneydda mjólk og skylduna til að gerilsneyða hana. Hann gleymdi ákvæðinu um undanþágu í þessu sambandi. Hann hélt því fram í þessu sambandi, að það nægði, ef dýralæknir skoðaði kýrnar einu sinni á ári, og ef þær væru þá heilbrigðar þann eina dag, þá væri svo sem ekki að efa, að þær væru það alla hina 364. Svona var rökstuðningur hv. þm., og á svipaðan hátt voru röksemdir hans að öðru leyti. En það var þó eitt, sem gladdi mig í þessum almennu hugleiðingum hans, og það var það, að hann hellti sér mikið yfir þann stað í grg. frv., þar sem talað er um, að menn hafi verið hissa á mjólkuraukningunni. Hann vissi það fyrir, þegar mjólkurl. mundu verða sett og verðið þeirra vegna hækkaði á mjólk til bænda, en lækkaði um 2 aura í Rvík, þá mundi koma aukning á mjólkinni. Hv. þm. hefir staðið á móti l., af því að hann hefir ekki viljað þessa aukningu. (**MJ:** Nei). Hann hefir ekki viljað, að kúafjöldinn ykist eða ræktaða landið, eins og hann upplýsti, að hefði orðið með setningu laganna. Þetta er nýtt „moment", sem maður heyrir hér lagt fram, þegar ljós sögunnar er farið að skína á hlutina í minni hv. þm., og þetta „moment" sýnir eina ástæðuna til þess, að hann var á móti þessari aukningu á sínum tíma. Ég hefi hér nefnt dæmi af handahófi, og þau nægja til þess að sýna, að hitt, sem hv. þm. talaði um sögu málsins, var af álíka sterkum rótum runnið og annað í ræðu hans — staðlausir stafir, og annað ekki.

Að því er snertir brtt. þær, sem hér liggja fyrir, þá talaði hæstv. forsrh. allrækilega um brtt. á þskj. 365, svo að ég þarf ekki miklu við það að bæta, en þó get ég ekki stillt mig um að benda á 2. brtt. á því þskj., stafl. b við 3. gr., þar sem lagt er til, að það sé bætt við þau ákvæði, sem fyrir eru í 13. gr. l. um flokkun mjólkurinnar eftir gæðum, en vegalengd og aldur mjólkurinnar hafður sem mælikvarði. Þessi brtt. sýnir það eitt með öðru, hve hv. þm. hefir eiginlega lítið sett sig inn í þessi mál. Það eru yfirleitt tvær aðferðir notaðar í heiminum til þess að rannsaka gæði mjólkurinnar í mjólkurbúum og rjómabúum og báðar eru viðhafðar hér, en undir hvoruga kemur vegalengd eða aldur nema óbeint. En það hefir engum dottið í hug að vera eins frumlegur og hv. 1. þm. Reykv. að láta þessar venjulegu aðferðir liggja á milli hluta, en hafa aftur kílómetrafjöldann, sem búið er að keyra mjólkina, og klukkutímafjöldann síðan hún kom úr kýrspenanum fyrir mælikvarða. Nú er það eins og allir vita, að mjólk, sem er ekki nema á öðrum tímanum, getur verið afleit á einum stað, en hinsvegar 30—40 tíma gömul mjólk góð á öðrum stað, svo að það þarf ekki að standa í neinu sambandi við gæði mjólkurinnar, hvort hún er flutt lengur eða skemur.

Það var aðallega till. frá hv. 6. landsk. á þskj. 362, sem hæstv. ráðh. minntist ekkert á, og ég vil þess vegna minnast lítið eitt á. Það er 1. brtt., a-liður við 1. gr., sem líka var á ferðinni í Nd., en mér skildist hv. 1. þm. Reykjav. vera að mæla á móti. Um þá till. vil ég segja það, að ég skil satt að segja ekki vel, hvernig hugsað er að framkvæma hana. Við ákvörðun gjaldsins á að taka hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar við framleiðsluna á ýmsum stöðum. Við skulum hugsa okkur tvo bændur. Í Múla í Reykjavík er líklega bezta kúabú í bænum. Þar er meðalnytin kringum 3½ þús. l., og með því fóðri, sem kýrnar þurfa, kostar ⅓ minna að framleiða mjólkina hjá þessum manni heldur en hjá þeim manni, sem nefndur var í umr. í kvöld og á miklu verri kýr. Kostnaðurinn við framleiðsluna er misjafn hjá þessum mönnum.

Samkv. till. á Búnaðarfélag Íslands að hafa eitthvert eftirlit með þessu og gefa upplýsingar um, hvað megi leggja mikið verðjöfnunargjald á ódýru mjólkina og hvað mikið á dýru mjólkina, og svo á að bæta upp mismuninn, svo að sá, sem á dýru mjólkina, af því að hann á slæmar kýr, fái sama verð eins og hinn. Þetta er víst til þess að hvetja menn til þess að hafa ódýra framleiðslu og eiga sem bezta gripi. Ég skil ekki þennan hugsunarhátt. Ég held því, að það eigi ekki að samþ. þessa till. — 2. till., sem er við 3. gr., er um mjólkurstjórnina, sem samkv. till. á að koma í staðinn fyrir bráðabirgðaákvæðin, sem eru í núgildandi l. Hún kemur af sjálfu sér, þegar sú reynsla og samvinna næst milli manna á mjólkursvæðinu, að þeir taki stj. í sínar hendur, því að þá falla bráðabirgðal. í burtu, en meðan það ekki er og ekkert liggur fyrir um, að sá grundvöllur sé til staðar, þá er nauðsynlegt að halda bráðabirgðal., og þá er ástæðulaust og rangt að samþ. þessa brtt. Í sambandi við það er 3. brtt., sem ekki á að samþ., ef 2. brtt. er ekki samþ.

Um till. á þskj. 365 þarf ég fátt að segja, því að ég hefi þegar talað um b-lið 2. brtt. og hinar hefir hæstv. forsrh. hrakið sundur lið fyrir lið og sýnt fram á, að sumpart eru þær óþarfar, eins og c-liður 1. brtt., eða að þær eru meira og minna til skemmda og eiga ekki að samþ. Það er aðeins a-liður undir stafl. 2, sem ég finn ástæðu til þess að fara um nokkrum orðum, og það er þessi 3000 lítra kýrnyt, sem ég finn sérstaklega ástæðu til þess að minnast á. Skal ég þá fyrst upplýsa, að af þeim 800—1000 kúm, sem nú eru hér í Rvík, liggja fyrir skýrslur um tæplega 500, sem sýna, að meðalnytin fyrir 1936 var 2980 kg. hjá fullmjólkakúm, en 1 kg. af mjólk er ekki alveg sama og 1 lítri, því að eðlisþyngd mjólkurinnar er 1,016—1,021. Það breytist dálítið, og þessar tölur sýna, að samkv. mjólkurskýrslunum liggur ársnytin aðeins fyrir neðan 3000 lítra, en í sambandi við þessa 3000 lítra er rétt að minnast á það, hvernig þessi tala er komin inn í l. Hún kom í Nd. á sínum tíma á þann hátt, að upprunalega, þegar verið var að eiga við l. og meðalársnytin var höfð sem grundvöllur undir það, hve mikil mjólk átti að vera undanþegin verðjöfnunarsjóðsgjaldi, þá átti að ganga út frá ákveðinni lítratölu á kú. Þá voru þeir hv. þm. Reykv. Jakob Möller og Pétur Halldórsson, mjög harðir á því, að meðalársnytin í Rvík væri 3500 lítrar, og vildu halda þeirri tölu uppi, en við meðferð málsins í d. breyttist þetta svo, að lítraákvæðið varð ekki grundvöllurinn fyrir því, hve mikið menn sluppu við að borga af, heldur hve mikið menn þurftu að borga af, og þá komu sömu menn með jafnsterka fullyrðingu um það, að nú væri kýrnytin ekki nema 2500 lítrar, sem daginn áður var 3500 lítrar. Það var óþægileg aðstaða að halda fram því þveröfuga við það, sem áður hafði verið fullyrt, og afleiðingin af því var sú, að farið var nálægt því rétta, í kringum 3000 lítra. Þessi tala kom inn með samkomulagi milli allra aðilja, og þess vegna sé ég enga ástæðu til að fara að breyta henni nú, enda þótt till. hv. 1. þm. Reykv. geri hvorki til né frá að því er snertir þetta atriði, því að þetta er nálægt meðaltali, og það verður aldrei sett þarna nein tala, sem ekki verður eitthvað til ágóða fyrir suma og öfugt fyrir aðra, því að það eru vitanlega ekki allir, sem hafa meðalnyt; það eru nokkurn veginn jafnmargir fyrir ofan og neðan. Ég held þess vegna, að hv. d. geri rétt í því að fara ekki að senda þetta frv. milli d. með því að samþ. einhverja smáorðabreyt., og jafnvel þótt það væri einhver efnisbreyt., sem gæti farið betur, heldur eigi að samþ. frv. óbeytt og lofa því að fara þannig í gegnum þingið eins og stendur, og þá eru miklar líkur fyrir því, að þessi bráðabirgðaákvæði, sem litið var á með litlum velvildaraugum af sumum, eins og hv. 1. þm. Reykv., sem var að tala um, að þessar „stundarsakir", sem ákvæðin áttu að gilda, væru orðnar nokkuð langar. Hann veit, að stundum getur stundin verið nokkuð löng, og ég hygg, að sú stund komi áður en langt um líður, að sú samvinna fáist um mjólkurl. milli framleiðenda, að þeir geti orðið það sammála, að þeir taki málið í sínar hendur. Þetta er sú eðlilega þróun, sem á að verða í þessu máli. Á meðan hún er ekki fyrir hendi, þarf á bráðabirgðaákvæðunum að halda, og það á ekki að setja neitt í staðinn fyrir þau.

Það er orðið svo áliðið kvöldið, að ég sé ekki ástæðu til að ræða um þetta lengra mál, enda voru þau dæmi, sem ég tilfærði, nægileg til þess að benda mönnum á, hvað miklum rökum ræða hv. 1. þm. Reykv. var reist á, en hitt, sem ég fór ekki út í, var svipað eins og það, sem ég hefi tekið.

***Magnús Jónsson:** Ég er aðallega sammála hv. 1. þm. N.-M. um eitt, að það sé orðið nokkuð framorðið. Það var það skynsamlegasta, sem hann sagði, og skal ég því fara að hans dæmi og vera ekki alltof langorður. Hann sagði, að till. þær, sem ég hefi borið fram, væru smávægilegar, og ég læt mér það lynda, að þær séu það. Þeim mun viðurhlutaminna er að samþ. þær, því að ég get fullvissað hann um það, að það er engin hætta á því, að ekki sé hægt að afgr. frv., þó að þessar leiðréttingar yrðu samþ., því að frv. hefir nógan tíma til þess að ná samþykki með þeim þingvilja, sem má búast við, að sé bak við það í hv. Nd. Hv. þm. vildi sýna fram á, hversu óheyrilega heimskulega ég hefði talað, þegar ég var að lýsa andstöðunni á móti mjólkurl., þegar þau voru sett. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að það hafi átt að leggja 100 þús. kr., eða svo tekið sé dýpra í árinni 120 þús. til 150 þús. kr. gjald á menn að óþörfu, með því að neyða þá til þess að láta gerilsneyða alla mjólk. Svo vildi hann sýna fram á, hver heimska þetta væri, með því að segja, að stöðvargjaldið allt væri 110 þús. kr. Allar þessar bollaleggingar eru út í hött hjá hv. þm. Ég var ekki að tala um það ástand, sem er; ég var að lýsa því, hvað það var, sem olli þessari sterku andstöðu. Þá var gert ráð fyrir, að meginhlutann af mjólkinni í Reykjavík væri skylt að gerilsneyða, og það var talið, að það kostaði hér um bil 8—9 aura að gerilsneyða mjólkina, og þar sem um er að

ræða 2 millj. lítra, þá þarf ekki mikinn reikningsmann til að sjá, að það var lagður 160 þús. til 170 þús. kr. skattur á menn fyrir að gerilsneyða mjólkina, sem þeir gátu selt eins góða úr fjósunum til neytenda. Nú veit ég vel, að þetta hefir reynzt þannig, að menn hafa ýmist bætt hreinlæti í fjósum sínum eða að það hafa verið dálitið minnkaðar þessar óvinsælu kröfur um, að það þyrfti endilega að gerilsneyða alla mjólk, svo að þessi kostnaður er ekki nú svo mikill. Hv. þm. sagði, að ég væri spámannlegar vaxinn en nokkur annar maður fyrst ég hefði séð fyrir, að það yrði stórkostleg aukning á mjólkurframleiðslunni við að þessi l. væri samþ. Ég skil ekki, hverskonar spádómsgáfu þurfti til þess að spá öðru eins og þessu. Héruðin fyrir austan fjall eru mjög vel fallin til kúaræktunar, og það, sem stendur í vegi fyrir því, að menn breyti búskap sínum í kúabúskap, er að þeir fá ekki nógu hátt verð fyrir mjólkina, svo að það þarf ekki spámann til að sjá, að ef hver lítri af mjólk, sem framleiddur er á undirlendinu, er svo og svo mikið bættur upp, að menn halli sér þá frekar að þessum búskap á eftir. Ég veit ekki, hvað mikið það er, sem búið er að borga í verðjöfnunargjald austur yfir fjall, en ég var að reyna að reikna það í huganum, og mér virtist það vera nálægt ¾ millj. kr., en það hlýtur að vera afarmikið gjald, sem hefir verið borgað fyrir mjólk og rjóma og annað, sem bætt hefir verið upp. Ég skal ekki segja fyrir víst, hve mikið þetta gjald er. En ég tek þakksamlega við upplýsingum frá hv. 1. þm. Rang., ef hann brýtur ekki þingreglur með því að veita þær. En það er, a. m. k. eftir þeim mælikvarða, sem á þetta er hægt að leggja, svo mikið gjald, að enginn maður þarf að undrast, þegar ein búskapargrein fær stórfé sér til styrktar, en aðstaða annara greina landbúnaðarins er ekki bætt að sama skapi, þó að menn breyti sínum búnaðarháttum á þennan hátt. Víða, þar sem svona skipulagi hefir verið komið á, hefir aukning mjólkurframleiðslunnar orðið geysimikil, þó að hún hafi kannske orðið ennþá meiri hér hlutfallslega en í nágrannalöndunum, vegna þess hve miklu fé hefir verið varið til styrktar þessari framleiðslu hér hjá okkur.

Já, þá fellur nú ljós sögunnar yfir allan kúaflotann, eftir því sem hv. þm. sagði. Hann sagði líka, að það væri auðséð hvað mér gengi til; að ég hefði á móti því, að kúafjöldinn væri aukinn. Ja, ég verð nú að segja, að þegar kúafjöldinn er orðinn það mikill, að mjólkurframleiðslan er nokkurn veginn það fyllsta, sem hægt er að selja við viðunandi verði, þá álít ég ekki skynsamlegt að auka kúafjöldann úr því. Offramleiðsla er hættuleg, svo á mjólk sem öðru. Maður sér það á grg. frv., að þeir, sem frv. hafa samið, eru orðnir í standandi vandræðum með kúafjöldann, einmitt vegna þess, hvað menn hafa breytt sínum búskap úr öðrum búskapargreinum yfir á kúabúskap. Því að þó að verðjöfnunargjaldið væri hækkað upp í hæsta gjald, sem l. gera ráð fyrir, þá hefir samt verið langt frá því, að hafi nægt til þess að bæta upp mjólkurverðið eins og þurft hefði. Eftir því sem kúnum fjölgar meira, eftir því verður verðjöfnunargjaldið meira ófullnægjandi. Og þegar framleiðsla mjólkur er orðin svo mikil, að verðjöfnunargjaldið útheimtir meira fé en hægt er með góðu móti að greiða, þá er kúafjöldinn orðinn meiri en heilbrigt er. Það er mikið spursmál, hvort ekki þarf að grípa til annara ráðstafana heldur en þessa gjalds á mjólkinni til þess að geta borið uppi þennan mikla kúafjölda.

Hv. þm. sagði, að ef þetta frv. yrði samþ., þá mundi það verða til þess að koma á prýðilegu samkomulagi milli allra aðilja. En ætli þetta frv., ef samþ. verður, gæti ekki alveg eins einmitt í sambandi við hinn mikla kúafjölda, orðið til langstærsta árekstursins, sem gæti orðið í þessu sambandi, sem sé, að verðjöfnunargjaldið verði alveg óbærilegt, einmitt vegna kúafjöldans og vegna þess, hve mikill partur af mjólkinni fer í vinnslu, sem aftur geti leitt til þess, að allur almenningur fengi of lítið fyrir sína mjólk eða að mjólkurverðið að öðrum kosti stórhækkaði? Það er því að minu áliti allt annað en góður friður í þessum málum fram undan, þó að þetta frv. verði samþ.

Þá fannst hv. þm. það goðgá hjá mér, að mér virtist, að ég vildi taka til greina ekki aðeins gerlagróður í mjólkinni, heldur líka hvaða vegalengd væri búið að flytja hana, þegar metin væru gæði hennar. Ég get hugsað mér, að það sé nokkuð óvanalegt, að neyzlumjólk komi jafngömul á markaðinn eins og á sér stað hér á landi. Samgöngur í öðrum löndum eru miklu greiðari, og mjólkina þarf ekki heldur að flytja eins langt, vegna þess að þéttbýlið er miklu meira þar en hér. Mér þykir líklegt, að þar þurfi ekki að leggja ákaflega mikla viðáttu undir eitt verðjöfnunarsvæði. Ég get vel trúað, að þetta spursmál, hvort mjólkin skemmist sem markaðsvara við langa flutninga, hafi bara alls ekki komið þar til greina. Þar að auki þarf enginn að hugsa sér, að flutningur á mjólk á ákaflega þýðum járnbrautarvögnum — og þannig mun mjólkin mest vera flutt víða erlendis — sé neitt á móts við það gutl á mjólkinni, sem verður við það að flytja hana á bílum á vondum vegum, kannske upp undir 100 km.

Þá ætlaði hv. þm. að nudda mér upp úr einhverju, sem Jakob Möller og Pétur Halldórsson hefðu sagt. Ég hefi víst nóg á minni könnu, þó að ég svari ekki fyrir þá.

Ég veit ekki, hvernig stendur á þessum 900—1000 kúm, sem hv. þm. sagði, að væru hér í Rvík. Árið 1935 voru þær held ég 627, og ég grennslaðist eftir því á hagstofunni í dag, hvað þær mundu vera margar. Þeir höfðu þar ekki nýrri skýrslur en frá árinu 1936, og eftir þeim virðist kúaeign hér í Rvík vera nokkuð svipuð þá og árið 1935.

Mjög illa kann ég við það, að í frv. eru tvö lögsagnarumdæmi á landinu tekin út úr og þar er slegið föstu, hvað meðalársnyt skuli talin úr hverri kú, nefnilega 3000 l., en hinsvegar ákveðið, að ef meðalársnyt á öðrum stöðum reynist lægri, skuli hún ekki reiknuð svo há sem í þessum tveimur tilteknu lögsagnarumdæmum. (**Forsrh.**: Það er af því, að þessi lög-

sagnarumdæmi standa utan við skipulagið, þannig að mjólkin þaðan fer ekki gegnum samsöluna, en mjólk úr öðrum lögsagnarumdæmum öllum á samlagssvæðinu fer í gegnum samsölur). Ég sé ekki, að það komi neitt þessu við. Það kemur til greina um alla mjólk, sem ekki heyrir undir þetta skipulag, að hún fer ekki í gegnum samsölur. Ef menn t. d. á Akureyri vilja selja sína mjólk beint til neytenda, þá verða þeir að borga verðjöfnunargjald, sem verður aftur miðað við þessa lágu ársnyt úr hverri kú, ef meðalnytin reynist lægri en 3000 lítrar. Það er vitanlega ekki með sanngirni hægt að verja það að hafa ekki alveg eins ákvæði um alla í þessu efni,sem ekki selja gegnum samsölur. Það getur ekki verið annað en rangt að taka Reykjavík og Hafnarfjörð út úr í þessu efni, eins og gert er í frv. Og hvað sem um þetta er annars hægt að segja, ef 1000 kýr eru hér í Rvík og þær mjólka 2 millj. lítra samtals, þá eru það a. m. k. ekki 3000 l., sem hver kýr mjólkar að meðaltali, ef rétt er reiknað. Það getur ekki staðizt. (Raddir af þingbekkjum: Það er rétt athugað hjá hv. þm.).

Ég vík þá að hæstv. forsrh. og hans svari. Hann sagði, að með mjólkurl. væri stefnt að sama skipulagi hér á landi sem nú er hjá Norðmönnum. Ég hefi þegar bent á, að þó að þetta sé á yfirborðinu líkt, þá er þetta tvennt þó ekki eins, vegna þess að í Noregi hafa framleiðendur öll yfirráð þessara mála í eigin höndum. Og það horfir allt öðru vísi við hjá þeim, þar sem þeir geta engum um kennt, hvernig um þetta skipulag hjá þeim fer, öðrum en sér sjálfum. Mér er sagt, að um samsölur sé þar ekki að ræða, heldur sé það hvert mjólkurbú eða félag, sem stjórni sölu sinnar mjólkur, en menn séu þar ekki neyddir saman í samsölur. En meginástæðan til allra þeirra árekstra og allrar þeirrar stirðni, sem fram hefir komið í sambandi við mjólkursölumálin hér hjá okkur, er sú, að það fæst ekki, að stjórn þessara mjólkurmála sé í höndum framleiðendanna sjálfra.

En ætli það hafi nú ekki getað blandazt ögn af pólitík inn í þetta? Það er ögn þægilegt fyrir pólitiskan ráðh. að geta skipað fyrir og skikkað og skapað mönnum kjör og geta haft hönd í bagga um það, hverjir eigi að hafa betri hlutann af því hagræði, sem þetta skipulag skapar. Þó honum því náttúrlega leiðist að hafa með þessi mjólkurmál að gera, þá hafa þau kannske ekki orðið alveg gagnslaus.

Ég skal hlaupa yfir minni atriði, t. d. hvort hin eðlilega þróun hafi stefnt rétt í mjólkursölumálunum hér í Rvík, hvort hún hafi stefnt eins og á Akureyri, þar sem mjólkurverðið komst niður í 17 aura pr. lítra. Mér þykir ekki ólíklegt, að Thor Jensen og aðrir, sem mikilla hagsmuna höfðu að gæta um, að mjólkurverðið hrapaði ekki niður úr öllu valdi, hefðu kannske getað haft vit á því að skipuleggja mjólkursöluna á eigin spýtur fyrr en verðið var komið niður í 17 aura pr. lítra. Mér hefir aldrei dottið í hug, að rétt væri að sporna við því, að löggjafinn kæmi með hjálpandi hönd, heldur hefir mér þótt það rétt, að slíka hjálparhönd ætti að rétta mjólkurframleiðendum til þess að koma á söluskipulagi, ef þeir ekki eru færir um það aleinir. En þróunin gekk nú bara ekki í þá átt að láta mjólkurverðið hrapa niður úr öllu valdi.

Hæstv. landbnrh. sagði eftirtektarverð orð í sambandi við mínar hugleiðingar út af þessari geysiaukningu á mjólkurframleiðslunni, sem ég tel komna langt út fyrir það, sem heppilegt er. Hæstv. ráðh. var að tala um, að það væri vafamál, hversu lengi bændur héldu út að selja þessa vöru sína svo lágu verði, þegar aðrar neyzluvörur hækkuðu í verði, og benti á, að alstaðar annarsstaðar hefði mjólkin hækkað. Stendur þá mjólkurverðhækkun fyrir dyrum? Er þá frv., sem hér liggur fyrir, einskonar forspil að því, að nú eigi að hækka mjólkurverðið? Ég get vel trúað því, að löggjöf eins og þessi geti stuðlað að því, að ómögulegt verði annað en að hækka mjólkurverðið. Ef á að jafna verðið á allri þessari mjólk, sem nú verður að fara meira og meira hlutfallslega af í vinnslu til þess að framleiða úr henni svo og svo ódýra osta o. þ. h., þá verður meðalverð á henni hvað af hverju svo lágt, að bændur geta ekki framleitt hana lengur fyrir það verð, sem nú er á henni. Þá vil ég segja, að betur hafi verið farið en heima setið, ef bændur eru á yfir 100 km. svæði lokkaðir til þess með fégjöfum að breyta um búskaparháttu, til þess að framleiða vöru, sem enginn markaður er orðinn fyrir, og það svo verður til þess að varan verður að hækka í verði fyrir ⅓ hluta þjóðarinnar, sem þarf mjög á mjólk að halda og kæmi engin gjöf verr en að hækkað yrði mjólkurverðið. Það ætti heldur að auka kjarabætur bænda með þeirri aukningu á neyzlu á mjólk, sem kæmi fram við það, að aukið hlutfall af henni væri selt sem neyzlumjólk óunnin. Mörg heimili eru ýmist að auka stórum mjólkurneyzlu sína vegna þess hvað aðrar vörur hækka í verði, eða hafa í hyggju að gera það. Þetta væri heilbrigð stefna fyrir mjólkursölumálið, ef tekizt gæti og ef hún yrði til þess, að mjólkurneyzla ykist stórum. Og tvímælalaust ætti að ná verðjöfnunargjaldi, sem nauðsynlegt kann að verða fram yfir það, sem nú er, með öðrum hætti heldur en með því að hækka mjólkurverðið, til þess að forðast þann árekstur, að annaðhvort verði bændur að framleiða mjólkina með tapi eða þurfi að hækka hana í verði.

Þá sagði hæstv. fors.- og landbrh., að mjólkin hefði hækkað í verði til framleiðenda. Ég býst nú við, að þetta sé rétt eða ekki rétt, eftir því við hvaða framleiðendur er átt. Ég efast ekki um, að svo sé um mjólkurverðið til þeirra, sem áður fengu enga uppbót, en nú hafa fengið verðjöfnunargjald. En eftir því, sem ég hefi komizt næst, hefir verð hennar lækkað, en ekki hækkað til þeirra, sem verðjöfnunargjaldið verða að bera. Ég skal ekki segja um þá, sem selja mjólk beint til neytenda, hvaða áhrif þessi löggjöf hefir haft á viðskipti þeirra. Það kann að vera, að þeir nái betur inn sínum skuldum heldur en áður. En ég hefi fyrir satt, að þeir menn, sem senda mjólk sína til gerilsneyðingar í samsöluna, muni fá 1—2 aurum minna

fyrir lítrann nú heldur en þeir fengu hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur áður. Það er ekki alveg auðvelt að bera þetta saman með nákvæmum tölum, vegna þess, hvernig útborgun er hagað.

Aðstaða framleiðenda í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi hefir batnað, segir hæstv. forsrh. Hvers vegna er þá þessi óánægja? Ég skil ekki, af hverju þessir sömu menn eru óánægðir með þetta skipulag. Það er ekki það venjulega, að menn séu óánægðir með það, sem þeir hafa peninga upp úr. A. m. k. er enginn óánægður út af mjólkursölufyrirkomulaginu af þeim, sem fá verðjöfnunargjaldið. Þeirra aðstaða hefir batnað. Þeir eru ánægðir. Hvers vegna er þá óánægjan? Ég heyri um nýja og nýja menn, sem verða að hætta alveg við kúabú hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur, síðan þessi breyt. komst á. Ég hefi verið að reyna að komast að því, hvort kúm hefir fækkað hér í Reykjavík í heild síðan samsalan kom. Skýrslur eru ekki svo nýjar til, að hægt sé að vita um það með vissu. En ég held, að þeim sé hætt að fjölga. Hvers vegna er það, ef löggjöf þessi bætir aðstöðu framleiðenda mjólkur í Rvík til framleiðslunnar, að þessir menn hverfa frá þessum atvinnuvegi og hætta?

Hæstv. forsrh. sagði, að þeir, sem seldu ógerilsneydda mjólk beint til neytenda, fengju 36—37 aura fyrir mjólkina. (**Forsrh.**: Þetta er lágmarksverð nettó, en þeir selja hana allir fyrir 40 aura lítrann). Ég þrátta ekki við hæstv. forsrh. um tölur. En ef verð mjólkurinnar er 38 aurar og borgaðir eru 3—4 aurar af þeirri sömu mjólk í verðjöfnunargjald, þá skil ég ekki, hvernig þessir sömu framleiðendur fá 36—37 aura nettó fyrir mjólkurlítrann. Jafnvel þó að þessir menn seldu mjólkina á 40 aura, væri það frítt reiknað að ætla þeim að fá þetta nettó, því að alltaf er einhver kostnaður við að senda mjólkina heim til neytendanna. (PZ: *Mjólkin er seld á 38 aura í fjósunum, en á 40 aura heimsend*). Ég hefi keypt dálítið af mjólk í fjósum, og hún hefir verið seld þar á 38 aura. *Get ég ekki ætlað, að þeir, sem selt hafa mér,* geti fengið 36—37 aura fyrir hana nettó.

Hæstv. forsrh. taldi erfiðleika á því að reikna út verðjöfnunargjaldið eftir á, vegna þess að þá mundi þurfa að innheimta það á eftir. Mér er nú sagt, að mönnum sé greitt út fyrir mjólkina einu sinni í mánuði, fyrir 21. hvers mán. fyrir hvern liðinn mánuð. Það er ekki hægt að neita því, að verðjöfnunargjaldið er enn þá vissara, ef hægt er að reikna það út eftir á. Ef samsalan vinnur ekki alveg peningalaust, þá væri ekki frágangssök, þó að hún svaraði út einhverju fyrirfram, sem hún gæti tekið inn, þegar hún reiknar verðjöfnunargjaldið á næsta mánuði. En ef ákvörðun verðjöfnunargjaldsins er ekkert annað en bara reikningsdæmi, þar sem reiknað væri út meðalverð allrar mjólkur á verðjöfnunarsvæðinu, sem fer til ýmissa nota, þá er öruggasta leiðin til þess að reikna þetta gjald rétt út, að reikna það út eftir skýrslum. Þannig hafa Norðmenn það. Þeir heimta skýrslur frá mjólkurbúunum og reikna svo út verðjöfnunargjaldið upp á brot úr eyri.

Viðvíkjandi brtt. minni um það, að láta ekki ágóða mjólkursölunnar renna í verðjöfnunarsjóð, verð ég að játa, að ég skildi ekki eitt orð í því, sem hæstv. forsrh. sagði um það. Hann talaði um, að verðjöfnunargjaldið væri hægt að ákveða svo og svo hátt, og ég veit ekki hvað og hvað. En þetta atriði liggur ljóst fyrir og kemur verðjöfnunargjaldinu hreint ekkert við. Það stendur hér í 3. efnismgr. 1. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta: „Tekjuafgangur mjólkurbús eða mjólkursamsölu á sölusvæðinu skal renna í verðjöfnunarsjóð", og síðast í þeirri sömu mgr. sem beint framhald af þessari tilfærðu setningu: „*enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins*". M. ö. o., þetta, hversu mikill ágóði verður af mjólkursölunni, það skal hafa áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins alveg eðlilega. Því meiri sem ágóðinn verður af mjólkursamsölunni því lægra getur verðjöfnunargjaldið orðið til þess að geta bætt upp alla mjólkina. Og með því að borga mönnum nógu lágt fyrir mjólkina og láta vera nógu mikinn gróða á sölunni gæti komið að því að lokum, virðist mér, að ekkert verðjöfnunargjald þyrfti að borga til samsölunnar, með því að ágóðinn á sölunni gæti nægt til þess að bæta mjólkurverðið upp. Og í raun og veru, ef engar undanþágur væru undan því að greiða verðjöfnunargjald, þá væri þetta langeðlilegasta aðferðin til að greiða verðjöfnunargjaldið. En þegar vissir menn hafa undanþágu frá verðjöfnunargjaldi, en taka á hinn bóginn þátt í samsölunni, þá er augljóst, að hægt er að svipta þá algerlega þessari undanþágu með því bara að láta útborgun á mjólk vera svo lága, og þetta hefir meira að segja verið framkvæmt þannig. Ekki man ég betur en ég sæi fyrir nokkru harðorða deilu í blöðum um það, að ágóði, allmikil fúlga, af samsölunni, væri bara notaður til þess að borga það, sem krafa á verðjöfnunargjaldi væri hærri en innkomið verðjöfnunargjald. Og það er svo *sem alveg vitanlegt, að þessi gróði er alveg* nákvæmlega jafnt tekinn af þeim, sem undanþágu hafa frá verðjöfnunargjaldi, og þeir þar *með sviptir þessum hlunnindum.* Þetta held ég sé alveg ljóst. Ég vildi, að hæstv. forsrh. tækist að vera dálítið skýrari, þegar hann útskýrir þetta næst. En mér virðist þetta augljóst. Ég get vel trúað því, að mjólkurframleiðendur þeir, sem ekki eru undanþegnir verðjöfnunargjaldi, noti sér sinn meiri hluta einmitt til þess að ákveða útborgun fyrir mjólkina svo lága, að verðjöfnunargjaldið lendi jafnt á öllum, hvort þeir hafa undanþágu eða ekki. Af því að hæstv. forsrh. andmælti þessu nokkuð í sinni ræðu, hefi ég borið það undir glögga menn, og þeir geta ekki komizt í skilning um, að þetta sé öðru vísi en ég álít það vera. Ég tek náttúrlega gilt svar forsrh., því að maður í hans stöðu má ekki gefa nema rétta skýrslu, viðkomandi fregninni um að austanmjólkin hefði ekki verið flokkuð, eða verð misjafnað á hennni, — að það væri algerlega kviksaga. Mér fannst hann satt að segja samt kveða dálítið laust að orði meðan hann talaði með sínum eigin orðum. En þegar hann las yfirlýsingu frá hv. 1. þm. Árn., *fannst mér allt miklu ákveðnara; yfirlýsingin* var mjög ákveðin. En hæstv. forsrh. sagði ekki

annað en að mjólkin hefði einatt verið flokkuð í verðflokka, og býst ég líka við, að þetta hafi ekki verið gert að fullkominni reglu, enda hefi ég aldrei heyrt annað en að fyrir þetta hafi komið, að menn hafi fengið fullt verð, þó ekki hafi verið fyrsta flokks vara eða annars flokks vara.

Um þetta „þó“ skulum við ekki deila. Við höfum þar báðir jafn rétt fyrir okkur. Ef frv. verður samþ. óbreytt, á „þó“ að standa þarna. Í minni till. segir, að menn fái jafnt verð fyrir jafngóða mjólk, og þá má vitna í 13. gr. Þessi síðari brtt. mín, um að fella niður „þó“, er ekki annað en afleiðing af fyrri brtt. minni, og mun ég taka hana aftur, ef mín fyrri brtt. verður ekki samþ.

Ég skal lítið ræða um það, sem hæstv. forsrh. talaði um mjólkurstöðina hér og nýja mjólkurstöð, sem ætti að reisa í staðinn. Þetta er, eins og við vitum, ákaflega mikið hitamál, þar sem hæstv. forsrh. tók leigunámi stöð Mjólkursambands Kjalarnesþings. Hinsvegar efast ég nú um, hvort þessi afskaplegi sérfræðingur, sem forsrh. hefir látið rannsaka þetta, sé svo alveg fullgildur maður, að hann dæmi nokkurn hæstaréttardóm um, hvað gera á í þessu máli. Ég man ekki betur en ég heyrði um það þegar þessi maður var á ferð í sumar, að dómur hans færi mjög í aðra átt en dómur annars manns, sem þetta var borið undir, og sem í raun og veru er miklu meira mark tekið á á þessu sviði, sem er mjólkurbúaráðunautur dönsku stj., sem hefir athugað fyrirkomulag á stöðinni eins og hún er nú og telur, að það sé alveg sjálfsagt að una við hana með umbótum. En hinn mun bara vera verkfræðingur frá „privat“-firma, sem byggir allskonar mjólkurstöðvar hvar sem vera skal, og vill byggja þær og byggja sem allra flestar, rétt eins og góður fatakaupmaður vill fá hvern mann til að fá sér nýja kápu. Mér er sagt, að hann vildi byggja nýtt hús, en taka gömlu vélarnar, sem eru fullgildar, og setja þær þangað. Ég skal ekki fara langt út í rökræður um þetta, ég er ekki nógu kunnugur málinu, en ég hygg, að það standi nokkuð orð á móti orði hjá þessum dönsku sérfræðingum. Og það hygg ég allir séu sammála um, að gera skuli allt, sem mögulegt er, til þess að notast við það, sem til er í landinu af þessum hlutum. Það er ekki svo „flott“ með gjaldeyri og peninga, að vert sé að henda því, sem nothæft er, jafnvel þó að maður geti fengið eitthvað, sem í svipinn er ennþá finna.

Hæstv. forsrh. var í raun og veru ekki mikið á móti því, að bráðabirgðaákvæðið félli niður; hann sagði, að það mundi falla bráðlega niður af sjálfu sér, ef þessi lög yrðu samþ. Það var eiginlega loforð, þegar lögin voru sett fyrir þremur árum og fjórum mánuðum. Ég veit ekki betur en síðan hafi hvað eftir annað komið frétt um það, að nú yrði það alveg á næstunni. En það er eins og alltaf hafi verið tveir tígulkóngar í spilunum, og þannig situr enn allt í þeim sama ófarnaði, að framleiðendur á öllu þessu geypiviða svæði eru sviptir umráðum yfir sinni vöru og þetta falið nefnd, sem að vísu á að geta farið með þessi mál nokkurn veginn, en er þó ekki rétt að láta taka fram fyrir hendurnar á þessum mönnum, sem eiga vöruna. Mér skildist yfirleitt á ýmsum andmælum hæstv. forsrh. viðvíkjandi brtt. minum, að hann teldi þær ekki í raun og veru mikið á móti hans vilja, heldur öllu heldur, að hann hefði svona tekið það í sig að vilja hafa frv. óbreytt; og kannske er einhver ótti, að málið nái þá ekki fram að ganga á þessu þingi. En ég get ekki séð annað en að nægilegt svigrúm sé á þessu þingi til að afgr. frv., þó að einhver breyting verði á því gerð.

Guðrún Lárusdóttir: Herra forseti! Það fer eins og fyrri daginn þegar mjólkin kemur til tals, að umræðurnar teygja tímann, og skal ég ekki miklu bæta við þau mörgu orð, sem sögð hafa verið. Þó langar mig að staldra ofurlítið við einstök atriði. Yfirleitt miðar frv. að því að tryggja betur hag framleiðenda, og er kveðið skýrt að orði í 1. gr. frv., t. d. að allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína, komna á sölustað verðjöfnunarsvæðisins. Nú er það vitað, að sú mjólk, sem flutt er til sölu, t. d. til Reykjavíkur, frá fjarlægum stöðum hins feikistóra verðjöfnunarsvæðis, getur engan veginn verið jafngóð. Því að það eitt út af fyrir sig að flytja mjólkina langa leið á slíkum farartækjum, sem um er að gera, og á hinum ójöfnu vegum, með öllum þeim hraða og hristingi, sem fylgir, hlýtur að hálfeyðileggja mjólkina. Að vísu er skýrt tekið fram í 13. gr. mjólkurl. að flokka skuli mjólkina eftir fitumagni og gerla. En þegar eru athugaðar allar aðstæður á hinu feikistóra svæði um meðferð á þessari vöru áður en hún kemst í hendur neytenda, þá get ég ekki séð, að þeim aðilja, sem vitanlega er engu minna verður en *sá aðilinn, sem framleiðir — sé tryggt að fá* ætíð góða vöru. Fyrir því tel ég, að brtt. hv. 1. þm. Reykv. undir stafl. c, þar sem hann vill skýrt taka fram, að sama verð fyrir mjólk komna á sama stað þýði einnig „fyrir jafngóða mjólk“, eigi fullan rétt á sér. Þessi breyt. lagar frv. til mikilla muna. Það er nú einu sinni svo, að fólk í kaupstöðum vill gjarnan, eins og aðrir, fá góða vöru fyrir peninga sína, og ekki sízt þegar varan er alldýr, og við vitum, að mjólkin er talsverður útgjaldaliður á hverju heimili. Þess vegna er það skylda þeirra, sem að þessu máli vinna, að reyna til að sjá svo um, að þessi vara sé sem bezt að gæðum.

Þá hefi ég hugsað mér að minnast á annað atriði þessa frv., síðustu málsgr. 3. gr., þar sem talað er um, að framleiðanda, sem nýtur undanþágu frá verðjöfnunargjaldi, sé heimilt að undanskilja til heimilisþarfa ½ lítra á dag á hvern heimilismanna sinna. Ég vil nú segja það, að úr því að farið er að skammta svona vöru til eigenda hennar, þá þykir mér skammturinn í minnsta lagi, já, svo lítill, að ég tel hann algerlega ófullnægjandi. Það má gera ráð fyrir, að á heimilum upp og ofan séu fleiri eða færri börn. Og halda hv. þdm., að ½ lítri af mjólk á dag nægi handa barni á fyrsta ári til dæmis? Og ef á að fara að skammta mjólkina þannig úr hnefa, þá veit ég ekki hvað langt við gætum

komizt í að spilla heilsufari barnanna. Þegar þess er þar að auki gætt hvað fæði margra barna er einhæft, þá sé ég því síður ástæðu til að láta slíkt standa í löggjöf landsins. Þá má einnig benda á, að á sveitabæjunum er oft mjög gestkvæmt, og þykir húsmæðrunum gott að geta gefið gestum sínum mjólk að drekka, — og hvað endist hálfpotturinn þá, er gesti ber að garði? En það er nú tekið skýrt og skorinort fram í l. að undanskilja ½ lítra á hvern heimilismann og síðan skilgreint hverjir teljist heimilismenn, þ. e. þeir, er framleiðandi hefir á framfæri, svo og hjú hans. En það allra merkilegasta er, að það eru ekki nefnd nein börn, ekki gert ráð fyrir þeim. Þess vegna hefði ég viljað láta standa þarna „hvern fullorðinn heimilismann hans“, en láta börnin njóta þeirrar mjólkur, sem þau þurfa, án þess að setja lagareglur um, hvað smábarn megi drekka af mjólk á dag. Mun ég bera fram brtt. um þetta.

Þá kem ég að síðustu gr., 4. gr., þar sem talað er um, að ef mjólk, rjómi eða skyr er flutt inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa, þá skuli varan gerð upptæk með miklu brauki og bramli. Nú getur maður tekið til dæmis, að á þessu sölusvæði sé einhver kona í sveit, sem á góða kunningjakonu í kaupstað á sama sölusvæði, og langar hana til að gefa vinkonu sinni rjómaflösku eða nýmjólkursopa, og klípi nú af þessum hálfa potti til þess, — þá spyr ég: Er það meiningin, að hrifsa eigi þetta af henni og gera upptækt og fara þar að öllu eftir bókstaf þessara laga? Mér hefði fundizt réttara, að í staðinn fyrir „í heimildarleysi“ kæmi: „í ábata- eða hagnaðarskyni“, því að það er vitanlega það, sem andi laganna ætti að miða að, að menn flyttu ekki vöruna inn á verðjöfnunarsvæði leyfislaust í hagnaðarskyni. Sumum kann að virðast þetta smátt atriði, en mér sýnist það óprýði á l., og mættu þau sízt við meiri óprýði en á þeim er nú þegar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Um flest þessi atriði, sem við hv. 1. þm. Reykv. höfum verið að karpa um, er búið að tala æðioft áður, og ætla ég ekki að rifja það upp. Get ég að mestu vísað til fyrri ræðu minnar, nema um eitt atriði. Það er sérfræðingurinn. Hann kom ekki í sumar, heldur alveg nýlega og er nýfarinn. Býst ég því ekki við, að það sé sami maðurinn og hv. þm. átti við. Og get ég gefið þær upplýsingar, að ég símaði til sendiherraskrifstofunnar og bað hana að gefa mér upplýsingar um, hvaða sérfræðing maður gæti fengið beztan frá Danmörku; og jafnframt til Ósló og spurði sendiherraskrifstofuna, hver sérfræðingur í Noregi væri beztur. Eftir fengnar upplýsingar fekk ég mann til að inna þetta af hendi, upplýsingar, sem liggja fyrir og koma fram á sínum tíma, ef þess er óskað.

Frsm. 2. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég get verið mjög svo fáorður, enda er kominn dagur að kvöldi. Ég vildi aðeins svara hv. 1. þm. N.-M. örfáum orðum, en hann er nú ekki við. Hann kvaðst ekki vita, hvernig ætti að framkvæma þá ákvörðun, sem talað er um í 1. brtt. minni, að taka hæfilegt tillit til mismunandi kostnaðar á mjólkurframleiðslunni. Og hann tók það dæmi, að á einum bæ mjólkuðu kýrnar betur en á öðrum, og þá yrði að fara eftir því. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Það, sem ég á við, er það að á svæðum innan verðjöfnunarsvæðisins verði að athuga — t. d. í hrepp — hvað meðaltalsframleiðslukostnaður er fyrir kúna, og samkvæmt þeim mismun, sem reynist, ætti að mismuna með verðjöfnunargjald. Og það er einmitt tekið fram, hvernig á að framkvæma þetta. Það er Búnaðarfélag Íslands, sem á að gera till. um, hver mismunur sé á framleiðslukostnaði. Mér virðist það ágætt t. d. að fá hv. 1. þm. N.-M. til þessarar skýrslugerðar; ég geri ráð fyrir að hann verði duglegur að því, en svo verður auðvitað allt athugað og endurskoðað áður en það er tekið gott og gilt.

Um hina brtt. sagði hann, að hún mundi koma af sjálfu sér og væri sjálfsögð. En því þá ekki að láta hana koma strax? Brtt. mínar eru hóflegar og geta ekki hneykslað neinn. Og ég er sannfærður um, að þær mundu ná fram að ganga, ef málið væri ekki þegar orðið samningsbundið eða þm. fastir á þeirri skoðun að láta ekki breyta frv. Annars sést við atkvgr., hversu þeim hnútum er háttað.

ATKVGR.

Brtt. 365,1.a felld með 8:7 atkv.
— 362,1.a felld með 8:6 atkv.
— 365,1.b felld með 8:7 atkv.
— 365,1.c felld með 9:6 atkv.
— 365,1.d tekin aftur.
— 362.1.b tekin aftur.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 365,2.a felld með 8:7 atkv.
— 362,2 felld með 8:6 atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 362,3 tekin aftur.
— 365,2.b felld með 9:6 atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 365,3 felld með 9:6 atkv.
5. gr. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, EÁrna.
nei: GL, JJós, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn.
BrB greiddi ekki atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 313, 383, 389).

***Magnús Jónsson:** Það er nú orðið svo liðið á daga þingsins, að það er ekki rétt að vekja miklar almennar umr. um þetta mál. Ég hefi samt hálfpartinn hugsað mér, þegar málið kom til 3. umr., að tala dálítið almennt um það, en

af því að það var rætt nokkuð almennt við 2. umr., get ég leitt það hjá mér.

Það, sem mér finnst langalvarlegast við þessa breyt., sem nú er verið að gera við þessi l., er það, að sú þróun, sem orðið hefir í áttina til offramleiðslu mjólkur, a. m. k. á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, hlýtur að verða enn meiri eftir því nýja skipulagi, sem nú á að koma á með þessum l., og það getur að mínu viti ekki leitt út í annað en hækkun á mjólkinni.

Eins og ég gat um við 2. umr., þá er mjólkin sú neyzluvara, sem fjöldi heimila beinlínis heldur sér uppi á. Sérstaklega eftir að aðrar vörur hafa hækkað í verði jafnt og þétt, hafa menn aukið mjög mikið mjólkurkaup, ekki eingöngu vegna þess, að mjólkin er farin að verða með ódýrari neyzluvörum, heldur líka vegna þess að mjólkin er holl. Og ef til þess kemur, að mjólkin verður hækkuð í verði, þá er ég vantrúaður á þann Fróðafrið, sem spáð hefir verið, að renna muni upp með þessari löggjöf, því að verðhækkun á mjólkinni verður áreiðanlega stórkostlegt ófriðarefni. Það er þessi mikla ófæra, sem bersýnilega er stefnt út í með því að ætla sér að jafna mjólkurverðið til fulls með því einu að láta mjólkina sjálfa gera það. Ég vil ekki vera með að lögleiða slíkt skipulag, sem bersýnilega hlýtur að leiða til þess, án þess þó, að þeir, sem framleiða mjólk á bæjarlandi Reykjavíkur, séu nokkuð betur settir en áður.

Í raun og veru er þetta ákaflega fjarstætt fyrirkomulag, að hafa slíka löggjöf, að íbúar 100 km. frá Reykjavík, á langstærsta undirlendi landsins, þurfi ekkert annað að gera en að framleiða mjólk og láta hana svo fara í hverskonar vinnslu sem er og hvað ódýra vöru sem er, og þá sé þeim tryggt sama verð og þeim, sem geta komið með mjólkina nýja á markaðinn og selt hana þar hæsta verði. Þetta er svo fjarstætt fyrirkomulag, að óhugsandi er annað en að það leiði út í ófæru og sprengi af sér þennan ramma.

Ég hefi ekki viljað bera fram brtt. við frv., sem færi í þá átt, að breyta algerlega þessu verðjöfnunarfyrirkomulagi; það mun ekki tjóa, en ég vildi aðeins setja hér fram þau varnaðarorð, sem ég vildi láta fylgja þessu frv. frá minni hálfu um leið og það verður afgr. Með þessu er verið að gera mjólkina að svo hæpnu máli — ef svo mætti segja — eins og mögulegt er. Þó að mínar brtt. verði samþ., þá er hægt eftir sem áður að breyta verðinu. Það er mest skriffinnska og tilkynningar, sem ég legg til, að tekið verði upp, en ég geri það til þess að þær verðlagsbreyt., sem kynnu að verða gerðar, og þær afleiðingar, sem þær kynnu að hafa fyrir alþýðu manna í Hafnarfirði og Reykjavík, skuli ekki ganga fyrir sig hljóðalaust og þeir aðiljar, sem hlut eiga að máli, skuli verða að koma sér saman um það, áður en það er gert. Af þeim ástæðum hefi ég borið fram brtt. mína, sem gengur út á það, að þegar verðjöfnunargjald er ákveðið af mjólkursölunefnd, þá sé sjálfsagt að tilkynna það þeirri nefnd, sem skipuð er til og fengið hefir það vald að ákveða mjólkurverðið. Ef svo þeirri nefnd þykir verðjöfnunargjaldið ákveðið þannig, að það sé veruleg hætta á því, að það valdi verðbreytingu, eða nefndin sjái sér ekki annað fært en að breyta verði mjólkurinnar, þá láti hún mjólkursölunefnd svo aftur vita það, svo hún viti, hvað hún er að gera þegar hún er að ákveða verðjöfnunargjaldið, ef hún er að stefna út í verðbreyt. á mjólkinni. Þá hefi ég einnig í samræmi við þetta sett það inn í þessa brtt., að haldi mjólkursölunefnd fast við ákvörðun, sem hlýtur að leiða til verðhækkunar á mjólkinni, þá skuli málið sent bæjarstjórn, til þess að hún geti sagt álit sitt á málinu. Þar mun verða litið á það frá sjónarmiði þess almennings, sem velur bæjarstjórnina, og menn munu áreiðanlega sjá, að rödd almennings mun koma greinilega í ljós á þeim vettvangi. Ég álít, að yfirleitt eigi menn ekki að gera svo stórar ráðstafanir, sem hér um ræðir, þannig, að þeir komist létt út af því.

2. brtt. mín er aðeins í samræmi við þetta, því þar er talað um, að við verðákvörðun á mjólkinni skuli hlutaðeigandi bæjarstjórn gefinn kostur á því að segja sitt álit á málinu. En ég verð að segja, að það er ekki fýsileg eða falleg gjöf, sem rétt er að heimilum í þessum tveimur stóru kaupstöðum landsins, þar sem ⅓ landsmanna býr, þar sem er löggjöf, sem stefnir beint út í það, að höfuðneyzluvara alls almennings verði hækkuð.

3. brtt. mín er við 3. gr., um það, að úr því að ekki fekkst samþ. brtt. mín við 2. umr. um það, að meðalársnyt skyldi reiknuð eftir því, sem hún í raun og veru er bæði í Rvík og Hafnarfirði, þá sé samt ársnytin ákveðin nær því, sem hún raunverulega er, heldur en gert er í frv. En það er sögn mjög margra manna, sem eru þaulkunnugir mjólkurframleiðslu og eru sumir sjálfir mjólkurframleiðendur, að 3000 l. ársnyt nái engri átt, og það sé miklu nær 2500 lítrum, og þó ef til vill heldur of en van að ákveða það. Það eru sjálfsagt ýmsar ástæður, sem liggja til þess, að þessi ranga tala 3000 lítrarnir, er komin á framfæri. Hún er, eins og ég hefi getið um, miðuð nokkuð við einstök kúabú, sem sérstaklega eru rekin til þess að hafa kýrnytina sem hæsta, en það eru einnig fleiri, sem koma til greina, og þar á meðal ein, sem maður getur sagt, að sé skopleg, en getur þó valdið því sama. Það er rík tilhneiging hjá sumum að hafa gaman af því að sýna náunganum, hvílíkar ágætisskepnur þeir hafi og hve sniðugir þeir séu að reka sín bú, og gorta af því, hversu mjólkin flæði úr kúnum. Þeir eru eins og maður, sem hefir gaman af að monta af því, hvað hann eigi góða reiðhesta.

Þær skýrslur, sem byggt hefir verið á og mynda grundvöllinn undir 3000 lítra kenningunni, eru mjög svo óáreiðanlegar og hljóta að vera byggðar á óáreiðanlegum upplýsingum. Ég þarf ekki að tala um, hversu nú er ástatt í þessu efni, þar sem fóðrið er yfirleitt vont, sem skepnunum er gefið, svo það er líklegt, að ársnytin á þessu ári verði nær 2000 lítrum heldur en 2500, hvað þá heldur fjarstæðunni 3000. Mér finnst ekki nema sanngjarnt að ákveða þetta nú eins nærri því rétta eins og

mögulegt er. Ég vil segja, að samt sé nægilega á ýmsan hátt þröngvað kosti þeirra manna, sem brotizt hafa í því að rækta bæjarlandið og framleiða hér mjólk slíkt nauðsynjaverk eins og það var og er, þó ekki sé þar að auki verið að byggja gjöldin, sem þeir eiga að greiða, á alröngum upplýsingum.

Ég hefi þess vegna lagt til, að þessu 3000 lítra ákvæði sé breytt í 2500 lítra, því ég held, að allir verði að viðurkenna, að það er hið rétta.

Guðrún Lárusdóttir: Herra forseti! Það má búast við því, að allar brtt. stórar og smáar, verði felldar, eftir því, sem fram kom við 2. umr., svo maður á ekki von á góðu, þó maður reyni að bera fram brtt., sem manni virðist mundi gera frv. ofurlitið frjálslegra en það er. Það eru 2 smáar brtt., sem ég flyt við 3. og 4. gr. frv. Sú fyrri miðar að því að auka ofurlítið þann mjólkurskammt, sem á að fara að skammta bændunum. Úr því að gengið er inn á þá braut á annað borð, að tiltaka, hvað mikla mjólk framleiðandi megi hafa til heimilisnota sinna án þess að borga af því verðjöfnunargjald, þá ætti að hafa skammtinn ögn ríflegri og ekki skera hann svo við neglur sér eins og gert er með því að gera ráð fyrir ½ lítra á dag á hvern heimilismann, án tillits til þess, hvort á heimilinu eru ungbörn, sjúklingar eða gamalmenni, sem verða að fá mikla mjólk, ef vel á að vera. Mér finnst blátt áfram ósæmilegt að láta annað eins standa í löggjöf þjóðarinnar, og þó segja megi, að hægt sé að veita undanþágur frá þessu, þá eru lög alltaf lög, og lögunum er gert fulllágt undir höfði með því að ákveða þennan ½ lítra á heimilismann hjá bændum, mönnunum, sem framleiða mjólkina sjálfir.

Ég hefi því lagt til, að þetta sé hækkað upp í 1 lítra handa hverjum heimilismanni. Ég treysti því, að fleiri en ég líti með sanngirni á þetta atriði og þyki mjólkurskammturinn æði nánasarlegur, sem frv. ætlar framleiðendum sjálfum.

Hin brtt. er við 4. gr., en sú gr. fjallar um það, að mjólk, rjómi eða skyr, sem flutt er inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa þar til sölu á vörunni, sé gerð upptæk og með þessar vörur farið eins og verstu tegund bannvöru, þótt ekki sé hér um annað að ræða en meinlausan mjólkurpott eða skyrspón. Til þess að liðka þetta til, þá datt mér í hug að bera fram brtt. um það, að í stað orðanna „í heimildarleysi“ komi „í hagnaðarskyni“, svo að ef það þætti sannað, að þessi vara væri flutt inn á sölusvæði í því skyni að hafa upp úr henni peninga, þá sé hún gerð upptæk. En mér þykir það dálitið strangt ákvæði að hegna fyrir það, þó menn vilji að gamni sínu koma með góðgæti eins og rjóma, skyr eða mjólk, úr sveitinni til kaupstaðarins til þess að gleðja með því vini sína. En það er komið í veg fyrir, að hegnt sé fyrir slíkt, með því að breyta orðalaginu og segja „í hagnaðarskyni“ í stað orðanna „í heimildarleysi“. Menn sjá, að þetta er gert til þess að gefa frv. ofurlitið frjálslegri blæ og reyna að losa um þær óþægilegu skorður, sem maður er satt að segja búinn að fá meira en nóg af upp á síðkastið.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég hefi ekki áður tekið þátt í þessum umr., meðfram af því, að ég álít, að vel hafi verið haldið á málstað Hafnarfjarðarkaupstaðar af hv. 1. þm. Reykv., svo og af því, að ég álít, að það sé til einskis að vera að berjast á móti þessum l. eða reyna að fá lagfæringar á þeim, vegna þess, að það sé fyrirfram ákveðið, að svona eigi það að vera og öðruvísi ekki, eins og vant er að vera með ýms frv., sem knúin eru áfram með hálfgerðum einræðismáta.

Ég vil skýra ofurlitið frá því, hvernig þessi mjólkurlög hafa komið við mitt byggðarlag. Áður en þessi mjólkurl. komu, þá var talsvert af fátækum mönnum í Hafnarfirði, sem höfðu eignast 2—3 kýr. Það voru mest fátækir barnamenn, sem höfðu reynt að eignast kýr af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi til þess að fá ódýra mjólk fyrir heimili sín og börn sín, og svo í öðru lagi til þess að bæta afkomu sína, sem hefir verið sérstaklega slæm upp á síðkastið. Þeir gátu hirt kýrnar að vetrinum með aðstoð kvenna sinna og barna, en að sumrinu gátu þeir, sem erfitt áttu með að fara frá heimilum sínum í síld eða annað þess háttar, farið í sveit og heyjað handa skepnum sínum og haft konur sínar og börn með sér.

En þegar mjólkurl. voru sett, þá var þeim gert að greiða svo háan skatt fyrir hverja kú, ef þeir höfðu ekki túnblett, að það var ógerningur að halda þessu áfram.

Í öðru lagi var það svo, að þegar þessi l. komu, þá var það álitið, að gerilsneyða ætti alla mjólk. Í bæjunum stóð töluverður styr um það, hvort gerilsneyða ætti mjólkina, en ég ætla ekki að fara út í það almennt. Ég vil samt lýsa því yfir, að ég álít, að það þurfi ekki að vera til óhollnustu í bæjunum, þó mjólkin sé ekki gerilsneydd, vegna þess, að læknisfræðirlit og heilbrigðiseftirlit er það gott í bæjunum, að slíkt á ekki að koma að sök. Það er annað mál í sveitunum, þar sem erfitt er fyrir læknana að hafa umsjón með sjúklingum og heimilum. En í bæjunum kemur þetta ekki svo mikið að sök. Það er líka alveg sama, hvernig farið er með mjólkina, að ef hún er gerilsneydd, þá er hún aldrei eins góð vara og ef hún er ógerilsneydd.

Það var sem sagt álitið, að gerilsneyða ætti mjólkina, og ráðh. mundi ekki nota þá heimild, sem var til undanþágu. Hafnarfjörður vildi þess vegna reyna að koma upp búi þar, til þess að losna við að flytja mjólkina inn í Rvík. Frumkvöðlar í þessu verki voru Garðhverfingar, sem vildu mjög svo gera þetta. Þegar búið er svo komið upp, þá kemur heimild um það, að ýmsir kaupstaðir þurfi ekki að gerilsneyða mjólk og geti selt sína mjólk fyrir betra verð heldur en gat fengizt í búinu. En þá er þegar búið að stofna þetta bú, og vitanlegt er, að það muni ekki bera sig og fara um koll, svo framarlega, sem allir skipti ekki við það. Þá er bundizt samtökum af þeim, sem eru við búið, að eyðileggja það, að þeir, sem minni máttar voru gætu komizt undir undanþáguna í l. Afleiðingin af þessu öllu er svo sú, að þeir menn, sem áður höfðu hagnað af því að hafa 1—3 kýr,

urðu nú að hætta þessum atvinnurekstri sínum, hæði af því að skattur var lagður á þessa framleiðslu þeirra með verðjöfnunargjaldinu, og í öðru lagi fengu þeir minna fyrir framleiðslu sína en áður, eftir að þeir urðu að setja hana í búið. Þetta hefir því komið mjög tilfinnanlega niður á bæjarfélagi, sem yfirleitt hefir ekki nema fátæklinga innan sinna takmarka og þar að auki hefir við atvinnuleysi að stríða. Nú virðist stefnan vera sú, og manni finnst það dálítið einkennileg stefna, að létta hlut þeirra manna, sem geta haft gróðavænlega atvinnu af þessu eins og sýnir sig á því, hvað kúabúum fjölgar austanfjalls, með því að níðast á fátæklingum í bæjunum. Þetta er ekki rétt stefna, enda getur þessi stefna ekki orðið til frambúðar. Það hlýtur að reka að því, að óánægjan risi það hátt á móti þessu fyrirkomulagi, að því verði breytt í betra horf. Menn ættu að hafa það hugfast, að kapp er bezt með forsjá, og það getur aldrei góðri lukku stýrt að auðga einn með því að beita annan ranglæti.

Það hefir líka sýnt sig í þessum umr., að það verður ekki hrakið, að ef þetta frv. verður samþ., þá hlýtur mjólkin að hækka í verði. Þegar hæstv. forsrh. tók til máls hér í d. um þetta mál, þá skein það í gegn hjá honum, að það væri engin furða, þó það yrði svo, þegar hann sagði hvað eftir annað, að það væri í sjálfu sér einkennilegt, að mjólkin stæði í stað, þegar annað vöruverð hefði hækkað. Ég vil álíta, að einmitt af því að þetta frv. hefir ekki orðið að l., þá hafi verið hægt að halda verðinu í þeim skorðum, sem það hefir verið í. Nú mun það verða auðsótt mál hjá þeim, sem það vilja, að fá hækkun á mjólkinni. En það mega þeir vita, sem standa að þessari löggjöf, að ef slíkt verður, þá mun verða mikil óánægja út af því í kaupstöðum landsins. Mér er ekki grunlaust um, að þeir, sem eiga hagsmuna að gæta í kaupstöðunum og eiga að bera fyrir brjósti hag fátækra manna í bæjunum, séu farnir að fyrirverða sig fyrir þessa löggjöf, því þeir hafa ekki setið hér í d. upp á síðkastið, þegar rætt hefir verið um þetta frv.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., af því ég álít, að það stefni hreint og beint að því að koma af stað rangindum í garð fátæklinga í bæjunum og hleypa ofvexti í þennan atvinnuveg austanfjalls, sem mun hefna sín í framtíðinni, ekki aðeins á landbúnaðinum, heldur og á þjóðinni í heild sinni.

Frsm. 1. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég skal ekki lengja fundinn mikið. En það eru nokkur atriði, sem ég held ég verði að taka fram, og skal ég þá aðallega snúa mér að brtt. þeim, sem fyrir liggja.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 383, þá vil ég benda hv. flm. á það, að þetta ákvæði um ½ lítrann er hreinn vinningur fyrir framleiðendur mjólkur í bæjunum frá því, sem áður var. (GL: Það er of lítið). Of lítið, segir hv. flm. Ég skal í því sambandi benda henni á það, að það eru til 2 litlir bæir á Þýzkalandi, sem nota meira en ½ lítra á mann á dag, en ekki einn einasti bær á Norðurlöndum, sem gerir það. Þetta er því fyrir ofan það meðaltal, sem notað er í nokkrum bæ á Norðurlöndum. Ég held því, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, fái í þessum ½ lítra töluverða réttarbót frá því, sem áður var; a. m. k. hygg ég, að hv. flm. muni telja það, og það er réttarbót, sem er það mikil, að hún er fyrir ofan þá meðalmjólkurneyzlu, sem á sér stað í bæjunum.

Um 2. brtt. vil ég segja það, að það er lítill munur á því, hvort heldur er. Það leiðir af sjálfu sér, að það verður ekki talið heimildarleysi, ef einhver kona kemur með ½ lítra af rjóma til þess að gefa kunningjakonu sinni. Það verður talið sem heimild.

Það, sem mér þótti annars sérkennilegt í ræðum hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Hafnf., var það, að þeir óttast báðir, eða virðast báðir óttast, að af þessu frv. hljóti óhjákvæmilega að leiða hækkun. Nú skal ég ekki spá neinu um það. En ég er alveg viss um, að þegar mjólkurverðlagsnefnd á sínum tíma ræðir um það, þá talar hún ekkert um það í sambandi við þetta frv. Hún talar um það, hvað vöruverð hafi almennt hækkað. Hún talar um það í sambandi við það, hvort tilkostnaður við búskapinn hafi hækkað. Hún talar yfirleitt um það, hvaða réttlæti mæli með því, að mjólkin sé í þessu eða hinu verðinu, séð frá sjónarmiði bóndans og neytendanna. En hvað frv. sjálft snertir, þá verður aldrei á það minnzt. Þess vegna geta hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Hafnf. verið með frv., því það út af fyrir sig ræður engu um það, hvort mjólkurverðlagsnefnd hækkar verð á mjólkinni eða ekki. Það verður allt annað, sem þar verður lagt til grundvallar, enda er ekkert réttlæti í því, að þetta frv. komi neitt við það mál.

Annars er það dálítið gaman að heyra, hvað hv. 1. þm. Reykv., sem ég verð að telja einn aðalfulltrúa Sjálfstfl. í þessari d., segir um þetta frv. Hann virðist aðallega — líklega fyrir flokksins hönd — vera á móti þessu frv. af því það muni hækka mjólkurverðið, en í Nd. voru fulltrúar þessa sama flokks ákveðnir í því, að það næði ekki nokkurri átt annað en láta bændur sjálfa fá öll yfirráðin um að ákveða mjólkurverðið, því með því að hafa fulltrúa frá neytendunum, þá væri mjólkurverðið aldrei sett nógu hátt. Fulltrúar flokksins í annari d. vilja láta bændur ráða, hvað mjólkurverðið sé, því ef hinir ráði, þá sé mjólkurverðið of lágt, en í hinni d. talar fulltrúi Sjálfstfl. um það, að ef þetta frv. verði samþ. og þó neytendur hafi sömu áhrif á mjólkurverðið og þeir hafa nú, þá verði mjólkurverðið alltaf of hátt. Mér finnst lítið samræmi í þessu hjá sjálfstæðismönnum. Ég geri ráð fyrir, að það séu tveir klofningar í flokknum, sem vilja sitt hvað. Eða hvort á frekar að trúa þeim, sem tala í Nd., eða þeim, sem tala í Ed. frá flokksins hálfu?

***Magnús Jónsson:** Út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði um mjólkurverðið, vil ég taka það fram, að það kemur málinu ekkert við, hvort mjólkurverðlagsnefnd, þegar hún ákveður mjólkurverðið, gerir það með tilliti til þessa frv. eða ekki. Eftir þessari löggjöf á hún að jafna verðið á allri mjólk, sem framleidd er á verð-

jöfnunarsvæðinu, og það þarf ekki annað en heilbrigða hugsun til þess að sjá, að eftir því sem meira fer af mjólkinni til vinnslu þeirra efna, sem seljast fyrir lægst verð, eftir því verður verðjöfnunargjaldið hærra á neyzlumjólk. Þetta er augljóst. Í grg. frv. segir, að hjá mjólkurbúunum á svæðinu hafi mjólkurframleiðslan aukizt um 83%, eða sé nú 11,7 millj. lítrar í stað 6,4 millj. lítrar 1933. Það verður því alltaf meira og meira af mjólk, sem fer til vinnslu, og eftir því kemur verðjöfnunargjaldið harðar niður á neyzlumjólkinni. En ég vona, að Alþingi vitkist svo, að það grípi heldur til annara ráða til þess að afla verðjöfnunarsjóði tekna heldur en hækka verðið á þessari vöru, sem seinast af öllu má hækka.

Það þarf ekki að bregða mér um það, að ég tali sem fulltrúi þessara manna, því það eru líka margir mjólkurframleiðendur, sem álíta, að það eigi ekki að þröngva þeirra hagsmunum svo, að þeir verði neyddir til þess að fremja slíka vandræðaráðstöfun eins og að hækka mjólkurverðið.

Guðrún Lárusdóttir: Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að það væri réttarbót fyrir bændur að fá að undanskilja ½ mjólkurlítra á dag handa hverjum heimilismanni. Það er raunar einkennilegt að tala um réttarbætur í þessu sambandi, þar sem skammta á bændum þeirra eigin vöru og svipta þá þannig að nokkru umráðarétti yfir vöru sinni, en það er þó óneitanlega meiri réttarbót að fá heilan lítra til daglegra umráða heimafyrir heldur en hálfan lítra, og get ég því hugsað mér, að hv. þm. vilji fallast á þá breytingu, einmitt með málstað bændanna fyrir augum.

ATKVGR.
Brtt. 389,1felld með 8:7 atkv.
— 389,2 tekin aftur.
— 389,3 felld með 8:6 atkv.
— 383,1 felld með 8:7 atkv.
— 383,2 felld með 8:6 atkv.

Frv. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.
nei: BSn, GL, JJós, MJ, ÞÞ, ÁJ.
BrB greiddi ekki atkv.
1 þm. (BSt) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 456).

34. Raforkuveita á Akureyri.

Á 40. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar (þmfrv., A. 228).

Á 41. fundi í Nd., 3. des,. var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ., með 20 shlj. atkv.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Eins og þskj. 228 ber með sér, er grg. með frv. þessu, en þar sem sú grg. er meira almenns eðlis um þetta mál, vil ég fara um frv. nokkrum orðum. Þetta er mikilsvert mál, sem legið hefir fyrir Alþingi áður, en ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi fékkst heimild samþ. um rafvirkjun í Laxá hjá Brúum í Þingeyjarsýslu.

Ég vil nú leyfa mér að skýra frá nokkrum undirstöðuatriðum í þessu máli, svo að mönnum skiljist rökin fyrir óskum okkar. Ennfremur vil ég leggja fram kostnaðaráætlun um rafveituna. Ég hefi leitað upplýsinga hjá rafmagnseftirliti ríkisins, svo að tölurnar eru eflaust ábyggilegar.

Fyrst vil ég benda á, að íbúatala Akureyrarkaupstaðar var í árslok 1936 4520, auk Glerárþorps, sem hafði 400 íbúa. Auk þess koma hér til greina 100 manns í Kristneshæli og bæjum þar í grennd, sem rafmagns njóta frá raforkustöð Akureyrar. Akureyri er að verða tiltölulega mesti iðnaðarbær landsins, ef hún er ekki þegar orðin það, svo að þörf hennar fyrir rafmagn er mikil. Líkur eru til, að iðnaður aukist þarna að miklum mun á næstunni. En á síðari árum hefir orðið tilfinnanlegur skortur á rafmagni þar á staðnum og í nágrenninu, og hefir þetta staðið bænum fyrir þrifum.

Iðnaðarfyrirtæki bæjarins eru þessi: Klæðaverksmiðja, sútunarverksmiðja, frystihús, 2 skóverksmiðjur, tunnuverksmiðja, mjólkurvinnsluverksmiðja, 2 smjörlíkisverksmiðjur, nokkur vélaverkstæði, margar trésmíðastofur o. fl. Auk þess eru skammt frá Akureyri 3 síldarbræðsluverksmiðjur í Krossanesi, Dagverðareyri og á Hjalteyri. Er því auðsætt, að hér er um að ræða verulega þörf fyrir raforku, en með þeirri litlu stöð, sem nú er á Akureyri, er ekki unnt að fullnægja henni. Núverandi iðjufyrirtæki eru talin þurfa 1120000 kw. á ári, en þessi þörf vex hröðum skrefum.

Efnahagur Akureyrar er mikið atriði í þessu máli. Talið er, að verðmæti húsa, lóða og landa á Akureyri hafi numið 11 millj. kr. í árslok 1936, en skattskyldar tekjur voru þá 1600 þús. kr. Eignir Akureyrarbæjar voru á þessum tíma 1924 þús. kr., en skuldir hans 1105 þús. kr. Þar af voru þó 135 þús. kr. skuldir við fyrirtæki bæjarins (höfn og rafveitu). Auk þess voru eignir hafnarsjóðs í árslok 1936 768 þús. kr., en skuldir hans 179 þús. kr. Eignir rafveitunnar voru á sama tíma 365 þús. kr., en skuldir 217500 kr. Skuldlausar eignir voru þannig í árslok 1936: Akureyrarbæjar kr. 819059, hafnarsjóðs Akureyrar kr. 589039,00 og rafveita Akureyrar kr. 147534,00, eða alls kr. 1555632.00.

Eins og í grg. segir, þá var núv. rafveita Akureyrar reist árið 1922. Afl hennar var aðeins 330 hestöfl (á túrbínuása). Stöðin var byggð með það fyrir augum, að hún væri aðeins ljósastöð og þar að auki notuð lítilsháttar til smáiðju og suðu. Var það aðallega bundið við sumarið, því menn vissu fyrirfram, að vatnsmagn Glerár er af svo skornum skammti, þegar það er minnst í frostum á vetrum, að það gæti ekki gefið afl nema til ljósa, enda kom það brátt í ljós. Svo var bætt úr brýnustu þörf-

inni með því móti, að keypt var díselvél, 165 ha, og var svo til ætlazt, að hún væri aðeins notuð, þegar minnst væri vatnsrennslið, því hún myndi verða dýr í rekstri. En þarfirnar voru svo miklar, að hún hefir verið notuð sleitulaust allt árið um kring, og hrekkur þó ekki til.

Þessi vél var keypt árið 1930. Á þessum 7 árum, sem síðan eru liðin, hefir komið í ljós, að hún dugir ekki, og þarf nú að bæta við, og það að verulegu leyti. Orkuframleiðsla stöðvarinnar hefir aukizt jafnt og þétt. Árið 1925 er hún 490 þús. kwst., en 1936 er hún 970 þús. kwst. með 3320 klst. hagnýtingartíma mesta álags. Þetta eru þau undirstöðuatriði, sem ég vildi benda hv. þdm. á, svo að þeir geti áttað sig á því, hvernig þessu er háttað.

Þá eru það hin atriðin, sem snerta þetta væntanlega verk, sjálf kostnaðaráætlunin. Á henni hafa þau útboð verið byggð, sem dagsett eru í okt. og ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að koma með nokkrar tölur. Það er þá fyrst: Stífla og inntak 77000 kr. 2. Þrýstivatnspípa úr tré, 690 m. löng 223000 kr. 3. Stöðvarhús með undirstöðum undir vélar 152000 kr. 4. Íbúðarhús fyrir stöðvarverði 20000 kr. 5. Vélar og tengivirki í orkuveri, ein vélasamstæða, 2000 hö. 231000 kr. 6. Háspennulína, 60,4 km. á einföldum tréstólpum, 340000 kr. 7. Aðalspennistöð við Akureyri, einn spennir 1700 kw., 69000 kr. 8. Yfirumsjón, vextir á byggingartíma og ófyrirséð, um 25%, 277000 kr. Þetta verður samtals kr. 1388000.00. Undirbúningur og ýms kostnaður 112000 kr. Og þetta þá alls 1500000 kr. Nú er gert ráð fyrir, að orkuverið sjálft sé nægilegt með þessum einstæðu vélum, en byggt með það fyrir augum, að hægt sé að setja upp aðra vélasamstæðu, 2000 ha., en kostnaður við það er áætlaður 230000 kr. Nú er talið fullvíst, að við að taka hvorttveggja nú í einu myndu sparast allt að 60—70 þús. kr. Og mér er kunnugt um, að rafveitustjórn Akureyrar hefir fallizt á að taka báðar vélasamstæðurnar í einu, bæði vegna sparnaðar og eins vegna hins, að vænta mætti, að menn fengju þarna rafmagn fyrir örlítið verð til upphitunar húsa. Og þegar aukakostnaður er ekki meiri en 230 þús. kr., þykir ekki hlýða annað en ráðast í þetta.

Í þessum stofnkostnaði eru ekki teknar með aðgerðir á vegum og brúm vegna flutninga á efni og vélum til virkjunarinnar. Eins og ég gat um áðan er þetta langt frá Akureyri, allt að 74 km. Mestur hluti leiðarinnar er lagður þjóðvegur. Það er yfir tvær heiðar að fara. Vaðlaheiði og Fljótsheiði, en það má segja, að mestan tíma ársins sé þar góður vegur. Hann þarf þó dálitla aðgerð, sérstaklega tvær smábrýr. Auk þess er enginn vegur frá þjóðveginum og upp að gljúfrum í Laxá.

Ef maður lítur á þennan stofnkostnað, hvernig hann skiptist eftir efniskaupum, farmgjöldum, vinnulaunum o. s. frv., þá er það þannig:
Aðkeypt efni 550 þús. kr. Farmgjöld 47 þús. kr. Aðflutningsgjöld 44 þús. kr. Vinnulaun og verkstjórn 450 þús. kr. Flutningur á landi 20 þús. kr. Vaxtatöp og ýms kostn. 389 þús. kr. Þetta er alls 1½ millj. kr.

Þá er rekstrarkostnaðurinn þriðja atriðið, sem er merkilegt, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, einnig koma þar með nokkrar tölur.

Íbúatala á Akureyri var í árslok 1936 4520. Ef gera má ráð fyrir sama vexti og undanfarið, má reikna með 4600 íbúum í árslok 1938, eða að aukningin nemi árlega 40 manns. Í Glerárþorpi búa 400 manns og utan Akureyrar um 100 manns notenda. Þetta er samtals 5100 manns. Héraðið í kring er mjög blómlegt. Byggðin inn af Akureyri er 108 býli með 1100 íbúum, og hún mundi vafalaust vilja taka þátt í raforkunotkununni, og sama er að segja um kauptúnin, t. d. Dalvík, Hrísey og Hjalteyri, og að austan Svalbarðseyri. Auk þess gæti Húsavík komið til greina. Rafveitan þar er lítil, og þar sem þetta er upprennandi iðnaðarbær, mætti gera ráð fyrir, að hún vildi taka þátt í þessari rafveitu, a. m. k. sem kaupandi.

Ef reiknað er með Laxárvirkjuninni, með 2000 hö eða 1350 kw. í mesta álagi, og auk þess Glerárraforkuverinu með allt að 250 kw., þá eru þetta alls 1600 kw. Og það gera 300 vött á mann í mesta álagi.

Eftir reynslu hér á landi og einnig miðað við reynslu erlendis, má reikna með 49 kr. tekjum á hvern íbúa í kaupstöðum utan Reykjavíkur, þegar þátttaka hvers íbúa í mesta álagi orkuvers er orðin sem svarar ca. 300 vöttum.

Sé reiknað með þessum tölum, þá er dæmið einfalt, og tekjur þessarar rafveitu af raforkusölu verða þá alls 5100X49=250000 kr., þegar stöðin er komin í fulla notkun. En þess er að gæta, að hér er reiknað með stærri stöð.

Árleg útgjöld rafveitunnar áætlast þannig:
1. Til viðhalds á orkuveri, háspennulínu og aðalspennistöð, 1,4% af 1500 þús. — 21000 kr.
2. Til viðhalds innanbæjarveitukerfi Akureyrar samkv. áætlun Árna Pálssonar og K. Ottersteds 12000 kr.
3. Aukningar bæjarveitukerfis 20000 kr.
4. Gæzla og innheimta 57000 kr., alls kr. 110000,00.

Þá yrðu eftir til að standa straum af stofnláni Laxárvirkjunarinnar, þeim lánum, sem hvíla á núverandi rafveitu og viðhaldi hennar, kr. 140000,00. Það má aðeins geta þess að lokum, að sú litla raforkustöð, sem við höfum á Akureyri (330 hö. á túrbínuása), gefur bænum nú með þessari díselvél 148 þús. kr.

Við, sem til þekkjum þarna norður frá og vitum, hversu mikil þörf er fyrir meiri raforku í bænum, göngum að því vísu, að þetta sé ekki mjög áhættumikið, m. ö. o. teljum okkur trygga — með þeirri raforkunotkun, sem er í vændum — að geta staðið undir þessu láni.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meir. Ég hygg, að ég hafi gefið þær beztu upplýsingar, sem fyrir hendi eru. Og ég vildi að lokum óska þess, að þetta þýðingarmikla mál fyrir Akureyri og stóran part af Norðlendingafjórðungi mætti mæta góðvilja og skilningi hv. þdm.

Ég vil svo mælast til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað, til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 228, n. 318).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

***Frsm. (Ólafur Thors):** Ég var ekki viðstaddur, þegar 2. umr. þessa máls fór fram, en af því að ég er frsm. n., þá þykir mér viðkunnanlegra að láta nokkur orð fylgja málinu úr deildinni. Það er kunnugt, að allir samþ. í fyrra lög um virkjun Laxár. Það þótti ekki tímabært að hafa í þeim lántökuheimild með ríkisábyrgð, þó nokkur þingvilji kæmi samt í þá átt. Á sama hátt hefir náðst samkomulag um þetta mál á milli a. m. k. Framsfl. og Sjálfstfl. Áður en það kom fram, og auk þess var það sýnt við flutning málsins, að Alþfl. og Bændafl. eru málinu samþykkir, — ég veit ekki um Kommfl. Í n. voru allir nm. sammála um að mæla með frv., eins og fram kemur í nál., og má því að sjálfsögðu líta þannig á, að þessu máli sé tryggður framgangur, og þess vegna óþarfi að ræða það frekar.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 228. n. 443).

***Jónas Jónsson:** Vegna þess að hv. frsm. er ekki viðstaddur, vildi ég segja fáein orð, þar eð staðurinn, sem virkja á, er í mínu kjördæmi.

Það hefir náðst samkomulag milli allra flokka á þinginu um að veita þessa ábyrgð á árinu 1938, í því skyni að hrinda áfram þessu rafveitumáli Akureyrar, enda þótt Alþ. yfirleitt sé mjög varfærið í því að veita ábyrgðir, vegna þess að það er alls ekki hættulaus ráðsmennska, og stundum jafnvel verið gengið nokkuð langt í þeim efnum. En einmitt það, að allir flokkar eru sammála um að láta þessa ábyrgð sitja fyrir öðrum, sýnir mikilvægi málsins. Og þegar þess ennfremur er gætt, að Akureyringar hafa staðið í samningum á Englandi um lántöku og gera má ráði fyrir, að þetta lán fáist með góðum kjörum og að hægt sé að byrja á verkinu á næsta vori, þá má segja, að saman fari hugur manna á Akureyri um að koma þessu máli áfram og hugur Alþ. um að styðja það. Þess vegna býst ég við, að þessu máli verði tekið hér í d. á þann hátt, sem málavextir standa til. Það hefir verið unnið að því af mikilli eindrægni af þeim, sem hafa að því komið, og ég þykist vita, að sú eindrægni muni einnig fylgja málinu hér í þessari hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil ekki láta þetta mál fara út úr d. án þess að segja um það nokkur orð.

Ég hefi nokkra sérstöðu í þessum rafmagnsmálum. Ég lít svo á, að með því að veita stórum bæjarfélögum þannig leyfi til að virkja stór fallvötn til afnota fyrir sig, sé útilokað, að mikill hluti af þeim sveitum, sem uppland eiga að þeim stóru vötnum, geti um ófyrirsjáanlega framtíð notað sér þá möguleika, sem til staðar eru til þess að fá rafmagn frá þessum stöðum. Þess vegna álít ég, að þessi rafmagnsmál séu meira og minna misráðin. Ég hefi litið svo á, að það fyrsta, sem eigi að gera, sé að skipta landinu í viss svæði, utan um þau fallvötn, sem þau geta fengið rafmagnið ódýrast frá. Og þegar væri búið að skipta landinu þannig í hverfi og reikna út, hvað rafmagnið þyrfti að kosta að meðaltali, þegar búið væri að leiða það um það allt, þá ætti að selja það með því verði yfir allt svæðið. Með þessu móti hefði t. d. Reykjavík fengið sitt rafmagn líklega ⅓ ódýrara en nú, en þá hefði líka mátt koma því á hvern bæ í Rangárvallasýslu, Mýrasýslu, Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, en með því að veita þeim, sem bezta hafa aðstöðuna, sérleyfi til virkjunar, er þessu sleppt. Nú er haldið áfram og röðin komin að Akureyri. En ég álít, að þegar hægt verður að leggja línur út til sveitanna í kring, þá eigi þær að fá það. Stj. á að segja: Þið, sem bezta hafið aðstöðuna, eigið að standa saman í einu félagi með þeim, sem verri aðstöðu hafa. Þið eigið að virkja í félagi, og svo á að selja rafmagnið sama verði til allra á svæðinu. En það er komið inn á þessa braut, og þess vegna þýðir ekki að leggjast á móti því, að hér sé á ný tekin ábyrgð fyrir nokkurn hluta af því svæði, sem ætti að fá rafmagn frá þessum stað, en hinir útilokaðir. En ég býst við, að ekki líði mörg

ár þangað til við förum að tala um, hvernig eigi að koma rafmagninu út í dreifbýlið, og þá hygg ég, að komi í ljós, að betra hefði verið að taka þessa stefnu, sem ég ræði um, upp fyrr, en stiga ekki þetta víxlspor, sem hefir verið gert og er verið að gera. Og líklega verður það þá gert með því að skattleggja rafmagnsnotkunina, og nota þann skatt til að víkka út leiðslukerfið og auka notkunina. En ég greiði nú atkv. á móti frumvarpinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 458).

35. Lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Á 11. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um lestrarfélög og styrk til þeirra þmfrv., A. 58).

Á 13. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að aflað verði á sérstakan hátt nokkurrar fjárupphæðar, sem verja skuli árlega til styrktar lestrarfélögum í sveitum og kauptúnum.

Það er kunnugt, að í flestum kaupstöðum landsins eru bókasöfn, sem reka útlánastarfsemi og njóta yfirleitt nokkurs styrks úr ríkissjóði, sem smámsaman hefir verið ákveðinn í fjárl. Hinsvegar hafa í strjálbýlinu mjög víða úti um sveitir landsins risið upp samtök um að koma á fót bókasöfnum fyrir almenning, hin svokölluðu lestrarfélög. Það er nú orðið langt síðan þessi samtök hófust fyrst og nú er meiri eða minni vísir til slíkra samtaka víða í sveitum landsins, kauptúnum og kaupstöðum. En félög þessi eiga víða mjög erfitt uppdráttar. Það gengur misjafnlega að fá menn til að ganga í þessi félög og taka á sig útgjöld þeirra vegna, sem ekki verður hjá komizt, ef félögin eiga að geta starfað. Við flm. þessa frv. álítum fullkomlega tímabært, að þessi menningarviðleitni í strjálbýlinu sé viðurkennd. Við þykjumst þess vissir, að þó ekki verði um að ræða mjög háa upphæð árlega, sem til þessa verði veitt, þá verði það sú hjálp og sú viðurkenning, sem mundi verka mjög örvandi á þessa starfsemi.

Áður en skólar voru almennir hér á landi, hélt þjóðin við menningu sinni með lestri bóka. En þrátt fyrir það, þó skólar séu nú komnir fyrir almenning í landinu, þá er enn margt fólk, einkum í stjálbýlinu, sem verður að halda við menntun sinni og afla sér menningar á annan hátt, og eru það þá bækurnar, sem gera fólkinu það fært að tengja það við umheiminn. Og á því er enginn vafi, að sú menntun, sem skólarnir veita, kemur því aðeins að fullu gagni, að almenningur hafi bókakost. Ýmsir telja sjáanleg merki þess, að lestrarlöngun almennings og bóklestur, einkum í þéttbýlinu, fari minnkandi. Menn kjósi fremur að afla sér fræðslu á annan hátt en með lestri bóka. En í strjálbýlinu er þessu minna til að dreifa. Og við flm. þessa frv. teljum hina mestu þörf að styðja þessa gömlu og nýju menningarviðleitni í strjálbýlinu. Menningarviðleitni, sem stefnir í þá átt bæði að koma í staðinn fyrir starf skólanna og auka gildi þess.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. að þessu sinni, en vil mega vænta þess, að hv. þdm. sjái, að þó hér sé ef til vill ekki stórt mál á ferðinni, þá er það gott mál. Að lokinni þessari umr. óska ég, að málinu sé vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 265, 275).

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Menntmn. er öll sammála um að mæla með þessu frv. með þeim brtt., sem n. flytur við það, þess efnis, að frv. nái einnig til skólakvikmynda. Það er svo, að notkun skólakvikmynda er mjög að fara í vöxt á síðari árum, og er aðalástæðan sú, að í flestum löndum er nú farið að nota 16 mm. mjófilmur. Er það mjög mikils virði, að allar þessar nýju mjófilmur eru af sömu stærð og hæfa því fyrir samskonar tæki. Það er og þýðingarmikið atriði, að þessar nýju mjófilmur eru ekki eldfimar sem hinar breiðari filmur, er áður voru notaðar, og því ekki nothæfar í skólum. Norðurlöndin öll eru búin að koma í notkun hjá sér þessum skólakvikmyndum. Það er ekki nema vel til fallið, að hinar almennu skemmtanir, eða þeir, sem þær sækja, styrki þessa þjóðhollu starfsemi, lestrarfélögin og skólakvikmyndirnar. Skattur þessi á eftir till. n. að nema 12% af skemmtanaskatti, — ekki 12% af því sem almenningur greiðir, heldur 12% af skemmtanaskattinum, sem er 18% af aðgangseyri af skemmtunum. — Hv. þm. N.-Þ. flytur brtt. um, að í stað 12% skatts komi 15%. Ég fyrir mitt leyti get alveg fallizt á þessa till. og hygg, að svo muni vera með meðnm. mína. 15% álag á 18% nemur ekki nema rúmum 2 aurum á hverja krónu af því, sem menn greiða fyrir skemmtanir, svo þetta er ekki hátt gjald, og vil ég vænta, að það nái samþykki.

Gísli Guðmundsson: Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál. Hv. menntamn. flytur nokkrar brtt. við frv., sem eiga að stefna að því, að ríkið eignist safn af skólakvikmyndum, sem nota á í skólahúsum víðsvegar um landið. Ég hygg þetta sé gott mál út af fyrir sig og er hugmyndinni hlynntur, en ég get ekki fallizt á það, að n. gerir ekki ráð fyrir meir en 12% skatti á skemmtanaskattinn sem tekjur fyrir hvorttveggja þessa starfsemi, sem hefir það í för með sér, að tekjur lestrarfélaga lækka niður í 8% úr 10%, sem þær voru eftir frv. minu. Þess vegna hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við

brtt. um það, að álagið á skemmtanaskattinn verði hækkað upp í 15%, og gangi þá 10% af þessu til lestrarfélaganna, en 5% til kennslukvikmynda, eða ⅓ af þessu. Eins og hv. dm. hafa heyrt, þá var form. menntn. með því, að þessi brtt. væri samþ., og vænti ég því, að hún nái samþykki hv. d.

*__Pétur Ottesen:__ Það er aðeins lítil fyrirspurn til hv. frsm. um það, hvað meint sé með ákvæðum 1. gr. frv., sem mér skilst, að sé alveg óbreytt í brtt. frá því, sem þau voru í frv., að öðru leyti en því, að þar er bætt inn í, að styrkinn megi einnig veita til kennslukvikmyndasafna, sem er sjálfsagt þarft út af fyrir sig. En fyrirspurnin er um það, hvort sýslubókasöfn, sem eru starfandi utan kauptúna, verði þessa styrks aðnjótandi samkv. orðanna hljóðan í 1. gr. frv. Mér skilst, að orðalagið sé þannig, að þau eigi að njóta styrks, ef þau eru starfrækt utan kauptúna.

Svo vil ég ennfremur gera fyrirspurn um það, á hverju það er byggt, að lestrarfélög, sem starfrækt eru í kaupstöðum og kauptúnum, eru undanþegin því að njóta nokkurs styrks samkv. ákvæðum þessa frv. Og þá einnig, á hverju það er byggt, að sýslubókasöfn, sem starfandi eru í kaupstöðum, séu undanþegin þessum styrk. Það er vitað, að sýslubókasöfn njóta nú í fjárl. ofurlítils styrks, en sá styrkur er hverfandi lítill, eins og kunnugt er, og er hann þess vegna lítill liður í starfrækslu þessara sýslubókasafna. Ég vil óska þess, að hv. frsm. gefi skýringu á þessu, því að það er hægt um vik að breyta þessu, ef hægt er að fá samkomulag um það. En fyrst vil ég heyra skýringu hv. frsm. og ástæðuna fyrir þeirri útilokun, sem mér virðist vera samkv. 1. gr. á því, að sýslubókasöfn og lestrarfélög njóti styrks, ef þau eru starfrækt í kaupstöðum eða kauptúnum.

*__Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):__ Þessi gr., sem hv. þm. gat um, er shlj. þeirri, sem var í frv. upphaflega, en ástæðan fyrir því, að kaupstaðir og kauptún, þar sem eru starfandi bæjar- eða sýslubókasöfn, eru tekin undan, er sú, að í flestum tilfellum er veittur nokkur sérstakur styrkur til þeirra bókasafna. Hitt er önnur ástæðan, að þessi bókasafnastyrkur er aðallega miðaður við smærri bókasöfn, bókasöfn eða lestrarfélög, sem starfa á litlum svæðum og helzt á ekki stærra svæði en einn hreppur er. Þau koma að því meira gagni, því minna svæði sem þau starfa á, og þess vegna tel ég fyrir mitt leyti réttmætt, að þau séu styrkt sérstaklega, enda hefir ekki styrkur komið til þeirra í fjárl. eins og hinna bókasafnanna, sem hér eru undanþegin. Aftur á móti skil ég þessa gr. svo, að ef einhver þessara bókasafna liggja fyrir utan kauptún eða kaupstaði, þá séu þau styrkhæf samkv. þessum l.

ATKVGR.

Brtt. 265,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 275 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 265,2 (ný 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 265,3 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 265,4 kom ekki til atkv.
Brtt. 265,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Á 46. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 285).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 285, n. 385, 390).

*__Frsm. (Jónas Jónsson):__ Menntmn. er sammála um aðalatriði frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. hefir þó áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. við fjárhagsatriði frv., og hefir þegar gert það, og mun hann að sjálfsögðu mæla fyrir þeirri breyt.

Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða það, að því muni enginn neita, að hin mesta nauðsyn sé á að efla lestrarfélög og bókasöfn bæði í sveitum landsins og kauptúnum. Eins og nú háttar til hér á landi, þá eru bækur mjög dýrar, svo að almenningur getur yfirleitt ekki veitt sér þær. Og svo famarlega sem lestrarfélög og minni bókasöfn geta ekki aflað sér þess helzta, sem út er gefið á hverju ári, þá fer mikill hluti þjóðarinnar á mis við þá bókmenntagerð, sem til er í landinu.

Ég hygg þess vegna, að frv. sé réttilega fram borið. Að vísu getur verið, að ekki takizt að gera jafnmikið með því og til er ætlazt, en það er þó a. m. k. spor í rétta átt.

Að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar mun svo sú breyt. hafa verið gerð, að lítið eitt af skattinum, sem í þessu skyni á að innheimta með skemmtanaskattinum, verði varið til þess

að styrkja kennslukvikmyndir, sem ganga eiga milli skólanna. N. féllst á þetta hér í d., þó að það minnki vitanlega tekjur bókasafnanna. Þessar kvikmyndir eru áreiðanlega mjög nauðsynlegar, og þess vegna var afráðið að mæla með frv. óbreyttu.

Út frá þessu sjónarmiði hygg ég, að ekki sé rétt að fylgja þeirri breyt., sem einn nm. ber fram, því að fyrir utan það, að þetta verður ekki ýkjamikil fúlga handa öllum bókasöfnunum, þá er hættulegt að breyta frv. nú í kvöld, þar eð það gæti orðið til þess, að það dagaði uppi.

Ég fyrir mitt leyti legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt og að frekar verði gripið til þess eftir eitt eða tvö ár að endurbæta það, ef í ljós hafa komið einhverjir ágallar, sem menn nú í fljótu bragði sjá ekki fyrir.

Guðrún Lárusdóttir: Ég ætla nú ekki að gera mikinn ágreining, þó að ég beri þessa brtt. fram. — Í frv. eins og það var upphaflega, var gert ráð fyrir 10% viðbót við skemmtanaskattinn, til þess að stofna sjóði fyrir lestrarfélög. Þá hafa komið fram tvær brtt., sem önnur gerir ráð fyrir 12%, en hin 15% skatti, og hefir sú till. verið samþ. í Nd. Nú ber ég fram till. um að lækka nokkuð þennan skatt. Það er oft svo um skemmtanir, að þær eru haldnar í góðgerðaskyni eða til að styrkja gott málefni. Má því segja, að hér sé verið að taka úr vasa eins, sem vinnur að góðu málefni og láta í vasa annars, sem líka vinnur að góðu málefni. En ég legg þó til, að þessi skattur sé lækkaður úr 15% niður í 10%.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi vekja athygli hv. nm., sem frv. fá til meðferðar, á því, að í sumum lestrarfélögum hér á landi eru engir félagsmenn, sem iðgjöld greiða, heldur á hreppurinn félagið og leggur fram fé, sem bækur eru keyptar fyrir eftir till. stj., sem hreppsnefnd tilnefnir. Tel ég því ekki hægt að komast hjá að veita nokkurn styrk í þessu skyni. Þessi félög geta verið eins vel rekin og bóklestur á þeirra vegum komið að eins góðu gagni, þó að fyrirkomulagið sé svona, eins og ég hefi sagt frá. Að öðrum kosti er ekki annað fyrir lestrarfélögin að gera en að breyta um fyrirkomulag, þannig að verði fastir félagar, er greiði árgjöld.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Út af orðum hv. 6. landsk. vil ég segja það, að sjálfsagt hefði verið að athuga hans gagnrýni, ef tími hefði unnizt til. En nú eru þinglausnir á morgun, svo að mig grunar, að frv. myndi ekki geta fengið afgreiðslu í Nd. Ég sting því upp á því við hv. þm., að hann vilji láta við þetta sitja að sinni. Í eðli sínu má túlka þetta eins og hann vill vera láta, en ég held, að það sé heppilegra fyrir félögin að láta málið ganga fram í þetta sinn. Okkar bókasöfn eru vaxin upp af margskonar jarðvegi og víða af vanefnum, og þau vantar enn verulegt samræmi, sem myndi skapast, þegar þau færu almennt að fá styrk. En mér finnst ekki líklegt, að við í n., sem erum uppteknir til þingloka, getum gert nokkra breytingu á málinu. Tel ég því réttara að láta málið fara í gegn að þessu sinni, en láta svo laga það á næstu 2—3 árum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 390 felld með 8:7 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
3.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 459).

---

36. Mæðiveiki (frv. landbn. Nd.).

Á 50. fundi í Nd. 15. des. var útbýtt:

Frv. til l. um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar (þmfrv., A. 368).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Herra forseti! Þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé samkv. þingsköpum aðeins borið fram af landbn. Nd., þá má telja, að báðar landbn. standi að frv. Þær hafa í sameiningu annazt undirbúning frv. og gengið frá því í öllum aðalatriðunum, fyrst með undirnefnd, sem skipuð var mönnum úr báðum n., og síðan með sameiginlegum fundum beggja n. Einnig hafa n. haft samvinnu við ríkisstj., og er mér óhætt að segja, að allir þessir aðiljar standa að frv. í öllum aðalatriðum, enda var n. ljóst, að þar sem svo áliðið er þings, var nauðsynlegt að ganga þannig frá frv., að sem bezt samkomulag væri tryggt um það fyrir fram, svo að vissa fengizt fyrir, að það gengi fljótt í gegnum þingið.

Eins og fyrirsögn frv. ber með sér er það tilraun af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr því tjóni, sem bændur og búalið á mæðiveikisvæðinu hefir orðið fyrir af völdum þeirrar veiki, sem kölluð er mæðiveikin, en áður hefir sérstaklega verið tengd við Borgarfjörð. Ekki er unnt að gefa neina skýrslu um það tjón, sem veikin hefir valdið, þar sem engar skýrslur eru til um það, hversu mikil fækkun hefir orðið á sauðfé síðan 1936, þegar fé var í fullri tölu, a. m. k. á mestum hluta veikindasvæðisins. Veikin hefir vitanlega gert mestan usla í Borgarfirði, þar sem hún byrjaði, svo og Mýra- og Vestur-Húnavatns-

sýslu. Þessar sýslur eru nú að mestu leyti undirlagðar af veikinni, ennfremur mikill hluti Dalasýslu, svo að þar munu nú ekki vera nema tveir hreppar, sem enn eru mikið til lausir við hana. Austur-Húnavatnssýsla er undirlögð hálf, eða austur að Blöndu. Þá er hún komin í 3 hreppa Strandasýslu, 3—4 hreppa í Árnessýslu, 2—3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og að síðustu hefir orðið vart við hana í Skagafirði.

Eins og ég sagði áðan, er ekki hægt að segja með neinni vissu, hversu mikil fækkun hefir orðið af völdum veikinnar, en í fardögum 1936 var fjárfjöldinn í þessum þremur sýslum, sem mestu tjóni hafa orðið fyrir, rúmlega 93700. Um fækkun í einstökum hreppum er ekki gott að segja, en ég hefi þó skýrslu yfir fækkun í einum hreppi á þessu svæði, sem sé Hvítársíðu í Borgarfirði. Þar hefir veikin geisað í 2 ár, þannig að Hvítársíðan er ekki meðal þeirra hreppa, þar sem veikin hefir staðið lengst, og ekki heldur einn af þeim, þar sem hún hefir staðið skemmst. Fækkunin í þessari sveit er þannig, að í fardögum 1936 voru þar 4155 kindur, en í fardögum 1937 voru þar 2863. Nú í haust var féð talið eftir að það var komið í hús, og var þá talan komin niður í 1850. M. ö. o., fækkunin þarna hefir orðið tæplega 55%. Ég geri ráð fyrir, að það sé nokkuð yfir meðallag, sem fækkunin hefir numið á þessu svæði, svo að ekki er vert að gera ráð fyrir, að fækkunin í þessum þremur sýslum sé yfir 40—45%, en ef það væri, sem ég hygg að láti nærri, þá mundi fjártalan vera komin úr rúmum 93 þús. og niður í ca. 50 þús. Sjá allir, hversu geysilegt hrun það er í fjárstofninum.

Nú skal ég geta þess, að það er ekki svo, að öll þessi fækkun hafi farið í ekki neitt og orðið einskis virði fyrir bændur, heldur stafar fækkunin að nokkru leyti af því, að menn hafa sett færra á af ótta við veikina. Þannig hefir í þessum sýslum varla verið sett á nokkurt lamb í haust og þar að auki slátrað mörgu af hinu yngra og vænna fé. En þó að svona sé ástatt, þá á hér við gamla máltækið, að þá er hver fiskur farinn þegar hann er barinn. Þegar búið er að fækka þannig bústofninum, verður lítið úr þessu fé í höndum manna. Kröfur úr öllum áttum og þörf fyrir greiðslur verða þess valdandi, að menn verða að láta það af hendi rakna, sem þeir fá fyrir féð, og þar með eru þeir sviptir þeim afkomumöguleikum, sem þeir hafa haft vegna sauðfjárstofnsins. Á þetta ekki eingöngu við bændurna sjálfa, heldur einnig þá búleysingja, sem í þessum sveitum hafa verið, því að fótunum er einnig alveg kippt undan þeim og þeirra afkomumöguleikum. Afleiðingar fjárpestarinnar munu því koma niður bæði á bændum landsins og eins því lausafólki, sem hefir dvalið í þessum sveitum, þannig að það hlýtur að hverfa burt úr sveitunum og leita atvinnu annarsstaðar, ef ekkert er gert til að ráða bætur á þessu tjóni. Auk þess er sýnilegt, að þegar svo sem ekkert er sett á, þá hlýtur fjárstofninn að minnka fljótlega, bæði af venjulegum ástæðum og eins af völdum fjárpestarinnar.

Efni þessa frv. er aðallega þrennskonar. Í fyrsta lagi er þar gerð tilraun til að vernda ábúðarrétt bænda, a. m. k. fyrir það ár, sem frv., ef að l. verður, á að gilda, þannig að þeim, sem vegna greiðsluörðugleika af þessum sökum geta ekki greitt tilskilda vexti og afborganir af veðlánum sínum, sem hvíla ýmist á jörðum þeirra eða lausafé eða hvorutveggja og vernda þá frá að gengið verði að þeim af þeim sökum. Vitanlega er það aðalatriði, að þeir bændur, sem á þessu svæði búa, geti haldizt við á jörðum sínum áfram, en eins og sakir standa nú, tel ég engar líkur til, að nýir bændur fari að flytja inn á það sýkta svæði. Þess vegna er lagt til í frv., að á árinu 1938 verði varið 150 þús. kr. til greiðslu vaxta fyrir þá bændur, sem í greiðsluþrot eru komnir af völdum fjármissisins, og hjálpa þeim þannig til að geta setið kyrrir á jörðum sínum. Ég verð að segja, að þessi fjárhæð er að nokkru leyti áætluð út í bláinn. Við höfum að vísu farið í gegnum skuldir og skuldbindingar bænda á þessu svæði og vitum að vaxtagreiðslur þessara bænda nema miklu meiru en þessari upphæð. En við hyggjum þó, að mjög mikið megi hjálpa þessum bændum, ef 150 þús. kr. verða fyrir hendi til þess að miðla til manna en af erfiðum fjárhagsástæðum ríkisins, sem öllum eru kunnar, höfum við ekki treyst okkur til að fara fram á hærri upphæð en þetta, en reynsla um það, hvað mikils þarf með í þessu efni, fæst á þessu ári, þannig að hægara verður að gera áætlun um þessa upphæð á næsta Alþ. Þetta er þá fyrsta atriðið í þessu frv., sem sé að reyna að tryggja bændum ábúðarréttinn, bæði með því að greiða hluta af vöxtum af þeim lánum, sem á jörðum þeirra og búum hvíla, svo að ekki verði að þeim gengið, og sömuleiðis að greiða afgjald fyrir þá leiguliða, sem hafa komizt í greiðsluþrot af sömu ástæðum, svo að þeim verði ekki sagt upp ábúðarjörðum sínum. Um þetta fjallar a-liður 1. gr.

Þá vil ég minnast á b-liðinn, sem er um það, að lagt verði til hreppavega og sýsluvega á þessu svæði allt að 110 þús. kr. Þetta á að gera til að auka atvinnu heima fyrir, til þess að bæta upp að nokkru þann atvinnumissi, sem bændur hafa orðið fyrir út af hruni fjárstofnsins. Það er viðurkennt, að ekki nærri því allir bændur geta notað sér þessa atvinnumöguleika, því að þótt bú þeirra hafi minnkað, þá eiga þó flestir a. m. k. eftir nokkurn hluta fjárstofnsins og þar að auki kýr og hesta, sem gerir það að verkum, að þeir eru bundnir heima við bú sín mestan hluta ársins og geta ekki frá þeim farið, þótt ekki sé fullkomin vinna fyrir þá heima fyrir að annast þennan hluta bústofnsins. En eins og ég sagði áðan, þá eru það ekki aðeins bændur, sem verða fyrir tjóni af völdum veikinnar, heldur líka búlausir menn, sem í sveitum eiga heima og hafa haft fé sér til framfæris, a. m. k. að nokkru leyti, og það er ekki hvað sízt til að reyna að tryggja, að þessir menn fari ekki úr sveitunum, að þessi fjárhæð til vegagerða er lögð fram, svo að menn, sem jafnvel að öðru leyti stunda heimilisstörf, eigi hægara með að fá vinnu. Er því lagt til í frv., að 110 þús. kr. verði varið til vegagerða, og þá helzt á þeim stöðum, þar sem hentugast er atvinnunnar vegna og sömuleiðis til þess að létta undir með framleiðslu mjólkuraf-

urða og hjálpa mönnum þannig til að koma sér upp nýrri atvinnugrein í stað þeirrar, sem nú hefir brugðizt. Þetta getur verið til undirbúnings túnyrkju og framræslu á engjum og því orðið til atvinnu í atvinnuleysinu. Vegabótaféð og hækkun jarðabótastyrksins er einskonar atvinnubótafé til manna, sem þarna um ræðir. Það er tilraun til að koma á nýjum framleiðsluháttum.

Þá skal ég nefna c-liðinn um gróðurhús. A. m. k. í nokkrum sveitum er góð aðstaða til að hafa gróðurhús, því að hverasvæði eru víða mikil. Það er rétt að beina starfskröftum þeirra manna, sem eru atvinnulausir vegna fjárpestarinnar, inn á þetta nýja svið. Sömuleiðis er styrkur til rjómabúa allt að ½. Hingað til hafa rjómabú verið styrkt að ¼, en nú viljum við gera þessa undanþágu, og gætu þá bændur í Húnavatnssýslu og Dalasýslu reynt að beina sinni framleiðslu í þá átt að framleiða meira af smjöri. Auk byggingarstyrks til rjómabúa og gróðurhúsa má segja, að vegagerðir sé einn liðurinn í að koma á fót nýjum atvinnugreinum.

Þá vil ég minnast á fyrirkomulagið á úthlutun styrkjanna. Það gefur að skilja, að það er svo margt, sem þarf að taka tillit til, þegar ákveðið er um úthlutun fjár. Það verður að koma viðbót inn í reglugerðina um frekari framkvæmdir. Við hugsum okkur, að framkvæmdinni verði svo fyrir komið, að hún sé í höndum 3. manna n., sem landbrh. skipi samkv. tilnefningu landbn. Alþ., en til ráðuneytis verði 2 menn úr hverri sýslu. Verði svo leitað leiðbeininga hjá sýslufulltrúunum um allt, sem snertir þann aðilja, sem hlut á að máli.

Um greiðslu kostnaðar er það að segja, að gert er ráð fyrir, að ríkið greiði kostnað af 3. manna ráðinu, sýslurnar kosti sýslufulltrúa og hreppararnir hreppsfulltrúa.

Það er þá ekki miklu meira, sem ég þarf að minnast á. Ég skal geta þess, að það hefir komið til umr. í n. að taka til meðferðar löggjöfina frá síðasta þingi. Útbreiðsla mæðiveikinnar frá því, sem þekktist þá, hefir kollvarpað framkvæmdum, sem síðan hafa verið gerðar. Margar af girðingunum eru þegar gagnslausar og hafa jafnvel alltaf verið það. Það þurfa að koma nýjar girðingar. En ég skal geta þess, að þó nokkur hluti girðinganna hafi verið ónýtur í vor, tel ég samt, að þeim kostnaði sé ekki á glæ kastað, því að þær hafa hindrað, að veikin breiddist enn meira út. Eins og vitanlegt er, á Alþ. að koma saman aftur í febrúar, og þá er nægur tími til þess að ganga frá þessu. Þá mun og sjást betur, hvað gera þarf, og er því réttara að fresta framkvæmdum.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég vil leyfa mér að skýra frá minni afstöðu í þessu máli, líka þar sem ég er fagmaður um það, sem hér er um að ræða. En af því að ræða mín er ádeila á það, sem framkvæmt hefir verið í þessu efni, hefði ég kosið að hafa fleiri áheyrendur á meðal hv. þm. en hér eru staddir. Sem fulltrúi á þjóðþingi Ísl. tel ég mig knúðan til að taka hér til máls og kem þá um leið fram sem dýralæknir.

Í þessu mikla máli hefir frá byrjun gætt mikillar vanþekkingar. Sjálf undirstöðuatriðin eru byggð á vanþekkingu. Geta menn ekki vænzt glæsilegrar úrlausnar vandamálsins, þegar svo er ástatt. Forráðamenn í þessu máli játa það enda sjálfir, að mörg séu víxlsporin orðin. Sjálfur frsm. hv. landbn., hv. þm. Mýr., játaði í ræðu sinni áðan, að svo væri t. d. að því er girðingarnar snerti. Taldi hann þær gagnslausar eins og komið væri, þar sem sýkin væri komin upp hingað og þangað fyrir utan þær.

Enginn maður, sem til þekkir, neitar því, að ægileg farsótt hafi geisað og geisi enn í sauðfé í nokkrum byggðarlögum landsins. Eftir skýrslum, sem komu í vetur um útbreiðslu veikinnar, voru talin sýkt 298 býli, en veikin þó ekki konstateruð nema á 107 býlum, rúmum þriðjung. En seinni skýrslur benda til þess, að veikin sé ekki eins ægileg og menn vilja vera láta. En það er látið í veðri vaka, að mörg héruð séu alveg undirlögð af veikinni. Því er fyrst og fremst troðið inn í fólkið í ræðum og riti, að hér sé á ferðinni **nýr, áður óþekktur, smitandi** og **ólæknandi sjúkdómur.** Slíkar staðhæfingar vekja eðlilega ótta og skelfingu í fólkinu. **Það** er sá draugur, sem hefir gert fólkið hrætt og truflað dómgreind þess, og það er næstum verra en veikin sjálf. Það er ekki von á góðu, þegar spekingar þjóðarinnar fullyrða, að hér sé á ferðinni voðaleg plága, bráðsmitandi og ólæknandi. En þeir tala af vanþekkingu, því að þeir fullyrða í dag og éta allt í sig daginn eftir. Ég vil nú færa mönnum heim sanninn um, að þetta sé allt á röngum forsendum byggt.

Hverjar eru afleiðingarnar af þessu? Þær hafa ekki látið á sér standa, því að nú er niðurskurður á sjúku og heilbrigðu fé fyrirskipaður hér og þar. En það er svipað með niðurskurðinn og girðingarnar, að þar er allt gert í blindni. Við höldum áfram að skera niður eins og molbúar.

Í allri þeirri óvissu, sem ríkt hefir undanfarið hjá forráðamönnum þessa máls um eðli og uppruna sýkingarinnar, er því nú slegið föstu, að hún muni vera hin sama og Suður-Afríku-sauðfjárveikin **Jaagziekte,** hingað flutt með karakúlhrút frá Þýzkalandi. Það er að vísu ekki hægt að neita því, að til eru einkenni á þessari veiki hér, sem eru til með báðum. En það er vafamál hvort Jaagziekte er smitandi, og dauðsföll **af** völdum hennar eru bara 1,6%. Jaagziekte kemur og aðeins fyrir á vetrarmánuðum. Svo er það allra fáránlegasta, en það er um meðgöngutímann. Meðgöngutími Jaagziekte er 3—5 dagar, en hér á Íslandi nota menn meðgöngutímann eftir geðþótta, allt eftir því, hvernig á stendur eða hentar bezt hér og þar. Hann er látinn vera einn mán., tveir, þrír og allt upp í átján mán., eftir því, hvað hentar. Þetta er einn þátturinn í vísindamennskunni, sem málið er byggt á hér á Íslandi. Úti í heimi mundi þetta hvergi verða þolað. Ég er hissa á því, að læknar skuli ekki hafa tekið hér í taumana og bent fólki á þessa reginvitleysu.

Þegar búið er að staðhæfa þetta, trúir fólkið því. Blöðin skrifa langar greinar. Löggjafarþing þjóðarinnar trúir þessu, og sjálf landstjórnin trúir því líka. Á þessum grundvelli er hrúgað upp lögum og nefndir eru skipaðar til þess að

undirbúa frekari framkvæmdir. Girðingar voru settar niður og vörðum var raðað fram með fallvötnum landsins fyrir utan hættusvæðin, og loks var skipaður framkvæmdarstjóri, sem var gefið ótakmarkað vald til þess að fyrirskipa hverja þá ráðstöfun, sem hann taldi nauðsynlega til að hefta útbreiðslu sýkinnar, og það er maður, sem ég veit ekki, hvort þekkir, hvað er fram eða aftur á kind. En þess hefir verið vandlega gætt, að þeir menn, sem faglega þekkingu hefðu á málinu, dýralæknarnir, kæmu ekki nálægt því, og er það ekki í fyrsta skipti hér á landi, þegar um heilbrigðismál búpenings hefir verið að ræða, að framhjá þeim sé gengið. Slíkt getur auðvitað aðeins átt sér stað á Íslandi. Ég veit eitt dæmi þess í haust, að dýralækni var meinað að skoða lungu í kindum, en bóndi utan af landi látinn gera það. Með öðrum þjóðum mundi slíkt alls ekki geta komið til mála. Þar er heilbrigðismál búpenings eðlilega í höndum dýralæknanna eða heilbrigðisráðs, er þeir skipa. En valdhafar vorir halda að sjálfsögðu, að með þessum ráðstöfunum sé öllu vel og tryggilega ráðið, og að heppileg lausn hljóti þar með að fást. En þrátt fyrir það heldur sýkin áfram að breiðast út og til síðasta örþrifaráðsins er gripið — að láta menn skera niður fé sitt í stórum stíl, þótt alheilbrigt sé. Svona er þá málum komið. En hvar er sannleikurinn *í þessu mikla vandamáli?*

Tilheyrendur mínir munu segja, að ég fari hér nokkuð geyst af stað, en ég hefi svo mikil gögn í höndunum í þessu máli, að ég er ekki hræddur við að segja það, sem ég veit sannast og réttast. En eins og allur málarekstur hefir verið hingað til og annar undirbúningur þessa máls, má það heita, að gangi fífldirfsku næst að voga sér að andæfa meginatriðum málsins, en ég hefi í tæp 28 ár verið dýralæknir, og samvizka mín knýr *mig til þess að segja afdráttarlaust* það, sem ég veit betur eða réttara í þessu máli en aðrir, sem það hafa með höndum.

Í fyrravetur gafst mér kostur á að kynna mér sýki þessa, og fullyrti ég þá, að hér væri um sjúkdóm að ræða, sem væri æfagamall á landi hér. Og þetta er það sanna og rétta í málinu. Fyrir þessa fullyrðingu mína hefi ég orðið fyrir alveg óverðskulduðu aðkasti fólks, sem þóttist vita betur, og hefi ég lítið hirt um það, enda tala ég hér sem fagmaður og þeygi mig ekki fyrir órökstuddum dómum ófaglærðra manna. Og hefði fólk fengið að leggja trúnað á ummæli mín, væri nú öðruvísi umhorfs hvað þetta mál snertir. En í stað þess hefir allra ráða verið leitað til þess að reyna að hnekkja þeim, og vandlega hefir þess verið gætt að halda mér og öðrum dýralæknum landsins, sem þessa skoðun hafa, utan við þetta mál.

Þá skal ég koma nánar inn á nokkur atriði, sem mestu máli skipta í þessu sambandi. Eins og þegar er fram tekið, er því haldið fram, að sýki þessi sé hin sama og Jaagziekte, en margt, ef ekki flest, mælir á móti því. Til þess að geta rímað vísuna, er því haldið fram, að Jaagziekte hafi borizt hingað með karakúlhrút frá Þýzkalandi árið 1933. Vitanlega var þessi hrútur með öðru fé hingað fluttur frá Halle á Þýzkalandi, en hann einn úr hópnum á að hafa smitað íslenzka fé, en hitt karakúlfé ekki. Þetta út af fyrir sig er mjög grunsamlegt. Það er upplýst, að hrútur þessi var hafður í strangri sóttkví um 9 vikna tíma ásamt hinum kindunum, í Þerney. En venjulegur tími er aðeins mánuður. Hrúturinn var fluttur upp í Borgarfjörð um haustið og haldið þar á bæ um 3 mán. skeið, án þess þó að hafa smitað fé á þeim bæ. En um fengitíma, þegar komið var fram undir jól, er hann fluttur að Deildartungu, og þar ske þau undur, að hann smitar fé. Þaðan eru svo smitleiðirnar raktar í allar áttir, og það með þeim undarlega hætti, að meðgöngutími sýkinnar er látinn vera mjög mismunandi. En því verður ekki á móti mælt, að meðgöngutími Jaagziekte er **3—5 dagar**, en ekki ár eða upp undir það. Þá er það ekki óverulegt atriði, að Jaagziekte hefir **aldrei verið til** á Þýzkalandi og er þar ekki enn. Ég sneri mér í sumar til prófessors dr. Theodors Oppermanns við háskólann í Hannover, sem er einhver helzti sérfræðingur Þjóðverja á sviði sauðfjársjúkdóma. Þessum manni skrifaði ég um ísl. sauðfjárveikina og sagði honum afdráttarlaust mína skoðun á henni, nefnilega, að sýkin væri það, sem á teknisku máli nefnist **„Hæmorrhagisk septicæmi“** (Pasteur-ellosis oxium), sýki, sem er algeng á sauðfé og svínum um allan heim. Hér sé aðeins sú reginvilla framin, að 2. stig þeirrar sýki sé gert að nýjum og áður óþekktum sjúkdómi, m. ö. o., það primæra er látið heita öðru nafni, annar sjúkdómur, en það secundæra á svo að vera mæðiveiki. Ég hefi hér bréf frá prófessornum, dags. 3. sept., og þakkar hann mér fyrir upplýsingarnar. Hann var á ferðalagi, þegar hann fékk mitt bréf, en segir, að ef hann hefði fengið það nokkrum dögum áður, mundi hann hafa viljað koma til Íslands og kynna sér veikina af eigin sjón.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp *kafla úr bréfi hans á frummálinu, svo að hv.* þm. megi heyra og sjá, að ég fer hér ekki með fölsk ummæli:

„Derartige Erkrankungen sind aber bisher in Deutschland nicht beobachtet worden. Die Annahme, dass die dortige Krankheit von dem aus Deutschland bezogenen Karakulbock eingeschleppt sein soll, dürfte nicht zutreffen. Ich bin mit Ihnen der Meinung, dass es sich um die chronische Form der hämorrhagischen Septicämie (Bipolarisinfektion) handelt.“

Þetta tekur alveg af skarið um, að veikin hafi aldrei verið í Þýzkalandi.

Það, sem hefir einna helzt styrkt fólk í trúnni á þeirri skoðun, að hér sé um nýjan sjúkdóm að ræða, eru hinar einkennilegu nýmyndanir í lungnablöðrunum. Þessum nýmyndunum hefir rannsóknarstofa háskólans haldið mjög á lofti og talið þær auðkennandi fyrir þennan sjúkdóm. Um þetta mikilvæga atriði hefi ég vottföst ummæli forstöðumanns rannsóknarstofunnar.

Þessar nýmyndanir sagði ég honum í fyrra vetur, að væri aðeins „Regeneration“, frumunýmyndanir á 2. stigi lungnabólgunnar til þess að bæta úr eða græða þær skemmdir á þekju lungnablaðranna eftir bólguna í þeim, sbr. holdsauka í sári, sem flestum mun kunnugt. Nú hefi ég haft tækifæri til þess að gera smásjárrannsóknir á lituðum sneiðum úr lungum sauðfjár, 4 og 5 mánuðum eftir að fé sýktist af „hæmorrhagiskri

septicæmi", og þessar nýmyndanir eru sjáanlegar hér og þar í lungnablöðrunum alveg eins og ég þóttist vita, að mundi vera, og megið þið nú sjá hér 9 slíkar litaðar sneiðar.

Af því, sem hér hefir verið sagt, verður að ályktа, að mæðiveikin sé ekki sjálfstæður, nýr, áður óþekktur sjúkdómur, heldur 2. stig eða „chroniska form" sjúkdómsins „hæmorrhagisk septicæmi", hvort sem þann sjúkdóm ber að kalla á íslenzku lungnabólgu, lungnapest eða lungnadrep.

Sjúkdómi þessum veldur gerillinn „Bacillus bipolaris ovisepticus". Þennan geril er alstaðar að finna (ubiquitar). Líkir hann meira að segja meinhægu snikjulífi í koki og öndunarfærum fjölda fjárins. En þverri mótstöðuafl líkamans eða að veiklun eigi sér stað af einhverjum ástæðum, t. d. slæmri húsvist, slæmu fóðri, slæmri hirðingu, ofkælingu, hrakningum o. s. frv., eykst gerlinum sýkingarkraftur, svo að hann getur allt í einu breytzt úr snikjujurt í sóttkveikju, og valdið þá þessari sýki, sem þá kemur í ljós sem bráð, miður bráð eða langæ sýki með aðalbreytingunum í lungum fjárins, og er sú lungnabólga með margskonar móti. Stundum ber lítið á sýki þessari, tekur þá fé á bæjum á stangli, drepur þetta 1—2 kindur, e. t. v. 5—10 á bæ. Á öðrum tímum æðir hún yfir heil byggðarlög eða sýslur sem skæð farsótt, og gjalda þá fjáreigendur afhroð mikið í missi fjárins. Það er þá ekkert óvanalegt, að 20—30—50% fara úr veikinni. T. d. drapst úr sýki þessari á Suðurlandi á tímabilinu júlí 1897 til maí 1898 um 1 milljón fjár.

Vísindamenn eru ekki sammála um næmleika eða smithættu í sambandi við veikina, en fleiri munu þó hallast að því, að hún sé smitandi, og þá helzt við návist og samöndun. M. ö. o., sýkin getur ekki talizt bráðsmitandi eða að stór vandræði eigi að geta stafað af smithættunni. Þrátt fyrir það, er alstaðar lögð áherzla á að sótthreinsa fjárhús eftir föngum, þar sem veikinnar verður vart, og að aðskilja sjúkt og grunað fá frá heilbrigðu.

Ýms meðul hafa gefið góða raun, en bezt og sjálfsögðust er ónæmisbólusetning (immunserum-(bipolar-bakteriu-serum)).

Í grunuðum og sýktum hjörðum þarf að bólusetja heilbrigða féð, jafnvel það sjúka líka, og endurtaka bólusetninguna að nokkrum vikum liðnum með enn sterkara bóluefni, og með góðri hirðingu og nákvæmri hjúkrun hins sjúka fjár mætti takast að draga mjög úr dauðatölu fjárins af völdum sýki þessarar, og þessi er leiðin til að ráða niðurlögum „mæðiveikinnar" svokölluðu, og önnur ekki.

Af því, sem sagt hefir verið, ætti hv. þm. að skiljast, að þær ráðstafanir, sem þing og stjórn hafa staðið að, eru næsta þýðingarlitlar, og því feikna fé, sem til þeirra hefir verið varið, hefir að mestu leyti verið á glæ kastað, og er ástæða til að vera framvegis varfærnari í fjáraustri í þessu máli en hingað til.

Frv. það, sem fyrir liggur á þskj. 368, er áframhald og afleiðing af fyrri ráðstöfunum til stuðnings og hjálpar þeim, sem hafa orðið fyrir barðinu á sýki þessari. Ég mun því ekki leggjast á móti málinu, því ég skoða frekar þá hjálp, sem þar um ræðir, sjálfsagða fyrir sakir þeirra aðgerða hins opinbera undanfarið og því skylt að bæta fyrir sín eigin mistök í máli þessu.

Ég hlustaði eftir því í framsöguræðu hv. þm. Mýr., að hann talaði um þá miklu fækkun fjár í héruðum þeim, sem hér um ræðir, en hann vék líka inn á, að skýrslur í þessu efni væru óáreiðanlegar. Það er áreiðanlegt, að af því fé, sem talið er í þessum skýrslum, er ekki nema einstaka kind, sem drepst úr mæðiveiki. Að fjöldi fjár sé dautt, er áreiðanlegt, en það hafa ekki nema örfáar drepizt úr þessari „mæðiveiki". Vegna þessarar gífurlegu fækkunar tala menn svo um nauðsyn á breyttum búnaðarháttum, menn eigi að hætta við sauðfjárrækt og auka kúabú. Þetta örþrifaráð er byggt á þeim ótta, sem búið er að koma inn hjá bændum.

Sem dæmi um, hvað þessar skýrslur eru óáreiðanlegar, skal ég segja frá atviki, sem fyrir mig kom þegar ég var á ferð um Austur-Húnavatnssýslu til að kynna mér þessa veiki í fyrra vetur. Þar var mér sagt, að ekki væri mikið um veikina, en í vestursýslunni, þar skyldi ég sjá veiki. Á einum bæ þar átti bóndinn að hafa misst um 60 kindur. En svo frétti ég að veikin væri horfin þaðan, svo þar var raunar ekkert fyrir mig að skoða.

Nú vildi svo til, að á leiðinni vestur á Hvammstanga hitti ég þennan bónda og spurði hann, hvort hann hefði misst svona margt fé úr veikinni. Já, hann sagðist hafa misst 64 kindur. Og hvernig hafði féð farið, spurði ég, hafði það fallið unnvörpum eða hafði það drepizt smátt og smátt. Hann sagði, að það hefði nú eiginlega engin kind drepizt; en það hefðu verið sendir skoðunarmenn til sín eins og annara, og þeir hefðu fundið svo og svo margar veikar kindur og grunsamlegar. Skömmu seinna var opnaður kjötmarkaður á Hvammstanga, og þá skar maðurinn þessar 64 kindur og seldi þar. Þetta dæmi mun að vísu einstakt, en víðar mun slátrun heilbrigðs fjár hafa átt sér stað, og það flotið með í sjúkratölunni.

Nú ætla ég, að menn skilji mína afstöðu í þessu máli. Ég hefi komið hér fram sem fagmaður og þykist hafa þau gögn fyrir hendi, að ég geti talað alldjarft um þetta efni.

***Þorsteinn Briem:** Ég ætla ekki að hætta mér inn á að tala um hina vísindalegu hlið þessa máls, eins og sá hv. þm., sem síðast talaði. Ég ætla aðeins að skjóta nokkrum aths. og fyrirspurnum til hv. flm. og frsm. landbn.

Fyrst ætla ég að biðja hæstv. forseta fyrirgefningar á, að ég skuli fara út í einstök atriði málsins, og vona, að hann leyfi það, þar sem það almenna markast nokkuð af því einstaka. Fyrst vildi ég biðja upplýsinga um 1. gr. a-lið. Mér skildist á hv. frsm., að greiðslur þær, sem þar er gert ráð fyrir að færu í vexti af veðlánum, væru nokkuð áætlaðar út í bláinn og mundu ekki nægja til allra veðlána bænda þeirra, sem þar eiga hlut að máli, en ég geri ráð fyrir, að n. hafi þó gert sínar rannsóknir í þessu efni, og vil ég óska, að hv. frsm. gefi mér upplýsingar samkv. þeim rannsóknum, svo að hægt sé að sjá, hvort ekki er átt við vexti af lánum, sem hvíla á jörðum og lausafé.

Viðvíkjandi b-lið 1. gr. vildi ég einnig gera

nokkrar fyrirspurnir, og þá fyrst og fremst, hvort jafnframt þessu er ætlazt til, að framlag verði lækkað til sýsluvegasjóðs um nokkra upphæð, og þá einnig lækkun á þeim gjöldum, sem til þeirra renna á þeim svæðum, sem framlagið nær til. Ég spyr þessa vegna brtt., sem fram kom í hv. Ed., og ég veit ekki, hvort hv. stjórnarflokkar hafa gert samning um þetta sín á milli. Ég tel mikla nauðsyn á að veita fé í þessu skyni í þessum sýslum til að bæta upp þann atvinnumissi, sem tilfinnanlegur er orðinn hjá bændum á stóru svæði. Mér skildist á hv. frsm., að þessi hjálp, sem um ræðir í 1. gr., mundi ekki ná til þeirra bænda, sem eru bundnir við bú sín. Ég vil vekja athygli á því, að þessi hluti bændanna er útilokaður frá því að geta notað sér slíka atvinnubótavinnu, sem þar ræðir um fjárveitingu til. Eru það bæði eldri bændur, sem ekki eru vinnufærir til slíkra hluta, þó að þeir geti haft umsjón með búum sínum heima fyrir, en eiga ekki uppkomna syni til að taka þátt í þessari vinnu. Einnig vil ég benda á búandi ekkjur, sem ekki heldur eiga uppkomna syni til að vinna þetta. Á þetta ekki einungis við um vegavinnuna, heldur líka þau ákvæði, sem hér eru í 1. gr. um styrk til ræktunar. Ég vildi vekja athygli á þessu, því að bú sem þessi eru ekki betur á vegi stödd en önnur. Vildi ég skjóta þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvað n. hyggst að gera þessum búendum til aðstoðar, þar sem tveir aðalliðirnir ná ekki til þeirra.

Viðvíkjandi síðasta lið 1. gr. vildi ég gera fyrirspurn, þótt ég geri ráð fyrir, að ekki þurfi að vekja athygli á því, en orðalag þar er ekki allskostar nákvæmt. Þar er talað um, að greiða megi styrk til framræslu og túnasléttunar, er nemi allt að tvöföldum styrk, sem greiddur er til skurðagerðar og túnasléttunar samkv. jarðræktarlögum. Ég veit ekki, hvort átt er við með því að nefna skurðagerð sérstaklega auk framræslu, að þá eigi styrkurinn ekki að ná til lokræsagerðar. Hefði þurft að orða gr. nákvæmar, ef framræslustyrkurinn á einnig að ná til lokræsagerðar.

Má vel vera, að orðalagið hafi ekki verið athugað sem skyldi, og vildi ég því skjóta fram þessari aths.

Ég tel að öðru leyti vel farið, að stjórnarflokkarnir skuli hafa í samningum sín á milli ákveðið að vilja hafa samvinnu við stjórnir andstæðingaflokkanna um þetta mál, og vil ég telja það góðra gjalda vert, að þetta frv. er fram komið, og má vel vera, að ekki sé fært vegna fjárhags ríkisins að fara lengra í þessa átt en hér er gert, en ég vildi beina þessum aths. til hv. n. og vona, að hún taki þær til velviljaðrar athugunar, ekki síst það, sem snertir eldri bændur og búandi ekkjur eða aðra þá bændur, sem ekki hafa aðstöðu til að nota sér þau hlunnindi, sem í b- og e-lið 1. gr. frv. felast.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil fyrst svara fyrirspurn hv. þm. Dal. um það, á hvaða áætlun n. byggði það, að ætla 150000 kr. til greiðslu upp í vexti af veðlánum og upp í jarðarafgjöld leiguliða. — Hv. þm. spurði, hvort n. hefði útreikninga að leggja fram fyrir hv. d., er sýndi, að þessi fjárupphæð væri byggð á sanngirnisgrundvelli. Slíka útreikninga hefir n. ekki. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að n. hefði ekki getað aflað sér óyggjandi fræðslu um þessi efni. En n. fór gegnum aðalveðskuldir bænda á svæðinu, sem um er að ræða, *og reyndi að gera sér grein fyrir*, hversu miklar þær væru og hve háir vextir og afborganir af þeim skuldum eru. Síðan dró hún frá veðskuldir bænda á þeim svæðum innan umræddra héraða, þar sem veikinnar varð ekki vart fyrr en á þessu ári. Ég skal geta þess, að n. hefir eftir bezta kunnugleika plokkað frá þá bændur, sem veikin hefir látið í friði hingað til. Eftir þessu mati er upphæðin áætluð. Fyrirfram er ekki hægt að segja með vissu, hvort upphæðin nægi, en það kemur fram við framkvæmd málsins. Ef það reynist ekki nóg, geri ég ráð fyrir, að eitthvað af þeim skuldum, sem ekki er hægt að ganga frá á þessu ári, verði flutt yfir á næsta ár. Það má líta á þessa starfsemi sem tilraunastarfsemi, sem næsta þing eigi að byggja á.

Þá spurði hv. þm., hvort hér væri ekki um bæði fasteignaveð og lausafjárveð að ræða, og get ég svarað því, að svo er. Ennfremur spurði hv. þm. í sambandi við b-lið 1. gr. frv., þar sem heimilað er að verja til sýslu- og hreppavega á svæðinu allt að 110000 kr., hvort samningar hefðu verið gerðir um að lækka framlagið til sýsluvegasjóðs, og get ég svarað því, að það hefir alls ekki komið til tals í þessu sambandi. Þetta framlag á að vera því algerlega óviðkomandi og án tilskilins framlags á móti. Ég þekki enga samninga um þetta atriði, eins og hv. þm. var að dylgja um. — Hv. þm. benti á, að einstakir búendur gætu ekki notið þeirra hlunninda eða þeirra atvinnubóta, sem b- og e-liður 1. gr. gera ráð fyrir. Það er vitanlega rétt. En n. sá ekki aðra leið til að styrkja bændur fram yfir það, sem heyrir undir vaxtastyrkinn, ef átti þá ekki að taka upp beina framfærslustyrki. Og þá leið vildi n. ekki fara, en taldi rétt, að hér yrði haldið svipað á og um atvinnubótastyrk til kaupstaðanna.

Þá spurði hv. þm. um, hvernig bæri að skilja orðalag e-liðs 1. gr., þar sem talað er um skurðagerð, og hvort það næði líka yfir lokræsi. Vitanlega eru lokræsi líka skurðir og ákvæðið á að ná yfir allar tegundir skurðagerðar.

Ég held þá, að það séu ekki fleiri atriði í ræðu hv. þm. Dal., sem ég þarf að svara, og vil ég þá snúa mér að hv. þm. Ak. — Hann hélt hér langan og mikinn fyrirlestur um eðli og uppruna plágunnar miklu, og mun ég ekki deila við hann um fræðileg atriði þess máls. En ég vil leyfa mér að óska, að hans mikli lærdómur á þessu sviði hefði sýnt sig í því, að hann hefði ráðið niðurlögum þessa vágests, en birtist ekki einungis til þess að berja okkur niður í stólum hér á hv. Alþ. Ég verð að segja eins og mér finnst, — meginefni ræðu hv. þm. Ak. fór fyrir ofan garð og neðan þessa máls. Ef hér hefði verið um að ræða varnir gegn veikinni eða útrýmingu hennar, þá var þessi fræðilegi fyrirlestur á réttum stað. En hér er verið að ræða um aðferðir til að milda þær tilfinnanlegustu afleiðingar, sem plágan hefir eftir sig skilið. Í niðurlagi ræðu sinnar lýsti hv. þm. sig fylgjandi því, að þessar ráðstafanir yrðu gerðar, vegna þess að bændur

þeir, er hlut eiga að máli, væru svo illa komnir, að þeir ættu heimtingu og siðferðislegan rétt á aðstoð hins opinbera. Hv. þm. endaði þannig ræðu sína svo, að hann mælti með frv. Ég mun því ekki fara langt út í ræðu hans. Hv. þm. taldi, að mörg víxlspor hefðu verið stigin í sambandi við þessa mæðiveiki, og það er rétt. En ástæðan til þeirra er fyrst og fremst sú, að hér er gáta, sem hvorki dýralæknum né öðrum fræðimönnum hefir tekizt að leysa, sem sé þessi: Hvernig á að koma í veg fyrir fjárhrun af völdum sauðfjársýkinnar? Hv. þm. gerði lítið úr því, hve margt fé hefði dáið úr sjálfri veikinni, — flest hefði það dáið úr öðrum meðverkandi ástæðum. Ég mun ekki hætta mér út í fræðilegar rökræður við hv. þm. Ak. um þetta, enda er það algert aukaatriði í því sambandi, sem hér um ræðir. Aðalatriðið er þetta, að fé bænda drepst í hrönnum jafnt um hásumar og vetur. Mér kemur í hug í þessu sambandi vísa, sem kveðin var í fyrra, þegar dýralæknarnir gáfu út þann úrskurð, að mæðiveikin væri ekki sjúkdómur, heldur einungis sjúkdómsform. Hún er svona:

„Þótt falli hjörðin, höldar góðir,
hræðist ei þann pestarstorm.
Þið skuluð vera þolinmóðir.
Þetta er aðeins sjúkdómsform."

Þegar bændur sjá fé sitt liggja dautt í hrönnum, er þeim svo innilega sama um, hvort nefna skuli dauðaorsök þess sjúkdóm eða sjúkdómsform eða hverju nafni eigi að nefna sjúkdóminn. — Hv. þm. sagði, að vísindamenn þeir, sem með málið hefðu fjallað, hefðu vakið upp draug með skrifum sínum um veikina, — það væri síðan orðið að andlegum faraldri, sem væri farinn að leggjast á hv. þm. ekki síður en sauðkindina. Þá verður viðfangsefnið aðeins þetta: Getur fé dáið úr ímyndunarveiki? En það er staðreynd, sem ekki verður komizt fram hjá, fé deyr í hrönnum, og án þess að við verði ráðið. Það er aðalatriðið. Hitt er aukaatriði, hvað veikin heitir og hvernig hún hefir flutzt til landsins. Fyrst ekki er hægt að finna, hvers eðlis hún er, svo að hægt sé að gera við henni, eru menn jafnnær hvað veikin er kölluð.

Hv. þm. sagði, að dýralæknar landsins hefðu verið fótum troðnir í þessu máli. Ég veit ekki betur en að dýralæknum hafi frá upphafi verið frjálst að rannsaka veikina. Og þeir gerðu það, en fundu engin ráð við henni. Það þýðir ekki að koma hér inn á Alþ. og halda lærða fyrirlestra, en vera algerlega máttlaus í baráttunni við veikina utan þingsins. Hv. þm. sagði, að veiki þessi hefði aldrei verið í Þýzkalandi, en þaðan telja ýmsir, að hún hafi borizt með karakúlhrútnum, og lagði hv. þm. fram bréf frá þýzkum sjúkdómafræðingi til staðfestingar þessari fullyrðingu. Ég hefi heyrt, að dýralæknar í Þýzkalandi muni alls ekki kunna skil á þessari Jaagzickteveiki, en í Þýzkalandi gangi veiki í sauðfé, sem mjög líkist þessari veiki. Hver er kominn til að segja, að það sé ekki einmitt Jaagziekte-veikin, sem Þjóðverjar gefa bara annað nafn. — Hv. þm. endaði ræðu sína á því, að sjálfsagt væri, að þetta mál yrði ekki látið niður falla. Ég er honum sammála um það. Helzt vildi ég, að hann sýndi lærdóm sinn sem dýralæknir þannig, að finna ráð gegn veikinni, — ég efast ekki um, að hver einasti bóndi mundi þá leita til hans. En hér er ekki verið að ræða um þessa hlið plágunnar, og mun ég því láta þessi orð mín nægja.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. Ak. hélt hér langa ræðu, og þó hv. þm. Mýr. hafi þegar tekið fram flest af því, sem ég hafði við þá ræðu að athuga, vil ég þó bæta við nokkrum orðum. — Hv. þm. vill láta líta svo út, sem of mikið hafi verið gert úr veikinni, að hér hafi að óþörfu verið vakinn upp draugur til að hræða fólk á. Fullyrt hafi verið, að hér sé um nýjan sjúkdóm að ræða, og á þeirri fullyrðingu byggð löggjöf og veitt stóreflis fjárframlög. Til stuðnings máli sínu las hv. þm. upp kafla úr þýzku bréfi og kom með sæg af vísindalegum tilvitnunum. En það kemur ekki því máli við, sem hér er til umræðu, hvort veikin er ný eða gömul eða hverju nafni hún nefnist. Staðreyndin er sú, að fé hrynur niður í ýmsum héruðum landsins, og bændur hafa nú þegar beðið svo mikið tjón af völdum veikinnar, að enginn neitar því, að það sé siðferðisleg skylda hins opinbera að rétta þeim hjálparhönd. Samt reynir hv. þm. Ak. að læða því inn, að tjón bænda sé ekki meira en það, að ráðstafanir eins og þær, sem hér er lagt til að gerðar verði, séu að meira eða minna leyti óþarfar. Þessu vildi ég eindregið mótmæla. — Hv. þm. vitnaði máli sínu til stuðnings í samtal, sem hann hafði átt við bónda í Vestur-Húnavatnssýslu. Kvaðst hann hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að bóndinn hefði ekki misst neitt af fé sínu, hann hefði slátrað 60 kindum, og veikin væri nú um garð gengin hjá honum. Þetta er ekki rétt. Mér er kunnugt um, að hjá þessum bónda hefir veikin verið síðan á hausti 1936, og er þar enn. Út af þessu vil ég geta þess hér, að menn hafa mætt veikinni á tvennan veg. Mér er kunnugt um, að þar, sem veikin lagðist að fyrst, í Borgarfirði, drap hún margt fé, — og þegar hún svo fór að berast norður, til Húnavatnssýslu, í fyrrrahaust, og menn vissu, að um samskonar veiki var að ræða, þá þótti ýmsum bændum sá kostur vænstur, að taka það úr fé sínu, sem sýktist, og slátra því, svo að það smitaði ekki út frá sér, og til þess að gera sér eitthvert verð úr þessum kindum. Aðrir hafa ef til vill lagt trúnað á það, sem hv. þm. Ak. og fleiri héldu fram, að hér væri ekki um neina nýja veiki að ræða, og mundi hún því fjara út af sjálfu sér. Þessir menn gættu því ekki að slátra fá sínu í tíma, og í flestum tilfellum í Húnavatnssýslum hefir niðurstaðan orðið sú, að féð hefir smádrepizt, venjulega í haganum, og eigendum þess ekki orðið neitt úr því. Ég skal nefna dæmi um þetta. Bóndi einn í Miðfirði átti hátt á annað hundrað fjár, átti nóg hey og fóðraði vel. Þessum bónda leizt ekki á að slátra þeim kindum, sem fyrst veiktust, en það var síðara hluta vetrar. Afleiðingin varð sú, að fé hans var að drepast allt vorið og sumarið. Nú fyrir nokkru átti þessi bóndi 10—20 kindur eftir, og tala þeirra lamba, sem hann lagði inn í kaupstaðinn í haust, var ekki nema 20—30% af því venjulega. Fleiri dæmi eru til líkt þessu. Ég vil því mótmæla því eindregið, sem hv. þm. Ak. var að dylgja um, að hér sé einungis um trú að ræða, ímyndunarveiki, sem búið

sé að berja inn í fólk, og því sé ástæðulaust fyrir þing og stjórn að hafa afskipti af málinu. — Hv. þm. kvartaði yfir því, að dýralæknar landsins hefðu ekki fengið leyfi til að rannsaka veikina. Hann var þó í öðru orðinu að tala um þær athuganir, sem hann hefði gert. Ég skal segja hv. þm. það, að ég treysti mér til að benda honum á bændur í Vestur-Húnavatnssýslu, sem fúslega leyfðu honum að gera athuganir og tilraunir á fé sínu, þó að skoðanir manna þar um dýralæknishæfileika þessa hv. þm. séu mjög skiptar. En bændur munu yfirleitt hugsa sem svo, að þó að ein og ein kind kunni að misfarast vegna tilrauna, sem gerðar séu, væri ekki miklu til kostað, ef það gæti leitt til þess, að meðal fyndist við veikinni. En dýralæknarnir hafa gert mest að því að hafa hátt um veikina, og þykjast hver um sig hafa höndlað allan sannleika um hana. Og starf þeirra hefir gengið mest út á það að rífa niður hver fyrir öðrum uppgötvanirnar.

Sigurður E. Hlíðar: Ég skal ekki þreyta menn á löngu máli, en get varla látið hjá líða að koma inn á örfá atriði hjá þeim tveimur hv. þm., sem létu svo lítið að snúa máli sínu til mín út af ummælum mínum í ræðu minni áðan. Það voru þeir hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Húnv. Þeir báðir tóku sig upp, og er sennilega svo að skilja, að þeir séu aðalsérfræðingar Framsfl. á þessu sviði. Enda töluðu þeir þannig, að þeir þóttust búa yfir nokkuð miklum fróðleik. Hv. þm. Mýr., eða öllu heldur frsm. landbn., fann það til foráttu, að ég hefði haldið langan fyrirlestur á *þremur tungumálum*, og var hann þannig að draga dár að ræðu minni, en hann kvað fyrirlestrahald ekkert þýða um þetta efni. Ég hélt nú, að honum væri þetta það mikið alvörumál, að hann ætti ekki að vera á móti því, að menn reyndu að draga fram þau rök og þann fróðleik, sem finnanlegur væri. Og ég hélt ekki, sérstaklega við að líta yfir aðgerðir Alþingis í þessu máli, að það væri með öllu ástæðulaust að finna að. En á bak við þetta liggur sennilega það, að herrar eins og þessi hv. þm. og aðrir slíkir álíta, að þeir sitji inni með alla þekkingu, sem hægt er að hafa á málinu, og þeir láta ekki sannfærast. Því miður eru margir svo í þessum sölum, að þeir eru ekki komnir hingað til að láta sannfærast. Ég þóttist draga mjög ljóst fram mínar ályktanir með þeim gögnum, sem ég hafði fyrir hendi. Ennfremur sagði hv. þm., að ég ætti fremur að láta ljós mitt skína í þessu máli til að ráða niðurlögum veikinnar heldur en halda fyrirlestra um hana hér.

Hv. þm. V.-Húnv. kom inn á það sama, enda fannst mér ræða hans meir endurhljómur af ræðu hv. þm. Mýr. Ég vildi svara þeim báðum því við þessum ásökunum, að ég hefi haft afarlítið tækifæri til að láta ljós mitt skína í þessu máli; það hélt ég að þeir vissu. Þó að mér hafi verið falið í fyrra af ríkisstj. að fara vestur í Húnavatnssýslur aðeins til að kynna mér veikina, sjá hana með eigin augum, til þess að ég gæti borið um, hvort ég hefði séð veikina áður eða ekki. Annað var mér ekki falið. Og ég kvað upp úr með það, að ég hefði séð veikina í mörgum tilfellum áður, og hélt skýrt og skorinort fram, að um gamlan sjúkdóm væri að ræða. Það eitt hefi ég gefið út, og bókstaflega ekkert annað. Og þó að ég hafi fengið aðkast og svívirðingar út af því, sem ég hefi lagt inn í málið, þá mun ég láta mér það í léttu rúmi liggja. Ég þykist bera sannleikanum vitni og hafa alveg hreinan málstað. Ég hélt líka fyrir mitt leyti, að ég hefði skilyrði til að vera einna dómbærastur um þetta, þar sem ég er elzti dýralæknir landsins og hefi því haft mjög mikið með sjúkdóma að gera. Ég hefi slegið því föstu, að það var greinilegt, að hér var um gamlan en ekki nýjan sjúk*dóm* að ræða. En það, sem byggt er nú á, er, að þetta sé nýr, ólæknandi, bráðsmitandi sjúkdómur; og það er það, sem vakið hefir ótta hjá fólkinu, sérstaklega á sýkingarsvæðunum. — Þá hafa menn fundið upp, að ég héldi fram, að féð hryndi niður úr ímyndunarveiki. Þó að ég þekki dálítið til sálarástands fjár, þá hélt ég ekki, að rollurnar væru svo næmar á því sviði, að þær vesluðust út af af ímyndunarveiki. En ég get gengið inn á, að margt fólk er ímyndunarveikt.

Þá vildi hv. frsm. landbn. halda fram, að mín ræða hefði farið fyrir ofan garð og neðan, en aldrei komið inn á frv. Þetta er rangt, því að ég tók greinilega fram, að ég vildi ekki beita mér á móti frv., vegna þess að ég héldi, að úr því sem komið væri, þar er þingmenn væru búnir að segja A, þá yrðu þeir líka að segja B. Þetta fannst mér skýr afstaða í málinu, þó að ég gangi ekki inn á hvern lið fyrir sig. Hitt var mér í muna, að gefa þingmönnum yfirlit yfir þetta mál skoðað frá mínum bæjardyrum, og hélt ég, að það væri engin goðgá. Ég var í þeirri barnalegu einfeldni að halda, að ég ætti við leikmenn, en ekki sprenglærða menn, eins og þessa hv. þm. Þá var það algerlega misskilningur eða ranghermi hjá hv. þm. Mýr., að ég haldi fram, að það hafi drepizt fátt fé úr þessari veiki. Ég sagði, að það hefði drepizt fátt úr mæðiveiki. En það drapst fjöldi úr fjárpest, sem gengur hér. En það er ekki mæðiveiki, og þessu má ekki blanda saman. En helztu ráðamennirnir blanda þessu saman. Þeir játa sjálfir, að hér sé lungnapest eða lungnadrep, sem gengur jafnt og þétt. Og þetta drepur allan þorrann. En svo drepst eitthvað úr mæðiveiki. En það er fátt. Ég mótmæli ekki, að drepist margt fé. En viðvíkjandi ásökunum í garð dýralækna fyrir að kveða ekki fjárpestina niður, — ja, með hverju þá? Ég bið menn að athuga t. d. farsóttir í mönnum. Af hverju eru ekki þær *stóru kröfur uppi, þegar farsóttir geisa, gagnvart* læknastétt landsins, þeirri góðu og stoltu stétt, að þeir lækni hvert tilfelli? Tökum veikina, sem kom hingað 1918 og óð um part af landinu. Af því að læknum tókst ekki að lækna fjölda tilfella þar, þá væri álíka fjarstætt að ásaka þá fyrir það eins og að ásaka dýralækna nú. Það gegnir þarna sama um skepnur og menn, og kannske öllu frekar, því að við höfum ekki á valdi okkar húsakynni og meðferð fjárins eins nákvæmlega eins og að því er menn snertir. Ég bið þm. að athuga þetta í því ljósi, hverja aðstoð hvorirtveggja læknarnir hafa, en þarna eru samsvarandi dæmi um farsóttir í mönnum og skepnum.

Þá sögðu báðir þessir hv. þm., að það væri aukaatriði, hvað sjúkdómurinn héti, hver hann væri; það kom ekki svo mikið málinu við, skildist mér. Aðalatriðið væri það, að veikin dræpi á-

kaflega mikið. Þetta er ákaflega vel sagt. Það er aðalatriðið, að það drepst fjöldi fjár. En hvernig á að ráða niðurlögum einnar veiki, sem menn hafa ekki hugmynd um, hver er? Ég hélt, að undirstaðan væri sú, að finna eitthvað ákveðið í því fyrst. Það var tilraun af minni hálfu með þessum fyrirlestri, sem ég flutti á grísku, latínu og þýzku, auk íslenzkunnar, að ég var að að reyna að koma mönnum í skilning um, að hér hafi verið skakkt að farið.

Svo kom skáldið upp í hv. þm. Mýr. Hann kvaðst hafa séð, að þegar við dýralæknar vorum á fundi út af þessu máli í fyrravetur, höfum við verið sammála um, að ekki væri nýr sjúkdómur á ferð, heldur sérstakt form annars sjúkdóms. Við fórum þarna með íslenzku, en hefðum líklega átt að nota grísku og segja „symptom" í öðru formi, úr því að íslenzkan hefir líka hneykslað. En sumum mönnum er svo tamt að hnjóða í vísindin, og læt ég mér það í léttu rúmi liggja. Þá gat ég þess, að dýralæknar hefðu verið fótum troðnir. Ég vil endurtaka, að við dýralæknar á Íslandi höfum verið meira og minna fótum troðnir og ýtt til hliðar, þegar um heilbrigði alidýra hefir verið að ræða. Þetta er ekki í fyrsta skiptið. Það var í kláðavörnunum frá upphafi til enda, þar sem þeim var algerlega ýtt út við dyrastafinn, og öðrum mönnum og ólærðum bændum var fengið alræðisvald í þeirri baráttu. Svona er þetta á hverju sviði næstum því. Ég vil segja, að mér þykir hart, þar sem skipaður er maður í bænum til þess að vera ráðunautur stj., að hann er ekki einu sinni kvaddur til skrafs og ráðagerða í þessu mikla máli, sem snertir svo mjög landbúnaðinn og alla framtíð hans. Hann er ekki spurður til ráða, en teknir menn, sem hafa bókstaflega ekkert vit á málinu, og gefið alræðisvald til að fyrirbyggja útbreiðslu veikinnar. Það er háðung, að við dýralæknar skulum þurfa að búa við svona kost. Það myndi hvergi geta gengið nema á Íslandi.

Þá endaði hv. þm. Mýr. á því sér til stuðnings, að nú hefði hann heyrt, að þýzkir sérfræðingar kynnu ekki skil á þessari Jaagziekteveiki, en í Þýzkalandi gangi veiki í sauðfé, sem mjög líkist þessari veiki, og hver sé kominn til að segja, að það sé ekki einmitt Jaagziekteveikin, sem Þjóðverjar gefi bara annað nafn. Þetta eru alveg ný vísindi, sem hvergi þróast nema á Íslandi. Annars læt ég þess getið, að sérfræðingar í alidýrasjúkdómum í Þýzkalandi eru viðurkenndir um allan heim sem í fremstu röð. Og ekki aðeins þar, heldur og í flestum löndum veraldar eru menn komnir að fastri niðurstöðu um þetta mál í flestum höfuðatriðum.

Þá snýr ég mér að hv. þm. V.-Húnv. Hann tók upp ýmislegt úr minni ræðu. Nú verð ég að taka fram fyrst og fremst, að ég talaði faglega um málið, eftir því sem hægt var. Auðvitað varð ég að koma með markalínu til að styðjast við. Og ég gat um það m. a., að það hefði verið gert meira úr þessari veiki en hún í rauninni er. Þar með er ekki sagt, að ekki drepist fjöldi af fé í landinu úr vissri veiki. En ég mótmæli, að það drepist svo margt úr þessari veiki. Það er úr öðrum sjúkdómi nefnilega „hæmorrhagisk septicæmi". Þessi mæðiveiki, sem kölluð er, er ekki nema einn þáttur úr þeirri veiki. En það fer ekki nema örfátt úr þeirri veiki ef á að aðskilja hana og gera þetta að tveimur sjúkdómum. Það er harla einkennilegt orðalag, að ég læði því inn í fólkið, að ráðstafanir séu óþarfar. Ég hefi aldrei reynt að læða neinu inn í fólkið. Ég hefi vanalega fengið orð fyrir að vera hreinskilinn — og kannske heldur hreinskilinn — og kann ekki að læðast. Og það hefir allra sízt verið minn háttur í þessu máli. Ég geng hér á móti öllu Alþingi Íslendinga og ætti von á að standa þar einn, og hika ekki við það. Hinsvegar hefi ég gert hreint fyrir mínum dyrum og látið skoðun mína í ljós. Þess vegna frábið ég mér þá ásökun, að ég læðist hér á þingi. Ég gat þess, að ég hefði ekki trú á þessum ráðstöfunum. Og ég hefi séð og heyrt, og jafnvel kom hv. frsm. landbn. inn á, að ráðstafanirnar muni ekki hafa komið að tilætluðum notum eins og þær voru gerðar. Ef hann er að „læða" því inn, að þessar ráðstafanir hafi verið skakkar, þá geri ég ráð fyrir, að það eigi ekki að falla á mitt bak, heldur andstæðings míns. Þá mótmælti hv. þm., að það væri um trú að ræða hjá fólkinu. Ég vil bara mótmæla því aftur. Það er trú hjá fólkinu, að það sé nýr, ólæknandi sjúkdómur og bráðsmitandi. Á þessu eru allar rannsóknir og ráðstafanir byggðar. Það er trú, af því að það veit ekki sjálft enn í dag, hvað þetta er. Þess vegna er það að berjast við draug. Draugurinn er vera, sem menn ekki vita hvað er.

Loks klykkti hv. þm. út með almennum ásökunum á mig, af því að ég á að heita dýralæknir í Húnavatnssýslu, og hefir svo verið í 28 ár. Ég skal þó geta þess, að kjósendur þessa hv. þm. hafa látið svo lítið að hringja hingað og biðja um ráðleggingar og resept, svo að einhverjir eru ennþá þar, sem álíta, að eitthvert vit sé í að leita til mín, og mætti kannske finna slíka menn hingað og þangað um byggðarlagið. En út af þessari afstöðu minni, að ég þorði á móti öllum að kveða það upp, að hér væri gamall sjúkdómur, en ekki nýr, þá hefi ég verið svívirtur út um byggðir landsins, — fyrir það, að ég vogaði að halda fram, að þetta væri gamall sjúkdómur, sem ég hefi sjálfur þreifað á um tugi ára svo að segja á hverju einasta ári. Slík goðgá er það talin, að ég dansa ekki eftir pípu þeirra, sem minna vit hafa á málinu. Hv. þm. kvaðst undrast, að ég skyldi ekki fara út um byggðir landsins og kveða niður þessa veiki. Og í örlæti sínnar náðar þýðst hann til að láta mig hafa fé til tilrauna í sínu héraði. Ég er ákaflega þakklátur fyrir tilboðið. En ég get ekki þegið tilboðið vegna þess, að ég hefi ákaflega lítil efni á því sjálfur að leggja út í það, og það er öðru nær en að menn hafi viljað styrkja mig til þeirra starfa. Því á ég að finna hvöt hjá mér til að fara og gera tilraunir og kosta til að kaupa allt það marga, sem til þess þarf, þegar stjórnarvöldin vilja ekki láta gera það? Væri mér falið þetta, þá stendur ekki á mér, og þá þigg ég boð hv. þm. V.-Húnv.

Það, sem ég í þessu máli vildi minna á, er það, að þrátt fyrir vísindalegar rannsóknir á þessu sviði, er enn svo mikið eftir, — og að mínum dómi er allt eftir, sérstaklega að gera bólusetningu með „bipolar immuserum", svo að

ég hneyksli hv. þm. Mýr. með latínunni, til þess að skera úr, hvort um þennan sjúkdóm sé að ræða, sem ég talaði um, og hvort ekki sé hægt að lækna þessa veiki. Þetta er þungamiðjan, þetta á að gera. En með niðurskurði og girðingum og öðrum ráðstöfunum komast menn aldrei lengra en þetta.

Forseti (JörB): Ég vil á það benda, að ef málið á að ganga til 2. umr. samstundis, verður umr. að vera lokið, því að það eru hér mál á dagskrá, sem eru miklu eldri. Og ég hafði treyst, að þetta málefni gengi umræðulaust við 1. umr. Hv. þm. V.-Húnv. hefir nú kvatt sér hljóðs, og vil ég spyrja hann, hvort hann geti ekki geymt sína ræðu til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 368, 401).

Of skammt var liðið frá 1. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 401. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18. shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir flutt hér nokkrar brtt. á þskj. 401. Meginhluti þeirra brtt. er aðeins breyt. og bæting á formi frv., en ekki efni. Hefir n. við yfirlestur á frv. og leiðbeiningar ýmissa þm., sérstaklega hv. 1. þm. Skagf., breytt ýmsu þannig, að skýrar kæmi fram en í frv. Þetta skýrir sig allt sjálft. Eina efnisbreytingin er aftan við frv., ný málsgr. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela nefndinni yfirstjórn og eftirlit með vörnum gegn útbreiðslu mæðiveikinnar. Skipar þá landbúnaðarráðherra framkvæmdarstjóra eftir till. nefndarinnar, er annist framkvæmd varnanna.“ Ef hægt er að fá heppilega menn, þótti n. rétt og einlægast og án vafa kostnaðarminnst að fá sömu mennina í starfið, og þótti því rétt að hafa heimildina. Um frv. að öðru leyti skal ég vera fáorður, en aðeins segja nokkur orð til hv. þm. Ak. út af því, sem hann beindi til mín við fyrri umr. málsins. Hann sveigði því að mér, að ég þættist sitja sjálfur inni með alla þekking og þyrfti ekki hans upplýsinga. Það er fjarri því, að svo sé, eins og ég held, að hafi komið greinilega fram í ræðu minni, að hans fagþekking væri vitanlega mörgum sinnum meiri en mín. Hinu hélt ég fram, að það, sem hann færi með um orsök og eðli sjúkdómsins, kæmi ekki þessu frv. við, fyrst og fremst vegna þess, að þetta frv. fjallar ekki um þessa hlið málsins, sem að vörnunum snýr, en ræða þm. grundvallaðist á því atriði, heldur fjallaði frv. um það, á hvern hátt bætt yrði úr því tjóni, sem þegar er orðið, hvort sem það er fyrir handvömm þeirra, sem að vörnunum standa, eða ekki. Í öðru lagi vil ég segja það, að ég á engan hátt ásaka hann og aðra dýralækna fyrir, að þannig er komið, sem komið er. En í þessu sambandi hélt hann fram, að slík ásökun væri sama og ef mannalæknar í Reykjavík væru ásakaðir fyrir það, hvernig fór um spönsku veikina, sem geisaði 1918. Þetta er ósambærilegt, — og ég ætla hvoruga að ásaka. En ég vil aðeins segja, að alveg eins og þá var reynt að stemma stigu fyrir útbreiðslu veikinnar, er nú reynt af Alþingi að stemma stigu fyrir útbreiðslu fjárpestarinnar, eftir að það sást, hversu hættuleg hún var. En mér virtist hv. þm. beina ákúrum til Alþingis út af aðgerðum síðasta þings, að koma upp girðingum. Ég sé ekki, hvað annað var hægt að gera. Það hefir sýnt sig og sýnir enn, svo að ekki getur leikið á tveim tungum, að þessi veiki er smitandi. Það er hægt að rekja fyrstu upptökin bæ frá bæ. Og út af því, sem hv. þm. sagði, að ekki hefði tekizt að sýkja kindur, vil ég upplýsa það, að þetta hefir rannsóknarstofu háskólans tekizt, með því að sprauta inn í þær sýklum, þannig að það er sannað, að þessi sýki er smitandi. Og þá var ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að gera það, sem unnt var, til þess að koma í veg fyrir þær samgöngur milli sýktra og ósýktra svæða, eftir því sem mögulegt var, og til þess var engin önnur leið en girðingar. Hitt er annað mál, að þeir fræðimenn, sem hafa haft veikina til meðferðar — og ég tel dýralæknana þar með —, hefðu átt að gera það, sem í þeirra valdi stóð til þess að gefa upplýsingar um það, hvaða eðlis veikin er, og má vel vera, að ýms mistök hafi orðið hjá þeim, sem með málið hafa farið. En á áliti þeirra hefir byggzt almenningsálitið, a. m. k. að nokkru leyti, og aðgerðir löggjafarvaldsins. Og ég sé ekki, að þingið hafi getað gert annað en það, sem það hefir reynt að gera til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslunni, og eins það, sem nú á að gera til að draga úr tjóninu, sem af völdum veikinnar hefir orðið og yrði, ef ekkert væri gert. Ég sé ekki, að hægt sé að ásaka einstaka þm. eða þingið í heild fyrir þetta. Um hitt er ég sammála hv. þm., að til þess að hægt sé að ráða niðurlögum veikinnar til fulls, sé nauðsynlegt að finna orsökina, en það er ekki á þingmanna valdi, því að vitanlega hafa þeir enga þekkingu til þess. Þeirra verkefni er eingöngu að draga úr því tjóni, sem orðið er, og koma í veg fyrir tjón. Og það er Alþingi að reyna að gera.

***Einar Olgeirsson:** Þetta er mjög mikilvægt spor til að bæta bændum eitthvað upp það mikla tjón, sem þeir hafa orðið fyrir. Ég álít, að það riði mjög mikið á, að málið komist sem allra fyrst í gegnum þingið. Þó að ég hafi mikla tilhneigingu til að vera sammála hv. þm. Ak. viðvíkjandi hans gagnrýni á ýmsar aðgerðir í þessu máli, þá álít ég, að umræður um það eigi alls ekki heima í sambandi við þetta frv., og væri miklu nær að bera fram út af því máli sérstaka þáltill. til að skora á ríkisstj. að kosta kapps um þær aðgerðir, sem virkilega gætu að haldi komið til að hindra útbreiðslu veikinnar. Þess vegna álít ég, að menn ættu að koma sér saman um að tefja ekki að óþörfu fyrir þessu máli, sem allir eru sammála um. Það væri mjög leitt, ef þau mál skyldu þurfa mesta umræðu og lengsta töf, sem allir eru mest sammála um, að riði hvað almest á fyrir bændastéttina.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég bjóst ekki við, að formælendur frv. óskuðu eftir sérstaklega miklum umræðum, þegar það kemur svo seint fram, og þætti nær að nota tímann til þess að koma því klaklaust í gegn. En þeir geta reitt sig á, að ég muni reyna að svara svo lengi sem þeir gefa mér tilefni. Þess vegna stend ég upp til að koma nokkrum orðum fram gegn því, sem hv. frsm. n. beindi til mín sérstaklega um leið og hann afsakaði að nokkru orð sín í minn garð í gær. Hann kvaðst alls ekki hafa sett sig á háan hest sem vísindamaður. Þetta kom nú ekki til greina, en orðalag allt á ræðu hans var nú þannig, að hann vildi draga úr áhrifum minnar ræðu, með því að tala um, að hún hefði verið flutt á þremur tungumálum og fleira þess háttar. Þetta hljómar nú kannske vel í eyrum hv. þm., en ekki kann ég við svona bardagaaðferð, þegar verið er að flytja þær upplýsingar inn í þingið, sem því veitir ekki af að fá og hefir ekki átt kost á hingað til. Auðvitað er ekki hægt að flytja slíka ræðu nema í ádeiluformi á þing og þjóð. Því að ég álít, að mörg víxlspor hafi verið stigin í þessu máli frá byrjun og fram á þennan dag. Og ég hefi fært rök að því frá mínu sjónarmiði, að svo sé.

Þá hneykslaðist hann á samanburðinum á spönsku veikinni 1918 og þessari fjárpest. Það má náttúrlega kippa úr samhengi því, sem ég sagði, og fá fjarstæðan samanburð. En þegar ásökun í garð okkar dýralækna var kastað fram, að við gætum ekki læknað hvert tilfelli, þá vildi ég benda á, að svo er um hina veglegu stétt, læknastéttina. Og eins og læknastéttin var fremur vanmáttug gagnvart pestinni 1918, þarf ekki að furða sig svo mjög á, þótt dýralæknar séu ekki máttugri menn gagnvart einhverri skæðri fjárpest, sem kann að koma upp. Því að það er líka kostað margfalt meira til heilbrigðismála manna en dýra, og mannalæknar fá meira til sinna aðgerða en dýralæknar.

Þá staðhæfði þessi hv. þm., að hægt væri að rekja að mestu leyti þessa veiki frá einum ákveðnum bæ. Ég mótmælti því ekki. Ég sagði, að þetta væri satt, — bara með þeim forsendum, að þá þyrfti maður að hafa leyfi til að nota meðgöngutíma sjúkdómsins eins og gólfþurrku, hafa hann eins og maður vill, einn mánuð og upp í eitt og hálft ár. Með því móti má alltaf rekja umferð veikinnar og smitun með jafnmiklum eða jafnlitlum líkum. En það er ekki vísindaleg aðferð, og þetta mundi enginn læknir leyfa sér yfirleitt, því að hver sjúkdómur hefir ákveðinn meðgöngutíma. (**BÁ:** Er það ekki lærður læknir, sem hefir látið rannsaka þetta?). Nei, ekki lærður dýralæknir, og það er dálítið annað. Ef ég ætlaði að fara að „praktisera“ mannalækningar, myndi verða þakkað fyrir. (**BÁ:** Er ekki „bakteriologian“ sú sama hjá báðum tegundum lækna?). Ja, „bakteriologian“ er ekki nema partur af dýralækningunum og kemur lítið „praktiskum“ dýralækningum við. En það heyrir til allri læknisfræði að þurfa að læra feikilega mörg undirstöðuatriði fyrst. En síðan má tala um sérgreinir innan læknisvísindanna, því að þau eru margþætt. Þetta veit ég, að hv. frsm. skilur og þekkir.

Þá staðhæfði hv. þm. ennfremur, að tekizt hefði að sýkja fé með þessari veiki. Ég veit ekki, hvort þetta er satt. Þetta var sagt í fyrra, en borið til baka. Þetta er sagt í dag og borið til baka á morgun, svo að maður veit lítið, hvað fært er að fullyrða.

Þá vík ég að þessu frv., sem fyrir liggur. Hv. þingmönnum fannst, að ég hefði farið fyrir ofan garð og neðan í ræðu minni, og þó sagði ég í niðurlagi ræðunnar, að ég vildi ekki beita mér á móti frv., vegna þess að ég tel þingið neytt til að gera ráðstafanir, af þeim ástæðum, sem allir vita að eru fyrir hendi. Hitt hefi ég undirstrikað, að sú stefna, sem tekin var um varnarráðstafanir og ráðstafanir yfirleitt, hafi verið tekin í mikilli vanþekkingu. Ég álít undirstöðuatriðin skökk, og þess vegna sé ekki von á betri árangri, og nú eru menn loks farnir að viðurkenna, að árangurinn er ekki eins æskilegur og menn höfðu gert sér vonir um. Það er sanngjarnt að kannast við þetta, en mjög vilja menn þó breiða yfir sín eigin afglöp í þessu máli. — Ég skal ekki lengja mál mitt um þetta. Ég ætlaði ekki að veitast að frv. og ekki brtt. landbn., en tel mér skylt að ræða mál þetta eins og komið var. Ég hefi ekki hyllzt til að vekja umr. um það. En ég mun svara fyrir mig í hvert skipti sem á mig er deilt.

ATKVGR.
Brtt. 401,1 samþ. með 16:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 401,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 401,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 401,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 409).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Sþ., 17. des., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 409).

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Af því að ég geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. fari til n., vil ég segja nokkur orð nú. Ég skal ekki fara í verulegum atriðum út í það að ræða sjúkdóminn sjálfan eða þær deilur, sem orðið hafa í

sambandi við hann. Ég vil minna á, að fé fór fyrst að drepast af völdum þessa sjúkdóms veturinn 1934—1935, og þá á fáum bæjum. Var þá talið, að um lungnabólgu mundi vera að ræða. Haustið eftir varð veikinnar aftur vart á sömu bæjum. Voru þá gerðar ráðstafanir til að rannsaka hana nánar, og menn frá rannsóknastofu Háskólans voru sendir upp í Borgarfjörð. Fundu þeir, að þetta mundi vera ormaveiki, og reyndu að gera ráðstafanir til að hefta útbreiðslu hennar. En veikin breiddist út, og það var ekki fyrr en í fyrrahaust, að menn komust að raun um, að þetta mundi hvorugur þessara sjúkdóma vera, og ég vil benda á, að þó að enn sé um deilt, hver sjúkdómurinn er, leit Alþingi svo á í fyrra, og ég vænti, að það geri það enn, að hvort sem um sé að ræða nýjan eða gamlan sjúkdóm, þá sé hann ekki útbreiddur nema í sumum héruðum, og því eigi að gera ráðstafanir til að hindra útbreiðslu hans til ósýktra héraða. Það hefir farið svo, að veikin hefir brotizt út á nær öllu svæðinu á milli Héraðsvatna vestur yfir og að Þjórsá og einnig út á Vestfirði. Útbreiðslan er misjöfn; stundum er veikin á hverjum bæ á stóru svæði, stundum á sumum bæjum aðeins. Fyrsta árið hefir venjulega drepizt fátt fé. Annað árið um 30—40%, og þriðja árið drepst jafnvel um 60% af fénu. Á fjórða ári er því oft ekki eftir nema 30—40% af fénu. Og á stöku stað er ástandið miklu verra en það. Ég veit dæmi þess, að eftir eru 26 kindur af 200. Þetta kemur æðimisjafnlega niður á mönnum og vitanlega alverst þar sem svo hagar til, að atvinna manna byggist að mestu leyti á sauðfjárrækt. Sumstaðar er sauðféð svo að segja eina framleiðsluvara bænda; nokkrir hafa hrossarækt til viðbótar og selja hrossin á hinum árlegu mörkuðum, aðrir hafa kúarækt og koma mjólkurafurðum í verð, og enn aðrir hafa tekið upp refarækt nú á síðustu árum. Víðast er samt svo, að bændur geta ekkert selt úr búum sínum nema sauðfjárafurðir, og því er afkoma þeirra undir því komin, að þeir geti haldið lífinu í sauðfé sínu. Þeir bændur, sem svo er ástatt um á þessu svæði, eru hart leiknir af mæðiveikinni. Um einn veit ég, að hann átti 230 kindur, en á nú aðeins eftir 16. Þótt þetta sé e. t. v. einstætt dæmi, þá eru það margir þeirra, sem illa eru leiknir. Þessir bændur líta því með kvíða til þess, sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Þeir vona, að þær ráðstafanir, sem hæstv. Alþ. gerði í fyrra og unnið hefir verið að að framkvæma síðan, bæði til að reyna að hefta útbreiðslu veikinnar og til að lækna hana, megi verða að haldi. Ennþá sjá þeir engan árangur af þessum ráðstöfunum, og þeir sjá enga leið til að framfleyta sér og sínum, þegar þeir hafa svo lítinn bústofn, að það er aðeins lítill hluti þess upprunalega, sem þá var ekki nema rétt aðeins nægilegur. Það verður að leggja fram fé til að hjálpa þessum mönnum, svo að þeir hrekist ekki frá búum sínum þau ár, sem verið er að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, finna við honum lyf eða skera niður féð og fá annan bústofn að. Til að hjálpa þeim yfir þessi erfiðu ár er frv. þetta fram komið.

Margir fundir hafa verið haldnir með bændum á þessu svæði og hefi ég setið marga þeirra. Þar hafa bændur sett fram það, sem þeim hefir dottið í hug að heppilegast væri til bjargar. Þær kröfur, sem fram hafa komið á þessum fundum, eru lagðar til grundvallar fyrir þessu frv., en þó hefir orðið að slá miklu af.

Þá er fyrst í 1. gr. fjárveiting til að greiða vexti af skuldum bænda á þessu svæði, sem þeir geta ekki greitt sjálfir. Er ætlazt til, að í þessu skyni séu veittar 150 þús. kr. á árinu 1938. Er það bundið við greiðslur fyrir menn, sem ekki hafa getað staðið í skilum á gjalddaga í haust. Nú er sennilegt, að margir hafi getað staðið í skilum þessi tvö fyrstu ár veikinnar, þar sem þeir hafa átt svo miklum stofni af að taka, en eftir tvö ár geta þeir það síður og haustið 1938 munu margir verða komnir á það stig, að þeir þurfa aðstoð hvað þetta snertir. Þeir ná líklega varla hundraði, sem voru komnir á þetta stig haustið 1937, en þeir verða vafalaust miklu fleiri haustið 1938. Mönnum kann að þykja þessi upphæð lág, en það er eftir því, hvernig á hana er litið. Þetta var ákveðið af undirnefnd úr landbn. beggja hv. d., sem hafði fyrir sér, hve mikið bændur af þessu svæði þurftu að borga í vexti til kreppulánasjóðs, ræktunarsjóðs, Búnaðarbankans, Landsbankans og Útvegsbankans, en hinsvegar vannst ekki tími til að fá upplýsingar frá sparisjóðunum, en vitanlegt er, að nokkrar skuldir muni vera við sparisjóðina í Borgarnesi, Ásgarði, Blönduósi og Hvammstanga. Er þetta því ekki nema lítill hluti af heildarvöxtum, sem bændur þurfa að greiða. Út frá þessum upphæðum var áætlað, hvað hver bóndi myndi þurfa að greiða, og reynt að komast eftir, hvernig ástandið væri hjá hverjum og einum. Ég geri ráð fyrir, að þessi upphæð verði heldur of lág, en það er ætlazt til, að n., sem hafa á með höndum vaxtagreiðslur fyrir 1938, reyni að fá greiðslufrest á þeim vöxtum, sem upphæðin nægir ekki til að greiða, fram yfir áramót 1939, og getur það þá komið undir samskonar ráðstafanir, sem sennilega verður að gera einnig þá.

Þá hefir n. hugsað sér, að 110 þús. kr. yrðu veittar til aukavegalagninga, og er það gert til að skapa þeim mönnum atvinnu, sem hafa misst svo mikið af fé sínu, að ekki er ástæða fyrir þá að vinna eingöngu við bú sitt. Er þá ætlazt til, að þeir geti beitt þeirri vinnu, sem ekki þarf með á heimilinu, til að vinna í hreppa- og sýsluvegum, sem nálægt eru. Það væri skemmtilegast að afla öllum tekna á þennan hátt, en ekki með því að greiða fyrir þá vexti. En n. sá sér ekki fært annað en að taka báðar þessar leiðir.

Þá á að veita bændum í Reykholtsdal, þar sem mikið er um hverahita, lán til að byggja sér í félagi gróðurhús. Er hugsunin að styrkja þá að ⅓ stofnkostnaðar, en þó ekki yfir 5 þús. kr. Menn vona, að þeir geti aflað sér einhverra nýrra tekna með því, en þeir hafa allir, að einum undanskildum, misst mikið af fé.

Þá er heimild til að styrkja rjómabú að álika miklum hluta og mjólkurbúin eru nú styrkt, og er ætlun manna, að með því megi skapa nokkrum mönnum utan mjólkursvæðis Reykjavíkur nokkra möguleika til að koma þangað mjólk frá búum sínum. Er verið að byggja eitt slíkt rjómabú í Húnavatnssýslu.

Í c-lið er gert ráð fyrir, að jarðræktarstyrkur til skurðagerðar og túnasléttunar á þessu svæði sé aukinn. Sennilegt er, að ekkert verði annars unnið að þeim jarðabótum á þessum svæðum, sem kostnaðarsamar eru, því bændur geta ekki keypt sér vinnu. Sennilega verða ekki byggð haughús eða hlöður og annað þess háttar; menn hafa heldur ekki fjármagn til að kaupa dráttarvélavinnu, en með þessum aukna styrk ættu menn að geta aflað sér 6—8 kr. dagkaups við að vinna sjálfir að framræslu og sléttun túna. Þar gengur sú vinna, sem ekki þarf til búsins. í að skapa verðmæti, sem síðar koma þeim til góða, sem taka við jörðinni. Ekki hefir verið áætlað, hve miklu þessi styrkur muni nema, en ég hygg, að það verði ekki miklu meira en það, sem ræktunarstyrkurinn lækkar vegna þess, hve möguleikarnir fyrir annari jarðræktarvinnu en þeirri, sem menn geta unnið að sjálfir og ekki kostar aðkeypt efni, verða minni nú en áður. Ýmsum þykir illt, að ekki skuli hafa verið teknar upp sérstakar ráðstafanir vegna þeirra, sem ekki geta notfært sér neitt af ákvæðum 1. gr. Á ég þar við þær kringumstæður, að t. d. eldri ekkja með ung börn býr á jörð og skuldar lítið. Hún getur hvorki notið vaxtastyrksins eða jarðabótastyrksins. Því ber ekki að neita, að fyrir þessum heimilum liggur ekki annað en að fara á sveitina, en þar kemur á móti aukið framlag til jöfnunarsjóðsins, sem er í frv., sem nú er að verða afgr. frá hv. Nd., en þetta munu ekki vera nema örfáir einstaklingar, dreifðir um allt svæðið, sem svo stendur á með.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að tvær nefndir fjalli um þetta mál. Önnur er heima í sýslunni, og eru tveir menn í henni, kosnir af sýslunefnd, og einn frá þeim hreppi, sem er til umr. í hvert sinn. Þessi n. gerir till. til n., sem skipuð er af ráðh. eftir tilnefningu landbn. Alþ. Sú n. tekur á móti skýrslum undirn. og metur, hvort hver og einn hafi misst svo mikið, að honum eigi að hjálpa, og þá hve mikið. Jafnframt er heimild fyrir ráðh. að krefjast þess, að n. þessi hafi yfirumsjón með framkvæmd þeirra varnanna með höndum og geri till. um ráðningu framkvæmdarstjóra þeirra. Með þessu er heimilað, að sömu mennirnir sjái um þetta hvorttveggja, og álít ég það mjög heppilegt, því milli þeirrar n., sem úthlutar fénu, og framkvæmdarstjóra varnanna, þarf að vera mjög gott samkomulag og samvinna. Þá er gerð frekari grein fyrir, hvernig kostnaður við þessar n. greiðist, bæði til undirn. og hinnar.

Til tals kom, hvort ekki ætti að greiða fyrstu afborganir af lánum þessara manna, en niðurstaðan varð sú, að slíkt væri erfitt að setja í l., og varð því úr að setja heimild fyrir n. til að sækja um greiðslufrest, ef það væri nauðsynlegt.

Með þessu eru gerðar þær ráðstafanir, sem menn hyggja, að nægi til að bændur þurfi ekki að hrekjast af jörðum sínum vegna veikinnar og fara á vonarvöl árið 1938.

Ég vil undirstrika það, að þótt hæstv. Alþ. geti gert þetta í eitt eða tvö ár, þá er óhugsandi, að þessari stefnu verði haldið uppi viðvíkjandi þessu máli í tugi ára. Það kemur til kasta þess þings, sem kemur saman eftir áramótin, að finna nýjar leiðir, svo að bændur geti haldið áfram búskap sínum; það verður að finna ráð til að útrýma þessum sjúkdóm. Ég fylgi þessu frv. nú, af því að aðrar leiðir eru ekki sjáanlegar, en ég mundi ekki fylgja því, ef það ætti að koma aftur og aftur um margra ára skeið. Leyfi ég mér því hér með að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til að láta það fara til n. Sameiginleg undirn. úr landbn. beggja hv. d. hefir haldið um það tvo fundi, þar sem a. m. k. á öðrum fundum mættu allir, nm. auk hæstv. ráðh., svo n. er því vel kunnug. Þar að auki býst ég ekki við, að landbn. hefði mikinn tíma til að fjalla um málið hér eftir.

*Magnús Jónsson: Ég skal ekki fara að tala mikið um þetta mál, enda er ég því ekki eins kunnugur og margir aðrir hv. þm. Ég vil aðeins, áður en frv. fer með miklum hraða í gegnum þingið, láta í ljós undrun mína og óánægju yfir því, hvernig meðferð þessa máls er. Hér er um stórkostleg fjárframlög að ræða, e. t. v. hálfa millj. eða 800 þús., og þetta er næstseinasta þingmálið. Þetta er 140. mál, en hér er aðeins ein till. til þál,. sem er 141. mál. Svona stórt og viðtækt mál kemur í þinglok, og þó er ekki vafi á, að hér er um að ræða eitt útgjaldamesta og vandasamasta frv., sem fyrir þinginu liggur. Hér er ekki einasta verið að berjast við afardularfullan gest auk ráðstafana til stóraukinna fjárútláta. Ég verð að segja, að mér þykir nokkuð á vanta, þar sem í frv. er hvergi trygging sett fyrir því, að þetta fé verði ekki misnotað. Það er sýnilegt, að þegar á að dreifa út fleiri hundruðum þúsunda, þá verður að vera strangt eftirlit með því, að það komi réttlátlega niður og þar sem þörfin er. Það er að vísu gott, að menn úr sjálfum hreppunum og sýslunum sjái um úthlutunina, en ég held, að það hefði ekki veitt af, að sérstök n. ferðaðist um, öllum þessum úthlutunum óháð, sæi, hvernig framkvæmdirnar væru og gæfi þar um nákvæma skýrslu. Hér er ekki lítill þungi lagður þeim á bak, sem eiga að úthluta þessu fé, og mjög verða þeir menn að hafa sterk bein, svo að allt komi niður þar, sem þörfin er mest. Ég sé hvergi neitt atriði í þess frv., sem tryggi, að þeir fái mest fé, sem fyrir þyngstum búsifjum hafa orðið og ekki geta haldið áfram búskap án þess að fá styrk, en ekki til þeirra, sem dugleg-astir eru að afla sér þess. Það er þetta, sem ég er hræddastur við.

Þetta frv. kemur þegar þing er að ljúka störfum. Um það hafa orðið allmiklar umr. í Nd., en þm. Ed. eiga þess engan kost að fylgjast með í þeim vegna fundarhalda í sinni d. Þegar ég ætlaði að hlusta á umr. í hv. Nd., var ætíð, er ég kom í deildina, verið að deila um orsök þessarar veiki. En hvaða gagn er að því fyrir okkur við afgreiðslu þessa frv? Mér skilst, að hér sé ekki um neinar varnarráðstafanir gegn veikinni að ræða, heldur bjargráðaráðstafanir svo að menn flosni ekki upp.

Ég fyrir mitt leyti vil ekkert leggja til um n. Ég veit, að n. mundi ekki geta veitt málinu þá athygli, sem þyrfti, svo að gagn væri í, en þó

væri helzt, að n. gæti tekið til athugunar það, sem ég nú hefi sagt, hvort ekki mundi vera hægt að setja inn í frv. frekari tryggingu fyrir réttlátri úthlutun. T. d. óháða eftirlitsmenn, sem gætu verið ríkisstj. til ráðuneytis og gefið skýrslur um, hvern árangur þetta virtist bera. Ég gæti hugsað mér, að n. athugaði þetta, án þess að gera brtt. við frv. að öðru leyti. Því hér er um mikið fé að ræða, sem ástæða er til, að reynt sé að halda vel á.

Annars horfir málið öðruvísi við vegna þess, að þetta er ekki nema stutt jólafrí, sem þingið fer í, það kemur fljótt saman aftur og getur þá e. t. v. gert frekari athugun á frv., en ég vildi gera þessa aths. áður en málið fer burt úr hv. d. og þinginu.

***Jón Baldvinsson:** Það má vera, að sumt af því, sem gert hefir verið til að hindra útbreiðslu mæðiveikinnar, hafi verið gert út í loftið. Menn hafa ekki haft hugmynd um það, hverjar ráðstafanir mættu að gagni koma. Og þá verður mönnum að fara svipað að og þegar einhver veikist og ekki næst í lækni, þá er leitað allra bragða, og verður vitanlega sumt fálm út í loftið, þegar þekkinguna vantar. Pest þessi er svo alvarlegur hlutur, að sjálfsagt er, að ríkissjóður leggi fram fé til að berjast gegn henni, en leiðinlegt er til þess að vita, ef fénu er hent í ráðstafanir, sem verða svo að engu gagni. — Hv. þm. hafa yfirleitt ekki vit á því, hvað hér er um að ræða, menn vita það eitt, að það geisar óskapleg fjárpest, og sérfræðingar þeir og dýralæknar, sem fengnir hafa verið til að rannsaka veikina, eru ósammála um, hvaða veiki þetta sé. Þetta villir okkur leikmennina; við vitum ekki, hverjum ber að trúa. Helzt virðist það ráðlegt að fá nú enn sérfræðinga í húsdýrasjúkdómum til að rannsaka veikina, — menn, sem ekki hefðu tekið neina afstöðu með dýralæknunum eða með þeim háskólamönnum öðrum, sem um málið hafa fjallað. Það er von, að trú manna fari að bila á þá sérfræðinga, sem nú hafa kákað lengi við þetta mál án nokkurs árangurs. Þeir hafa lýst því yfir við og við, að nú hefðu þeir fundið öruggt meðal við pestinni, en þegar á hefir reynt, hefir það sýnt sig að vera haldlaust. Það hefir verið mesta fálm við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að hefta útbreiðslu veikinnar, og ég er hræddur um, að ekki hafi verið lögð sú áherzla á það sem skyldi, að fá beztu erlenda sérfræðinga til að rannsaka veikina.

Mér fyndist eðlilegra, að n. sú, sem ráðh. á að skipa, verði kosin af Alþ., en ekki eftir till. þingnefndar. Bezt væri, að þingið kysi þriggja manna nefnd, en það væri ekki lagt alveg á vald landbúnaðarráðh., hvernig nefndin verði skipuð — og felst þó í þessum orðum minum ekkert vantraust á hæstv. landbúnaðarráðh.

Það má ekki heldur taka þessi orð mín svo, að ég leggi á móti þessu máli. Það er óhjákvæmilegt að veita fé til varnar veikinni, þó að ég sé ekki fyrirfram sannfærður um gagn þeirra ráðstafana, sem gerðar verða. Ég sé enga ástæðu til að fara að þvæla frv. í nefnd; það er ekki hugsanlegt, að við nefndarmennirnir finnum nokkur betri form á framkvæmd þessa máls á þeim stutta tíma, sem við gætum haft til að athuga málið. Ég vil skjóta því til hæstv. landbrh., hvort ekki væri hægt að breyta svo ákvæðinu um kosningu nefndar þeirrar, sem á að hafa yfirstjórn þessara mála, að hún verði kosin í Sþ. Það er engin hætta á, að málið dagi uppi þess vegna. Þingið skilst ekki svo, að það afgreiði ekki þetta frv., og það tekur ekki mikinn tíma, þó að málið fari milli d., þar sem allir flokkar eru sammála um það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að mál þetta er seint komið fram á þinginu, en það er óþarfa viðbára, að þingmenn eigi bágt með að átta sig á því af þeim orsökum. Frá þingbyrjun höfum við, sem sæti eigum í landbn. þingsins og í undirnefnd landbn., sem því miður hafði engan fulltrúa frá jafnaðarmönnum, verið að fást við þetta mál. Við höfum hvað eftir annað farið með það í okkar flokka, a. m. k. framsóknarmennirnir. Ég þykist viss um, að þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem unnu að þessum málum með okkur, hafi haft sömu aðferð gagnvart sínum flokkum. Og með því starfi, sem fram hefir farið í undirnefnd landbn., hefir verið reynt að láta hv. þm. fylgjast sem bezt. Ég lagði að hv. 9. landsk. að taka sæti í nefndinni í staðinn fyrir mig, en hann taldi sig ekki hafa tíma til þess, en ég veit til þess, að jafnaðarmönnum hefir verið tilkynnt, jafnóðum og eitthvað gerðist, hvernig málin stæðu. Ég tel það alveg eins heppilegt fyrir framgang málsins, að unnið hefir verið að því í fámennum nefndum og þm. látnir fylgjast með því jafnóðum og því hefði verið skellt inn í þingið illa undirbúnu og orðið þar að bitbeini milli flokka. Í þess stað hefir verið reynt að ná samkomulagi um ágreiningsatriðin í nefndunum, og hefir tekizt.

Enginn vafi er á því, að mikil ásókn verður á nefnd þá, sem á að úthluta þessu styrktarfé, og verður að leggja allt kapp á, að í hana veljist góðir menn, og það „góðir“ menn í öðrum skilningi þess orðs en það er venjulega notað í prestamáli. Það hefir mikið verið rætt um þetta atriði, og með tilliti til þess hefir verið sett í 6. gr. frv. ákvæði um að í reglugerð skuli ákveðið um nánari framkvæmd laganna.

Við höfum hugsað okkur, að til þess að menn komi til greina við úthlutun styrktarfjárins, verði tekjur þeirra að hafa rýrnað eitthvað ákveðið af völdum pestarinnar, t. d. um ¼ eða ⅓ hluta. Umsækjendur verða að leggja fram sannanir fyrir því, að tekjur þeirra af búrekstri hafi rýrnað þetta og þetta, að hjálpin, sem þeir fá, stendur í vissu hlutfalli við tekjurýrnunina. Það er auðvelt að ganga úr skugga um þetta atriði, og eru til tvær góðar leiðir til að afla sér þeirra upplýsinga. Nefndin verður að fara þær báðar, ef hún vill fá tryggar upplýsingar. Önnur aðferðin er sú, að rannsaka skattaskýrslur umsækjanda yfir fleiri ár, og hin er sú, að athuga viðskiptareikning þeirra. Ég skal láta ósagt, hvort nægilegt er að ákveða þessi atriði í reglugerð. En ég geri ráð fyrir, að nefndarmennirnir verði búnir að koma sér niður á

þessar reglur fyrir næsta þing. Ef þeir álíta, að ekki sé nægilega tryggt að ákveða þessi atriði í reglugerð, geta þeir þá lagt fyrir það þing brtt. við lögin.

Hv. 9. landsk. talaði um ágreining þann, er orðið hefir milli sérfræðinga um veikina. Ég skal ekki fara langt út í það mál, þó að margt mætti um það segja. — Hv. þm. Ak. sagði í umr. í Nd., að það hefði aldrei tekizt að smita nokkura kind með veikinni. Af þeim fimmtán kindum, sem í tilraunaskyni voru settar með sýktu fé í vor, hafa sjö veikzt. Og hver kind, er sprautuð hefir verið með efni úr sýktu fé, tekur veikina eftir 6—7 mánuði. Það er því búið að smita kindur með veikinni og finna meðgöngutíma hennar nokkurn veginn.

Hv. 9. landsk. sagði, að allar þær lækningatilraunir, sem gerðar hefðu verið, væru fálm. Þetta tel ég mjög fjarri sanni. Það hafa verið prófuð skipulega ýms meðul, sem helzt hefir verið talið, að gætu einhver áhrif haft, og sem betur fer hefir nokkrum kindum batnað. En hvort um varanlegan bata er að ræða, er óvíst enn. — Hv. þm. talaði um erlenda sérfræðinga. Það hafa nú þegar komið hingað til lands tveir erlendir sérfræðingar, að tilhlutun ríkisstj. Þeir dvöldu hér báðir nokkurn tíma og störfuðu að rannsóknum á þessu máli. Ennfremur hafa lungu og preparöt verið send til allra þeirra rannsóknarstofnana í Evrópu, Ameríku og Afríku, sem fást við rannsóknir á svipuðum sjúkdómum. Í Nd. var vitnað í ummæli þýzks prófessors, sem fengið hefir til meðferðar lungu og preparöt úr sýktu fé, og telur þessi maður, sem er þekktur bakteriolog, að hér sé um að ræða hluti, sem ekki þekkist þar í landi. Það er því ekki rétt hjá hv. 9. landsk., að ekki hafi verið reynt að fá góða erlenda sérfræðinga til að rannsaka veikina.

Ég tel, að vel geti komið til mála að breyta ákvæðum frv. svo, að n. verði kosin af Sþ.; ég er því ekki mótfallinn og skal athuga, hvort ekki fæst samkomulag um það atriði.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég sé ekki ástæðu til, að þessu máli verði vísað til landbn., þar sem tími er orðinn svo naumur. Ég segi fyrir mig, að ég býst ekki við, að ég hafi tíma til að vinna að brtt. við frv. úr þessu, enda gert mínar aths. við það á sameinuðum fundi landbúnaðarn. Ég hefi fylgzt með gangi málsins frá því í sumar og athugað það eftir megni, og aðrir hv. þm. hafa líka haft tækifæri til að fylgjast með málinu frá því að fundurinn í Fornahvammi var haldinn, en till. hans voru birtar í blöðunum. Sannast að segja er frv. lítið breytt í aðalatriðum frá því, sem sá fundur lagði til; það má segja, að fundargerðin hafi verið sett í frumvarpsform, nema hvað upphæðin til vaxtagreiðslnanna var þar ekki tiltekin. En hér er farið eftir skýrslum þeim, sem náðst hefir í síðan. Upphæðin til vega var ekki heldur tiltekin þar, og hefir í því atriði verið farið eftir getu ríkissjóðs. En mér virðist, að fulltrúi okkar landbn. Ed. hafi ekki lagt sig fram til að lofa okkur hinum að fylgjast með því, sem gerzt hefir upp á síðkastið.

Ég vil taka undir það með hv. 9. landsk, að rétt sé að kjósa framkvæmdarnefndina í Sþ. Ég hefi litið svo á, að það gerði ekki mikinn mismun, hvort n. væri skipuð af ráðh. eða kosin af Alþ.

Í hv. Nd. hefir mikið verið talað um þetta pestarmál, og ætla ég ekki að fara út í almennar umr. um málið. En hér er nauðsyn bráðra aðgerða. Víða á pestarsvæðinu horfir til auðnar, ef ekki tekst í náinni framtíð að breyta svo búnaðarháttum, að aðrir atvinnuvegir komi í stað sauðfjárræktarinnar. Þar sem pestin hefir geisað í tvö ár, sitja bændur eftir með 30—50% af því fé, sem þeir áttu áður. Þó að nokkrum kindum hafi verið fargað á annan hátt, er það hverfandi. Miklar líkur eru til þess, að verði ekki að gert, fari þessi vágestur yfir landið, og verða bændur því nú þegar fyrir alvöru að snúa sér að annari framleiðslu, sem þó er víða erfitt, þar sem sauðfjárræktin hefir verið þeirra aðalatvinnuvegur. Þarna verður að koma til styrkur utan að frá, frá ríkinu. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða frv. frekar, og ber engar brtt. fram við frv. Þing mun bráðlega koma saman aftur, og gefst þá tækifæri til að laga á því ágalla, sem kunna að finnast.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, 439).

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., sem sjá má á þskj. 439. Meining mín með þessari till. er sú, að hér verði fylgt sömu reglu eins og almennt hefir gilt, að því er mér virðist, hér á Alþ., þegar skipuð er meiri háttar nefnd, er ríkið hefir meiri og minni afskipti af. Ég tel, að hér sé um svo mikilsvert starf að ræða, þar sem er yfirumsjón með úthlutun þess fjár, sem frv. gerir ráð fyrir að ríkissjóður láti af hendi til þeirra, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum mæðiveikinnar, að rétt sé, að allir flokkar eigi þar hlut að máli, því að það má alveg búast við því, að einhver gagnrýni kunni að skapast um það, hvernig þessu fé yrði varið. — Ég geri því ráð fyrir að till. mín þurfi ekki að valda neinni deilu í sambandi við þetta mál. Hinsvegar skal ég að gefnu tilefni lýsa yfir því, að ef Alþfl. verður tryggð seta í þessari nefnd, þá mun ég geta fallizt á að taka till. aftur, til þess að hún þyrfti ekki að tefja fyrir framgangi málsins.

Um málið að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða. Það er ef til vill ekki á hvers manns færi að tala um þetta stórmál, en ég býst við, að flestum fari eins og mér, að þeir telji ekki annað fært en að veita þeim stuðning, sem fyrir mestu tjóninu hafa orðið af völdum mæðiveikinnar. Og ég verð að segja það sem mína skoðun, að þetta er í raun og veru meira af vilja gert en getu af þingsins hálfu, og í öðru lagi hitt, að hér er í raun og veru enginn sannfærður um, hvort þetta mál hafi frá upphafi verið réttum tökum tekið eða ekki.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég ætla nú ekki að fara að ræða þetta mál sérstaklega, bæði vegna þess, að ekki er tími til þess, og að búið er að undirbúa það allrækilega af báðum landbn. og góð samvinna hefir verið milli allra aðilja, sem þar áttu hlut að máli.

Ég tel eðlilegast, að allir flokkar hér á Alþ. eigi fulltrúa í þessari nefnd, sem á að sjá um þessar framkvæmdir, er frv. gerir ráð fyrir, og þess vegna vildi ég heldur, að þessi till., sem hér liggur fyrir um það, að nefndin verði kosin í Sþ., yrði dregin til baka, því að ég tel líklegt, að hægt sé að ná samkomulagi í landbn. um þá menn, sem í þessi störf verði valdir, og að það sé öllu betra, að valið fari þannig fram.

Ég lýsi því þess vegna yfir, að ég mun beita mér fyrir því, að allir þrír stærstu þingflokkarnir taki sæti í þessari nefnd og útbýti þessu fé og geri þær aðrar ráðstafanir, sem ætlazt er til, að gerðar verði, því að mér finnst það eðlilegast og réttast, eins og málið hefir verið rekið hingað til.

Sigurjón Á. Ólafsson: Út af orðum hæstv. forsrh. skal ég hér með taka þessa till. mína aftur við þessa umr., og ég geri ráð fyrir, að milli umr. verði það tryggt, hvort þetta samkomulag, sem hann drap á, fæst eða ekki.

ATKVGR.
Brtt. 439 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. —Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 460).

---

37. Bændaskólar.

Á 4. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um bændaskóla (þmfrv., A. 21).

Á 7. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv. eða frv. shlj. því lá fyrir síðasta þingi. Það var undirbúið af nefnd manna, sem kjörin var af ríkisstj. og í voru skólastjórar búnaðarskólanna. Frv. er að nokkru leyti endurskoðun á gildandi l. um bændaskóla, en þau eru frá því skömmu eftir síðustu aldamót. Aðalbreyt. frá gildandi l. er í því fólgin, að aukið skuli verklega námið til talsverðra muna. Auka skal verklega námið stórlega síðara árið, og sumarið á milli skólaáranna falla inn í kennsluna og fara þá fram verkleg kennsla. Þegar þau l., sem nú gilda, voru samþ., 1905 eða 1906, var aðallega gert ráð fyrir bóklegu námi, og lá sú ástæða til þess, að þá var yfirleitt lítið um skóla. Nú, þegar komnir eru á fót alþýðuskólar og gagnfræðaskólar víðsvegar um landið, er þörfin á bóklega náminu minni en áður, en þörfin aftur meiri á að auka verklega námið, sem verið hefir af skornum skammti. Með þessu frv. er reynt að bæta úr því, en auk þess eru í frv. 2 smábreyt., sem stafa af breyttri aðstöðu, sem sé, að skólabúin skuli rekin af því opinbera og að í landi skólajarðanna skuli heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara skólanna á kostnað ríkissjóðs.

Annars sé ég ekki ástæðu til að fara út í einstakar gr. frv. Grg. ætti að nægja til þess að skýra málið.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

***Stefán Stefánsson:** Herra forseti! Frv. það, sem liggur fyrir og flutt er af hv. þm. Mýr. og hv. 2. þm. Skagf., er mjög mikilsvert frv. Þar sem því er ætlað að leggja grundvöll að bóklegri og verklegri þekkingu bændastéttar landsins, er mikils um vert, að vel takist um undirbúning þess og frágang, ef það á að ná tilgangi sínum.

Í grg. frv., sem er nokkuð nákvæm, er þess réttilega getið, að kunnátta búfræðinga í verklegum efnum hafi verið af skornum skammti og þeir þess vegna notið lítils álits á meðal bænda, þar sem þeir þóttu kunna litlu meira til búnaðarstarfa en bændur, sem ekki höfðu gengið í búnaðarskóla. Ætlun frv. er nú að bæta úr þessu. Nemendur verða fyrst og fremst að öðlast þá verklegu þekkingu, að þeir séu færir um að leiðbeina bændum; því aðeins fá menn traust á skólunum og því aðeins finna æskumenn hjá sér hvöt til þess að sækja þá. Og þá fyrst verður þetta frv. spor í þá átt að takmarka flóttann úr sveitunum til kaupstaðanna.

Ef við lítum á frv. í heild, kemur fyrst til athugunar, hvort það nær þeim tilgangi, að auka þekkingu nemenda á verklegum efnum að verulegu leyti. Eins og hv. þm. sjá, er gert ráð fyrir 3 missira námi, en námsgreinafjöldinn skiptir tugum. Það er því ljóst, að á svo skömmum tíma muni ekki vera hægt að auka verklegu þekkinguna mikið. Það kann að vera um einstaka nemendur, sem skara fram úr, en hér verður að miða við fjöldann, en ekki við einstaka afburðanemendur. Ef frv. yrði óbreytt að l., er það trúa mín, að svo verði hér eftir sem hingað til, að þeir, sem útskrifast af bændaskólunum, skari ekki fram úr öðrum bændum að verklegum störfum, en þetta má ekki svo vera. Ég vil því tilkynna, aðallega landbn., að ég mun við 2. umr. þessa máls koma fram með brtt., sem aðallega verða í því fólgnar, að í stað 3 missira náms komi 2 ára nám, þannig að nemendur fái 2 sumur til verklegs náms. Enda þótt mörg búnaðarstörf, eins og t. d. búfjárhirðingu og meðferð alidýra, megi kenna á vetrum, þá hygg ég ekki, að bændaefni fái frekari þekkingu en nauðsynleg er, þó að þeir hafi 2 sumur til verklegs náms.

Þá mun ég einnig flytja brtt. um framhalds-

deild við Hvanneyrarskólann. Er sú deild aðallega hugsuð þeim mönnum, sem síðan taka að sér ýmis trúnaðar- og ráðunautsstörf fyrir búnaðarfélögin. En á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til þess að koma frekar inn á það atriði.

Ef við berum nú saman þetta frv. og gildandi l. um sama efni, eru breyt. mjög litlar. Að vísu er verklegt nám aukið nokkuð. Hinsvegar er föstum kennurum fækkað úr 3 í 2. Því vil ég breyta. Ég sé ekki ástæðu til að fækka kennurum um leið og kennsla á að verða fullkomnari en hún áður var. Launagreiðslur eru bættar, og er það sjálfsagt.

Verði frv. nú að l., verður þess ekki langt að bíða, að lagt verði fram frv., sem tryggi fullkomnari þekkingu í verklegum efnum en nú er kostur á, og það frv. mun koma fram af sömu ástæðu og þetta frv. er fram komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, 59, n. 65).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Eins og þent er á í nál. landbn. á þskj. 65, hefir sú höfuðbreyt. verið gerð með þessu frv. á l. frá 1930, sem nú gilda, að í frv. er gert ráð fyrir 3 missira samfelldum skóla með vinnuskyldu. Þær aðrar brtt., sem fyrir liggja, standa að miklu leyti í sambandi við þessa breyt., svo sem að auka kennaraliðið og hækka laun kennaranna vegna aukinna starfa, sem á þá hlaðast. N. telur þessar brtt. til bóta og álítur rétt að auka verklega námið við bændaskólana. E. t. v. minnist ég frekar á það síðar, ef tilefni gefst til.

Brtt. landbn. eru hvorki margar né mikilvægar. Við höfum gert smábreyt. við 1., 2. og 3. gr. frv., en það eru allt orðabreyt.

Við 4. gr. höfum við gert brtt., sem fjallar um launakjör og aðstöðu kennara bændaskólanna. Í frv. er gert ráð fyrir ákveðnum launum til þeirra, en n. fannst réttara að ákveða þetta í launal. á sínum tíma, en að ráðh. hafi heimild til þangað til að ákveða laun kennara. Þetta taldi n. heppilegra fyrirkomulag en að sérstök l. væru sett um laun þeirra. Og fyrir þessu eru fordæmi, svo að menn þurfa ekki að vera hræddir við að samþ. það. Ég vil geta þess, að það er bæði skoðun n. og mín persónulega, að það þurfi að bæta kjör þessara kennara allverulega, því að þeir eru allra verst launaðir af hliðstæðum mönnum. Ég vil benda á héraðsskólakennarana. Bændaskólakennarar, sem e. t. v. hafa eytt talsvert lengri tíma til undirbúnings undir sitt starf, hafa töluvert lægri laun en þeir. Þetta telur n., að sé óréttlátt.

Við 5. gr. er smábreyt. Í niðurlagi gr. er ákvæði um, að þroskaðri nemendur geti verið lausir við yngri deild, en það þó gert að skilyrði, að þeir komi að vorlagi til skólans vegna verklega námsins. N. leit svo á, að þetta væri ekki nauðsynlegt, en að rétt væri, að skólastjóri hefði það á sínu valdi, hvernig um þetta færi.

6. gr. fjallar um skilyrði fyrir inntöku í skólann. Þar hefir n. gert brtt. við b-lið. Í gr. stendur, að nemandi skuli hafa unnið að almennum landbúnaðarstörfum a. m. k. eitt sumar eftir að hann varð 14 ára. N. virtist, að úr því að farið væri að gera kröfur um þetta á annað borð, væri þetta of lítið. Þess vegna leggur n. til, að í stað eins sumars eftir 14 ára aldur komi 2 ár eftir 12 ára aldur. Með því að færa aldursmarkið niður er einnig gert hægara fyrir nemendum úr kaupstöðum og kauptúnum.

Þá er smábrtt. við 7. gr. Það er eiginlega bara orðabreyt. til þess að draga úr ákvæði um, að í **báðum deildum** skuli kenna búsmíði o. s. frv., sem þar er talið upp. N. vill, að standa skuli: Ennfremur skal kenna o. s. frv.

Í 9. gr. er svo kveðið á, að þeir einir skuli hafa rétt til að kalla sig búfræðinga, sem lokið hafi bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana eða hliðstæða skóla erlendis. Við þetta vill n. bæta — til þess að koma í veg fyrir misskilning —, að rétt til að heita búfræðingur skuli þeir einnig hafa, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólal.

Loks er brtt. við 14. gr., um það, hvenær l. skuli öðlast gildi. Þar verður að koma 1938 í stað 1937.

Þá hefi ég minnzt lauslega á brtt. landbn., en til viðbótar vil ég geta þess, að eftir að n. hafði skilað áliti sínu, kom skólastjóri Hvanneyrarskólans til viðtals við n., og getur verið, að n. beri fram 1—2 brtt. við 3. umr. samkv. því, sem hann ræddi við nefndina.

Ég skal geta þess út af brtt. hv. 4. landsk. þm. og hv. þm. Dal. á þskj. 59, að ég mun ekki ræða þær fyrr en flm. hafa talað fyrir þeim.

***Stefán Stefánsson:** Herra forseti! Við 1. umr. þessa máls gat ég þess, að ég mundi flytja brtt. við frv. Hv. þm. Dal. og ég höfum nú flutt nokkrar brtt., og eru þær á þskj. 59. Þær eru í höfuðatriðum tvennskonar, að í stað 3 missira skóla komi 2 ára skólar, og í öðru lagi eru 6 nýjar gr., þess efnis, að sett sé á stofn framhaldsdeild við bændaskólann á Hvanneyri.

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um framhaldsnámið. Á búnaðarþingi 1933 var samþ. áskorun til Alþ. um að beita sér fyrir því, að upp yrði sett deild til framhaldsnáms í búfræði, og skyldi miða við nauðsynlega menntun handa þeim mönnum, sem svo tækjust á hendur ýmiskonar leiðbeiningastörf. Hv. þm. Dal. hefir á undanförnum þingum flutt frv. um þetta efni, og það er eftir hans frv., sem þessar brtt. eru sniðnar. Búnaðarþingið 1935 mælti með frv. hv. þm. Dal. 1933 var það frv. sent búnaðarþingi, og allshn. þar gerði við það þá brtt., að framhaldsdeild skyldi sett á stofn á Hvanneyri, og er það shlj. okkar brtt. hér. Þessa brtt. samþ. búnaðarþingið með 11 shlj. atkv. Það hafa því hvað eftir annað verið gerðar tilraunir í þessa átt. Maður skyldi ætla, að fulltrúar á búnaðarþingi væru manna hæfastir til að dæma um þetta, og að Alþ. sé skylt að taka tillit til óska, sem þaðan koma.

Ég skal ekki koma inn á inntökuskilyrðin, en ég vil geta þess, að ein brtt. okkar er um það,

að nemendur framhaldsdeildar fái 200 kr. styrk til bókakaupa úr ríkissjóði, ljúki þeir námi. Þetta mundi aðeins ná til þeirra, sem að loknu námi gerðu sér vonir um að geta tekið að sér ráðunauts- og leiðbeiningastörf. Ég álít, að þessir nemendur gætu, í stað þeirra hlunninda, sem þeir fá, orðið kennurunum til léttis og jafnvel tekið að sér verklega kennslu með yngri nemendum.

Þá leggjum við til, að nemendum, sem ná I. einkunn, verði veittur styrkur til utanfarar. Slíkir utanfararstyrkir eru mjög gagnlegir. Menn fá tækifæri til að sjá nýjustu framfarir í sinni grein og yfirleitt víkka sinn sjóndeildarhring.

Brtt. okkar um, að í stað 3 missira náms komi 2 ára nám, er aðallega hugsuð vegna verklega námsins að það geti orðið fyllra en ella. Ég minntist á það við 1. umr., að þess væri réttilega getið í grg. frv., að verkleg kennsla búfræðinema hefði verið mjög takmörkuð hér á landi, og að ísl. búfræðingar hefðu verið í litlu áliti, einkum vegna þess, hvað þá skorti verklega kunnáttu. Menn verða að gera sér ljóst, að það er ekki lítið, sem þessum mönnum er ætlað að læra, og að menn, sem koma í skólana lítið undirbúnir, geti lært það á svo skömmum tíma, nær ekki nokkurri átt. Þá fyrst koma bændaskólarnir að nokkru gagni, þegar menn læra til hlítar það, sem þeim er ætlað. Þeim nægir ekki að fá einhverja yfirborðsþekkingu, sem enga þýðingu hefir þegar kemur út í lífið. Eins og í grg. segir, hafa margir fundið búnaðarskólunum það til foráttu, að þeir, sem þaðan kæmu, kynnu ekki að vinna og ekki að nota hesta og hestaverkfæri, og er það ein aðalástæðan til þess, að búnaðarskólarnir eru í svo litlu áliti sem nú er. Ég skal ekki segja um, hve mikið er hæft í þessu, — en halda menn, að eins sumars búnaðarnám muni bæta úr öllu, sem þarna þarf að ráða bót á? Ég álít það ekki, og reynslan mun sanna, að svo er eigi.

Svo er það, að þótt ákveðinn verði tveggja ára námstími, er skólastjóra heimilt að veita undanþágu, ef hann álítur ástæðu til, og mundi þetta verða framkvæmt þannig, að þeir nemendur, sem mesta kunnáttu og þekkingu hafa, mundu komast af með eitt ár við nám.

Af þeim brtt., sem við höfum borið fram við frv., skal ég drepa á höfuðbreytingarnar. Í 4. gr. 1. mgr. er svo ákveðið í frv., að við hvern bændaskóla skuli vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Við höfum leyft okkur að gera þá till., að í stað tveggja fastra kennara komi þrír. Það virðist ósamræmanlegt, að um leið og á að auka kennslu og lengja skólann, þá eigi að fækka kennurum. Ég álít, að skólastjóri hafi nóg að gera við að stjórna skólanum og skólabúinu, því í sambandi við skólana á að reka fyrirmyndarbú, og mundi skólastjóri því hafa lítinn tíma til kennslu, því eftirlit með stórum búrekstri er mikið starf. Ef ekki eru fastir kennarar, er ekki eins mikil trygging fyrir því, að valdir menn veljist að skólunum. Þó að eitthvað kynni að sparast með því, mun það ekki reynast vel í framkvæmdinni. Ef kennararnir eru fastir og hafa sæmileg laun, sem verður að vera, þá láta þeir sér annara um starf sitt. Ef grípa á menn á hlaupum til kennslunnar í það og það skiptið, getur það orðið tvíræður sparnaður.

Við leggjum til, að 5. liður 4. gr. falli niður. Það er svo ákveðið, að auk hinna tveggja föstu kennaralauna skuli greiða hverjum skóla upphæð, sem svarar tveim fullum kennaralaunum. Það virðist óþarft að taka þetta fram, því sjálfsagt er, að skólarnir fái það fé til greiðslu fyrir kennslukraft, sem þörf er á. Í sambandi við þetta er breyting á 6. lið 4. gr.

Í 3. mgr. 5. gr. leggjum við til, að í stað orðanna „.. skal leyft að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum og koma að vorlagi til hans“ komi: má leyfa að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum. — Verður það þá eftir ákvörðun skólastjóra, hvort menn sleppa við yngri deildina.

Viðvíkjandi inntökuskilyrðunum komi í stað „eitt sumar“: tvö sumur. Hv. 2. þm. Skagf. vildi láta koma 2 ár í staðinn fyrir 1 sumar, en ég álít það ekki heppilegt, vegna þess, að nemendur, sem koma úr kaupstöðum, hafa ekki tækifæri til þess að dvelja svo langan tíma í sveit í einu, og því heppilegra að binda þetta við sumartímann.

Þá höfum við gert viðaukatill. við 5. mgr. 7. gr., svo hljóðandi: „Svo skulu og þeir nemendur, er þess óska, fá tilsögn í meðferð og hirðingu dráttarvéla“. Ég álít, að eins og búskapnum háttar nú hér hjá okkur, þá sé þetta mjög nauðsynlegt ákvæði, því þótt eigi að leggja meira upp úr hestanotkun en verið hefir, þá er svo víða orðinn einyrkjabúskapur, að ef menn eiga ekki kost á dráttarvélum til jarðyrkju, verður afleiðingin sú, að þessir einyrkjar, sem ekki hafa tíma til að vinna landið með hestaverkfærum, geta ekki haldið jarðræktinni áfram. Álít ég því heppilegt að taka þetta ákvæði inn í frv.

10. gr. leggjum við til, að verði felld niður, því ef skólinn verður tveggja ára skóli, eins og við leggjum til, þá fara till. okkar fram á, að nemendurnir fái frítt uppihald; skólinn leggi þeim fæði og þjónustu. Þetta mundi kosta nokkuð, en ef nemendurnir vinna tvö sumur í skólanum, þá mundi ekki þurfa mikinn annan vinnukraft til skólabúsins en þann, sem nemendurnir legðu fram. Auðvitað má ekki ganga of langt með að láta nemendurna vinna; þeir verða fyrst og fremst að njóta kennslu.

Að endingu vil ég segja það, að að sjálfsögðu ber ríkisvaldinu að styðja alla fræðslu í landinu, en fyrst og fremst álít ég, að því beri að styðja þá skóla, sem stundað er verklegt nám í, og eru það þá fyrst og fremst bændaskólarnir og aðrir skólar landsins, sem starfa að því að glæða áhuga fólksins fyrir sveitunum og landbúnaðinum. Ég álít, að bændaskólarnir megi verða mikill liður í því að auka ást og traust fólksins á byggðunum og stöðva þannig flóttann úr sveitunum, sem ekkert virðist þverra. Árangurinn af starfi bændaskólanna mun verða mestur og beztur með því, að þar sé stundað sem mest verklegt nám, og þeim tilgangi mun bezt náð með því, að till. okkar verði samþ.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal nú, þegar hv. flm. þessara brtt. hefir mælt fyrir

þeim, segja um þær nokkur orð. Er þá fyrst brtt. um það, að í stað tveggja fastra kennara verði þrír, en hinsvegar ætlast hv. flm. til þess, að felld verði niður heimild til þess að verja tveimur fullum kennaralaunum til ýmissar kennslu við skólann. Ég álít, þótt flm. segi, að með brtt. hans séu auknir og bættir starfskraftar skólans, að hér sé gengið til baka, því eftir því, sem frv. leggur til, er hægt að hafa 4—5 menn starfandi við kennsluna, og báðir skólastjórar bændaskólanna hafa lagt til, að þessi leið, sem frv. leggur til, verði farin, en ekki allt bundið við fasta kennara. Það getur verið mjög þægilegt að hafa einhverja menntamenn að einhverju leyti starfandi við skólann. Víða hagar svo til, að menntamenn eins og prestar og læknar búi í svo miklu nágrenni við skólana, að þeir gætu kennt einhverjar námsgreinar þar, en það virðist útilokað samkv. till. hv. flm., og ég mæli eindregið á móti því fyrir hönd n., að þessi brtt. verði samþ. Það getur líka verið mjög gott að fá viðurkennda kunnáttumenn í jarðræktarstörfum, hestavinnu og meðferð dráttarvéla til að starfa einn eða tvo mánuði við þessa skóla á sumrin, þó að þeir geti ekki tekið að sér bóklega kennslu. Álít ég því miklu betra að hafa það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir.

Um b-lið brtt. við 4. gr. má segja, að hún er alveg rétt. Það lítur næstum út fyrir, að þetta ákvæði hafi fallið úr frv. í prentun, því sjálfsagt er, að húsnæði fylgi með í hlunnindum kennara. En n. gerði till. um, að þessi liður væri felldur niður vegna þess, að gert er ráð fyrir, að laun kennara verði ákveðin í launalögum og hlunnindi sömuleiðis, og er þá þetta ákvæði sjálffallið. Brtt. frá n. við þessa gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.“ Lít ég því svo á, að engin þörf sé á þessari brtt., ef brtt. n. verður samþ. En ég álít rétt, að það komi fram í umr. hér, að n. álítur, að húsnæði eigi að fylgja með í þeim hlunnindum, sem kennarar við bændaskólana hafa.

Þá kemur að því, sem er önnur aðalbrtt. hjá hv. flm. Það er að gera skólana að tveggja ára samfelldum skólum í stað þriggja missira. N. gat ekki fallizt á þessa till., vegna þess að vafasamt yrði, að aðsókn yrði þá nóg að skólunum; menn mundu ekki vilja binda sig um tveggja ára tíma til þess að vinna þarna. Það er rétt, sem flm. benti á, að fólksleysi er svo mikið, að erfitt er fyrir fullvaxna syni að fara frá heimili foreldra sinna til að stunda verklegt nám eitt sumar, hvað þá tvö ár. En ég get að ýmsu leyti fallizt á rök hv. flm. fyrir því, að ekki myndi veita af tveggja ára verklegu námi á bændaskólunum.

Hv. þm. hefir talað um það bæði í ræðu sinni á laugardaginn og í dag, að þeir, sem útskrifuðust úr bændaskólunum, hefðu lítið álit á sér meðal almennings. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu algerlega. Ég skal fara sýslu úr sýslu með hv. þm., og ég þori að fullyrða, að ég gæti bent honum á fjölda bænda, sem hafa stundað nám á bændaskólunum og eru fremstir í sinni röð. Trúnaðarmenn Búnaðarfélagsins eru flestir búfræðingar, og það er ekki af því, að þeir hafi náð prófi í bændaskóla, heldur af því, að þeir hafa meiri þekkingu en aðrir. En þetta er viðkvæðið nú síðustu árin, að níða búfræðingana niður og segja, að þeir standi öðrum að baki; en ég mótmæli því algerlega og tel það á engum rökum byggt. Ég hefi talið ástæðu til að taka þetta fram vegna þess, að hv. flm. hefir komið að þessu í ræðu sinni bæði nú í dag og við síðustu umr. Um hitt get ég verið honum sammála, að verklegri kennslu hefir verið mjög ábótavant í bændaskólunum, og að því leyti væri full þörf á að hafa þar tveggja ára nám, en n. hefir ekki getað fallizt á þá till., vegna þeirrar ástæðu, sem ég hefi þegar skýrt frá, að þá mundu ekki fást nógu margir nemendur. En ég álít, að ekki saki, þótt þessi sumarvinna verði reynd nokkur ár, og þá sýnir reynslan, hvort ástæða er til að lengja námstímann og hvernig þessi breyting heppnast.

Um b-lið 5. gr. hefir n. ekki séð ástæðu til að rökræða, en getur verið því samþykk, að þar standi eins og brtt. gerir ráð fyrir, að bóklega kennslan fari aðallega fram að vetrinum, í stað þess, að hún fari einungis fram að vetrinum, því það getur verið gott að hafa fyrirlestra í sambandi við verklega námið að sumrinu til. Ég vil fyrir mitt leyti mæla með því, að hún verði samþ.

Um c-liðinn er það að segja, að hann gengur í sömu átt og brtt. n., þ. e. a. s. að skylda menn til að stunda verklegt nám, ef þeir sleppa fyrri deildinni, en ég geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort þessi till. er samþ. eða till. n.

Sama er að segja um brtt. við 6. gr. Um hana þarf ekki að ræða; það er búið að tala um hana áður í sambandi við að lengja námstímann um eitt sumar.

Þá er 4. brtt., við 7. gr., b-liður, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Svo skulu og þeir nemendur, er þess óska, fá tilsögn í hirðingu og meðferð dráttarvéla“. N. leit svo á, að þetta væri innifalið í 7. gr., þar sem sagt er, að nemendum skuli kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, sem verulega þýðingu hafa fyrir búskap, og þurfi því ekki að taka það fram sérstaklega, og geri ég ekki að neinu kappsmáli, hvort þetta verður samþ. eða ekki.

Þá vil ég minnast á höfuðbreytinguna, sem í brtt. felst. Það er um framhaldsdeild, sem lagt er til, að sé stofnuð við bændaskólann á Hvanneyri. Hv. flm. benti réttilega á, að búnaðarþing hefði samþ. till. í þessa átt. Mín persónulega skoðun er, að ég dreg í efa, að það sé framkvæmanlegt að stofna framhaldsdeild við annanhvorn bændaskólann. Er þar fyrst að athuga, hver kostnaðurinn yrði, en hann myndi verða mikill. Það er ekki hægt að starfrækja framhaldsdeild á hvorugum staðnum nema með því að byggja allmikið. Á Hvanneyri er nú þegar svo þröngt, að varla er forsvaranlegt að hafa svo þröngt fyrir þá nemendur, sem þar eru nú. Það er ekki hægt að reka skólann eins og hann nú er án þess að byggja allmikið, hvað þá framhaldsdeild. Þetta atriði er það, sem ég álít, að þurfi fyrst og fremst að athuga. Svo er annað. Eins árs framhaldsdeild mundi ekki veita nemendunum þá þekkingu, sem nú er krafizt

af sérfróðum mönnum í landbúnaði. Við Íslendingar erum að mörgu leyti mikið á eftir nágrannaþjóðunum í landbúnaðarháttum, og því nauðsynlegt fyrir okkur að kynnast erlendum aðferðum. Ég álít því, að við eigum fyrst um sinn að styðja að því, að menn geti sótt menntun sína út úr landinu. Hv. flm. ætlast að vísu til, að þessir menn fái tækifæri til að skreppa til útlanda. Nú munu 5 menn héðan stunda almennt landbúnaðarnám í Kaupmannahöfn auk tveggja, sem stunda önnur landbúnaðarvísindi, og 2 munu stunda almennt landbúnaðarnám í Noregi. Þessir 7 menn koma heim næstu ár, og þar höfum við menn til að taka við þeim störfum, sem hér er gert ráð fyrir. Ég álít því ekki aðkallandi að setja á stofn þessa framhaldsdeild, þó málið sé í sjálfu sér gott og það beri að stefna að því, að við fáum síðar slíka námsstofnun. Ég hygg, að ekki sé rétt að fara að setja nein pappírsákvæði um þetta áður en búið er að athuga hvað þetta muni kosta og hvaða gagn það muni gera.

Ég álít, að fyrst og fremst eigi að stefna að því að auka námið í bændaskólunum eins og þeir eru. Ég skal geta þess, að n. átti tal við skólastjórann á Hvanneyri um þetta mál, og hann leit svo á, að fyrst og fremst ætti að gera skólann þar svo úr garði, að hægt væri að láta kennsluna nú fara sæmilega fram áður farið væri að fást við framhaldsdeild. Þess vegna getur landbn. ekki fallizt á till. um að setja á stofn framhaldsdeild að svo stöddu og álítur, að málið þurfi meiri undirbúning áður en ráðizt verður í framkvæmdir. — Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar að sinni.

Pétur Ottesen: Ég get skírskotað til þess, sem hv. frsm. landbn. sagði fyrir n. hönd um þetta mál almennt, en það er eitt atriði í brtt. á þskj. 59, sem var reifað í n., sem ég var hinum nm. ekki allskostar sammála um. Það var sá hluti brtt., er snertir framhaldsdeild við bændaskólann á Hvanneyri. Ég tek undir það, sem hv. frsm. landbn. sagði um það atriði, að þó að það yrði sett í l. nú, að þarna yrði tekin upp framhaldsdeild fyrir þá nemendur, sem óskuðu meiri búfræðiþekkingar en skólarnir nú veita, þá er ekki hægt að framkvæma það án þess að rýmkað sé mikið til um húsakost við skólann frá því, sem nú er, auk þess sem vitanlega þarf að leggja þar í ýmsan kostnað annan vegna þessa framhaldsnáms, fram yfir það, sem þyrfti vegna þeirrar almennu búnaðarfræðslu, sem nú er veitt í búnaðarskólum þessa lands. Eins og nú stendur, og mun einnig verða, ef frv. þetta verður ekki að l., sem draga úr aðsókn til bændaskólanna, þá er ekki hægt að framkvæma þá kennslu í þessum skólum samsvarandi eftirsókninni eftir þeirri fræðslu, vegna þess að ekki er hægt að taka á móti öllum, sem sækja um skólana, sem aftur stafar af þrengslum í skólunum. Að þessu leyti má segja, að löggjöfin um þetta efni nú sé að nokkru leyti ekki nema pappírsgagn, þar sem ekki er hægt að veita öllum, er þess óska, aðgang að skólanum. Mér virðist landbúnaðurinn vera svo sterkur þáttur í okkar þjóðlífi, og afkomu okkar lands, að það beri fullkomlega að stefna að því, svo sem föng eru til, að efla þekkingu manna um þá atvinnugrein. Út frá því er það, að ég hefi ákaflega mikla tilhneigingu til þess að vilja styðja að því, að þeir menn, sem vildu tileinka sér meiri fræðslu í þessum efnum heldur en fæst með þeirri almennu fræðslu, sem veitt er í bændaskólum hér á landi nú, geti hlotið slíka framhaldsfræðslu. Ég vil, að gert sé hið ýtrasta til þess að mæta þessum óskum manna, og það því fremur, sem gert er ráð fyrir í þessum l., að menn eigi kost á lengra námi en þriggja missira námi. Þessa vildi ég óska, bæði með tilliti til þeirra manna, sem standa eiga fyrir nauðsynlegum búrekstri, og ekki síður með tilliti til þeirra, sem síðar verða ráðunautar fyrir hinn margbreytta félagsskap búnaðarsamtakanna í landinu til leiðbeiningar bændum og búaliði í þeirra störfum. Ég hygg því, að með því að setja upp slíka framhaldsdeild við búnaðarskóla hér á landi, mundi verða auðið að gefa miklu fleiri mönnum kost á námi í bústörfum heldur en með því að vísa mönnum til útlanda um fræðslu í þessu efni. En það er síður en svo, að hv. flm. brtt. á þskj. 59 vilji varna því, að menn fari til útlanda til þess að leita sér fræðslu um búnaðarmál. Þvert á móti gera þeir ráð fyrir því í till. sínum, að það opinbera veiti mönnum styrk til slíkra utanferða; en þess er krafizt sem tryggingar fyrir því, að þessir menn sigli í ákveðnum tilgangi, að þeir eigi þess kost að komast að ráðunautsstarfi þegar að þeirri siglingu lokinni.

Skal ég svo ekki segja fleira um þetta. En ég hefi tilhneigingu til þess að greiða atkv. með þessum hluta brtt. þeirrar, sem flutt er á þskj. 59, þó að vitanlega sé svo ástatt, að nú sem stendur sé ekki hægt að setja á stofn þessa framhaldsdeild við Hvanneyrarskólann eins og þeir gera ráð fyrir, vegna þess að þar er of þröngur húsakostur. En það rekur mjög brátt að því, að auka verði húsakost þar, miðað við aðsókn til skólans undanfarin ár, svo framarlega sem nokkur möguleiki er fyrir hendi um fé til slíkra hluta. Fyndist mér þá, að ákaflega vel færi á því, að þegar að því væri undið að bæta úr þessari brýnu þörf um húsnæði skólans, þá væri þetta hvorttveggja haft fyrir augum, að fullnægja frekari eftirspurn eftir þeirri fræðslu, sem skólinn veitir nú, og svo líka sá hugsanleiki að setja á stofn framhaldsdeild við skólann. En hvað sem öðru líður, þá væri ekki skynsamlegt að standa á móti því, að húsakostur á Hvanneyri væri mikið endurbættur og aukinn frá því, sem nú er.

Ég skal aðeins taka það fram í sambandi við það, sem í nál. stendur, sem sameiginlegt álit okkar nm., að við getum fallizt á, að ríkið reki búskap á Hvanneyri, með það fyrir augum, að ekki minni áherzla verði lögð á verklegt nám í þessum skóla heldur en bóklegt nám, þó að ég hinsvegar verði að álíta, að slíkur opinber búrekstur geti tæplega verið sambærilegur til kennslu, þ. e. a. s. til fræðslu og fyrirmyndar, við þann búrekstur, sem rekinn er fyrir eigin reikning, nefnilega búrekstur í venjulegri merkingu. Sízt sambærilegur til fyrirmyndar. En ég

beygi mig fyrir því, að þarna á að hafa með höndum verklega kennslu á miklu fleiri sviðum heldur en á einum stað er farið inn á í algengum búrekstri. Þess vegna tel ég ekki rétt að standa á móti þeirri tilhögun á þessu, að búin verði rekin fyrir reikning ríkisins. Ég er því sammála meðnefndarmönnum mínum um þetta atriði.

Ég vænti þess, að frv. þetta nái fram að ganga. Það stefnir áreiðanlega í rétta átt, með því að það leggur meiri áherzlu á verklega námið við búnaðarskólana heldur en gert hefir verið að undanförnu. Ég hygg líka, að svo sé um hnútana búið í frv., að þetta verði ekki til þess að fæla menn frá skólunum.

*Stefán Stefánsson: Hv. frsm. landbn., 2. þm. Skagf., tók þessari brtt. okkar hv. þm. Dal. á þskj. 59 að ýmsu leyti mjög vingjarnlega. Vil ég í því sambandi sérstaklega nefna þessa framhaldsdeild, sem lagt er til í okkar brtt., að sett verði á stofn við Hvanneyrarskólann. Hann taldi hina mestu þörf á þessari framhaldsdeild. Það virðist sem ekkert annað vekti fyrir honum til að vera á móti því heldur en það, að til þess vantaði húsakost á Hvanneyri, sem sagt, að ef þessi framhaldsdeild ætti að verða sett á stofn, þá yrði gerð krafa um meiri fjárframlög heldur en möguleikar væru á að veita, að mér skildist. En ég held því fram, að svo framarlega sem þessi hugmynd er rétt og góð í sjálfu sér, sem ég tel hana vera, og enda einnig búnaðarþing, sem hvað eftir annað hefir gert till. um þessa hluti, þá eigi ríkisvaldið ekki að láta það standa í vegi fyrir framkvæmdum, að því sé borið við, að ekki sé til fé til þessara framkvæmda. Ég hygg, að fé það, sem í þetta færi, yrði ekki svo verulegt, að hv. þdm. ætti að hrjósa hugur við því að leggja það fram. Ég hygg, að fé verði lagt fram úr ríkissjóði til þess, sem miður skyldi heldur en þess að auka þekkingu landsmanna á landbúnaðarstörfum á þennan hátt.

Hv. frsm. minntist á, að 7 menn íslenzkir væru nú í útlöndum við landbúnaðarnám og því væri minni þörf á að setja á stofn þessa framhaldsdeild nú en ella hefði verið. Ég viðurkenni, að það kann að vera nokkurs virði að hafa þessa menn til þess að taka við þeim störfum, sem framhaldsdeildinni er ætlað að vinna. En að því er þau störf snertir held ég því fram, að innlend tilraunastarfsemi og prófvísindi yrði betri grundvöllur undir þekkingu íslenzkra búnaðarráðunauta heldur en sú fræðsla, sem miðuð er einungis við erlenda staðhætti ýmsa, því að hér eru að ýmsu leyti aðrir staðhættir en erlendis.

Hv. frsm. vildi draga það í efa, að þessi framhaldsdeild yrði þess megnug að veita nemendum sínum þá þekkingu, sem þeir þyrftu á að halda eftir þeim kröfum, sem ætti að gera til þeirra manna. Ég játa, að ég er ekki honum jafn til að dæma um þetta. En ég held því fram, að þessi framhaldsdeild yrði mönnum hagkvæmari til náms heldur en eins árs erlent nám eingöngu.

Hv. þm. Borgf. var einnig till. um þessa framhaldsdeild meðmæltur en taldi, að mér virtist, eins og hv. frsm., það standa í vegi, að ekki væri fé fyrir hendi til þessara framkvæmda.

Að því er snertir hina höfuðbreyt., sem till. er um í brtt. okkar hv. þm. Dal., að í stað þess, að í frv. á þskj. 21 er gert ráð fyrir að skólarnir séu þriggja missira skólar, er í brtt. gert ráð fyrir, að þeir verði tveggja ára skólar —, að því er snertir þessa breyt. gat hv. frsm. þess, að honum þætti æskilegt, að bændaefni stunduðu svo langt nám. En hann dró í efa, að með því móti mundu menn eins sækja skólana. Ég get hugsað mér vandkvæði í þessu efni, sérstaklega hjá nemendum, sem eru fyrirvinna í foreldrahúsum og óhægt eiga þess vegna með að komast að heiman. En með tilliti til þeirra, sem vinna utan síns heimilis í sveit, og einnig þeirra, sem búa í kaupstöðum, virðist mér ekkert mæla á móti þessari breyt., því að þarna fengju menn frítt húsnæði og uppihald um tveggja ára tíma, þannig að skólavistin kostaði nemendur ekkert nema það, sem til fatnaðar færi, þennan tveggja ára tíma. Ég hygg því þessa breyt. ekki eins fráfælandi sem hv. frsm. vildi vera láta eða gera ráð fyrir. Í grg. frv. segir um bændaskólana og starf þeirra fyrir aldamótin síðustu á þá leið, að árangur af starfi skólanna undir þessu fyrsta fyrirkomulagi hafi á ýmsan hátt verið glæsilegur; mestar breyt. til bóta hafi orðið á verklega sviðinu og að með þeim mönnum, sem komu frá skólunum, hafi breiðzt út þekking meðal bænda um hagnýtari vinnuaðferðir og notkun nýrra verkfæra til framfara og endurbóta í búnaði. Það er einmitt það, sem við viljum flm. brtt., koma til vegar með þessari lengingu á námstímanum, að árangur skólanna verði glæsilegri. Fyrst og fremst yrði hann glæsilegri með því að nemendur fengju fullkomnari reynsluþekkingu um ræktun og notkun verkfæra, sem þeim er ætlað að fá þekkingu á í búnaðarskólunum, heldur en þeir fá á einu sumri. Því að ég hefi ekki trú á, að á einu sumri geti þeir menn, sem áður en þeir koma í skólann hafa ekki notið annarar fræðslu en venjulegrar barnafræðslu, notfært svo tækifærið til verklega námsins, að það nám komi þeim að nokkru verulegu haldi. Ég held því miður, að þetta yrði yfirborðsmenntun, sem nemendur yrðu ekki færir um að notfæra fyrir sig og því síður mundi gera þá færa um að leiðbeina bændum um þessi efni.

Þá minntist hv. frsm. á þá till. í brtt. okkar við 1. málsgr. 4. gr. frv., að í staðinn fyrir tvo fasta kennara, sem gert er ráð fyrir í frv., komi þrír fastir kennarar. Hann taldi þetta afturför frá till. frv. Er það venjulega talin afturför við einn skóla að ákveða, að kennarar skuli vera fleiri en þeir hafa verið áður? Ég vil telja það í framfaraátt, að fjölga kennurum við skóla, en ekki spor aftur á bak. En við gerum einnig ráð fyrir, sem er í samræmi við vilja hv. frsm., að notaðir verði einnig allir þeir aðrir kennslukraftar til viðbótar þessum föstu kennurum, sem þörf er á og lagt er til í frv., að ráðnir séu til skólans þ. e. a. s. aukakennarar, og að það sé lagt í vald skólastjóra, í samráði við landbrh., að meta, hverra kennslukrafta sé þörf við skólana.

k. í 2 ár eftir að hann varð 12 ára. Við þessa gr. er brtt. frá meiri hl. n., um að skólastjóra sé heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Nú verður að taka það til ihugunar, að það er tiltölulega stutt síðan bæir mynduðust hér á landi og fólkið þyrptist saman í kaupstöðunum, að mikill hluti af íbúum bæjanna er úr sveit. Nú er ekki gerandi ráð fyrir að þetta fólk fari að flytja aftur til sveitanna, en það getur komið fram hjá niðjum þess, að þá langi til að flytja aftur til sveitanna. Á þetta vildi ég ekki að lögð yrðu nein höft, ekki einu sinni að skólastjóri ætti að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Allir vita, hvað mikil vandræði eru að atvinnuleysinu í kaupstöðunum. Það er því full nauðsyn á að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem geta komið í veg fyrir þá spillingu, sem leiðir af atvinnuleysi unglinga í kaupstöðunum. Nú veit ég fyrir víst, að það er margt ungt fólk í kaupstöðunum, sem hefir áhuga fyrir landbúnaði, enda er það ekki nema eðlilegt að svo sé, þar sem feður og mæður þessa fólks hafa ef til vill alið allan sinn aldur í sveit. Og það eru dæmi til, að ýmsir ungir menn hafi flutt sig aftur til sveitanna og reynzt þar dugandi menn til jafns við þá, sem aldir eru upp á sveitaheimilum. Ég vil ekki setja neinar hömlur við því, að þessir ungu menn geti fengið inngöngu í bændaskólana. Og þó að skólastjóranum yrði veitt heimild til að veita undanþágur, þá yrði reglan samt sem áður sú, að meiri hlutinn yrði frá að hverfa. Ég mun við þessa umr. bera fram skrifl. brtt. í þá átt, að b-liður 6. gr. verði felldur niður og stafliðirnir breytist eftir því.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 10. landsk.: [Sjá þskj. 183.] Verður að veita tvöföld afbrigði frá þingsköpum til þess að brtt. þessi geti komizt að til umr. og atkvgr.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég sé nú í sjálfu sér ekki, að það sé svo mikill munur á hinni skrifl. brtt. og því, sem meiri hl. n. leggur til. Munurinn er sá, að hjá okkur er það tekið upp sem regla, að nemendur skuli hafa starfað eitthvað að landbúnaði, en við gerum hinsvegar mögulegt fyrir alla að komast í skólana. Við, sem höfum fengizt við kennslu í bændaskólunum, vitum það vel, að það er miklu betra fyrir nemendur að vera búnir að vinna eitthvað í því praktiska lífi áður en þeir koma í skólana, og þess vegna álít ég, að það eigi að vera höfuðreglan, hvort sem þetta þurfa nú að vera 2 ár. En eins sjálfsagt og það er, að þetta sé höfuðreglan, þá er það vitanlega rétt að útiloka ekki hina. En við teljum sem sagt rétt að láta pilta úr sveit sitja fyrir, þar sem þeir óneitanlega hafa miklu betri skilyrði til að nota sér námið til fullnustu. Af þessum ástæðum tel ég, að það sé réttara að lofa gr. að standa með þeirri breyt., sem meiri hl. leggur til, að gerð verði á henni. Á hinn bóginn tel ég svo sem ekkert skaða þó að brtt. hv. 10. landsk. yrði samþ.

Hv. 10. landsk. beindi fyrirspurn til hæstv. ráðh. um kostnaðarhlið málsins. Hæstv. ráðh. mun svara henni sjálfur en ég vil bara benda á, að beinn kostnaðarauki af þessu þyrfti ekki að vera annar en sá, að bæta þyrfti við einum kennara. Hitt getur náttúrlega verið, að ef frv. yrði að l., þá yrði það til þess að meira yrði hugsað um skólana en oft hefir viljað brenna við. Það hefir nú verið svo með þessa skóla, eins og aðra skóla, að fjárhagur ríkisins hefir verið þannig, að hann hefir ekki leyft, að þeir hafi fengið það fé, sem þeir, sem að skólunum hafa staðið, hafa talið nauðsynlegt. En ég er ekki frá því, að slík l., sem hér er gert ráð fyrir, mundu geta leitt til þess, að fjárveitingavaldið fengi meiri áhuga fyrir að gera skólana betur úr garði en stundum áður hefir verið. Þetta gæti því haft í för með sér óbein útgjöld, en vitanlega verður það eftir því, hvernig meiri hl. Alþ. er stemmdur á hverjum tíma gagnvart skólunum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Um þessa skrifl. brtt., sem liggur hér fyrir, vil ég segja það, að ég tel ekki, að hún skipti verulegu máli. En mér finnst þó ekki óeðlilegt, að það sé gengið frá frv. eins og landbn. hefir lagt til. Það var dálítið um það rætt, þegar frv. var í undirbúningi, hvort þetta ákvæði skyldi vera í frv. eða ekki, og það var talið eðlilegt, að svo væri, fyrir þá sök, að hér er um að ræða sérnám, og sú regla er yfirleitt látin gilda í l., að menn hafi með verklegum störfum búið sig undir það sérnám, sem þeir ætla að stunda. Og þó að það geti náttúrlega komið fyrir, að menn, sem aldrei hafa stundað landbúnað, verði góðir námsmenn við þetta nám, þá er þó ekki hægt að neita því, að það gildir sama reglan um þetta nám og annað sérnám, að það er ekki líklegt, að maður sé vel undir það búinn að nema búfræði, ef hann hefir aldrei skipt sér af landbúnaðarmálum. Þess vegna er það ekki óeðlilegt, að aðalreglan verði 2 ár, en að skólastjóri hafi undanþáguheimild gagnvart þeim nemendum, er líklegir sýnast, þó þeir hafi ekki fullan undirbúningstíma.

Um fyrirspurn hv. 10. landsk. til mín um það, hver muni verða kostnaðarauki af frv., ef að l. verður, vil ég segja það, að þegar frv. var í undirbúningi, var þetta rannsakað gaumgæfilega. Vegna breytinga á skólanum var gert ráð fyrir, að bæta þyrfti við einum kennara og jafnframt að hækka eitthvað laun þeirra kennara, sem fyrir eru, vegna þess, að skólaárið verður lengt, þannig að það nær yfir allt árið samkv. frv.; einnig mun verða eitthvað lítilsháttar betur búið að skólunum en verið hefir. Miðað við þessar breyt. frv. verður kostnaðarauki um 10 þús. kr. á ári.

Þorsteinn Þorsteinsson: Tveir síðustu ræðumenn hafa tekið fram nokkuð af því, sem ég ætlaði að minnast á, en ég vil strax taka það fram, að ég tel hina skrifl. brtt. frá hv. 10. landsk. vera frekar til ógagns en gagns. Ég álít mjög heppilegt fyrir þá, sem í bændaskóla fara, að þeir hafi hlotið þann undirbúning, sem tiltekinn er í b-lið 6. gr. frv., að hafa unnið land-

búnaðarstörf í 2 ár eftir 12 ára aldur, því slíkur undirbúningur gerir þeim námið léttara og skiljanlegra og hægari þá vinnu, sem fyrir kann að koma og þeim ber að vinna í skólanum. Og ef þetta er sett í almennum reglum, að nemandi skuli hafa unnið 2 ár í sveit áður en hann fer í skólann, þá mundi það verða til þess, að kaupstaðarbúar, er senda vildu pilta í skólann, létu þá vera í sveit áður þennan tiltekna tíma, a. m. k. yfir sumartímann; þannig mundu kaupstaðarpiltarnir síður dragast aftur úr við námið, svo að þetta ætti að geta orðið bæði skólunum og nemendunum til góðs.

Að öðru leyti er ég n. sammála um sínar brtt.

***Jón Baldvinsson:** Hæstv. forsrh. upplýsti, að allur kostnaðaraukinn, sem leiða mun af þessu frv., muni verða 10 þús. kr. Það er í sjálfu sér ekki svo mikil fjárupphæð, að nokkrum þurfi að ógna, ef verulegt gagn yrði að þessum breytingum.

Mér hefir fundizt hæstv. ráðh. og hv. meðnm. mínir taka heldur þunglega minni brtt. um að fella niður b-lið 6. gr., en eftir því, sem ég hugsa betur um málið, sé ég, að í þessum lið felast einmitt mjög miklar takmarkanir fyrir kaupstaðarpilta, þar sem þeim er sett það skilyrði að hafa verið 2 ár í sveit eftir að þeir voru 12 ára. Nú er það svo, að margir kaupstaðarpiltar eru í sveit á aldrinum 6, 7 og 8 ára og allt fram að 12 ára aldri, en eftir það þykir hentara, að þeir dvelji í kaupstað, ef þeir geta fengið þar vinnu, jafnvel þó þeir sjálfir hefðu mikinn áhuga fyrir því að vera áfram í sveitinni. Bæði fjárhagsástæður og annað geta valdið því, að þessir piltar eiga þess ekki kost að leggja fyrir sig sveitavinnu úr því. Þetta aldurstakmark verður því beinlínis til þess að útiloka kaupstaðapilta frá bændaskólunum. Hv. frsm. hefir haldið því fram, að sveitapiltum veittist nám við bændaskólana yfirleitt léttara vegna þess, að þeir hefðu vanizt sveitastörfum og séð unnið, og má það til sanns vegar færa að sumu leyti. Þó er því til að svara, að piltar í kaupstöðum, sem sækja um inntöku í bændaskóla, gera það af sérstökum áhuga, af því þeir finna, að þeir eiga heima í þeirri atvinnugrein. Þetta verða hv. meðnm. mínir að játa, en svo þarf ekki að vera með alla sveitapilta, þó þeir eða aðstandendur þeirra telji þá kallaða til að fara í búnaðarskóla. Þannig er líklegt, að kaupstaðapiltarnir, sem ekki mundu sækja um þessa skóla nema fyrir sérstakan áhuga, séu betur hæfir eða eins vel hæfir og þeir sveitapiltar, sem mestan áhuga hafa fyrir landbúnaði, til að sækja búnaðarskólana. Þennan áhuga finnst mér, að ekki sé rétt að drepa niður, með tilliti til hinnar brýnu þarfar á því að beina fólksstraumunum úr kaupstöðunum til sveitanna. Því lengur sem ég íhuga þetta atriði, því betur sé ég, að það á að fella niður þetta skilyrði í 6. gr., því eins og það er, mætti það heita hrein og bein undantekning, ef nokkur piltur úr kaupstað kæmist í bændaskólann næstu ár, eða hefði rétt til þess. Ég veit, að plássið er takmarkað í þessum skólum, og ég ætlast ekki til, að piltar úr kaupstöðum fái að fjölmenna þangað, en ég vil ekki, að þeir séu útilokaðir frá því að komast þangað, eins og mér finnst, að orðið geti eftir b-lið 6. gr., þrátt fyrir heimild skólastjóra til þess að veita undanþágu, er n. leggur til, að sett verði inn í l. Sem sagt, sveitapiltum eru í þessu frv. veitt margvísleg forréttindi fram yfir hina, og ég sé enga ástæðu til þess, einkanlega af þeirri ástæðu, að hér um bil allt fullorðið fólk í kaupstöðunum er komið úr sveitunum, þannig að það er yfirleitt aðeins einn ættliður, sem er uppalinn í kaupstöðunum og vel getur tileinkað sér hæfileika og áhuga forfeðra sinna fyrir landbúnaði, svo ég get eiginlega ekki betur séð en það sé meira um vert, að kaupstaðarpilturinn, sem áhuga hefir fyrir landbúnaðinum, fái inntöku í bændaskóla heldur en sveitapiltur, sem engan áhuga hefir fyrir því að ílengjast í sveitinni. Ég álít mestan ávinning fyrir landbúnaðinn að fá hinn virkilega áhuga. Mér er sagt, að sú tilraun, sem gerð var með að senda atvinnulausa unglinga í bændaskólana, sem ég veit ekki, hvort sérstaklega voru valdir vegna áhuga þeirra á landbúnaði, hafi gefizt svo vel, að fjórir af sex nemendum, sem þangað voru sendir, hafi sýnt alveg sérstakan áhuga á búnaði, sem er náttúrlega ekki óeðlilegt, svo skammt sem almenningur í kaupstöðunum er frá því vaxinn að vera bændafólk.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég vil ekki láta hjá líða að láta í ljós álit mitt á því, sem hv. 10. landsk. hefir tæpt á í sambandi við sína brtt., um þá takmörkun, sem mönnum í kaupstöðunum er sett fyrir aðgangi að búnaðarskólunum. Ég álít, að það sé a. m. k. fullt eins þýðingarmikið og hv. 10. landsk. hefir gefið í skyn, ekki aðeins fyrir þá, er við sjó búa, heldur líka sveitamennina, að nota hvert ráð, sem gefst til að koma í veg fyrir fólksstrauminn úr sveitunum til kaupstaðanna, sem ég hygg, að allir séu á einu máli um, að er hið mesta böl. Þó það kannske orki tvímælis yfirleitt, hvort réttara sé nú á þessum tíma að auka byrðar ríkissjóðs um þessar 10 þús. kr. til þess að gera breytingar á bændaskólunum, eða að geyma það betri tíma, þá er það víst, að það mætti mikið til þess vinna fyrir þjóðfélagið, ef hægt væri að koma af stað nokkrum straumhvörfum í þessu efni, stöðva að einhverju leyti þann mikla og stöðuga flótta úr sveitunum að sjónum. Til þess að stöðva þennan flótta þyrfti sjálfsagt margar og miklar ráðstafanir, og í sambandi við það finnst mér það alveg rétt, sem hv. 10. landsk. heldur fram, að það má á engan hátt, hvorki með þessari eða annari lagasetningu, torvelda það, að þeir, sem alast upp við sjó, geti, ef þeim býður svo við að horfa, lagt stund á landbúnað. Og þessi skrifl. brtt. hv. 10. landsk. fer fram á að nema burt úr frv. það haft, sem sett er á þá, er alast upp við sjó, til að sækja búnaðarskólana. Mér finnst sú till. hafa við full rök að styðjast. Meira að segja finnst mér, að þeir, sem búa í sveitunum, og þeir, sem taka að sér flutning hagsmunamála landbúnaðarins á Alþingi, ættu sér í lagi að vera því hlynntir að fá þannig nýtt blóð í sveitirnar,

*Stefán Stefánsson: Það eru örfáar aths. Hv. þm. Mýr., er hér talaði síðast, er sá einasti þm., þeirra er tekið hafa til máls, sem lýsti fullum fjandskap við framhaldsdeild við búnaðarskólana. Þetta kemur mér mjög undarlega fyrir, þar sem þessi hv. þm. mun vera stjórnarmaður í Búnaðarfélagi Íslands og fulltrúi á búnaðarþingi, þar sem beinlínis hefir verið samþ. áskorun um að koma þessari framhaldsdeild á stofn. Hann telur að verða muni betra og hagkvæmara að njóta erlendrar skólafræðslu heldur en koma henni á stofn innanlands, það muni verða svo dýrt, að heppilegra sé, að ríkið styrki menn til utanfarar, sem eiga að taka að sér starf þeirra manna, sem framhaldsdeildin ætlar að ná til. Ég verð nú að segja það, að ég get ekki verið hv. þm. sammála í þessu efni. Ég og meðflm. minn ætluðumst í sjálfu sér ekki til, að komið sé upp búnaðarháskóla, eins og hv. þm. Mýr. og 2. þm. Skagf. gera ráð fyrir, og dreg ég það af kostnaðinum, sem hann sagði, að myndi verða af þessu, 100—200 þús. kr. Það er ekki hugmynd okkar að svo stöddu, en mætti vel verða vísir til búnaðarháskóla í framtíðinni. Það er í sjálfu sér alveg ósambærilegur hlutur að stunda nám innanlands eða erlendis hvað kostnaðarhliðina snertir. Búnaðarháskólanám er 3 ára nám og þar að auki nokkur verkleg kennsla. Ég skal ekki um það dæma, hvort sú verklega þekking, sem aflað væri hér á landi, nægði til inntöku í búnaðarháskóla, en með þessu verklega námsári, ef það þyrfti að vera erlendis, er það orðið 4 ára nám, og miklu kostnaðarsamara en nemendur yfirleitt geta lagt á sig, — menn, sem eiga í vændum að starfa sem héraðsráðunautar og ekki eru betur launaðir en nú er. Ég vil halda því mjög ákveðið fram, að framhaldsdeild eigi hinn fyllsta rétt á sér og þar fái héraðsráðunautar þá þekkingu, sem þeir þurfa til viðbótar því námi, sem þeir verða að afla sér erlendis. Og þetta 3 ára búfræðinám hér heima og sumardvöl við búnaðarframkvæmdir í Danmörku hygg ég, að verði ráðunautunum engu síður notadrjúgt í sínu starfi eins og þó að þeir hefðu stundað 3—4 ára nám erlendis.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að við vildum aðeins 3 kennara í skólann, en þeir 4, þá get ég upplýst, að við leggjum til, að 3 fastir kennarar verði, og auk þess séu teknir kennarar eftir þörfum; þannig gætu þeir orðið fjórir, fimm eða sex, eftir því sem skólastjóri telur þörf og ráðherra. En samkv. frv. geta þeir aldrei orðið nema fjórir, tveir fastir og tveir til viðbótar.

Þá talaði hv. þm. um, að dráttarvélar gætu heyrt undir verkfæri. Ég skal ekki karpa um það frekar en hann. Það skiptir ekki máli, en ég held því fram, að í daglegu máli teljist dráttarvélar ekki til verkfæra um byggð landsins. Ég vænti þess að hv. þdm. sjái, að þessar till. okkar miða fram á við og það muni verða fremur bændaskólum til eflingar og blessunar í landinu, ef þær ná fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 65,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 65,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 65,3 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 65,4 (ný 4. gr.) samþ. með 18:2 atkv.

— 59,1 kom ekki til atkv.

— 59,2.a felld með 13:3 atkv.

— 59,2.b samþ. án atkvgr.

— 59,2.c felld með 11:9 atkv.

— 65,5 samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 65,6 samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 59,3 kom ekki til atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv

Brtt. 59,4.a kom ekki til atkv.

— 59,4.b felld með 11:9 atkv.

— 65,7 samþ. með 18 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 59,5 kom ekki til atkv.

8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 65,8 samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 59,6.a felld með 12:4 atkv.

— 59,6.b—f teknar aftur.

— 59,7 tekin aftur.

10.—13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 65,9 samþ. án atkvgr.

— 59,8 tekin aftur.

14. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 82, 90).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. flytur 3 brtt. við þetta frv. á þskj. 90. Ég gat þess við 2. umr., að komið hefðu fram tilmæli frá skólastjórum bændaskólanna um tvær brtt. við frv., en ekki fyrr en gengið hafði verið frá nál.

Önnur þessara till. er við 5. gr. frv. og er í því fólgin, að í stað þess sem í frv. er gert ráð fyrir að bókleg kennsla skuli vera 15. okt. til 30. apríl, þá er þetta stytt í brtt. og lagt til, að bóklegu námi ásamt prófi skuli vera lokið um miðjan apríl. Þessa er óskað af því, að það þykir seint vegna ýmissa vorstarfa að geta ekki byrjað á þeim fyrr en í maíbyrjun. Þess vegna þykir hentugra, að bóklegum störfum sé hætt um miðjan apríl.

Ég skal geta þess, að ekki voru nema þrír nm. mættir, svo að hinir hafa vitanlega óbundin atkv. um brtt.

Þá er hin brtt., sem er við 8. gr., og 10. gr. í sambandi við hana. Í frv. eins og það er nú er gert ráð fyrir því, að skólabúið selji nemendum fæði, en að ekki sé um mötuneyti að ræða. Þetta ákvæði var sett í frv. með það fyrir augum, að eðlilegt væri, þar sem nemendur eiga að hafa frítt uppihald seinni hluta námstímans, að þeir fengju þessi fríðindi hjá skólabúinu, en hefðu ekki mötuneyti sér. Nú hafa komið tilmæli frá skólastjórum bændaskólanna, að heimilt væri að hafa mötuneyti, ef það þætti

hentugra. Þessi brtt. stefnir að því, að hægt sé að hafa mötuneyti, ef hentugra þykir. Er það á valdi skólastjóra og nemenda, hvor skipunin er höfð.

Þetta eru þá þær brtt., sem gerðar eru samkv. óskum skólastjóra bændaskólanna. Að lokum er svo smávægileg orðabreyt., sem ekki þarf að tala um; hún raskar ekki meiningunni, en færir til betra máls.

Ég þarf svo ekki fleira að segja um þetta að sinni.

Forseti (JörB): Ég skal benda á, að í brtt. við 8. gr. er ætlazt til, að 1. málsl. falli niður, en ekki málsgr. Er þar aðeins um misritun að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 90,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 90,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 90,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 90,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Á 21. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 92).

Á 22. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 92, n. 165).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv., sem komið er til þessarar d. frá Nd., gerir allverulegar breyt. á l. um bændaskóla frá því, sem þau nú eru. Þegar bændaskólarnir voru fyrst reistir hér á landi fyrir og eftir 1890, þá voru þeir reistir eftir norskri fyrirmynd. Skólarnir voru amtskólar, námstíminn tveir vetur og sumur, og námið því bæði verklegt og bóklegt, og skólarnir gengu yfirleitt vel. En um aldamótin fara þeir Páll Briem amtmaður og Sigurður Sigurðsson síðar búnaðarmálastjóri, að vinna að því, að verklega námið sé lagt niður, og 1902 var þetta gert við Hólaskóla, sem þá var amtsskóli, með Pál Briem sem æðsta yfirboðara. Þessi breyting var vafalaust gerð eftir danskri fyrirmynd, en þar hefir einungis verið kennt bóklegt nám, nema í Næsgaard búnaðarskóla, sem rekinn er eftir sérstakri skipulagsskrá og starfar með fé af gjafasjóði og er öllum óháður. Milliþinganefndin í landbúnaðarmálum, sem m. a. Þórhallur biskup Bjarnarson átti sæti í, lagði til 1904, að landið ræki tvo bændaskóla og að kennslan í þeim væri eingöngu bókleg. Frumvarp þeirra varð að lögum 1905 og var þá strax tekið við Hólaskóla, en ekki við Hvanneyri fyrr en 1907, og stóð mest á afhendingu frá amtinu, sem var tregt til að afhenda skólann vegna breytingarinnar á kennslunni. Ólafsdalsskólinn lagðist niður, en Eiðaskóla var síðar breytt í alþýðuskóla.

Ekki höfðu skólarnir lengi starfað eftir hinum nýju lögum, þegar ýmsum fór að finnast verklega námið lítið. Skólastjórarnir fundu þetta, og var þá farið að halda námsskeið við skólana — oftast sex vikna — að vorinu, og þar kennt að plægja, herfa o. s. frv. Þessi námskeið hafa síðan verið smáfullkomnuð, og þó ekki þótt nóg. Fyrsta frumv. þm. Mýr. var að auka verknámið við skólana, og síðan hefir æ verið að því keppt, þó smátt hafi gengið. En með þessu frv. er sporið stigið fullt og skólarnir aftur færðir í sama formið og þeir voru frá stofnun þeirra og til 1905.

Þeir eru gerðir verklegir og bóklegir og ætlazt til, að skólabúin verði rekin af ríkinu, sem áður var bara heimild. Mundu bú þessi jafnframt verða rekin sem fyrirmyndarbú. Breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru óverulegar, og n. er sammála um þær, nema einn nm., sem skrifar undir nál. með fyrirvara. Flestar brtt. eru einungis orðabreyt., en þær till., sem fela í sér efnisbreyt., eru brtt. sem snerta 4. gr., en þar leggur n. til, að tekið verði fram atriði, sem staðið hefir áður í l. og skemmtilegra er að falli ekki burt, en það er um, að skólastjóri hafi aðalumsjón með nemendum, húsum og áhöldum.

Þá kemur brtt. við 5. gr., sem er aðeins orðabreyt. Aftur á móti felur brtt. við 6. gr. í sér dálitla efnisbreyt. Í gr. er það sett sem inntökuskilyrði á bændaskólana, að nemandinn hafi unnið við landbúnað a. m. k. 2 ár eftir 12 ára aldur. Það virðist vera ýmislegt, sem getur mælt með þessu, og n. fann ekki ástæðu til að fella það niður. Hinsvegar getur aðstaðan verið þannig, að það séu menn úr kaupstöðum, sem ekki hafa unnið að landbúnaðarstörfum, en gjarnan vildu sækja þessa skóla. Þannig hefir þetta verið undanfarin ár og þess vegna leggur n. til að það sé sett í l. a. m. k. heimild til að hægt sé að veita þessum mönnum inntöku í skólana. Aðrar brtt. n. eru eins og ég sagði einungis orðabreyt., og tel ég óþarft að fara út í þær sérstaklega. N. leggur til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., en einn nm. hefir gert fyrirvara, og er hann bundinn við 4. brtt. við 6. gr., sem ég lýsti áðan.

***Jón Baldvinsson:** Þetta frv. mun hafa einhvern meiri og frekari kostnað í för með sér heldur en þau l., sem nú eru í gildi. Að sumu leyti kemur þetta ekki öðruvísi fram heldur en þannig að bæta verður við fé í fjárlögum. Væri annars fróðlegt að heyra álit landbrh. á kostnaðarhlið málsins. Ég er ekki að spyrja um það af því, að ég telji ekki að það geti verið nauðsynlegt að auka starfsemi bændaskólanna, heldur af því, að mér fyndist skemmtilegra að fá að vita eitthvað um þessa hluti áður en frv. yrði samþ. Fyrirvari minn undir nál. er þó meira bundinn við 6. gr. frv., sem ég get ekki orðið sammála meðnm. mínum um. Í 6. gr. er það gert að skilyrði fyrir inntöku í bændaskólana, að umsækjandi hafi unnið að landbúnaði a. m.

Þessi brtt. okkar er gerð með það fyrir augum, að þegar gert er ráð fyrir að auka námið, þá eigi ekki að fækka fastakennurum. Ég hygg, að með því að hafa nægilega marga fasta kennara við búnaðarskólana, sé fengin meiri trygging fyrir því, að kennslan sé góð, heldur en með því að taka menn til kennslunnar gripna á hlaupum í það og það skiptið.

Þá talaði hv. frsm. mikið um, að ég hefði gert mikið úr því, að búfræðingar vissu oft ekkert að náminu loknu að því er snerti verklega kunnáttu. Ég vil minna hv. frsm. á, að e. t. v. hefir hann staðið að samningu grg. frv., og ég sagði aðeins, að þetta væri réttilega fram tekið í grg. frv.

Það skiptir í sjálfu sér litlu um launakjörin, hvort þau eru ákveðin í l. um bændaskóla eða í launal. En ég tel skylt að bæta kjör þeirra manna, sem kenna í bændaskólunum. Það er broslegt að sjá það í l., að 3 kennarar í bændaskóla fái ekki meiri laun allir samtals en einn skrifstofumaður hjá ríkinu. Ég vona, að menn geti verið mér sammála um, að þarna sé ástæða til að bæta úr á þessu sviði.

Þá var þessi viðbót við 7. gr., sem við hv. þm. Dal. leggjum til, nefnilega að nemendum verði sérstaklega veitt tilsögn í meðferð og hirðingu dráttarvéla, þeim er þess kynnu að óska. Hv. 2. þm. Skagf. vildi telja, að 5. málsgr. 7. gr. frv. fæli þetta í sér, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar". Ég hygg, að í daglegu tali séu dráttarvélar ekki taldar verkfæri. Teldi ég því til skýringar rétt að taka þetta fram eins og við leggjum til í brtt. Ég hygg það fullkomlega rétt, að þegar í daglegu tali er talað um verkfæri, sé átt við hestaverkfæri, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar o. þ. h., en ekki dráttarvélar. Þar í sveitum, sem ég þekki til, mundi enginn maður í daglegu tali tala um dráttarvélar sem verkfæri; mönnum finnst þær of stórkostlegar til þess að kalla þær því nafni.

Hefi ég svo ekki fleiru við þetta að bæta að sinni, en vil vænta þess, að hv. þdm. geti orðið sammála um samþykkt á þessari höfuðbreyt., sem við hv. þm. Dal. leggjum til. Og það, sem skýrt bendir til, að svo megi verða, er einmitt álit þessara hv. nm., 2. þm. Skagf. og hv. þm. Borgf., að þeir lýstu sig fylgjandi till. um framhaldsdeild við Hvanneyrarskólann, en aðeins töldu það á móti framkvæmd þeirrar till. okkar, að ekki væri nægilegt fé fyrir hendi. Okkur flm. brtt. er vel ljóst, að þetta kostar nokkurt fé. En við erum reiðubúnir til að athuga möguleika fyrir tekjuöflunarleiðum til þess að standast útgjöld, sem af þessu leiðir. Ég tel, að bæði fyrr og síðar hafi verið veitt fé úr ríkissjóði til ýmissa hluta, sem miður skyldi heldur en til þess að efla sérstaklega verklega menntun bænda í landinu og þeirra, sem eiga að hafa með höndum leiðbeiningarstörf um landbúnaðarmál.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég býst við, að þýðingarlítið sé að karpa lengi um þetta. Vil ég þó mótmæla því, sem hv. flm. brtt. sagði, að ég hefði sagzt vera samþ. þessum höfuðbrtt. þeirra hv. þm. Dal. og hans, að sett yrði á stofn framhaldsdeild við Hvanneyrarskólann. Ég tók það einmitt fram, að ég væri ásamt n. þeim ósamþykkur. Og ég verð að segja það (þó að hv. þm. Borgf. sé því miður ekki hér viðstaddur), að mér þótti það ákaflega einkennilegt, að hann skyldi lýsa sig fylgjandi þessum till., því að ég vissi ekki betur en að fullt samkomulag væri um það í n. að mæla á móti till. Ég heyrði ekki hv. þm. Borgf. mæla þar eitt orð um það, að hann væri samþ. þessum till. um framhaldsdeild. (BÁ: Er þá ekki fyrirvari?). Nei, hann er enginn í nál. Þess vegna þótti mér þetta einkennilegt.

Ekki skal ég um það þrátta við hv. 4. landsk., hvort dráttarvélar eigi að kallast verkfæri. Ég hefi heldur aldrei í daglegu tali heyrt sláttuvélar, rakstrarvélar eða snúningsvélar kallaðar verkfæri. En vitanlega eru þetta allt verkfæri. Það er hlægilegt og tilgangslaust að karpa um þetta. En e. t. v. hefði átt að standa í frv. „véla og verkfæra". En það vita allir, að þarna í 5. mgr. 7. gr. frv. er átt við öll tæki, sem notuð eru til jarðvinnslu og annara bústarfa. Vitanlega verða sum þau verkfæri, sem í daglegu tali eru kölluð því nafni, ekki notuð nema í sambandi við dráttarvél, svo sem til þess gerðir plógar og herfi. Ég vil halda því fram, að þessi málsgr. frv. taki yfir þetta allt og að það hafi enga efnislega þýðingu í för með sér, hvort þessi málsgr. brtt. er samþ. eða ekki.

Út af þeirri kennarafækkun, sem ég tel, að hv. flm. brtt. séu með, vil ég segja nokkur orð. Til að inna af hendi það kennslustarf, sem hefir verið fjögra kennara starf við skólana, segja þeir, að ætlazt sé til í frv., að séu hafðir aðeins þrír kennarar. En ég tók það fram, að þessi tala kennara er svo ákveðin samkv. till. skólastjóranna við báða bændaskólana. Ég taldi þess vegna heppilegt að hafa lausa kennslukrafta við skólana að nokkru leyti, en vitanlega er það ekki tilætlunin að skerða kennslukrafta skólanna.

Skal ég þá aðeins nokkuð minnast á framhaldsdeildina. Ég tók það fram áðan, að út af fyrir sig væri það ágætt að fá slíka framhaldsdeild. En það mál er ekki á neinn hátt þannig undirbúið að hægt sé að setja þá stofnun upp nú í náinni framtíð. Það hefir ekki komið fram frá flm. brtt. tilraun til að gera áætlun um, hvað slík stofnun mundi kosta, hvorki hvað stofnkostnað snertir né í rekstri. Það verður ekki komið upp framhaldsdeild við þennan skóla (á Hvanneyri) svo að hún sé boðleg sem framhaldsdeild við bændaskólana hér án þess að stofnkostnaður verði a. m. k. 100 þús. krónur. Það er ekkert framhaldsnám á sviði búvísinda, ef á aðeins að taka einhverjar bóklegar námsgreinar til viðbótar, eins og hér er gert ráð fyrir í frv. Það er ekki gerandi á öðrum grundvelli en að við slíka stofnun væri efnarannsóknarstofa ásamt ýmsum söfnum, þar sem nemendur gætu fengið að vinna við efnagreiningu og ýmsar aðrar athuganir, bæði er snerti grasafræði og margt annað, eins og alstaðar viðgengst

við slíkar stofnanir erlendis. Einhvern vísi í slíku yrðum við að setja upp í sambandi við slíka stofnun, ef hún á ekki að vera hreinasta kák. Og t. d. með því að fara að taka upp kennslu í búfjársjúkdómum eins og hér er gert ráð fyrir í frv., þá verðum við að sjá um, að nemendur geti lært eitthvað á því sviði. Ég vil segja, að það er auðvelt að setja frv. fram í 6 greinum um, að slík stofnun sé reist. En það er ekki gerð nokkur minnsta tilraun til að gera grein fyrir, hvernig eigi að framkvæma það og hvað það kosti, en það er það fyrsta, sem verður að gera. Ef kæmi þáltill. um að rannsaka möguleikana til þessa og á hvern hátt því yrði fyrir komið, þá væri hægt að mæla með því. Það er einmitt svo með menntastofnanir, sem eiga að veita æðri menntun í landbúnaði, að það er margt, sem kemur til greina, margt að fást við, jurtir og búfé, að ekki er hægt að hugsa sér þá starfsemi öðruvísi en í sambandi við hana komi ýmsar stofnanir, þar sem nemendur fá æfingu, ekki einungis við verkleg störf, heldur þurfa þeir einnig að fá einhvern snefil af vísindastarfi. Og það er þetta, sem gerir það að verkum, að ég fyrir mitt leyti áleit — og ég vissi ekki annað en að öll n. væri sammála um, að ekki væri hægt að mæla með því, að þessar till. yrðu samþ. eins og þær liggja hér fyrir, þrátt fyrir það, þó að þetta sé vitanlega framtíðarmál, sem við einhvern tíma síðar munum leysa. En ég er alls ekki viss um, að slík stofnun eigi að vera við bændaskóla. Það er að rísa upp atvinnudeild við háskólann, sem á að taka við kennslu í hagnýtum fræðum, og hvað er þá eðlilegra en að í sambandi við þá stofnun væri komið upp sérfræðimenntun einmitt fyrir landbúnaðinn? Hér í Reykjavík yrðu einmitt þau tæki til í þeirri stofnun, sem þessir menn þyrftu að nota. Vitanlega gætu þeir innt verklegt nám af höndum á bændaskólabúum og öðrum stofnunum í landbúnaði. Ég vil enn halda því fram, að þetta frumvarp sé allt of flaustурslega fram borið til þess að nokkur meining sé að samþykkja það eins og það liggur fyrir.

*Bjarni Ásgeirsson: Ég vil segja hér nokkur orð, aðeins til áréttingar því, sem hv. frsm. talaði um síðast. Ég held, að ég hafi af nm. haft einna minnsta trú á þessa framhaldsdeild, sem verið er að leggja til, að komið verði upp við bændaskólana. Að vísu var þetta mál rætt á síðasta búnaðarþingi og samþ. að leggja til, að þessi deild verði sett á stofn. Ég var mjög andvígur þeim skoðunum, sem komu fram, og þrátt fyrir atkvgr. og umr. varð ég aldrei sannfærður um, að nein slík knýjandi nauðsyn væri á þessari deild, og ég gat ekki verið að hverfa frá þeirri skoðun minni, þrátt fyrir það, þó að atkvgr. í þeirri vitanlega virðulegu stofnun færi eins og hún fór. Að vísu er rétt, eins og tekið var fram, að full þörf er á því, sérstaklega fyrir þá, sem eiga að vera leiðandi meðal bænda, að þeir eigi kost á framhaldsnámi fram yfir það, sem skólarnir geta veitt. En ég vil halda fram, að það sé bezt og ódýrast og komi að meiri notum, að þeir fái þessa framhaldsmenntun við erlenda búnaðarháskóla. Því það, sem frv. fer fram á, er ekkert annað en vísir að búnaðarháskóla, vísir, sem fyrst og fremst kæmi að mjög litlu liði vegna þess, að það vantar hér alla þá undirstöðu, sem þarf til að byggja á landbúnaðarháskóla, sem á nokkurn hátt yrði sambærilegur við þær stofnanir, þar sem Íslendingar almennt sækja nám sitt. Og til þess námstíma er lagt til, að varið sé 2 árum, einu við framhaldsdeild og öðru við erlent búnaðarháskólanám, og þá vantar ekki nema eitt ár á það, sem krafizt er um fullkomið búnaðarháskólanám. Og þá held ég fram, að svo mikill vinningur sé að fá háskólanám við erlenda háskóla fram yfir það, sem hér er farið fram á í frv., að það sé þess vert að verja einu ári í viðbót. Ég skal játa það, að það verður dýrara fyrir þá menn, sem námið stunda, að taka búnaðarháskólanám erlendis, en þetta, sem frv. fer fram á. En ég er sannfærður um, að í heild fyrir þjóðfélagið verði það ódýrara. Því fremur sem sú stofnun — ef hún er þá nokkuð annað en nafnið tómt — kostaði of fjár, bæði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður. Það væri miklu betra að verja nokkrum hluta af því fé, sem til deildarinnar færi, til þess að styrkja unga og efnilega menn til náms erlendis. Og sérstaklega þegar það er athugað, hversu mikil þörf það er fyrir Íslendinga, sem langt eru á eftir flestum öðrum þjóðum í öllum greinum búnaðar, hversu mikil nauðsyn er að gefa mönnum kost á því að kynnast því bezta í hinum ýmsu búnaðargreinum og búvísindum erlendra þjóða, til þess að flytja það hingað til okkar. Í öðru lagi, að þeir búnaðarháskólar, sem við eigum kost á að sækja erlendis, eru stofnanir, sem standa á gömlum merg, þar sem hægt er að framkvæma og kynna sér búvísindi á þann fullkomnasta hátt, sem þekkist í heiminum; og að bera það saman við slíka — ég vil enn taka það fram — kákvísindastofnun sem þetta yrði í náinni framtíð, það er fjarstæða. En ég er viss um, að það græða allir aðiljar, bæði hið opinbera, sem á að verja fénu til námsins, og þeir, sem námsins ættu að njóta, ef það er sótt til erlendra háskóla. Og ég hygg, að það sé mjög hægt á skömmum tíma, og þegar vel á vegi með það, að fá búvísindafróða menn erlendis frá, til þess að taka að sér þau trúnaðarstörf í landbúnaðinum, sem þessum mönnum er ætlað að standa fyrir, og má þá gera ráð fyrir viðbótarnámskeiðum í íslenzkum búnaðarskólum. Sérstaklega er hér um að ræða héraðsráðunauta Búnaðarfélags Íslands. Það eru ekki margir, sem þörf er á fyrst um sinn í þær stöður, og þegar þeir menn, sem nú eru á búnaðarháskólum erlendis, hafa lokið námi, þá hygg ég, að ekki vanti mjög marga menn til þess að taka að sér þau störf, sem bíða þeirra sem búnaðarráðunauta.

Ég held, hvernig sem verður þráttað um þetta, að ekki sé hægt að sannfæra mig um, að bezta og ódýrasta kennslu sé hægt að veita íslenzkum búnaðarfrömuðum gegnum þá deild, sem frv. fer fram á að stofna og starfrækja með ærnum kostnaði, — heldur en að veita aukinn styrk til íslenzkra nemenda, sem vilja nema við erlendar vísindastofnanir.

og ekki á nokkurn hátt að setja tálmanir á leið ungra manna úr kaupstöðunum, er þangað kynnu að vilja leita. Það gefur líka auga leið, að þó undanþáguheimildin sé í l., þá er þetta ákvæði í b-lið ekkert annað en forréttindi fyrir sveitamennina. Og þó segja megi, að þessir skólar séu fyrst og fremst fyrir sveitamenn, sem þeir auðvitað verða í framkvæmdinni eins og þeir hafa verið, þá legg ég þann skilning í þetta mál, að þessir skólar, eins og allir skólar, eigi fyrst og fremst að vera fyrir áhugamennina, hvar sem þeir eru uppaldir. Mér finnst þess vegna, að þessi brtt. snerti ákaflega þýðingarmikið principmál, og því sé rétt, að hún verði samþ. Það hljóta allir að sjá, að Alþingi verður fyrr eða síðar að gera meira en það hingað til hefir gert til þess að koma í veg fyrir það, að fólkið flykkist hugsunarlaust úr sveitunum að sjónum, og samtímis greiða fyrir áhugasömum mönnum, er við sjávarsíðuna búa og vilja stunda búskap í sveit, með því að láta þá fá til þess sömu aðstöðu og sveitamennina sjálfa. Ég vil biðja þá hv. þdm., sem sérstaklega bera hagsmuni sveitanna fyrir brjósti, að athuga vel einmitt tilmæli eins og þessi, sem eru ekki síður hagsmunamál sveitanna en kaupstaða og bæja.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég hefi litlu að svara þessum umr. Eins og ég hefi sagt áður, tel ég það skipta litlu, hvað ofan á verður með þessa brtt. Ég vil þó aðeins minnast á þrjú atriði.

Í fyrsta lagi er það svo í framkvæmdinni, að umsóknum um skólavist á búnaðarskólunum, sem nú eru farnar að byrja að berast fyrir næsta skólaár, er svarað eftir þeirri sömu röð og þær koma. Ég er ekki í minnsta vafa um, að kaupstaðapiltunum er svarað eins og sveitapiltum, ef þeir hafa sín gögn í lagi. Skólastjórinn tekur þá nemendur, er sækja í tæka tíð. Hann á það ekki á hættu að vísa þeim frá, sem uppfylla skilyrði skólans, því hann vill hafa skólann fullsetinn og setur sig ekki úr færi með það. Reglan verður því hin sama og verið hefir, að skólavist verður veitt eftir þeirri röð, er menn sækja um, svo höftin, sem talað er um, eru lítil, ef þau eru þá nokkur. Í öðru lagi, þessum skólum er ætlað að veita bændastéttinni undirbúningsþekkingu í sinu lífsstarfi. Til þess að geta betur tileinkað sér það, sem skólarnir hafa að bjóða, er nemendunum nauðsynlegt að hafa tileinkað sér sem mesta reynslu og þekkingu á undirstöðuatriðum námsgreinanna, og eftir því er verið að seilast í b-lið 6. gr. Slík skilyrði sem þar eru langt frá því að vera óvenjuleg við skóla. Ég held meira að segja, að við alla sérfræðiskóla sé það gert að skilyrði, að nemendur hafi fengið tilskilda undirbúningsþekkingu og reynslu í þeirri grein, sem skólinn starfar að. Hvernig er það t. d. með stýrimannaskólann? Ætli landkrabbi, sem aldrei hefir komið á sjó, fái þar inntöku? Ég held ekki, og svo er það með alla sérfræðiskóla. Þá er sagt, að þessi brtt. hv. 10. landsk. eigi að vera til þess að beina fólksstraumi úr kaupstöðunum í sveitirnar. Nú eru bændaskólarnir tveir, og þeir útskrifa árlega samtals 40 til 50 nemendur. Ætli það yrði skriða, sem kæmi upp í sveitirnar um þetta hlið? Í þessu tilfelli skiptir þessi brtt. því engu og er nánast hlægileg, sérstaklega þegar undanþága er til í frv. Hinsvegar er mér ekki fast í hendi með þessa till. Það mun verða svo eftirleiðis sem hingað til, að skólarnir verða sóttir af sveitapiltum. Undanfarið hafa útskrifazt af búnaðarskólunum þetta 1 til 2 kaupstaðarnemendur á ári, og þeir munu eftirleiðis fá undanþágu. Mér liggur því í léttu rúmi, hvort fyrirkomulagið samþ. verður. En þegar verið er að ræða um skóla, sem á að veita sérfræðimenntun, þá verður að gilda sú aðalregla um undirbúning nemenda, sem tryggir það, að þeir eigi hægt með að tileinka sér kennsluna sem bezt, en undanþágan sem undantekning fyrir þá nemendur, sem þurfa hennar með.

Jón Baldvinsson: Eftir að hafa hlustað á þessa ræðu hv. frsm. sé ég, að fyrir honum vakir það, að hér skuli vera verulegar takmarkanir fyrir kaupstaðapiltana. Hann sagði, að umsóknir um skólavist næsta vetur væru nú byrjaðar að koma og þeim yrði svarað eftir röð. Sér nú ekki hv. þm., að það muni lítið þýða fyrir kaupstaðapilta að sækja, sem ekki hafa verið þau tilteknu tvö ár í sveit. Því hv. þm. bætti því við, að umsækjendum yrði svarað eftir röðinni, og játandi, ef þeir hefðu gögn í lagi. Kaupstaðapiltarnir hafa ekki gögn í lagi nema þeir hafi verið í sveit þau tilteknu tvö ár. Sveitapiltar, sem hafa dvalið í sveit til 14 ára aldurs, eru aftur á móti öruggir, þó þeir hafi kannske ekki snert á sveitastörfum síðan. Sveitapilturinn og kaupstaðapilturinn hafa báðir hlotið þetta bóklega gutl í barnaskólunum, en það, að hafa verið á barnaskólaaldri í sveit, en ekki í kaupstað, gerir gæfumuninn. En hv. þm. gekk fram hjá því, að kaupstaðarpilturinn sækir varla um búnaðarskóla nema hann hafi mikinn áhuga

Það er ekki hægt að bera stýrimannaskólann saman við þetta. Þar er um það að ræða að hafa á hendi verkstjórn, stýra skipi og bera ábyrgð á lífi manna, en hér er verið að ala menn upp til þess að stunda atvinnuveg, sem þúsundir manna starfa við, og það er einskis krafizt af manni, sem gerist sveitabóndi, ef hann hefir peninga til að kaupa jörðina fyrir, hann þarf ekki að hafa verið í skóla, enda þótt það sé betra að bændur fái fræðslu um landbúnaðarmál. Það er því ekki hægt að bera það saman að ala menn upp til þess að stunda sérgrein eins og stýrimenn eða vélstjóra, sem eiga að sjá um gang véla, og þá menn, sem fara í atvinnugrein eins og landbúnað. Þá var verið að gera gys að því, að það mundu verða mikil straumhvörf við þetta, sennilega út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði, og ég að einhverju leyti. Það hefir verið sagt, að hér væri ekki nema um örfáa menn að ræða. Þetta er okkur báðum ljóst. Mér er ljóst, að það eru ekki nema undantekningar, sem koma hér til greina, sem sé aðeins þeir, sem hafa áhuga fyrir þessu. Hv. þm. sagði, að það skipti engu. Mér finnst það skipta máli, er einhver ungur maður kemst á rétta leið í lífinu, og þó að það skipti ekki máli

fyrir þúsundirnar í kaupstöðunum hvort 3 eða 4 menn komast í bændaskóla, þá skiptir það máli, að maðurinn geti helgað sig því lífsstarfi, sem hann er bezt fallinn til, og „hvert hár gerir skugga“. Aðalatriðið fyrir mér er, að menn geti fengið að stunda það starf, sem þeir hafa sérstaklega áhuga fyrir, eins og ég veit, að margir piltar úr sveit hafa mikinn áhuga fyrir sjómennsku og ganga jafnvel í stýrimannaskólann og þeim er alls ekki meinað það. Það er ekki hægt að bera það saman við það að stunda sveitabúskap, sem engar kröfur eru gerðar til aðrar en þær, að hafa peninga til þess að kaupa jörð fyrir.

Guðrún Lárusdóttir: Á þinginu 1932 eða 1933 bar ég fram í þessari hv. d. brtt. við fjárl. um það, að nokkrum þúsundum kr. af fé, sem veitt er til atvinnubóta í kaupstöðum landsins, yrði varið til þess að styrkja nokkra atvinnulausa, fátæka kaupstaðapilta til náms við bændaskóla. Þá var þannig ástatt, að orð fór af því, að bændaskólarnir væru ekki vel sóttir, og þess vegna mundi hafa verið pláss í þeim fyrir nokkra pilta úr kaupstöðum. Það, sem fyrst og fremst vakti fyrir mér, þegar ég flutti þessa brtt., var það, sem komið hefir fram í umræðum um þessa gr., sem hefir sérstaklega vakið umtal hér í hv. d., sá háski, sem ungum mönnum í kaupstöðum er búinn af iðjuleysi. Iðjuleysið er undirót alls ills og það eru mörg sorgleg dæmi þess, hversu ungir efnispiltar leiðast afvega einungis vegna iðjuleysis. Ennfremur vakti það fyrir mér með þessari till. minni, að mér fannst það tímabært að gera ofurlitla tilraun til þess að leiða hug ungra kaupstaðamanna að þeim verkefnum, sem sveitirnar hafa upp á að bjóða. En þessi till. fann ekki náð fyrir augum allra hv. þdm. og m. a. man ég vel, að hv. 10. landsk. greiddi ákvæðið atkv. á móti, og furðaði mig á því þá. En nú er mér það gleðiefni, að hann skuli vera kominn á sömu skoðun og ég um, að það sé ástæða til þess að greiða fyrir því, að ungir kaupstaðapiltar komist í sveit. Það, sem hann þá fann að uppástungu minni, var það, að peningana átti að taka af atvinnubótafénu. Það kann að hafa mátt haga þessu eitthvað á annan veg, en þegar þess er ennfremur gætt, hvílíkur flótti á sér stað nú á tímum úr sveitunum til kaupstaðanna, þá er ekki ótímabært að nota hvert tækifærið, sem gefst, til þess að ráða einhverja bót á þessu, og mér sýnist hv. þm. með till. sinni vilja reyna til þess að gera það, jafnvel þótt það sé í smáum stíl.

Viðvíkjandi þeim tveimur till., sem fyrir liggja frá hv. 10. landsk. og hv. landbn., má náttúrlega segja, að munurinn á þeim sé í fljótu bragði séð ekki geysimikill, en þó er hann sá frá mínum bæjardyrum séð, að það er eins og það sé verið að amast við því, að kaupstaðadrengir gangi í þessa skóla, því að, eins og hv. 10. landsk. tók fram, er það að sjálfsögðu meðfæddur réttur, sem sveitapilturinn hefir til bændaskóla fram yfir kaupstaðapiltinn, og ég felli mig betur við, að þetta ákvæði, sem hér um ræðir, sé látið falla burt; það er ekki fyrir þær sakir, að ég tortryggi, að skólastjórnir leyfðu undanþágur, heldur af því, að ég kann illa við að lögfesta skýlaust ákvæði um það, að kaupstaðadrengjum sé meinað að komast í bændaskólana öðruvísi en með sérstakri undanþágu. Ég mun því fylgja brtt. hv. 10. landsk. um þetta mál. Ég tel rétt, að þeir unglingar landsins, sem á annað borð hafa áhuga fyrir því að kynna sér málefni bændaskólanna, hafi jafna aðstöðu til þess að njóta þeirra, og ég tel ekki hættu á því, að það sæki aðrir um upptöku í skólana en þeir, sem hafa sérstakan áhuga á málefninu. Ég er ánægð yfir því, að sú hugmynd mín, sem ég talaði um í sambandi við brtt. mína, á áðurgreindu þingi, hefir í rauninni komizt í framkvæmd, því að ég veit, að undanfarin ár hafa ungir menn héðan úr Reykjavík — mér er ekki kunnugt um aðra kaupstaði landsins í því sambandi — sótt bændaskólana með lítilsháttar styrk frá bæjarfélaginu og það hefir yfir höfuð gefizt vel. Því miður er mér ekki fullkunnugt um, hve margir þeir eru, en ég veit, að unglingar, sem notið hafa tilsagnar á Hólum og Hvanneyri, hafa haft gott af veru sinni þar. Þeim hefir fundizt sjóndeildarhringurinn stækka og viðhorfið breytast við að kynnast lífnaðarháttum sveitanna og starfsháttum, sem óneitanlega eru yfirleitt ólíkar því, sem kaupstaðapilturinn á að venjast. Fyrir því tel ég heppilegt hvert það spor, sem stigið er í þá átt að örva unga kaupstaðapilta til þess að sækja nám sitt og menntun sína, að því leyti sem til menntunar kemur í þessum efnum, einmitt í sveitir landsins. Við vitum, að úr sveitunum er mergur þjóðarinnar runninn, og þó að nokkur breyting sé orðin á því frá því, sem áður var, þá er það svo sem allir vita, að lengi býr að fyrstu gerð, og eins og kjarni íslenzku þjóðarinnar hefir verið úr sveitalífinu, eins býst ég við, að það verði, ef að því lífi er hlúð svo sem skyldi. Þess vegna tel ég líka hyggilegt að vera vakandi yfir öllu, sem getur gert það að verkum, að það megi takast, að ungum mönnum úr kaupstöðum sé hjálpað til að leita fyrir sér með nám og verustað í sveitum. Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, og hefi ég þá gert grein fyrir, hvers vegna ég fylgi þessari till. hv. 10. landsk.

***Jónas Jónsson:** Það er að vísu að bera í bakkafullan lækinn að lýsa yfir fylgi við brtt. hv. 10. landsk., því að hún hefir mikið fylgi. Ég ætla samt að gera það, ekki af því, að ákvæði frv. sé ekki rétt eftir venjulegum reglum, á sama hátt eins og t. d. stýrimannaskólinn heimtar, að menn hafi verið á sjó vissan tíma áður en þeir verða nemendur. Þess vegna er það í rauninni alveg eðlilegt, að það verði höfð sú aðalregla í framkvæmdinni, að það séu aðallega menn, sem eru vanir sveitavinnu, sem koma í bændaskólana, en af því að okkar þjóðfélag er ekki eins aðgreint og hjá stærri þjóðunum, þá er rétt að gera þessa undantekningu, sem hv. 10. landsk. mælir með. Annars ætla ég að nota tækifærið til þess að benda á það, sem er aðalþýðing þessa frv., en það er sú breyt. á bændaskólunum að innleiða vinnuskyldu a. m. k. allt

Umr. frestað.

Á 15., 16. og 17. fundi í Sþ., 17., 18. og 20. des., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 21. des., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. landbn. Nd. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, þó að ræða sú, sem hv. 9. landsk. hélt við fyrri hluta umr., gæfi tilefni til þess. Hv. þm. vildi láta það líta svo út, að með brtt. minni ætti að útiloka þá, sem búa í kauptúnum og kaupstöðum, frá bændaskólum. Hv. 9. landsk. hélt því ennfremur fram, að hér væri verið að krefjast þess, að nemendur hefðu unnið tvö ár í sveit til þess að fá inngöngu á skólana. Þetta er ekki rétt. Í till. er einungis farið fram á það, að nemendurnir hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum í tvö ár eftir að þeir urðu 12 ára. Nú er það svo, að víða í stærri þorpum og bæjum er talsverður landbúnaður og flestir unglingar geta átt kost á því að vinna að landbúnaðarstörfum án þess að fara langt frá heimilum sínum. Ég held, að það sé sízt vanþörf á því, að unglingar, sem ætla sér í bændaskóla, kynni sér landbúnaðarstörf af eigin reynd, áður en þeir koma í skólana.

Það var ekki rétt hjá hv. 9. landsk., að ég hefði kallað kaupstaðaunglingana álfa. Ég sagði ekki annað en það, að ég vildi fyrirbyggja, að nemendur væri eins og álfar út úr hól þegar þeir koma í skólann. Þetta er alveg sambærilegt við það, að menn yrðu teknir í stýrimannaskólann án þess að þeir kynnu áralagið. Ég hefi sjálfur fengið reynslu af því, að þetta ákvæði er nauðsynlegt, og þar sem gert er ráð fyrir, að undanþágu megi veita, sé ég ekki, að hér sé verið að beita neinu gerræði. En þeir eiga að sjálfsögðu að sitja fyrir rúmi í bændaskólum, sem er full alvara með að gera landbúnað að lífsstarfi sínu, en hinir sitja á hakanum, sem koma þangað einungis af nýjungagirni eða til þess að eyða tímanum. Þetta er ekkert sérstakt fyrir bændaskólana; bæði stýrimannaskólinn og vélstjóraskólinn krefjast þess, að umsækjendur hafi stundað sjó einhvern vissan tíma, áður en þeir koma í skólann. Þetta ákvæði um bændaskóla er hliðstætt við ákvæði í lögum og reglugerðum um aðra sérskóla. Hv. 9. landsk. hélt því fram, að þeir mundu margir, sveitapiltarnir, sem ekki snúa sér að landbúnaði eftir að þeir hafa lokið námi á bændaskólunum, og mundi það ekki síður koma fyrir sveitapilta en kaupstaðapilta. Ég veit, að þetta er ekki rétt. Ég skal sanna þetta mál mitt með skýrslum síðar.

Ég vil ekki láta það standa ómótmælt, sem hv. 9. landsk. sagði, að ræktun væri á hærra stigi við kauptún og kaupstaði en í sveitum, og sé ræktunin í sveitunum ekki betri en þetta, þrátt fyrir alla ráðunautana. Það er mesti misskilningur, að ræktun í sveitunum sé verri en við kaupstaðina. Það er ennfremur misskilningur, að ræktunin við kaupstaðina hafi síður notið leiðbeininga frá búnaðarráðunautum en ræktunin í sveitum. Þar hefir einmitt þessi ráðunautastarfsemi komið að mestu gagni. Öll skipulagning á ræktun kauptúna og kaupstaða á síðustu árum er framkvæmd einmitt af þessum ráðunautum, sem hv. 9. landsk. gerir lítið úr. Þeir hafa mælt landið og áætlað um ræktunarkostnað og ákveðið skurðakerfi. Þess vegna er það sú ræktun fyrst og fremst, sem byggist á þessari ráðunautastarfsemi, en ekki einmitt í sveitunum, af þeim ástæðum, að á hinum mörgu dreifðu býlum er erfiðara að koma leiðbeiningum við. Þetta er ástæða til að benda á, þó að það eigi ekkert skylt við málið, sem er til umræðu, og óþarfi hafi verið að blanda því inn í það.

***Jón Baldvinsson:** Það er ekki heldur ætlun mín að hafa um þetta mörg orð. En hv. 2. þm. Skagf. hefir talað ekki allstuttan tíma, þegar tillit er tekið til þess, að hann sagðist ætla að segja aðeins örfá orð, svo að ég vona, að mér fyrirgefist, þó að ég fari um það örfáum orðum á hans mælikvarða. Það er algerlega rangt hjá hv. þm., að ég misskilji nokkuð þessa brtt. hans. Þó að tekið sé fram, að þeir hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum, — hverjir eiga að meta þetta? Ætli það séu ekki kennararnir? Og þetta er skilningur hv. þm. sjálfs, og hann hefir verið búnaðarskólastjóri talsvert lengi. En hvaða mælikvarða setur hann sem búnaðarmálastjóri á þá, sem rækta kringum kaupstaðina, þegar hann skapar þeim atkvæðisrétt í Búnaðarfélaginu? Er það ekki svo, að þeir þurfi að vera 4—5, sem hafa stærst löndin, til þess að hafa fulltrúa? Eftir nýjustu samþykktum Búnaðarfél. eru þeir réttlausir. Ætli það verði ekki svipaður mælikvarði, sem hv. þm. sem búnaðarmálastjóri vill leggja á þetta, þegar sett verður reglugerð um þetta efni? Það getur vel verið, að búnaðarmálastjóra og skólastjórum tækist að setja saman einn ungling úr 5—6 unglingum, sem eru í kaupstöðum, sbr. réttinn til að hafa fulltrúa, og hvort þeir tækju þá sinn liminn á hverjum stað, veit ég ekki, eða hvernig þeir vildu hafa það.

Ef því lítið er á mælikvarða og skilning hv. 2. þm. Skagf. á þann rétt, sem ræktunarmenn kringum kaupstaðina hafa gagnvart Búnaðarfél., þá er hætt við, að synir slíkra mættu þeim skilningi í búnaðarskólunum, að þeir yrðu dæmdir að þessu leyti eftir öðrum mælikvarða og þeirra ræktunarstarf en hinna, sem koma frá afdalakotum, sem teljast sérstök „jörð". Ég sé ekki, að ég misskilji þetta nokkurn skapaðan hlut, með þær reglugerðir og ákvarðanir í huga, sem Búnaðarfél hefir áður sett.

Hv. þm. sagði, að foreldrum væri vorkunnarlaust að láta unglinga þá, sem ætluðu að fara í búnaðarskóla, alast upp með það fyrir augum. Það er kannske ekki gott að sjá fyrir á ungbörnunum, hvort þau vilja verða sveitamenn eða hafa í sér fólgna löngun til náms í búnaðarskóla, þegar þau eru 12 ára eða meira, til þess að sé hægt að miða þeirra uppeldi við það.

Bæði þm. hér í sameinuðu þingi og eins í Ed., þeir sem rætt hafa um málið, hafa tekið stýrimannaskólann til samanburðar og fundizt nokkur rök í því, þar sem skipstjóraefnum er gert

að skyldu að hafa siglt tiltekinn tíma og náð tiltekinni kunnáttu áður en þeir koma í skólann. Skipstjórum er ætlað að stýra skipi og bera ábyrgð á því. En ég skil bændaskólana svo, að þeir eigi að mennta bændur. Að það eigi ekki að vera eingöngu framleiðsla á búfræðingum, sem séu leiðbeinendur fyrir bændur, heldur ali upp menntaða bændur, sem kunna landbúnaðarstörf og þekkja sínar jarðir. Svo að það er alls ekki til samanburðar að ala menn upp í heila, stóra atvinnustétt, eða í þrönga stétt, eins og til stýrimennsku og skipstjórnar. En sé meiningin að halda þessum samanburði áfram, þá má ályktа, að hann hugsi sér, að allir þessir búfræðingar verði leiðbeinendur fyrir bændur. En sannast að segja hefði ég haldið, að bændur þyrftu þess frekar með, að slíkir menn kæmu og ynnu að landbúnaðinum, en væru ekki bara á ferðalögum til þess að vaða í klof á vaðstígvélum um fen og mýrar og benda bændum si svona: Hér á að gera skurð, og þarna á að rækta garð. Ég hefi haldið að bezt væri, að bændur hefðu þessa þekkingu sjálfir til að vinna á sínum eigin jörðum, og sé það því aðaltilgangur bændaskólanna að ala upp menntaða bændastétt, sem viti sem bezt sjálf, hvað hentar í búskap á voru landi.

Ég vil aðeins endurtaka það um þessa till., að ég tel það mjög rangt að halda henni svona stíft fram, til þess í raun og veru að ganga á rétt mikils meiri hluta landsmanna. Og ég vil því vænta, að þessi brtt. verði felld. En ég álít rétt, sem hæstv. landbrh. sagði um daginn, að réttast væri að taka þessa till. aftur, til þess að þurfa ekki að stofna þessu máli í voða.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Eins og ég benti á við umr., sem hér fóru fram fyrir nokkrum dögum í Sþ. um þetta mál, tel ég verra, að sett séu nokkur skilyrði fyrir því, að þeir, sem í bændaskóla koma, hafi þekking á landbúnaði. En af því að mér virðist — eins og ég sagði þá — þessi till. ekki skipta miklu máli, þá vildi ég athuga málið nánar og taka það út af dagskrá. Virðist mér metingur milli deilda heldur en raunverulegt efni málsins sjálfs skipta mönnum í flokka. Og til þess að málinu verði ekki stefnt í óefni, vil ég mælast til þess, að flm. fallist á að draga till. til baka, af því að það skiptir svo sáralitlu máli til eða frá, hvort till. er samþ. eða ekki.

*__Jón Pálmason__: Ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál hér fyrir löngu síðan, þegar það var til umr., í tilefni af ræðu, sem hv. 9. landsk. hélt. Satt að segja undrast ég það, hvað hv. Ed. hefir gert þetta að miklu kappsmáli, eins og í pottinn er búið. Því að ég fæ ekki betur séð en það byggist á furðulegri vanþekkingu að andæfa þeirri till., sem landbn. hefir samþ. Það, að fara fram á, að teknir séu í búnaðarskóla menn, sem aldrei hafa komið í sveit og aldrei unnið sveitastörf, er sama og fara fram á, að menn læri sögu án þess að hafa lært að lesa, eða hlutfallareikning án þess að hafa lært að leggja saman. Þess vegna er það gersamlega út í hött, sem hv. 9. landsk. var að tala um, að gengið sé að einhverju leyti á rétt meiri hl. landsmanna með þessari till. Og að þetta atriði hafi nokkur áhrif á það, að fólk sé að hópast úr sveitinni til kaupstaðanna, eins og nefnt hefir verið, — ég held, að þessum hv. þm. og öðrum flokksmönnum hans væri nær að líta á aðra hluti, sem hafa meiri áhrif í þessu efni en till. sú arna. Því að það er sannarlega ekki langt gengið í þessari till., að það megi veita undanþágu frá þessum ákvæðum, er sérstök ástæða er til. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta reki sig neitt á; a. m. k. hefir aðsóknin ekki verið það mikil fram að þessu. En ef hún fer að verða mikil, tel ég fullkomlega sanngjarnt, ef vísa þarf frá einni eða fleiri umsóknum, að þá séu teknir fram yfir þeir, sem eru uppaldir í sveit eða hafa unnið landbúnaðarstörf. Þess vegna er undarlegt, ef valda þarf svo miklum ágreiningi um þetta mál, hvort þessi meinlausa till. er samþ. eða ekki samþ.

__Frsm. landbn. Nd. (Steingrímur Steinþórsson)__: Mér virtist nú ræða hv. 9. landsk. bera þess merki, að hann sé algerlega í rökþrot komin við að mæla á móti þessari till., því að hann fór út í allt aðra sálma. Hann tók til að rangfæra orð mín og gera mér upp, að ég vildi, að allir sem í búnaðarskóla færu, yrðu ráðunautar, sem ösluðu í klofháum stígvélum um allar jarðir til þess að segja fyrir, hvar ætti að grafa skurði og þess háttar. Ég get borið það undir hið háa Alþingi, að mér hafa aldrei farizt orð í svipaða átt. Þetta er alger tilbúningur og sýnir gleggst, að hv. þm. hafði engin rök gegn þessari till., enda var ekki reynt að hnekkja því, sem ég hélt fram. Hliðstæðir skólar aðrir, eins og stýrimannaskólinn og vélstjóraskólinn, sem er alveg hliðstæður fyrir sjómenn, hafa sett svipuð skilyrði hjá sér. (__SÁÓ__: Þetta er ekki sambærilegt). Ég segi, að þetta sé sambærilegt, og ekki undarlegt, þó að gerðar séu hliðstæðar kröfur um menn, sem fara til sérskóla sjómennskunnar. Þetta er alveg sambærilegt. Þess vegna hefi ég ekki skipt um skoðun í þessu máli. Síður en svo. En hinsvegar er það svo, að nú hefir komið fram ósk frá hæstv. landbrh. um, að þessi till. sé tekin aftur, af þeirri ástæðu, að óttast er um, að frv. geti fallið, ef till. er samþ., ef þeir, sem hafa beitt sér fyrir henni, skipa sér allir í einn hóp til að fella frv. Get ég sagt það sem mína eigin skoðun, að ég vil ekki eiga á hættu, að frv. falli af þessari ástæðu. En ég verð að segja, að þeir, sem beita sér gegn þessari till., hafa sýnt allmikið kapp í þessu máli, og hefir það meira ráðið en vit og íhygli. Ég hefi nú átt tal við a. m. k. suma af landbnm. Nd., og ég held mér sé óhætt að segja, að meiri hl. þeirra muni fallast á það, að brtt. verði tekin aftur nú að þessu sinni. Og ég held þá, að ég taki þá ábyrgð á mig fyrir hönd flutningsmannanna að taka aftur till., til þess að eiga ekkert á hættu um það, að frv. falli.

*__Héðinn Valdimarsson__: Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði um þessa skóla, ætla ég aðeins að bæta við, að ef þesskonar ákvæði er sett við búnaðarskólana, þá er sjálfsögð af-

við almenn landbúnaðarstörf í sveit, væri fullnægt. Þá þýðir það útilokun. Hv. 1. þm. N.-M. heldur náttúrlega, að 2—3 nemendur á ári skipti ekki miklu, þeir geri enga breyt. á atvinnuháttum. Við hv. þm. þurfum ekki að þrátta um það; við þekkjum hvor annars rök. Ég álít, að kaupstaðirnir eigi að taka upp meiri ræktun og margháttaða framleiðslu í sambandi við hana. Þá er varla úr vegi að sjá um, að í kaupstöðunum séu einhverjir menn til, sem hafa lært til slíks. Þó að sleppt sé öllum bollaleggingum um það, að fólkið flytjist aftur úr kaupstöðunum, er þetta stórmál samt. — Er þá lokun bændaskólanna skynsamlegt ráð til að vekja áhuga kaupstaðapiltanna? Þeir geta átt áhuga á ræktun, og það í ríkara mæli en sveitapiltar.

Mér finnst því, að 6. gr. verði að breyta, eins og brtt. mín fer fram á, og fella niður b-liðinn, en liðatalan breytist samkv. því. Ég efast um, að breytingin hefði verið gerð í hv. Nd., ef nægileg rök hefðu verið borin fram gegn henni þar. Mér er kunnugt um, að ekki voru allir á fundi í landbn. Nd., þegar frv. var afgr. (PZ: Það er rétt). Og við samþykkt þess í deildinni er engu líkara en brögðum hafi verið beitt. Málið var tekið í annari röð en það stóð á dagskrá, og voru fáir á fundi. Allt sýnist mér benda til þess, að ekki hafi þótt traustur málstaðurinn og því verið reynt að hafa einhverja fljótaskrift á afgreiðslunni. En ég get fullyrt, að gegn þessum lið er megn andstaða í hv. Nd., þó að hún kæmi lítið fram. Ég mælist því til þess, að till. mín verði samþ., og tel hana ekki skipta nærri því eins litlu máli og hv. 1. þm. N.-M. vildi vera láta.

ATKVGR.

Brtt. 284 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, MJ, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, GL, JJós.

nei: PHerm, PZ, ÞÞ, HermJ, IngP, EÁrna.

2 þm. (JJ, BSt) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 10. des. var frv. útbýtt frá Sþ., eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 299).

Á 14. fundi í Sþ., 14. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 299, 364).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 364. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. landbn. Nd. (Steingrímur Steinþórsson): Ég þarf ekki að tala mörg orð fyrir þessari brtt. á þskj. 364, sem ég ásamt öðrum flyt hér við frv. til l. um bændaskóla. Við leggjum til, að inn í 6. gr. frv. sé sett það ákvæði sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, sem samþ. var í Nd. um þetta atriði. Öllum hv. þm. er þetta svo kunnugt, þar sem það var rætt í báðum d., að það þarf ekki að skýra það. Ég vil aðeins geta þess, að við sem þessa brtt. flytjum, lítum svo á, að ekki megi minna vera en að þess sé krafizt af þeim, sem ætla að ganga í bændaskóla, að þeir hafi eitthvað unnið að landbúnaðarstörfum áður, svo að þeir séu ekki alveg eins og álfar út úr hól, þegar þeir koma að skólunum, og eins og þetta skilyrði er nú, að umsækjendur skuli hafa unnið að almennum landbúnaðarstörfum a. m. k. í 2 ár eftir 12 ára aldur, þá er hér ekki um svo strangt ákvæði að ræða. Það er orðið mjög algengt, að unglingar úr kaupstöðum og kauptúnum, sem eitthvað ætla að fást við sveitavinnu, fari í sveit að sumrinu og dvelji þar, og yrði slík dvöl vitanlega talin sem undirbúningur undir inntöku þeirra í bændaskólana, en þó að gengið hafi verið inn á að heimila skólastjórunum að veita undanþágu undir þessum kringumstæðum, ef ástæður þykja til, þá er það gert með það fyrir augum, að aðeins í vissum tilfellum skuli þessar kröfur ekki gerðar, ef sérstök skilyrði eru fyrir hendi.

Ég vil vænta þess, að Alþ. fallist á að setja þetta ákvæði aftur inn í frv. um bændaskóla. Ég lít svo á, að það muni alls ekki vera nein hætta á því, að þessu ákvæði verði misbeitt að neinu leyti, þannig að enginn umsækjandi fái að koma í skólana nema ef alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og eins t. d. ef ekki væri hægt að taka alla umsækjendurna inn í skólana, þá yrðu að sjálfsögðu þeir látnir sitja fyrir, sem sýnt hefðu, að þeir ætluðu sér að stunda landbúnaðarvinnu áfram. Hitt hefir dálítið þekkzt, að menn t. d. úr kaupstöðum, sem nokkuð hafa sótt bændaskólana, hafa aldrei komið að neinum landbúnaðarstörfum áður, og ekki heldur eftir að þeir sóttu bændaskólana. Það er í raun og veru mjög óeðlilegt, að slíkir menn sæki bændaskóla, og má telja eðlilegt, að þeir hafi fyrst sýnt, að hugur fylgi máli hjá þeim að stunda landbúnaðarstörf.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta.

***Jón Baldvinsson:** Þessi till. á þskj. 364 er í rauninni ekki fyrirferðarmikil, en þó felst í henni stefna, sem ég kann engan veginn við og mér finnst, að þeir hv. þm., sem sérstaklega telja sig fulltrúa bænda, ætli að beita sér fyrir. Ég vil geta þess, að þegar frv. til l. um bændaskóla kom fyrst fram á Alþ., þá var í 6. gr. þess frv. ekki gert ráð fyrir, að piltar, sem fengju aðgang að bændaskólunum, þyrftu að hafa verið nema eitt sumar í sveit eftir 14 ára aldur. Nú er aldurstakmarkið að vísu lækkað, en líka fjölgað árunum, sem þeir eiga að hafa verið í sveit. Það, sem vakti fyrir mér, þegar ég flutti till. í hv. Ed. um að fella þetta niður, var sú stefna, að bægja ekki kaupstaðarpiltum og piltum úr kauptúnum frá því að sækja bændaskólana, ef þeir hefðu áhuga fyrir því að stunda landbúnað, því að það veit hv. 1. flm. brtt., að það eru margir piltar í sveitunum, sem ekki hafa minnsta áhuga fyrir landbúnaðarstörfum, en svo geta hinsvegar verið margir piltar í kaupstöðum, sem hafa mikinn áhuga fyrir þeirri atvinnugrein, sem er eðlilegt vegna þess, að kynslóðin, sem er að vaxa upp núna í kaupstöðunum, stendur í svo nánu sambandi við þá menn, sem fluttu úr sveitunum til kaupstaða og kauptúna, svo að það er ekki nema eðlilegt, að þetta fólk, sem stendur svo nálægt bændafólkinu, beri í brjósti einhverja ræktarsemi í garð sveitanna,

enda hygg ég, að úr kaupstöðum og kauptúnum hafi komið ekki allfáir menn, sem hafa sýnt *mikinn áhuga fyrir ræktun jarðarinnar*. Ég þarf ekki annað en að benda hv. 1. flm. á það, að það hefir í rauninni enginn lagt fram jafnmikla og góða ræktun, oft við léleg skilyrði, eins og þeir, sem í kaupstöðum og kauptúnum búa. Sú ræktun hefir á síðari árum jafnvel tekið fram ræktun á góðum jörðum í sveitunum sjálfum, — og því mega ekki synir þessara manna, áhugasamir unglingar úr kaupstöðum og kauptúnum, eiga rétt á því til jafns við sveitapiltana að komast inn í þessa skóla? Hv. frsm. sagði, að þeir ættu að hafa unnið eitthvað að þessum störfum áður en þeir færu í skólana, svo að þeir kæmu ekki inn í skólana eins og álfar út úr hól. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Skagf. hefir verið með einhver sérstök meiðyrði í garð kaupstaðapiltanna um, að þeir væru sérstakir álfar, sem ekki væri líklegt, að hægt væri að troða neinu í um landbúnaðarmál. Ég held, að verkin sýni merkin um það, að það hafi einmitt farið fram gríðarlega mikil ræktun í kaupstöðum, sem hafi víðast hvar verið betri heldur en sú ræktun, sem fram hefir farið í sveitunum undir umsjón búnaðarfélaga og ráðunauta, að þeim að öðru leyti ólöstuðum. Nú er það svo um kaupstaðapilta, að foreldrar þeirra reyna vel flestir að láta þá fara í sveit. Það þykir betra og hollara fyrir unglinga og börn, ef hægt er að koma þeim í sveit að sumrinu, en hv. 1. flm. veit, að það eru aðallega yngri krakkar, 8—12 ára, og eru þau oft á þessu reki öll sumurin í sveit. En þegar unglingarnir hafa náð 12 ára aldri, þá þurfa foreldrar þeirra að láta þá vinna eitthvert starf í kaupstöðunum, til þess að létta undir með heimilinu, svo að einmitt eftir 12 ára aldur til 14 ára eiga þeir erfitt með að fara í sveit og vinna þar. Hv. 1. flm. minntist á það sem rök fyrir till. sinni, að það hefði þekkzt, að kaupstaðapiltar hefðu gengið í bændaskóla og svo aldrei sinnt búskap eftir það. Ég vil segja hv. þm. það, að ég hugsa, að það séu fleiri sveitapiltar, sem hafa farið á bændaskóla og aldrei sinnt landbúnaði síðan. Ég þykist vita, að fjöldi af sveitapiltum, sem farið hafa í búnaðarskóla, hafi síðan aldrei meir sinnt landbúnaði. Hvers vegna skyldi vera komið svo, að stórkostlegur meiri hluti þjóðarinnar er búsettur í kaupstöðum og kauptúnum? Er það ekki vegna þess, að fólkið hefir flutt úr sveitunum til kaupstaðanna? Sveitapilturinn getur haft ákaflega mikla löngun til þess að fara til sjávar og stunda sjómennsku. Faðir hans og forfeður langt fram í ættir hafa kannske stundað sjómennsku á togurum og skútum o. s. frv. Sveitapilturinn getur haft löngun til þess að *fara á stýrimannaskóla, og þó að ekki sé hægt* að bera saman jafnþrönga stétt og t. d. stýrimannastéttina og hinsvegar heila atvinnustétt eins og landbúnað, þá getur sveitapilturinn haft löngun til að stunda þessa atvinnu, og eins getur verið, að kaupstaðapilturinn hafi mikla löngun til þess að stunda landbúnað, þó að *hann hafi ekki aðstöðu til þess vegna slæmra* kringumstæðna. Hann hefir ekki fé til að kaupa sér jarðnæði, en ef hann hefði fengið sér skólamenntun, þá væri hugsanlegt, að hann gæti fengið starf í sveit og ílenzt þar síðan, enda *er sannleikurinn* sá, að úr kaupstöðunum hafa komið piltar í bændaskólana, sem hafa síðar orðið nýtir menn í sveitum. Ég vil því eindregið mæla á móti því, að farið verði að samþ. þessa till., sem gengur þvert ofan í yfirlýsta stefnu allra flokka nú, en það er sú stefna að reyna ekki eingöngu að halda fólkinu kyrru í sveitunum, *heldur að breyta straumnum og reyna* að fá fólkið til að flytja aftur til sveitanna. Þetta er eitt af því, sem gæti stuðlað að þessu, en fyrir það er girt með þessum ákvæðum, eins og þau eru nú í frv., vegna þess hvernig til hagar hjá unglingum í kaupstöðum. Ég veit, að með þeirri nýbýlalöggjöf, sem samin hefir verið, er ætlazt til, að reynt verði að stuðla að því, að fólkið haldist við í sveitunum, því að aðalmarkmið hennar er, að unga fólkið í sveitunum geti reist þar heimili, átt kost á jarðnæði, og það er auðvitað virðingarvert, en það gæti vel verið, að það þyrfti að gera meira en það. Ég er ekki í vafa um, að nú, þegar aðalatvinnuvegurinn við sjóinn bregzt svo herfilega, þyrftu kaupstaðirnir að tryggja sér lönd til þess að hafa til afnota fyrir íbúa sína, svo að þeir gætu fengið því fólki jarðnæði, sem þá ósk kynni að bera í brjósti að búa í sveit og hafa þar heimili. Þetta liggur að vísu ekki fyrir nú, en ég vildi benda hv. þm. á, að þetta getur verið atriði í baráttunni fyrir því að beina straumnum aftur frá kaupstöðunum til sveitanna. Það eru miklir erfiðleikar á að gera ráðstafanir til að hjálpa fólkinu, þegar það hópast saman í þúsundatali á litlu svæði af landinu og mun erfiðara að ráða fram úr vandræðum þess þar en í strjálbýlinu í sveitunum, enda er ekkert til þess sparað.

Vildi ég vænta, að hv. Alþ. vildi samþ. frv. eins og það liggur fyrir, en sinna ekki brtt., sem fram hefir komið á þskj. 364.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Um brtt. ætla ég ekki að fara mörgum orðum vegna þess, að varla er hægt að búast við, að menn fari að skipta um skoðun á henni héðan af, eftir að frv. hefir gengið svo á milli d., sem raun er á orðin, en ég vil segja það, að í frv. eins og það liggur fyrir, án brtt., þó að ekki sé eins ákjósanlegt og verða mætti, þá felst þó í 6. gr., um skilyrði fyrir inntöku í skólana, það ákvæði í d-lið, sem tryggir mér heimild til að setja inn í reglugerðina samskonar ákvæði og tvisvar hefir verið fellt í hv. Ed., þótt þau væru ekki eins ströng og þau eru í frv. En þau myndu nægja, ef frv. yrði að l. eins og það er, og verða fyllilega viðunandi.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, þótt þeir séu brtt. samþ., sem ég og er, að þá munu ekki fást ⅔ hlutar atkv. með frv. þannig breyttu, en samkv. þingsköpum þarf slíkt atkv.-magn til að frv. verði samþ. í Sþ., ef brtt. nær samþykki. Þess vegna vil ég mælast til þess, þótt ég sé brtt. samþykkur, að hún yrði dregin til baka, eða ef hv. flm. vill það síður, að málið sé þá tekið út af dagskrá nú og athugað nánar áður en það kemur fyrir aftur.

sumarið fyrir nemendur. Það er ákaflega undarlegt, að það mun hafa liðið meira en 30 ár svo, að þetta ákvæði hefir vantað, og það er svo mikil yfirsjón í okkar skólamálum, að það er fagnaðarefni, ef Alþingi tekst nú að gera þessa breyt. Ég hefi stundum, þegar ég hefi verið að gera mér skiljanlegt, hversu fjarstætt form bændaskólanna hefir verið, bent á það, að kennslan þar í rúmlega 30 ár hefir verið svipuð fyrir bændaefnin eins og ef ungum stúlkum í húsmæðraskólum væru fengnar bækur um það, hvernig þær ættu að sjóða mat, hvernig þær ættu að vefa og hvernig þær ættu að prjóna. Það finna allir, hvað þetta er ákaflega heimskulegt, og það er rétt að segja það því kvenfólki til hróss, sem hefir átt þátt í að koma upp húsmæðraskólunum, að þeir eru miklu fremri en bændaskólarnir hafa verið, enda hefir enginn hörgull verið á því að fá ungar stúlkur til þess að koma í húsmæðraskóla, þó að kennslan sé þar öll með vinnusniði. Og sú breyt., sem hér er gerð á bændaskólunum, er nokkuð í þessa átt. Það er eðlilegt og upprunalegt. Ég held, að það væri ekki illa til fallið að bókfesta þetta í Alþt. eins og part af eftirmælum eftir þetta 30 ára tímabil bóklegrar menntunar í bændaskólunum. Einn af þekktustu búfræðingum landsins, sem nú er í Rvík, hefir sagt mér, að þegar hann gekk í bændaskóla fyrir 15—20 árum, þá hafi eina kennslan í plægingu verið sú, að einn dag um vetur í lausamjöll hafi verið tekinn út plógur og settur í snjóinn, og hafi sumir strákarnir dregið plóginn með þar til gerðum taugum, en aðrir haldið til skiptis um handföngin. Ég vona, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, geri algerð endalok á þessu tímabili, sem mér finnst vera svo sorglegur þáttur í okkar búnaðarsögu. Ég vil því skjóta því til hæstv. landbrh., að það væri vel við eigandi, að í væntanlega reglugerð, ef þetta gengur fram, sem mér sýnist horfur á, yrði bætt kennslu — og það er hægt eftir frv. eins og það er —, 1 stundar vinnu á dag í allsk. smíði, járnsmíði, trésmíði og aktýgjasmíði, og svo steinsteypu, sem hægt er að kenna í húsi að vetri til. Ég hefi talað um þetta við skólastj. á Hvanneyri og hann segir, að hann vildi ekkert fremur en það, en hann bendir á það, sem er eftirtektarvert með þennan stærsta búnaðarskóla landsins, að hann hefir ekkert verkstæði, og hefir ekki haft, þannig að það er ekki hægt að hafa þar neina smíðakennslu. Ég geri ráð fyrir, að í sambandi við þessa breyt., sem nú stendur til að Alþingi geri á búnaðarskólunum, verði að taka margt fleira til greina. Það verður að gera þá að fullkomnum fyrirmyndarheimilum, bæði að því er snertir kennslu og öll vinnubrögð. Þetta verður töluvert erfitt, og ég get tekið það fram því til sönnunar, að eins og kunnugt er, þá er Hvanneyri ágæt jörð til þess að hafa þar kúabú, og það leit út fyrir, að fyrrv. skólastjóra, sem var athafnamaður, ætlaði að takast að fá þar sérstakt kyn af nautgripum, fallegt og gott. Hann lagði mikla stund á þetta og fekk upp á síðkastið til þess dýran og góðan húsakost, en þetta mislukkaðist, þrátt fyrir allt. Kýrnar á Hvanneyri mjólkuðu ekki nema 1600 lítra á ári hver, síðustu árin hjá Halldóri, og hann játaði, að tilraunin hefði misheppnazt, þannig, að ef einhver hefði komið þangað og viljað fá kynbótadýr, sem óhætt væri að flytja í annan landsfjórðung, þá varð bæði fyrrv. og núv. skólastjóri að segja, að þessi stærsta tilraun, sem hefir verið gerð á Íslandi til þess að fá fyrirmyndar kúakyn, hafi misheppnazt og það verði að byrja á nýjan leik. Ég vil ennfremur benda á það í sambandi við mistökin á þessari kennslu, og það hafði ekki minnsta þýðingu fyrir skólana á meðan þeir voru aðeins bóklegir skólar, að piltum var aldrei veitt kennsla í því að hirða kýr, svo menn, sem hafa stór bú og vilja fá góða fjósamenn, verða að fá þá frá öðrum löndum. Við stöndum svo langt að baki öðrum þjóðum í þessu efni, að ótrúlegt má þykja. Það, sem er eitt af fyrstu verkefnum, sérstaklega fyrir Hvanneyri, sem liggur betur við, og náttúrlega báða bændaskólana, er að einbeita kröftum sínum að því að gera þá að verklegum skólum, þar sem bændaefnin geta fengið verklega kennslu í því, sem máli skiptir fyrir bændur. Ég vil skjóta því til hæstv. ráðh., að það verður áreiðanlega að fórna mjög miklu af tilgangslausri bóklegri kennslu, sem að verulegu leyti hefir svifið út í loftið, þegar menn hafa t. d. algerlega óvanir og óundirbúnir orðið að hafa talsvert þungar bækur, oft á útlendum málum, í sérgreinum náttúrufræðinnar, og þetta hefir átt að vera undirstaðan undir íslenzkum búskap. Ég geri ráð fyrir að það væri bezt, bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og forráðamenn bændaskólanna, að taka húsmæðraskólana sér til fyrirmyndar í þessu efni, vegna þess að kvenfólkið hefir stefnt beint að markinu í þessum efnum. Ég vænti þess svo, að um leið og þessi sanngjarna undanþága verður gerð fyrir kaupstaðina, verði þetta frv. samþ., og á því verði byggð reglugerð um framkvæmdir, sem verði íslenzkum landbúnaði til þeirrar viðreisnar, sem hann þarf með í þessu efni og hingað til hefir stórlega vantað í sambandi við þessar skólastofnanir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 165,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 165,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 165,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 183 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JBald, JJ, MJ, SÁÓ, BSn, GL, IngP, EÁrna.

nei: MG, PHerm, PZ, ÞÞ, HermJ.

2 þm. (BSt, BrB) fjarstaddir.

Brtt. 165,4 kom ekki til atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 165,5 samþ. án atkvgr.

7. gr. svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

8—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 165,6 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

12.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 184).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Fyrir hönd landbn. vil ég mælast til, að málið verði tekið af dagskrá í dag, því að landbn. hefir ekki unnizt tími til þess að athuga breyt., sem voru gerðar á frv. í Ed.

Forseti (JörB): Samkv. ósk af hálfu landbn. verður málið tekið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 3. des., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 184, 240).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vil benda hæstv. forseta á, að ekki er búið að útbýta brtt., sem landbn. hefir borið fram við frv. og ég hefði viljað lýsa með fáum orðum.

Forseti (JörB): Þetta mun vera rétt hjá hv. þm., og mun því bezt að fresta málinu um stund.

Umr. frestað um stund., en var fram haldið síðar á fundinuum.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Meiri hl. landbn. hefir borið fram brtt. á þskj. 240, sem stendur í sambandi við breyt. þær, sem gerðar voru í hv. Ed. á þessu frv. Það voru ekki efnisbreyt., nema aðeins ein, þar sem Ed. hefir fellt niður b-lið 6. gr., eins og það var samþ. hér, þar sem segir svo, að umsækjandi um inntöku í bændaskóla skuli hafa unnið að almennum landbúnaðarstörfum a. m. k. tvö ár eftir tólf ára aldur. Meiri hl. landbn. vill taka þetta upp aftur og flytur um það brtt. En nefndin hefir bætt við þetta ákvæði og komið þar á móti Ed.: „Heimilt er skólastjóra að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef ástæða þykir til".
Ég tel þetta ekki svo mikið atriði, að vert sé að stofna neinu í hættu um málið fyrir það, með tilliti til þess, að það fái framgang nú. En meiri hl. landbn. gerir ráð fyrir, að þetta þurfi ekki að tefja framgang málsins, og vill því leggja til við d., að þessi brtt. verði samþ., og væntir þess, að Ed. gangi að frv. eins og það er með þessari brtt., þar sem þetta er sama brtt. og landbn. þeirrar d. bar fram.

ATKVGR.
Brtt. 240 samþ. með 15:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 42. fundi í Ed., 4. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 250).
Á 44. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 250, 284).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Þetta mál, sem komið er aftur til Ed., hefir tekið þeirri breyt. í Nd., að sá liður, sem felldur var úr frv. hér í d., hefir þar verið felldur inn aftur með þeim viðauka, sem við meiri hl. landbn. vildum fá samþ. hér, en var felldur. Önnur breyt. var ekki gerð. En þessi breyt. var samþ. með öllum greiddum atkv. Ég skal benda á, að það skiptir litlu, hvort þessi b-liður stendur nú eins og hann er eða ekki. Því að skólastjóri getur veitt undanþágu frá tveggja ára ákvæðinu sem inntökuskilyrði, og gerir það vafalaust í þeim tilfellum, þar sem ástæða er til og meinlitið fyrir skólann. Mér finnst því ástæðulaust að leggja út í baráttu við hv. Nd. í Sþ. út af þessu atriði. Ég vil því eindregið mæla með því að samþ. frv. óbreytt. Ég sé, að hv. 10. landsk. þm. hefir tekið upp aftur þessa brtt. sína, sem hér gekk fram um daginn, en Nd. felldi, eins og ég hefi sagt, burt úr frv. með shlj. atkv. Þó að hann vilji nú tefja málið með því að setja það í Sþ., bendir atkvgr. til þess, að það þýði lítið.

***Jón Baldvinsson:** Hv. frsm. málsins hefir mælt fyrir frv. eins og það kemur frá hv. Nd. Liður, sem var felldur hér niður með nafnakalli um daginn, hefir aftur verið tekinn upp. Hv. þm. taldi þetta skipta litlu máli, þar sem skólastjóri gæti gert undanþágu. En við ræddum þetta hér í d. um daginn, og varð ljóst, að þarna er sá meginstefnumunur, hvort það eigi að útiloka pilta úr bæjum og kauptúnum frá því að sækja búnaðarskólana.
Við skulum líta á þá hættu, sem í þessu liggur. Við vitum, að í kaupstöðum og kauptúnum búa nú 60—70 þús. manns, og lítið meira en þriðjungur þjóðarinnar stundar landbúnað. Nú er ekki um annað meira talað en það, hvernig hægt væri að flytja eitthvað af fólkinu aftur til sveitanna. Þetta er eitt af mestu vandamálum þjóðfélagsins, að fólkið hópast saman á svo litlum blettum, að það er ómögulegt að sjá því fyrir atvinnu, þegar atvinnugreinarnar eru þá líka í því ástandi, sem þær eru. Við skulum taka til dæmis Reykjavík, sem hefir 36 þús. íbúa, og fjölgar árlega. Ef stærsti atvinnuvegurinn, sem hér er, sjávarútvegurinn, bíður hnekki, þýðir það, að fjöldi fólks lendir á framfæri þess opinbera á einn eða annan hátt; það verður að halda því uppi með atvinnubótum eða styrkjum á einhvern veg. Þessu verður ekki kippt í lag á stuttri stund, en þróunin verður að stefna í aðra átt að ýmsu leyti. — Nú er talað um að setja upp bændaskóla, þar sem kaupstaðapiltum er ekki leyft að komast að. Skólastjóri gæti — svo að ekki sé sterkar að orði kveðið — talið sér óheimilt að víkja frá 2 ára dvalarskilyrðinu nema aðalatriði liðsins, um minnst 2 ára æfingu

leiðing að setja það líka við aðra sérskóla, t. d. verzlunarskólann og samvinnuskólann, að menn hafi verið ákveðinn tíma við verzlun áður en þeir fái inngöngu, og ég er ekki viss um, að flm. þætti það sérlega gott. En ég ætla ekki að deila lengi um þetta, úr því að till. er tekin aftur, en aðeins bæta því við, að ég vænti þess, að hæstv. landbrh. setji ekki samskonar ákvæði í reglugerð. **(Forsrh.:** Það er einmitt það, sem ég er að boða).

ATKVGR.
Brtt. 364 tekin aftur.
Frv. samþ. með 32. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 468).

38. Bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:
Frá til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (þmfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er gamall kunningi. Það var flutt á fyrra þingi á þessu ári og náði þá samþykki meiri hl. fjhn., en náði ekki fram að ganga eins og fleiri mál, sem fram voru borin á þessu þingi. Og þess vegna er það nú flutt af nýju. Um rök fyrir þessu máli þarf ekki að fjölyrða, þau eru öllum hv. þm. kunn. Ástæðan til þess, að málið er fram komið, er tekjuþörf bæjarins. Ég vil aðeins mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 273).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. hefir orðið sammála um að mæla með frv. Formaður hennar var að vísu ekki viðstaddur; hann var veikur, en við hinir vorum á einu máli. — Eins og hv. þdm. er kunnugt, eru samkv. frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með þeim felld niður allmörg sérákvæði um sérstaka tekjuöflun kaupstaða. Þar er þó svo fyrir mælt, að þau ákvæði falli ekki niður fyrr en í árslok 1938. Nú stendur svo á um ákvæðin, sem hér er um að ræða, að þau falla niður nú um áramótin, nema þetta frv. verði samþ. og þau þannig framlengd til ársloka 1938 í samræmi við önnur hliðstæð fyrirmæli. — Nefndinni þótti það rétt og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jóhann Jósefsson: Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu málsins. Þó að það drægist nokkuð að fá álit hennar, vonast ég til, að það þurfi ekki að koma að sök, ef málið getur gengið greiðlega hér eftir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 395).

Finnur Jónsson: Ég sé, að fjhn. hefir lagt til, að þetta mál verði samþ. óbreytt. En hinsvegar verð ég fyrir mitt leyti að líta svo á, að það sé ekki rétt að láta þetta frv. ganga fram mótmælalaust, þar sem verið er að gefa einu bæjarfélagi sérréttindi til þess að taka tekjur, sem öðrum bæjarfélögum eru ekki gefin, jafnframt því, sem verið er að afgr. l. frá Alþingi um sérstaka tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Ég fæ ekki skilið, hvaða sérstöðu þessi kaupstaður á að hafa umfram aðra til þess að fá slíkan tekjustofn sem hér er farið fram, nema jafnframt sé tekið fram, að Vestmannaeyjakaupstaður eigi ekki heldur að hafa rétt til að notfæra sér þá almennu heimild, sem öðrum kaupstöðum er gefin. Það er með þessu frv. verið að gera upp á milli kaupstaðanna, að mínu viti á alveg óhæfilegan hátt frá hálfu hæstv. Alþingis. Það kann að vera afsökun fyrir þingmenn, að kaupstaðurinn hefir haft þessa sérstöðu áður. En ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefi á undanförnum þingum verið á móti því að gefa einstökum kaupstöðum sérstöðu í því að afla sér tekna umfram aðra kaupstaði. Og ég mun þess vegna verða á móti þessu frv. á þessu þingi, eins og ég hefi verið á undanförnum þingum. Það er því meiri ástæða nú en áður til að vera á móti frv., þar sem Alþingi er nú að uppfylla kröfur, sem lengi hafa verið uppi, að koma á sérstökum tekjustofnum fyrir bæjarfélög yfirleitt. Og mér er ómögulegt að skilja, hvers vegna fjárhagsnefndarmenn einmitt jafnhliða því, að verið er að afgr. frv. um heildartekjur kaupstaðanna, leggja með frv. um að veita þessum eina kaupstað sérréttindi umfram aðra. Ég vil spyrja hv. frsm. n., í hverju þetta getur legið, að nefndin tekur þessa sérstöðu gagnvart Vestmannaeyjum.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 56. fundi í Nd., 21. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2. gr. samþ. með 22:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Ísleifur Högnason: Ég skal ekki verða langorður um þetta mál. En þetta frv. er alveg einsdæmi, eins og l., sem leyfa bæjarsjóði Vestmannaeyja að tolla vörur, sem um höfnina fara, umfram það, sem þær annars eru tollaðar. Það er einsdæmi, að ríkissjóður skuli leyfa bæjarfélagi að tolla vörur þannig til tekna fyrir bæjarsjóð.

En ef Alþ. samþ. l. um jöfnunarsjóð fyrir bæjar- og sveitarfélög, þá álít ég óþarft að veita meiri hl. bæjarstj. í Vestmannaeyjum leyfi til þess að taka af borgurum þessa bæjar aukaskatt, sem nemur 30—40 þús. kr., þó mér sé það ljóst, að þegar búið er að koma á óbeinum skatti, þá er erfitt að afnema hann. Það sýna þetta bezt dæmin frá Alþ., þar sem alltaf er verið að framlengja bráðabirgðatolla. En þar sem Alþ. mun samþ. l. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, og Vestmannaeyjar munu þar fá 30—40 þús. kr., ef allt fer að sköpum, þá mæli ég á móti því, að þetta frv. sé samþ. og þessi heimild veitt áfram.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:6 atkv., og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 478).

---

39. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga (frv. BSt og JBald).

Á 30. fundi í Ed., 19. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna (þmfrv., A. 148).

Á 33. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum þingum hefir það verið viðurkennt af öllum, að nauðsyn bæri til að sjá sveitar- og bæjarfélögum fyrir fleiri tekjustofnum heldur en þau hafa haft. Út af þessu var, eins og menn muna, skipuð milliþn. í jan. 1936, sem samdi frv. um þetta efni. Þetta frv. var svo lagt fyrir þessa hv. d. og samþ. með nokkrum breyt., en síðan limlest í Nd. og varð ekki útrætt þar. Hefir nú verið ýmislegt um þetta rætt og eins og gengur reynt að skella skuldinni á stjórnarflokkana í því efni. En sannleikurinn er sá, að á því þingi klofnuðu allir flokkar um þetta mál í Nd. Á fyrra þingi þessa árs voru líka frv. um þetta efni fyrir þinginu, bæði frá mér og eins frv. frá Jónasi Guðmundssyni, sem þá átti sæti á Alþ. Er ekkert hægt um það að fullyrða, hver niðurstaðan hefði orðið þá, ef þingið hefði ekki verið rofið, en þingrofið bar að höndum áður en hægt var að sjá, hvaða afgreiðslu þessi mál mundu fá. Nú er hér borið fram frv., sem gengur að vísu töluvert skemmra, a. m. k. að ýmsu leyti, heldur en þau frv., sem borin hafa verið fram áður. En þetta frv. hefir þó þann kost, að telja má tryggt, að það nái fram að ganga í höfuðatriðum á þessu þingi. Ég skal taka það fram þegar, að eins og sagt er í grg. frv., er þetta frv. borið fram í samráði við atvmrh. og fyrir hans hönd. Þar af leiðandi gefur það að skilja, að ekki gat staðið neitt í frv., sem hæstv. ráðh. ekki vildi fallast á. En ég fyrir mitt leyti hefi áskilið mér rétt til að bera fram brtt. við frv. síðar eða að vera með brtt., sem fram kynnu að koma.

Þetta frv. er, eins og menn sjá, í 3 köflum. Í 1. kafla er lagt til að bæjar- og sveitarfélögin megi innheimta fasteignaskatt, bæði af húsum, lóðum og lendum. Er um þetta fylgt frv. mþn. frá 1936, þó með þeirri breyt., að hér er gert ráð fyrir, að þetta verði alstaðar heimild, en í frv. mþn. var skatturinn lögboðinn í kaupstöðum. Ennfremur er sú breyt. gerð, að það lágmark, sem gert var ráð fyrir í frv. mþn., er burtu fellt, og þar af leiðandi geta bæjar- og sveitarfélögin haft þennan skatt eins lágan og þau vilja. Ég fyrir mitt leyti skal játa, að ég tel þennan kafla frv. ekki mikils virði, þó að hann geti náttúrlega orðið til hagræðis sérstaklega í þeim kaupstöðum, sem ekki hafa þegar fengið sér heimild til að leggja á fasteignaskatt. En þar, sem fasteignaskattur er fyrir, tel ég ekki mikil líkindi til, að hann verði verulega hækkaður, þó að þetta verði samþ.

Það, sem ég tel eiginlega aðalkjarna frv., er 2. kafli, þar sem ræðir um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Ég álít, að þessi kafli muni verða að mestum beinum notum, ef samþ. verður. Það kann að vera, að ýmsum þyki það lítið, sem bæjar- og sveitarfélögin eiga að fá í sinn hlut eftir þessum kafla, en það er, eins og kunnugt er, 700 þús. kr. af því fé, sem innheimtist samkv. „klauflaxinum“. Það verður að undirstrika, að samkv. till., sem gerðar eru í þessum kafla, þá verður þessu fé fyrst og fremst varið til þess að létta undir með þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem hafa mestar byrðar af þeim málum, sem má segja, að þau geti sízt ráðið við, en það er framfærslukostnaðurinn, framlag til elli- og örorkutrygginga og svo kennaralaun. Þetta er allt útgjöld, sem löggjöfin hefir lagt bæjar- og sveitarfélögunum á herðar og þau geta sízt við ráðið. Ég er viss um, að þó ekki hefði verið gengið lengra en að afnema hámarkið, sem nefnt er í 73. gr. framfærslulaganna, þá hefði það eitt út af fyrir sig komið mörgum bæjar- og sveitarfélögum í góðar þarfir, hvað þá heldur þegar hér er nú gengið miklu lengra.

Þá er 3. kaflinn um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum. Kaflinn fjallar um það, að settur skuli sérstakur maður til þess að annast skýrslusöfnun frá bæjar- og sveitarfélögum, sem að þessu lúta, og annast skiptingu þessa fjár á milli þeirra. Ennfremur er ætlazt til, að þessi maður hafi svo auk þess sérstakt eftirlit með fjárreiðum bæjar- og sveitarfélaga. Og enn-

fremur það, að ef sveitar- eða bæjarfélag kemst í svo mikil vandræði, að gera þarf sérstakar ráðstafanir til bjargar því, eins og komið hefir fyrir, þá megi að nokkru leyti svipta það fjárforræði um takmarkaðan tíma. Ennfremur eru ákvæði um, að ef bæjar- eða sveitarfélag skuldar ríkissjóði eða er í vanskilum með skuld, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, þá megi halda eftir sem svarar skuldinni, af því, sem bæjar- eða sveitarfélaginu ber að fá hjá jöfnunarsjóðnum, til lúkningar henni.

Ég skal svo að lokum vekja athygli á bráðabirgðaákvæði, þar sem farið er fram á, að á næsta ári verði jafnaður framfærslukostnaðurinn fyrir árin 1936—1937. Ég legg svo að sjálfsögðu til, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til n., en ég er í nokkrum vafa um, til hvaða n. það eigi að fara sökum þess, að málið á samkv. eðli sínu heima í allshn., en alveg samskonar máli hefir þó verið vísað nýlega til fjhn., og leyfi ég mér því að skjóta því til hæstv. forseta og biðja hann um till. viðvíkjandi nefnd.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég get tekið það fram, að ég er mjög fylgjandi 1. kafla þessa frv., sem ræðir um fasteignaskatt, svo langt sem það nær. Þm. Kommfl. í Nd. hafa fyrir skömmu lagt fram í Nd. frv. um stighækkandi fasteignaskatt, sem gengur í svipaða átt. Í 3. gr. frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir, að þessi skattur geti verið mismunandi hár, eftir því hvað hvert bæjar- og sveitarfélag ákveður. Þetta er gott og blessað frá mínu sjónarmiði. En til þess að l. verði ekki misbeitt, þá þarf að ganga betur frá þessu. Það þarf að koma í veg fyrir, að þetta verði til að hækka húsaleiguna. Þess vegna álít ég, að þurfi að tiltaka nánar mismuninn, sem á að gera á verzlunarhúsum og íbúðarhúsum.

Þá er það 22. gr., sem ég álít, að geti verið athugaverð, en þar er talað um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum. Þessar aðgerðir, sem þar er gert ráð fyrir, horfa ekki í lýðræðisátt, og þar, sem þetta hefir verið framkvæmt, hefir það valdið úlfúð og vandræðum. Ef bæjar- og sveitarstjórnir standa ekki í stöðu sinni, eiga það að vera kjósendurnir, sem eru hæstiréttur til að dæma þær. — 20. gr. getur líka verið athugaverð. Ákvæði hennar mundu verka þannig, að verst stæðu bæjar- og sveitarfélögin mundu raunverulega ekkert fá úr jöfnunarsjóðnum, heldur mundi þeirra hluti fara allur eða mikill hluti hans upp í skuldir. Annars er ég að öðru leyti samþykkur þessu frv., en ég mun ef til vill síðar bera fram brtt. í samræmi við þessar aths.

***Magnús Guðmundsson:** Það eru aðeins örfá orð, aðallega út af því, sem hv. 1. landsk. sagði. Hann kveðst vera ánægður með frv. að undanskildum nokkrum atriðum. Ég hélt, að hans flokkur væri ekki ánægður með þá braut, sem hér er farið inn á, að útvega bæjar- og sveitarfélögum tekjur með tollum, en það verða allar tekjurnar, sem koma inn samkv. þessu frv. Ég segi þetta ekki af því, að ég sjái það ekki, að þetta er nauðsynlegt að gera. Það er langt síðan ég sá það, enda var þessi leið farin í frv. mþn. frá 1936, sem ég átti sæti í ásamt hv. 1. þm. Eyf. Það er nú komið svo, að skattarnir eru orðnir svo háir, að það er ekki hægt að ná inn nægilegum gjöldum til bæjar- og sveitarfélaganna með beinum álögum. Það er gott, að það skuli vera komin viðurkenning á þessu jafnvel frá kommúnistum. Þessu höfum við sjálfstæðismenn haldið fram í mörg ár, en það var hér á þingi 1936 talin ófær leið af hálfu Alþfl. En nú er komið á daginn, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt eftir beiðni hæstv. atvmrh., sem eins og kunnugt er tilheyrir Alþfl. Annars vil ég benda á það viðvíkjandi 1. kafla, að það þarf ekki að búast við miklum tekjum af honum, því að við komumst að raun um það, sem störfuðum í mþn., að það var mjög mikil andstaða gegn því að innleiða fasteignaskatt eða hækka hann. En viðvíkjandi því, til hvaða n. þetta eigi að fara, þá finnst mér, eftir þeirri aðferð, sem tekin var upp í byrjun þingsins, að láta frv. um sama efni ganga til fjhn., að þetta ætti að fara líka til þeirrar n., því ef til vill mundi n. vilja taka eitthvað upp úr hinu frv. Því ég held ekki, að frv. sé alveg gallalaust. Ég er sannfærður um að það fjármagn, sem til þessa er ætlað, er allt of lítið til þess að það komi að fullum notum. Þetta verða um 400 þús. kr., sem eiga að skiptast milli allra bæjar- og sveitarfélaga. Það eru dæmi til þess, að útsvörin í Rvík einni hafa á einu ári hækkað meira en 400 þús. kr. Þar af sést, að upphæð þessi er allt of lág til þess að fullnægja þörfum bæjar- og sveitarfélaga í þessu efni, enda mun hv. 1. þm. Eyf. líta svo á. Hann hefir líka sjálfur sett undir lekann með að afla á annan hátt tekna fyrir það eina bæjarfélag, sem er í hans kjördæmi. Ég er sammála honum um þá leið, er hann fer þar. Og ég ætla að launa honum framkomu hans, er hann beitti sér gegn því hér um árið, að Sauðárkrókur fengi heimild fyrir nýjum tekjum. Ég ætla þannig að hefna mín á honum með því að launa illt með góðu.

Brynjólfur Bjarnason: Ég ætla að gera aths. við það, sem hv. 9. landsk. sagði, að ég hefði fagnað yfir þeirri tekjuöflunarleið ríkissjóðs, sem þetta frv. byggist á. Hv. 9. landsk. hlýtur að vera það kunnugt, að ég er algerlega andvígur þeirri leið, sem farin er í frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, sem rætt var hér í gær, en það kemur ekki þessu frv. við í sjálfu sér, því ef ekki væri farin sú leið til tekjuöflunar, sem gert er ráð fyrir í því frv., þá yrði bara farin einhver önnur leið til að afla þessara 700 þús. kr. í jöfnunarsjóð, en þó ég sé andvígur tekjuöflunarleiðinni, get ég verið samþykkur stofnun jöfnunarsjóðs og því hlutverki, sem hann á að leysa.

Páll Zóphóníasson: Það eru tvö atriði í frv., sem ég vildi benda á áður en málið fer lengra. Annað er það, hvort ekki væri hægt að fá eftirlitsmanninum meira vald, sérstaklega til að hafa áhrif í þá átt, að bæjar- og sveitarfélög fullnotuðu sína tekjuöflunarmöguleika áður en þau leita til jöfnunarsjóðs. Við höfum

heyrt hv. þm. Hafn. lýsa því, hve mjög nauðulega hans bæjarfélag er statt, en þó er það svo, að bæjarstj. þar hefir ekki fundið ástæðu til að nota eins háan útsvarsskala og gildir hér í Rvík. Þegar kemur upp til eignamannanna í Hafnarfirði, eru útsvörin þar ¼ lægri en hér í Rvík, þannig, að ef Hafnarfjörður hefði sama útsvarsskala og Rvík, þá fengi bærinn það, sem hann vantar af tekjum til að standast útgjöld, og það virðist svo sem þannig sé það í fleiri bæjarfélögum. Ef hv. þm. Hafnf. vildi, þá gæti ég nefnt einstaka menn í hans bæjarfélagi, sem hafa þetta lægri útsvör en jafnefnaðir menn í Rvík. Ég tel, að eftirlitsmaður þyrfti að hafa vald til þess að láta bæjar- og sveitarfélög fullnota sína tekjuöflunarmöguleika áður en þau koma til ríkisins.

Í öðru lagi vildi ég benda á, að annað frv. sama eðlis og þetta var hér í hv. d. sent til fjhn. Það frv. rýrir tekjur ríkissjóðs og varþví fjármál. Þó hér sé um skylt mál að ræða, þá er hér ekki gengið á tekjur ríkissjóðs á neitt líkan hátt og í hinu. Hér er fyrst og fremst að ræða um sveitarstjórnarmálefni, og því tel ég, að frv. eigi að fara til allshn.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Hv. 1. landsk. taldi vanta ákvæði í frv., er kæmu í veg fyrir það, að af frv. leiddi hækkun húsaleigu. Ég er honum sammála um það, að gott væri að fyrirbyggja slíka hækkun, en ég býst við, að það sé ákaflega erfitt að setja ákvæði um það. Mér skilst, ef fasteignaskattur hvílir á húsum, sem leigð eru, þá hljóti eða a. m. k. sé hætt við því, að skatturinn hafi áhrif á húsaleiguna, en það er sjálfsagt að athuga þetta í n., hvort sem það verður fjhn. eða allshn., sem fær frv. til meðferðar.

Þá þótti þessum hv. þm. það ófrelsi, að í 22. gr. væri fjárforræði tekið af þeim sveitarfélögum, sem þyrftu á sérstakri hjálp að halda. Það má til sanns vegar færa, að þetta sé nokkur skerðing á frelsi, og hv. þm. vildi halda því fram, að þetta væri ekki í samræmi við lýðræði, en ég get ekki séð, að þegar bæjarfélag, sem ekki getur sjálft séð sér borgið og ríkisvaldið þarf að hlaupa undir bagga, að þetta sé annað en eðlilegt. Annars gæti farið mjög illa, eins og hugsunarháttur er nú á dögum. Ég hefi heyrt, að í einum hreppi t. d. hafi einn af þurfamönnum hreppsins verið kosinn oddviti. **(BrB:** Óttalegt er að heyra þetta). Þegar slíkt á sér stað, finnst mér, að full ástæða væri til eftirlits. Hv. 1. landsk. greip fram í á þá leið, að ekki væri athugavert, þó þurfamaður væri oddviti. Ég skal nú játa, að ég er svo gamaldags, að ég kann ekki við það.

Ég get verið sammála hv. 9. landsk. um það, að hér sé um heldur lítið fé að ræða samkv. 2. kafla frv., en ég skil ekki, hvernig hann fær það út, að þetta séu ekki nema 400 þús. kr. Mér skilst, að nýtt fé verði 450 þús. kr., og þó það skerðist eitthvað við það, að manni í stjórnarráðinu verði falið eftirlit með bæjar- og sveitarfélögunum, þá kemur ekki til mála, að sú kostnaður nemi 50 þús. kr.

Hv. þm. benti á það, að ég stæði að öðru frv., sem veitti mínu bæjarfélagi miklar tekjur. Hann stendur einnig sjálfur að þessu frv., sem veitir fleiri sveitarfélögum nýjar tekjur, sem nema munu um 80 þús. kr. miðað við yfirstandandi ár. **(MG:** Eru það nema þrjú bæjarfélög?). Nei, en mér sýnist, að fleiri till. í líka átt vera að koma fram, sem e. t. v. verða samþ., og það verður að viðurkennast, að þó þessi upphæð mætti vera hærri, þá er hún miklu betri en ekki neitt, og ég vil fullyrða, að stærstu vandræðunum er afstýrt, þó ekki verði annað samþ. en þetta frv., því það eitt að fullur jöfnuður á fátækrakostnaði náist, hefir mikið að segja. Því ef vandræði bæjar- og sveitarfélaga stafa ekki af fátækraframfærinu eða þá einhverjum alveg sérstökum ástæðum, þá er venjulega um sjálfskaparviti að ræða. Ég þakka hv. 9. landsk., að hann ætlar að fara að launa mér illt með góðu og vona, að hann geri það í framtíðinni, ef ég skyldi einhverntíma gera honum eitthvað illt, en ég kannast ekki við að hafa gert það hingað til. **(MG:** Jú). Nei. Það er að vísu rétt, að ég var á móti því á framhaldsþinginu 1935, að sérstök l. yrðu sett um vörugjald á Sauðárkróki, þar sem ákveðið var á því sama þingi, að þessi mál yrðu athuguð í heild. Þá stóð til eins og varð, að skipuð yrði n. til að gera till. um nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Vorum við hv. 9. landsk. skipaðir í þá n. ásamt þriðja manni. Okkar till. komu svo fyrir næsta þing tveim mánuðum síðar, og ef þær hefðu verið samþ., sé ég ekki, að Sauðárkrókur hefði nokkurs misst, þó gildistaka nýrra tekjustofna fyrir þorpið hefðu dregizt í tvo mánuði. Ég sé því ekki annað en að ég hafi gert allt, sem í mínu valdi stóð, til þess að fá lögfest það, sem hv. þm. fór fram á.

Út af aths. hv. þm. N.-M. um, að þessi eftirlitsmaður sé látinn sjá um, að bæjar- og sveitarfélög fullnoti tekjumöguleika sína áður en þau leita til ríkisins, skal ég taka það fram, að ég tel, að frv. ætlist til þess. Í 21. gr. frv. er tekið fram, að eftirlitsmaðurinn skuli veita sveitar- og bæjarfélögum aðstoð og ráðleggingar um fjármál þeirra og leiðbeina þeim um framfærslumál og önnur mikilsverð málefni. Þetta er kannske ekki fullnægjandi í þá átt, sem hv. þm. var að tala um, og er að sjálfsögðu rétt, að sú n., sem frv. fær til athugunar, fjalli um þetta atriði.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég get tekið undir það með nokkrum hv. þdm., að tillagið til jöfnunarsjóðs sé mjög skorið við nögl. En til þess að gera hv. þdm. hægara fyrir um athugun á þessu atriði, skal ég upplýsa það, að samkv. gildandi l. ættu 250 þús. kr. að nægja til að jafna fátækraframfærið. Eftir útreikningi hagstofunnar hefir það sýnt sig, að vantað hefir um 100 þús. kr. til þess að jafna samkv. l. fátækraframfærið fyrir árið 1935, og fyrir árið 1936 einnig, eða bæði árin verður þetta samtals 350 þús. kr., sem þyrfti til að jafna fátækraframfærið. Og ef farið verður eftir sömu reglum, sem eru líkar og gert er ráð fyrir í frv., þá svarar þetta tillag til jöfnunarsjóðs til þess, að hægt verður að jafna að fullu fátækraframfærið samkv. lögum, og verður þó

eftir um helmingur tillagsins, sem úthlutað verður til jöfnunar á þeim tveimur útgjaldaliðum, ellilaununum og kennaralaununum, sem taka á tillit til samkv. frv.

Ég hygg, þó þetta fé sé ekki meira, að þá verði það til verulegrar hjálpar fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, sem verst eru stödd, sérstaklega þar, sem örðugleikarnir stafa af atvinnuleysi, því þar hefir fátækraframfærið orðið mest, og yfirleitt er það fátækraframfærið, sem fyrst og fremst hefir valdið bæjar- og sveitarfélögunum örðugleikum.

Í þessu frv. er tekið tillit til tveggja annara atriða, ellilaunanna, sem í flestum tilfellum eru sama eðlis og fátækraframfærið, og í öðru lagi kennaralauna. Ég hefði talið eðlilegra, að í stað kennaralauna væri allur barnafræðslukostnaður lagður til grundvallar fyrir styrk úr jöfnunarsjóði, og vænti þess, að n. taki það til athugunar.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, vil ég taka þetta fram: Ég vil beina því til n., sem ég tel eðlilegra að verði allshn., að athuga, hvort ekki sé hægt að setja ákvæði í frv. um, að úthlutun úr jöfnunarsjóði kæmi ekki til greina fyrr en fullnotaðir hafa verið hinir eðlilegu tekjustofnar bæjar- og sveitarfélaga, t. d. einnig notuð sú heimild, sem felst í fyrsta kafla þessa frv., fasteignaskatturinn. Ég tel hann í sjálfu sér miklu eðlilegri tekjustofn heldur en jöfnunarsjóð, og væri því ástæða að nota fasteignaskattinn til fulls áður. Sömuleiðis með hliðsjón af því, sem hv. þm. drap á, tel ég eðlilegt, að viss upphæð væri áður tekin með útsvörum í hlutfalli t. d. við tekju- og eignarskatt, áður en til jöfnunarsjóðs kæmi. Ég játa, að erfitt kunni að verða að finna form fyrir þessu, en þetta væru hinsvegar mjög nauðsynleg og eðlileg ákvæði, því 21. gr. nær á engan hátt þessum tilgangi.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Eins og hv. 9. landsk. tók fram, kemur fyrsti kafli frv. ekki að fullum notum fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, sem verst eru stödd. Ef setja á það sem skilyrði fyrir styrk úr jöfnunarsjóði, að fasteignaskattur samkv. fyrsta kafla frv. sé áður fullnotaður, eins og hæstv. atvmrh. hélt fram, þá gæti hér verið dálítið mismunandi, í hvaða bæjarfélagi fasteignin er, t. d. hvort hún er í Hafnarfirði eða í Rvík. Fasteignirnar á þessum tveimur stöðum eru mjög ólíkar. Í Hafnarfirði er varla nokkurt stórt íbúðarhús; mest eru það lítil einnar fjölskyldu hús, þar sem fátækir verkamenn búa. Í Rvík er aftur á móti mikið af stórum og arðsömum húseignum, bæði íbúðarhúsum, verzlunarhúsum og dýrum skrifstofubyggingum. Ég efast því um, að tiltækilegt væri að leggja háan fasteignaskatt á í Hafnarfirði, vegna þess, hve það yrði þungur baggi fyrir verkamennina, sem með sparnaði og iðjusemi hafa barizt fyrir því að eignast skjól yfir höfuðið. Slíkur skattur yrði ekki annað en nokkurskonar hefnd á þá fátæklinga, sem mestan dugnað hafa sýnt. En það skiptir öðru máli, og ég álít, að vel geti komið til greina að setja slíkan skatt á í Rvík, og þar mundi hann gefa góðar tekjur vegna hinna dýru húseigna og svokölluðu luxusíbúða, en í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og öðrum útgerðarbæjum mundi hann koma að mjög litlum notum.

Það hefir verið á það minnzt, að tilagið til jöfnunarsjóðs væri of lítið. Ég er á sama máli. Það, sem koma mundi í hlut Hafnarfjarðar, yrði tæplega nóg til að vega á móti því, sem bænum var íþyngt með nýju sveitarstjórnarlögunum. Það hafa undanfarin ár verið greiddar úr bæjarsjóði um 90 þús. kr. vegna utanbæjar þurfamanna, og af því fengizt verulegur hluti endurgreiddur frá þeim bæjarfélögum, sem bezt eru stæð, eins og t. d. Rvík, og það er sannanlegt, að styrkurinn úr jöfnunarsjóði hrekkur ekki einu sinni til að fylla þetta skarð, hvað þá meira.

Hv. 1. þm. N.-M. var að segja, að það væri lægri skali notaður við útsvarsálagningu í Hafnarfirði en í Rvík. Þetta hefi ég nú bara aldrei heyrt, því hefir einmitt verið haldið fram, að útsvör væru há í Hafnarfirði, en ef það er meiningin, að útsvörin í Hafnarfirði séu hærri á lágtekjumönnunum heldur en hátekjumönnunum í hlutfalli við það, sem er hér í Rvík, þá er það merkilegt fyrirbrigði í þessu landi sósíalismans. Ég á bágt með að trúa þessu, en úr því hv. 1. þm. N.-M. heldur þessu fram, og þar sem ég hefi ekki reynt hann að ósannindum ennþá, þá ætla ég að rannsaka þetta seinna. Hitt er annað mál, ef hv. þm. heldur, að hægt væri að bæta upp það, sem Hafnarfjarðarbæ vantar í tekjur, með hækkuðum útsvörum, þá er það misskilningur.

Það er óhætt að segja, að frá 1. okt. eru ekki nema 15—16 manns í Hafnarfirði, sem ekki mega vera í sjúkrasamlagi Hafnarfjarðar vegna þess að þeir hafi svo háar tekjur, svo að hann getur af þessu skilið, að það eru ekki margir menn, sem kæmu þarna til greina, og það er ekki um svo mikið fjárframlag að ræða þarna, að ekki sé *réttlætanlegt* að fá *nýja* tekjuöflunarleið. Hitt ætla ég að athuga, því að mér finnst það mjög einkennilegt fyrirbrigði, sem hvergi „existerar" nema í Hafnarfirði, að sósíalistar skuli gleyma hátekjumönnunum. (PZ: Það er til viðar).

***Magnús Jónsson:** Það hefir verið uppi till. um að vísa þessu máli til fjhn. og af því að ég á sæti í þeirri n., þá er ef til vill ekki ástæða fyrir mig að tala um frv. að svo komnu, en eins og hv. þdm. er kunnugt um, er ég meðflm. að frv. um svipað efni, og ég gerði það m. a. vegna þess, að með löggjöf síðari ára hafa verið lagðar svo miklar byrðar á stærri kaupstaði landsins, að það virðist alveg óhjákvæmilegt, að sjá um, að þeir fái nokkrar tekjur til þess að standa undir þeim byrðum, aðrar tekjur en þær, sem hægt er að ná með beinni álagningu útsvara. Það getur verið, að Alþingi geti lokað augunum fyrir þessu nokkra stund, en það er ekki hægt mjög lengi. Mér sýnist þetta frv. stefna í svipaða átt og ýms frv. um tekjuauka fyrir bæjar- og sveitarfélög, að sneiða vandlega hjá því, að höfuðstaðurinn njóti nokkurs *af þeim tekjum, sem þar er farið fram á* handa bæjar- og sveitarfélögum. Ég skal játa, að ég hefi ekki rannsakað þetta mál út í æsar,

en mér sýnist ákaflega lítil tekjuvon af þessu frv. fyrir Rvík, sem hefir þó verið mjög íþyngt með margvíslegri löggjöf síðari ár.

I. kafli l., fasteignaskatturinn, getur ekki orðið Rvík að verulegu liði þegar af þeirri ástæðu, að þessi skattstofn er nú notaður af bænum, að vísu ekki eins hár og hámarkið leyfir hér, en hann er þó notaður þannig, að ég sé ekki veruleg líkindi til þess, að þetta yrði notað, og ég hygg þess vegna, að þessi I. kafli l. mundi koma að tiltölulega litlu gagni. — Um II. kaflann er mikið erfiðara að segja. Ég skal játa, að þar eru mörg ákvæði, og sú úthlutun, sem fram fer samkv. þeim kafla, svo dulin, að það er ekki gott að segja í fljótu bragði, hvernig það skiptist og hvern hlut Rvík mun bera frá því borði. Hitt finnst mér augljóst, að það, sem segir í 11. gr. l., að hámark 73 gr. framfærslul. fellur ekki niður. Ég sé ekki annað en að það sé tilfærsla, í stað þess að bundið er við 250 þús. kr., á þar að koma 700 þús. kr. til úthlutunar, og það er að vísu talsverð bót, en ég er ekki viss um, að þetta ákvæði þyrfti að vera, því að eftir að farið er að veita 700 þús. kr. samkv. framfærslul., þá mundi hámarksákvæði 73. gr. að sjálfsögðu vera gengið úr móði, ef svo mætti segja.

Þetta bætir að vísu nokkuð úr, eins og ég hefi sagt, en það er sá stóri galli á ákvæðum II. kafla að því er Rvík snertir, að úthlutunin er bundin við reglur VIII. kafla framfærslul., því að ég sé ekki betur en að í þeim kafla sé séð á ýmsan hátt nokkuð laglega fyrir því, að Rvík verði a. m. k. mjög seint á biðlista með það að fá nokkuð til jöfnunar fátækraframfæris. (**Fjmrh.**: Er nokkurt sérákvæði um Rvík?). Já, það eru sérákvæði, fyrir það fyrsta um það, hvernig á að reikna út meðalframfærslukostnaðinn. Það hagar þannig til, að Rvík stendur sérstaklega illa að vígi, ekki aðeins miðað við framfærsluna, heldur einnig við fasteignamatið og skattskyldar tekjur, en reynslan er sú, að bæði fasteignamat og skattskyldar tekjur verða hærri í stærri bæjum, þar sem dýrtíðin er yfirleitt meiri, svo að peningarnir hafa þar raunverulega minna gildi en annarsstaðar á landinu. Fasteignamatið er hærra þar, sem fasteignirnar eru seldar fyrir fleiri krónur, og reynslan er sú í öllum löndum, að peningarnir hafa minna gildi í stærri bæjum en þeim smærri. Þess vegna er ekki rétt að miða við það eingöngu, sem byggist á þessu. (**PZ**: Það er meiri frádráttur). Það er rétt, en sá munur er hverfandi móts við hitt. Þegar reiknað er með þessum tveimur liðum án þess að á hinn bóginn komi á móti jöfnuður á hverjum stað, sem ætti að koma sem liður í reikningsdæmið á móti, þá fæst þarna mynd, sem ekki er rétt. Þannig að reynslan verður sú, að það mun seint koma, að Rvík fái möguleika til úthlutunar samkv. þessum kafla framfærslul. Auk þess eru þau sérákvæði að því er Rvík snertir — ég get þess út af því, sem hæstv. fjmrh. greip fram í —, að Rvík greiðir meðalframfærslukostnað í flokk kaupstaða og fær svo endurgreitt, en aðrir kaupstaðir greiða meðalframfærslukostnað að frádregnum 10%, og það verður til þess að tefja enn fyrir því, að nokkuð komi í hlut Rvíkur. Ég held þess vegna, að Rvík hafi ekki mikla von um tekjuaukningu eftir þessu frv. Annarsvegar er svo 2. liður 11. gr., þar sem talað er um að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum. Það get ég hugsað, að Rvík komi undir, en þar kemur bráðabirgðaákvæði til þess að séð verði fyrir því í bráðina, að það, sem kynni að verða fram yfir til úthlutunar, á nú að fara í allt aðra hít. (**Atvmrh.**: Fyrsta árið). Það er nú ekki alltaf meiri festa í þessum ákvæðum, og maður vill helzt fyrstu peningana.

Ég vildi aðeins geta þessa áður en málið fer í n., til þess að sýna, að með þessu frv. tel ég ekki verið að bæta þörf þeirra, sem ég samkv. mínu umboði hafði náttúrlega fyrst og fremst í huga, þegar ég var meðflm. að hinu frv. — Af því að ég hefi ekki ástæðu til að búast við ósanngirni af hv. þm. í þessu efni, hefði ég viljað vænta þess, að við fyrstu meðferð málsins hefði verið tekið nokkurt tillit til þeirra þarfa, sem reynt var að sjá fyrir í hinu frv.

Páll Zóphóníasson: Mér þykir það ekki undarlegt, þó að hv. 1. þm. Reykv. finnist Rvík fá lítið samkv. þessu frv., þegar tillit er tekið til þess, að hann flytur frv., sem ætlast til þess, að 13% af tekjum ríkissjóðs séu látin ganga til bæjar- og sveitarfélaga og Rvík verði látin fá liðlega helminginn, sá bær, sem sjálfstæðismenn segja, að sé bezt stæður af öllum bæjum á landinu, til þess að geta létt útgjöldin um ⅓ hér um bil. Hitt er svo annað mál, þörf Rvíkur. Af tekjuskattinum, sem greiddur er nú í Rvík og er 1 millj. og nokkur hundruð þús. kr. eru 700 þús. kr. greiddar af 750 mönnum. Ætli sveitarfélögin væru ekki þakklát, ef þau hefðu einn af þessum mönnum til þess að geta lagt á? Rvík hefir þá alla. Það er því ekki undarlegt, þó að hv. 1. þm. Reykv. finnist Rvík fá lítið með frv. því, sem hér liggur fyrir, þegar hann flytur frv. hér í þinginu til þess að geta létt útsvörum af þeim, sem bezta hafa getuna til þess að borga hér í Rvík.

Það er engin furða, þó að hv. þm. Hafnf. sé undrandi, þegar hann sér, hvaða „skala“ er fylgt í Hafnarfirði við niðurjöfnun útsvara. Ég gerði það að gamni mínu í gær, að ég tók 10 tekjuháa menn í Hafnarfirði, líklega ⅓ af þeim, sem hann telur vera þar og athugaði, hvaða útsvör þeir mundu hafa í Rvík og hvaða útsvör þeir hafa í Hafnarfirði, og útkoman var sú, að þeir hefðu átt að hafa 12800 kr. hærra, ef þeir hefðu verið í Rvík. Ef ég hefði tekið þá flesta, geri ég ráð fyrir, að ég hefði náð í þessar 30000 kr., sem hv. þm. talaði um, að Hafnarfjörður hefði ekki getað lagt á.

Ef eftirlitsmaður væri hafður, eins og gert er ráð fyrir í III. kafla l., þá er nauðsynlegt, að hann fái aðstöðu til þess að geta gáð að því, að jafnt hreppar og sveitir og kaupstaðir og kauptún noti álagningarmöguleika, sem þau hafa, áður en þau fara að fá af almennu fé styrk, eins og II. kafli frv. ætlast til. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo stöddu.

Forseti (EÁrna): Þar sem hv. 1. flm. beindi því til mín, í hvaða n. frv. ætti að fara og það eru dálítið skiptar skoðanir um það, vil ég láta í ljós þá skoðun, að samkv. efni frv. á það að fara til allshn., því að þó að áður fyrr á þessu þingi hafi frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga verið vísað til fjhn., þá hygg ég það vera af því, að það frv. greip eingöngu inn í tekjur ríkissjóðs en þetta frv. gerir það ekki. Þetta er aðallega fyrirkomulagsatriði innan bæja og sveita um þessar tekjur, sem við er átt í frv. Annars ætla ég ekki að hafa nein áhrif á það, hvernig menn greiða atkv. í þessu máli, en lýsi aðeins mínu áliti á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 8:6 atkv., en samþ. að vísa því til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed. 1. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 212).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Allshn. hefir haldið einn fund um þetta mál, þar sem nefndin öll var mætt. Á þeim fundi kom það glögglega í ljós, að n. var einhuga um, að frv. ætti fram að ganga. Hinsvegar var talað um nokkrar breytingar, en á fundi, sem n. hélt síðar um málið, voru þó engar brtt. samþ. frá n. í heild. Á þeim fundi mættu aðeins tveir nm. Einn þeirra var þá veikur með þeim afleiðingum, sem öllum eru kunnar.

Meiri hl. n. áleit því rétt, þar sem öll n. virtist sammála um að frv. ætti að verða að l., að réttast væri að afgr. það til hv. d. án brtt.

Síðan er eins og kunnugt er nýr maður kominn í n., en eftir það hefir n. ekki haft tíma til að athuga frv., svo þær brtt., sem n. kynni að gera, verða því að bíða 3. umr. Ég sé því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Það er enginn ágreiningur í n. um meginatriði þess, og mér því ekki vitanlegt, að n. komi til að flytja við það neinar stórvægilegar brtt. Hinsvegar eru fram komnar brtt. við frv. frá hv. 1. landsk., en þar sem hann hefir ekki talað fyrir þeim, mun ég ekki gera þær að umræðuefni í þessari ræðu. Það er ljóst, að ef mál þetta á fram að ganga, má engin töf verða á meðferð þess, og vill n. því ekki fyrir sitt leyti tefja það.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég hefi leyft mér að bera fram fjórar brtt. við þetta frv. á þskj. 180, í samræmi við þær aths., sem ég gerði við frv. við 1. umr., og þarf ég í raun og veru ekki að rökstyðja brtt. mínar nánar. Fyrsta brtt. gengur út á það, að undanskilja frá fasteignaskatti í kaupstöðum litla ræktaða bletti, sem eru allt að 1 ha að stærð. Það er nú svo, að stöðugt er verið að hvetja menn til að rækta, ekki síst kaupstaðabúana, og fannst mér það þá ekki samræmi, ef farið væri að skattleggja svo mjög smáa bletti, sem hér er um að ræða.

Önnur brtt. mín fer fram á það, að fasteignaskattur af húseignum, sem leigðar eru til íbúðar, skuli vera helmingi lægri, ef hver íbúð er að verðmæti undir 12000 kr., heldur en af húseignum, sem notaðar eru fyrir verzlun, skrifstofur og til atvinnurekstrar. Þetta tel ég nauðsynlegt, til þess unnt sé að koma í veg fyrir, að þessi skattur orsaki hækkun á íbúðaleigu eða að menn skattsins vegna forðist að leggja fé sitt í að byggja hús með smærri íbúðum.

Þriðja brtt. mín er um það, að 20. gr. frv. falli niður, en 20. gr. er um það, að halda megi eftir hluta, eða öllum þeim styrk, er eitt bæjar- eða sveitarfélag á að fá úr jöfnunarsjóði, ef þetta bæjar- eða sveitarfélag getur ekki staðið straum af þeim lánum sínum, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Um þessa gr. er það að segja, að ríkissjóður hefir nóg ráð til að ná til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem hann er í ábyrgð fyrir, önnur en það að taka jöfnunarsjóðsstyrkinn, og gæti því innheimt þær kröfur með öðru móti, ef á annað borð gæti talizt forsvaranlegt að innheimta slíkar kröfur.

Þá er fjórða brtt. mín um að 22. gr. falli niður, en sú gr. er um það, að taka fjárforræði af þeim sveitar- eða bæjarfélögum, sem þurfa á meiri styrk að halda frá ríkissjóði heldur en jöfnunarsjóðstillaginu eftir II. kafla frv. Við 1. umr. þessa frv. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þessarar gr., og vil ég biðja hv. þdm. að hugsa sig vel um áður en þeir samþ. hana, því það tel ég hið mesta óráð. Það væri þokkalegt ef mjög íhaldssöm og einræðissinnuð ríkisstjórn tæki stjórnina á bæjarmálum t. d. Hafnarfjarðar, Ísafjarðar, Norðfjarðar og fleiri í sínar hendur gegn vilja bæjarmanna sjálfra, en slíkt gæti orðið, ef þessi gr. verður samþ. Ég vil því sérstaklega biðja hv. þdm. að athuga þessa síðustu brtt. mína, sem ég legg höfuðáherzlu á, svo að ég get ekki fylgt frv. nema sérstaklega sú till. og í raun og veru hinar í aðalatriðum verði samþ.

Bernharð Stefánsson: Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls, því eins og menn vita, var ég viðriðinn flutning þess, þó það væri flutt eftir beiðni hæstv. atvmrh.

Annars vildi ég segja nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, og þó sérstaklega þeim orðum, sem hann lét falla í sambandi við 3. og 4. brtt. sína. Hv. þm. leggur til, að 20. gr. frv. falli niður, en þar er svo fyrir mælt, að halda skuli eftir af jöfnunarsjóðsstyrk, ef viðkomandi sveitarfélag skuldar ríkissjóði. Hv. þm. sagði, að það mundi vera hægðarleikur fyrir stjórnina að innheimta með öðru móti hjá sveitarfélögum, ef þau skulduðu ríkissjóði, því hún hefði ráð þeirra svo í hendi sér. Ég held, að það sé fengin fullgild reynsla fyrir því, að ekki er eins erfitt að innheimta hjá neinum eins og bæjar- og sveitarfélögum, ef þau á annað borð tregðast við að borga. Ég held þess vegna að þessi gr. sé nauðsynleg, ef ekki á beinlínis að stefna að því, að fjárreiður bæjar- og sveitarfélaga komist í enn meira öngþveiti en þær eru nú og að þau verði hreint og beint handbendi ríkissjóðs.

Þá þótti hv. þm. 22. gr. frv. afleit, þar sem

gert er ráð fyrir, að ríkið hafi eftirlit með fjárreiðum þeirra sveitar- og bæjarfélaga, sem verða að fá styrk úr ríkissjóði fram yfir jöfnunarsjóðsstyrkinn. Í gr. er þó ekki gert ráð fyrir, að þetta eftirlit vari nema tiltekinn tíma, og ekki nema eitt ár í senn. Ég held, að þetta séu sjálfsögð ákvæði, og að það verði hver að finna sig í því, þó hann verði ekki sjálfráður sinna gerða þegar þannig stendur á. Hann sagði, að það mundi verða þokkalegt, ef íhaldssöm ríkisstjórn fengi vald yfir fjármálum Hafnarfjarðar, Ísafjarðar, Norðfjarðar o. fl. staða gegn vilja bæjarbúa sjálfra. Ég skal nú ekkert um það segja, hvernig það mundi verða, en ég vil segja það, að það yrði þá ekki síður þokkalegt, ef bæjar- og sveitarfélög gætu hagað fjármálastjórn sinni með tilliti til þess, að ríkið tæki við öllum afleiðingunum, en hefði hinsvegar ekkert vald til að ráða neinu, hversu sem með fjármálin væri farið.

Ég tel þessa 22. gr. alveg sjálfsagða. Úr því gengið er inn á þá leið, að verja allmikilli fjárupphæð til hjálpar bæjar- og sveitarfélögum, fjárupphæð, sem eftir eðli sínu ætti að renna í ríkissjóð, þá er ekki nema alveg rétt, að ríkið hafi hönd í bagga með um það, hvernig fjármálum þeirra aðilja er stjórnað.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Þar sem hv. 1. landsk. hefir mælt fyrir sínum brtt., þykir mér hlýða að gera grein fyrir afstöðu allshn. til þeirra.

Með fyrstu brtt. tel ég í mörgum tilfellum gerð tilgangslítil ef ekki tilgangslaus ákvæðin um fasteignaskatt af lóðum. Ég hygg, að í kaupstöðum og kauptúnum séu yfirleitt afar fáar lóðir, sem eru meira en 1 ha. að stærð, og ef á að undanskilja allar slíkar lóðir, þá hygg ég, að lítið verði eftir. Mér skilst, að þessi brtt. sé borin fram af umhyggju fyrir fátæklingunum, en ég hygg, að hún nái ekki marki, því að það geti alveg eins verið stórefnamenn, sem ráða yfir 1 ha. í lóðum, því ef það er byggingarlóð, væri sanngjarnt, að af henni væri borgaður skattur. Allshn. er því eindregið á móti þessari brtt., af því hún telur till. til engra bóta, heldur þvert á móti til óhagræðis.

Um aðra brtt. er það að segja, að það er tekið fram í 3. gr. frv., að heimilt sé að hafa skattinn mismunandi háan á hinum ýmsu tegundum lóða og einnig eftir því, til hvers þær eru notaðar, og ég hygg, að réttast sé, eins og gert er ráð fyrir í þeirri gr., að sá mismunur sé ákveðinn af kunnugum mönnum, en að allsherjar ákvæði um þetta geti verið varhugaverð. Það getur verið, að sanngjarnt væri, að íbúðir innan við 10 þús. kr. að verðmæti væru skattfrjálsar í Rvík, en úti um land væri það aftur á móti ekki sanngjarnt. Þess vegna held ég, að réttast sé, að ákvæði 3. gr. séu látin nægja, því að öll þrengri ákvæði séu til hins lakara. Þess vegna mælir n. eindregið á móti því, að þessar brtt. verði samþ.

Um 20. gr. og 22. gr. hefir hv. 1. flm. frv. tekið greinilega fram, hvað það gildir, ef þær eru felldar niður. Ég þarf litlu við það að bæta, enda lít ég mjög svipað á það mál og hv. flm. Ég vil aðeins bæta því við, að ef þessar gr. yrðu við atkvgr. hér á Alþ. felldar úr frv., þá skilst mér, að með því sé Alþ. í raun og veru að lögfesta óskilsemina, með því að lýsa yfir, að það vilji alls ekki hafa nein bindandi ákvæði, sem gangi í þá átt að reyna að tryggja skilsemi bæjar- og sveitarfélaga. Ég tel það alveg fráleitt. Hitt er annað mál, ef þær þykja of hart orðaðar, þá mætti kannske breyta orðalaginu. Með því að fella þær niður, þá lýsir þingið því yfir, að það vilji ekki setja hömlur við óskilseminni. Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um gildi þessara gr. í frv., því hv. flm. tók það greinilega fram. N. leggur til, að allar þessar brtt. verði felldar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég ætla ekki að gera langar aths. við svör hv. frsm. og hv. 1. þm. Eyf. Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um till. mína um að fella niður 20. gr., þar sem hann benti á, hversu mjög það hefði reynzt erfitt að innheimta skuldir bæjarfélaga, þá þarf ekki annað en benda á, að fyrir því liggja orsakir, að erfitt er að innheimta þessar skuldir, en það er vegna þess, að það hefir verið erfitt að greiða þær fyrir bæjarfélögin. Fyrir því liggja þessar einföldu ástæður, og það geta verið takmörk fyrir því, hve forsvaranlegt er gagnvart íbúum bæjarfélaga að innheimta slíkar skuldir. Ég álít, að ríkissjóður hafi að allmiklu leyti ráð þessara bæjar- og sveitarfélaga í hendi sér. Þau þurfa hjálpar ríkissjóðs, og það er nauðsynlegt fyrir þau að komast að samningum við hann.

Þetta var viðvíkjandi fyrstu aths. hv. þm. — Önnur aths. hans var við brtt. mína um að 22. gr. verði felld niður. Hv. 1. þm. Eyf. virtist vilja líta svo á, að það væri undir flestum kringumstæðum sjálfskaparvíti bæjar- og sveitarfélaga, þegar svo er komið, að þau þurfa sérstakrar hjálpar. En ég vil halda því fram, að það séu undir flestum kringumstæðum óumflýjanlegar ástæður fyrir því, enda hljóta íbúar bæjar- og sveitarfélaga að hafa hug á því, að fjárstjórnin þar færi vel úr hendi.

Þá ætla ég að svara hv. frsm. allshn. Hann hélt því fram, að 1. brtt. mín, um að fella niður 3. lið 1. gr., en brtt. er um að breyta honum nokkuð, gerði þennan lið tilgangslítinn. Það kann að vera, að það verði ekki miklar tekjur af þessum lið, en ég tel brtt. mína nauðsynlega. Að því er snertir aths. hans um, að það geti verið stóreignamenn, sem eigi lítlar lóðir, þá er hún rétt. En þrátt fyrir það eru þetta engin rök á móti brtt. minni, sem ég tel nauðsynlega. Það er svo um fasteignaskattinn, sem ekki er stighækkandi, að það geta verið stóreignamenn, sem eiga smáar lóðir, og svo verr stæðir menn, sem eiga stærri lóðir. En flokksmenn mínir í Nd. hafa, eins og hv. þm. er kunnugt, borið fram frv. um fasteignaskatt, sem lagður sé á með allt öðru móti, og sömuleiðis um verðhækkunarskatt.

Þá kem ég að aths. hv. frsm. allshn. viðvíkjandi 2. brtt., þar sem svo er ákveðið, að fasteignaskatturinn af húsum með smáum íbúðum skuli alltaf vera helmingi minni heldur en af verzlunarhúsum og öðrum slíkum byggingum. Þar vill hv. frsm. halda því fram, að þetta eigi

algerlega að vera á valdi bæjarstjórna og sveitarstjórna, hvernig þessum mismun á fasteignaskattinum er hagað. Í minni brtt. eru fastar skorður settar við því, að skatturinn verði tiltölulega miklu minni á íbúðarhúsum með smáum íbúðum heldur en öðrum húsum, og tel ég það nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir, að þessu ákvæði verði misbeitt, því þar er aðeins um heimild að ræða til þess að hafa skattinn mismunandi. En það þarf ekki að vera. Það er hægt að framkvæma þetta þannig, að skatturinn á smáíbúðarhúsum sé jafnhár og á öðrum húsum, eins og t. d. verzlunarhúsum. Þess vegna er rétt að setja þessar skorður. Það er eftir sem áður á valdi bæjarstjórna og hreppsnefnda að hafa skattinn mismunandi að öðru leyti.

Hv. frsm. allshn. sagði, að ef 20. gr. væri felld niður, þá væri það einskonar lögfesting á óskilseminni. Ef það er rétt, að slikt væri lögfesting á óskilseminni, þá er líka óskilsemin lögfest á meðan þessi gr. er ekki orðin að lögum.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi ekki miklu að svara. Hv. 1. landsk. vildi halda því fram, að eftir brtt. hans væri heimilt að hafa skattinn mismunandi á húsum, eftir því sem viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn teldi viðeigandi. En það er einmitt ekki. Í brtt. er svo ákveðið, að á húsum, sem notuð eru til verzlunar og atvinnurekstrar, skuli skatturinn vera tvöfaldur á við það, sem hann sé á íbúðarhúsum fyrir neðan víst mark. Það á t. d. að leggja á fiskhús tvöfaldan skatt á við þann, sem lagður er á íbúðarhús. **(BrB:** Það má vera mismunandi skattur á þeim fyrir þessu). Það nær engri átt að binda þetta við svona þröngt ákvæði. Skýring mín á fiskhúsum, sem notuð eru til atvinnurekstrar, er rétt. Skatturinn á alltaf að vera tvöfaldur. Þetta sannar það, sem ég hefi haldið fram áður, að það er ómögulegt að hafa allsherjarreglu, sem gildi jafnt fyrir Rvík og hreppsfélög úti á landi. Það er þess vegna farin rétt leið að minu áliti í 3. gr. frv., þar sem heimilað er, að skatturinn megi vera mismunandi í hverri sveit, eftir því, til hvers húsin eru notuð.

Hv. þm. hneykslaðist mikið á því, að ég sagði, að með niðurfellingu 20. gr. og 22. gr. væri þingið að lögfesta óskilsemina. Hann sagði, að ef það væri rétt hjá mér, þá væri þegar búið að lögfesta hana. Þetta er misskilningur hjá honum. Þegar komin er fram á Alþ. till. um, að undir vissum kringumstæðum skuli það varða vissum viðurlögum, ef óreiða á sér stað í fjármálum sveitar- og bæjarfélaga, þá má segja, ef Alþ. fellir till., að það sé búið að lýsa því yfir, að það vilji engar skorður setja á þetta. Þetta getur hver maður skilið. Það er því ekki vandalaust að fella niður ákvæði, sem fram eru borin á Alþ., því þar með er þingið búið að lýsa yfir, hvernig það lítur á málið í hvert skipti. Ég get ekki skilið niðurfellingu 20. gr. og 22. gr. á annan veg en þann, að Alþingi vilji ekki leggja viðurlög við því, ef sveitarstjórnir fara óhyggilega með fé sveitarfélaga.

Að því er snertir innheimtur, sem vikið er að í 20. gr., að ríkisstj. eða eftirlitsmönnunum sé skylt að halda eftir af jöfnunarsjóði því, sem hrepparnir skulda ríkissjóði, þá sé ég ekki annað en þetta sé sjálfsögð ráðstöfun, því ef á að innheimta frá sveitarfélögunum, þá er ekki hægt að innheimta það af neinu öðru en tekjum sveitarfélaganna, og þá sjá allir, að það er eðlilegast að innheimta það af þeim tekjum, sem koma beint frá ríkissjóði.

Hitt er rauði þráðurinn í till. hv. flm., sem mér hefir skilizt af till. hans og ræðu hans, að hann vill ekki láta krefja skuldirnar, ef bæjar- eða sveitarfélögin skulda ríkissjóði. Það er sannleikurinn í þessu máli. En við lítum svo á, að það sé ekki eingöngu réttmætt, heldur og sjálfsagt til þess að halda við sjálfsbjargarviðleitni bæjar- og sveitarfélaganna, að ríkissjóður gangi eftir sínum lánum hjá þeim eins og hverjum öðrum. Ríkissjóði ber skylda til að sjá um, að fólkið í þeim sveitarfélögum, sem eru í fjárhagslegum örðugleikum, líði ekki nauð, en það er ekki það sama og að ríkissjóður eigi að taka góðar og gildar allar fjárhagsráðstafanir sveitarfélaga, hversu fjarstæðar, sem þær kunna að vera.

Bernharð Stefánsson: Hv. 1. landsk. sagði, að skuldir bæjarfélaganna myndu stafa af því, að bæjarfélögin ættu erfitt með að greiða þær. Ég býst við, að þetta sé undir flestum kringumstæðum rétt, en að hinu leytinu sagði hann í fyrri ræðu sinni, að ríkissjóður hefði ráð bæjarfélaganna í hendi sér, og gæti því innheimt skuldir þær, sem bæjarfélögin kynnu að vera í gagnvart ríkinu. Nú hefir hv. frsm. n. bent á, að það er vitanlega ekki önnur heppilegri leið að fara til þess að innheimta skuldirnar, ef á að innheimta þær á annað borð, en sú, sem gert er ráð fyrir í 20. gr., að halda eftir af því fé, sem ríkissjóði er annars ætlað að greiða bæjar- eða sveitarfélögunum. Hann sagði, að það myndi undir flestum kringumstæðum vera ósjálfrátt, að bæjar- eða sveitarfélögin lentu í vandræðum, og þess vegna ætti ekki að setja þau ákvæði, sem í 22. gr. getur um eftirlitið. Nú býst ég við, að hann hljóti að kannast við það, að það geti þó verið sjálfskaparvíti, ef bæjar- eða sveitarfélag lendir í greiðsluþroti. Og mér skildist, að hann vildi þó engar skorður láta reisa. Það er ekki gert ráð fyrir því samkv. frv., að það sé undir öllum kringumstæðum gert að setja eftirlitsmann, þó bæjarfélag þurfi sérstakrar hjálpar við, heldur er þarna ákvæði um, að það skuli vera heimild til þess. Ég geri ráð fyrir, að flestar landsstjórnir muni haga þessu svo, að ef bæjarfélagið hefir gert það, sem í þess valdi stendur til þess að komast fram úr sínum fjármálum, og þyki ekki hafa hagað sér óskynsamlega, þá sé þetta ekki gert. Það komi þá fyrst til, þegar bæjarfélagið eða sveitarfélagið þykir hafa hagað sér óskynsamlega í fjármálunum. En ég fæ ekki séð, hvar það myndi lenda, ef einstök bæjar- eða sveitarfélög gætu átt kröfu á ríkissjóðinn um að hjálpa sér út úr hverskonar vandræðum, sem þau kunna að lenda í, en ríkisvaldið ætti eng-

an rétt að hafa til eftirlits með því, hvernig fjármálum þeirra er farið.

Ég skal svo ekki tefja tímann frekar. Eins og ég sagði áður, þá finnst mér, að þessar 2 gr. séu alveg sjálfsagðar. Þær hljóta að sjálfsögðu að fylgja þeim ákvæðum, sem eru í 2. kafla frv. Það tvennt er óaðskiljanlegt.

*__Magnús Jónsson__: Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar aths. við það, og þá sérstaklega með tilliti til afstöðu Rvíkur til þessa frv. og þess, hvernig það snertir hag þess kaupstaðar. Ég hafði hugsað mér að gera eina eða tvær brtt. við frv. við þessa umr., en ég hefi verið svo óheppinn að vera í rúminu undanfarna daga, og málið hefir því farið framhjá mér. Ég mun því geyma að bera þær fram til 3. umr. Ég get þó lauslega drepið á þetta. Það er fyrst og fremst bráðabirgðaákvæði þessa frv., sem ég myndi gera að till. minni, að falli niður. Mér finnst of langt gengið að fara þannig að, eftir að búið er að útbúa svo önnur ákvæði um möguleikana fyrir styrkjum úr jöfnunarsjóði, að Rvík geti ekki komið til greina, að þá sé sá eini þáttur framlengdur um eitt ár, sem Rvík gæti notið góðs af. Það getur vel verið, að hv. þm. séu ákveðnir í því að vinna á móti Rvík í þessu og láta hana borga, án þess að fá nokkuð í staðinn. En ég verð að segja, að það eru viss takmörk fyrir því, hvað heppilegt sé að ganga langt í þessum efnum. Eins og ég sýndi fram á við 1. umr., þá má heita, að eftir 8. kafla framfærslulöganna sé Rvík útilokuð frá því að njóta nokkurs, þó fátækrabyrðin komi þar þyngst niður. Ég tel því sjálfsagt, að 1. komi að fullu til framkvæmda þegar í stað, án bráðabirgðaákvæðisins, sem maður veit ekki nema yrði framlengt að árinu loknu. Ég tel sjálfsagt, að úthlutun úr jöfnunarsjóði fari fram eftir öðrum reglum en 11. gr. tilgreinir. Sá grundvöllur, sem þar er lagður, er svo ósanngjarn í garð sumra kaupstaða, að hann er ekki viðunandi. Það yrði að setja reglur um úthlutun úr sjóðnum, og þá jafnframt að breyta ákvæðum 8. kafla framfærslulöganna.

Ég vil ekki bera fram skrifl. brtt. um þetta nú, þó ef til vill væri hægt að fá samþ. afbrigði frá þingsköpum, því ég get komið þeim að við 3. umr. málsins.

__Páll Zóphóníasson__: Herra forseti! Mér hefir skilizt, að n., sem hefir haft þetta mál til athugunar, muni ekki nema að nokkru leyti vera búin að ljúka sínum störfum. Mér skildist það á því, að hún hefir ekki haldið fund um málið, a. m. k. ekki með öllum nm. Ég hygg, að það stafi af því, að hún hefir ekki tekið tillit til bendinga minna við 1. umr. þessa máls, þar sem ég taldi, að í 3. kafla ætti að koma ákvæði, sem tryggði það, að sveitar- og bæjarfélögin fái ekki úr jöfnunarsjóði eftir 2. kafla nema þau noti til fulls þá tekjumöguleika, sem þau hafa heima fyrir. Ég vil mjög ákveðið biðja n. að athuga þetta fyrir 3. umr., enda skildist mér, að hún ætlaði þá að koma með brtt. Tekjumöguleikarnir eru notaðir svo misjafnlega í hinum ýmsu bæjarfélögum á landinu, að útsvar á 6000 kr. skattskyldar tekjur er allt frá 470 kr. og upp í 710 kr., og þau bæjarfélög, sem leggja hvað lægst á, kvarta mest og telja sig helzt þurfa að komast í jöfnunarsjóð. Þess vegna verður að búa svo um, að útsvarsmöguleikinn, sem er til staðar, sé notaður áður en komið er til ríkisins og sagt, að ekki sé hægt að ná nauðsynlegum tekjum með útsvarsálagningunum.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, þá vil ég benda honum á tvennt eða þrennt í því sambandi. Hann var hræddur við, að bráðabirgðaákvæðið yrði framlengt, ef það væri samþ. Hvaða gagn væri að því að framlengja það, þegar því er aðeins ætlað að gilda 1938 og það á því ári er framkvæmt? Það yrði að breyta því, ef ætti að framlengja það. Það myndi ekki vera hægt að framlengja það, sem búið er að fullnægja með bráðabirgðaákvæðum.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á, að í frv. því, sem fyrir liggur á þskj. 142 og er um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, er ætlazt til, að helmingurinn af skattauka þeim, sem leggja má á 6000 kr. skattskyldar tekjur, skuli renna í viðkomandi bæjar- eða sýslusjóð. Þegar þess er gætt, að 750 af um 800 mönnum, sem þarna koma til greina, eru í Rvík, þá er henni sköpuð þarna sérstaða, sem hinir hafa að l., en hafa í rauninni ekki í framkvæmdinni. Ég vil ennfremur benda honum á, að þegar litið er á eignir gjaldþegna Rvíkur og tekjur þeirra annarsvegar og borið saman við útsvarsálagninguna hinsvegar, þá er Rvík það af bæjarfélögunum, sem þarf að leggja hvað lægst útsvar á miðað við þær tekjur og eignir, sem til eru í bænum. Það er svo langt frá því, að Rvík sé eitt af þyngstu bæjarfélögunum á landinu, því hún er með þeim léttustu. Hvað kann að verða í framtíðinni, skal ég ekki segja um, en þá getur verið, að jöfnunarsjóðurinn komi til greina. Ég held því, að aths. hv. þm. gagnvart Rvík séu á misskilningi byggðar, a. m. k. á meðan látið er standa ákvæðið í frv. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, sem vafasamt er, hvort rétt er að standi, þar sem Rvík ein fær tekjur eftir frv., sem öll önnur bæjarfélög fá ekki.

__Brynjólfur Bjarnason__: Ég get ekki farið langt út í málið; vil ekki lengja umr., aðeins gera aths. við ræðu hv. frsm. allshn. Hann hélt því fram, að viðurhlutamikið væri að fella 22. gr. og 20. gr. niður, því að það þýddi sama sem að lögfesta óskilsemina. Mér skilst þá, að í hvert skipti sem Alþingi hafnar tillögum um ný refsiákvæði, þýddi það, að lögfest væri það, sem ákvæðin hafa átt að koma í veg fyrir. Segjum, að ég flytti frv. um að skerpa einhver ákvæði í refsilögum og að þær till. væru felldar á Alþingi. Skyldi það þá vera yfirlýsing um, að verknaðurinn, sem ákvæðin snertu, væri ekki refsiverður framar?

Hv. flm. sagði, að til gætu verið þau tilfelli, að sveitar- og bæjarfélög komist í vanskil og greiðsluþrot fyrir sjálfskaparviti, en hitt viðurkenndi hann, að væri algengara, að þau

kæmust það af óviðráðanlegum orsökum. Vitaskuld eru sjálfskaparvítin til og afleiðingarnar þessar. Hver á þá sökina? — Sveitarstjórnin eða bæjarstjórnin. Hvað á við þær að gera? — Þær eiga að fara. Hver á að láta þær fara? — Það eru íbúarnir í bænum.

Þá var það viðvíkjandi brtt. minni við 3. gr., hvernig skatturinn ætti að vera mismunandi. Auðvitað er það rétt hjá hv. flm., að enn beri að sama brunni og vant er, að þrátt fyrir slík ákvæði komi skatturinn ekki réttlátlega niður í öllum tilfellum. Það má segja svo um alla skatta nema þá, sem lagðir eru á eftir efnum og ástæðum. Ef hægt væri að koma þessu öðruvísi fyrir í sumum bæjarfélögum, vildi ég, að n. athugaði það rækilega til 3. umr. og gerði sínar brtt. — Það var viðurkennt þegar við 1. umr. af hv. 1. flm., að æskilegt væri að búa svo um þetta, að skatturinn gæti orðið til að hækka húsaleiguna.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki fara út í karp við hv. 1. þm. N.-M. En ég vil slá föstu því sama sem við 1. umr. og fá viðurkenning hans fyrir því, að hagur Rvíkur sé nú langbeztur meðal allra bæjarfélaga á landinu. Þegar kosningar nálgast, eru framsóknarmenn vanir að segja annað. Þá er það þeirra eina vörn fyrir alla óreiðu og skuldasukk ríkisstj., að hvergi sé þó annað eins sukk og í Rvík og hagur hennar sé margfalt verri en þekkist annarsstaðar. — Ég ætla bara að geyma þessa viðurkenning hv. þm. í góðu hjarta, þangað til hann og flokksmenn hans byrja gamla sönginn sinn. Ég man svo langt, að þeir sögðu, að útsvörin væru hér langhæst og hvergi eins þjarmað að mönnum á allan hátt af „íhaldinu". En núna játaði hv. 1. þm. N.-M. við 1. umr., að það yrði að ræna Rvík, því að hún væri svo rík. Það var drengileg hreinskilni að játa þetta. Því að tilgangur frv. er einmitt þessi. Það á að taka fé hér, en sjá svo um, að enginn eyrir af því komist hingað aftur. Það var hreinskilnasta aðferðin, að játa eins og hv. þm., að hér væri sá fjöldi af ríkismönnum, að þetta væri alveg réttmætt.

Ég skal ekki fara út í það, hvað menn eru miklu betur staðir hér en í öðrum bæjum eða hvort einhverjir hafa kannske verið látnir það mikið í friði, að þeir standi ennþá upp úr. En ef litið er á jöfnunarákvæðin í 8. kafla framfærslulaganna, þá nýtur Rvík einskis af þeim jöfnuði. Ég held, að þar sé engin vísitala, sem ekki sé Rvík í óhag. Þegar svo er búið að finna vísitöluna, þá á enn að skerða rétt Rvíkur um 10%. Með þessum tvöfalda múr þykist löggjafinn geta séð um, að Rvík fái ekkert. Svo kemur að því að setja reglur um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Þá sér löggjafinn leik á borði og segir: Þennan 8. kafla framfærslulaganna skulum við einmitt nota við jöfnunina, til þess að láta Rvík ekki fá neitt.

Þá er það annað hlutverk jöfnunarsjóðs að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum. En þá eru sett bráðabirgðaákvæði til þess að loka fyrir þann straum líka, svo að Rvík fái ekkert heldur til að jafna þennan lið. Við, sem lengi höfum verið á þingi, — og þetta er víst 20. þingið, sem ég sit —, höfum reynslu um það, að ef eitthvað er nógu óvinsælt, þá kalla menn það einungis bráðabirgðalög. Og aldrei veit maður dæmi til þess, að bráðabirgðaákvæði af þessu tægi séu tekin aftur, — a. m. k. ekki síðan „íhaldsstjórnin" var við völd, hún lækkaði og afnam töluvert af sköttum.

Þetta mál hefir farið framhjá mér síðustu dagana, svo að ég hefi engar brtt. flutt fyrir þessa umr. og skal því ekki lengja mál mitt.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Ég hefi hugsað mér að láta bíða að svara hv. 1. þm. Reykv., þangað til hann kemur með brtt. sínar við 3. umr., því að þá vona ég hann endurtaki sig. En ég verð að svara hv. 1. landsk. örfáum orðum. Hann vildi sýna, að staðhæfing mín væri röng, að ef 20. og 22. gr. frv. væru felldar niður, væri Alþingi að lögfesta vanskilin hjá sveitar- og bæjarfélögum. Þetta er ekki eins vitlaust og þm. heldur. Hann sótti sér dæmi í refsilögin. Jú, mér skilst það vera opið mál, að þar yrði alveg sama tilfellið. Segjum, að hv. 1. landsk. vildi refsa mér og hv. 1. þm. Reykv. fyrir að taka í nefið **(Rödd af þingbekkjum:** Dósin verri en skammbyssa. **Br B:** Refsa með líflátsdómi!). Deildin mundi fella þetta. Er þá ekki Alþingi búið að lögfesta, að við megum taka í nefið?

Páll Zóphóníasson: Þeirri spurningu var skotið að mér, hvernig ég hugsaði mér að koma lagfæringunni í kring. Ég hugsa mér t. d. að ná því þannig að skjóta inn í 3. kafla frv. ákvæðum um, að þau sveitarfélög ein komi til greina við verðjöfnun, sem fengið hafa gjaldstiga, sem útsvörum sé jafnað niður eftir, samþykktan af eftirlitsmanni. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna verður að geta tryggt sér það, að ekki verði misrétti í álagningu á hinum ýmsu stöðum. Hann verður að geta tryggt sér, að notaðir séu til fullnustu möguleikarnir til álagningar innan hvers bæjar- eða sveitarfélags.

Að endingu eitt: Þegar hv. 1. þm. Reykv. hefir orð mín eftir, vildi ég, að hann hefði þau rétt, en ekki það, sem menn segja honum úr þeim frammi á gangi, meðan ég er að tala. Ég sagði á þá leið, að samanlagt hefðu Rvíkingar meiri tekjur en íbúar allra annara bæja og þorpa á landinu og gætu þess vegna borið meira. Ég minntist alls ekki á hag bæjarsjóðsins í Rvík. — Það er gott fyrir þá, sem eru skáldmæltir, að yrkja eitt eða annað inn í, og sæmir sér fyrir þá að skálda í eyðurnar, sem lagt hafa það fyrir sig í lífinu. **(MJ:** Því miður þurfti ég að fara út, meðan þm. var að lofa mig fyrir skáldskapinn. Það er í fyrsta sinn, sem mér er hrósað fyrir þá list).

ATKVGR.

Brtt. 180,1 felld með 10:1 atkv.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, BSt, BrB, HermJ, IngP, JJ, P-Herm, EÁrna.

nei: JJós.

ÞÞ, ÁJ, BSn, MJ, GL greiddu ekki atkv.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 180,2 felld með 9:1 atkv.
3. gr. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, BrB, EÁrna.
nei: JJós.
GL, ÞÞ, ÁJ, BSn greiddu ekki atkv.
2 þm. (JBald, MJ) fjarstaddir.
4.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 9:1 atkv.
16. gr. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.
nei: ÞÞ, BSn, GL, JJós, MJ.
ÁJ, BrB, greiddu ekki atkv.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
17.—19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 180,3 felld með 9:1 atkv.
20.—21. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 180,4 felld með 9:1 atkv.
22.—24. gr. samþ. með 10:1 atkv.
25.—26. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, BrB, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.
nei: ÞÞ, ÁJ, BSn, GL, JJós, MJ.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
Fyrirsögn frv. og kaflaskipti samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 148, 247, 258, 263).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 258 og 263. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég á hér 2 brtt. á þskj. 247. Önnur er í sjálfu sér sjálfsögð, en þar er farið fram á, að aftan við það, sem sagt er í 4. gr. frv., bætist „og lóðir, sem eru til opinberra þarfa". Það er þannig ástatt, að víða á landinu eru til lóðir, sem eru notaðar til opinberra þarfa, en eru þó ekki í eigu þess opinbera. Þannig er ástatt í Hafnarfirði, að þar er garður, sem ætlaður er til opinberra þarfa, en seinast þegar fasteignaskattur var lagður á í kaupstaðnum, varð töluverð rimma um það, hvort félagið, sem á garðinn, skyldi greiða af honum skatt eða ekki. Nú er það meining mín með þessum viðbæti við gr., að það geti ekki komið til þess, að það verði neinn ágreiningur um þetta og það þurfi úrskurð lögreglustjóra, hvort svona félag á að greiða skatt eða ekki. En eins og hv. þm. er kunnugt, þá er þessi lóð eingöngu ætluð til opinberra þarfa.

En aðalbreyt., sem ég fer fram á, er á 16. gr. frv., að í stað orðanna „úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga" komi: að hálfu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga og að hálfu úr ríkissjóði. — Það er tvennt, sem ætlazt er til, að náist með þessari brtt. Eftir frv. er ætlazt til, að jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga borgi allan kostnaðinn, sem af eftirlitinu stafar. En ég er mjög hræddur um, að ef svo á að verða í framtíðinni, þá muni rísa upp stórt skrifstofubákn og annað, sem því fylgir, sem muni verða til þess að minnka að verulegum mun þá fúlgu, sem annars á að fara til bæjar- og sveitarfélaga. Mér finnst, að beztu skorður við þessu muni verða þær, að Alþ., fjvn. og ríkisstj. hafi á hverjum tíma tækifæri til þess að ákveða, hvað mikið þetta á að verða í framtíðinni. Ég álít, að þetta væri bezt gert með því að það kæmi alltaf til álita þingsins á hverju ári, hve há útgjöldin eiga að vera til þessa. Ég vona, að þar sem hv. þm. eru yfirleitt á því máli, að það beri að hjálpa bæjar- og sveitarfélögunum sem bezt, og þar sem þessi upphæð mun að sumra áliti vera alls ófullnægjandi, þá muni þeir verða með þessari brtt., því ef hún verður samþ., þá hækkar að verulegum mun tillagið til bæjar- og sveitarfélaga frá því, sem það er nú eftir frv.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vona, að hv. d. sýni þessari till. sanngirni, því hún er í sjálfu sér sanngirnistill. gagnvart bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem hér eiga hlut að máli.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég á hér brtt. á þskj. 258. Í raun og veru segir till. til um það, í hvaða átt hún stefnir. Hún miðar að því, að innheimta fasteignagjaldsins, sem 1 gr. gerir ráð fyrir, er framkvæmd af lögreglustjórum og þeir greiði svo til bæjanna, eftir því sem skatturinn innheimtist, einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Það er einnig gert ráð fyrir því í þessari till., að ef um það er að ræða, að skatturinn innheimtist ekki að fullu, þá verði hlutfallslega greitt til ríkis og bæjar. Aðalrök fyrir þessari till. eru þau, að sérstaklega í smærri kaupstöðunum hefi ég orðið var við, að það eru uppi óskir um það að leysa bæjarstjórnina undan innheimtu þessa gjalds. Þetta stafar af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er þessi skattheimta óvinsæl, og í öðru lagi ber jafnan svo við, að ríkið er á undan bæjunum í því að innheimta skattinn, svo bæirnir fá oft ekki nema litinn hluta af þeim skatti, sem þeim ber. Ég er í raun og veru þeirrar skoðunar, að fasteignaskatturinn eigi að ganga til bæjar- og sveitarfélaga, en um það hefir ekki getað orðið samkomulag milli flokka. En fyrst skatturinn er lagður á í tvennu lagi, bæði til ríkis og bæja, þá mælir öll sanngirni með því, að innheimtan sé á einum stað. Ég skal ekki um það segja, hvort stærri bæjarfélögin, eins og t. d. Reykjavík, muni nota sér þetta, en ég geri ráð fyrir, að bæjarstjórnum eða hreppsnefndum sé heimilt að annast innheimtuna. Ef þessi till. næði samþykki, þá býst ég við, að það verði vel séð hjá bæjarfélögunum, að innheimtan sé í höndum lögreglustjóra.

Um aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, hefir n. ekki átt kost að fjalla. Um fyrri brtt. á þskj. 247 vil ég segja það, að ég hygg, að hún sé alveg ónauðsynleg, ef litið er á 4. gr. frv., því þar eru allar fasteignir bæjar- og sveitarfélaga undanþegnar skatti. Hv. þm. minntist á skemmtigarð í Hafnarfirði, en ég vil spyrja hann, hvort þetta sé ekki bæjarins lóð. (**BSn:** Félagið Magni á hann). Þá breytir það nokkuð

málinu fyrir mér, því enginn ætlazt til að lóð sé skattlögð, sem notuð er til almennings þarfa. (**PZ:** Eins og t. d. Rauðhólar). Og þá líka Eiði. (**BSt:** Það er sjálfsagt að skattleggja Rauðhóla).

Ég tel sjálfsagt að undanskilja þessar lóðir, því það mun ekki hafa verið tilætlun þeirra, sem sömdu frv., að leggja kvaðir á þær lóðir, sem notaðar eru til almennings þarfa.

Um hina till. geri ég ekki ráð fyrir að geta greitt atkv. Hún raskar svo mjög þeim grundvelli, sem lagður hefir verið í þessu máli.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri.

Bernharð Stefánsson: Af því að svo stendur á, að hv. frsm. n. er ekki viðstaddur, og þar sem ég er flm. þessa frv., þá vil ég með fáum orðum láta í ljós álit mitt á brtt. þeim, sem fram eru bornar.

Ég skal þá fyrst nefna brtt. á þskj. 247, frá hv. þm. Hafnf. Fyrri till. á þessu þskj. álít ég, að vel megi samþykkja, og sennilega er hún réttmæt, því það gæti frekar orkað tvímælis, ef frv. yrði að þessu leyti óbreytt, um land, sem ætlað er til opinberra þarfa, en ekki er beinlínis eign bæjarfélagsins. Ég tel því rétt að samþ. þessa brtt. Aftur á móti get ég ekki fallizt á síðari brtt. á þessu þskj., og það er af svipuðum ástæðum og þeim, sem vakað hafa fyrir hv. flm. Hann var að tala um, að hann óttaðist, að út af ákvæðunum um sérstakan eftirlitsmann bæjar- og sveitarfélaga myndi risa upp mikið skrifstofubákn í sambandi við eftirlitið. Hann vildi, að því er mér skildist, fyrirbyggja það með því, að ákveðið væri, að helmingurinn af kostnaðinum við eftirlitið skyldi greiðast úr ríkissjóði. Ég held, að það yrði meiri hætta á því, að þetta yrði dýrt og varanlegt, ef kveðið er svo á, að það skuli greiðast úr ríkissjóði. Það er engin vissa fyrir því samkv. frv., að tekjur þær, sem ætlaðar eru til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, verði áframhaldandi. Það getur farið svo, ef ástandið í landinu batnar, að það þyki óþarfi að hafa þennan jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, svo hann verði þar af leiðandi lagður niður. En þá er líka þetta starf niður fallið, ef ekki er lengur hægt að greiða fyrir það. Ég sé ekki annað en það sé eðlilegt, að ef ríkið ætlar að veita bæjar- og sveitarfélögunum þennan sérstaka stuðning, sem í 2. kafla frv. felst, þá eigi það jafnframt að hafa sérstakt eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarfélaga, eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég býst við, að þetta eftirlit myndi miklu fremur verða lögfest til frambúðar, ef 2. brtt. á þskj. 247 verður samþ. Annars get ég ekki skilið, að þetta muni miklu fjárhagslega eða mikið dragist af þessu fé vegna kostnaðar við þetta eftirlit. Ég get ekkert fullyrt um, hvernig þetta verður framkvæmt, en líkegt þætti mér, að einhverjum starfsmanni stjórnarráðsins verði falið þetta verk sem aukavinna, og það ætti ekki að þurfa að kosta mikið, enda skil ég ekki í því, að þarna komi sérstök skrifstofa.

Þá er brtt. á þskj. 258. frá hv. 3. landsk., sem fer fram á, að skattinnheimtumenn ríkissjóðs innheimti líka þann hluta fasteignaskattsins, sem lagður er á til bæjar- og sveitarfélaga, og ef hann innheimtist ekki að fullu, þá sé greitt hlutfallslega til bæjarfélagsins og ríkissjóðs. Ég tel það ekki heppilegt að fara að blanda skattheimtumönnum ríkissjóðs í það að innheimta bæjargjöldin, sem innheimt eru eingöngu hjá borgurum bæjarfélagsins, og það sé ekki meiri ástæða til þess heldur en að láta þá innheimta útsvörin. (**SÁÓ:** Það getur vel verið, að það komi síðar). Ég sé ekki annað en að ástæður þær, sem hann nefndi, eigi eins við um útsvörin. Ég myndi telja heppilegra, að þessi till. yrði ekki samþ.

Þá er brtt. á þskj. 263, frá hv. 1. þm. Reykv. Hann hefir ekki verið viðstaddur fyrr en nú og hefir ekki talað fyrir henni. En hún er þess efnis að lækka framlag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins um 200 þús. kr. Ég er vitanlega alveg á móti því að minnka féð, sem hreppum og bæjarfélögum er ætlað í frv. Nú veit ég, að hv. þm. hefir borið fram brtt. við annað frv., sem liggur fyrir d., þar sem hann mun ætla að bæta bæjar- og sveitarfélögum það upp, ef hann fengi vilja sinn um þetta frv. En ég álít, að með því móti mundu þessar ráðstafanir koma að minna gagni. Ef tillögur hv. þm. við bæði frv. væru samþ., mundu þær draga úr þeirri hjálp, sem ætlazt er til, að veitt sé eftir þessu frv. einmitt þar, sem þörfin er mest. Ég leyfi mér því að leggja til, að brtt. á þskj. 263 verði felld.

***Magnús Jónsson:** Hv. flm. frv. hefir lýst þessari brtt. minni á þskj. 263. Hún er í sambandi við brtt., sem ég hefi gert við annað frv., 98. mál þessarar deildar, og í samræmi við það álit, sem ég hefi látið í ljós um þetta frv. og þá aðstoð, sem það getur veitt sumum kaupstöðunum sérstaklega. Og þá hefi ég sem þm. Reykv. dregið það fram í umr., að í frv. er vandlega séð fyrir því, að Rvík fái engan stuðning af þessari löggjöf. Það er búið svo um, að hún er ekki aðeins útilokuð frá því að fá nokkurn skerf til framfærslukostnaðar, heldur eru sett um það svonefnd bráðabirgðaákvæði, að jöfnun framfærslukostnaðar gangi algerlega á undan jöfnun annars kostnaðar, svo að Rvík tái þar aldrei greiddan sinn réttmæta hluta. Jöfnun elli- og örorkutrygginga og kennaralauna verður víst mest á pappírnum.

Ég hefi þess vegna leyft mér að bera fram þessa brtt. um að lækka framlagið til jöfnunarsjóðs um 200 þús. Það er þó alltaf dálítil upphæð, sem sparast fyrir landið, og ætti að þurfa þeim mun minna af nýjum sköttum til ríkissjóðs. Ég þarf í raun og veru ekki að tala meira fyrir þessari brtt. Hún er í sambandi við aðrar brtt. minar, og hv. þm. vita, í hvaða átt hún stefnir. Ég sé, að hv. 1. þm. N.-M. kveður sér hljóðs. Það mátti svo sem vænta hljóðs úr því horni. Við stöndum þarna á öndverðum meið. Ég tel sanngjarnt, að þessar ráðstafanir nái til allra, þar sem féð til þeirra er tekið af öllum landsmönnum. Ég vil ekki fullyrða, að þetta næðist algerlega, þó að minar till. yrðu samþ., en þá færi þó miklu nær því heldur en hv. flm. þessa frv. ætlazt til.

Páll Zóphóníasson: Hv. 1. þm. Reykv. leggur til, að tillag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga lækki úr 700 þús. kr. á ári í 500 þús. kr., en í staðinn sé tekinn frá ríkissjóði nokkur hluti af tekju- og eignarskattinum. Þetta er algerlega í samræmi við aðrar till. hans til að hjálpa bæjunum. Þær ganga nákvæmlega í sömu átt. Hann talar oft um Rvík, hvað hún sé ákaflega illa stæð. Við skulum athuga þetta nákvæmar, hvaða þörf sé hér fyrir hendi hvað Rvík snertir, og þá í fyrsta lagi, hversu hátt hún þarf að fara í álagningu útsvara, miðað við hina kaupstaðina, til þess að ná því, sem þörf er fyrir. Maður gæti dregið það af orðum hv. 1. þm. Reykv., að álagningin væri hvergi eins há og hér. En sjáum til: Tökum dæmi um mann með 20 þús. kr. nettótekjur. Hann hefir í útsvar í

Reykjavík	5880 kr.
Hafnarfirði	3710 —
Ísafirði	11215 —
Siglufirði	10290 —
Akureyri	5835 —
Norðfirði	4000—6000 —
Vestmannaeyjum	c. 6000 —

Hafnarfjörður og Norðfjörður eru þarna lægri en Rvík, en allir hinir kaupstaðirnir með hærri álagningu. Á Siglufirði, sem fylgir Reykjavík í „skalanum“, er bætt 75% við Rvíkurskalann, en á Ísafirði er útsvarið nærri því helmingi hærra. Skyldi ekki vera einhversstaðar meiri þörf að lækka útsvörin en í Reykjavík? Tekjurnar, sem þm. ætlazt til að komi í staðinn fyrir þetta jöfnunargjald, eiga að takast af tekjustofnum ríkissjóðs, af tekjuskatti og hátekjuskatti, og mundu nema um 200 þús. kr. Af því fengi Rvík $^{9}/_{10}$, en $^{1}/_{10}$ eða ein 20 þús. skiptast milli annara bæjar- og sveitarfélaga til uppbótar fyrir þau 200 þús., sem þm. vill fella niður úr þessu frv. Það er fljótséð, hvað hann er að fara. Hann er að reyna það, á kostnað annara landshluta, að hjálpa Rvík, sem þó á tiltölulega bezt með það af öllum bæjar- og sveitarfélögum á landinu, miðað við eignir og tekjur manna þar, að leggja á útsvör og hefir alls ekki notað að fullu möguleika sína við niðurjöfnun útsvara. En hann vill draga úr hinu, sem fellur í hlut hreppanna, sem aðeins hafa borgað frá 150 og upp í 400—500 kr. í tekju- og eignarskatt, en verða að leggja á útsvör, sem nema 8—9 og allt upp í 30 þús. kr. á þetta fólk, sem ekkert á. Þeim sveitarfélögum vill hann ekki hjálpa. — Þeir, sem borga skatt hér. eru næstum 13 þús. og hafa rúmar 42 millj. kr. í tekjur. Og þeir eiga um 60 millj. króna í skuldlausri eign; það er meira en helmingur af því, sem allir landsmenn eiga af skuldlausum eignum. — Þetta er svo mikil fjarstæða hjá þm., að hugsa sér, að alþingismenn, sem víða eru kunnugir sveitarfélögum, sem eru illa stæð og hafa þarfir fyrir að fá sem mest úr jöfnunarsjóði, muni láta sér detta í hug að svipta sveitarfélögin aðstoð til þess eins að geta lækkað útsvörin í Reykjavík á þeim, sem þar hafa þau hæst! — Það er sérstaklega undarlegt, þegar litið er á það, að honum er ætlað það hlutverk í lífinu að prédika rétt lítilmagnans, en ekki að skara í eldinn þar, sem hann brennur bezt fyrir.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég verð að mótmæla þeim skilningi á frv., að það halli mest á Rvík og sé þannig „útbúið“, að hún geti engan stuðning af því fengið. Ég geri ráð fyrir að Rvík geti haft eins mikið gagn af því tiltölulega og hvert annað bæjar- eða sveitarfélag á landinu. Það er áreiðanlegt, að Rvík er það bæjarfélag, sem á hægast með að hagnýta sér I. kafla frv., ef að lögum verður, og hafa miklar vissar tekjur samkv. honum — Í öðru lagi er Rvík ekki ætluð nein sérstaða í frv. að því er snertir jöfnunarsjóð. Ef henni ber framlag úr sjóðnum samkv. hinum almennu reglum, þá fær hún það. Að vísu skapa visitölur framfærslulaganna Reykjavík nokkra sérstöðu. En hv. 1. þm. Reykv. hefir ekki getað sýnt, að þær væru ranglátar. Og þær ástæður munu hafa legið bak við þau ákvæði, að Rvík standi þeim mun betur að vígi en önnur sveitar- eða bæjarfélög, að óverjandi væri að reikna ekki með því. Ég man ekki til, að ágreiningur yrði um þetta þegar framfærslulögin voru sett. Þá var þetta játað af þingmönnum Reykjavíkur.

Fé jöfnunarsjóðs á líka að ganga til þess að jafna kostnað bæjar- og sveitarfélaga af elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum. Ég hefi ekki skýrslur um þennan kostnað á hverjum stað, en ég hygg mjög miklar líkur fyrir því, að Rvík muni njóta ríflegs hluta af uppbótunum samkv. þeim lið. (**MJ:** Já, ef hún bara fengi það).

Þá vil ég benda á 2. lið 12. gr. frv., þar sem svo er ákveðið, að því af tekjum sjóðsins, sem ekki fer til jöfnunar samkv. áðurgreindum liðum, skuli skipt jafnt milli bæjar- og sveitarfélaga í réttu hlutfalli við samanlagðan árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu og elli- og örorkutryggingum og kennaralaunum. Ekki er þetta ákvæði óhagstætt Rvík. Náttúrlega er ekki hægt að fullyrða fyrirfram, hve miklum hluta af tekjum sjóðsins verður varið samkv. þessari málsgr. En líkur eru til að um 400 þús. kr. nægi til jöfnunar, svo að 3000 þús. kr. verði þannig skipt, og koma þá sennilega ein 100 þús. í hlut Rvíkur samkv. þessum lið einum. Það er því mesta fjarstæða, sem hv. 1. þm. Reykv. segir, að Rvík sé ætlað einskis að njóta af þessu frv.

Guðrún Lárusdóttir: Það er út af 4. gr. þessa frv. Ég sakna þess í þeirri gr., að það vantar í hana ýmislegt af því, sem ég tel, að þar ætti að standa, þar sem verið er að telja upp, hvað undan skuli þiggja skattinum. Í gr. eru taldar upp ýmsar mannúðarstofnanir, svo sem öll hæli og sjúkrahús, en þar þykir mér vanta í barnahæli. Barnahæli starfa nú hér á landi allan ársins hring, og sæmdi sízt að leggja í slík heimili aukaskatta. En það er fleira í gr., sem mér þykir vanta, t. d. finnst mér, að undanþiggja ætti skatti ýms félög, sem koma sér upp húsum til þess að hafa í fundi og uppbyggilegar samkomur til almenningsheilla. Þessi félög, sem

oftast standa að slíkum húsum, reisa þau ekki í gróðaskyni fyrir sjálf félögin, heldur til þess að láta þjóðina græða á þeim. Mætti í því sambandi minnast á íþróttahúsin. Það er nú mál manna, að íþróttir séu ein helzta lyftistöngin undir menningu hverrar þjóðar. Okkar íþróttastarfsemi er ung, en hér er samt sem áður góður vísir til slíkrar starfsemi. Mér þykir því óeðlilegt, að farið verið að leggja skatta á þessa starfsemi og hefi ég því lagt til að undanþiggja hana þeim skatti, sem hér á að heimila. Ég afhendi hæstv. forseta hér með þessar brtt. og vænti þess, að hann leiti afbrigða fyrir þær.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 2. landsk. þm: [Sjá þskj. 276,I]. Brtt. er of seint fram borin og auk þess skrifl., svo að veita verður tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess að hún geti komizt að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það voru aðeins nokkur orð til að andmæla því, sem hv. flm. þessa frv. sagði um brtt. mína við 16. gr. Hann áleit, að það mundi vera meiri hætta á því, að þetta embætti yrði dýrt og varanlegt, ef það yrði greitt úr ríkissjóði, og hann vildi halda því fram, að það mundi þá jafnvel geta orðið áframhaldandi embætti eftir að hætt væri að veita í fjárl. styrk til jöfnunarsjóðs. Ég álít nú, að um leið og hætt verður að veita styrk til jöfnunarsjóðs, þá muni þetta einnig falla niður, og það alveg jafnt hvort ríkið tekur þátt í því að nokkru leyti eða engu, því að eins og tekið er fram í frv., þá er það eingöngu atvmrh., sem ákveður laun þessa manns og hans meðstarfsmanna ef þeirra þykir þurfa. Og ég hygg, að það sé áreiðanlegt, að þetta starf geti ekki orðið aukastarf neins manns í stjórnarráðinu, því að það er ætlazt til þess, að auk þess sem hann safni skýrslum frá viðkomandi bæjum, þá á hann líka að vera þeim til aðstoðar, ef þeir eru komnir í vandræði. Ég get sem sagt ekki skilið annað en að í þetta starf verði ráðinn sérstakur maður. En þegar það er lagt í vald eins ráðh. að ákveða laun þessa manns, þá getur það vel farið svo, að þetta starf verði bara „bitlingur" og að það hlaðist á þetta kostnaður án þess að viðkomandi bæjarstjórnir geti haft hönd í bagga með því. Bæði þessi hv. þm. og aðrir hafa gefið í skyn, að þessar 700 þús. kr. væri ekkert of mikið lagt til þessara mála. Mér fyndist því, að hann ætti að vera till. minni fylgjandi, þar eð hún gengur í þá átt að reyna að spara fyrir jöfnunarsjóðinn, enda voru rök hans á móti till. raunverulega meðmæli með henni, en ekki móti.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki fara út í langt karp við hv. 1. þm. N.-M. Hann spilar hér allt af sína plötu um það, að ég vilji hjálpa þeim, sem ekki þurfa þess. Hv. þm. ræður þetta af því, að þegar verið er að gera ráðstafanir til þess nú að útvega bæjar- og sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð, þá vil ég, að því sé hagað þannig, að aðstoðin komi nokkurnveginn jafnt niður á öllum aðiljum. Það má náttúrlega lengi segja, að Rvík þarfnist ekki þessarar aðstoðar, en það er ákaflega spaugilegt að heyra, þegar hv. 1. þm. N.-M. er sí og æ að koma með þessar alkunnu röksemdir, þegar hann er að tala um þessi óskaplegu auðæfi Rvíkur. Er það virkilega, að hv. þm. lifi í þeirri gömlu trú, að ríku mennirnir hafi peningana í kistuhandraðanum og þurfi ekkert við þá að gera annað en að sólunda þeim. En þetta er svo fjarri. Öll þessi auðæfi, sem hv. þm. er að tala um, þau liggja í föstum eignum, sem menn geta ekki gripið til hvenær sem er. Og það er það, sem bjargar okkar þjóðfélagi, að enn eru til skuldlausar eignir, svo sem skip og hús til ýmiskonar atvinnurekstrar og ef slíkar eignir hættu að vera til, þá er þjóðin komin á heljarþrömina. Það er vitanlegt, að í Rvík eru öll stærstu atvinnufyrirtæki landsmanna, og það er því ekki nema eðlilegt, að í þeim eignum, sem þessi atvinnufyrirtæki eiga, liggi mikið verðmæti. En það er ekki þar með sagt, að Rvík sé einskonar pyngja, þar sem ekkert sé annað fyrir ríkissjóðinn en gripa ofan í til þess að sækja sér peninga. Það mun sannast, að ef haldið verður áfram að velta útgjöldunum yfir á Rvík eins og gert hefir verið undanfarið, þá verður ekki langt þangað til að fer að þyngjast undir fæti fyrir henni eins og öðrum bæjarfélögum. Hv. 1. þm. N.-M. heldur ef til vill, að hann geti aflað sér atkvæðafylgis í sínu kjördæmi með þessu og það getur vel verið, en það má hv. þm. vita, að það er æfinlega fyrirboði falls, ef ósanngirnin fær að ráða eingöngu. Það er fyrsta skilyrðið til þess að geta haldið reglu í hverju þjóðfélagi, að þeir, sem með völdin fara, séu sanngjarnir. Það er ekki sjálfsagt að fara með því valdi, sem Alþ. hefir út í æsar. Þar verður að ráða fyllsta sanngirni. Allt annað hefnir sín. Hv. þm. sagði, að 1. kafli þessa frv. byði Rvík upp á mikla möguleika til tekjuöflunar. Ég veit ekki hvers vegna þessi kafli býður Rvík upp á meiri möguleika en öðrum. Reykjavík er einn af þeim stöðum, sem þegar notar þessa leið í ríkum mæli. Ef Rvík hefði nú ekki þegar slíkan fasteignaskatt, þá væri þetta mikil tekjuvon, en Rvík notar þetta nú þegar, og ég er alveg óviss um, hvort Rvík sæi sér fært að nota þennan skatt út í æsar. Eitt af því, sem kvartað er um hér, er há húsaleiga. Svo stórfelld hækkun á fasteignaskattinum mundi án efa miða í þá átt að hækka húsaleiguna enn meira. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur það vera hjálp við þá ríkari að velta þessum skatti yfir á þá, sem verr mega.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég hefi með því að bera þessar till. fram gert tilraun til að færa málið í það horf, sem mér virðist sanngjarnast, en læt svo bara atkv. skera úr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Því miður heyrði ég ekki alla ræðu hv. 1. þm. Reykv., þar sem ég var kallaður frá í landssímann, og hefi ég því litlu að svara. Það er þó eitt atriði, sem ég vil benda á, og ég er jafnvel að hugsa um að koma með brtt. um, þó ég sé ekki búinn að forma hana enn. Það er það, að ríkissjóður

annarsvegar og hinsvegar mjög margar stofnanir, sem ríkið rekur hér í Rvík, svo sem útvarp, viðtækjaverzlun, áfengisverzl. og margar fleiri, veita fjölda fólks hér atvinnu, og þetta fólk greiðir verulegan hluta af útsvörum Rvíkurbæjar. Ég er ekki búinn að telja það saman nákvæmlega, hve miklu þessi útsvör nema, en það mun láta nærri, að þau séu ¼ af öllum útsvörum bæjarins. Nú hefi ég hugsað mér að koma með brtt. við 10. gr., þar sem lagt sé til, að ennfremur greiðist helmingur af þessum útsvörum til jöfnunarsjóðs. Þegar sú breyt. er komin í l., er fyrst hægt að fara að tala um, að önnur bæjar- og sveitarfélög standi jafnt að vígi og Rvík, sem þó hefði það enn fram yfir aðra staði, að hér eru meiri efnamenn en annarsstaðar á landinu og meiri tekjumenn í privatrekstri. Enn má benda á það, að helmingur allra útsvara hér er umsetningarútsvar, sem hvílir á allri verzlun, en hún er að töluverðu leyti við utanbæjarmenn. En sem sagt, aðstaðan yrði jafnari, ef þetta yrði gert, og ætla ég að koma með brtt. þess efnis.

Bernharð Stefánsson: Ég ætla aðeins að segja fá orð. Hv. 1. þm. Reykv. sagðist ekki sjá, að Rvík hefði meira gagn af I. kafla frv. en aðrir kaupstaðir og benti á, að Rvík hefði þegar fasteignaskatt. Ég hefi bent á það, að fasteignir í Rvík væru meira arðberandi en á öðrum stöðum; þar af leiðandi gæti verið fært að hækka skattinn hér jafnvel á hámark, þó það væri ekki fært á öðrum stöðum.

Þá sagði hv. þm., að ákvæðunum um jöfnunarsjóð væri frestað til óhagræðis fyrir Rvík. Ef honum finnst þetta vera svo, ætti hann að koma fram með brtt. um að fella bráðabirgðaákvæðin niður. En þessi bráðabirgðaákvæði eru ekki sett til að skaða Rvík, heldur í þeim tilgangi að koma þeirri jöfnun á fátækraframfærinu í kring, sem átti að vera framkvæmd nú þegar. Eftir að náð er fullum fátækrajöfnuði, sé ég enga ástæðu til, að bráðabirgðaákvæðin verði framlengd, og það er ekki nema óþörf tortryggni að búast við því.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. N.-M.: [Sjá þskj. 276,II.] Brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifl., svo að leita verður tvöfaldra afbrigða frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 258 felld með 8:3 atkv.

— 276,I.a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 276,I.b samþ. með 9 shlj. atkv.

— 247,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 263 felld með 8:2 atkv.

— 276,II felld með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ.

nei: SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, GL, JJós, MJ.

BrB, HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna greiddu ekki atkv.

1 þm. (JBald) fjarstaddur.

Brtt. 247,2 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, GL, JJós.

nei: JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, EÁrna.

BrB greiddi ekki atkv.

1 þm. (JBald) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

nei: MJ, ÁJ, BrB.

ÞÞ, BSn, GL, JJós[1]) greiddu ekki atkv.

1 þm. (JBald) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3 umr. í Ed. (A. 277).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Jakob Möller:** Það er að vísu óþarfi að þessu sinni að flytja langt mál um þetta frv. Ég vildi þó aðeins beina því til þeirrar n., sem væntanlega fær málið til athugunar, hvort ekki væru aðrar leiðir færar til þess að bæta úr þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi. Því að sannleikurinn er sá, að í raun og veru er ekki gerð tilraun til þess í frv. að sjá fyrir neinni nýrri tekjulind til að bæta úr þörfinni, þó að svo sé látið í veðri vaka, að það sé tilgangur þess.

Í I. kafla frv. eru ný ákvæði um fasteignaskatt, *og má segja, að í því felist viðleitni til* tekjuöflunar. En það liggur í augum uppi, að þar er ekki um neinn nýjan tekjustofn að ræða. Útsvörin hafa verið lögð á efni manna, og breytir litlu, þó að nú eigi að leggja sérstakan skatt á það, sem menn kunna að eiga í fasteignum. Það er óhjákvæmilegt, að ekki er hægt að leggja á sama útsvar og áður, þegar búið er að innheimta slíkan fasteignaskatt, og þegar búið er að leggja á útsvar, svo að ekkert meira er að hafa, þá breytist fátt til batnaðar, þó að leyft sé að breyta einhverju af útsvarinu í fasteignaskatt.

En slíkur skattur á þá, sem eiga fasteign aðeins að nafninu til, gerir lítið annað en svipta þá umráðum yfir eign, sem þeir eru að reyna að halda og klóra í bakkann í lengstu lög. Það er mjög hart aðgöngu fyrir þá menn, ef skatturinn er settur til þess að ríða þar baggamuninn. Hitt verður að játa, að þarna eru skapaðir möguleikar til þess að ná gjöldum hjá mönnum, sem ekkert eiga, með því að láta skattinn ganga fyrir öllum lögveðskröfum öðrum, sem á eigninni hvíla. En það er mjög hæpið, hvað gott stafar af því, og varhugavert fyrir allt það rót, sem kemur, ef fjöldi manna missir umráðarétt sinn yfir fasteignunum, sífelld eigenda-

1) **JJós:** Ég vil gera grein fyrir afstöðu minni til frv. Með því að þetta er fram borið af þeim flokkum, sem bera ábyrgð á ríkisstj., og ekki hefir verið tekið tillit til neinna brtt. frá öðrum flokkum hér í þessari hv. deild, en ég er hinsvegar ósamþykkur mörgum ákvæðum þessa frv., þá tel ég rétt að vera hlutlaus við atkvgr. og greiði því ekki atkv. — **(BSt og PZ:** Þetta er ekki rétt; það er nýbúið að samþ. brtt. frá stjórnarandstæðingum).

skipti verða og margar þeirra fara undir hamarinn. Maður veit það, þegar uppboð fara að tíðkast, að þá fer sumt ekki nema fyrir lítinn hluta verðs, og það getur leitt til óeðlilegrar verðlækkunar á eignum yfirleitt og til þess, að allt fari á ringulreið.

Þetta er nú eina tilraunin í frv. til að skapa nýjar tekjur. Og hún er ekki fullnægjandi. Það er viðurkennt af hv. fyrra flm. frv. (BSt). Því að það sýnir frv., sem ég sé, að nú hefir verið borið fram og mun hafa fylgi hans í hv. fjhn. Ed., um framlenging á l. frá 1933 um bæjargjöld í Vestmannaeyjum. Þar er gert ráð fyrir, að Vestmannaeyjar haldi þeim tekjustofnum, sem þær hafa haft, þrátt fyrir það, að bæjar- og sveitarfélög fá nú, ef frv. verður að lögum, rétt til að leggja á nýjan fasteignaskatt.

Um II. kafla laganna — jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga — er í sjálfu sér gott eitt að segja, það sem hann nær. Og það er veruleg bót að hækka framlag ríkissjóðs úr 250 þús. í 700 þús. kr. á ári. En í raun og veru hrekkur það skammt. Það nær ekki heldur tilgangi sínum, ef hann á að vera að létta undir með sveitar- og bæjarfélögum almennt, þegar t. d. Rvík virðist tæplega geta orðið þátttakandi í þessari jöfnun. Og augljóst er, að ýmis önnur bæjarfélög fá svo lítið, að það gagnar ekki. — Þessu vildi ég beina til n., hvort ekki séu aðrar leiðir til að fullnægja þörfinni, sem þetta frv. átti að bæta úr.

***Einar Olgeirsson:** Ég álít, að þessi viðleitni, sem kemur fram í frv., sé alveg rétt, og að fasteignaskatturinn sé sjálfsagðasta tekjuöflunarleiðin. En það, sem ég álít aðallega gallað í frv., er, að ekki er ákveðið nákvæmar, hvernig bæjarfélögin mega leggja skattinn á. Það er gert of rúmt í 3. gr., þar sem bæjarstjórnum og hreppsnefndum er í sjálfsvald sett, hvernig skattstiga þær búa sér til, og hvernig þær mismuna húseignum eftir því, til hvers þær er notaðar. Þar eru engin fyrirmæli að binda sig við eða tryggja, að álagningin verði réttlát. Nú er gert ráð fyrir, að jafnt sé lagt á, hvort sem eignin er skuldlaus eða ekki. En framkvæmd þessara laga þarf að verða í sama anda og útsvarslöggjöfin. Til þess að tryggt sé, að bæjarstjórnir framkvæmi lögin á þann hátt, eins og ég tel víst, að allir vinstri menn ætlist til, þyrfti að setja nákvæmari ákvæði inn í 3. gr. frv. — Skatturinn af húsum, sem notuð eru til verzlunar, skrifstofuhalds og atvinnurekstrar og nokkrum öðrum t. d. skrauthúsum til íbúðar, ætti að vera hærri en af húsum, sem efnalitlir menn hafa eignazt til að hafa þak yfir höfuðið og lagt þar í allt sitt, eða meira. Ef lögin eiga að vera þannig úr garði gerð að þeim verði alstaðar beitt í sama anda og útsvarslögunum, verður að setja þarna ákvæði, sem tryggi það, að íhaldssamar bæjarstjórnir geti ekki komið á skatti, sem bitnar jafnþungt á verkamönnum, sem t. d. hafa brotizt í að byggja yfir sig, og á efnuðustu borgurunum. Þetta vildi ég biðja n. að taka til athugunar. — Samflokksmaður minn í Ed., hv. 1. landsk. (BrB), bar fram brtt. við 3. gr., þegar frv. var til 2. umr. þar í deildinni. Þessi brtt. var því miður ekki samþ. En ég vildi mælast til þess við n., að hún athugi málið nákvæmlega og geri tillögur til umbóta. Ég álít alveg rangt að gefa íhaldssömum bæjarfélögum tekjustofna með fullu frelsi til að misbeita valdi sínu yfir þeim.

Ennfremur álít ég, að á 3. tölul. 1. gr. þurfi að gera breytingu. Það er verið að hvetja menn til þess að rækta jörðina kringum kaupstaði og sjávarþorp. Og þá er ekki eðlilegt né heppilegt að skattleggja viðleitni manna til þess. Ég álít hinsvegar rétt að leggja slíkan fasteignaskatt á þá, sem eiga stór tún, og þá, sem eiga byggingalóðir, — og alls ekki síður ónotaðar lóðir en notaðar. Í 1. gr., eins og öllum I. kafla, hlýtur að vera ætlazt til, að fylgt verði þeirri meginreglu, að skatturinn komi þyngra niður á þeim, sem eiga stóreignir, heldur en á fátækri alþýðu.

Ákvæðin um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga ná yfir II. og III. kafla. Það er gott að skapa þarna nokkurn bakhjarl fyrir bæjar- og sveitarfélög og meiri jöfnuð. En sé það tilgangurinn, eins og ráða má af grg. frv., að hjálpa þeim bæjarfélögum, sem verst eru stæð, þá verð ég að segja, að 20. og 22. gr. frv. brjóta beinlínis í bága við þann tilgang. Þar eru sett svo ströng skilyrði fyrir því, að eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna megi greiða bæjar- eða sveitarfélagi það, sem því er úthlutað úr jöfnunarsjóði, og ríkisstjórn skapaður svo mikill réttur til íhlutunar, ef út af ber með greiðslur einhvers bæjarfélags til ríkis og ríkisstofnana, að það er ákaflega varhugavert. Ríkisstjórn getur þá algerlega haldið eftir greiðslum þeim úr jöfnunarsjóði, sem eiga að fara til bæjarfélagsins. Og þótt ríkisstjórn vilji greiða fé, getur hún eða atvmrh. látið umboðsmann sinn eða eftirlitsmann skammta hvern eyri, svo að ekkert megi greiða úr bæjarsjóði nema með samþykki hans. Ég hygg, að þetta séu of ströng skilyrði og of langt gengið í því að auka vald ríkisstjórnar. Ég vil sérstaklega benda vinstri flokkunum á það, að í höndum íhaldssamrar ríkisstj. mundi þetta verða mjög slæmt ákvæði gegn þeim bæjarfélögum, þar sem vinstri stjórn væri við völd, ef óhöpp eyðilegðu greiðslugetu þeirra um stundarsakir. Hér er ríkistj. gefið meira vald en í núgildandi lögum, svo að hún getur framkvæmt harðstjórn gegn þessum sveitar- og bæjarfélögum með því móti, sem 20. og 22. gr. heimila. Ég vildi, að n. athugaði, hvort ekki er hægt að kippa slíkum göllum burt, þannig að fullnægt sé réttlætinu gagnvart öllum aðiljum.

***Gísli Sveinsson:** Þetta frv. kom fyrst fram í Ed. og virðist vera samkomulagsmál stjórnarflokkanna. Ég veit ekki, hvern þátt hvor flokkur á í þessari löggjöf. En um III. kafla, sem fjallar um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum, virðist mér ástæða til að segja í framhaldi af orðum hv. 5. þm. Reykv., að ég tel kaflann að ýmsu leyti varhugaverðan.

Ekki á ég við það, að það sé of hart að gengið að setja „kontról“, sem réði of miklu, að sumra dómi, hjá bæjarfélögum. Slíkt eftirlit er óhjákvæmilegt, enda hefir nú þegar til þess komið.

Öll þessi mál eru hjá atvinnumálaráðuneytinu. Öll skýrslusöfnun í þessu sambandi og annað er undir stjórn ráðh. og að öðru leyti útreikningar gerðir hjá hagstofunni. Meðferð þessara mála, eins og nú er, kostar svo sem ekki neitt. Það mun vera borgað fyrir útreikninga og aðra vinnu, sem sérstaklega er unnin vegna þessara mála í hagstofunni, framfærslumál og annað slíkt, sem hér kemur til greina, um 600 kr. En ef til þess að fela þessi mál og öll afskipti af þeim, yrði skipaður sérstakur eftirlitsmaður, sem virðist vera meiningin, þá mun það verða dýrt. Það er ekki ástæða til þess, og það getur varla verið meiningin að setja upp sérstaka skrifstofu til þess að fara með þessi mál. Enda er það í mesta máta varhugavert að taka þessi mál frá stjórnarráðinu, þar sem þeim er bezt borgið og þar sem þau að réttu lagi eiga að vera, því að stjórnarvöldin bera ábyrgð á þeim. Þessi braut er mjög varhugaverð, og hafa síðustu tímar sannað það. Það er því ekki hægt að ganga þegjandi framhjá hverri till., sem kallað er, að sé til umbóta, en miðar að því að koma á nýjum, óþörfum, kostnaðarsömum breyt., sem í þessu tilfelli mundu leggjast með sínum útgjaldaþunga á hin aðþrengdu bæjar- og sveitarfélög. Í stað þess sem eftirlit þessara mála nú kostar 600 kr., megum við, eftir því sem fram hefir farið undanfarið, búast við, að það kosti ekki aðeins 600 kr., ef farið væri að eins og hér er gerð till. um, ekki heldur, að slíkt skrifstofuhald kostaði aðeins 6 þús. kr., heldur upp undir 50—60 þús. kr. Því að reynslan er sú, að þó eitthvað slíkt sem þetta byrji með einum til tveimum mönnum og litlum kostnaði, þá hefir kostnaðurinn fyrr en varir komizt svo hátt, að skipta tugum þús. Hér er því fremur varhugavert að leggja inn á þessa braut, að fjölga skrifstofum, sem það er vitað, að þessi mál eru bezt komin þar, sem þau eru nú, hjá ráðuneytinu. Ennfremur ef einum manni væri falið þetta eftirlit, þá væri einum manni þar með fengið í hendur allt of mikið vald, þar sem hann getur eftir frv. haft vald til að ráða miklu um ekki aðeins meðferð fjár bæjar- og sveitarsjóða, heldur einnig um það, hvernig farið verði með fé það, sem veitt er til atvinnubóta, hvernig því skyldi úthlutað. En umráð með því eru nú sumpart í höndum bæjar- og sveitarfélaga, en sumpart í höndum ríkisstj. En þetta er sýnilega saman tekið þannig til þess að láta þessa nýju stofnun hafa nægilegt verkefni. Virðist mér hætt við, að þessi stofnun, ef á kemst, verði ekki hægt að kalla annað en bitlingastofnun.

Ég vil að síðustu beina því sérstaklega til hv. n., sem um málið mun fjalla, að ég tel þetta frv., ef að l. verður, ekki aðeins óþarft vegna þess, sem ég þegar hefi sagt, heldur einnig skaðlegt, þar sem til þess er stofnað hér að fleygja fé til einskis og fela einum manni óeðlilega mikið vald.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, 289, n. 317, 335).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. hefir þegar verið til meðferðar í fjhn., eins og fram kemur á þskj. 317. Einstakir nm. lýstu sig ósamþykka sumum ákvæðum frv., en þó hefir n. orðið sammála um að mæla með frv. En nm. áskildu sér rétt til að bera fram brtt. við frv., eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Ég vil um leið gera grein fyrir brtt., sem við 3 nm. flytjum á þskj. 335, sem mun verða útbýtt á þessum fundi. Það er eingöngu við 3. kafla frv., sem fjallar um eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum. Ég skal þó taka það fram, að þessar brtt. okkar raska ekki efni frv., heldur er þar aðeins að ræða um orðabreyt. og nánari ákvæði í einstökum atriðum. T. d. við 16. gr. berum við fram brtt. um að sá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna, sem atvmrh. er heimilt að skipa samkv. þeirri gr., skuli vera starfandi í atvinnumálaráðuneytinu, til þess að koma fram vilja okkar um það, að hér verði ekki um sérstaka eftirlitsstofnun að ræða. Svo eru nokkrar orðabreyt. í öðrum gr. í samræmi við þetta; t. d. gerum við till. um að fella niður eina gr. án þess að það raski nokkuð efni frv., en verður aðeins til þess að stytta þann kafla.

Ég vil geta þess, að áður en við fluttum þessar brtt., lögðum við þær fyrir atvmrh. og fjmrh., og höfðu þeir ekkert við þær að athuga.

***Ísleifur Högnason:** Við erum hér með brtt. við nokkra liði þessa frv., sem við þó getum fallizt á að samþ., til að tryggja bæjar- og sveitarfélögum nokkrar tekjur. Aðalefni þessara till., sem við hv. 5. þm. Reykv. flytjum, eru, að við 1. gr. komi viðauki, sem ákveður, að það sé eigi aðeins heimilt, heldur og skylt bæjarstj. að leggja á 1% skatt á fasteignarmat lóða, þar sem fermetrinn er yfir 20 kr., en í frv. er þetta aðeins heimilt.

Við álítum, að það beri, þar sem lóðir hafa hækkað í verði og sérstaklega þær lóðir, sem eru einkaeign eða á leigu en ekki eru byggðar, að skattleggja þær til þess að eigendurnir eða þeir, sem hafa umráðaréttinn yfir þeim, verði fúsir til að láta byggja á þeim. Mér er kunnugt um, að það munu vera víða í kaupstöðum landsins menn, sem halda lóðum í braskaugnamiði, á góðum stað, sem ekki eru byggðar. Og er sjálfsagt að greiða fyrir að þær séu seldar, með því að nokkur skattur sé á þær lagður. Og jafnvel ef einhverjir vildu fallast á að hafa þennan skatt hærri, þá álít ég það til bóta, til þess að lóðir á góðum stöðum lægju ekki ónotaðar í braskaugnamiði.

Þá er það við 2. gr. frv. brtt. við 3. lið, að á eftir orðunum „lóðum og lendum„ sé bætt: lóðum, sem eru yfir 1 hekt. að stærð. Með því hyggjum við, að matjurtagarðar og minna ræktuð lönd séu undanþegin. Vitanlega er fjöldi verkam. í kaupstöðum, sem hafa ræktað garðholu eða lóðarblett, og virðist ósanngjart, þar sem búið er að stuðla að því, að menn geti aukið þessa ræktun, að leggja á það skatta í bæjarsjóð. A. m. k. hefir verið stefna Alþingis

í seinni tíð sú, að efla ræktun, og sérstaklega ræktun matjurtagarða; hafa verið til þess veitt verðlaun í kartöflurækt. En ef ætti að skattleggja þessar garðholur og smábletti, þá myndi það áreiðanlega verða til þess að hindra það, að þessi ræktun gæti haldið áfram og eflzt.

Við 3. gr. höfum við einnig gert brtt. Á eftir orðunum „allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð“ komi þessi setning: Þó skal fasteignaskattur á hús, sem notuð eru til verzlunar, skrifstofuhalds og atvinnurekstrar, ávallt vera tvöfaldur á við skattinn á íbúðarhúsum, þar sem hver íbúð er undir 12000 krónum að fasteignamati.

Við álítum réttmætt, að verzlunarhús og atvinnufyrirtæki greiði hærri skatt af húseign sinni en menn af íbúðarhúsum. Það er vitanlegt, að verzlunin er ein af þeim atvinnuvegum, sem þrátt fyrir kreppu bera sig einna bezt. Það er þess vegna sjálfsagt, að gjöld séu látin koma niður þar, sem auðveldast er að ná þeim, og miða þessar breyt. í þá átt. Hinar aðrar breyt. við frv., að 20. og 22. gr. falli niður, eru samkv. því, sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á um daginn. Það byggist á þeirri skoðun, að íhlutunarvald og réttur þessa eftirlitsmanns, sem gert er ráð fyrir í lögum að eigi að vera skipaður, sé takmarkaður, og það geti ekki náð neinni átt, að einn maður geti úrskurðað, hvernig jöfnun á tekjum fari fram.

Ég ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta, en mun fylgja þessu máli til 3. umr.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 277, 289, n. 317, 335, 346).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 289,1 felld með 19:1 atkv.
— 289,2 felld með 15:1 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 289,3 felld með 15:1 atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 346 tekin aftur til 3. umr.
— 335,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 335,2 samþ. með 20:1 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 335,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 335,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 289,4 felld með 22:2 atkv.
20. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 335,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 289,5 felld með 19:2 atkv.
22. gr. samþ. með 23:2 atkv.
23.—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
25.—26. gr., svo og bráðabirgðaákvæðin samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 393, 394, 396).

*Sveinbjörn Högnason: Ég vil leyfa mér að bera fram brtt. við þetta frv., á þskj. 346. Fyrir 2. umr. málsins fékkst ekki samkomulag í n. um að gefa sameiginlegt álit. En till. er á þá leið, að aftan við 10. gr. bætist við 2. málsgr.: Ennfremur skulu öll útsvör þeirra manna, sem taka laun sín úr ríkissjóði eða frá stofnunum, sem reknar eru af ríkinu, renna óskipt í jöfnunarsjóð.

Það klingir jafnan hjá fulltrúum Reykjavíkurbæjar, að alltaf sé gengið á rétt Rvíkur. Þarf ekki annað en minna á kreppuhjálp til bæjar- og sveitarfélaga. Ennfremur að með breyt. á fátækralöggjöfinni sé opinberlega gengið mjög á rétt Rvíkurbæjar, og nú einnig með hinni nýju löggjöf um jöfnunarsjóð sveitar- og bæjarfélaga. Þegar maður athugar það, þá kemur í ljós, að af ríkislaunuðum mönnum í Rvík getur bærinn tekið útsvör um hálfa milljón á hverju ári. Það er ekki svo rýr tekjustofn álitinn í hverju öðru bæjar- og sveitarfélagi, og slík hlunnindi fram yfir nokkurt annað sveitarfélag á landinu, að það er sjálfsagður hlutur, að jöfnuði verði komið á. Það eru hundruð og jafnvel þúsundir gjaldþegna í Rvík, sem þjóðfélagið borgar, og eru því einhverjir vissustu gjaldþegnar. En í mörgum sveitarfélögum er ekki einn einasti maður launaður af því opinbera, en þykir hreinasti fengur að hafa þó ekki sé nema einn láglaunamann búsettan í sveitarfélaginu, og er sótt um slíka menn af miklu kappi alstaðar á landinu. En í þessu bæjarfélagi eru svo tiltölulega margir menn, sem borgað er af ríkinu, að það er freklegt ranglæti af hendi hins opinbera, hversu mikil hlunnindi þessu bæjarfélagi eru veitt framar öllum öðrum bæjarfélögum á landinu. Ég sé því ekki annað en þegar nú kemur jöfnunarsjóður, sem á að jafna milli hinna einstöku sveitar- og bæjarfélaga útgjöld þeirra, sé það fullkomlega réttmætt, að gjaldþegnar, launaðir af ríkinu, borgi hlutfallslega jafnt til allra sveitar- og bæjarfélaga á landinu. Ég skal játa, að það er ekki nægilega tryggilega gengið frá því í þessari löggjöf, sem liggur fyrir, hvernig þessu fé skuli varið jafnt til allra, heldur er beinlínis gengið út frá því, að þau verst settu framfærsluhéruð, eins og bæjarfélögin telja sig fremur en sveitarfélögin, njóti sérstakra hlunninda, og verða sveitirnar útundan að nokkru leyti frekar en eftir löggjöfinni, sem er. En ef þetta er samþ. nú, þá sé ég ekki nokkra erfiðleika á, að næsta Alþingi breyti löggjöfinni, til að sjá um jafnari úthlutun á þessu fé til allra sveitar- og bæjarfélaga á landinu. Með þetta fyrir augum hefi ég leyft mér að bera þessa brtt. hér fram. Og ég tel, að ef hún mætir fullkomnu skilningsleysi og andúð hjá þessari hv. þd., sé það sönnun þess, að Reykjavíkurbær eigi allt of mikil

itök í þingmönnum, — ef þeir vilja ekki ganga í þessa átt, sem hér er farið fram á, að jafna nokkuð á því sviði, þar sem nú ríkir fullkomið ranglæti.

*Jakob Möller: Mér datt ekki í hug, að hv. 1. þm. Rang. ætlaðist til, að till. hans yrði tekin alvarlega. Að vísu veit ég, að annar maður er finnanlegur á bekkjum þingsins (þó ekki í þessari deild), sem kemst dálítið í námunda við hann að því leyti, hvernig hann lítur á þetta mál, og þó ekki nema til hálfs. En ef á að taka till. alvarlega, þá er auðséð, að þessi hv. þm. hefir enga grein gert sér fyrir því, til hvers gjöld eru tekin af borgurum bæja- og sveitarfélaga. Það virðist vaka fyrir honum, að þessir borgarar, sem taka laun frá ríkisstofnunum, hafi sérstöðu innan hvers sveitarfélags, þannig að þeir þurfi engar sameiginlegar byrðar að bera með öðrum borgurum þess sveitarfélags. Til hvers eru lögð gjöld á gjaldþegna sveitarfélaganna? Þau eru lögð á til þess að standa straum af kostnaði við sameiginlegar þarfir allra borgara sveitarfélagsins. Hafa þessir menn þá engar sameiginlegar þarfir við aðra borgara? Þurfa þeir ekki á öllu kerfi bæjarins að halda, svo sem götum, lögregluvernd og ótal slíkum hlutum? Eða hvers vegna eiga þeir, sem taka laun frá ríkinu, að vera undanþegnir að taka þátt í þessum kostnaði? Hv. þm. vill telja mönnum trú um, að hann hugsi svona. En ég er viss um, að það er ekki einn einasti maður innan þessarar deildar, sem gerir sig sekan um slíka hugsunarvillu. Það liggur alveg í augum uppi, að það skiptir engu máli í þessu sambandi, hvaðan borgarar bæjarfélags fá sín laun. Þeim er skylt að taka þátt í kostnaði við sameiginlega starfrækslu bæjarfélagsins, alveg til jafns við aðra borgara þess. Ég held það þurfi ekki að rökræða þetta frekar.

En ég hefi út af þessu flutt till. á þskj. 394, að aftan við 12 gr. frv., 1. málsgr., komi nokkur viðbót, með leyfi hæstv. forseta: „Þó þannig, að sömu reglur gildi um Reykjavík og aðra kaupstaði og kauptún í sama jöfnunarflokki". En samkv. 72. gr. framfærslulaganna er gerður nokkur munur á Rvík og öðrum kaupstöðum og kauptúnum í sambandi við þessa jöfnun og skiptingu í flokka. Í fyrri flokknum eru kauptún með 600 íbúum og fleirum, en í öðrum jöfnunarflokki þeir, sem hafa færri íbúa. Og í 74. gr. framfærslulaganna er mælt svo fyrir, með leyfi hæstv. forseta, að þessari uppbót skuli jafna niður á milli sveitarfélaga á þann hátt, að „miða ½ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat". Það er náttúrlega fullkomið tillit tekið til þess, sem eitt sveitarfélag kann að vera betur sett að öðru leyti að því er snertir skattskyldar tekjur, og þar með er tillit tekið til þeirra manna, sem hv. sessunautur minn gerði að umtalsefni. Þar sem margir slíkir menn eru, hafa sveitarfélögin minni rétt til jöfnunar en annars. Nú spyr ég hv. þm., hvort hann ætlist til, að í sambandi við jöfnunina yrði eftir sem áður skattskyldar tekjur þessara manna reiknaðar í þessu sambandi. Hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því, að það hafi nokkur áhrif, en við það verður hlutur bæjanna að því leyti lakari. Í öðru lagi er í 73. gr. framfærslulaganna mælt svo fyrir um þessa jöfnun, að það á að finna meðalframfærsluþunga allra sveitarfélaga í sama jöfnunarflokki, og þegar til jöfnunar kemur, er tekið tillit til þessa framfærsluþunga á þann hátt, sem ég skal greina. Reykjavík á að greiða meðaltalsframfærslukostnað í flokki kaupstaða og fá endurgreidda tvo þriðju hluta þess, sem fram yfir er. En allir kaupstaðir og kauptún í sama flokki eiga að greiða meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10%. Alveg eins hefði mátt snúa þessu við og segja, að Rvík á að greiða meðaltalsframfærslukostnað að viðbættum 10%, en aðrir kaupstaðir og kauptún meðaltalsframfærslukostnað eins og hann er. M. ö. o., þarna er gerður sá greinarmunur á Rvík, að hún er 10% verr sett í sambandi við jöfnun en önnur sveitarfélög í sama jöfnunarflokki. En af hverju er þetta gert? Af hverju er Rvík betur sett heldur en önnur héruð? Við jöfnunina er tekið tillit til skattskyldra tekna. Það kemur því ekki fram þar, það sem Rvík hefir hlutfallslega meira af efnuðum borgurum og tekjumiklum vegna búsetu opinberra starfsmanna, sem taka laun frá ríkisstj.; og það er vitað, að Rvík hefir hlutfallslega meira af tekjuháum mönnum. En til þessa er tekið fullt tillit með jöfnunarreglunum, og þess vegna engin ástæða til að bæta við þessum 10% á meðaltalsframfærslukostnað Rvíkur umfram önnur sveitarfélög í sama jöfnunarflokki, ekki af þessari ástæðu. Það er líka tekið tillit til þess, að Rvík hefir að sjálfsögðu hutfallslega meira af skuldlausum eignum en önnur bæjarfélög, svo að ekki þarf að mismuna bænum með þessi 10%. En af hverju er þetta gert? Það er tvímælalaust fullkomið ranglæti. Rvík á að eiga sama rétt til jöfnunar samkv. þessum reglum eins og önnur sveitarfélög. Þó mætti segja, að öldungis væri skiljanlegt, að þessi mismunur sé þannig kominn í lögin á annan hátt en þann, að það sé almennt viðurkennt, að bærinn standi betur að vígi en nokkurt annað bæjar- og sveitarfélag, sem liggur þó ekki beint í, að bærinn sé betur efnaður, því að fullt tillit er tekið til þess, en kannske í hinu, að mönnum þyki honum betur stjórnað en öðrum, og liggi þess vegna í því öryggi nokkur skattstofn. Ég sé ekki, að það sé hægt að réttlæta þennan mismun á annan hátt, og af þeim ástæðum hefi ég flutt þessa till., sem fer fram á, að Rvík verði sett jöfn öðrum bæjum og kauptúnum.

*Sveinbjörn Högnason: Það gleður mig að heyra, að ég hefi þó getað knúð þá játningu fram frá sessunaut mínum, að Rvík hafi að nokkru leyti frá hinu opinbera betri aðstöðu en önnur bæjar- og sveitarfélög. Ég tel, að það sé mikils virði að hafa einu sinni frá fulltrúa Rvíkur, sem ég veit, að ber hag hennar fyrir brjósti, fengið þá yfirlýsingu, að það sé nokkur mismunur gerður af hendi hins opinbera á Rvík og öðrum bæjum og sveitarfélögum, með

því að láta Rvík hafa alla opinbera starfsmenn. Hv. þm. sagði, að sér dytti ekki í hug, að það væri nokkur hv. þm., sem féllist á þennan hugsunarhátt minn, að þessar tekjur, sem hér er um að ræða, útsvör opinberra starfsmanna, yrðu látnar ganga í jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga. Ef til vill hugsar hv. þm., að hann hafi haldið svo vel áfram að hamra á því, að Rvík væri afskipt, að það fyndist enginn maður, sem þyrði að halda fram því gagnstæða. En ég þori nú samt vel að halda því fram, og ég er sannfærður um, að það er fjöldi hv. þm., sem þora að halda fram því rétta í þessu máli eins og öðrum.

Hv. þm. talaði um, að ég mundi ekki hafa gert mér grein fyrir, til hvers opinber gjöld væru innheimt. Það er nú svona rétt um það bil, að það sé hv. þm. samboðið að tala þannig. Ég geri ráð fyrir, að öllum hv. þm. sé það ljóst, til hvers opinber gjöld eru notuð, eða ég fyrir mitt leyti vil ekki væna nokkurn hv. þm. um það, að hann fylgist ekki svo vel með löggjöf og stjórnarháttum, að hann viti þetta ekki. Hv. þm. segir, að hin opinberu gjöld séu notuð eingöngu til að standa straum af sameiginlegum þörfum bæjar- og sveitarfélaga. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Ef hvert bæjar- og sveitarfélag er skylt að standa þannig straum af sameiginlegum þörfum sínum, til hvers er þá verið að setja þessa löggjöf? Ég veit ekki betur en það sé verið að setja hana vegna þess, að það hefir komið fram, að það eru einstök bæjar- og sveitarfélög, sem ekki eru megnug þess, að standa undir sínum þörfum. Og með þessari löggjöf og þeirri framfærslulöggjöf, sem sett var árið 1935, er beinlínis viðurkennt af löggjafanum, að það beri að jafna á milli í þessu efni. Og ég fyrir mitt leyti sé ekki, að það sé til sanngjarnari jöfnun en að taka til þess útsvör eða beinar álögur á opinberum gjaldþegnum, sem ríkið og allir borgarar þjóðfélagsins halda uppi. Ég get ekki skilið, að eitt bæjarfélag hafi sérstakan rétt til þess, að allir opinberir starfsmenn, allir æðri skólar og yfirleitt allar opinberar stofnanir séu settar á þann sama stað, því að allt þetta eru vitanlega stórkostleg hlunnindi fyrir eitt bæjarfélag. Nú er það ekki svo, að útsvör þessara manna séu það eina, sem bæjarfélagið fær frá þessum gjaldþegnum. Ég tel það víst, að þessir menn, sem borga ½ millj. kr. í útsvör á ári, muni eiga einhverjar eignir, sem þeir borga af fasteignaskatt til bæjarins. Þar að auki greiða þeir svo ýms almenn gjöld, svo sem vatnsskatt, gjald fyrir rafmagn og gas o. fl. (**JakM**: Hv. ræðumaður ætti að vera á Kleppi). Ég vonast til þess, að hv. 2. þm. Reykv. sé ekki svo tæpur á geðsmunum, að þessar ræður mínar hafi þau áhrif á hann, að setja þurfi hann á slíka stofnun, sem hann hér nefndi. Ég sé, að röksemdir mínar hafa haft slæm áhrif á þennan hv. þm., og með tilliti til þess skal ég reyna að haga orðum mínum hér eftir. Það er af því, sem ég hefi tekið fram, auðsætt, að þessi till. mín er réttlætiskrafa. Ég vil svo ekki eiga það á hættu að orðlengja um þetta frekar með tilliti til þess, sem fram hefir komið, og læt því máli mínu lokið.

***Jakob Möller**: Ég er viss um, að ekki hefði verið unnt að sannfæra hv. þd. betur um, að þetta væri allt hringavitleysa, sem hv. 1. þm. Rang. hefir farið hér með, en hann gerði sjálfur í síðustu ræðu sinni. Það eru aðeins tvö atriði í ræðu hans, sem ég vil vekja athygli á. Hann sagði, að með þessu frv. væri verið að hlaupa undir bagga með illa stæðum sveitarfélögum. En er það nokkur sönnun fyrir því, að bæjar- og sveitarfélögum beri ekki að standa undir sínum þörfum. Enn þá síður er þetta nein sönnun eða frambærileg ástæða fyrir því, að opinberir starfsmenn eigi að vera undanskildir því, að greiða til þessara sameiginlegu þarfa. Það er ekki lagður skattur á ríkisstofnanir sjálfar, heldur er lagt á þá menn, sem vinna við stofnanirnar og þurfa að verða þeirra hlunninda aðnjótandi, sem bæjarfélagið er búið að kosta til að fá fyrir sína meðlimi. Hv. þm. var alveg óafvitandi að hlaupa út línuna, ef svo mætti segja, þegar hann var að tala um, að þessir borgarar ættu ekki einungis að vera undanþegnir að greiða gjöld til bæjarins, heldur ættu þeir líka að fá ókeypis þær vörur, sem bæjarfélagið aflar í einu lagi, svo sem gas og rafmagn.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Mér er það ljóst, að ég geri öðrum hv. þm. rangt til með því að vera að standa upp og reyna að gera þessum hv. þm. það skiljanlegt, sem allir aðrir hv. þm. skilja mæta vel fyrir.

Forseti (JörB): Þá er umr. lokið.

Sveinbjörn Högnason: Ég kann því illa, að hæstv. forseti, sem annars fær að verðleikum orð fyrir að vera sanngjarn, skuli hafa þá aðferð að slíta umr., þegar búið er að biðja um orðið.

Forseti (JörB): Ég kann því ekkert illa, að umr. sé slitið, þegar enginn er á mælendaskrá. En hvað viðkemur hv. 1. þm. Rang., þá er hann búinn að tala tvisvar og hefir því notað sinn ræðutíma.

Einar Olgeirsson: Ég verð að segja það, að ég virði það ákaflega mikið af hæstv. forseta, að hann skuli vera svo röggsamur sem hann er, en hann hefir hingað til ekki verið eins strangur í þessu efni eins og hann var nú. Ég vildi því mega vænta þess, að hann nú breytti þessari ákvörðun sinni.

Forseti (JörB): Ég skal verða við þessu og gef hv. 5. þm. Reykv. orðið.

***Einar Olgeirsson**: Viðvíkjandi þessu frv. vil ég geta þess, að við 2. umr. málsins flutti ég brtt. við það, en hefi ekki séð mér fært að reyna að koma fram öðrum brtt. við það. En ég get þó ekki látið hjá líða við þessa síðustu umr. málsins að benda á, hvað er verið að gera í sambandi við álagningu fasteignaskattsins og ráðstöfun til jöfnunarsjóðs. Nú hafa sérstaklega farið fram umr. um afstöðu Rvíkur til málsins, og það hefir verið hér tilhneiging til að segja, að það sé farið illa með hana. Við verðum að muna eftir því, þegar um þetta er rætt, að allir menn, sem eitthvað mega sín hér á landi, eru saman

safnaðir í Rvík. Ef litið er yfir skýrslu, sem fylgir sjálfu frv., þá sést þetta greinilegast á því, hversu skattarnir eru miklu meiri í Rvík en annarsstaðar. Það er hinsvegar vitanlegt, að það stendur sérstaklega á um Rvík að því er snertir innheimtu skattanna hjá alþýðunni og um það, hvernig tekjunum er náð í bæjarsjóðinn. Það er nauðsynlegt í þessu sambandi að athuga það, að í Rvík eru útsvörin nú komin yfir 3 millj. kr., og eftir fjárhagsáætlun næsta árs er lagt til, að þau verði hækkuð um 10%. Ef fasteignaskatturinn í Rvík væri notaður til hins ýtrasta, þá mundi það gefa um 1 millj. kr. í tekjur, og þó að hann væri ekki notaður til hins ýtrasta, þá mundi hann þó alltaf geta gefið af sér 600—700 þús. kr. tekjur í bæjarsjóð. Það mundi þýða, að hægt yrði að lækka útsvörin á þeim verst stæðu. En eins og Rvík hefir verið stjórnað, þá er þar skemmst af að segja, að tekjurnar hafa verið teknar af þeim, sem sízt mega við að borga, með óhæfilegri álagningu á ýmsar nauðþurftir manna, sem bærinn selur, svo sem gas og rafmagn. Það er kunnugt, að álagningin á rafmagnið er um 100% og á gasið um 60%. Hér er notuð tollaaðferðin. Sama aðferðin, sem hv. þm. G.-K. var að deila á ríkisstj. í eldhúsumr. fyrir að nota við öflun tekna í ríkissjóð. En viðvíkjandi fasteignaskattinum vil ég benda hv. þm. á það, að þegar útsvör eru lögð á, þá er með l. ákveðið, hvað þau megi vera há. Bæjarstjórnunum er ekki gefið það frjálst að leggja á menn eins há útsvör eins og þeim þóknast í hvert skipti. Ég álít, að Alþ. ætti hér alveg eins að setja fastar skorður um fasteignaskattinn. Mér virðist sem þetta frv., eins og það nú lítur út, sé beinlínis í þá átt að gefa meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur ný tækifæri til óheiðarlegrar fjáröflunar í bæjarsjóð.

Forseti (JörB): Hv. 1. þm. Rang. hefir í þessu máli talað tvisvar, og síðan hann talaði síðast hafa engar sakir verið á hann bornar. Ef hann hinsvegar þarf eitthvað að leiðrétta, þá er honum það heimilt.

Sveinbjörn Högnason: Ég hefði þurft að koma með margar leiðréttingar og bera af mér sakir, en þar sem ég sé, að kl. er að verða 12, og ég vil ekki tefja fyrir málinu, þá skal ég falla frá orðinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 21. des., var fram haldið 3. umr. frv.

ATKVGR.

Brtt. 346 felld með 16:3 atkv.
— 394 felld með 16:10 atkv.
— 396 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 18. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 463).

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er komið aftur frá Nd. og hefir tekið þeim breyt., að felld hefir verið úr frv. ein gr., 19. gr. Ég sé ekki, að það skipti miklu máli, þó að þessi gr. væri felld í burt, með því að það raskar ekki efni frv. Þeir 2 menn úr allshn., sem aðallega fjölluðu um málið, leggja til, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 477).

---

40. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 12. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. (Þmfrv. A. 64.).

Á 16. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Bergur Jónsson:** Af því að hv. frsm. sjútvn. er ekki viðstaddur, vil ég geta þess, að þetta frv. er nú í þriðja sinn lagt hér fyrir Alþ. samkv. beiðni hæstv. ríkisstj., og er það flutt eins og það var í upphafi, en nm. hafa áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins benda n. á það, að í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist fyrir vátryggingarfélögin 300000 kr., þ. e. a. s. að sú ábyrgð standi að baki félögunum. Ég hefi nú ekki rannsakað þetta nákvæmlega, en mér sýnist þetta fljótt á litið dálítið einkennilegt ákvæði, og mér fyndist eðlilegast, að ef ríkissjóður ætti að bera einhverja ábyrgð í sambandi við þetta mál, þá ætti það að vera á skuldbindingum endurtryggingarfélagsins fremur en á skuldbindingum einstakra vátryggingarfélaga. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að atvmrh. samþ. iðgjöld félaga, en vitanlega verður sótt á um það af útgerðarmönnum að hafa þau sem lægst, þannig að mér finnst í þessu fólgin dálítil áhætta og vildi því benda n. á, hvort ekki væri skynsamlegra að láta þessa ábyrgð aðeins ná til skuldbindinga endurtryggingarfélagsins, sem gert er ráð fyrir, að verði Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Þetta vildi ég biðja n. að athuga. Reyndar þætti mér gott, ef ég gæti fengið tækifæri til þess að ræða þetta við n. sérstaklega.

***Bergur Jónsson:** Þar sem ég tók að mér framsögu í þessu máli, skal ég reyna að koma því til skila, að hæstv. fjvmrh. vilji tala við n.

Annars skal ég geta þess, að n. hefir fengið allmikið af umsögnum um frv., sem hún óskaði eftir, frá vátryggingarfélögum víðsvegar að af landinu, og er nú að vinna úr þeim. Og m.

a. vegna þess, að í þessum umsögnum koma fram mjög skiptar skoðanir um það, hvort þetta frv. eigi að hafa framgang, þá hafa nm. áskilið sér — eins og ég tók fram áðan — að hafa óbundnar hendur um atkv. sitt viðvíkjandi einstökum gr. frv., og jafnvel frv. sjálfu, þótt n. hafi ekki viljað skorast undan beiðni hæstv. ríkisstj. um að flytja málið enn á ný inn í þingið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 2 umr.

Sigurður Kristjánsson: Sjútvn. er ekki búin að ganga frá frv. þessu eins og hún ætlar sér, svo ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að taka það út af dagskrá nú.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 5. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 13. nóv., var frv enn tekið til 2. umr. (A. 64, 115, 116).

Gísli Guðmundsson: Þetta frv., sem hér er til 2. umr. og prentað á þskj. 64, er, eins og þar segir, flutt af sjútvn., en eftir till. hæstv. ríkisstj. Núna á milli umr. hefir n. tekið frv. til nýrrar athugunar. Þegar það var til athugunar á síðasta Alþingi, var ákveðið að senda það til umsagnar til allra starfandi vélbátatryggingarfélaga á landinu. Umsagnir hafa borizt frá nokkrum þeirra, og þó að einungis ein af þeim hefði ýtarlegar aths. um einstakar greinar í frv., en á öðrum væri lítið að græða, taldi n. sjálfsagt að endurtaka frv. og taka bendingarnar til greina, eftir því sem henni þótti rétt.

Ég skal þá gera grein fyrir brtt. n. á þskj. 115. Þær brtt. er öll sjútvn. sammála um. 1. brtt. er við 2. gr. og snertir stofnsjóðsgjöld. Í frv. er svo fyrir mælt, að skipaeigendur greiði 1% af vátryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð um leið og vátrygging fer fram í fyrsta sinn. En brtt. fer fram á, að undanþegnir gjaldinu séu þeir skipaeigendur, er þá þegar eiga upphæð, sem nemur stofnsjóðsgjaldi, eða meiri, í stofnsjóði starfandi bátaábyrgðarfélags, því að þá virðist ósanngjarnt að krefja þá um nýtt stofngjald, þótt bátaábyrgðarfélag þeirra gangi inn undir þessi lög.

2. brtt. er við 3. gr. og þess efnis, að ekki geti orkað tvímælis, hvar skip skuli vátryggja. N. telur það geta valdið ágreiningi, sem í frv. segir, að vátryggja skuli í umdæmi því, sem báturinn er skrásettur í eða gengur til fiskveiða frá, og vill því binda það við skrásetningarumdæmið eingöngu.

3. brtt. er við 6. gr. frv., og er a-liður hennar eiginlega mjög lítil breyting. En í b-liðnum er breytt ákvæði um þóknun til framkvæmdarstjóra. Frv. ákveður, að hann fái að launum 4% af öllum innheimtum iðgjalda. En n. þótti réttara, að þetta væri á valdi stj. í hverju félagi, því að vel mætti vera, að gjöldin sjálf, sem inn væru komin, yrðu ekki réttur grundvöllur til að byggja launagreiðslur á.

4. brtt. er við 7. gr. Þar er stjórn vátryggingarfélags heimilað að setja eftirlitsmenn til að tryggja sér, að vátryggingarskilyrðum sé fullnægt. Þetta er meðfram sett inn í frv. með það í huga, þegar umdæmi vátryggingarfélags nær yfir marga útgerðarstaði, þar sem félagsstj. sjálf getur ekki haft eftirlitið.

5. brtt. er viðbót við ákvæði 8. gr. um það, hverjir hafi atkvæðisrétt. Yfirleitt hafa hann aðeins félagsmenn, en hér er gerð undantekning um þá, sem við hafa í skipunum.

6. brtt. er við 9. gr., og er þar eiginlega aðeins um leiðréttingu að ræða.

7. brtt. er við 12. gr. Hún er um það, að í stað þess, sem gert er ráð fyrir í frv., að árleg skoðun fari fram á öllum vátryggðum skipum, skuli hún ekki vera lögboðin nema á 2 ára fresti. N. leit svo á, að það skapaði óþarfa kostnað. — Það má ekki blanda þessari vátryggingarskoðun saman við þá venjulegu skoðun, sem fer fram vegna öryggis skipa og helzt vitanlega jafnt fyrir þessu.

8. brtt. er við 13. gr. og um það, að vátrygging falli ekki úr gildi við eigendaskipti, nema nýi eigandinn flytji skipið úr umdæmi félagsins. Þetta hygg ég, að sé svo eðlilegt ákvæði, að ekkert sé við það að athuga.

9. brtt. er viðbót í 18. gr. frv. og þess efnis, að þegar úrskurðað hefir verið, að skip sé óbætanlegt, hafi vátryggingarfélagið þó ávallt rétt til að láta gera við skipið á sinn kostnað, ef það getur síðan skilað því í skoðunarfæru standi.

10. brtt. er við 31. gr. og um það, að gera skuli veðhafa aðvart, áður en trygging er felld úr gildi vegna vangreiðslu iðgjalda. Þá geta veðhafar greitt iðgjöldin, ef þeir vilja.

Loks er 11. brtt. við 33. gr., um gerðardóm. Það eru aðeins orðabreytingar til þess að gera lagaákvæðin alveg ótvíræð.

Um þessar brtt. varð n. sammála. En á þskj. 116 er brtt. í tveim liðum borin fram af tveim mönnum í n., hv. þm. Ísaf. og hv. 6. þm. Reykv., og var meiri hl. n. andstæður þeim till. Meiri hl. taldi, að sú aukna áhætta, sem af þeim ákvæðum leiddi fyrir félögin, sé mjög varhugaverð, og mun greiða atkv. móti þeim.

Ég vil að lokum rifja upp nokkuð af sögu þessa máls. Á Alþingi 1936 var frv. fyrst borið fram af sjútvn. að tilhlutun ríkisstj. Það hafði upphaflega að mestu verið samið af forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og forseta Fiskifélags Íslands. Einnig hefir frv. gengið til erlends sérfræðings, sem gerði við það ýmsar aths. Með hliðsjón af þeim og öðru, sem fram kom, gerði sjútvn. breytingar á frv. áður en hún bar það fram hér á þingunum 1936 og 1937. Á síðasta vori var það sent til allra starfandi vátryggingarfélaga á landinu með þeim árangri, sem ég hefi þegar getið.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Öllum er vitanlegt, að það er mesta nauðsynjamál, að löggjöf sé sett í þessu efni. Vitanlega er það óviðunandi ástand, að mikið af veiðiflotanum sé ótryggt og að t. d. skip, sem verða

fyrir árekstri við önnur skip ótryggð, fái ekki réttmætar bætur. — Það er líka mjög æskilegt fyrir þá stofnun, sem sett er upp með l. til að annast tryggingar fyrir fiskiflotann, að tryggari grunnur sé settur undir þá starfsemi, og sérstaklega að eftirlitið með skipunum sé gert öruggara.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég vil bæta því við orð hv. þm. N.-Þ. um undirbúning þessa máls, að tillit hefir verið tekið til ýmissa bendinga úr fleiri áttum en hann taldi, m. a. frá síðasta fiskiþingi, en þar var málið tekið til allrækilegrar athugunar. Ég tel því, að það hafi nú fengið þann undirbúning, að sjálfsagt sé að afgr. það sem lög frá þessu þingi.

Við hv. 6. þm. Reykv. eigum brtt. á þskj. 116. *Þar er í a-liðnum lagt til að heimila, að félögin* megi hafa í eigin ábyrgð á einu skipi allt að 25 þús. kr., í stað 15 þús., sem frv. mælir fyrir um, þó aðeins með vissum skilyrðum, þannig að fyllilega sé tryggt, að félögin eigi sjóð, er standi fyrir vátryggingunni. Ég tel mjög nauðsynlegt að rýmka svo þetta ákvæði, því að hér á landi starfa nú a. m. k. þrjú félög, sem yrðu að draga verulega saman starfsemi sína, ef hámarkið yrði 15 þús. Eitt félagið er við Eyjafjörð og hefir raunar undir mest allt Norðurland, annað er á Ísafirði, þriðja er bátaábyrgðarfélagið í Vestmannaeyjum. Þessi félög *eiga talsvert miklar eignir, og væri hart* aðgöngu fyrir þau, ef starfsmöguleikar þeirra væru rýrðir. Eftir þeim upplýsingum, sem n. eða við tveir í minni hl. höfum fengið, verður að álíta það hættulaust að færa hámarkið upp í 25 þús. kr. á skip með þeim varnagla, sem sleginn er í brtt., síðara lið: „Þó skal félögum því aðeins heimilt að hafa yfir 15000 kr. í einu skipi í eigin tryggingu, að félagið eigi fastan sjóð, er nemur minnst 10% af þeim hluta vátryggingarupphæðar, er félagið ábyrgist, og hafi meðmæli banka eða annara peningastofnana, sem ávaxta sjóði félagsins". — Ég vil því eindregið mæla með því, að meðal þeirra brtt., sem hér liggja fyrir og eru til bóta, verði þessi brtt. frá mér og hv. 6. þm. Reykv. einnig samþ.

***Pétur Ottesen:** Á þinginu 1936, þegar þetta mál var fyrst borið fram, var það afgr. með rökst. dagskrá eftir þá athugun, sem gerð var á því bæði í sjútvn. og hér í Nd. Dagskráin fól það í sér, að ekki þætti rétt að gera neitt í þessu vandamáli án þess, að hinir væntanlegu þátttakendur, vátryggingarfélögin, fengju að athuga einstök ákvæði frv., og fyrir liggja upplýsingar um það, að þetta mál, hefir verið sent til starfandi vátryggingarfélaga í þessu landi. Ég veit ekki, hvort það hefir verið sent til útgerðarmanna á þeim svæðum, sem engin vátryggingarfélög hafa, en sem vátryggja hjá Sjóvátryggingarfélaginu. En það eru einkum og sér í lagi þeir menn, sem ég ber fyrir brjósti. Það er nú svo í ýmsum verstöðum, að þar er ekkert starfandi vátryggingarfélag, heldur hafa menn samið við Sjóvátryggingarfélagið um tryggingu á sínum bátum. Það er náttúrlega erfitt og ómögulegt um það að segja, hvaða kjör verði á tryggingum, ef þetta frv. verður að l., en eftir því, sem bezt verður séð, þá hygg ég, að þau muni verða að verulegu leyti óhagstæðari en þau kjör, sem útgerðarmenn t. d. á Akranesi eiga nú við að búa hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Að vísu hefir frv. verið nokkuð lagfært frá því, sem það var upphaflega; t. d. hafa verið gerðar á því allverðtækar breyt. í samræmi við álit fiskiþingsins í fyrra, og svo nokkrar breyt. frá sjútvn. Það, sem lá til grundvallar því, að ég bar í fyrra fram till. um, að málinu yrði þá frestað, var það, að ég áleit, að það þyrfti að liggja fyrir einhver grundvöllur að fyrirkomulagi þessa nýja félagsskapar að því er snertir iðgjöldin, og að menn gætu gert sér í hugarlund áður en málið yrði endanlega afgr., hvað há iðgjöldin mundu verða. En *þetta hefir ekki verið gert*, og það verður að játa, að þetta mun vera erfitt að ákveða til fulls fyrirfram. En frá sjónarmiði þeirra, sem búa við fasta samninga í þessum efnum, þá beztu samninga, sem hægt er að fá, er það ekkert undarlegt, að þeir hugsi sig tvisvar um áður en þeir gefa sitt samþykki til þessarar breyt., sem ekki er hægt að vita um, með hvaða kjörum getur tekið að sér að tryggja fyrir útgerðarmenn. Það er út frá sjónarmiði þessara umbjóðenda minna, sem ég tek þessa afstöðu til þessa máls. Hinsvegar verður að viðurkenna, að það ástand, sem liggur til grundvallar því, að *þetta er borið fram, sem sé* það, að talsverður hluti vélbáta landsins sé ótryggður, er þannig, að það er full þörf á að ráða bót þar á. En spurningin er sú, hvort nauðsynlegt er að setja slíka tryggingu, sem hér er farið fram á, eða hvort það væri ekki nóg að setja l. um að skylda alla til að hafa báta sína tryggða. Annars býst ég við, að ég muni biðja n. að athuga, hvort ekki væri mögulegt að framkvæma þessa skyldutryggingu á þann hátt, að þeir, sem nú hafa með sér félagsskap í þessu skyni, eins og t. d. Vestmannaeyingar, og einnig þeir, sem hafa þegar gert fasta samninga um hagkvæmar trygg*ingar, þeir fái að halda þessum tryggingum á*fram. Ég vildi mjög mælast til þess við n., að hún athugaði þetta atriði, hvort ekki sé hægt að færa löggjöfina yfir á þetta svið og ná þó jafnframt þeim tilgangi, sem miðað er að, að allir bátar skuli vera vátryggðir.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta, en ef n. treystir sér ekki til þess að fara inn á þessa braut milli 2. og 3. umr., þá býst ég við, að ég muni freista að koma með till., sem felur í sér nokkrar breyt. hvað þetta snertir. En ég geri ekkert í því fyrr en ég hefi heyrt svör n.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég held, að þetta mál sé eitt af þeim málum, sem yrði til verulegra hagsbóta fyrir vélbátaútveginn, ef það næði fram að ganga. Við getum verið sammála um það, að öll vátryggingarstarfsemi byggist á því, að starfsemin fái þau iðgjöld fyrir sínar tryggingar, sem nægja til þess að hún geti borið sig. Hvorki Samábyrgð Ísl. á fiskiskipum né önnur vátryggingarfélög munu taka að sér neinar tryggingar til lengdar, sem ekki svara kostnaði. Nú er það svo, að allmikill hluti af vélbátaflotanum er

tryggður hjá vélbátaábyrgðarfélögum, sem hafa endurtryggingu hjá Samábyrgðinni. En starfsemi Samábyrgðarinnar hefir ekki gengið vel undanfarin ár, og mun stappa mjög nærri, að það verði að leggja hana niður. En ef svo færi, þá hafa þau vélbátaábyrgðarfélög, sem endurtryggt hafa hjá henni, ekki í annað hús að venda en til einkavátryggingarfélaga. Það hefir hinsvegar gengið svo, að vátryggingarfélögin hafa náð í nýjustu skipin til tryggingar, en Samábyrgðin hefir haft mestallt gömul skip. Vátryggingarfélögin hafa getað boðið betri kjör á tryggingum á þessum nýju eða nýlegu bátum, en þegar þeir fara að eldast, þá koma þeir til Samábyrgðarinnar. Það er þetta, sem hefir valdið því, að Samábyrgðin hefir borið sig svo illa. Það er í þessu frv. ekki ákveðið neitt um það, hver iðgjöldin skuli vera. Þetta er gert með vilja, vegna þess að það er gert ráð fyrir, að hin gömlu vélbátatryggingarfélög haldi áfram störfum með svipuðum iðgjöldum og nú, og þar sem þeirra starfsemi hefir sýnt mjög góðan árangur þar, sem þau hafa starfað lengst, þá virðist ekki ástæða til að breyta iðgjöldunum. Gott dæmi um þessa starfsemi er vélbátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Það er samkv. þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir, 75 ára gamalt. Vestmannaeyjar eru eins og kunnugt er versta áhættusvæði landsins, og þó hafa iðgjöldin þar á árinu 1932 ekki farið fram yfir 4%, á árinu 1933 ekki yfir 3,75%, á árinu 1934 ekki yfir 3,75% og 1935 ekki yfir 3,25%. Mér finnst satt að segja það ekki vera nein fjarstæða, þótt Alþ. reyndi að ýta á menn í tryggingarmálunum, einkum og sér í lagi þar sem þetta félag í Vestmannaeyjum á versta áhættusvæði landsins hefir sýnt svona góðan árangur. Ég lít svo á, að það mundi geta orðið smábátaútveginum til verulegra hagsbóta, ef útgerðarmenn væru lögskyldaðir til að taka þátt í slíkum félagsskap.

*Pétur Ottesen: Ég þarf ekki að segja annað en það, að ég bar þarna fram ósk áðan til sjútvn. um það, hvort hún mundi sjá sér fært að taka til athugunar möguleikana fyrir að færa málið yfir á það svið, sem ég benti á. Ég beindi þessum orðum vitanlega sérstaklega til frsm. n., en ég hefi ekki fengið nein svör um þetta. Ég vil aðeins endurtaka þessa ósk mína og jafnframt óska þess, að ég fengi svarið með nægjanlegum fyrirvara til þess að hafa tóm til að athuga um brtt., sem ég mundi e. t. v. bera fram. Ég mundi bera mig saman við hv. þm. Vestm. um þær till. Eins og kunnugt er, er félag í Vestmannaeyjum, sem hefir í tilefni af þessu frv. sent áskorun og ósk til Alþingis um að fá að starfa sjálfstætt utan þess ramma, sem mynda á eftir þessu frv. Ég vil vita, hvort ekki er hægt að finna líklega leið til að verða við slíkri ósk, og get ég geymt mér frekari umr. um það atriði. En út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að lögð mundu verða til grundvallar við ákvörðun tryggingargjalda í vátryggingarfélögunum þau gjöld, sem gilt hafa í hinum eldri félögum, þá býst ég við, að þetta geti nokkuð raskazt vegna ákvæða frv. um stærð áhættusvæða, þannig að fleiri félögum mundi þurfa að steypa saman, sem vitanlega hafa mishá iðgjöld, vegna misjafnrar aðstöðu á hinum ýmsu stöðum. Þetta mundi kannske ekki snerta Vestmannaeyjar, ef þær héldu áfram að starfa sem sérstök heild, en mér skildist þó á hv. þm. Ísaf., að bæta ætti við Vestmannaeyjar allri suðurströndinni. Nú sem stendur er að vísu ekki mikil útgerð á suðurströndinni, en þar eru hafnleysur og hættur miklar fyrir skip, einkanlega á vetrarvertíðinni, þegar útgerð yrði þó helzt stunduð þar. Það lítur því út fyrir, að vátryggingargjöldin í Vestmannaeyjum gætu nokkuð farið eftir því, hve mikil útgerð yrði á suðurströndinni, en út í það skal ég ekki fara frekar að sinni.

Hv. þm. Ísaf. var að tala um aðstöðumun og að það mætti ekki miða við vátryggingargjöld af nýjum bátum. Ég miðaði við alla báta á Akranesi, bæði gamla og nýja, sem tryggðir eru hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands.

Gísli Guðmundsson: Ég vildi minnast aftur á brtt. á þskj. 116 með fáum orðum. Þegar þetta var athugað í sjútvn., var meiri hl. n. andvígur þessari till. og vildi leggja til, að hún væri felld. Í þessum till. á þskj. 116 er lagt til, að það tjón, sem koma megi á bátavátryggingarfélag vegna skaða á einu skipi, megi nema 25000 kr. Meiri hl. n. finnst þetta of mikil áhætta fyrir félag af einu skipi og telur, að áhættan megi ekki vera meiri en í mesta lagi 15000 kr.

Fyrirspurn hv. þm. Borgf. um það, hvort sjútvn. gæti hugsað sér, að vátryggingarfélög, sem starfað hafa áður, fengju einhverja undanþágu frá því að vera í skyldutryggingunni, hefi ég náttúrlega ekkert umboð til að svara fyrir n. hönd, en ég get lofað honum því að minna á þessa fyrirspurn í n., svo að n. geti tekið afstöðu til þessa atriðis. Annars er það skiljanlegt, að þeir, sem búa við góð hafnar- og lendingarskilyrði, líti félagsskap við aðra skipaeigendur með miklu verri slík skilyrði óhýru auga. Hinsvegar er það ýmislegt, sem mælir bæði með og móti því, að menn, sem búa við misjafnlega góð hafnarskilyrði, starfi engu að síður í sama vátryggingarfélagi. Það má á það líta, að þeir, sem búa við góðar hafnir, hafa oftast notið mikils opinbers styrks í sambandi við hafnar- og lendingarbætur, þar sem aðrir, er við slæm skilyrði búa, hafa engan slíkan stuðning hlotið. Þannig má á þetta mál líta frá fleiri sjónarmiðum, en eins og ég hefi sagt, ég skal minna á till. hv. þm. Borgf. í sjútvn.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég held það sé einhver meinloka hjá hv. þm. N.-Þ., að vilja ekki fallast á brtt. á þskj. 116, frá okkur hv. 6. þm. Reykv. Þegar upphæðin, sem félag má hafa í hættu í einu skipi, er svo lág sem í frv. er gert ráð fyrir, verða félögin í rauninni ekki annað en einskonar umboðshafar fyrir samvátrygginguna, en með brtt. á þskj. 116 verður félögunum mögulegt að mynda sér sjóði, og eigi vátryggingarfélögin eignir, eins og tilskilið er í okkar till., þá verður áhættan engin fyrir félögin né ríkið, sem eftir frv. á að hafa bakábyrgð á skuldbindingum félaganna, þó að tryggingarupphæðin fyrir eitt skip verði allt að 25000

kr. Ég get ekki fallizt á það, sem hv. þm. vildi halda fram, að það skipulag, sem frv. felur í sér, muni hafa í för með sér mikla röskun á starfsemi þeirra vátryggingarfélaga, sem þegar eru starfandi. Mér skilst t. d., að starfsemi vátryggingarfélagsins á Ísafirði þurfi ekkert að breytast, þótt Dýrafirði, Bíldudal og Patreksfirði verði bætt við það starfssvæði, sem félagið hefir haft. Vélbátafélagið við Eyjafjörð hefir tekið í tryggingu báta á svæðinu milli Horns og Langaness, og þarf því ekki að gera ráð fyrir, að starfssvæði þess félags verði stækkað. Á Austfjörðum er ekkert félag, svo að ég viti. Breytingin við það, að skyldutrygging kæmist á, yrði því nær aðeins sú, að þau nýju skip, sem eigendur nú telja sér stundarhagnað að hafa ótryggð, kæmu inn í tryggginguna. Svo er í 2. mgr. 31. gr. heimild til að ákveða iðgjöldin misjafnlega há á sama vátryggingarsvæði, eftir því hvar skipi er ætlað að vera í förum, og er það í raun og veru sönnun þess, að frv. eins og það er nú flutt kemur ekki til að raska í verulegum atriðum þeim félögum, sem nú eru starfandi. Aðeins þau skip, sem hafa staðið utan samtakanna, verður skylt að tryggja og félög stofnuð á þeim svæðum, þar sem engin voru áður. Það er upplýst hér í umr., að á versta hafnleysis- og áhættusvæðinu hér við land hefir félagið starfað síðastl. 75 ár, sem á nú um 300000 kr. í sjóðum; þannig sést af reynslunni, að á tryggari stöðum ætti að vera ástæðulaust að óttast um afkomu samskonar félaga.

Sigurður E. Hlíðar: Þótt ég sé ekki frsm. sjútvn., vil ég leyfa mér að segja fáein orð um brtt. á þskj. 116. Eins og hv. frsm., þm. N.-Þ., gat um, klofnaði sjútvn. eiginlega á þessu atriði, hvort tryggingarfélögin ættu að miða hámarkið við 15 eða 25 þús. kr. Minni hl. n. vill miða við hærri upphæðina og hefir flutt þessa brtt. á þskj. 116 af þeim ástæðum. Hann heldur því fram, að með því að hækka hámarkið takist félögunum að fá stærri skip inn í tryggginguna og við það hafi þau meiri hagnaðarvon, en þar til höfum við því að svara, að hér er ekki aðeins um að ræða ný stór skip, sem félögin mundu fremur fá, ef tryggingarheimildin væri hærri, heldur mundu þau einnig fá gamla, stóra og lélega ryðkláfa, sem stórhættulegt væri fyrir félögin að þurfa að tryggja. Meiri hl. sjútvn. vildi því ekki hækka tryggingarhámarkið, af því að hann áleit, að það mundi skapa aukna áhættu fyrir félögin, og maður getur jafnvel látið sér detta í hug, að minni hl. sé ekki heldur alveg laus við þennan ótta, því að í brtt. sínum á þskj. 116 segja þeir, með leyfi hæstv. forseta: „Þó skal félögum því aðeins heimilt að hafa yfir 15000 kr. í einu skipi í eigin tryggingu, að félagið eigi fastan sjóð er nemi minnst 10% af þeim hluta vátryggingarupphæðar, er félagið ábyrgist, og hafi meðmæli banka eða annara peningastofnana, sem ávaxta sjóði félagsins". Hefir nú ekki minni hl. með þessu viðurkennt, að hækkunin hafi í för með sér aukna áhættu fyrir félögin, þar sem hann vill því aðeins heimila 25000 kr. hámarkstryggingu í einu skipi, að félagið eigi þetta sterka sjóði? Ég sé ekki betur en að minni hlutinn beinlínis játi með þessu, að svo sé.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. var að segja, og ég get að ýmsu leyti tekið undir með honum, vil ég segja það, að ég hefi nokkra sérstöðu í n., þótt ég hafi ekki beinlínis viljað skera mig út úr. Það eru stórir gallar á frv., en hinsvegar brýn nauðsyn að kom tryggingunum á, jafnvel þótt ekki sé fundin bezta lausnin á málinu. Það er t. d. dálítið hlálegt, að öll félögin, sem nú eru starfandi að einu undanteknu, skuli hafa sent mótmæli gegn frv., og eins það félag, sem búið er að starfa ekki skemur en í 75 ár. Ég vil þess vegna taka til athugunar bendingar frá hv. þm. Borgf. og aðrar þær brtt., sem til bóta gætu orðið. Það varðar miklu, að hin starfandi félög hafa látið í ljós óánægju yfir því, að ráðizt sé á sjálfstjórn þeirra með frv. Vélbátafélag Eyfirðinga, sem helzt vildi fá frv. til nánari athugunar er mjög andvigt því að taka áhættumeiri svæði inn í félagsskapinn; sama gildir sjálfsagt um félagið í Vestmannaeyjum, sem á að taka alla Eyrarbakka-„bugtina" með, og eðlilega einnig Austfirðingar gagnvart Hornafirði og suðausturstrandlengjunni.

Ég vil taka það fram, að ég hefi ríka tilhneigingu til að athuga möguleika fyrir því að taka til greina andmæli félaganna frá þessu sjónarmiði.

Ísleifur Högnason: Það hefir upplýstst hér við umr., að hin starfandi vátryggingarfélög eru andvíg því frv., sem hér liggur fyrir.

Við athugun þess skjals, sem borizt hefir frá bátafélagi Vestmannaeyja, kemur í ljós, að aðalástæðan fyrir mótmælunum er sú, að félagið býst við, að vátryggingargjöldin til samábyrgðarinnar hækki, að þau geti orðið samtals allt að 50 þús. kr., í stað 19—20 þús. kr., eins og þau hafa verið. Það er eðlilegt, að slík hækkun, sem koma mundi niður á sjóðum félaganna, skapi mikla óánægju hjá hinum starfandi félögum. Ef baktryggingin á virkilega að kosta svo mikið, virðist ekki ástæðulaust þótt sjútvn. tæki málið til nýrrar athugunar. Þótt samábyrgðin sé illa stödd, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf., dugir ekki að skattleggja hin eldri starfandi vátryggingarfélög til þess að hjálpa henni.

Hvað því viðkemur, að leggja beri Eyrarbakka og Stokkseyri undir Vestmannaeyjar, þá tel ég það hvorki eðlilegt eða hagkvæmt. Vegna afarerfiðra samgangna milli Vestmannaeyja og þessara staða, sérstaklega yfir veturinn, þegar skipunum er aðallega haldið úti og eftirlit með útbúnaði þeirra nauðsynlegast, verður nær ómögulegt fyrir félagið í Vestmannaeyjum að hafa fullkomið eftirlit með útbúnaði og rekstri skipanna. Eyrarbakki og Stokkseyri ættu því ekki að vera með Vestmannaeyjum, heldur Reykjavík.

Ég ætla ekki að ræða málið meira á þessu stigi, en ef það er tilgangur þessa frv. að rétta við hag samábyrgðarinnar á kostnað eldri starfandi félaga, þá vildi ég mega vænta þess, að sjútvn. athugi vandlega þá hlið málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 115,I samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 115,II samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 116 felld með 15:4 atkv.
5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 115.III samþ. með 18. shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 115. IV samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 115,V tekin aftur.
8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 115,VI samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 115,VII samþ. með 21. shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 115,VIII samþ. með 17 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 115,IX samþ. með 19 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
19.—27. gr. samþ. með 21. shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 115,X samþ. með 21 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 115,XI samþ. með 19 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
34.—39. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 131).

Sigurður Kristjánsson: Þetta mál er nú til 3. umr. í hv. d., en ég hefi til meðferðar brtt. við frv. og fæ sennilega ekki tækifæri til þess að bera brtt. fram, ef málið verður afgr. nú. Þetta mál er búið að vera fyrir Alþ. í 2 ár, og þetta er framtíðarmál. Það hefir því ekki mikið að segja, hvort það er afgr. á þessum fundi eða síðar. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá nú, svo að mér gefizt tækifæri til þess að ganga frá þeim brtt., sem ég ætla að bera fram.

Pétur Ottesen: Ég vil taka undir það með hv. þm., sem síðast talaði, að óska þess, að málið verði tekið af dagskrá. Ég er með skrifl. brtt. við frv., sem ekki var tími til að fá prentaða í morgun, en það er heppilegra, að hún geti legið fyrir prentuð.

Forseti (JörB): Ég mun verða við óskum hv. þm. um að taka málið af dagskrá.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 20. og 22. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 131, 149, 158, 159, 164).

***Pétur Ottesen:** Ég á hér á þskj. 159 brtt. við frv. þetta, sem er í samræmi við þá skoðun, sem ég lét í ljós við 2. umr. þessa máls hér í hv. deild, að ég teldi tryggilegri afgreiðslu þessa máls á þeim grundvelli, að þeim vátryggingarfélögum, sem nú starfa, yrði gefinn frestur til þess að starfa áfram á sama grundvelli og nú, þar til sýnt væri, hvaða kjör vátryggingarfélög stofnuð á grundvelli þessa frv. hefðu að bjóða. Þetta virðist og vera þeim mun sjálfsagðara, þegar þess er gætt, að nær öll vátryggingarfélögin úti á landi munu hafa óskað þess að fá að starfa áfram og jafnframt andmælt því að ganga undir ákvæði frv. þessa. Það mun aðeins eitt vátryggingarfélag hafa látið í ljós samþykki sitt við frv., en þó með því skilyrði, að gerðar yrðu á því nokkrar breytingar. Hinsvegar er t. d. vitað, að komið hafa mjög ákveðin tilmæli frá Vátryggingarfélagi Vestmannaeyja, um að verða undanþegið ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður. Auk þessa er það kunnugt, að útgerðarmenn í þeim kauptúnum, þar sem ekki eru til vátryggingarfélög, en menn hafa tryggt báta sína hjá öðrum vátryggingarfélögum, óska eindregið að fá að halda áfram þeim vátryggingum, sem þeir hafa nú, a. m. k. á meðan ekki sé útséð um, að það fyrirkomulag, sem í frv. felst, sé öruggara.

Með tilliti til þessa hefi ég flutt brtt. um, að sett verði inn í frv. ákvæði til bráðabirgða, sem undanþiggi vátryggingarfélög um 5 ára skeið að ganga undir ákvæði þessara laga, og að þeir einstaklingar, sem vátryggt hafa báta sína í innlendu vátryggingarfélagi fái að halda því áfram. Með þessu er því alls ekki gengið í berhögg við aðaltilgang þessara laga, sem sé að bátar séu almennt vátryggðir. Á öðru þskj. hefir komið fram brtt., sem gengur í svipaða átt og þessi brtt. mín, en tekur aðeins útyfir annað atriði hennar, nær ekki til þeirra, sem vátryggja í öðrum vátryggingarfélögum en bátavátryggingarfélögum. Ég býst við, að samkomulag náist um að taka till. þessa aftur.

Þá er annar liður brtt. minnar. Hann gengur út á það, að skyldutryggingin falli ekki á opna vélbáta hinn sama tíma og undanþágan í fyrri lið till. er miðuð við, eða 5 ára bil. Brtt. þessi er miðuð við það, að til eru lög um vátryggingu opinna vélbáta, sem ekki eru nema 2 ára gömul, og því ekki fengin reynsla fyrir því ennþá hvernig þau muni reynast. Mér er ekki heldur kunnugt um, að frá bátaeigendum hafi komið fram óskir um breyt. á þessum lögum, eða umkvartanir um, að þeir geti ekki notfært sér þau, að svo miklu leyti, sem ástæða þykir til að tryggja opna vélbáta. Annars er það nú svo, að samkv. ákvæðum frv. þessa, þá er bátatrygging hinna opnu vélbáta alltakmörkuð, þar sem ekki á að bæta tjón á þeim, nema ef þeir farast og fyrir þeim skaða, sem á þeim kann að verða, ef þeir nauðlenda. En nú er því þannig háttað um útgerð opinna vélbáta, a. m. k. hér við Faxaflóa, að þeir eru lítið notaðir nema um sumartímann, þann tíma ársins, sem sjósókn að öllum jafnaði er hættuminnst, og því sízt hætta á, að bátarnir skemmist. Er vátryggingin á þeim því ekki mjög mikils virði. Það kann að þykja nokkur bót, að í frv. eru ákvæði um, að ef bátur liggur fyrir festum um nokkurn tíma, þá

skuli heimilt að endurgreiða eitthvað af iðgjaldinu, en þetta er ekki ákveðnara en það, að í 32. gr. frv., sem þessi heimild er í, er hvergi sagt, hvað þessar ívilnanir megi vera miklar handa bátaeigendum, sem ekki nota báta sína nema lítinn tíma ársins, því að alltaf á þó einhver tryggíng að vera á bátunum.

Að þessu athuguðu fæ ég ekki annað séð en að það sé sanngjarnt, að þar sem lögin um tryggingu opinna vélbáta eru til, og ekki eldri en tæpra 2 ára, þá megi nota þau ennþá um 5 ára bil a. m. k., og því sé rétt að heimila þessa undanþágu.

*Sigurður Kristjánsson: Ég skal byrja á því að geta þess, að fyrir 3—4 árum var borið fram frv. um tryggingarfélög fyrir opna vélbáta, og mun það líklega vera upphaf þessa máls. En þá stóð þannig á, að nær allur bátafloti landsmanna, þessarar tegundar, var nær ótryggður; var þetta þó ekki óverulegur hluti þeirrar tryggingar, sem var fyrir lánum útgerðarinnar. Að bátarnir voru ótryggðir, stafaði af því, að vátryggingarfélögin neituðu að tryggja þá, nema með þeim kjörum, sem eigendurnir sáu sér ekki fært að hlíta. Alls munu þá hafa verið tryggðir 9—10 bátar. Upp úr þessu varð svo það, að sett voru lög um, að stofna skyldi vátryggingarfélög, sem áttu að vera bundin við takmörkuð svæði, sem ákveða átti svo í sameiningu af stjórninni, Fiskifélaginu og hlutaðeigendum. Félög þessi áttu svo að geta endurtryggt, og var til þess ætlazt, að Fiskifélagið gengist fyrir um stofnun þeirra. Hvernig stofnun félaganna gekk, vissi ég ekki, fyrr en hæstv. atvmrh. lýsti því yfir, að þetta hefði ekki tekizt, og má vel vera, að ekki hafi verið gerðar nægar tilraunir um stofnun félaganna. Annars býst ég við, að hæstv. ráðh. hafi þótt þetta fyrirkomulag of erfitt í framkvæmd og því gripið til þess að koma með till. um að skyldutryggja alla vélbáta.

Frv. er samið í samráði við stjórn Fiskifélagsins o. fl. Hlutverk sjútvn. hefir verið það, að koma frv. á framfæri og vinna að ýmsum breyt. á því. Um það atriði, hvort skyldutrygging skuli vera á öllum vélbátum landsins, hefir n. ekki tekið ákveðna afstöðu, en hinsvegar býst ég við, að meiri hl. hennar sé því fylgjandi. Enda þótt sjútvn. hafi haft frv. þetta til athugunar heilt þing, þá er hún samt enn að koma fram með ýmsar breyt. á því, sem sumpart eru frá vélbátaeigendum og sumpart frá vátryggingarfélögunum. Við 2. umr. málsins voru nokkrar af þessum breyt. samþ., en þó var ein felld, sem ég álít mjög mikilsverða, en það var brtt. um að heimila bátaábyrgðarfélögum að hafa meira en 15 þús. kr. á eigin ábyrgð af tryggingarupphæð hvers skips, en í frv. er þetta bundið við 15 þús. kr. Ég var flm. að þessari till. og hv. þm. Ísaf., að þessi upphæð skyldi færð upp í 25 þús. kr. Nú gátum við ekki tekið upp þessa till. óbreytta, en viljum nú koma á málamiðlun og færa þetta hámark í 20 þús. kr. Ég er sannfærður um, að það er ekki fullnægjandi, en þó breyt. til bóta. Ég vil leyfa mér að mælast eindregið til þess, að hv. þdm. taki þetta mál til miklu gaumgæfilegri íhugunar en ég hygg, að þeir hafi gert við 2. umr. Það er sem sé vitað, að þau félög, sem hafa verið starfandi og eru nú, hafa einna mest öryggi í því að geta staðið í skilum og safnað sjóðum í því að geta tryggt nokkuð stór skip, því að sú er reynsla þeirra, að þeim skipum fylgi tiltölulega langminnst áhætta. Að þau leyfi sér ekki að tryggja þessi skip fullt, stafar af því, að þau mundu ekki ráða við þessar stóru upphæðir, ef skipið færist, því að til munu nú vera vélskip, sem eru tryggð fyrir upp í 60 þús. kr., og sama reynsla og hjá vélbátaábyrgðarfélögunum hefir orðið hjá Samtryggingunni. Það sagði mér fyrv. forstjóri, að félagið hefði haft langmest upp úr stærstu skipunum, og það er ekki fyrir það, að hærra hundraðsgjald sé borgað af þeim, heldur vegna þess, að á þeim verða nærri því engir skaðar. Þetta er eðlilegur hlutur. Það er vitanlegt, að fyrst og fremst hirða menn miklu meira um stór skip, að sjá þeim borgið á hverjum tíma, því að þar er meira í húfi, stærri áhöfn á þeim og sjaldgæfara, að þau séu yfirgefin, og svo er það, að burðarmikil skip eru yfirleitt í minni hættu fyrir skemmdum eða fyrir því að farast alveg. Ég er mjög hræddur um, að ef félögunum er gerður þarna mjög þröngur skór, þá leiði til þess, að þau standist ekki fjárhagslega, tekjur þeirra verði tiltölulega litlar, en þau koma til með að hafa ábyrgð á þeim hluta skipastólsins, sem mestar skemmdir verða á, og það leiddi til þess, að iðgjöldin yrðu hærri og hærri, til stórtjóns fyrir útgerðina í heild, og ég er sannfærður um, að markið ætti að vera 25—30 þús. kr., og ætti sennilega að heimila að tryggja a. m. k. að hálfu allt upp í 60 þús. kr. tryggingu, og í eigin tryggingu helming, allt upp í 60 þús. kr. En af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar lýst, að till. um 35 þús. er fallin og ekki álitlegt að bera fram till. um hækkun upp í 30 þús. kr. fyrir þeim, sem runnu fyrir 25 þús. kr., og því höfum við hv. þm. Ísaf. komið okkur saman um að flytja þessa miðlunartill. um, að félögin megi hafa í eigin tryggingu allt að 20 þús. kr.

Svo eru á þskj. 149 brtt. bæði frá n. í heild og líka frá hv. þm. Ak. og mér. Brtt. n. er við 8. gr., um að við 6. málsl. bætist: „nema veðhafa í vátryggðu skipi“, — en málsgr. er um það, að ekki megi á fundi félaga fela öðrum umboð, nema þeim, sem eru sjálfir félagar, en við viljum gera þá undantekningu, að megi gefa það þeim, sem veð hafa í skipi. Getur það komið sér vel. Ég veit, að þannig hagar til, að fundir eru yfirleitt haldnir þar, sem eru lánsstofnanir, og þær hafa veðin, og oft er það kannske svo, að eigendur skipanna eiga óhægt með að mæta, en vilja gjarnan fela það þeim, sem mest eiga í húfi og bezt skyn bera á, hverja þýðingu veðið hefir, en það eru veðhafarnir. Hér er einnig brtt. frá hv. þm. Ak. og hv. þm. N.-Þ. um að orða þetta öðruvísi, og læt ég mig engu skipta, hvort orðalagið er viðhaft, en vil mælast eindregið til, að d. gangi inn á brtt.

Þá er á þessu sama þskj. brtt. við 31. gr. Sú brtt. er um að fella burt síðari málsl. 4. málsgr., en þessi málsgr. er svona:

„Iðgjöld og virðingargjöld má taka með lög-

taki, og hvíla þau á hinum vátryggðu skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðskuldum í 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Þó skal stjórnin gefa veðhafa kost á að greiða hið vangoldna iðgjald, áður en hún upphefur tryggínguna". Þessi málsl. verður að falla burt, bæði af því, að hann á ekki þarna við, og líka af því, að þarna getur ekki verið um það að ræða að upphefja tryggingu, þar sem skuldatrygging er. Þetta er því meinloka og leiðinlegt fyrir okkur nm. að hafa ekki séð það fyrr, en við því er ekkert hægt að gera nema að sníða hana burt.

Þá er á þessu sama þskj. brtt. frá hv. þm. Ak. og mér. Hún er við 2. gr. og á þá lund að bæta aftan við 1. málsgr.: „Heimilt er þó þeim báta-ábyrgðarfélögum, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, að halda þeim umdæmistakmörkum, sem þau nú hafa, ef þau óska þess".

Þetta stafar af því, að í frv. er svo fyrir mælt, að umdæmin skuli ákveðin af Fiskifélagi Íslands í samráði við skipeigendur, en ráðh. sker úr, ef ágreiningur verður. M. ö. o., þetta getur orðið, og verður sennilega í mörg skipti svo, að ráðh. ákveður þessi takmörk og stendur kannske á móti vilja félaganna sjálfra. Að hætta er á ágreiningi þarna, stafar af því, að það er ákaflega mismunandi, hvað mikil áhætta er að tryggja báta, eftir því, hvar þeir eru skrásettir, og búast má við, að félögin, sem fyrir eru, vilji ekki auka áhættu sína með því að bæta við sig svæðum, sem alræmd eru fyrir, hversu lítið öryggi er þar fyrir skip. Nú er það svo, að telja má, að starfsemi þeirra félaga, sem nú eru til, hafi unnið mikið til þjóðnytja í því að auka öryggi verðmæta í landinu, og þau eru búin með ráðdeild og mikilli vinnu og fyrirhöfn að móta þennan félagsskap og koma sér upp allverulegum sjóðum og vinna sér traust bæði hjá lánsstofnunum og líka hjá ábyrgðarfélögum, sem þau endurtryggja hjá. Það er því ekki nema sanngjarnt að fara með allri lipurð og réttsýni að þessum félögum og rýra ekki þeirra starfsskilyrði né heldur baka þeim skapraun eða gera þessa nýju löggjöf tortryggilega í þeirra augum. Þess vegna finnst okkur sanngjarnt, að þau megi ráða, hvort þau auka við starfssvæði sitt eða ekki. Ég held, að um þetta geti ekki orðið ágreiningur, því að ég held, að inn á þetta verði gengið, bæði af baktryggingarfélögunum, Fiskifélagi Íslands og ríkisstjórn, þó að engin lagaákvæði séu til um það, en þá er útlátalaust að veita félögunum þessa tryggingu. Ég vil þess vegna mæla mjög eindregið með þessari till. Nú hefir hv. þm. Borgf. flutt till., sem gengur í sömu átt, og eins og hann sagði, þá er þar gengið nokkru lengra. Hann bjóst við, að við mundum vilja taka aftur okkar till. En ég geri ráð fyrir, að hans till. verði borin upp fyrr, þar sem hún gengur lengra, og verði hún samþ., þá er þessi till. óþörf. En verði hún felld, þá er nauðsynlegt, að þessi till. komi til atkv., og því held ég, að ekki sé ástæða til að taka hana aftur, en ég mundi telja hana óþarfa, ef brtt. hv. þm. Borgf. yrði samþ.

Ersm. (Finnur Jónsson): Hv. 6. þm. Reykv. hefir gert ýtarlega grein fyrir undirbúningi þessa máls og ennfremur brtt. sjútvn. undir 1. lið á þskj. 149, og svo þeirri till., sem við flytjum í sameiningu um að hækka það lágmark, sem er í frv., að félög megi hafa í eigin ábyrgð allt að 20 þús. kr. — Ég vil taka undir það með hv. þm., að málið hefir fengið óvenjulega góðan undirbúning hjá Alþingi, þar sem það hefir verið í athugun hvað eftir annað hjá sjútvn., og þetta er í raun og veru þriðja þingið, sem sjútvn. fjallar um málið og hefir gert mjög miklar breyt. á frv. til bóta frá því, sem það var upphaflega, þannig að segja má, að teknar hafi verið til greina allar þær kröfur, sem fram hafa komið í málinu og sanngjarnt þótti að taka tillit til.

Um þær till., sem hér liggja fyrir frá hv. þm. Borgf., vil ég segja, að eins og þær eru orðaðar, mundu þær að öllu leyti eyðileggja framkvæmd l., þannig að Alþingi gæti alveg eins vel látið vera að samþ. þessi l. eins og að samþ. brtt. hv. þm. Borgf. Það er vitanlegt, að ef ætti að fara að gefa hinum starfandi félögum undanþágu til 5 ára frá því að taka þátt í slíkum félagsskap, og auk þess ætti að gefa vélbátaeigendum, sem hafa tryggt báta sína hjá öðrum félögum en Samábyrgðinni, 5 ára undanþágu, þá er alveg sýnilegt, að samþykkt þessara laga-frv. yrði gersamlega þýðingarlaus. Nú er að vísu ekki gert ráð fyrir neinskonar samábyrgð í þessum félögum, heldur að hvert félag hafi sitt ákveðna svæði til þess að starfa á, en aftur á móti verði skylda félaganna að vátryggja hjá samábyrgð Íslands fyrir fiskiskip. En ef samábyrgðin á að missa jafnmikið og gert er ráð fyrir í brtt. hv. þm. Borgf., þá yrði þessi báta-tryggingarstofnun, sem annars gæti orðið stór og sterk með því að fá alla báta í hana, ekki nema nafnið tómt, og augljóst, ef brtt. hans yrði samþ., mundi það eyðileggja þetta mál, sem hefir verið rækilega undirbúið, fyrst af stj., síðan endurskoðað af erlendum vátryggingarfélögum og athugað af sérstakri n. frá Fiskifélaginu og gerðar á því margar breyt. til bóta, svo að frv. má teljast vera komið í það horf, að vel viðunandi ætti að vera fyrir þá, sem skipta við þennan félagsskap, að afgr. það í því formi, sem það nú hefir.

Það, sem gefur miklar vonir um, að hér sé mikið hagsmunamál fyrir sjávarútveginn, er sá árangur, sem náðst hefir hjá þeim vátryggingarfélögum, sem undanfarið hafa starfað hér á landi. Það er kunnugt um elzta vátryggingarfélagið í Vestmannaeyjum, að það hefir á þessum 75 árum, sem það hefir starfað, safnað um 300 þús. kr. í sjóð, og þó eru iðgjöld hjá þessu félagi sennilega lægri en þau iðgjöld, sem menn eiga yfirleitt við að búa fyrir tryggingar á vélbátum sínum. Því virðist augljóst, að rétt sé og sjálfsagt og mikið hagsmunamál fyrir sjávarútveginn að lögbjóða skyldutryggingu á vélbátum, því að ekki er ástæða til að ætla, að ekki fari á sama hátt með önnur vélbátatryggingarfélög, og þá er með tímanum safnað hér sjóðum, sem yrðu undirstaða ýmissa framfara viðkomandi verstöðva.

Um till. þá, sem hv. þm. Ak. og hv. 6. þm. Reykv. flytja á þskj. 149, II, vil ég láta það álit

mitt í ljós, að sú till. er að vísu ekki eins skaðleg og till. hv. þm. Borgf., en gengur þó heldur í þá átt að rýra gildi þessa frv., þar sem núv. vátryggingarfélögum yrði leyft að hafa sama vátryggingarsvæði, og þá yrðu undanskildir þeir staðir, þar sem erfitt hefir verið að fá vélbáta vátryggða. Ég teldi mjög miður farið, ef sú till. yrði samþ., þó hún sé ekki eins skaðvænleg og till. hv. þm. Borgf.

Ég vil benda á, að þótt svo kynni að vera, að ákveðið yrði að bæta við vátryggingarfélög einhverju áhættusvæði, sem þau hafa ekki viljað taka með í tryggingar áður, þá er þar með ekki gengið á rétt þessara félaga, því að í 31. gr. 2. málsgr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, sem skipinu er ætlað að vera í förum um".

Þarna er m. ö. o. sleginn sá varnagli, að ekki kemur til mála, að lagðir verði einhverjir óþarfa baggar á herðar núv. vátryggingarfélögum og fullkomlega gengið frá því, að þeirra hagsmunum sé að öllu borgið, þó að við þau kunni að verða bætt einhverju nýju áhættusvæði.

Ég vil svo eindregið mælast til þess, að þessar tvær brtt. verði felldar, í fyrsta lagi brtt. hv. þm. Borgf. og í öðru lagi brtt. hv. þm. Ak. og hv. 6. þm. Reykv., því að þær mundu hvor um sig verða til mikils tjóns fyrir þessi l. í framkvæmdinni.

Gísli Guðmundsson: Sjútvn. hefir, eins og áður er fram tekið, borið fram á þskj. 149 tvær brtt., og eru þær brtt. að vísu ekki þannig, að þær skipti miklu máli. Ég vil þó taka fram viðvíkjandi þessum brtt., að ég var af sérstökum ástæðum ekki viðstaddur á nefndarfundinum, þegar um þessi atriði var talað. Við hv. þm. Ak. höfum á öðru þskj. borið fram brtt. við 8. gr., sem fer í sömu átt og fyrri brtt. n., en er með öðru orðalagi, og ég vil beina þeirri ósk til þeirra, sem að brtt. sjútvn. standa, að taka aftur brtt. á þskj. 149 við 8. gr., því að hún nær ekki fyllilega því, sem um er að ræða. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp það ákvæði 8. gr., sem hér um ræðir. Það er þannig:

„Eigi má fela utanfélagsmönnum að fara með umboð á fundum". Svo gerir brtt. á þskj. 149 ráð fyrir, að aftan við þessa málsgr. bætist: „nema veðhafa í vátryggðu skipi". Vitanlega er ekki meiningin með þessari till. að gefa öllum veðhöfum í skipunum rétt til að geta farið með slík umboð, þó að brtt. sé þannig orðuð. Þess vegna höfum við hv. þm. Ak. komið með brtt. sama efnis, en þannig orðaða, að hún verður ekki misskilin.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 149,I, þá var ég nú að athuga hana lítilsháttar og vil aðeins skjóta því til hæstv. forseta, hvort sú brtt. geti komið til atkv. hér, með tilliti til atkvgr. við 2. umr. Mér hefir ekki dottið það í hug fyrr en nú á síðustu stundu, en vel má vera, að svo sé. Það er brtt. á þskj. 149 a, I, 2. liður. Þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. hafa borið fram á þskj. 164 brtt. við 2. umr. sama efnis, sem sé að hækka tryggingarhámarkið úr 15 þús. kr. upp í 25 þús. Hún var felld, en nú koma þeir með brtt. um, að það skuli vera 20 þús. Rökin á móti brtt. við 2. umr. voru þau, að það mundi auka um of á áhættu félaganna að hafa takmarkið svona hátt, og ég tel, að þetta hámark, 20 þús., sé líka of hátt. Þess vegna er ég einnig á móti þessari brtt. á þskj. 164, og ég hygg, að ekki sé heldur meiri hl. fyrir henni í sjútvn.

Þá eru brtt. á þskj. 159. Þær eru tvær. Sú fyrri er þess efnis, að undanþegin séu skyldutryggingu í 5 ár þau vátryggingarfélög, sem nú eru starfandi í landinu, svo og þeir vélbátaeigendur, sem nú hafa vátryggt báta sína í innlendu vátryggingarfélagi, en í seinni brtt. er ennfremur kveðið svo á, að um jafnlangan tíma skuli undanþegnir skyldutryggingu eigendur opinna vélbáta.

Mér finnst, að ef þessar brtt. verða samþ., sé það rétt hjá hv. þm. Ísaf., að tryggingarnar verði um næstu 5 ár þýðingarlitlar. Það yrði ekki fullt gagn af tryggingunum með svona víðtækum undanþágum. Skyldutryggðir yrðu bara þeir, sem nú eru óvátryggðir.

Brtt. 149,II, frá hv. þm. Ak. og hv. 6. þm. Reykv., er um það, að ef starfandi bátaábyrgðarfélög óska þess, megi þau halda þeim umdæmistakmörkum, sem þau hafa nú. Þessi till. er byggð á því, að frá sumum starfandi vátryggingarfél. hafa komið tilmæli um, að þessi löggjöf yrði ekki samþ., og munu þeir, sem í fél. eru, vera hræddir um, að umdæmið verði fært út. Þau rök, sem a. m. k. eitt félag, í Vestmannaeyjum, færir fyrir mótmælunum, eru, að starfsemi félagsins hafi gengið vel og iðgjöld séu orðin lág. Ég hygg, að ekki sé ástæða til þessa ótta, og að ekki séu líkindi til, að þetta yrði fært út, þegar gengið verður endanlega frá löggjöfinni.

Ég hygg, að það megi til sanns vegar færa, að þetta mál hafi legið svo lengi fyrir þinginu og sé svo vel undirbúið af ríkisstj., sjútvn. og sérfræðingum, að ekki ætti að vera ástæða til að fresta samþykkt laganna.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Hér liggja fyrir nokkuð margar brtt., og er búið að reifa þær. Ég skal ekki þreyta hv. d. með langri ræðu, en þar sem veitzt hefir verið að till., sem ég er meðflm. að, verð ég að segja nokkur orð.

Form. sjútvn., hv. þm. Ísaf., lagði þann dóm á brtt. hv. þm. Borgf., að þær mundu raska gildi l., og réð d. frá því að samþ. þær. Sami hv. þm. lét þann dóm falla um brtt. 149,II, að sú till. væri slæm, en þó ekki eins slæm og hin. Þessum ummælum verð ég að mótmæla. Það er einkennilegt, þegar sami hv. þm. rökstyður gildi l. með því, hvernig þessum vátryggingarfél. hafi farnazt, sérstaklega fél. í Vestmannaeyjum, sem er búið að starfa í 75 ár og hefir safnað í sjóð á 4. hundrað þús. kr. Það hefir líka getað fært niður iðgjöldin. Þetta eru sterk rök, og hv. þm. viðurkennir það. En þegar við viljum lofa fél. að halda áfram, þá vendir hv. þm. sínu kvæði í kross. Mín till. er byggð á því, að heimila þessum 2 fél., sem hefir farnazt svo vel, að halda

áfram starfsemi sinni, og mér þykir hart, þegar sú sanngirniskrafa er dæmd óalandi og óferjandi. Till. er mjög meinlaus, og allir hv. þm. hljóta að sjá, að hún getur ekki raskað framkvæmd l. eða fjarlægt það takmark, sem verið er að keppa að, að koma á skyldutryggingu í landinu. Hún mun miklu fremur skapa frið og ánægju landsmanna með þessi l.

Um aðrar brtt. þarf ég lítið að tala. Hv. þm. N.-Þ. hefir skýrt brtt. okkar á þskj. 158, en hún er eiginlega bara orðabreyt.

Þá er brtt. á þskj. 164. Hv. þm. Ísaf. og hv. 6. þm. Reykv. stóð að till. hér á dögunum um að hækka upp í 25 þús. kr. hámarksupphæðina, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð á einu skipi. Sú till. var felld með 15:3 atkv. Nú hafa hv. þm. viljað fara miðlunarleið og leggja til í brtt. 164, að upphæðin sé hækkuð úr 15000 í 20000 kr. Ég sé nú ekki, að mikill munur sé þar á, og vil halda fast við 15 þús. kr.

Pétur Ottesen: Tveir hv. þm. hafa sagt, að ef till. mínar yrðu samþ., væri kippt fótum undan frv., svo að ekki yrði úr framkvæmdum. Það er ótti við óvinsældir þessarar löggjafar, og annað ekki, sem liggur á bak við slík andmæli. Ég hygg, að svo sé löggjöfin farsællegust, að hún eigi einhvern hljómgrunn hjá landsmönnum. Ég held því, að í andmælum hv. þm. felist fremur gagnrýni á frv. en röksemdum mínum.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég legg mínar till. á vald hv. d., en ég vil benda á, að það mun vera bezt á hverjum tíma að samþ. þær till. einar, sem vitað er um, að séu þannig, að þeir, sem við þær eiga að búa, hljóti af þeim stuðning.

Ísleifur Högnason: Ég hefi litlu við að bæta það, sem ég sagði við 2. umr. Ég vil aðeins taka fram, að það virðist vera skilningur hv. þm. Ísaf., að eignum félaganna gætu bátaábyrgðarfél. ráðstafað eftir eigin geðþótta, en í 10. gr. frv. er ákvæði um, að eignir fél. skuli ávaxta í ísl. bönkum eða sparisjóðum. Ég veit, að bátaábyrgðarfél. Vestmannaeyja hefir lánað fé til hafnargerðarinnar þar. Ef 10. gr. verður samþ., þá eru reistar skorður í l. við því, að hægt sé að nota fé til slíkra framfaramála í viðkomandi héraði. Ég vil því lýsa yfir því, að ég mun greiða atkv. á móti 10. gr. frv., en með till. hv. þm. Borgf.

Frsm. (Finnur Jónsson): Það eru aðeins nokkur orð út af ummælum hv. þm. Ak. um, að ég geri ekki ráð fyrir, að félögin fái að halda áfram umdæmistakmörkum sínum. En ég hefi bent á, að ef þyrfti að breyta umdæmistakmörkunum, þá væri séð fyrir því, að ekki yrði gengið á rétt félaganna, þar sem heimilað er í 31. gr. að ákveða sérstök iðgjöld með hliðsjón af áhættusvæðum, og þarf ekki að svara því frekar.

Hv. þm. Borgf., sem taldi, að ástæða mín til að vera á móti hans till., væri ótti við óvinsældir l., vil ég svara því, að hans till. myndi eyðileggja framkvæmd l. í 5 ár, en ef ástæða er til að afgreiða lögin nú, þá er líka ástæða til að vera á móti því, að framkvæmd þeirra sé frestað í 5 ár. Ég álít, að sjávarútveginum sé fyrir beztu, að l. verði afgr. nú og komi til framkvæmda strax.

***Bergur Jónsson:** Ég vil taka undir það, að brtt. hv. þm. Borgf. eru til þess að kippa grundvellinum undan frv. og hindra það, að skyldutrygging komist á. Hv. 6. þm. Reykv. minntist á till. og sagði, að sjútvn. hefði ekki tekið afstöðu til meginreglu frv. Það er rétt, að það hefir ekki farið fram atkvgr. út af því í sjútvn., hvort koma eigi fram þessari meginreglu í frv. En mér finnst, þegar öll n. flytur frv. einróma og gerir eingöngu þann fyrirvara, að einstakir nm. geti fylgt væntanlegum breyt. á því, að n. hafi tekið afstöðu til þess. Það er því undarlegt, að hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Ak., sem eiga báðir sæti í sjútvn., bera þetta fram. Hv. þm. Borgf. vill hindra meginreglu frv. Ég tók eftir, að hv. þm. Ak. nefndi það ekki, en ég er ekki viss um, hvort hv. 6. þm. Reykv. gerði það. Þeir hafa lagt aðaláherzluna á að fá fram brtt. sína á þskj. 149,II og mæta óskum bátaútvegsmanna um að halda óbreyttum umdæmistakmörkunum. Mér finnst sanngjarnt að ganga að því, **og ég heyrði á** manni úr Samábyrgðinni, að hann taldi það hættulaust. Hinsvegar er það rétt hjá hv. þm. N.-Þ., að það er varhugavert, úr því að l. eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1938, að bátafél. geta komizt á fót fyrir þann tíma. En þetta mætti laga í hv. Ed.

Samkv. frv. á að ákveða umdæmin af Fiskifél. í samráði við skipaeigendur. Ég tel líkindi til, að Fiskifél. fari yfirleitt eftir till. skipaeigenda, svo að ótti hv. þm. Ak. um það atriði er ekki á rökum reistur.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi, að till. hv. þm. Borgf. um undanþágur frá tryggingunni kæmi til atkv. á undan till. hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Ak. um umdæmin, en það er ekki rétt skilið, því að till. þeirra þm. Ak. og 6. þm. Reykv. er við 2. gr. frv., en till. hv. þm. Borgf. felur í sér bráðabirgðaákvæði, sem mundi hnýtast aftan við frv.

Þá er hér brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. um að hækka þá upphæð, sem vátryggingarfélögin mega hafa á eigin ábyrgð í einu skipi, upp í 20 þús. Þetta er miðlunartill., sem ég átti uppástunguna að á sjútvn.fundi, og mun ég fylgja henni. Ég vil leggja áherzlu á, að sé mönnum áhugamál að koma á skyldutryggingu, þá er ekki hægt að samþ. till. hv. þm. Borgf. Ég sé ekki, að tilgangurinn með flutningi þessarar till. geti verið annar en að koma í veg fyrir framkvæmd laganna, eða að hún verði svo gott sem engin, ef þessi till. verður samþ., sem gengur út á það, að fjöldinn allur af vélbátum verður undanþeginn um 5 ára skeið.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég skal ekki tefja umr. mikið, en ég sé ekki annað en að það sé misskilningur hjá hv. þm. Ak. og hv. þm. Barð., ef þeir halda, að brtt. á þskj. 149 við 2. gr. frv., um það, að bátaábyrgðarfélög megi sjálf ákveða umdæmistakmörk sín, sé meinlaus till. Ég held, að þessi till. sé ákaflega hættuleg og leiði af sér, að í mörgum tilfellum verði árekstur á milli till. Fiskifélagsins og vátryggingarfélaganna. Afleið-

ingin af þessari till. yrði t. d. sú, að ýmsar smærri verstöðvar, sem liggja afskekkt, myndu ekki hafa möguleika til að hafa hjá sér sérstök bátaábyrgðarfélög. Þessar verstöðvar eru að því leyti verr settar en aðrar, að bátar þeirra eru í meiri hættu en bátar frá öðrum stöðum, þar sem hafnir eru betri. Það er því ljóst, að einstaka bátaábyrgðarfélög myndu ekki vilja taka báta frá þessum afskekktu verstöðvum í sinn félagsskap, því það eykur mjög áhættu þeirra. En eðlilegt væri, að Fiskifélagið áliti, að slíkar verstöðvar ættu að komast inn fyrir umdæmistakmörk þeirra bátaábyrgðarfélaga, sem fyrir eru, í stað þess að stofna ný, enda virðist mér eðlilegt og í samræmi við það, sem áður hefir verið bent á í þessu sambandi, að vátryggingarfélögin hafi umdæmin nógu stór, þannig að áhættan verði sem dreifðust, en í stað þess virðist það vera meining hv. flm. till. að halda þeim takmörkum, sem nú eru, og um leið gefa óbeint tilefni til þess, að önnur umdæmi haldist minni en ætti að vera. Ég er því eindregið á móti þessari till. Ég vil nefna ákveðið dæmi um þetta. Það er bátaábyrgðarfélag Eyjafjarðar, sem nær yfir Akureyri, Grenivík, Húsavík, Siglufjörð o. fl. verstöðvar við Eyjafjörð, en ekki yfir Ólafsfjörð, sem er í Eyjafjarðarsýslu og nokkuð stór verstöð. Umdæmið nær austur fyrir sýsluna, þar sem það nær til Húsavíkur, og vestur fyrir hana, til Siglufjarðar, en Ólafsfjörður fær ekki að vera með af því, að álitið er, að áhættan mundi aukast svo mikið við það. Með þessari till. er því útilokað, að Ólafsfjörður fái sína báta tryggða. Hv. Alþ. þekkir eina sorgarsögu frá Ólafsfirði, þegar svo margir bátar fórust þar eina óveðursnótt, að ríkissjóður varð að leggja fram fé til að koma útveginum þar aftur á rekspöl. Það er sjálfsagt að hafa vátryggingarsvæðin stór, til þess að áhættan verði dreifð. Ef t. d. Ólafsfjörður hefði vátryggingarfélag fyrir sig, mundi það þýða það, að ein óveðursnótt gæti komið félaginu á höfuðið, en þess mundi lítið gæta, ef bátaábyrgðarfélag það, sem nú er til, væri stækkað um Ólafsfjörð og aðrar verstöðvar. Ég legg því til, að till. verði felld. Ef hún verður samþ., hefir Ólafsfjörður enga möguleika til að tryggja sína báta í eigin tryggingu, og þá ekki heldur í endurtryggingu. En Fiskifélagið geri sjálfsagt tilögu um, að Ólafsfjörður komi inn í bátaábyrgðarfélag Eyjafjarðar, en stjórn þess mundi neita þessu, og það er ekki vafi á, að fjöldamörg samskonar dæmi má finna annarsstaðar. Útgerðarmenn mundu koma sér saman um að vinza til sín þær verstöðvar, sem áhættan er minnst, og útiloka frá umdæminu þær smástöðvar, sem hafa slæmar hafnir.

Sama er að segja um till. hv. þm. Borgf., og ég álít, að ekki eigi að samþ. hana heldur. Tilgangur þessara laga er að gera áhættuna sem dreifðasta, og til þess er skyldutryggingin sett. Það er sjálfsagður tilgangur og eðli vátrygginga að gera áhættuna sem dreifðasta, svo áhætta hvers einstaklings sé sem minnst. Þeim tilgangi verður ekki náð, ef einstök félög eru tekin burtu eða hinar smærri verstöðvar eru fyrirfram útilokaðar frá því að vera með í stórum umdæmum, svo að þær verði að hafa smáfélög með 100% áhættu, eins og mundi verða með Ólafsfjörð, verði þessar till. samþ.

*Sigurður Kristjánsson: Ég varð því miður að víkja mér frá nokkurn tíma meðan staðið hefir á þessari umr. og get því sennilega ekki svarað öllum aths., sem fram hafa komið við ræðu mína og mína brtt. Ég vil þó gera nokkrar aths., sem ég byggi á því, sem hv. þm. Ísaf. drap á, að brtt. okkar hv. þm. Ak. mundi með öllu óþörf, en hún er um það, að félög, sem nú eru til, mættu ráða sjálf takmörkum umdæma sinna, vegna þess, að lögin heimiluðu að hafa mismunandi vátryggingargjöld innan sama félags og miða þau við áhættuna. Það er að sönnu rétt, að samkv. l. er félögunum þetta heimilt, en þau ráða ekki sjálf yfir því, heldur heyrir það undir úrskurð ráðh. og það er ekki víst, að sá ráðh. sjái sér fært að gera iðgjöldin mishá, þótt félögunum reynist áhættan misjafnlega mikil. Það er því ekki nóg ástæða til þess að sanna, að brtt. okkar sé óþörf, að þetta ákvæði er í lögunum, og a. m. k. sannar það, að till. okkar er ekkert hættuleg, að þetta ákvæði hefir verið sett inn. Hv. þm. Ak. mun hafa svarað flestum atriðum í ræðu hv. þm. N.-Þ., sem ég tel, að hafi ekki verið byggð á réttum skilningi að því er snertir aðstöðu þessara laga til núv. bátaábyrgðarfélaga, og till. hv. þm. Borgf., sem hann þó rökstuddi mjög ljóst. Hv. þm. sagði, að eftir þessum till. gætu ýmsir útgerðarmenn tekið sig saman og stofnað félög, sem næðu yfir svæði, þar sem áhættan væri mjög lítil; en þetta er ekki hægt, hvorki samkv. till. okkar hv. þm. Ak. eða till. hv. þm. Borgf. Það er tekið fram í till., að þetta sé aðeins bindandi fyrir félög, sem séu starfandi þegar lögin gangi í gildi, og því útilokað, að hægt sé að nota þennan 5 ára frest til þess að stofna félög með óhagstæðum takmörkum, enda væri hægt að leggja á móti því, að félög væru stofnuð í vetur eða vor, eða að láta þau ekki ganga strax í gildi, ef hætta sýndist á þessu.

Hv. þm. gekk út frá því sem sjálfsögðu, að við nm. í sjútvn. værum allir með skyldutryggingu, þótt ekki hafi farið fram atkvgr. um það í n. Það er ekki óeðlilegt, þótt hann gengi út frá því sem vísu, þar sem við nú höfum starfað saman um þetta frv. á einum 2 eða 3 þingum, og ég tel það skyldu mína að vinna að því, að frv., sem fyrir þinginu liggja, sé komið í sem bezt form. Mun ég ekki leggja stein í götu þessa frv., ef það fæst í það horf, sem ég tel viðunanlegt, en það raskar því ekki, að ég er því ekki samþykkur að binda mönnum meiri skyldur á herðar en hægt er að komast af með, því það er víst, að frjálst framtak verður ætíð heilbrigðast. Þó geta verið undantekningar frá þessu, svo að knýja verði menn til að gera vissa hluti, ef þeir gera þá ekki af eigin hvöt, og víst er það, að nauðsynlegt er að tryggja þau stóru verðmæti, sem liggja í fiskiflota okkar Íslendinga, og nauðsynlegt er, að hið opinbera geri ráðstafanir til, að svo sé gert, ef miklar misfellur eru á því af hendi skipaeigenda sjálfra. En allt þetta raskar ekki því, að þar, sem menn hafa gert ráðstafanir í þessa átt, ráðstafanir, sem telja má, að

séu þjóðarhagsmunum mikils virði, þá á að taka sem mest tillit til þeirra og reyna að gera þau félög, sem fyrir eru, ánægð með þetta fyrirkomulag. Þau félög eru vel byggð og full ástæða til að sýna þeim alla þá nærgætni, sem hægt er. Enda væri mjög óheppilegt að gera þá óánægða með lögin, þegar í byrjun, sem eiga að búa við þau.

Mér virðist hv. þm. hafa gert ákvæðið í frv. um endurtryggingu allóvægilegt, þar sem félögin eiga að greiða jafnmikið fyrir endurtrygginguna og þau fá frá þeim, sem tryggja skipin. Þetta hefir verið nokkuð á annan hátt hjá a. m. k. sumum félögunum. Þau hafa greitt minna fyrir endurtrygginguna, en tryggja þá ekki smærri skemmdir. Ég sé ekki, þar sem svo fá félög eru starfandi í landinu, að menn þurfi að taka mjög sárt, þótt mikið tillit sé tekið til þeirra við setningu þessara laga. Ennfremur fæ ég ekki séð, að l. sé neinn voði búinn af því, að till. hv. þm. Borgf. væri samþ. Að vísu er það rétt, að hún myndi torvelda framkvæmd laganna í byrjun, þ. e. a. s. endurtryggingarfélagsskapinn, en ég veit ekki, hversu almenn tryggingin kann að verða, meðan ekki er séð, hverjir sækja um þessa undanþágu. En fimm ár eru heldur ekki lengi að líða í æfi heillar þjóðar.

Ég álít, að það sé gert of mikið úr því hjá þeim hv. þm., sem hafa talað á móti till. hv. þm. Borgf., að hún mundi kollvarpa öllum l. Ég býst við, að menn geri ráð fyrir, að þetta skipulag standi lengi, og þá mun sízt óheppilegra, að sem mestrar varúðar sé gætt við setningu þeirra í garð þeirra, sem búa eiga við l.

Út af því, sem hv. 8. landsk. talaði hér um, vildi ég segja þetta: Hversu kær sem Ólafsfjörður er mér, og hversu mikið, sem hv. þm. á Ólafsfirðingum upp að unna, sem ég veit, að er mikið, þá er ekki hægt að sníða löggjöf, sem á að ná yfir allt landið, eftir þörfum Ólafsfjarðar eins. Það kemur ekki til mála, að afleiðingin af því, þótt Akureyrarfélagið vildi ekki taka Ólafsfjörð með, yrði sú, að Ólafsfirðingar fengju ekki sína báta tryggða. Þeir mundu stofna sitt sérstaka vátryggingarfélag, þótt enginn vildi við þá kannast nema hv. 8. landsk., og það væri aðeins skemmtilegra fyrir Ólafsfirðinga, að enginn geti sagt um þá, að þeir séu ómagar á öðrum verstöðvum.

Það er alveg áhættulaust, bæði fyrir Ólafsfirðinga og aðra, að þessi brtt. sé samþ. Ég álít það ekki rétt hjá hv. þm., að eins sé ástatt um fjöldamargar aðrar verstöðvar og Ólafsfjörð. Það eru ekki starfandi nema 3 bátaábyrgðarfélög í landinu. Eitt þeirra er í Vestmannaeyjum, og hann getur sjálfsagt skilið, að ekki kemur til mála að hafa nokkurt annað svæði þar með. Annað félag er það, sem starfar á Akranesi og nær til allra verstöðva í sýslunni, og þá er ekki annað eftir en Eyjafjarðarfélagið, og ber þá allt að þeim sama brunni, að öll lögin ættu að miðast við einkaþarfir Ólafsfjarðar.

*Garðar Þorsteinsson: Ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á, að þessi l. ganga ekki í gildi fyrr en 1. júní 1938, og er því ekkert því til fyrirstöðu, að ýmsar verstöðvar kæmu sér saman um það fyrir þann tíma að stofna með sér félög. Í hans till. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er þó þeim bátaábyrgðarfélögum, sem starfandi eru þegar lög þessi öðlast gildi, að halda þeim umdæmistakmörkum, sem þau nú hafa, ef þau óska þess.“ Gætu því þau félög, sem stofnuð eru fyrir 1. júní, fengið rétt til að ákveða sín takmörk sjálf. Kemur þá að því, sem ég sagði, að þær stöðvar, sem verr eru staddar, verða að bera áhættuna sjálfar áfram. Hv. þm. virðist hafa gleymt, að aðalefni þessara laga er það, að dreifa áhættunni sem mest, en auðvitað eru stór félög þess betur umkomin að taka á sig þau skakkaföll, sem þar koma fyrir, en félög sem aðeins ná til einnar verstöðvar. Í stórum félögum mundi ekki koma til þess, sem fyrir kom þegar leita varð til hv. Alþ. til að endurreisa bátaflotann í Ólafsfirði vegna einnar óveðursnætur.

Það er ekki eingöngu vegna Ólafsfjarðar, að ég er á móti þessari brtt., en löggjafanum er skylt að taka tillit til þeirra, sem þar búa, ekki síður en annarsstaðar, og hafa þessa sérstöðu. Það verður að sjá fyrir þeim annmarka á lagasmíðinni, sem gerir þeim ómögulegt að tryggja sína báta, og það verður ekki gert nema með því að fella till. þá, sem hv. þm. Ak. og hv. 6. þm. Reykv. bera fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 24. nóv. var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (JörB): Mér skildist á umr., að þess væri fremur óskað, að frestað yrði að bera upp brtt. á þskj. 149, við 2. gr., þangað til séð yrði um afgreiðslu á brtt. hv. þm. Borgf. Ég veit ekki, hvort átti að skoða þetta sem ósk. (GÞ: Brtt. hv. 6. þm. Reykv. gengur lengra). Og ef þess er ekki sérstaklega óskað að bera brtt. á þskj. 149 síðar upp, þá mun ég bera þær upp eins og venja er til, eins og þær eru stílaðar við greinar frv.

ATKVGR.
Brtt. 149,II felld með 18:6 atkv.
— 164 samþ. með 17:8 atkv.
— 149,I.1 tekin aftur.
— 158 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 149,I.2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 159,1 felld með 18:9 atkv.
— 159,2 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 182).

Á 38. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 312, 316).

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Það varð að samkomulagi í sjútvn. að málið skyldi ganga til 3. umr. Eins og drepið er á í nál., er fylgi eins nm. bundið við það, að brtt., sem hann hefir þegar flutt, nái fram að ganga, en verði ekki svo, geri ég ráð fyrir, að fylgi hans við frv. sé þrotið, eins og hann mun sjálfur gera grein fyrir.

Frv. þetta er sama eðlis og mörg önnur frv., sem hafa legið fyrir þinginu fyrr og síðar. Það snertir eitt af þeim málum, sem eru töluvert áhrifarík í okkar þjóðfélagi, þ. e. tryggingamál. Það má með sanni segja, að við séum á ýmsan hátt mjög skammt á veg komnir í tryggingamálum, og það, sem við höfum hingað til bjargazt við, eru aðallega skipti við útlend tryggingafélög. — Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta. Reynslan er sú, að hér á landi hefir ekki lánazt að koma á tryggingum nema þær væru lögboðnar. Frjálsar tryggingar hafa farið í handaskolum, og þau kjör, sem einkum hin smærri skip hafa átt við að búa, hafa verið lítt bærileg. Því er ég þeirrar skoðunar, að ekki verði hægt að koma á skipulagningu þessara mála nema með skyldutryggingu, og því er ég fylgjandi þessu frv. Ég skal játa, að það eru atriði í þessu frv., sem ég tel, að betur hefðu mátt fara, en vegna þess, hve ég tel mikla nauðsyn bera til, að þetta mikilvæga mál nái fram að ganga, mun ég ekki að þessu sinni flytja brtt. við frv.

Í 15. gr. er mælt svo fyrir, að þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerð á skipi, sem er eldra en eins árs, skuli draga frá viðgerðarkostnaðinum eða matsverð 3% fyrir hvert ár, allt upp að 9 ára gömlum skipum. Eftir að skipin eru orðin 9 ára á ekki að fást útborgað nema 75% af viðgerðarkostnaðinum. Þessi ákvæði eru mjög út í bláinn. Ég játa það, að 9 ára gamalt skip, sem verður fyrir tjóni og fær viðgerð, getur orðið betra eftir viðgerðina en áður, og teldi ég sanngjarnt, að það, sem skipið hefði aukizt í verði við viðgerðina, yrði dregið frá skaðabótaskyldu félaganna. En að miða þetta við 25%, er algerlega út í bláinn. Ég hefði kosið að fá þessu breytt, en mun þó ekki gera það að neinu stóratriði. Ég held, að rétt sé að fá einhverja reynslu um þessi lög; það er þá hægurinn hjá að breyta þeim síðar.

Það eru ýms smærri atriði í frv., sem ég hefði óskað að hafa á annan veg, en ég býst við, að breytingar á frv. úr þessu gætu orðið til þess að það dagaði uppi, og hefi ég því afráðið að flytja engar brtt.

Ég geri ráð fyrir, að þessar tryggingar verði óvinsælar í byrjun, en svo hefir það alltaf verið um tryggingar. Ekki komst neitt lag á brunatryggingarnar, fyrr en þær voru lögboðnar. En nú er komið svo, að flestir þeirra, sem við þær búa, munu viðurkenna, að þær eru til mikilla bóta. Það hefir brunnið við, að við Íslendingar misskildum allar tryggingar. Mönnum hættir við að líta á iðgjöldin sem fé, er sjálfsagt sé að ná í aftur, og það sé ranglæti að borga iðgjöld árum saman og fá ekkert aftur. Ég hefi grun um, að það ólag, sem er á tryggingarmálum skipa, eigi rót sína að rekja til þessa skakka hugsunarháttar. Tryggingarnar eru ekkert annað en félagsskapur til að bera uppi þau slys, er fyrir kunna að koma. Sá, sem aldrei verður fyrir tjóni, er undir flestum kringumstæðum heppnari en sá, sem fyrir tjóninu verður. Okkur er þetta ljóst um brunatryggingarnar. Sá, sem geldur iðgjöld sín alla ævi og aldrei brennur hjá, er heppnari en sá, sem verður fyrir brunatjóni. Annars eru allar tryggingar tvíþættar. Með tryggingum á að bæta tjón, sem verða, en einnig að fyrirbyggja tjón, og á það að vera aðalþátturinn. Í brunatryggingunum er þessi skilningur að sigra, og hefir Brunabótafélag Íslands unnið virðingarvert starf til að gera mönnum þetta ljóst. Þó að nauðsynlegt sé að fá tjón bætt, þá er þó nauðsynlegra að fyrirbyggja, að tjón verði. Brunabótafélagið hefir gengið á undan öðrum í því að veita betri tryggingarskilyrði, ef umbúnaður allur er góður. Það sama er uppi á teningnum með sjúkratryggingarnar. Sá maður er hamingjusamari, sem allt af er hraustur og þarf aldrei að fá endurgreitt af iðgjöldum sínum, en hinn, sem liggur lengi veikur og þarf að fá stórar útborganir.

Ég er sannfærður um, að verði þetta frv. að lögum, verður það til þess að koma betra skipulagi á tryggingar fiskiflotans en verið hefir, en þær eru sannast að segja í svo hörmulegu ástandi, að slíkt má ekki lengur líðast, þó að til séu heiðarlegar undantekningar. — Um brtt. hv. þm. Vestm. mun ég ekki ræða fyrr en hv. flm. hefir mælt fyrir henni.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Í þessu frv. um vátryggingafélög fyrir vélbáta eru ýms ákvæði, sem orka tvímælis, og hefði ég kosið, að sjútvn. hefði lagt meiri vinnu í að athuga, hvort ekki væri hægt að færa ýms ákvæði frv. til betri vegar. Ég vonaðist eftir því, að málið yrði tekið fyrir til sameiginlegrar meðferðar, en það varð ekki. Síðan nál. var gefið út, hefir n. fengið ábendingar um ýms atriði, sem rétt væri að lagfæra í frv. Ég er sammála hv. frsm. um það, að sjálfsagt sé að koma betra skipulagi á vátryggingar skipa og báta. Hitt getur orkað tvímælis, hvort rétt væri að láta skylduvátrygginguna ná til allra farkosta, líka þeirra, sem aðeins eru notaðir stuttan tíma á árinu, en svo er um talsverðan hluta af þeim opnu bátum, sem frv. nær yfir. En þó að skylduvátrygging sé nauðsynleg á þeim stöðum, sem ekki hafa komið upp hjá sér neinum félagsskap um vátryggingu skipa og báta, þá er ekki hægt að segja, að skylduvátrygging sé eins óhjákvæmileg, þar sem allir vélbátar eru tryggðir í innlendu vátryggingarfélagi. Í hv. Nd. kom fram till. um, að þeir bátaeigendur, sem hefðu báta sína vátryggða hjá innlendum félögum, væru um nokkur ár undanþegnir skylduákvæðunum. Í frv. er ætlazt til, að Fiskifélag Íslands eigi að gangast fyrir stofnun þessara félaga og mundi það ærið starf að koma vátryggingarfélögum á stofn þar, sem engin félög eru fyrir.

Mitt kjördæmi hefir þá sérstöðu í þessum málum, að þar hefir starfað vátryggingarfélag síð-

an árið 1862, og verður það 76 ára 26. jan. næstkomandi, og hefir starfað óslitið allan þennan tíma. Ég ætla ekki að fara hér langt út í sögu þessa félags, en hún er bæði löng og merkileg. Ég vil aðeins geta þess, að iðgjöld í félaginu á undanförnum árum hafa farið lækkandi, árið 1932 voru þau 4%, 1933 3,75%, 1934 3,75% og 1935 3,25%. Félagið á sér talsverða sjóði, og kemst vel af, og álít ég enga þörf á, að svo gamall og þrautreyndur félagsskapur sé keyrður inn í þennan nýja stakk, og vænti ég, að þessi hv. d. sýni meiri lipurð í afgreiðslu málsins en hv. Nd., og fallist á brtt. þá, sem ég hefi borið hér fram á þskj. 316. Þar er farið fram á, að þau vátryggingarfélög fyrir vélbáta, sem nú eru starfandi í landinu, og þeir vélabátaeigendur, sem nú hafa vátryggt báta sína í innlendu vátryggingarfélagi, séu undanþegnir skyldutryggingu samkvæmt lögum þessum um fimm ára skeið, og ennfremur séu eigendur opinna vélbáta undanþegnir skyldutryggingu á bátum sínum um jafnlangan tíma. Ég vil benda á, að þó slík undanþága sé veitt nú, er ekkert því til fyrirstöðu, að þessi félög geti gengið inn í heildarkerfið síðar. En ég sé enga ástæðu að ganga hart að þeim mönnum með skyldutryggingu, sem nú þegar hafa uppfyllt helztu ákvæðin, sem frv. fer fram á, að lögfest verði. Um opnu bátana er það að segja, að viðsvegar um land eru þessir opnu vélbátar, „trillurnar“, aðeins notaðir stuttan tíma. Ég tel því, að rétt væri að gefa nokkurn frest á því að taka opnu bátana undir skyldutrygginguna. Ég skal játa það, að ég legg aðaláherzluna á þessa brtt. vegna þess gamla félags í Vestmannaeyjum, og tel ekki nema sanngjarnt, að löggjafinn sýndi því þá viðurkenningu, að það þyrfti ekki að ganga inn í heildartrygginguna fyrr en eftir fimm ár, nema það óski þess sjálft.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég hefi allmargt að athuga við brtt. hv. þm. Vestm. og ræðu hans. Við erum sammála um það, að vátryggingarmál smábátaútvegsins sé í megnasta ólagi, nema á einstaka stað, t. d. í Vestmannaeyjum. Brtt. fer fram á, að félögum og einstaklingum verði veittar þær undanþágur, að þurfa ekki að ganga inn í tryggingarnar fyrr en að fimm árum liðnum. Ég get ekki séð, hvað ætti að vinnast við þann frest. — Hv. þm. lýsti tryggingarfélaginu í Vestmannaeyjum, sem nú væri að verða 76 ára og væri enn í bezta gengi, ætti talsverða sjóði. En hvers vegna á að gefa félaginu 5 ára frest, áður en það gengi inn í heildartryggingarnar? Ég sé ekki, hvað getur unnizt með því, annað en það, að gera lögin að dauðum bókstaf næstu fimm árin. — Ef hv. þm. Vestm. vill á annað borð skyldutryggingu, þá á hann ekki að þurfa fimm ár til að búa sig undir að taka þátt í henni. Bæði ég og aðrir munu vera fúsir á að sýna bátavátryggingafélagi Vestmannaeyja alla viðurkenningu, en það verður að sætta sig við að hlíta almennum landslögum. Hinsvegar tel ég sjálfsagt, að Vestmannaeyjar verði tryggingarsvæði út af fyrir sig. Þá geta Vestmannaeyingar haldið öllum sínum réttindum, ráðið iðgjöldum sínum eftir sem áður, og sjóðum þeim, er þeir hafa safnað, alveg eins þó að þeir gangi inn í heildartrygginguna. En með því að gangast undir lögin styrkja Vestmannaeyingar þá, sem nú eiga við erfiðari aðstæður að búa. — Það er rétt, að sumstaðar hafa einstaklingar tryggt báta sína hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. En þau kjör, sem þeir hafa fengið þar, eru ekki aðgengileg. Mér fannst, að í ræðu hv. þm. Vestm. kæmi fram einmitt sá misskilningur á eðli tryggingarinnar, sem ég talaði um í fyrstu ræðu minni, að um væri að gera, að menn sjálfir hefðu sem mestan hagnað af tryggingunni. Þarna kemur stór misskilningur fram í því, hvað er aðalkosturinn við tryggingarnar, en hann er sá, að allir félagsmenn beri byrðarnar hver með öðrum.

Hv. þm. fannst það hart fyrir smærri báta, sem kannske ekki fara á sjó nema mánaðartíma á ári, að þurfa að tryggja. Hvers vegna er það hart? Slysin geta alltaf viljað til, jafnvel þó að um stuttan tíma sé að ræða. Hitt væri vitanlega hart, ef eigendur þeirra báta, sem ekki ganga nema hálfan eða einn mánuð, ættu að greiða sömu iðgjöld og þeir, sem láta báta sína ganga allt árið. En það er alls ekki meiningin. Að vísu efast ég ekki um, að fyrst í stað verði ekki hægt að komast hjá því, að kjörin verði talsvert misjöfn á hinum einstöku tryggingarsvæðum. Það á að skipta landinu í tryggingarsvæði, og er það ekki vandalaust verk. Ég skal játa það. En erfiðast verður þó að brjóta ísinn þar, sem tryggingarnar eru í mestu ólagi, en ég efast ekki um, að með tímanum geti þar vaxið upp alveg samskonar tryggingarstarfsemi eins og í Vestmannaeyjum, sem gefizt hefir ákaflega vel. En svo er annað, sem ég álít aðalkostinn við að fara þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sé að skipta landinu í mörg tryggingarsvæði, og hann er sá, að á þann hátt verður betur náð þeim þætti tryggingarinnar, sem ég legg aðaláherzluna á, að fyrirbyggja slys. Og ég held, að eitt af því, sem hefir gert það að verkum, að bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefir lukkazt eins vel og raun er á, sé einmitt það, að þar hefir eftirlitið með öllum útbúnaði verið miklu betra heldur en almennt gerist hér á landi, því að ég ímynda mér, að hætturnar séu ekki neitt minni í Vestmannaeyjum heldur en annarsstaðar hér við land.

Ég held því, að enda þótt Vestmannaeyingum kunni að vera það óljúft að ganga undir skyldutrygginguna, þá þurfi þeir ekki að líða við það neitt tjón, en hinsvegar geti landsmenn yfirleitt haft af því mikinn hagnað að fá jafnöflugan félagsskap inn í skyldutrygginguna. Þeir hafa bæði fordæmið og stuðning þaðan, og það sem mest á ríður í sambandi við þetta mál, er að geta sameinað kraftana til þess að koma málinu á þann grundvöll, sem það þarf að komast á. Og ég held, að hvorki bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyinga né önnur vátryggingarfélög á landinu geti með nokkrum rökum lagzt á móti því, að skyldutryggingar verði lögleiddar. Ég trúi því ekki heldur fyrr en ég tek á því, að menn, sem búnir eru að fá jafnmikla reynslu í tryggingarmálum eins og Vestmannaeyingar, séu ekki fúsir til þess að leggja sitt lóð á vogarskálina til þess að koma þessum málum á fastan grundvöll. — Ég skal taka það fram, að á síðasta þingi átti sæti

í sjútvn. þáv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem um mörg ár hafði starfað við bátaábyrgðarfélag, er gengið hefir mjög sæmilega, eftir því sem hann sjálfur upplýsti, og var hann þessu fylgjandi, að skyldutryggingar yrðu lögleiddar. Og ég hygg, að hin mörgu vátryggingarfélög úti um land muni einnig taka svo í þetta mál, því að annars gætí ekki legið til grundvallar önnur ástæða en sú, að þau hugsuðu sem svo: Við getum séð um okkur, — sjái hinir um sig. — En þetta vil ég ekki ætla mönnum, sízt þeim, sem hafa áratugareynslu af þessum málum. — Og ég tel, að Vestmannaeyingum sé sýnd full viðurkenning með því, að þeir fá að vera tryggingarsvæði út af fyrir sig, og það tel ég sjálfsagt vegna allra staðhátta og einnig vegna þess, að þá geta þeir notið þeirra hlunninda, sem þeir eru búnir að skaffa sér á undanförnum árum, að því er snertir lægri iðgjöld.

***Jóhann Jósefsson:** Hv. 2. þm. S.-M. hefir nú mælzt vel og skörulega í þessu máli, og þó að hann hafi ekki viljað fallast á mína till., þá skal því sízt neitað, að hann hafi haldið mörgum góðum málstað vel fram. En hitt er svo annað mál, að sínum augum litur hver á silfrið, og ef það væri komið inn í hug og hjarta allra þeirra, sem standa að bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, að þeir mættu treysta því, að allt færi svo í hinni nýju tryggingu eins og ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. meinar og vill, að það fari, þá kynni þetta að vera minna tilfinningamál. Og nokkur vorkunn má það nú heita, þó að aðilja, sem starfað hefir að þessum þjóðþrifamálum innan síns umdæmis svo langan tíma sem vitanlegt er um þetta félag, hugnist ekki að því að fá opinbera íhlutun um starf sitt eftir 75—76 ára reynslu á þessu sviði. Opinber íhlutun er ekki alltaf svo vinsæl hér á landi, sízt af öllu nú í seinni tíð, að þeim mönnum, sem lifa sjálfstæðu lífi á einhvern hátt, er nokkur vorkunn, þó að þeir vilji vera lausir við hana í lengstu lög.

En till. mín fjallar um fleiri aðilja heldur en bátaútgerðarfélag Vestmannaeyja, og þrátt fyrir sínar glöggu röksemdir kom hv. frsm. þó aldrei að þeim kjarna málsins, sem ég benti á, sem sé, að nauðsyn væri á því að koma þeim fyrst inn í þennan félagsskap, sem hans hefðu þörf, en lofa hinum, sem ekki hefðu þörf fyrir þessa starfsemi, að bíða um stund. Framhjá þessu atriði gekk hv. frsm. alveg, að vísu kannske óviljandi, en mér finnst það vera stórt atriði í sambandi við þetta mál.

Ég er nú ekki heldur eins fullviss um það og hv. frsm., að peningalega skoðað geri þetta engan mismun fyrir bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, en um hitt er ég fullviss, sem líka er aðalatriðið fyrir Vestmannaeyingum, að þeirra sjálfsákvörðunarréttur í þessu efni verður ákaflega mikið skertur með hinum nýju lögum, þar sem þeim er gert að skyldu að breyta sínum lögum samkv. hinni nýju löggjöf o. s. frv.

Ég ætla þá ekki að verja lengri tíma við þessa umr. til þess að rökstyðja till. mína. Ég læt það ráðast, hvernig hún verður afgr., og ef hún verður felld, getur verið, að ég komi með aðra till. við 3. umr. málsins. — En ég vil aðeins að lokum benda hv. frsm. á þetta, sem ég tók fram áðan að væri höfuðatriði málsins, sem sé að koma á vátryggingum fyrir þá, sem ekki hafa vátryggingarfélög nú. Það hlýtur að vera aðalatriðið.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég held nú, að þessar umr. séu nokkurnveginn tæmdar. — Hv. þm. Vestm. segir, að ég hafi ekki komið að aðalkjarna málsins, sem væri sá, að þröngva þeim, sem ekki hefðu vátryggt, inn í vátrygginguna. Þetta er nú alveg út í hött, því að frv. undanskilur engan, en það er hv. þm. Vestm., sem vill undanskilja þá, sem þegar eru búnir að koma þessum málum í lag hjá sér. En það er bara vegna þess, að ég tel, að hér þurfi stuðnings allra góðra krafta til þess að koma þessum málum í framkvæmd, að ég ekki vill láta Vestmannaeyinga, sem sýnt hafa óvenju mikinn þroska í þessum málum, skerast úr leik með að styðja þetta nauðsynjamál. Annað er það ekki, sem á milli ber.

Hv. þm. Vestm. vék að því, að sjálfsákvörðunarréttur eldri félaganna væri nokkuð skertur með lögum þessum. Það er ekki alveg hægt að neita því, en það er þó miklu minna heldur en hann vill vera láta, því að ef tryggingarsvæðunum er haganlega fyrir komið, þá snertir þetta ákaflega lítið þeirra ákvörðunarrétt. Ég geng sem sagt út frá því, að þau hafi endurtryggt áður, en ef svo er ekki, þá eru þarna lagðar kvaðir á þau, en það eru líka að mínu viti þær einu kvaðir, sem um er að ræða.

Mér hefir sérstaklega orðið tíðrætt um bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, bæði af því, að viðkomandi andmælandi minn er því skyldastur, og sérstaklega vegna þess, að ég tel það muni vera eitthvert fullkomnasta tryggingarfélag á landinu, og hefir það fært mér og öllum landslýð sönnun fyrir því, að ef rétt er að farið, þá er hægt að tryggja allan okkar bátaflota á skynsamlegan hátt og það með miklu betri kjörum heldur en við eigum nú kost á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—27. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
31.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
33.—39. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 316,1 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, ÁJ, BSn, GL, JJós, MJ.
nei: SÁÓ, BSt, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.
PZ greiddi ekki atkv.
2 þm. (BrB, HermJ) fjarstaddir.
Brtt. 316,2 tekin aftur.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 182, 360).

Of skammt var liðið frá úthýtingu brtt. 360. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Það kom fram í framsöguræðu hv. frsm. og form. sjútvn., að honum þótti allmargir staðir í frv. þurfa nánari athugunar við. Hið sama kom einnig fram í n., þegar málið var þar til umr. Ég teldi betra að það hefði fengið gagngerða athugun, og helzt frá fleiri hliðum en raun varð á í n. Hún leggur aðeins til, að málið gangi fram eins og það er.

Það einkennir þetta frv., að það er ákaflega ýtarlegt í því að tryggja hag vátryggingarfélaganna, og það ber þess augljóst merki, að þeir menn hafa unnið að samningu þess, sem hafa sérstaklega haft opin augu fyrir því, hvernig skilyrði vátryggingarfélagsins verða útbúin örugglegast, en síður hinu, hvað hagkvæmt er og eðlilegt og sanngjarnt í garð útgerðarmanna og sjómanna.

En eins og vant er, þarf tvo aðilja til þess að semja, svo að vel gefist, og þannig er hér. Ég sé fyrir utan vátryggingarstofnunina tvo stóra aðilja, eigendur og veðhafa. Þegar mörg ákvæði slíks frv. miða að því að gera rétt þeirra vafasaman og tvíræðan, er að vissu leyti verr farið en heima setið. Hagsmunir veðhafa og eigenda fara þarna mjög saman. Þau ákvæði, sem gera lánsstofnunum og öðrum veðhöfum erfitt að sækja sinn rétt, eru í raun réttri alveg eins til óhagræðis fyrir þá, sem eiga skipin. Þar gefur auga leið, að afstaða eigenda gagnvart lánsstofnunum verður þeim mun hollari sem þeim stofnunum er gert erfiðara að ná rétti sínum gagnvart vátryggingarfélaginu. Íslenzkir útgerðarmenn hafa svo mjög aðra aðstöðu en erlendir gagnvart lánsstofnunum, bæði um stofnlán til þess að eignast skipin og rekstrarlán til þess að útgerðin stöðvist ekki, að erlendar lagafyrirmyndir geta verið mjög varhugaverðar. Upplýsingar sem ég hefi fengið, síðan málið var til umr. í sjútvn., valda því, að ég mun bera fram brtt. við frv. Ganga þær að mestu leyti í þá átt að draga úr þessum vátryggingarfélagsáhrifum, sem hafa ráðið mestu, þegar frv. var samið, en þó er um nokkur atriði að ræða, sem ekki snerta þetta beinlínis.

Í 3. gr. frv. er ákveðið, að það skuli vera 70 smálesta hámark „brúttó“ fyrir því, hve stór skip séu tryggingarskyld hjá vátryggingarfélögunum. Þegar um það er að ræða að gera vátrygging að skyldu, finnst mér, að löggjafinn verði að taka tillit til þeirra stefnubreyt., sem er að gerast, að menn vilji eiga fiskiskip, sem eru yfir 70 smálestir, sérstaklega ef síldveiðar ýta undir það. Og með ári hverju vex nauðsynin að hafa þau skip svo stór, að þau geti fiskað hvar sem er og flutt afla sinn úr veiðiferðinni, út yfir pollinn, ef svo ber undir. Því vel ég leyfa mér að leggja til, að skyldan til að vátryggja nái til þeirra, sem eiga skip allt að 100 smálesta. Þá segir ennfremur í sömu grein, að þá vélbáta, sem „aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland“, sé skylt að vátryggja, en aðrir, t. d. flutningabátar, virðast eiga að vera undanskildir. Mér finnst það óþarft ákvæði. Það hlýtur að vera eins mikil nauðsyn að vátryggja þá báta eins og aðra. Þá mun setningin hljóða svo: Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 100 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland o. s. frv.

Við 8. gr. hefi ég gert brtt., að bætist ný gr. aftan við, sem sýnist vera allnauðsynleg: Senda skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

Þá kemur brtt. við 13. gr. frv. Þar er breytt talsvert frá því, sem segir í frv. Samkvæmt 13. gr. frv. er svo ákveðið, að þegar eigendaskipti verða, falli vátryggingin úr gildi, og endurgreiðist iðgjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma, að frádregnum þeim ¼ af vátryggingunni, sem rennur í stofnsjóð félagsins, og svo á hinn nýi eigandi að vátryggja skipið á ný. Það er nú að vísu algengt, þegar eigendaskipti verða, að báturinn eða skipið um leið skiptir um heimilisfang. En stundum er það líka svo, að skipið skipti alls ekki um heimilisfang. Þegar þannig eigendaskipti verða, að skipið er flutt í annað vátryggingarumdæmi, finnst mér eðlilegast, að vátryggingin haldi sér og félagið annist vátrygginguna áfram; þá flytjist vátryggingin af sjálfu sér fyrir tilbeina þess vátryggingarfélags, sem á staðnum er, yfir í vátryggingarfélagið í hinu nýja umdæmi, sem þá náttúrlega á að njóta iðgjaldsins að tiltölu við þann tíma, frá því að það tekur við skipinu. Hér eiga eigendur sjálfir ekki að þurfa að koma neitt að í þessu máli. Það er miklu eðlilegra, þar sem lögin eru þannig, að þetta er gert að skyldu, alveg eins og það er skylda að hafa hús vátryggð hjá Brunabótafélagi Íslands. Eigendurnir þurfa ekkert um það að hugsa, vátryggingin hvílir á húsinu, og það er vátryggt og þess vegna líka lögtaksréttur, sem hvílir á iðgjaldinu o. s. frv. Kem ég að því síðar, að við samningu þessa frv. virðist höfundur, a. m. k. annað veifið hafa misst sjónar á því, hvað þetta er hliðstætt skylduvátryggingunni í Brunabótafélagi Íslands. Og þessi ¼%, sem ætlazt er til að draga frá, sem búið er að greiða af iðgjaldinu, — ég get ekki séð, að hann sé dreginn af skipaeigendum.

Þá kem ég að brtt., sem ég leyfi mér að bera fram við 15. gr. frv. Það er um greiðslur á tjónbótum fyrir viðgerð á skipum. Þar er svo ákveðið, að draga skyldi frá viðgerðarkostnað með matsverði, sem hér segir: frá viðgerðarkostnaði fyrir skip, sem eru yngri en ársgömul, ekkert, en fyrir skip, sem er 1—9 ára gömul, 3% fyrir hvert ár, og ef skipið er yfir 9 ára, 25%. Þessi ákvæði eru ákaflega óréttlát í garð skipeigenda, og með þessum ákvæðum er dreginn taumur vátryggingarfélaganna. Nú er ætlazt til samkv. þessum lögum, að skipin séu metin, og það er líka ætlazt til þess, að viðgerðarkostnaður sé metinn, en að draga frá skipum, sem ekki eru meira en 9 ára gömul, — svona mikið, það verður 20% líklega, og svo 25% af yfir 9 ára gömlum — það er alveg fráleitt. Ég er viss um, að þetta ákvæði vekur svo mikla óánægju hjá þeim, sem skipta við vátryggingarfélögin, að það helzt aldrei lengi óbreytt, en það er einn vottur þess,

að frv. er samið af mönnum, sem hafa fyrst og fremst hag vátryggingarfélagsins fyrir augum. Ég hefi leyft mér að koma með brtt. við 15. gr., að í stað 3% í b-lið komi: 1%, og í stað 25% í c-lið komi: 12%. 9 ár á góðu vélskipi, sem er vel viðhaldið, er í sjálfu sér enginn aldur.

Þá hefi ég gert brtt. við 27. gr. Það er um hvað félagið skuli greiða, þegar viðgerð þarf að fara fram. Þar segir svo í frv.: „Tjónbætur skal miða við aðgerðarreikninga með hliðsjón af tjónmatinu, þannig, að þó að aðgerðarkostnaður fari fram úr matsupphæðinni, skal miða greiðslur við matsupphæð". — Þetta ákvæði er mjög hættulegt fyrir skipaeigendur. Skip stranda eða brotna; þá er auðvitað skylt að gera ráðstöfun til þess að borga tjónið eða gera við skipin, og líka að gera áætlun um, hvað tjónið er mikið. Þessi áætlun er gerð áður en byrjað er á aðgerðinni; það er lagaskylda samkv. frv. En svo geta svo margir hlutir komið fyrir frá þeim degi, að tjónið hefir verið metið og þangað til viðgerð er lokið, sem geta valdið því, að viðgerðin verði nokkuð miklu dýrari en upphaflega áætlunin var í fyrstu. Og þegar svo ber við, þá virðist það vera mjög hart í garð skipeiganda, — illa með hann farið beinlínis, — ef ekkert tillit á að taka til þess, þótt viðgerðin fari langt fram úr áætlun. Ég geri ráð fyrir því, þó að hann geri allt sitt bezta til þess að fá góða skipasmíðastöð til að gera við skipið, þá vill löggjöfin samkv. þessari gr. frv. ekkert tillit taka til þess, hvað fyrir kemur á meðan verið er að gera við skipið, bara halda sér dauðahaldi í matið, sem gert var áður en viðgerðin hófst. Það er um þessi ákvæði eins og svo mörg önnur, þar sem einhliða er litið á hagsmuni vátryggingarinnar, en alls ekki nein sanngirni í garð hinna vátryggðu. Ég hefi leyft mér að bera fram brtt., að 3. málsl. í 1. málsgr. 27. gr. orðist alveg um. Í frv. hljóðar hann svo: „Tjónbætur skal miða við aðgerðarreikninga með hliðsjón af tjónmatinu, þannig, að þó að aðgerðarkostnaðurinn fari fram úr matsupphæðinni, skal miða greiðslur við matsupphæð." — Ég veit raunar ekki, hvað er verið að burðast með aðgerðarreikninga, úr því að ekkert tillit er tekið til þeirra, því ef nokkur ágreiningur verður, þá er farið eftir matsupphæðinni, en ekki eftir aðgerðarreikningum. Og leyfi ég mér í minni brtt. að bera fram, að í staðinn fyrir þetta orðalag komi sem hér segir: „Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína". Þarna studdist ég við reynslu í minu byggðarlagi um það, hvernig með þessi mál er bar farið. Þegar slys verður á bát, hann brotnar eða því um líkt, þá fer aðgerðin fram með sameiginlegu tilstilli eigenda og ábyrgðarfélagsins, og svo er þetta gert upp, ekki með hliðsjón af matsverði einvörðungu, eins og segir í frv., heldur með hliðsjón af því hvað þessi aðgerð hefir orðið kostnaðarsöm, og kostnaðinum svo deilt á skipaeiganda og vátrygginguna, eftir því sem hvorum aðiljanum ber.

Næsta brtt. er við 27. gr., b. e. a. s. að við þá gr. komi viðbót, ný gr. Á að setja hana undir hina ýmsu lekastaði, sem eru á frv., því að tryggingarákvæðin eru meira og minna holótt. Það er svo víða fyrirvari á greiðslum og fyrirvari á skyldum vátryggingarinnar í frv. En hvað sem öðru líður, þá virðist það þó ávallt nauðsyn, að sá, sem með hefir í skipi, hvort heldur það er lánsstofnun eða aðrir kröfuhafar, að þeirra réttur sé ávallt tryggður, og ber þar að sama brunni eins og ég sagði áðan, að um leið og tryggður er réttur veðhafa verður að tryggja rétt eiganda skipanna. Þess vegna virtist mér, að ný gr. aftan við 27. gr. sé nauðsynleg, til þess að taka fram skýrt og skorinort í eitt skipti fyrir öll, að ákvæði þessara laga um niðurfall skaðabótaskyldu vátryggingarfélagsins að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum skerði aldrei rétt veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu. Ég skal játa, að á meðan ekki er að öllu leyti girt fyrir ýmiskonar óþægindi, sem koma fyrir hjá skipeiganda, vegna þess, að vátryggingarfélagið stakk sér undan þessu eða hinu af hinum ýmsu ástæðum. En með þessu er við höfuðgallanum séð, að rýrt sé veðgildi skipanna til stórtjóns fyrir eigendurna. Þeir standa að öllu leyti mun hallari fæti í allri sinni baráttu, þegar ákvæði laganna gera það að verkum, að þær eignir, sem þeir aðallega hafa að bjóða lánstofnunum til tryggingar fyrir lánum, eru gerðar meira og minna ónýtar með þessum lögum. Þess vegna tel ég, að það sé skýrt tiltekið, að þessar ýmsu undanfærslur, sem gægjast upp hér og þar í frv., eigi þó aldrei við það, að skerða rétt veðhafa til að innheimta vátryggingarfé.

Við 31. gr., í þeim kafla frv., sem ræðir um iðgjöld og því um líkt, hefi ég líka gert brtt. Þar segir svo í 3. málsgr. og 4. málsgr.: „Veita má gjaldfrest á iðgjöldum, en þó eigi frekar en svo, að ¼ hluti þeirra greiðist ávallt fyrirfram fyrir hvern ársfjórðung". Ennfremur segir í 4. málsgr., að taka má iðgjöld og virðingargjöld lögtaki, og gangi fyrir öllum öðrum veðskuldum í tvö ár frá gjalddaga þeirra að telja. — Ég álít, að það sé óheppilegt að leyfa það, að iðgjaldið safnist saman í 2 ár. Þá er samansöfnuð allt of þung skyldubyrði fyrir eigendur skipanna, og þeim er í raun og veru enginn greiði gerður með því, og ekki fremur fyrir það, þegar það fylgir nú með, að lögtaksréttur hvílir á þessu iðgjaldi. Mér virðist þessum gr. báðum mega koma fyrir í einni málsgr., þar sem ákveðið sé, að vátryggingarfélagið hafi lögveð í skipunum fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum, og að það sé ekki rétt stefna að leyfa að safna saman iðgjöldunum í 2 ár, heldur eigi þessi frestur að vera aðeins eitt ár, og að það sé þar með ákveðið í lögum, að vátryggingarfélagið hafi þetta lögveð ekki fyrir meira en iðgjald eins árs. Ef vátryggingarfélagið lætur meiri skuldir safnast, þá hafi það ekki lögveð fyrir þeim eftir minni brtt.

Við 34. gr. vildi ég koma að þeirri viðbót, að vátryggingarfélögin séu skyldug til þess, þegar á að bæta eiganda tjón á skipi, að athuga, hvaða veðréttir hvíla á eigninni, og að haga útborgun fjárins eftir því. Það er engin meining í því, að vátryggingarfélagið geti greitt út vátrygginguna á svona eign, án þess að skeytt sé nokkurn hlut um það, hverjir hafi veð í skipinu.

Þá hefi ég stuttlega lýst þessum brtt., sem ég

tel vera þær nauðsynlegustu í bili. Ég tel alveg víst, að breyta þurfi ýmsu öðru í þessu frv., en ég hefi sérstaklega þeint athyglinni að þessum ákvæðum, einkum þeim miklu afföllum, sem 15. gr. gerir ráð fyrir að verði við greiðslu á viðgerðarkostnaði á skipum. Eins og ég hefi þegar lýst, er gengið svo hastarlega á rétt skipeiganda, að við slíkt er alls ekki unandi. Ég tel, að deildin geti alls ekki látið þetta mál frá sér fara með svona þungum búsifjum í garð þeirra, sem verða tryggingarinnar afnjótandi, enda varð ég þess var í n., að nefndarmenn væru mér sammála um það, að þessi gr. væri sérstaklega athyglisverð. En hér er sem sagt tækifæri til þess að bæta úr þessu á viðunandi hátt, — ég leyfi mér að kalla það hreina og beina frekju þeirra, sem að þessu frv. hafa staðið af hálfu vátryggingarinnar. Till. minar miða flestar að því að vega dálítið upp á móti þeim tilraunum frv., að hafa allan réttinn vátryggingarfélagsmegin. — Ennfremur í þá átt að gera veðhöfn skipanna og þar með aðstöðu skipeigenda gagnvart lánsstofnunum aðgengilegri heldur en hún yrði með þessu frv. óbreyttu. Ég flutti brtt. um þetta við 2. umr. þessa máls, að þeir, sem þegar væru í vátryggingarfélagi innlendu, annaðhvort í félagsskap eða hefðu skip sín vátryggð í innlendu félagi, skyldu um visst árabil vera undanþegnir skylduákvæðum þessara laga, sem eiga að verða, og ég gekk út frá því, að hv. dm. myndu geta aðhyllzt þetta, gangandi út frá þeirri meginstefnu, að með frv. væri verið að koma því í kring, að öll skip skyldu vátryggð, og það er höfuðatriðið, sem þetta mál snýst um. Ég leit svo á, að aðalþunginn yrði lagður á það, að skip væru vátryggð í innlendum félagsskap, en ekki hjá hvaða félagi, sem þau væru vátryggð. Þessi till. náði ekki fram að ganga. Hér var við þær umr. af mér bent á elzta vátryggingarfélag þessa lands, sem er bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, sem hefir starfað í 76 ár og hefir komið sér mjög vel fyrir, þannig, að t. d. nú á aðalfundi var 30% endurgreitt af iðgjaldi, og iðgjaldið er þá ekki nema 3%. Þetta félag hefir starfað án hjálpar og íhlutunar þess opinbera í þessi 76 ár. Ég skal ekki neita því, að ég hefi haft það allmjög fyrir augum, þegar ég flutti brtt. við 2. umr. málsins. Það er tæplega undrunarvert, þótt þeir, sem standa í þess háttar félagsskap, telji sér ekki neinn greiða gerðan með því að vera troðið inn í félagsskap eins og hér er á ferðinni, með nýjum lögum og nýjum ákvæðum.

Ég hefi nú bent á nokkur þau atriði, sem hljóta að verða mikill þyrnir í augum manna, sem eiga að fá skip sín vátryggð samkv. þessu frv. Þau mótmæli, sem komið hafa fram frá Vestmannaeyjum í þessu efni, eru fullkomlega skiljanleg. Ég tel, að það væri mjög heppilegt, ef hægt væri í þessu eins og öðru að sætta þá menn við lagasetninguna, sem eitthvað sérstakt hafa á móti nýmælum, og hefi ég hugsað mér að leggja hér fram skrifl. brtt., sem fer fram á það, að innlent vátryggingarfélag, sem starfað hefir í hálfa öld eða meira, sé í 3 ár undanskilið þeirri skyldutryggingu, sem hér um ræðir. Það yrði til þess, að reynsla fengist fyrir því á þessum þremur árum, hvernig hin nýja löggjöf verkaði. Og ef hún reyndist að verða góð, væri þá hægt að sýna þeim, sem standa að bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, með sannindum fram á, að þeir hefðu ekki óhag af að tilheyra þessu allsherjar kerfi. En þetta er ekki hægt að segja á þessu stigi málsins, nema með spádómum og ágizkunum. Menn segja sem svo: Hvers vegna hefir þetta félag í Vestmannaeyjum nokkuð á móti því að komast inn á þennan vátryggingargrundvöll? Það er nú hægt að benda á það, að maður, sem vátryggir hjá bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja bát sinn, þó hann sé eldri en níu ára, hann á ekki von á því, að dregið verði 25% af viðgerðarkostnaði bátsins fyrir þennan aldur bátsins. Ég drep á þetta sem eitt dæmi um það, að það er ekki óeðlilegt, þó að þeir hafi mjög á móti því að verða keyrðir inn í þennan félagsskap. Og þar sem slíkur félagsskapur hefir starfað yfir 70 ár, er ekki sýnd nema rétt viðeigandi tilhliðrunarsemi, þó að samþ. séu ákvæði til bráðabirgða, að það þurfi ekki fyrr en eftir þrjú ár að koma undir skyldutryggingu.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en aðeins lesa upp þá skrifl. brtt., sem ég leyfi mér að leggja fram og ætlast til, að verði ákvæði til bráðabirgða: „Þau innlend vátryggingarfélög, sem starfað hafa 50 ár eða lengur, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegin skyldutryggingu samkv. 1. þessum þrjú ár frá gildistöku laganna, enda hafi þau sent Fiskifélagi Íslands tilmæli um undanþágu frá lögunum ekki síðar en 15. ágúst 1938.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Vestm., sem hv. dm. hafa nú heyrt. Auk þess sem brtt. er skrifl. er hún of seint borin fram til þess að verða tekin til meðferðar án afbrigða á fundinum, og vil ég því leita þeirra afbrigða frá þingsköpum, að brtt. geti komizt hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 387) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Það er rétt hjá hv. þm. Vestm., að ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég teldi ýms atriði þessa frv. mega betur fara. Hitt er náttúrlega alrangt og í algerðu heimildarleysi hvað mig snertir, að mála eins mikið fjandann á vegginn eins og hv. þm. gerði í sinni ræðu. Því að þótt það séu ýms atriði, sem mættu betur fara, þá er langt frá því, að ég telji frv. eins óhafandi óbreytt eins og hv. þm. vill vera láta. Og þetta er skiljanlegt af því, að það er öllum vitanlegt, að hans aðstaða í málinu er sú, að hann vinnur á þeim grundvelli, að málið gangi ekki fram, en ég vinn á þeim grundvelli, að málið gangi fram. Þess vegna er ósköp eðlilegt, að aðferðir okkar séu ólíkar.

En um þetta ætla ég ekki að ræða meira, en víkja að þeim brtt., sem fyrir liggja. Skal strax viðurkennt, að sumar af þeim eru þannig, að ég tel þær til bóta. Þær eru misjafnlega þýðingarmiklar, og má náttúrlega segja, að ef þær hefðu verið samþ. af n. allri, þá hygg ég þær hefðu lítið dálítið öðruvísi út, einmitt af þeim við-

horfum, sem ég hefi lýst, að nefndarhlutarnir hafa til frv. Ég skal þó taka það fram, að sumum þessum brtt. er ég á móti, tel þær ekki til hins betra, aðrar þannig, að þær þurfa athugunar við. Því að þegar maður kemur með brtt. við jafnstórt frv. og þetta, sem sett er í fast kerfi, þá er töluverður vandi að breyta einstökum gr., þó að ekki sé nema í litlu, því að hafa verður í huga að raska ekki kerfinu og að ekki reki sig breytingarnar á önnur ákvæði frv.

Ég skal játa, að mér er töluvert áhugamál, að þetta mál gangi fram, en einnig áhugamál, að það gangi fram í sem allra beztri og fullkomnastri mynd. Að því er snertir atriðið, sem ég minntist á við 2. umr., ákvæði 15. gr. um þann frádrátt, sem vátryggingarfélaginu er heimilt að hafa við útborgun fyrir aðgerð, skal ég geta þess, að ég tel þann galla á brtt. hv. þm. Vestm., að hún er í alveg sama formi og frv., svo að það verður alltaf handahóf, þegar ákveðið er í prósentum, hvað skuli draga frá. Það eina, sem ég tel rétt, er það, að ekki sé skylt fyrir vátryggingarfélagið að greiða það af viðgerðinni, sem skipið hækkar í verði, en ekki hitt, að hversu dýr sem viðgerðin verður, skuli vátryggingarfélagið greiða að fullu, enda þótt skipið verði engu betra eftir viðgerðina. Hefði ég því viljað taka þessa brtt. til rækilegrar athugunar. — Sama er að segja um 6. brtt., þar sem gert er ráð fyrir nýrri gr. Mér virðist fara betur á að vísa henni á undan 27. gr. en á eftir. Þetta hefir náttúrlega ekki mikið að segja, en svona smáatriði er alltaf nauðsynlegt að taka til yfirvegunar áður en brtt. eru afgr. — Fyrstu brtt., b-lið, tel ég ekki réttláta. Því að þegar um skyldutryggingu er að ræða, þá held ég, að nauðsynlegt sé að taka fram í l., eftir hverskonar reglum skyldutryggingin nær til. Og ef fellt er úr, að skyldan nái til skipa, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, þá finnst mér, að allar fleytur komi þarna undir, smáskektur og lystiprammar og þvíumlíkt. En það er alls ekki meining laganna, því að það þarf ekki að lögbjóða tryggingu á skipum þeirrar stærðar, sem notuð eru til flutninga innanlands, því að til eru önnur lög, sem fyrirskipa, að þau geti ekki verið í förum nema vátryggð sé. Sem sagt, þó að ég telji margar af þessum till. til bóta, þá eru þær þannig vaxnar, að ég tel ekki heppilegt, að þær fari undir atkv. Hefði ég því viljað mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá og sjútvn. athugaði þessar brtt., sem nú fyrst í dag eru að koma fram, og ef mögulegt væri, að hún flytti þá sameiginlega þær brtt., sem hún getur fallizt á.

Forseti (EÁrna): Ég mun verða við tilmælum hv. frsm. og tek málið af dagskrá.

Jóhann Jósefsson: Það er um þingsköp aðeins, því að ég tel það heyra undir þau, að ég láti í ljós, að mér falli vel, að þessi háttur sé hafður á meðferð málsins, sem formaður sjútvn. hefir stungið upp á, og er þess fullviss, að það getur leitt til stórra bóta fyrir frv. En svo vildi ég aðeins leiðrétta þann óskaplega misskilning, — og vona, að mér verði leyft það, — sem kom fram hjá hv. form. sjútvn., að mér sé það ekki alveg eins hjartfólgið og honum að koma þessu máli fram. Því að mér er sannarlega mikið áhugamál, að vátryggingarmálin komist í sem allra bezt horf. Og ég vil taka það fram, að með þeim einlæga ásetningi að vinna sem allra bezt að góðum framgangi málsins, er ég samþ. þessari viturlegu till. form. sjútvn.

Á 54. fundi í Ed., 21. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 182, 360, 387, 420).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Við fyrri hluta þessarar umr. lágu fyrir brtt. frá hv. þm. Vestm. Eftir tilmælum frá mér var málið þá tekið af dagskrá, til þess að sjútvn. gæti athugað það nánar. Nú hefir n. athugað brtt., og hefir náðst samkomulag um, að n. gangi að miklu leyti inn á flestar þær brtt., sem hv. þm. Vestm. hefir borið fram á þskj. 360, og auk þess hefir hún borið fram nokkrar fleiri á þskj. 420. Um þetta eru allir nm. sammála. — En tvær brtt. — 4. og 5. — tekur n. aftur. Ég verð fyrst að segja frá því, að n. var alltaf hikandi, hvort hún ætti að bera þær fram. Það getur oft verið álitamál, af hverju vélskaði stafar, hvort það hefir ekki orðið af því, að skipið hafi t. d. lent á grynningum. En það er erfitt að setja ljós ákvæði um þætur í þeim tilfellum. Og í samráði við fróða menn hefir n. tekið tillögurnar aftur að sinni, en vill taka fram, að þarna er efni, sem þarf mikillar rannsóknar. N. varð sammála um þetta m. a. af því, að í 37. gr. frv. er svo komizt að orði: „Í tilfellum, sem engin ákvæði eru sett um í lögum þessum, skal farið eftir reglum þeim og venjum, sem á hverjum tíma gilda um samskonar tilfelli hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum“.

Þar sem þetta ákvæði verður í lögunum, er hættan lítil, þó að 4.—5. brtt. sé algerlega kippt burt. Skaðinn hlýtur samkv. þessu að fást bættur, eins og hjá Samábyrgðinni, ef það sannast, að báturinn hafi orðið fyrir áfalli. — En ef 4.—5. brtt. hefðu gengið fram, er hætt við, að þeir, sem vátryggingarfélögin endurtryggja hjá, hefðu rekið augun í þau ákvæði og talið, að þarna væri gengið inn á svið, sem væri sér óviðkomandi, sem sé að tryggja vélarnar.

Hinar brtt. hafa allar verið ræddar við þann mann, sem mestan þátt hefir átt í að semja frv. Og hann telur þær flestar til bóta, en enga til skemmda á frv. N. mælir með brtt., og a. m. k. meiri hl. sjútvn. í Nd. gerir það líka. — Ég vil sérstaklega minnast á brtt. við 15. gr., um að minnka frádrátt frá tjónbótum vegna fyrningar skipa. Einmitt þeir menn, sem hafa samið 15. gr., telja þessar brtt. til stórbóta á gr. Ég held, að allar brtt. n. séu hættulausar og ákaflega mikilsvert að fá sumar þeirra inn í frv. — Ég hefi áður lýst afstöðu minni til brtt. á þskj. 387, frá hv. þm. Vestm., og hirði ekki um að endurtaka ummæli mín.

***Jóhann Jósefsson:** Ég þarf að sjálfsögðu engu að bæta við ræðu hv. frsm. um brtt. á þskj. 420. Hann tók skýrt fram, hvað fyrir okkur vakti með 4. og 5. brtt. og það, hvers vegna við sjáum varla annað fært en taka þær aftur. — Mér

þykir vænt um, að n. og þeir, sem hafa undirbúið málið, hafa fallizt á, að rétt sé að samþykkja þessar brtt. Það bendir á, að brtt. minar hafi ekki verið bornar fram ófyrirsynju.

Um brtt. á þskj. 387 skal ég líka vera fáorður. Mér virtist það sjálfsagt viðurkenningarákvæði gagnvart þessu vel starfhæfa og gamla félagi, að því sé veittur nokkur frestur, svo að það hafi ráðrúm til að undirbúa sín málefni og skipa svo sínum hlutum sem það hefir farið fram á. Það skemmir málið ekkert, því að hér er um sérstakt umdæmi að ræða og félag, sem þar hefir starfað eftir sínum reglum í tugi ára. Það þýðir ekkert fyrir okkur hv. 2. þm. S.-M. að halda uppi deilum um þetta. Ég legg það undir hv. d., hvort ekki sé rétt að veita félaginu þá viðurkenning, sem felst í bráðabirgðaákvæðinu.

ATKVGR.
Brtt. 360 teknar aftur.
— 420, 4—5 teknar aftur.
— 420,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 420,2—3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 420,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 420,7—10 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 387 samþ. með 9:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv. og endursent Nd.

Á 18. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd., eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 461).

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Við 3. umr. hér í deildinni flutti ég brtt. við þetta frv., þar sem farið var fram á, að ákvæði til bráðabirgða í lok frv. veitti undanþágu frá þessari skyldutrygging um fimm ár. Till. minar náðu ekki fram að ganga þá. Nú hafa verið gerðar á frv. ýmsar verulegar breyt., sem fullkomlega sanna, að það hefir verið flaustursleg afgreiðsla á frv. í upphafi og mikil þörf að lagfæra það. Og enn skortir mikið á.

Það hefir verið sett í frv. bráðabirgðaákvæði á þá leið, að vátryggingarfélög, sem starfað hafa í 50 ár, skuli vera undanþegin ákvæðum laganna næstu 3 ár. Ég sé reyndar ekki, hvað 50 ára tímatakmark á að þýða hér. Ég man, að þegar tekinn var upp styrkur til ljósmæðra, voru tilgreindar sérstaklega þær, sem höfðu starfað 50 ár og kallaðar „júbilljósmæður“. Ég sé ekki sérstakar ástæður til að koma upp löggjöf um „júbilfélög“ og binda við 50 ár. Ef inn á það er gengið á annað borð að virða aldurinn við félögin, þá verður bráðabirgðaákvæðið að ná til allra þeirra, sem nú hafa starfað nokkurt árabil. Þess vegna flyt ég brtt. í þá átt.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 476.]

Þar sem brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifl., verður hún því aðeins tekin til meðferðar á fundinum, að tvenn afbrigði frá þingsköpum verði leyfð.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Breyt. þær, sem gerðar hafa verið á frv. þessu í Ed., eru mjög óverulegar, og engar breyt. gerðar á því frá því það fór úr Nd., sem í rauninni skipta nokkru máli. Ég hefi að vísu ekki haft langan tíma til að athuga brtt. og bera saman við upphaflega frv., en hefi þó gengið úr skugga um, að sú veruleg-asta breyt., sem samþ. hefir verið, er bráðabirgðaákvæði, sem undanskilur félag, sem hefir starfað í 50 ár, frá skyldutryggingum. Þetta er varatill., sem hv. þm. Vestm. hefir fengið samþ. við frv., eftir að hans aðaltill., sem gekk út á það sama og till., sem hv. þm. Borgf. er nú að flytja hér í d., hafa verið teknar aftur eða felldar, hvort heldur veit ég ekki. Till., sem hv. þm. Borgf. ber fram við frv., er sama eðlis og hin, sem var borin fram áður en frv. fór úr d., sem sé að fresta framkvæmd l. um ákveðið árabil. Ég fyrir mitt leyti sætti mig við það eftir atvikum, að þetta gamla félag í Vestmannaeyjum fái undanþágu frá að koma undir l. í 3. ár. En hitt sætti ég mig ekki við, að framkvæmd allra laganna verði frestað, eins og hv. þm. Borgf. leggur til. Ég leyfi mér því að leggja til, að frv. þetta verði samþ. eins og það kom frá Ed., en skrifl. brtt. verði felld.

***Pétur Ottesen:** Ég vil aðeins benda á það, sem ég hélt þó að ég hefði gert við 3. umr. í Nd., að frv. er ekki aðgengilegt, því ef mönnum standa einhverjar dyr opnar til að komast framhjá því, þá er það gert. Þá er ekki eftirsóknarvert fyrir Alþingi að demba þeirri löggjöf á, sem er í óþökk allra, sem eiga að búa við löggjöfina. Ég held, að það væri vert að taka það til athugunar síðustu nótt þessa þings, að hrapa ekki að neinu glapræði við afgreiðslu þessa máls. Það væri laglegt næturverk verið að vinna með því.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég hefi skoðað, að það bráðabirgðaákvæði, sem hv. þm. Vestm. hefir komið inn í lögin, sé aðeins til þess að friða Vestmannaeyinga. Vegna þess, að á sínum tíma mótmæltu þeir frv., en það var þá talsvert öðruvísi en það nú er orðið. Og ég verð að segja það, að ég tala með jafnmiklum rétti og ekki minni fyrir hag vélbátaeigenda en hv. þm. Borgf. á þessum stað, og ég álít, að vélbátaeigendur í landinu megi vel sætta sig við frv. eins og það er.

ATKVGR.
Brtt. 476 felld með 16:9 atkv.
Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 482).

41. Lax- og silungsveiði.

Á 11. fundi í Nd., 26. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 57).

Á 14. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17. shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 129).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 57, n. 356).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 356. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég hefi ekki mikið að segja um þetta mál. Það varð aldrei tekið fyrir á fundum landbn. verulega, og fékkst þar ekki — eins og sagt er í nál. mínu — tekin ákvörðun um það. En svo þegar taka skyldi málið á dagskrá, gaf ég út nál., til þess að það yrði ekki þessu máli til tafar. Þetta mál er svo einfalt, að það þarf ekki mikillar útlistunar við; það er aðeins framlenging í eldri lögum, sem ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þdm. séu sammála um að veita. Það er talið af flm. frv., hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. þm. Skagf., að ennþá séu ýmsir menn, sem ekki hafa notað sér þann rétt, sem l. frá 1932 um lax- og silungsveiði veita, nefnilega að landeigendur fái að innleysa veiðirétt, sem tekinn hefir verið frá löndum þeirra. Og það eru yfirleitt flestir þeir, sem seinfærastir eru og hafa minnst andvara á sér, en þurfa þess ef til vill helzt við að ná í þennan rétt. Og mér finnst ekki geta komið til mála að aftra því, að þeir geti náð þessum rétti eins og aðrir, þó að þeir hafi orðið seinir í tíðinni.

Eins og getið er um í nál. mínu, sé ég ekki ástæðu til annars en að mæla með því, að það atriði verði samþ. hér. En svo er brtt., sem ég hefi gert við þetta frv. Það er þannig ástatt um það atriði, að í áður nefndum l. er það ákveðið, að brot út af veiðiréttindum, þegar veiðiþjófar fara í veiðivötn og draga þar fisk, skuli fara með sem einkalögreglumál. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá þurftu þeir, sem fyrir óréttinum urðu og vildu kæra, ekki að vinna mikið við þá málafærslu, heldur kæra fyrir dómara, sem svo tók málið í sínar hendur, upplýsti sjálfur málið og gekk frá því. En við breyt. á meðferð einkamála í héraði var þessu breytt, og nú er svo komið, að sá, sem verður fyrir óskunda af veiðiþjófi, verður til þess að ná rétti sínum að sækja manninn til sekta; hann verður að stefna honum eins og í almennum málum, og sjálfur verður hann til að byrja með að greiða málskostnað og fá málafærslumann, eins og í öðrum málum, og þó að hann fái einhvern málskostnað tildæmdan að síðustu, þá er sýnt, að hann verður að greiða einhvern hluta hans. Af þessari ástæðu þykir mörgum skárra að þola óréttinn heldur en að leggja mikið fé í að sækja þann rétt, sem að sjálfsögðu á að hjálpa honum til að ná, og það opinbera á að sjá um, að ekki sé gert allt of torvelt. Það er svo komið, að yfirgangsmönnum er nú hægara um vik að ganga á rétt manna, sem veiði hafa, og hvað sem öðru líður, tel ég sjálfsagt, að svona mál sé rekið sem almennt lögreglumál, eins og ég legg til í þessari brtt., og hafa höfundar l. um einkamál í héraði játað, að það hafi verið af vangá hjá þeim, að gengið var framhjá þessu atriði, og ég veit, að a. m. k. annar þeirra telur sjálfsagt, að þessu sé kippt í lag í þessu tilfelli. Eiginlega á borgarinn rétt á því, að hann sé verndaður af því opinbera gegn yfirgangi og lögbrotum ófyrirleitinna manna. Ég tel sjálfsagt, að þessi breyt. nái fram að ganga og trúi varla, að nokkur sé á móti henni.

***Jón Baldvinsson:** Ég veit ekki, hvort form. landbn. hefir nokkuð rætt þetta mál. **(Forseti:** Hann hefir ekki gert það). Ég viðurkenni náttúrlega rétt hæstv. forseta til þess að taka mál úr n. og setja þau á dagskrá, ef þau hafa verið í n. óhæfilega lengi, og það vill svo vel til, að flm. að þessu frv. er hæstv. forseti Nd., svo að það er viðbúið, að hann ýti fast á eftir málinu; hann er vanur því. En ekki þykir mér hann ganga rösklega fram í að heimta mál af hv. landbn. Nd., því að í Sþ. í fyrradag lýsti form. landbn. því yfir, að hjá n. lægju fyrir 10 mál, sem ekki hefði verið tök á að athuga, og hann

svaraði engu góðu til, þegar hv. þm. fóru að spyrja hann, hvernig málum liði. Þó að ég hafi ekki skrá um mál, sem liggja fyrir landbn. hv. Ed., þá held ég, að þau séu ekki svo mörg, og það hefir farið þannig með þetta mál, að hæstv. forseti hefir notað sér rétt til þess að taka þetta mál úr n. áður en hún hefir til fulls getað lagt smiðshöggið á það. Þetta er í rauninni miklu flóknara mál heldur en það í fljótu bragði virðist, því að bak við þessa breyt. er einnig töluverð breyt. á laxveiðilöggjöfinni í heild sinni, án þess ég ætli að segja nokkuð um, hvort það sé til góðs eða ills að samþ. þessa breyt., en ég veit bara, að laxveiðilöggjöfin þarf mjög ýtarlega athugun og breyt. Það hefir sem sé sýnt sig, og það eru sannanir fyrir því annarsstaðar, að lax- og silungsstofninn í veiðiám er ekki eins sterkur og menn hafa haldið hingað til, og það verður að fara með mestu varúð að því að veiða lax og silung, svo að fiskurinn upprætist ekki. Með stórvirkum veiðitækjum er hægt að eyðileggja jafnvel stórar veiðiár á örskömmum tíma, og það er vitanlegt, að það tekur a. m. k. 10 ár að fá stofninn til að vaxa að nýju. Nú vitum við, að jarðir leigja oft út veiðisvæði þeim mönum, sem kallaðir eru „sportmenn", til lax- og silungsveiði, og Íslendingar eru, eins og kunnugt er, kappsmenn miklir við veiði, hvort sem er á sjó eða í vötnum, svo að það hefir verið gengið svo rækilega fram í þessu, þegar leigðir hafa verið út litlir bútar, sérstaklega í litlum ám, að menn hafa skipzt á með að veiða allan sólarhringinn þann tíma, sem þessi veiðisvæði hafa verið leigð út, en af því leiðir, að laxinn, sem er styggur og töluvert viðkvæmur, hvarflar frá og gengur ekki endalaust fram, eins og ég ætla, að sagt sé í fornum l., og svo til hrygningarstöðvanna, og að lokum veiðist stofninn sumpart upp eða minnkar svo mjög, að laxveiðin hverfur að mestu. Því hefir það vakað fyrir mér og raunar nokkrum fleiri hv. þm. undanfarin ár, að það þyrfti um þetta frekari reglur, og jafnvel reglugerð um það, hvernig veiða mætti í hverri á og hverskonar veiðitæki þar ætti að nota. Mér hefir dottið í hug brtt. við þetta frv., en það er töluverður vandi að setja breyt. inn í jafnstóran, flókinn og erfiðan lagabálk eins og laxveiðilöggjöfin er, svo að hún komi ekki í bága við það, sem fyrir er í slíkum lagabálki, en það, sem ég vildi koma að, er það, að landbr. sé heimilt, eftir till. veiðimálastjóra, að setja reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota í hverri veiðiá fyrir sig. Ég hefi hugsað mér, að í upphafi mætti flokka árnar, svo að smáar bergvatnsár, sem lax og silungur er í, hefðu sérstakar reglur og í þeim væri í rauninni allar veiðiaðferðir bannaðar nema stangaveiði, ekki til þess að hindra, að bændur og aðrir, sem þar eiga í hlut, hefðu upp úr þeim, heldur með það fyrir augum, að þeir hefðu varanlegar tekjur af veiðinni. Ég sé ekki annað en að þeim ætti að vera það nokkurn veginn sama, hvort þeir fá greidda peninga eða þeir taka laxinn eða silunginn og hafa til heimilisnotkunar. Víða hagar svo til, að hægt er að gera hvorttveggja, en til þess að vera viss um, að öruggt sé, að veiðistofninn haldist í þessum smáu bergvatnsám, sem í þurrkasumrum verða litlar sitrur, þá er óhjákvæmilegt að setja reglur um, að þar megi ekki veiða með ádrætti og þar eigi eingöngu að nota stangaveiði, og að ekki séu notaðar of margar stangir á tilteknu veiðisvæði, og ennfremur að ekki sé leyft að standa við veiðiskap allan sólarhringinn. Þetta eru þau höfuðatriði, sem ég teldi rétt að setja í löggjöfina, og þarf þó raunar nokkuð meira til. Mér hefir alltaf verið ljóst, að það eru miklir hagsmunaárekstrar milli manna í þessum málum, og fiskiræktarfélögunum var ætlað að bæta úr þessu, en það gengur heldur illa. Ég tel t. d., að bændur, sem búa við bergvatnsár upp frá stórám, þar sem hrygningarstöðvar laxins og silungsins eru, eigi alveg eins rétt á því að hafa tekjur af lax- og silungsveiði, þar sem hún verður rekin haganlegast, eins og hinir, sem við ósinn búa, sem ættu í rauninni að borga nokkurn skatt til hinna, gegn því skilyrði, að þeir létu hrygningarstöðvarnar í friði og leyfðu stofninum að vaxa þar upp, svo að hrygningarlaxinn og hrygningarsilungurinn fengi að vera þar óáreittur, í stað þess sem ég veit, að nú er gert þar, sem lax gengur seint á haustin, í september, slæptur og óásjálegur, að þá er farið með net og sópað um þessa staði, aðeins af því að þetta er eina tækifærið, sem þeir menn, er þarna eiga lönd að, hafa til þess að fá eitthvað upp úr veiðinni í ánum. Og það gæti vel verið, að þingið ætti að setja um þetta löggjöf, en það væri náttúrlega langæskilegast, að þetta gæti orðið með frjálsum samtökum, en þó með styrkum stuðningi löggjafans. Breyt. í þessa átt teldi ég mjög nauðsynlega, og ekki síst í sambandi við það, að nú á að framselja veiðiréttindi, til þess að jarðeigendur geti aftur heimt í sínar hendur það veiðisvæði, sem liggur fyrir þeirra jörðum, en áður er undan þeim gengið. Ég er ekki í vafa um, að margir muni fallast á það, að þó að það sé freistandi að leigja út smábúta af veiðisvæðunum þeim mönnum, sem eru að veiða sólarhring eftir sólarhring hverja mínútu, sem þeir hafa rétt til að veiða, þá muni góðar laxár, sem vel hefir verið farið með og laxstofninn hefir haldizt langan tíma í, fara svo, að veiðin í þeim mundi upprætast, og eftir það mun þurfa margra ára hvíld til þess að láta laxinn koma aftur. Nú er það vitað um ár eins og Ölfusá og Þjórsá, að þar er beinlínis fæddur upp selastofn á laxinn og silunginn við ósana, en það hefir ekki verið notuð sú heimild til útrýmingar, sem fyrir er í l., a. m. k. hefir verið mjög slælega gengið fram í því. Þetta hefir aftur á móti verið gert við Borgarfjarðarárnar, Hvítá í Borgarfirði, sem er aðallaxáin þar, og bergvatnsárnar, sem í hana falla, og það hefir líka svo að segja ekki, nú um mjög langt skeið, brugðizt lax í þessum ám. Má þar til nefna Þverá, sem farið hefir verið heldur vel með veiðina í. Hún er full af laxi á hverju ári, en væri svo, að hver jörð gæti tekið undir sín yfirráð allt það svæði, sem undir hana liggur, þá þykist ég vita, að veiðin mundi upprætast á örskömmum tíma, vegna þess að fjárvon mundi freista bænda til þess að leigja út með

háu verði veiðisvæði á meðan þar væri nokkur veiði, en svo kæmi afturkast mörg tekjulaus ár, og þykist ég þá vita, að menn muni sjá eftir því. Það er því spursmál, hvort löggjafinn gæti ekki komið í veg fyrir þetta og hvort bændur þurfa að verða fyrir þessum árekstri til þess að sjá að sér í þessu efni. Að öðrum kosti er ég hræddur um, að næsta kynslóð á eftir muni gleyma allri reynslu feðranna í þessum efnum og gera slíkt hið sama. Ég hefði því gjarnan viljað gera þessar breyt., þó að þær séu ekki nú fyrirliggjandi, en það má vera, að mér tækist að semja þær fyrir 3. umr., ef hún verður ekki allt of skjótlega og n. gefst tími til að yfirvega þær breyt., sem henni þætti við eiga í sambandi við þetta frv., en annars hefði ég talið, að það væri kannske nægilegt á þessu þingi að samþ. bara þá þáltill., sem landbn. hefir orðið sammála um að flytja og er á dagskrá í dag. Ég hefi að sjálfsögðu talað um þetta mál áður í svipuðum tón, bæði í hv. Ed. og eins í sambandi við flutning till. áður á fyrri þingum í Sþ., en mér finnst þetta mál vera svo mikils virði og svo mikið hagsmunamál fyrir þá íslenzka bændur, sem hafa þarna hagsmuna að gæta, að það eigi að koma þessum málum í viðunandi horf og tryggja bændum fastar og öruggar tekjur af veiði þeirri, sem þeir fá úr ánum. Það má geta þess í þessu sambandi, að vegna ádráttar, og sérstaklega vegna laxveiði í sjó, eru ár í Skotlandi og Noregi að verða laxlausar, og það þykir ágæt veiði í mörgum beztu veiðiám í Skotlandi, ef menn fá þar 2—3 laxa yfir daginn, og jafnvel 1 lax á bezta veiðitímanum. Þar er veitt í sjó með lagnetum fyrir allri ströndinni og jafnvel langt úti. Þetta er að sumu leyti bannað hér, en þó eru löggiltar þær varnir, sem áður hafa verið, og það voru víst ekki svo fáir, sem hlupu til og létu löggilda laxveiðivarnir í sjó rétt áður en nýja löggjöfin frá 1932 kom í gildi. Það er mjög vafasamt, hvort ekki ætti alveg að taka fyrir þetta og hafa í því efni fyrir sér þá reynslu, sem fengizt hefir annarsstaðar um lax- og silungsveiði vegna þessarar sjó- og netaveiði, því að það er öllum þeim, sem til þekkja kunnugt, að þegar lax og silungur gengur að vorinu, þá rennur hann með landinu, þar sem laxár eru, og það er að sjálfsögðu oft hægt að ná honum þar í net, og sé mikið um slíkar varnir og slíkan veiðiskap, þá er stofninn, eins og ég hefi sagt, ekki svo sterkur, að hann þoli slíka veiði. Menn kunna nú hér til að svara, að úr þessu sé bætt með því að hafa laxaklak á mörgum stöðum, og það er t. d. laxaklak hér í Elliðaánum, sem talið er eitt stærsta laxaklak á Norðurlöndum, en við vitum ekkert um, hvað stórvirk náttúran sjálf er í framleiðslunni, þegar vel árar og góð skilyrði eru fyrir laxinn til að hrygna, svo að við höfum enga hugmynd um, hvort það er nægilegt að framleiða milljón fiska á ári handa laxá eins og Elliðaánum. Þó að þær litlu tilraunir, sem gerðar hafa verið til klakstöðva fyrir lax, beri ávöxt, þá er mjög vafasamt, að það nægi til þess að hamla upp á móti hinni ofsafengnu veiði. Hér í nágrenni Rvíkur er t. d. laxá, sem fyrir 20 árum var full af silungi og laxi á hverju sumri, en svo fundu einhverjir það út, að á leirunum fyrir framan ána lægi laxinn og biði eftir hentugri uppgöngu í ána, þegar vatnavextir kæmu, og væri að venjast ferska vatninu áður en hann réðist til uppgöngu í ána, eins og hann sennilega gerir víðast, og þarna var auðvelt að taka hann. Það var girt fyrir álana báðumegin og síðan var laxinn krakaður upp. Það fór svo, að eftir 2—3 sumur var stofninn gersamlega eyðilagður, og í 10—12 ár hefir lax ekki komið í þessa á nema einn og einn á stangli. Ég ætla, að nú sé búið að stofna félag til þess að reyna að friða ána, en hvort það ber árangur, skal ég ekki um segja, en ég þykist vita, að svo hafi farið um fjölda af smáum bergvatnsám hér á landi. Þetta er á vissan hátt sambærilegt við þá mestu plágu, sem menn telja nú vera í landinu, fjárpestina miklu. Bændur telja það mesta skaðræði að þurfa að skera niður bústofninn, og eins ættu menn að sjá þá hættu, sem því er samfara að eyðileggja fiskistofninn í ám og vötnum, og það er vafasamt, hvort löggjöfin getur ekki dálítið lagfært þetta með því að setja um þetta reglur, sem að sjálfsögðu verða, eins og mörg ný l., brotnar að einhverju leyti, en samt gæti það haft þau áhrif, að menn sæju, að hér væri um réttmætar reglur að ræða, sem sjálfsagt væri að fylgja. Ef laxveiðilöggjöfin væri komin í þetta horf, þá teldi ég, að það væri mikils um vert og til mikilla hagsbóta fyrir fjölda bænda í þessu landi, ef þeir gætu komið auga á, hve nauðsynlegt það er að fara vel með þann fiskistofn, sem er í þeim veiðiám og veiðivötnum, sem heyra undir jarðir þeirra. En ég er hræddur um, að það, að klippa þetta allt í búta, geri það mögulegt, að úr ánum upprætist allur fiskistofn, svo að það verði að byrja að nýju og halda svo áfram ár eftir ár og áratug eftir áratug, ýmist að drepa það, sem í næst, eða að verða af öllum þeim tekjum, sem skynsamleg veiði getur af sér gefið.

Ég hefi ekki tilbúna brtt., svo að ég kem henni ekki að við þessa umr., en ég athuga hana til 3. umr., sem ég vona, að fari ekki fram alveg strax. (**Forseti**: Ekki í dag). Ég get þá e. t. v. soðið saman brtt., sem verða mætti til gagns í þessu efni.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætla ekki að fara að bera hönd fyrir höfuð hætsv. forseta Nd. vegna meðferðar hans á þingmálum. (**JBald**: Ég sagði, að form. landbn. Nd. hefði skýrt frá því, að fyrir þeirri hv. n. hefðu legið 10 mál, sem þeir í landbn. treystu sér ekki til að afgr.; þessi nefndarformaður er hv. þm. Mýr., hálfgerður samþm. 6. landsk.). Ég þóttist líka hafa heyrt getið hæstv. forseta Nd. í þessu sambandi hjá hv. 9. landsk. Má vera, að það hafi verið misskilningur.

Ég get getið þess, að ég var algerlega sammála ræðu hv. 9. landsk. í flestum atriðum, því hún var mestmegnis sem tal fyrir einni þáltill., sem við höfum sameiginlega borið fram á þessu þingi. En ég ætla ekki að fara frekar út í það, af því að það kemur ekki beint þessu máli við, sem hér er nú til umr. En ég tek það fram

að einmitt það, sem hann hélt fram í ræðu sinni, virtist vera, að þetta frv. veiti tryggingu fyrir því, að landeigendur fái innleyst veiðirétt sinn.

Við vitum allir, að það er hægara að skipa fyrir um veiðiaðferðir í ám, þar sem veiðin er stunduð af föstum félagsskap manna, heldur en þar, sem hver einstaklingur er að borast út af fyrir sig með að veiða, án félagsskapar. Og þess vegna álít ég heppilegt að stuðla að slíkri félagsveiði í ám. Hygg ég, að það gæti, ásamt öðrum þörfum lagaákvæðum, orðið til þess, sem er sameiginlegt áhugamál okkar beggja, hv. 9. landsk. og mín, að fiskurinn friðist meira í veiðivötnunum og veiðin aukizt. Og að því ber að stuðla, ekki sízt nú, þegar mjög miklir erfiðleikar ganga yfir landbúnaðinn. Virðist mér ræða hv. 9. landsk. hafa í raun og veru miðað að því að styðja þetta frv., en ekki verið á móti því. Þegar hv. þm. athugar þetta betur, þá veit ég, að hann mun fallast á þetta frv. og sleppa öllum brtt. við það; en svo berjumst við fyrir okkar þáltill., sem við gerðum sameiginlega. Það fer miklu betur á því.

Ég held, að þetta mál liggi skýrt fyrir. Hér er aðeins verið að framlengja um tíma þann rétt, sem menn hafa haft, en einstakir menn hafa orðið of seinir til þess að nota sér, e. t. v. fyrir vangá. Ef við tökum þetta í sambandi við önnur l., svo sem framlenging stimpillaga, þá sjáum við, að þar hefir það ekki valdið neinum erfiðleikum, þó að menn í þeim sökum hafi orðið heldur seinir til. Ég man ekki betur en að l. um það efni í sama tilgangi sem þetta frv., þ. e. a. s. um hliðstæða framlengingu, hafi verið samþ. með shlj. atkv. hér í deildinni.

Hitt atriðið, sem ég drap á og hv. 9. landsk. sagði ekkert um, er það, að hið opinbera veiti mönnum aftur vernd sína, sem það hefir svipt þá með löggjöf, sem ég gat um, verndun til þess að ná rétti sínum gagnvart veiðiþjófum, sem vaða uppi og eyðileggja veiðina í veiðiánum. Fyrir veiðiþjófum, sem stela veiðinni í ám og veiðivötnum, eiga veiðieigendur síðferðislega kröfu á verndun þess opinbera, þannig að veiðieigendum sé nóg að kæra þessi mál og þau verði þá tekin í hendur þess opinbera og rekin sem almenn lögreglumál. Það er sjálfsögð réttlætiskrafa, að löggjöfinni verði breytt þannig, að þessu verði svona fyrir komið, til þess að mál gegn slíkum ofbeldismönnum þurfi ekki að reka sem einkamál. Það er óviðurkvæmilegt í þessu þjóðfélagi, að slík mál séu ekki rekin sem almenn lögreglumál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.
nei: JJós, PZ, SÁÓ.

JBald, ÁJ, BSn, GL greiddu ekki atkv.

2 þm. (BrB, MJ) fjarstaddir.

Brtt. 365 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, PHerm, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.
nei: JJós, PZ, SÁÓ.

JBald, ÁJ, BSn, GL greiddu ekki atkv.

2 þm. (BrB, MJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 21. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 397, 436).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þetta mál hefir legið fyrir landbn., og hefir þar ekki fengizt samkomulag um það og ekkert nál. verið gefið út.

Í frv. er farið fram á að framlengja um nokkur ár það ákvæði laxveiðil., að menn geti keypt undir jarðir laxveiðirétt, sem undan þeim hefir gengið. Í l. átti þetta að gilda til 5 ára, en það kemur ekki fram í gr. eins og hún er í l., hver hafi verið meining löggjafans, nema að nokkru leyti. Þegar þetta mál var til umr. á Alþingi, kom greinilega fram í umr., að meining allra þeirra, sem til máls tóku, var sú, að þessi kauparéttur næði til alls veiðiréttar, sem hefir verið seldur undan jörðunum. Sérstaklega höfðu menn þó í huga það, sem hafði verið selt undan jörðunum í seinni tíð. En gr. er svo orðuð, að hún getur eins átt við það, sem selt hefir verið undan jörðum fyrir nokkrum hundruðum ára eða hefir verið gefið með sérstöku gjafabréfi í vissu augnamiði, eins og oft hefir verið tilfellið. Það er spurning, hvort Alþingi hefir heimild til að lögskipa að selja undir jarðir veiðirétt, sem hefir verið gefinn þannig með sérstöku gjafabréfi í ákveðnum tilgangi til ákveðinna hluta, eins og er með veiðirétt, sem er nú í eign kirkna eða annara trúar- eða líknarstofnana í landinu á nokkrum stöðum.

Nú horfir málið þannig við, eftir að þetta ákvæði hefir verið í gildi í 5 ár, að búið er að kaupa undir jarðir aftur svo að segja allan veiðiréttt, sem seldur hefir verið undan þeim á seinni árum, en sá veiðiréttur, sem eftir er, er aðallega sá, sem gefinn hefir verið undan jörðunum fyrir löngu síðan. Nú stendur t. d. að taka yfir í Borgarfirði, hvað eigi að gera við Gljúfurá hvað þetta snertir. Þar hefir verið farið fram á að kaupa veiðirétt, sem gefinn var fyrir geysilöngu síðan. Slík dæmi eru til fleiri. Þess vegna leit ég svo á, að tilgangi löggjafans með þessu ákvæði hafi þegar verið náð. Þannig er þetta í meginatriðunum, og maður veit ekki til með aðallaxveiðiárnar, að neitt hafi verið selt undan þeim. Þannig er það t. d. með Þjórsá og Ölfusá og árnar, sem í hana renna. Aftur á móti er Korpúlfsstaðaá ennþá séreign. Hún var seld undan jörðunum fyrir löngu síðan. En það þarf ekki að framlengja þetta ákvæði hennar vegna, því að það er búið að biðja um að fá hana keypta aftur undir jarðirnar.

Þegar við komum í Borgarfjörð, þá er þar Laxá, sem ein jörð hefir veiðirétt í, en á ekki nema lítinn hluta af landinu, sem að ánni liggur. Þetta er eitt af þeim tilfellum, þar sem veiðirétturinn hefir fallið undir jörð með gjöf

fyrir mörgum áratugum og hæpið er, hvort þetta 5 ára ákvæði nær, jafnvel þó að það yrði framlengt, nema að gr. yrði jafnframt breytt. Lengra uppi í Borgarfirði hingað og þangað er svipað ástatt. Hvanneyrarkirkja hefir t. d. með gjöf fyrir löngu síðan haft veiðiréttindi í fleiri en einni á, sem ekki hafa enn verið kaupt undan jörðinni, heldur eru þau eign kirkjunnar, og eins og ég hefi sagt, tel ég vafasamt, hvort lög ná til þess, að hægt sé að kaupa þau undan. Eina stóráin á þessum slóðum, sem þannig stendur á um, að þetta gæti ef til vill náð til, er Haffjarðará, sem er á einni hendi, en ekki undir allar jarðir, sem að ánni liggja, en sá, sem ána á, er eigandi flestra jarðanna, því að hann hefir keypt þær, og það litur út fyrir, að höfuðtilgangurinn eða ef til vill eini tilgangurinn með frv. sé sá, að með því að framlengja þennan innlausnarfrest á veiðiréttindunum um 5 ár sé búizt við, að menn muni fá einhvern vilja fyrir því hjá þeim mönnum, sem eiga lönd að Haffjarðará, að kaupa réttindin til sín aftur. En það hefir enn engin krafa komið fram um það á þessu tímabili, sem þetta ákvæði hefir verið í gildi. Því kann ég illa við, að búin séu til l. til þess að reyna að ná undir jarðirnar aftur einni einstakri á, og það því fremur, sem meðferðin á þeirri á hefir, síðan hún komst á eins manns hendur, verið einhver sú bezta, sem verið hefir á nokkurri á hér á landi, og öllum ber saman um, að veiðin í þeirri á hafi vaxið, að laxgangan í henni hafi aukizt óvenju mikið á þessu tímabili, enda hefir verið bæði skynsamlega veitt í henni og klakið í hana. Og þá komum við að öðru atriði þessa máls, sem sé því, að það lítur út fyrir, því miður, að þegar bændur eiga að veiða hver í sínu landi, þá vilji ákaflega oft verða misnotkun á veiðiréttinum og að árnar séu notaðar til að veiða úr þeim á þann hátt, að veiðin skemmist meira og minna, og eyðilegst stundum alveg. Eitthvað er þetta væntanlega að lagast nú á seinni árum með skilningnum á þessu, en ég fullyrði, að það vantar ákaflega mikið á, að sá skilningur sé almennt kominn í meðvitund þeirra, sem veiðiréttinn eiga, þegar fjöldi manna á í sömu ánni, að rétt og skynsamlega þurfi að fara með hana, svo að veiðin gangi ekki til þurrðar, og það lítur út fyrir, eftir reynslunni hér á landi, að þegar á er á hendi eins manns, þá séu miklu meiri líkur fyrir, að skynsamlega sé með hana farið heldur en þegar hún er á fleiri höndum. Að vísu hafa nú á síðustu árum verið mynduð veiðifélög um notkun einstöku ár, en þó er það svo enn með þessi veiðifélög, að alstaðar innan þeirra ríkir metingur um það, hvað hver jörð eigi að hafa og hvernig ána eigi að nota, og hann er svo mikill víða, að það eru eins miklar líkur til þess, að sum félögin liðist í sundur aftur eins og að þau geti haldizt við. Þess vegna er langt frá því, að ég sé viss um, að það sé nokkuð heppilegra, að veiðin falli undir þessar jarðir aftur, heldur en að árnar komi á eina hönd, og ég tala ekki um, ef þær komast á hönd ríkisins. Það er það langákjósanlegasta í þessu máli. Ég held, að það sé miklu skynsamlegri stefna heldur en að reyna að búta veiðina niður, svo að hún falli undir hverja einstaka jörð, sem land á að ánni. Ég tel það skynsamlegri stefnu, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að árnar komist á hönd þess opinbera og gerðar séu ákveðnar reglur um það, hvernig eigi að veiða í hverri einstakri á, svo að trygging sé fyrir því, að sú veiðiaðferð sé notuð, sem bezt á við, til þess að hvorttveggja sé tryggt, að laxganga í ánni haldist og að sem beztur arður fáist af henni. Þetta verður varla gert með því að láta ána á margra manna hendur. Ég held þess vegna, að það sé ekki rétt að samþ. þetta frv. Hitt held ég, að sé mikið réttara, sem reyndar er búið að samþ. hér í hv. d., að laxal. séu yfirleitt endurskoðuð og að settar séu reglur um veiðiaðferðirnar og notkun hverrar ár, ef ekki er hægt að hverfa að því ráði, sem ég teldi albezt, að láta veiðiárnar yfirleitt komast í hendur þess opinbera og nota þær með hagsmuni fólksins fyrir augum. En ég geri ekki ráð fyrir, að sú stefna hafi meiri hl. með sér, og þá vil ég taka það næstbezta, og það er að samþ. reglur um veiðiaðferð og notkun hverrar ár út af fyrir sig. En það veit hver maður, hvort sem hann hefir nokkurn tíma séð lax eða ekki, að það hlýtur að vera ákaflega misjafnt, hvernig á að veiða í ám. Það eru notaðar allar veiðiaðferðir, allt frá því að „húkka" hann upp í að taka hann í kistur, lagnet, ádráttarnet og veiða hann á stöng. Það þekkist engin veiðiaðferð til að ná lax í ám, sem ekki er notuð hér á landi af einhverjum, og bara með tilliti til þess, hvað mikill lax næst, án nokkurs tillits til þess, hvað framtíðarviðkomu laxins viðvíkur. Það er hægt að framkvæma laxveiði í ám þannig, eins og margsinnis hefir sannazt, að hún gefi mikinn arð eitt eða nokkur ár, en oftast er það gert á kostnað framtíðarinnar, og það borgar sig yfirleitt aldrei fyrir þjóðfélagið að reka neitt þannig, að það sé gert á kostnað komandi ára. Það þarf æfinlega að hugsa bæði um nútíð og framtíð, og ekki sízt þegar um veiði í ám er að ræða, sem getur orðið til þess, að laxinn gangi til þurrðar, eins og átakanleg dæmi eru um hér á landi. Ég er þess vegna á móti þessu frv. og tel það algerlega óþarft, m. a. vegna þess, sem ég hefi minnzt á, að það er búið að samþ. till. um endurskoðun laxalöggjafarinnar, og vegna þess, að ég álít, að þessi breyt. sé á móti einstökum manni, eiganda Haffjarðarár, og ég tel mjög vafasamt, hvort rétt sé með l. að ganga inn á þá braut, að hægt sé að kaupa veiðiréttindi undir jarðir og ónýta þar með gjafabréf, sem gert hefir verið í ákveðnu augnamiði; en það lítur út fyrir, að það eigi nú að teygja skilning l. inn á það svið. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég legg til, að frv. verði felld af þeim ástæðum, sem ég hefi tekið fram, ég tel óþarft og óviðeigandi og óréttmætt, að Alþ. framkvæmi ofsókn á hendur einstökum manni.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í að svara hv. 1. þm. N.-M. Ég reifaði þetta mál við 2. umr. og tók þá það fram, sem ég áleit mestu máli skipta, svo að ég get farið fljótt yfir sögu.

Hv. þm. minntist fyrst á það, að vafasamt væri, hvort hægt væri að setja l. um, að rifta mætti þeim ráðstöfunum, sem gerðar hefðu verið með gjafabréfi í sérstöku augnamiði að sumu leyti. Það er að sumu leyti óviðkunnanlegt að verða að gera það, en það er hliðstætt dæmi, þegar um kirkjujarðir er að ræða, eins og þar sem máldagar eru fyrir veiði í ám, sem kirkjur eiga. Máldagarnir einir skýra frá því, hverjir séu eigendurnir þá, en maður sér sjaldnast hin gömlu gjafabréf, hvorki fyrir veiði né jörðum.

Ég sé ekki frekari ástæðu nú til að hætta við þessa innlausnaraðferð, þar sem hún hefir þegar verið notuð, og þar sem þeir eru eftir, sem hafa verið óduglegastir að ná þessum réttindum sínum, en þeir, sem hafa verið aðgangsfrekastir að ná í þessa veiði fyrir löndum sínum, eru þegar búnir að því. Hv. þm. minntist á, að það væri lítið eftir af óinnleystum veiðiréttindum hér á landi. Mér er þó kunnugt um, að veiðiréttindi í Laxá í Laxárdal á einum stað eru óinnleyst, sömuleiðis veiðiréttindi í Þverá í Borgarfirði og víðar. Hv. þm. var að tala um Hafjarðará og virðist bera hana sérstaklega fyrir brjósti og hafa mikinn áhuga fyrir því, að eigandi þeirrar ár væri ekki órétti beittur. Um þá á er það að segja, að ég hygg, að eins og sakir standa sé ekki hægt að innleysa veiðiréttindin þar, því að til þess að það væri hægt, yrði að stofna þar veiðifélag eða fiskiræktarfélag, en ég hygg, að samningar séu þannig, að það komi ekki til mála, en þó vil ég ekki fullyrða neitt um það. Ég hefi ekki athugað það svo nákvæmlega. Býst og við, að skilyrði vanti til þess að stofna þar veiðifélag, þar sem einn er eigandi allrar árinnar eða veiðinnar.

Þá talaði hv. þm. um það, að það væri hætt við, að menn misnotuðu miklu meira veiðina eftir að innlausn væri fengin. Þetta held ég að sé skakkt hjá honum, því að til þess, að landeigandi geti leyst inn veiðina, þarf veiðifélag eða fiskiræktarfélag, sem oft koma því til leiðar, að farið er að setja laxa- og silungsklak við árnar og auka þannig veiðina, þar sem sérstök stjórn er þarna heimafyrir, sem lítur eftir því, hvernig veiðin fer fram. Er miklu meiri trygging fyrir því, að veiði í ám sé ekki misnotuð, þegar allt er undir einni dugandi stjórn, heldur en þegar 10—20 menn eða jafnvel fleiri pota hver út af fyrir sig. Þá er hættan einmitt miklu meiri, því að þó að samlög hafi verið og verði um stærri árnar, þá er hætt við, að þegar einstaklingar eru sjálfir farnir að leigja árnar út, þá reyni veiðimenn að ná leiguréttindum yfir parti af ám hjá þeim, og þá veit maður, hvernig getur farið, menn reyna þá að hafa sem mest upp úr sínum hlut, ef til vill með misjöfnum veiðiaðferðum, en það ætti að vera girt fyrir, þegar áin er undir einni hendi.

Það hefir verið talað um, að brtt. frá hv. 9. landsk. mundi verða tekin aftur, og tel ég það vel farið og mun þá ekki tala frekar um það að öðru leyti en því, að mér virðist sú brtt. ekki eiga við nú, þar sem búið er að samþ. þáltill. um að endurskoða laxalöggjöfina, aðallega að því er snertir veiðimeðferð og þess háttar. En þótt sú till. hafi verið samþ., þá kemur hún ekki því máli við, sem hér er til umr., því að hún fer ekkert inn á það svið, sem þetta mál fjallar um.

Ég hefi nú drepið á það helzta í sambandi við 1. gr. þessa frv., en ég vil endurtaka það, sem ég hefi sagt um 2. gr. þess, að við getum ekki okkur að vansalausu sett okkur á móti henni, og ég geri ekki ráð fyrir, að nokkur hv. þdm. muni snúast gegn þeirri gr., enda reyndist það svo við atkvgr. við 2. umr., að það var engin hönd uppi á móti gr. Við getum ekki látið hjá líða á þessu þingi að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að einstaklingurinn sé alveg varnarlaus fyrir veiðiþjófum, og vinna að því að hann fái þá vernd, sem aðrir borgarar þjóðfélagsins fá fyrir ólöglegum árásum. Alþ. verður að koma því til leiðar, að þessir menn þurfi ekki að reka slík mál eins og hvert annað einkamál með ærnum kostnaði, heldur fái þeir þá vernd, að þurfa ekki að kæra til yfirvaldanna og málið verði tekið í hendur þess opinbera og rekið sem almennt lögreglumál. Þess vegna verð ég ákveðið að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, svo að það nái afgreiðslu á þessu þingi, og vænti ég þess, að hv. d. haldi þeirri stefnu, sem hún hefir þegar tekið í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Hv. 6. landsk. fannst alveg nauðsynlegt að afgr. þetta mál nú, ekki vegna hinnar upphaflegu breyt., sem farið er fram á með þessu frv., að framlengja þann frest, sem hér um ræðir, úr 5 árum í 10 ár, heldur vegna 2. gr., sem kom eftir till. frá hv. 6. landsk. Það er rétt, að þessarar breyt. er þörf, þegar það er aðgætt, að búið er að samþ. þáltill. til stj. um að hún láti endurskoða laxveiðilöggjöfina fyrir næsta þing, og þegar hann aðgætir það, að það eru 2 mánuðir til næsta þings, þá hlýtur þetta að vera sprottið af því, að hann treystir ekki hæstv. stj. til að leggja þetta fyrir næsta þing, en á þessu tveggja mánaða tímabili er ekki um að ræða nein veiðileyfi, því að þó að einhver vildi veiða í ánum, þá væri ekkert upp úr því að hafa. Af þessari ástæðu er óþarft, þó að nauðsynlegt sé að breyta l., að gera það nú, nema því aðeins, að maður sé fyrirfram sannfærður um, að hæstv. stj. geri ekkert til þess að leggja málið fyrir næsta þing og við treystum okkur ekki sjálfum til að taka upp breyt. á næsta þingi. Ég ber það traust til hæstv. ríkisstj. — þar erum við ekki sammála —, að hún verði við áskorun þessarar hv. d. um að endurskoða laxveiðilöggjöfina.

Hv. þm. nefndi tvö dæmi þess, að sér væri kunnugt um, að eftir væri að kaupa veiðiréttindi undir jarðir. Þetta mun vera rétt, en hvorttveggja mun vera gamalt, því að þau réttindi munu ekki hafa verið seld undan jörðunum nú síðari árin. Ef hv. þm. les l., eins og þau voru upprunalega, þá sér hann, að það vakir ekki fyrir neinum að innleysa réttindi, sem hafa verið gefin fyrir mörg hundruð árum síðan. Það er miðað við veiðiréttindi, sem er nýbúið að selja undan jörðunum. Það er fyrst nú á seinustu árum, sem mönnum er farið að detta í hug að ásælast aftur

undir jarðirnar veiðiréttindi, sem voru gefin undan þeim. Og ég tel, eins og ég hefi áður sagt, vafasamt, hvort það er rétt siðferðislega af löggjafanum, þó að það sé kannske rétt lagalega séð, sem hv. 6. landsk. veit betur um en ég, að grípa inn í og ómerkja gjafir, sem hafa verið gefnar á deyjanda degi. Það er ekki um önnur veiðiréttindi, sem eftir er að kaupa undir jarðirnar, heldur en þau, sem þannig hafa farið undan jörðunum, og svo veiðiréttindin í Hafffjarðará. Það er ekki eftir að kaupa veiðiréttindi, sem hafa verið seld síðustu 25 ár. Ég hefði gaman af, ef hv. þm. gæti bent mér á einhver slík veiðiréttindi, sem eftir væri að kaupa. Það eru bara eftir þessi gömlu veiðiréttindi, sem hafa farið undan jörðunum fyrir öldum síðan, og þeim réttindum á Alþ. ekki að skipta sér af, því að það hefir engan siðferðislegan rétt til þess að minum dómi.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég ætla ekki að deila um lögskýringar við hv. 1. þm. N.-M. Ég vil aðeins taka það fram, að mér hefir skilizt á þeim, sem undirbjuggu þessi l., að þeir teldu, að þau hafi átt að ná langt aftur í tímann. Ég geri ráð fyrir, að þeir hafi haft lengri tíma og betri aðstöðu til þess að kynna sér þetta mál heldur en við, sem erum í þessari hv. d.

Ég sagði ekki, að það væri aðeins vegna 1. gr., sem lögin þyrftu fram að ganga, en ég sagði hitt, að ég legði enn meiri áherzlu á, að málið gengi fram vegna 2. gr. Þó að það sé rétt, að enginn færi að veiða laxa í Laxá í desember og silungsveiði standi ekki heldur mikil hætta af veiðiþjófnaði á þessum tíma árs, þá hrekur það ekkert af því, sem ég var að segja. Ég veit, að menn hafa hikað við að reka réttar síns út af veiðiþjófnaði í sumar, af því að það varð að reka það sem einkamál, og sökin liggur í salti enn vegna annmarka löggjafarinnar. Verði enn frestur á samþykkt þessa frv., þá er málið fyrnt. En verði ákvæði frv. samþ. nú, er þar reistur garður fyrir ásælni manna.

Hv. 1. þm. N.-M. er alltaf að tala um, að þetta eigi að lagfærast með þeirri löggjöf, sem nú á, samkv. þáltill., að fara að undirbúa. En hlutverk þeirrar löggjafar skilst mér liggja utan og ofan við þetta, sem hér liggur fyrir. Þar á t. d. að flokka veiðiár og miða við þróun laxaræktarinnar í framtíðinni, en hér að fullnægja réttlætinu í laxveiðilöggjöf yfirstandandi tíma. — Ég játa, að ég man ekki dæmi um það, að enn sé óinnleystur veiðiréttur, sem hefir verið seldur fyrir skemmri tíma en 25 árum. En ég veit, að fyrir ekki afarmörgum árum var látin veiði frá nokkrum jörðum og er óinnleyst enn.

Jón Baldvinsson: Ég hefi tekið brtt. á þskj. 436 aftur vegna þess, að ég hefi komizt að raun um, að hún mundi verða í ósamræmi við l. Hinsvegar er ekki tími til að breyta henni í samræmi við l., eins og ég hefði þó kosið.

Páll Zóphóníasson: Ég tek brtt. á þskj. 436 upp.

ATKVGR.

Brtt. 436 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, BrB, GL, JJós, JBald[1]), MJ. PZ, SÁÓ.

nei: ÞÞ, ÁJ, BSt, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.

HermJ greiddi ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:3 atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 462).

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Pálmi Hannesson: Ég skal játa, að d. er sett í nokkurn vanda með því að eiga að fjalla um þetta frv. eins og það kemur frá hv. Ed. Eins og menn muna, var frv. aðeins 2 gr., þegar það var samþ. hér frá Nd., en nú er það orðið 4. gr. Það er sérstaklega 2. gr. frv., sem gefur mér tilefni til þess að standa upp og fara um það nokkrum orðum. Þessi gr. er þannig vaxin, að ég get ekki skilið annað en með henni sé upphafinn meginþáttur laga um lax- og silungsveiði, nr. 61 23. júní 1932. 2. gr. segir, með leyfi forseta: „Ráðh. skal setja, að fengnum tillögum veiðimálastjóra, reglur um það, hvaða veiðitæki megi nota til lax- eða silungsveiða, og skal í reglum þessum miða við þau veiðitæki, er líklegust þykja til þess, að fiskistofninn verði eigi upprættur. Í reglum þessum má ákveða fjölda veiðitækja, er notuð eru samtímis í veiðiá. Ennfremur má setja ákvæði um það, hversu langan tíma úr sólarhring megi samfleytt veiða í á, og má það vera mismunandi langur tími, eftir stærð veiðiár, eftir því hve auðvelt er að veiða og öðru því, sem við kann að eiga. Reglur þessar mega ekki brjóta í bág við friðunarákvæði laganna". Eftir þessu ættu menn að veiða með höndunum berum til þess að ná sér í fisk, því að vitanlega tryggja engin veiðitæki jafnvel, að fiskstofninn verði ekki upprættur. Síðar segir í greininni, að reglur frv. megi ekki brjóta í bág við friðunarákvæði laganna. Ef þetta á að skilja þannig, að ekki megi fara lengra í friðuninni heldur en segir í lögunum, þá breytir þetta engu. En ef á að skilja það á hinn veginn, að það verði að fara skemmra, og það megi ekki eyðileggja veiðina fyrir mönnum, þá sé ég ekki, að gr. hafi nokkra þýðingu. Ég verð að átelja harðlega þá afgreiðslu, sem hv. Ed. hefir haft á þessu máli, með því að setja inn þessa 2. gr. frv. Aftur tel ég, að 1. gr. og 3. gr. feli í sér svo mikla réttarbót, að ég mun þess vegna hætta á fyrir mitt leyti að samþ. þær til bráðabirgða og reyna að koma breyt. á þeim, þ. e. fella burt 2. gr., á næsta þingi. En ég vil taka það fram, að því aðeins, að ekki þurfi að koma til framkvæmda 2. gr., tel ég fært að samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

---

1) **JBald:** Þó að ég hafi tekið þessa till. aftur, vegna þess að ég hafði kosið, að hún yrði betur úr garði gerð, en þar sem hún hefir hinsvegar verið tekin upp af öðrum hv. dm., þá þykir mér hart að ganga á móti henni, og segi því já.

*Pétur Ottesen: Þegar frv. er eins varhugavert og hv. 1. þm. Skagf. hefir bent á, þá finnst mér ekki nokkur ástæða til að samþ. slíkt frv. nú, ef á svo að breyta því á næsta þingi, eftir 2 mánuði, því að ég sé ekki hvaða framkvæmd er á laxalögunum á 2 mánuðum í skammdeginu. Tel ég þess vegna miklu heppilegra, ef þessi ákvæði frá Ed. eru svona varasöm eins og hv. þm. hefir bent á, að lofa þessu frv. að hvíla sig þangað til á næsta þingi, en eyða þessum fáu mínútum, sem eftir eru af þessu þingi, ekki til þess að samþ. mál, sem fyrirsjáanlega verður breytt á næsta þingi.

Steingrímur Steinþórsson: Ég vildi, áður en gengið er til atkv., gera grein fyrir mínu atkv. Ég er sammála samþm. mínum, að afgreiðsla Ed. á þessu máli er með endemum. Því í raun og veru er þessi 2. gr. frv., sem sett er við eina gr. í laxalögunum, alger öfuguggi, sem hægt er að skilja á þann hátt, að það upphefji öll helztu ákvæði laxveiðilaganna. Og ég verð að segja það, að mig stórfurðar á því, að Ed. skyldi geta látið annan eins óburð frá sér fara eins og þetta. Og þetta er því furðulegra, sem Ed. hefir haft þetta litla frv. í heilan mánuð, og landbn. þessarar d. skilaði því frá sér fyrstu dagana í nóv. Það komst því fljótlega úr deildinni. Og nú kemur það á síðustu dögum þingsins aftur. Svo það lítur fyllilega út fyrir, að það sé gert með ráðnum huga að koma inn þessari 2. gr. svo seint, að við Nd.-menn, sem teljum mikilsvert, að frv. nái fram að ganga og þau ákvæði laxveiðilaganna, að menn fái heimild til að innleysa sinn veiðirétt. Þetta ákvæði var sett fyrir 5 árum, og nú er það senn útrunnið. Og ég tel, að þeir, sem eiga eftir að tryggja sér þennan rétt, hafi sama rétt og hinir. Þess vegna er ég ekki sama sinnis og hv. þm. Borgf., að það skipti ekki máli, hvort frv. er samþ. eða ekki, því að það fellur úr gildi um næstu áramót, ef það er ekki framlengt. Þess vegna álít ég rétt að samþ. þetta, en með þeim fyrirvara, að ég ber fram frv. um það á næsta þingi, að þessi 2. gr., sem komin er í frv., verði felld niður. En ég vil vinna til að láta þenna óburð komast í frv. að þessu sinni, til þess að fá samþ. till. um rétt til að innleysa veiðiréttinn.

Pálmi Hannesson: Ég vil undirstrika það, út af því, sem hv. þm. Borgf. segir, að ég tel, að 1. gr. og 3. gr. frv. feli í sér svo mikla réttarbót, að ég vil mælast til þess, að sá hluti a. m. k. nái fram að ganga, heldur en eiga á hættu, að það verði fellt. Vildi ég sætta mig við það eftir atvikum, að 2. gr. nái að ganga fram líka. Nú vil ég benda hv. þm. á það, að núna fyrir örfáum dögum fékk ég fyrirspurnir, og það fleiri en eina, úr kjördæmi hv. þm. Borgf. um þetta mál, um innlausn á veiðirétti í ám. Og ég hygg að það væri langeðlilegast að láta þetta ákvæði standa um nokkurn tíma, en ég hefi grun um, að þessi 2. gr. sé sett inn sem öfuguggi í frv., til þess að eyðileggja, að það nái fram að ganga. Þess vegna þykir mér nokkur hætta á, ef það væri sent til Ed., að það verði fellt þar. En ég endurtek það, að ég átel meðferð Ed. á frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 483).

42. Síldarverksmiðjur ríkisins (frv. JJ o. fl.).

Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins (þmfrv. A. 161).

Á 32. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (Jónas Jónsson): Eins og hv. deild er kunnugt, er óhjákvæmilegt að setja nokkra löggjöf nú á þessu þingi um síldarbræðslur ríkisins, því að lög um stjórn þeirra ganga úr gildi nú um áramótin, þannig að verksmiðjurnar hafa enga stjórn, nema Alþingi hafi áður séð fyrir henni. Nú hefir starfað að lausn þessa máls nefnd, kosin af öllum flokkum, og till. frá meiri hl. n. eru lagðar til grundvallar þessu frv. En þar sem breyta þurfti lögunum um þessi fyrirtæki hvort sem var, þótti rétt að semja og setja heildarlög um verksmiðjur og taka til athugunar ýms atriði, sem ekki hefir þótt sem heppilegast ráðið til lykta. En þar sem hér er mikið og merkilegt viðfangsefni, má að sjálfsögðu gera ráð fyrir, að hér muni koma fram till. til breyt. við frv., og að sumum, sem standa að þessu, þyki þær brtt. til bóta. Og það er kært flutningsmönnum, að allar upplástungur komi fram, sem gætu orðið til bóta.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði við þessa umr., nema aðrir hv. þm. gefi sérstakt tilefni til þess.

Þegar Magnús heitinn Kristjánsson bar fyrst þessa hugmynd fram á Alþingi, að ríkið eignaðist síldarverksmiðjur á Siglufirði, þá var það fyrir honum þjóðræknismál og sjálfstæðismál alveg eins og fjárhagsmál. Hann var fyrst útgerðarmaður og kaupmaður, en varð mjög ákveðinn samvinnumaður, og hann átti þann þjóðlega metnað, að hann vildi ekki horfa upp á niðurlægingu landa sinna. Ár eftir ár sá hann íslenzku skipin koma til erlendu verksmiðjanna og sitja þar á hakanum fyrir erlendum skipum, bíða þangað til síldin kannske varð ónýt, og stundum voru Íslendingarnir hraktir frá. Og hvað eftir annað voru þeir beittir óþolandi ranglæti í vöruverði. Það voru þessar mörgu mannlegu ástæður, sem knúðu Magnús Kristjánsson til að stofna síldarbræðslur ríkisins. Þá var svo til ætlazt, að það opinbera og Siglufjarðarbær styddu fyrirtækið til að komast á fót, en annars yrði það samvinnufyrirtæki íslenzkra sjómanna. Það átti að verða þeirra eigið samlag, þar sem þeir gætu komið með vöru sína í verksmiðjuna, látið vinna hana og átt svo síldarolíuna og mjölið sjálfir á eftir, eða and-

virði þess, þegar sölu væri lokið. Hugmynd Magnúsar Kristjánssonar gekk fram, þó að það kostaði miklar deilur. Fyrsta verksmiðjan reyndist það vel, að tiltölulega fljótt var bætt við hana. Síðan var keypt verksmiðja á Siglufirði, því næst önnur vestur á fjörðum, þá verksmiðja á Austfjörðum o. s. frv. Og nú rignir yfir Alþingi beiðnum úr öllum landshlutum um margháttaða aðstoð til að koma upp verksmiðjum, eða helzt að ríkið reisi þær algerlega á sinn kostnað. Nú eru engar líkur til þess, að ríkið geti þetta. Og það er líka óvíst, hvort ástæða er til þess. Það er mjög dregið í efa, hvort það sé þjóðhagsleg nauðsyn að byggja margar nýjar verksmiðjur, — a. m. k. á næstu mánuðum og missirum.

Framsýni Magnúsar Kristjánssonar í þessum málum kemur æ betur og betur í ljós. En í einu aðalatriði var hætt að fylgja stefnu Magnúsar Kristjánssonar. Það var farið að borga síldina við móttöku fullu áætlunarverði. Því var borið við, að upphaflega fyrirkomulagið kæmi útgerðarmönnum svo illa, þegar síldarverð var lágt, að það væri ekki hægt fyrir þá að gera út. Þeir yrðu að fá allt verðið strax. Og verksmiðjurnar tóku upp þá aðferðina með þeirri afleiðing, sem einn merkur þm. hefir haft þau orð um, að síldarverksmiðjur ríkisins væru orðnar mestu „spekulations" — fyrirtæki landsins. — Það er að sjálfsögðu ekki samið um samþykkt á þessu atriði í frv., fremur en öðrum, við neina aðilja hér á Alþingi, en að áliti mínu og annara flm. er hættan, sem stafar af núv. fyrirkomulagi svo mikil, að jafnvel þótt hv. Alþingi kannske breytti þessu frv. í þá átt að láta verksmiðjurnar halda áfram þessari „spekulation", þá er það að líkindum ekki hægt. Því að bankarnir eru búnir að bíða svo mikið afhroð af þessum og svipuðum orsökum, sem valdið hafa töpunum hjá síldarbræðslunum, að ef hv. Alþingi sér ekki ástæðu til þess að kippa verksmiðjunum inn á þann upprunalega grundvöll, þá er ekki óhugsandi, að önnur hönd komi fram og kippi þeim þangað. Því að sannleikurinn er sá, að þessi fjárhagsmál eru farin að grípa svo inn í sjálfstæðismál þjóðarinnar, að enginn, sem hefir á hendi trúnaðarstöður í helztu fjármálastofnunum landsins, getur látið þau afskiptalaus. Það eru, eins og nú er, ægilegar horfur fyrir þjóðina, ef það vill til sama árið, að það bregðist bæði saltfiskurinn og síldin. Þá yrði óþægilega þröngt fyrir dyrum hjá fyrirtækjum og mörgum mönnum. — Þetta ákvæði frv., að ekki sé borgað út fyrirfram meira en það, sem reynast kann sannvirði síldarinnar, er því eitt stærsta „princip"-atriðið í breytingum þessa frumvarps.

Annað atriði, sem ég vil sérstaklega nefna, er, að allar meiri háttar breyt. á þessum fyrirtækjum verði að vera áður samþ. á Alþingi og fé heimilað til þeirra. Við vitum, að mikið af okkar vinnu og tíma hér á þinginu fer í að ákveða, hvort eyða skuli 5 þús. til þessa vegar eða hins, 10 þús. til þessarar brúar, eða leggja síma fyrir 2 þús. kr. En síldarverksmiðjur eru keyptar og þeim er breytt fyrir stórfé utan við vilja Alþingis, — t. d. á Siglufirði í sumar fyrir milljónarfjórðung. Það getur vel verið, að það mannvirki, sem þar var unnið, sé gott og nauðsynlegt, — það er umdeilt mál. En með þeirri peningameðferð, sem verið hefir á fé ríkisins síðan kreppan byrjaði, skýtur þetta skökku við, og mundu margir telja betur farið, að ráðstöfunin hefði verið borin undir Alþingi. Hér í frv. er tekið fram, að allt slíkt skuli lagt undir dóm Alþingis, enda ber það ábyrgðina á meðferð þess fjár hvort sem er. Þessi bæði atriði lúta að gætilegri fjármálastjórn fyrirtækjanna.

Þá er það, hver eigi að bera ábyrgð á rekstri þessara fyrirtækja. Það er lagt til hér, að hafa þetta nokkurskonar sjálfsrekstrarfyrirtæki. Þegar við erum búnir að byggja þetta upp með opinberum framlögum, þá afhendum við fyrirtækin í hendur þeirra, sem þau voru reist til hagsbóta fyrir, og setjum aðeins nauðsynleg ákvæði til að tryggja tilveru þeirra og að þær uppfylli hlutverk sitt. Það er engin ástæða til þess, að árlegur rekstur sé á ábyrgð ríkisins, heldur á hann að vera á ábyrgð þeirra, sem eiga framleiðslu verksmiðjanna, og þeirra, sem lána. Það er ekki ástæða til að efa, að verksmiðjurnar geti með skynsamlegri stjórn komizt vel af án ríkisábyrgðar. Þau tvö stórfyrirtæki, sem nú eiga stærstar síldarbræðslur, Alliance og Kveldúlfur, hafa fengið nægilegt rekstrarfé handa verksmiðjum sínum. Þó er vitað, að þau eiga í miklum erfiðleikum. Lánin eru miðuð við verksmiðjurnar, sem treysta má að beri sig, en ekki miðuð við það, að þessi efnalitlu fyrirtæki geti staðið undir þeim sjálf. En eins og þessi fyrirtæki virðast geta komizt af án ríkisábyrgðar, ættu síldarverksmiðjur ríkisins að geta það, og hafa gott af. Við verðum að gæta að því, að þá neyðast allir, sem stjórna verksmiðjunum, til þess að sýna ýtrustu varasemi og sparnað, því að þeim er veitt aðhald. Þetta eru milljónafyrirtæki, sem ríkið hefir aldrei átt að reka, þó að það hafi komið óvart. Það er á allra vitorði, að ef Magnús Kristjánsson hefði borið málið fram á þeim grundvelli, að verksmiðjurnar ættu alltaf að verða ríkiseign með ríkisábyrgð á rekstrinum, þá hefði það aldrei gengið fram á Alþingi. Og ég sé ekki meiri ástæðu til að þjóðnýta síldarverksmiðjurnar heldur en önnur samlagsfyrirtæki víðsvegar á landinu, — heldur en t. d. mjólkurvinnslustöðvar bænda. Ég vona sérstaklega, að þeir, sem þykjast tala máli útvegsmanna og allra, sem að síldveiðunum standa, haldi því ekki fram, að þeir standi á svo miklu lægra menningarstigi en sveitafólkið, að þess vegna sé ekki hægt að reka verksmiðjurnar öðruvísi en það sé ríkisrekstur.

Viðvíkjandi stjórn verksmiðjanna er lagt til í frv., að það verði 5 menn í stað 3, sem stundum hafa verið. Áður hafa þeir verið tilnefndir af ýmsum aðiljum, þar á meðal ríkisstjórn, en hér er gert ráð fyrir, að þeir séu kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, og yrði þá stjórnin skipuð mönnum af öllum þingflokkum, sem hafa áhrif á þessi mál. Um það er ekkert hægt að segja fyrirfram, hvort valið á stj. heppnast betur þannig, heldur en ef ríkisstj., Siglufjarðarbær og aðrir aðiljar tilnefna mennina. Dómur um slíka nefnd fæst þá fyrst, þegar séð er,

hvernig störf hennar reynast. Og það er sannast mála, að reynslan af verksmiðjustjórnunum hingað til gefur fulla ástæðu til að breyta um valið. Fyrr og síðar hafa verið annmarkar á verksmiðjustjórninni og reipdráttur verið frá byrjun milli mannanna í stjórninni. Frá byrjun hefir því verið haldið fram, að þessi eða hinn þingflokkur vildi hafa flokkshagnað af því að eiga mann í verksmiðjustj. Það hefir, að minni hyggju, kannske aldrei sannazt á flokk, að hann vildi hafa þann hagnað, en orðrómur hefir um það gengið. En í heild séð hefir ástandið verið ósamboðið landinu og algerlega í ósamræmi við vilja Magnúsar Kristjánssonar.

Nú dettur mér ekki í hug, að þetta frv. tryggi það, að ekki verði ósamlyndi í þessari stjórn. En ég geri mér von um það, samt sem áður, að sú margra ára reynsla, sem fengin er, sé búin að sannfæra alla um það, að rifrildið borgi *sig ekki fyrir neinn.* Ég hygg því, að þeir þrír þingflokkar, sem eftir frv. fá fulltrúa í verksmiðjustj., muni vera búnir að sannfærast um, að bezt sé að taka þráðinn upp þar, sem byrjað var, og reka verksmiðjurnar alveg ópólitískt, láta sér ekki detta í hug, að neinn flokkur eigi að hafa af þeim sérhagsmunahagnað. A. m. k. get ég fullyrt, að við framsóknarmenn, sem stöndum bak við þetta frv., lítum þannig á málið. (**JBald:** Eru ekki sjálfstæðismenn líka bak við það?). Ég tala ekki fyrir annan flokk en Framsfl., þeir munu sjálfir gera grein fyrir afstöðu sins æruverða flokks. En ég furða mig á því, að svo virðulegur maður sem hæstv. forseti Sþ. skuli láta í ljós óánægju yfir því, að komið sé í veg fyrir, að stjórn síldarverksmiðjanna sé notuð með pólitiska og persónulega hagsmuni fyrir augum. Ég vil undirstrika það, að þetta mál er ekki og hefir ekki verið neitt pólitískt ávinningsmál fyrir Framsfl. Magnús heitinn Kristjánsson bar þetta fram sem almennt landsmál, og fyrir Framsfl. var það þá heldur tapmál heldur en gróðamál. Eini tilgangur okkar framsóknarmanna hefir verið og er að koma þessum rekstri sem hagkvæmlegast fyrir, þannig að enginn sérstakur flokkur geti haft af þeim pólitíska hagnað, heldur sé það aðeins atvinnuhagnaður fyrir landsmenn, sem borinn sé fyrir brjósti.

Það er ennfremur ein breyt. í þessu frv., sem gengur í sömu átt; hún er sú, að það eru miklu sterkari ákvæði í frv. en verið hefir um það, að verksmiðjustj. sé við verksmiðjurnar meðan þær starfa. Á þessu hefir viljað verða misbrestur, þannig að menn úr verksmiðjustj. hafa kannske verið langdvölum burtu um veiðitíma*nn. Einnig tel ég það mjög til bóta,* að a. m. k. 2 úr stjórninni er gert það að skilyrði, að þeir séu búsettir á verksmiðjustaðnum allt árið. Þetta er m. a. nauðsynlegt vegna ýmsra viðgerða á verksmiðjunum og þess háttar. Ennfremur er hér gerð breyt. frá því, sem verið hefir, í þá átt, að framkvæmdarstjórinn hafi meira að segja en verið hefir. Ég skal svo ekki fara nánar út í þetta að sinni, en óska þess, að málinu verði að lokinni umr. vísað til nefndar.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hvaða skoðanir, sem menn annars hafa á því, hvernig tekizt hafi stjórn síldarverksmiðja ríkisins, þá hygg ég, að ekki muni vera skiptar skoðanir um það, að ríkisverksmiðjurnar hafi gert ómetanlegt gagn síðan þær voru settar á stofn, bæði að því leyti, að þær hafa tryggt atvinnuskilyrði landsmanna og með því að tryggja betur verðlagið á síldinni en ella hefði orðið. Ég óttast, að ef þetta frv. yrði að l. eitthvað svipað *því, sem það nú er,* þá verði *miklu* spillt af þeirri aðstöðu, sem verksmiðjurnar hafa nú til að rækja þetta hlutverk sitt. Hv. 1. flm. drap á nauðsyn þess að breyta til um skipun stjórnar verksmiðjanna. Hann gat þess réttilega, að þann *tíma,* sem verksmiðjurnar hafi starfað, hafi þessu verið breytt. Ég ætla, að ég muni það rétt, að einmitt þau árin, sem kyrrast hafi verið um verksmiðjurnar, þá hafi stjórnarmennirnir verði 3 og allir skipaðir af ráðh. Ég hygg einnig, að þetta muni vera heppilegasta fyrirkomulagið, vegna þess að ráðh., sem hefir yfirstjórn þessara mála, hlýtur, ef hann hefir nokkra ábyrgðartilfinningu, að hafa það sjónarmið að velja sem hæfasta menn til þessa starfs. Hitt veit maður, að þegar í slík störf er kosið af Alþ. eftir flokkum, þá verða flokkssjónarmiðin þar fyrst fyrir. Hv. 1. flm. taldi það mikið til bóta, að í frv. væri gert ráð fyrir, að stjórnarmennirnir væru á verksmiðjustaðnum yfir veiðitímann. Ég veit ekki betur en þetta hafi nú verið þannig a. m. k. síðustu árin. Þá taldi flm. það einnig til bóta, að framkvæmdarstjóranum væri eftir frv. gefið meira vald en hann hefir haft, sérstaklega hvað viðvíkur sölu afurðanna. En nú sýnist mér, að þessi valdaauki framkvæmdarstjórans sé meira í orði en á borði, því að það segir að vísu, að hann annist sölu afurðanna, en þó í samráði við stjórn síldarverksmiðjanna. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel, að það hafi sýnt sig, að það sé ekki heppilegt, að það sé einn maður, sem annist söluna, heldur sé það stjórn verksmiðjanna, sem um söluna fjallar. Hv. flm. gat þess, að eflaust mundu koma fram brtt. við frv. og að sjálfsagt væri að taka þær til greina. Mér þykir vænt um að heyra þetta, en ég vona, að eins og við erum sammála um þetta, þá getum við einnig orðið sammála um þær breyt., sem ég tel nauðsynlegt að gera á þessu frv., ef það á að verða að l. (**JJ:** Það er nú ekki þar með sagt).

Þá eru þau ákvæði, sem hv. 1. flm. lagði mikla áherzlu á, að stj. væri ekki heimilt að gera endurbætur, sem kostuðu meira en 75 þús. kr., án samþykkis Alþ. Ég hygg, að það væri glapræði að setja slíkt í l. Jafnstórt fyrirtæki *og ríkisverksmiðjurnar* þurfa árlega að gera breytingar fyrir a. m. k. hærri upphæð en 75 þús. kr., og eigi að bíða með að ákveða þær breyt. þangað til þingið hefir gefið sitt samþykki til þess, þá er það víst, að það mundi gera reksturinn að verulegu leyti örðugri. Ég vil ekki þar með segja, að ekki geti verið ástæða til að setja ákvæði um, að verksmiðjustj. geti ekki ráðist í stórvægilegar nýjar framkvæmdir, — en þetta nær ekki nokkurri átt.

Þá er ennfremur lagt til, að ábyrgð ríkis-

sjóðs fyrir skuldbindingum verksmiðjanna sé niður felld. Þetta er atriði, sem ég tel þess vert, að því sé gaumur gefinn, ekki aðeins í sambandi við ríkisverksmiðjurnar, heldur ríkisfyrirtæki yfirleitt. Ég skal geta þess, að ég teldi heppilegt, að sett yrði heildarlöggjöf um skuldbindingar ríkissjóðs vegna opinberra fyrirtækja, þar sem sú ábyrgð yrði takmörkuð, eða jafnvel afnumin, ef það þætti fært. Hinsvegar sé ég enga ástæðu til að taka síldarverksmiðjurnar út úr og fara að gera þetta með þær án þess að ráðstafanir séu gerðar til þess, að ríkisverksmiðjurnar hafi jafngóða aðstöðu eftir á til öflunar rekstrarfjár. En mér vitanlega hefir ekki verið rætt um þetta við bankana, sem hafa séð verksmiðjunum fyrir rekstrarfé, en vitanlega er sjálfsagt að heyra, hvað þeir segja, áður en farið er að breyta til um þetta. Ég gæti hugsað mér, að erfiðara mundi ganga um öflun fjár til rekstrarins, ef þetta yrði samþ., þó að það sé hinsvegar sennilegt, að það mundi fást.

Þá er loks ákvæði um það, að verksmiðjurnar skuli ekki borga út við móttöku yfir víst hámark, eða í mesta lagi 85%. Ég hygg, að það megi telja víst, að ef þetta ákvæði væri samþ., þá væri þar með byggt fyrir, að verksmiðjurnar kæmu að sama gagni eftirleiðis sem hingað til. Á fyrstu starfsárum verksmiðjanna var allt öðru máli að gegna um þetta, því að þá voru síldarverksmiðjurnar svo fáar hér á landi, að menn höfðu ekki í annað hús að venda, ef nokkur síldveiði var, heldur en til ríkisverksmiðjanna. Nú hinsvegar, ef ríkisverksmiðjurnar ættu að borga 15% lægra verð fyrir síldina heldur en verksmiðjurnar í kringum þær, þá mundi það alls ekki vera tryggt, að þær gætu fengið svo mikla síld til vinnslu, að það yfirleitt borgaði sig að reka þær. Ef þessi breyt. yrði gerð, yrði það án efa til þess að lækka verðlagið á síldinni og spilla afkomumöguleikum sjómanna og útgerðarmanna yfirleitt.

Út af niðurlagi 11. gr., sem ég gekk út frá áðan, að bæri að skilja aðeins á einn veg, þannig, að eftirstöðvarnar fram yfir þau 85%, sem fyrirfram verða greidd, verði allar útborgaðar til síldarseljanda að loknu „uppgjöri", er mér spurn, á hvern hátt á að jafna þann halla, sem verða kann, þó ekki séu útborgað nema 85% af áætlunarverði, því sá aflabrestur gæti vitanlega komið eða verðfall á síldarafurðum, eða hvorutveggja, að halli verði á rekstrinum með 85% útborgun, þó enginn misreikningur væri í áætluninni þegar hún var gerð. Slíkt tap varð á rekstrinum árið 1935 vegna veiðibrests. En með því að borga að fullu raunverulegt verð næsta ár á eftir, eins og frv. gerir ráð fyrir, væri ekkert fé til að jafna hallann. Verksmiðjurnar eiga þannig að bera hallann, ef áætlun bregzt meir en um 15%, en þau árin, sem rekstrarafgangur verður umfram áætlun, á hann allur að ganga til sjómannanna. Hinsvegar hefir það verið svo með fasta verðinu, að árin hafa verið látin bæta hvert annað upp; 1935 varð um 113 þús. kr. halli á verksmiðjunum, en árið 1936 mun rekstrarafgangur aftur hafa verið eitthvað yfir 200 þús. kr., sem fyrst og fremst gekk til að jafna hallann frá árinu áður, en slíkt getur ekki orðið eftir frv. Loks er gengið út frá því í frv., að verksmiðjurnar, sem áður hafa verið undanþegnar tekju- og eignaskatti og útsvarsskyldu, greiði 1% af bráttóandvirði seldra vara ár hvert til bæjar- eða sveitarsjóðs. Eftir því sem ætla má, að framleiðslumagnið á þessu ári seljist, hefði þetta útsvar verksmiðjanna orðið yfir 80 þús. kr. að þessu sinni. Nú er það að vísu svo, að verksmiðjur, sem eru einkafyrirtæki, t. d. á Hjalteyri, Djúpavík, Dagverðareyri og Krossanesi, eiga að greiða útsvör eins og þau gerast í þeim hreppum, þar sem verksmiðjurnar eru, en það eru litlar líkur til, að þau útsvör verði nokkuð í samræmi við þennan skatt ríkisverksmiðjanna, sem mér skilst, að nemi 15 aurum á mál, eftir málafjölda á síðastl. sumri. Auk þess er það vitað, að aðalverksmiðjur ríkisins á Siglufirði greiða marga tugi þús. kr. í hafnargjöld, sem raunverulega eru greidd til bæjarins. Ég þori ekki að fullyrða, hve miklu þau nema, en það væri hægt að upplýsa við 2. umr.

Þá er hér tekið upp ákvæði úr eldri l. um hámarksverð á þeim vörum, sem verksmiðjurnar selja bæjar- og sveitarfélögum, búnaðarfélögum og samvinnufélögum bænda. Ég tel rétt að breyta ákvæðum gildandi l. í þessu efni, þar sem þau hafa reynzt nær óframkvæmanleg; ég vil því taka til athugunar þessar till.

Þá kom hv. 1. flm. inn á það, að þessi atvinnuvegur væri farinn að grípa inn í sjálfstæðismál þjóðarinnar, og var að heyra, að honum þætti það illa farið. Ég held, að telja megi þetta gleðiefni. Það segir sig sjálft, þegar síldveiðin er orðin þetta stór þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að útflutningur síldarafurða er nær 25 en 20 millj. kr. á ári, að þetta er orðið mikið sjálfstæðismál fyrir þjóðina. Hv. flm. fannst þetta óskyggilegt, ef svo á sama ári skyldi bregðast bæði þorsk- og síldveiði, sagði hann, hvernig á þá að fara að? Ég get ekki svarað þeirri spurningu, og henni er ekki heldur svarað í frv. Hvenær síldin veiðist eða bregzt og hvenær þorskurinn veiðist, hvort þau veiðast sitt árið hvort eða bregðazt bæði samtímis, það getur enginn ráðið við, það fer eftir þeim lögum, sem við getum ekki breytt. Það eina, sem í okkar valdi stendur, er að treysta atvinnuveginn sem bezt, en ég tel, að það sé síður en svo gert í því frv., sem hér liggur fyrir, og ég held, að þetta frv. stefni alveg í öfuga átt frá því, sem nú er.

Þá vitnar hv. þm. mjög í Magnús heitinn Kristjánsson og taldi það fullvíst, að Magnús Kristjánsson mundi aldrei hafa beitt sér fyrir stofnun ríkisverksmiðjanna, ef hann hefði fyrirfram vitað, að sá háttur yrði upp tekinn, að þjóðnýta þær eins og nú væri gert. Ég verð að efast um, að þetta sé rétt hjá hv. þm. Ég man ekki betur en að heimildarákvæðið um fast verð á síldinni sé frá því þingi, sem fyrst setti l. um síldarverksmiðjur ríkisins, flutt af Magnúsi Kristjánssyni. Ég ætla, að hv. þm. geti flett upp í þingtíðindunum frá þeim tíma til að sannfærast um, að þetta er rétt. Auk

þess er það vitað, að Magnús Kristjánsson var ekki andvígur ríkisrekstri; hann talaði t. d. ræki lega fyrir því, að ríkið hefði smjörlíkisiðnaðinn á hendi, svo ég held, að það sé ástæðulaust af hv. þm. að fullyrða það, að Magnús Kristjánsson hafi verið andvígur þjóðnýtingu síldarverksmiðjanna. Ég læt svo þetta nægja að sinni; ég set mig ekki móti því, að frv. fari til n., en ég vil vona, að þingið hendi ekki sú slysni að samþ. það eins og það liggur fyrir.

*Magnús Guðmundsson: Hæstv. ráðh. er svo náðugur að ætla að leyfa þessu frv. til 2. umr., og ég þakka fyrir minn part, sem ekki er nú stór. Hitt er náttúrlega ekki vitað, hvort við, sem eigum þátt í þessu frv., göngum að öllum þeim breyt., sem hann vill gera, en nokkrar þeirra get ég gengið inn á. Samhliða því, sem ég geri grein fyrir því, sem mér finnst athugavert við frv., mun ég koma að því, sem hæstv. ráðh. finnur því til foráttu. Það er þá fyrst, að í 9. gr. er ekki gert ráð fyrir því, að verksmiðjurnar megi kaupa síld föstu verði. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að slíka heimild þurfi að veita verksmiðjunum, eins og var, en jafnframt eigi þó að stefna að því, að verksmiðjurnar vinni fyrir reikning útgerðarmanna og sjómanna, en hinu er ég ekki blindur fyrir, að þegar síldarverðið er lágt, er ekki hægt að komast hjá því að borga meira út við móttöku heldur en þegar síldarverðið er hátt, eins og verið hefir tvö síðastl. ár, enda tel ég, að vel hefði verið hægt að borga aðeins allt að 85%, og ég tel það eðlilegt, þegar verksmiðjurnar voru byggðar í þeim tilgangi, að þær ynnu síldina fyrir þá, sem veiða hana, en ekki í neinum ríkisrekstrartilgangi, þannig að síldareigendur hefðu ábyrgðina og áhættuna á sínum atvinnurekstri, og þar af leiðandi tap eða ágóða.

Náttúrlega má halda því fram, eins og hæstv. ráðh. benti á, að einhverjir mundu fyrir þessa sök heldur selja síld verksmiðjum einstakra manna fyrir fast verð. En af hverju ætti það að þurfa að vera? Ætti það að vera af því, að menn fengju ekki allt útborgað í einu? Ég sé nú ekki, að þarna þurfi að vera svo mikil hætta, ég sé ekki betur en hægt væri að gera sér von um hærri uppbót en áætlun nemur. Það eru sannarlega ekki svo lítil hlunnindi, sem þessar ríkisverksmiðjur hafa fram yfir verksmiðjur einstakra manna, að það ætti að vera auðvelt að sýna fram á, ef rekstur þeirra væri í góðu lagi, að þær ættu að geta borgað hærra verð samtals en verksmiðjur einstakra manna. Það er enginn efi á því, að rétt er, að verksmiðjurnar hafi leyfi til að kaupa síld ákveðnu verði í einstökum tilfellum; sú aðferð hefir verið leyfileg sem undantekning, en aðalreglan átti að vera að taka vöruna til vinnslu. En undantekningin hefir orðið að aðalreglu, en aðalreglan að undantekningu í praksis, eins og hæstv. ráðh. tók fram.

Þá þótti hæstv. ráðh. of lítið, að verksmiðjustj. hefði ekki nema 75 þús. kr. yfir að ráða til endurbóta og nýbygginga á hverju ári. Út af því vil ég spyrja hann, hvort það sé satt, að á þessu ári hafi verið notuð um 500 þús. kr. til endurbóta og nýbygginga, eins og sagt er. Ef þetta er satt, sýnist engin vanþörf á, að tekið sé í taumana. Hvort 75 þús. kr. er of lítil upphæð í þessu skyni, skal ég ekki um segja, en að notaðar séu 500 þús. kr., eða hver veit hvað, kannske miklu hærri upphæð, til viðhalds eða nýbygginga án íhlutunar Alþingis, það held ég, að öllum hljóti að ofbjóða. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi samþ. þessar ráðstafanir, en til vonar og vara vil ég spyrja hann, hvort svo sé. Ég vil ennfremur spyrja hann, hvort fé þetta hefir verið tekið að láni hjá bönkunum, eða hvort það hefir verið til í sjóðum hjá verksmiðjunum. Ég vil undirstrika það, sem fyrsti flm. sagði, að það verður að koma í veg fyrir, að ein verksmiðjustjórn, jafnvel þó hún hafi samþykki ráðh., geti ráðstafað kannske svo millj. kr. skipti án þess að Alþingi veiti samþykki sitt til, á sama tíma sem við erum hér að metast um smáupphæðir.

Þá var hæstv. ráðh. að spyrja að því, hvort ætti að borga þann halla, sem af því gæti leitt að útborga 85%. Ég skal viðurkenna, að það getur vel orðið um halla að ræða, þó ekki sé borgað meir en 85% áætlunarverðs við móttöku. Mér finnst eðlilegast, að tekið væri tillit til þess halla, er áætlun er gerð fyrir næsta ár. (Atvmrh.: Það er ekki gert ráð fyrir því í frv.). Ef svo er, að verksmiðjurnar séu byggðar fyrir sjávarútveginn, en ekki sem ríkisfyrirtæki, þá sýnist þetta mjög eðlilegt. Því falli síldin í verði eftir að áætlun hefir verið gerð, hlýtur það verðfall eins að koma niður á verksmiðjum einstakra manna, sem verða þá að taka tillit til þess næsta ár.

Ég vil aftur á móti spyrja hæstv. ráðh., hvernig rekstrarafkoma verksmiðjanna sé á yfirstandandi ári; ég býst við, að ekki sé hægt að svara því nákvæmlega, en nærri því rétta hlýtur að mega komast. Mér er sagt, að reksturinn hafi gengið illa, og jafnvel orðið halli á honum. Mér gengur sannast að segja illa að skilja þetta, þegar veiðin er svo mikil sem raun er á, og kunnugt er, að mjög miklar birgðir af síldarafurðum voru seldar fyrirfram við mjög háu verði.

Að síðustu vil ég geta þess, að mér virðist 1. og 2. gr. frv. óþarfar. Ég sé ekki, að enn sé ástæða til að setja skorður við því, að verksmiðjur einstakra manna séu stækkaðar eða nýjar byggðar. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, ekki síst síðastl. sumar, að þær eru of fáar. Ég held, að engin ástæða sé til að óttast það, að einstakir menn leggi í að stækka sínar verksmiðjur eða byggja nýjar, nema fjárvænlegt sé á hverjum tíma. Hinsvegar gætu ákvæði 1. gr. hamlað nauðsynlegum framkvæmdum í þessu efni, og þarf ekki annað en vitna til þess, sem gerðist á síðastl. vori, er hæstv. atvmrh. beitti sér gegn því, að ein stór verksmiðja væri þá reist með þeim árangri, að verksmiðjan varð þar fyrir dýrari en ella. Nú býst ég við, að allir sjái, að ekki var vanþörf á, að þessi verksmiðja var reist, því án hennar hefði þó miklu meira orðið ónýtt af síld í sumar en varð, og sömuleiðis miklu minna

verið unnið. Ég sé ekki heldur neina ástæðu til að láta ríkið hafa forkaupsrétt að þeim verksmiðjum, sem kynnu að verða seldar, en ég legg ekki svo mikið upp úr þessum greinum, að ég fyrir það ekki gæti verið meðflm. frv.

Nokkrum fleiri gr. frv. gæti ég hugsað til að breyta, þó langt sé frá því, að ég geti fallizt á allar brtt. hæstv. ráðh. Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. flm. svari aths. hans. Þó vil ég taka það fram viðvíkjandi 7. gr., að mér finnst það ekki óeðlilegt, þó ríkissjóður leggi verksmiðjurnar til, þá vilji hann ekki bera ábyrgð á rekstri þeirra. Það væri hliðstætt því, að menn leggja fé í hlutafélag, en „risikera“ ekki meira en hlutafénu.

Viðvíkjandi 6. gr., um 75 þús. kr. hámarkið, þá get ég ekki séð, að það sé neitt hættulegt; hafi verksmiðjurnar þörf fyrir meira fé, þá kemur til kasta Alþingis. Og hvað rekstrarféð snertir sé ég ekki, að hætt sé við, að bankarnir verði tregir til að lána ríkisverksmiðjunum. Þær virðast þó standa betur að vígi með tryggingar en verksmiðjur einstakra manna, sem flestar munu veðsettar meira eða minna.

Sá skattur, sem tiltekinn er í 14. gr., virðist ekki ætti að vera þunghær fyrir verksmiðjurnar, samanborið við það, sem verksmiðjur einstakra manna þurfa að borga í sköttum og útsvörum, því þetta 1%, sem ríkisverksmiðjurnar eiga að greiða, er miklu léttara en þær álögur, sem á öðrum verksmiðjum hvíla. Hitt er auðskilið mál, að þeir staðir, þar sem þessi mikli atvinnurekstur fer fram, geta ekki þolað það að fá af honum engar tekjur, og á það sérstaklega við um Siglufjörð, því vitanlegt er, ef ríkið hefði ekki haft þar sínar verksmiðjur, þá hefðu þar risið upp verksmiðjur einstakra manna, sem gefið hefðu bæjarsjóði miklar tekjur.

*__Flm. (Jónas Jónsson)__: Ég ætla ekki að svara hæstv. atvmrh. neitt ýtarlega að þessu sinni, af því ég veit, að frv. verður tekið til sæmilegrar athugunar í n., en aðeins víkja að nokkrum atriðum.

Ég held, að áheyrendur hafi orðið varir við það, að það, sem á milli ber mín og hæstv. ráðh., og að nokkru leyti hv. síðasta ræðumanns, er pólitískur stefnumunur. Hann og hans flokkur vill eðlilega ríkisrekstur á verksmiðjunum, því það er þeirra höfuðtakmark, og í því tilfelli hefir Alþfl. orðið svo heppinn sumpart fyrir dugnað sinna manna og sumpart fyrir vandræði, er leitt hafa af kreppunni, að það hefir orðið ríkisrekstur á þessum verksmiðjum.

Það er rétt, að Magnús heitinn Kristjánsson var með því, að verksmiðjurnar mættu kaupa síld fyrir fast verð, þegar þurfti að fylla í eyður, sem kæmu milli þess, að síld byðist til vinnslu. Og ég býst við, að Framsfl. gæti gengið inn á það, að sú gamla regla héldist, að kaupa mætti þannig við föstu verði allt að 15% af þeirri síld, er verksmiðjurnar tækju til vinnslu. Allt sem er fram yfir það, er ákveðin stefna, sem við framsóknarmenn munum ekki sætta okkur við. Alveg á sama hátt og það er skoðanamunur milli mín og hæstv. ráðh. um þetta atriði, um allan reksturinn, um það, hvort þetta eigi að vera á ábyrgð einstaklinga eða ríkisins, þá er smávægilegur skoðunarmunur viðvíkjandi stjórn síldarverksmiðjanna, en þar vísa ég aftur til þess, sem frv. gerir ráð fyrir, að þingið útnefni menn í stjórnina, og eins og nú hagar til á þinginu, þá yrðu það menn úr 3 aðalþingflokkunum, sem hefðu þar fulltrúa. Aftur á móti eru það leifar af þessu gamla ástandi, sem kom óvart, og hæstv. ráðh. minntist á í ræðu sinni, þegar hann vill, að ríkisstj. hafi hönd í bagga með. Það á að reyna að fjarlægja ríkisstj. frá áhrifum og ábyrgð, eins og skýrt er tekið fram í ákvæðinu um fjármálin, með því að reyna að láta þetta fyrirtæki vera á ábyrgð framleiðenda, en að því sé aðeins lánað af ríkinu. Þá er horfið hið upprunalega ástand, þegar ríkisstj. átti að vera einskonar hemill. Nú getur það orðið með ýmsu móti, og ef síldarverksmiðjurnar eru reknar sem áhættufyrirtæki, eins og ég tel, að verið hafi undanfarin ár, þá er það mesta ólán fyrir hvaða ríkisstj. sem vera skal að grípa þarna inn í, því að þá verður henni oft kennt um ýmislegt, sem ekki er hægt að kenna henni um, eins og t. d. fiskileysi, og er hæstv. ráðh. sjálfsagt vel kunnugt um það af reynslunni. Ef þingið hallast að því að láta verksmiðjurnar vera sem mest á ábyrgð framleiðenda, þá er rétt, að ríkisstj. blandi sér sem minnst og helzt ekkert inn í þetta, nema að því leyti sem fjmrh. gerir það til þess að tryggja, að hið raunverulega veð ríkisins ekki skerðist; og eins er hitt, að móttaka síldar til vinnslu fer alveg eftir þessu. Ef þingið gengur að ríkisrekstri á þessu og „spekulation“, þá á að fella frv. Þá ætti helzt að hafa þetta allt á ábyrgð ríkisins, „spekulationina“ sem mesta, láta hæstv. atvmrh. útnefna stjórnina og helzt að koma því þannig fyrir, að hann gæti daglega fengið í gegnum útvarpið fréttir um það, sem gerist hjá hinum ýmsu síldarverksmiðjum. Í rauninni mátti næstum skilja það á ræðu hæstv. ráðh., að hann langaði til þess að hafa þennan blæ á því. Nú er þessu engan veginn breytt af hálfu okkar flm., hvorki af vantrausti né heldur af trausti á núv. hæstv. stj., því að eins og allir vita, er ekki hægt að miða svona mál við það. Þó að við álítum þetta ágæta stj., þá getur þessi stj. farið á morgun og vond stj. komið í staðinn, og þess vegna sjáum við ekki neina ástæðu til þess að binda svo merkilegt mál við ráðh., sem nú eru í stj.

Eins og hv. 9. landsk. tók fram, er 6. gr. frv. um takmörkun á sjálfsákvörðunarrétti verksmiðjustj., og það er eðlilegt út frá því, sem ég hefi áður sagt, að landið má á engan hátt reka þetta sem áhættufyrirtæki, og það er geysilega ógætilegt, ef með þessar milljónir, sem landið leggur í fyrirtækið og erfitt er fyrir landsmenn að átta sig á, hvernig með er farið, er leyft að fara eins og hingað til, og verksmiðjustjórn og framkvæmdarstjóri fara með þessa hluti eins og þeim sýnist, og ég veit, að við nánari athugun sér hæstv. ráðh., að þetta getur ekki þannig gengið. En hitt er komið undir mati þingsins, hvort sú upphæð, sem hér um ræðir, verður lítið hærri eða lægri. Það mætti m. a. finna hana á meðan þing stendur, og fá ná-

kvæmlega út frá reikningum verksmiðjanna, hve miklu er eytt í endurbætur, til þess að styðjast við það, en ég býst við, að það sé rétt að skjóta því til hæstv. stj., að ein af ástæðunum til þess, að ég býst við, að það verði ákaflega erfitt að fá núv. Alþingi til þess að hafa þetta eins og verið hefir, er sú, að verksmiðjustjórinn, sem hefir verið undanfarið, hefir verið mjög stórvirkur í breytingum, og þessar breytingar munu vera í mesta máta umdeildar, en ég mun ekki fara út í það við þessa umr., en ég get vel hugsað mér, að ef alltaf hefði verið sami verksmiðjustjóri og upphaflega, Ottesen, hefði þessi hlið málsins ekki verið eins ljós og nú. Út af því, sem hv. 9. landsk. sagði um 2. gr., forkaupsréttinn, vil ég taka það fram, að þetta er ákvæði, sem hefir verið í lögum áður, og ég verð að játa, að ég álít orka tvímælis um það, hvort það hefir mikið gildi nú. Ég hygg, að ríkið megi frekar óttast, að á næstu árum fái það of mikið á sínar hendur af verksmiðjum, sem ekki bera sig, og lenda á landinu, af því að það hefir gengið í ábyrgð fyrir þær, heldur en að það þurfi að kaupa fleiri. Hæstv. ráðh. áleit það mjög háskalegt, að gert er ráð fyrir því, að verksmiðjurnar taki síldina aðallega til vinnslu fyrir reikning framleiðenda. Þetta er tekið fram nokkuð ákveðið í 9. gr. frv. og er flutt af okkur flm. til þess að þetta verði tekið til meðferðar. Við erum ekki svo sannfærðir um, að ekki sé hægt, eins og talað er um í stofnfrv., að kaupa eitthvað, en við viljum, að þingið finni, hve mikið er hér í húfi, og þykist ég vita, að við því verði séð. Hæstv. ráðh. hefir nú fengið svar frá Sjálfstfl., sem ég get tekið undir, viðvíkjandi því, hvernig yrði farið með tap hjá verksmiðjunum, ef þær væru ekki „spekulations" fyrirtæki, og það leiðir af sjálfu sér og öllu eðli málsins, að það tap, sem kynni að verða á vinnslunni eitthvert ár — en verksmiðjurnar hafa varasjóði — eða að síldin seldist ekki nema 80% af því, sem áætlað hafði verið, yrði auðvitað að taka á næsta ári alveg eins og óhjákvæmilegan slitkostnað við verksmiðju, svo að þetta geta menn spurt um í gamni, en ekki í alvöru. Ég vil í þessu sambandi vísa hæstv. ráðh. á reynslu hans ágætu frænda, kaupfélagsmannanna, sem áttu svo mikinn þátt í uppbyggingu samvinnufélaganna. Þar hefir þetta fyrirkomulag verið framkvæmt skilyrðislaust um langan tíma á þann hátt, sem við bentum á, hv. 9. landsk. og ég, að það tap, sem verður hjá fyrirtæki, sem selur vörur með ákveðnu verði, er unnið upp aftur á þann sama hátt, af því að það eru yfirleitt sömu mennirnir og sama stéttin, sem hefir þá fengið of mikið. Til þess að gefa hæstv. ráðh. tækifæri til að koma með nýja skýringu á þessu máli viðvíkjandi því, hvort það eigi að kaupa síldina eða taka hana með áætluðu verði, þá ætla ég að segja honum, að eftir því, sem ég veit bezt, hefir hans eigið kjördæmi og sá hluti þingsins, sem treysti honum og Seyðfirðingum í sínum atvinnurekstri, og raunar við allir, en enginn frekar en hæstv. ráðh., haft ástæðu til að óska að tillögur Þorsteins M. Jónssonar um síldarmálin hefðu verið í heiðri hafðar í fyrra, en ekki tillögur flokksmanna hæstv. ráðh., og skal ég skýra það. Við vitum það öll, að Seyðfirðingum var fyrir ötula framgöngu þm. kjördæmisins, hæstv. atvmrh., hjálpað til þess að koma upp atvinnufyrirtæki, sem að nokkru leyti var síldarbræðslustöð og að nokkru leyti íshús, og það var öllum fyrirfram ljóst, að þetta var miklum erfiðleikum bundið, vegna þess að það var ekki mikil síld fyrir austan, en samt var lagt út í þetta. Nú kemur það í ljós í sumar, að þetta fyrirtæki, sem hefir allgóðar vélar og fekk mikla síld í sumar, á við sérstaka örðugleika að stríða út af því, hvað síldarverðið var hátt ákveðið af síldarbræðslustjórninni. Ef ákveðið hefði verið t. d. verðið 6.50 kr. — ég nefni aðeins þá tölu í þessu hugsaða dæmi —, þá er það engan veginn útilokað, að þeir, sem lögðu síld upp á Siglufirði, fengju 8 kr., því það vitum við ekki fyrr en reikningarnir koma. En vegna þess að Siglufjörður, sem hafði bezta aðstöðuna, lá bezt fyrir síldinni og hafði mest síldarmagn, ákvað 8 kr. verð, þá urðu verksmiðjurnar á Seyðisfirði og Norðfirði, með hina veiku aðstöðu, að kaupa síldina með sama verði. Það, sem þessar verksmiðjur og aðrir, sem lakast eru settir í þessu efni, eiga við að stríða, er það, að skipaeigendur vilja síður koma til þeirra, og helzt ekki nema fyrir hærra verð, og þegar komið er með vöruna þangað austur frá Norðurlandi, er síldin ef til vill ekki alltaf jafngóð eins og ef farið væri styttra með hana. Niðurstaðan er sú, að báðar þessar verksmiðjur eru sem stendur algerlega fjárhagslega eyðilagðar, og höfuðástæðan er „spekulations"-verðið á Siglufirði, — hvorki meira né minna. Í mínu kjördæmi er búið að byggja litla síldarverksmiðju, á Húsavík, sem gerð er af góðum hug og í von bæði íbúa Húsavíkur og bænda upp um allt hérað og einnig fólks hér í bæ, sem ættað er úr Þingeyjarsýslu. Þegar þessi verksmiðja var tilbúin í haust, en hún var ekki tilbúin fyrr en eftir síldartímann, þá kom frétt um það, hvernig viðskipti síldarverksmiðjanna á Austurlandi höfðu verið við hina voldugu síldarbræðslustjórn á Siglufirði, og þá var oddvitinn á Húsavík, sem er mjög duglegur maður, einn af þeim, sem beittu sér fyrir því að spyrja þm. kjördæmisins og aðra hv. þm. að því, hvort þeir væru með því, að ríkið keypti síldarbræðslustöðina á Húsavík strax. Hann sagði, að þeir vildu heldur selja föðurlandinu verksmiðjuna strax en að lenda í sömu erfiðleikunum og þeir fyrir austan og selja svo. Það, sem ég vildi skjóta til hæstv. stj., er það, að ég get ekki annað séð en að þjóðbankinn fyrst og fremst sé skyldugur til að taka þetta „problem" upp. Ef hann leggur fé í lán til rekstrar síldarverksmiðjanna á Húsavík, Seyðisfirði, Norðfirði og dálitið í rekstur verksmiðjunnar á Hesteyri og öðrum útkjálkum, þá er bankinn skyldugur til þess að sjá um, að með því að hjálpa ríkisverksmiðjunum á Siglufirði sé ekki verið að eyðileggja. Ég ætla ekki að fara dult með það, að mér dettur ekki annað í hug, sem bankaráðsmanni í Landsbankanum, en að taka þetta til yfirvegunar í vetur frá bankans og landsins sjónarmiði. Ég kem þar ekki fram sem fram-

sóknarmaður, heldur sem Íslendingur, og ég get sagt hæstv. ráðh. það, að ég ætla ekki að greiða atkv. um það, að þetta glæfraspil haldi áfram, hvorki á Siglufirði né annarsstaðar, og ég ætla ekki að spyrja hæstv. ráðh. um það. Til þess að gera hæstv. ráðh. ekki allt of hræddan við það, að það þurfi að vera slíkur hálfkæringur við það bundinn að vinna úr vörunni á ábyrgð framleiðenda, þá ætla ég að nefna tvö dæmi, annað, sem öllum er kunnugt um, að nálega öll kjötframleiðsla sveitabænda fer í gegnum samvinnufélögin og er seld á þann hátt, að kaupmannastéttin, að svo miklu leyti sem hún kaupir kjöt, kaupir það undantekningarlaust með því að borga það eins og samvinnufélögin. Komi þróttmikil síldarbræðslustjórn, sem á að koma og kemur, hvenær sem það verður, og gætileg stjórn á síldarverksmiðjunum, þá á að taka vöruna aðallega til vinnslu fyrir framleiðendur, og þeir fá svo það fyrir vöruna, sem hún selst fyrir á hverju ári. Við, sem stöndum að einhverju leyti að kaupfélögunum og höfum séð þessa venju myndast þar og höfum séð kaupfélögin vaxa upp sem styrka stofnun og friðsamlegt fyrirtæki án byltinga eða stór„spekulationa", við höfum „móralska" skyldu til þess í viðbót við það, að við höfum byggt upp þetta fyrirtæki, að láta okkar reynslu ekki fara forgörðum. Það hefir verið traðkað á rétti Siglfirðinga fyrir þroskaleysi fárra manna, sem skipt hafa við þá, bæði sjómanna, leiðtoga þeirra og útvegsmanna, og það er langt frá því, að hæstv. ráðh. geti búizt við því, hvernig sem fer með þetta frv., að þetta mál sé útkljáð, vegna þess að það, sem hér kemur til greina, er það, að menn verða að fara að hugsa um, hver á að síðustu að borga. Hæstv. ráðh. veit, að síldarverksmiðjurnar hafa safnað skuldum undanfarin ár. (**Atvmrh.**: Ég held að hv. þm. viti ekki, hvað hann er að fara með). Ég vil biðja hæstv. ráðh. um að líta ofan í Landsbanka og vita, hvernig reikningarnir standa. Ég er bankaráðsmaður og veit, hvernig þetta er. (**Atvmrh.**: Og ég er síldarmálaráðh.). Ég get upplýst hvernig reikningarnir standa, ef ekki á að skoða það sem leyndarmál.

Ég vildi óska, að síldarverksmiðjurnar væru skuldlausar við Landsbankann, en ég er hræddur, um að hæstv. síldarmálaráðh. verði fyrir vonbrigðum í því efni. Ég hefi sýnt fram á, að það væri ákaflega undarlegt af samvinnuflokki á þinginu, sem hefir sögulega afstöðu til verksmiðjumálsins og hefi reynslu í því, hvernig á að reka slík fyrirtæki, ef hann léti nokkurt tækifæri ónotað til þess að koma verksmiðjunum á þennan grundvöll. Ég segi ekki þar með, að það megi ekki, eins og Magnús Kristjánsson hélt fram, kaupa dálitið af síldinni til þess að fylla í eyður. Því til sönnunar, að það eigi að koma sjávarútveginum inn á hliðstæða braut í þessu efni, vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að í Vestmannaeyjum er allt lýsi, sem þar er framleitt af sjómönnum og útvegsmönnum, unnið í einni félagsstofnun, sem rekin er eins og ég álít, að eigi að reka síldarverksmiðjurnar, á ábyrgð framleiðenda, og það hefir reynzt þannig, að engum í Vestmannaeyjum dettur í hug að selja sína lifur annarsstaðar. Þarna er því fengin reynsla um sjávarframleiðslu í sjávarþorpi um það, að þessi stefna, sem þetta frv. er byggt á, hefir fengið stuðning hjá þeim, sem framleiða sjávarútvegsvörur.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla að segja nokkur orð út af einu sérstöku atriði frv., 7. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir næstu áramót. Ég er alveg samþykkur þessu ákvæði og álít, að það eigi að stefna að því, að ríkissjóður beri yfirleitt ekki ótakmarkaða ábyrgð á öðrum fyrirtækjum en þeim, sem hann nýtur arðs af, og verður að draga markalínuna eftir því, hvort ríkissjóður nýtur arðs af viðkomandi fyrirtæki eða ekki. Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri ekki rétt að taka fyrirtækið út úr, heldur ætti að setja um þetta almenna löggjöf, og það gæti komið til athugunar, en ég man ekki eftir nema tveimur stofnunum, sem gætu komið undir skýringu mína á eðli þessara fyrirtækja, og það eru síldarbræðslur ríkisins og landssmiðjan. Ég held, að ríkið njóti arðs af nálega öllum öðrum fyrirtækjum, sem það rekur, og því geti ekki annað komið til mála en að það beri fulla ábyrgð á þeim. Þess vegna held ég, að það sé ekki ástæða til að bíða eftir sérlögum um þetta. Það mætti vel gera ráðstafanir um þetta í sambandi við lög um síldarbræðslur ríkisins. Ég veit ekki, hvort það vakir sami skilningur fyrir öllum á þessu ákvæði í 7. gr. frv., og þess vegna vil ég til athugunar fyrir þá n., sem fær málið, skýra, hvað fyrir mér vakir. Í þessu sambandi mundi það vaka fyrir mér, að ríkissjóður hefði frá 1. jan. 1938 við í verksmiðjunum fyrir því, sem ógreitt er af stofnlánum þeirra á þeim tíma, þannig að það fé, sem síldarbræðslur ríkisins hefðu sem áhættufé, væri ekki allar verksmiðjurnar án þess að nokkur skuld hvíldi á þeim, heldur verksmiðjurnar og aðrar eignir að frádregnum stofnkostnaði, sem eftir er ógreiddur, m. ö. o., að hvað sem síldarverksmiðjurnar leggja út í eftir að búið er að skera á þann þráð, sem tengir þær við ríkissjóð, þá séu það hreinar eignir, sem þær verða búnar að afla sér um næstu áramót. Þetta vil ég, að komi fram við þessar umr., því að það getur verið að aðrir líti þannig á, að það væri átt við það, að það væri ekki sérstakt við tekið fyrir því, sem eftir er af stofnlánum, og síldarverksmiðjurnar ættu í raun og veru að hafa, eða að þau lán ættu að hafa jafnan kröfurétt og önnur lán, sem stofnað er til eftir 1. jan. 1938. Ég vil sérstaklega biðja n. að athuga það mjög vel, hvort hún telur fært að taka upp þessa skýringu mína, og ef það er ekki fært, þá hvaða breyt. þarf að gera til þess að sú leið þætti tiltækileg. Ég býst við, að það séu nokkur atriði, sem þarf að athuga í sambandi við þetta „tekniska" atriði, hvenig hægt er að skilja milli þeirra skulda verksmiðjanna, sem eru með ríkisábyrgð um næstu áramót, og annara skulda af svipuðu tægi, sem myndast eftir 1. jan. 1938. Ég álít, að hægt sé að ganga frá þessu, svo að ekki valdi misskilningi. Mér skilst,

að það sé ekki verulegur ágreiningur um það, að það sé eðlilegt, að ríkissjóður beri takmarkaða ábyrgð á verksmiðjunum, og að ágreiningurinn sé aðeins um það, hversu takmörkuð sú ábyrgð skuli vera. Ég held, að það ætti ekki að vera sérstök ástæða til að óttast, að verksmiðjurnar gætu ekki fengið rekstrarfé, ef þær hefðu sæmilegt áhættufé, en ef í nauðirnar ræki, verður að taka þetta til endurskoðunar, en fyrirfram vil ég ekki gera ráð fyrir, að bankar landsins vilji síður lána síldarbræðslum ríkisins en ýmsum einkafyrirtækjum, sem eru ekki betur stæð en síldarverksmiðjurnar yrðu, þó að ríkisjóður bæri ekki sérstaka ábyrgð á rekstrinum.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Ég hefi ýmsu að svara og verð að fara fljótt yfir, en það eru einstaka atriði, nokkrar fyrirspurnir, sem mér finnst ég ekki geta látið ósvarað. Hv. 9. landsk. tók undir það, að mér skildist, með mér, að óhyggilegt væri, að afnema með öllu heimild verksmiðjustjórnar til þess að kaupa síld föstu verði, og tók fram til viðbótar því, sem ég sérstaklega hafði drepið á, að þegar síldarverðið væri lágt, þá gæti það verið skilyrði fyrir því, að hægt væri að gera út á síldveiðar, að menn fengju fullt verð borgað þá um leið. Nú hefir það verið svo, að árin 1931—1934 hefir verðið aldrei komizt yfir 3 kr. málið í bræðslu. Ef af þessum 3 kr. hefði átt að taka 50 aura og borga þannig kr. 2,50 fyrir hvert mál af síld í bræðslu, þá hefði það getað riðið baggamuninn, þannig að það hefði alls ekki verið gert út. Það ber ekki eingöngu heldur að miða við verðlagið á síldinni, heldur einnig við kostnað útgerðarinnar, svo sem verðlag á kolum, olíu o. s. frv., þannig að þó að verð síldarinnar hækki, bætir það ekki aðstöðu þeirra, sem síldveiði stunda, nema sú hækkun nemi meiru en hækkun á verði nauðsynja til útgerðarinnar.

Hv. þm. spurði, hvers vegna sjómenn og útgerðarmenn ættu ekki eins að vilja kjósa að leggja síldina inn upp á hlutagreiðslu, þegar verðið væri sæmilega hátt, heldur en hitt að fá fast verð. Það er af því, að þegar þeir fá fast verð, hafa þeir tryggari grundvöll til að byggja á fyrirætlanir sínar um útgerð til síldveiða heldur en þegar verðið er ekki fast, heldur háð sveiflum, sem iðulega mundu koma fyrir. Getur það eðlilega valdið tilfinnanlegri vöntun á síld í verksmiðjur ríkisins, þegar t. d. væri ekki mjög mikill síldarafli, ef þar væri ekki borgað fast verð, sérstaklega þegar þess er gætt, að afkastageta þeirra er sú, að það er ekki nema mikill minni hluti af allri bræðslusíld á landinu, sem þær geta tekið á móti. Síldarverksmiðjur einstakra manna og félaga til samans geta tekið á móti meiri síld í bræðslu en síldarverksmiðjur ríkisins.

Þá spurði hv. þm. ýmissa eðlilegra spurninga, sem ég get að vísu ekki svarað alveg til hlítar. Skal ég þó leitast við að svara þeim að svo miklu leyti sem gögn eru fyrir hendi.

Hv. þm. spurði, hvort það væri satt, að á yfirstandandi ári hefði verið varið um hálfri millj. kr. til nýbygginga og endurbóta í sambandi við verksmiðjurnar. Það mun láta nærri. Þessar endurbætur og nýbyggingar hafa verið ákveðnar af stjórn síldarverksmiðjanna í samráði við ríkisstj. að því er snerti þær almennu endurbætur og nýbyggingar við verksmiðjurnar. Og sömuleiðis að því er snertir byggingu þróarinnar, þó ekki nema upp að því marki, að hún kosti 175000 kr. En hún kostaði þegar til kom 230000 kr.

Nú telur hv. þm., að þar sem um 500000 kr. hafi verið á árinu, sem er að líða, varið til endurbóta og nýbygginga í sambandi við verksmiðjurnar, þá hafi þarna verið um að ræða stærri upphæð en svo, að afsakanlegt sé að láta það í hendur verksmiðjustj. og ríkisstj. að ákveða notkun þessa fjár. Ég er ekki viss um, að hann verði sömu skoðunar, ef hann athugar hvernig þessar breyt. eru, sem gerðar hafa verið fyrir þetta fé, og hvernig ástatt var áður í verksmiðjunum.

Árið 1935 brást síldveiðin, og varð það tapár fyrir verksmiðjurnar og hagur þeirra þess vegna þrengri en annars hefði orðið. Árið 1936 varð sæmileg útkoma á rekstri þeirra, þannig að þá var 230000 kr. tekjuafgangur, auk sjóðgjalda. Þegar síldarbræðsluverksmiðjan á Raufarhöfn var keypt, var ómögulegt að reka hana án þess að gera á henni umbætur. Auk þess var nauðsynlegt að setja þangað lýsisgeyma, til þess að losna við kostnað, sem því er samfara að hafa lýsið á fötum. Síldarverksmiðjustjórnin taldi, að árið 1936 næmi umframkostnaður á lýsi á Raufarhöfn 26000 kr., sem ekki fengist greiddur, sem stafaði af því, að það varð að hafa lýsið á fötum. En kostnaður var 54000 kr. við bygginga lýsisgeymisins á Raufarhöfn. En aðrar aðgerðir þar við verksmiðjuna munu hafa numið 21000 kr. Er þetta þá samt. 75000 kr. Ég hygg, að ekki orki það tvímælis, að þetta hafi verið nauðsynlegt að gera. Þá hafa verið keyptar skilvindur á þessu ári í allar verksmiðjurnar. Sú aukning, sem með því móti fæst á lýsinu, gerir miklu meira en að borga það, sem þær kosta, þ. e. a. s. ekki á einu ári, heldur þannig, að hún borgar miklu meira en vexti og eðlilegar afborganir af kostnaðarverðinu, miðað við lán. Þetta voru því sjálfsagðar ráðstafanir. (MG: Hvað kostuðu skilvindurnar?). Ég held um 15—20 þús. kr. ein skilvinda, og tvær saman munu þá kosta 30—40 þús. kr.

Í SR 30 á Siglufirði var nauðsynlegt að stækka þurrkofna, því að með auknum afköstum pressunnar urðu þurrkofnarnir of litlir. Ýmislegt fleira var og gert í sambandi við það við þá verksmiðju, keyptar 2 skilvindur, byggður reykháfur o. fl., samtals fyrir um 60000 kr.

Í SRP þurfti að koma fyrir nýrri kolakyndingu og endurbæta reykháf, sem kostaði alls 14000 kr. Í SRN þurfti að kaupa nýja pressu, því að gamla pressan var óhentug. Auk þess voru keyptar þar skilvindur, breytt olíuhúsi o. fl., sem samtals kostaði um 94000 kr.

Þá hefir einnig eftir að rafstöðin var stækkuð á Siglufirði, rafmagnsleiðslukerfi síldarverksmiðja ríkisins þar verið sett í samband við rafstöð bæjarins til öryggis. Til þess hefir þurft

að breyta mjög raflögnum, þar með leggja „kapal“ um verksmiðjulóðina alla. Auk þess var lóðin girt. Þetta allt hefir kostað yfir 30000 kr.

Þá hafa verið keypt tæki, sem að nokkru leyti eru komin á eignalista, sem nema um 30000 kr.

Þessar breyt. allar á síldarverksmiðjum ríkisins nema samtals 250000—280000 kr. Þessar umbætur voru mjög vel athugaðar áður en þær voru gerðar, bæði af síldarverksmiðjustj. og þeim fróðleiksmönnum, sem hún hafði í ráðum með sér. Sömuleiðis af ríkisstj. Ég er þess fullviss, að þessar umbætur allar á verksmiðjunum voru nauðsynlegar, og að allir menn í sporum þeirra manna, sem þarna höfðu um að ráða, hefðu gert hið sama. Og ég vil benda á það, að þessi upphæð, sem nefnd er í frv. 75000 kr., sem hámark fyrir því, hvað má leggja í kostnað til endurbóta og aðgerða á síldarverksmiðjunum án sérstaks samþykkis Alþingis nær ekki nokkurri átt.

Í sambandi við þróarbygginguna vil ég geta þess, að upphaflega var gert ráð fyrir, að slík þró yrði byggð undir 20000—25000 mál, sem kostaði 150000—175000 kr., og var rætt um það við ráðh. Svo þegar til framkvæmdanna kom, varð kostnaðurinn 232000 kr., og var þróin nokkuð stækkuð.

Hv. 1. flm. frv. (J. J.) sagði, að það væru skiptar skoðanir um nauðsyn á þróarbyggingunni. Skal ég geyma mér að ræða um það. En um aðrar breyt., sem gerðar hafa verið í sambandi við síldarverksmiðjur ríkisins og ég hefi getið um, hygg ég, að ekki geti orkað tvímælis, að hafi verið nauðsynlegar. Það hefði verið háski að bíða með þær viðgerðir og endurbætur eftir því, að Alþ. hefði samþ. þær breyt., þannig að ekki hefði verið hafizt handa um þessar endurbætur fyrr en að fengnu því samþykki

Þó að ég óttist, að það e. t. v. komi ekki heim við skoðanir hv. 1. flm., þá er það alveg ómótmælanlegt, að það er skylda allra, sem koma að stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að sjá um, eftir því sem auðið er, að verksmiðjurnar séu hafðar í svo góðu ástandi, að þær geti skilað sem mestu af andvirði síldarinnar til sjómanna og útgerðarmanna, hvort sem verksmiðjurnar borga fast verð eða ekki. Verksmiðjurnar verða því að búa sig svo vel að tækjum, að þær geti fengið sem mest verðmæti úr síldinni með sem minnstum kostnaði. Og allar þessar breyt. og endurbætur hafa verið gerðar með það fyrir augum.

Þá vil ég víkja að fyrirspurnum hv. 9. landsk. Viðvíkjandi þeim vil ég segja honum, að hann getur fengið þennan lista, sem ég hefi hér í höndum, og sú n., sem fær málið til meðferðar. Og viðvíkjandi fyrirspurn hans um það, hvernig rekstrarafkoma verksmiðjanna muni verða á þessu ári, þó að það sé eðlileg spurning, getur hann skilið það, að ég get ekki svarað því til fulls nú þegar. En eftir áætlun, sem fyrir liggur — þ. e. a. s. hún kemur með Goðafossi í dag — er gert ráð fyrir, að ef lýsistonnið selst á 15 £ nettó hér heima — og nú mun vera á fjórða þús. tonn af því óselt —, þá muni rekstrarafgangur verksmiðjanna á árinu verða 50—60 þús kr. auk gjalds í fyrningarsjóð, 50—60 þús. kr. og gjalds í varasjóð 230 þús. kr. og ennfremur afborgana, sem nema 130—150 þús. kr. og sömuleiðis vaxtagreiðslna, þannig að það, sem gengur til afborgana, vaxta og sjóða og rekstrarafgangur, eftir þeirri áætlun, sem ég gat um, verður nálægt 500 þús. kr. En hvort þetta lýsisverð stenzt, get ég vitanlega ekki fullyrt um.

Ég verð að segja það við hv. 1. flm. frv., að ef hann vill tala um „glæfraspil“, að bankaráð þurfi að „taka í taumana“, þá verður hann, ef hann hefir tilhneigingu til að viðhafa þess háttar orð um síldarverksmiðjur ríkisins, að kynna sér málið, áður en hann hefir slík orð í sambandi við þær.

Þá spurði hv. 9. landsk., hvað sjóðir ríkisverksmiðjanna væru miklir og hvort þær hefðu þurft lán til þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið á verksmiðjunum á síðasta ári. Ég hefi nú ekki við hendina efnahagsreikninga verksmiðjanna. Á síðasta ári runnu til varasjóðs og fyrningarsjóðs samtals um 170 þús. kr. Hinsvegar er ekki auðvelt að segja nákvæmlega til um það, hvort lán hafi verið tekið sérstaklega til þessara nýbygginga og endurbóta, vegna þess að verksmiðjurnar hljóta alltaf um hver áramót að eiga talsvert af framleiðsluvörum óselt, nefnilega af afurðum síðastl. árs, sem eitthvað af skuldum hvíla á.

Í byrjun ársins 1936 hvíldi 300 þús. kr. víxill í Landsbankanum á verksmiðjunum. Og þegar gert var upp fyrir það ár, var sá víxill líka framlengdur. En rekstrarlán verksmiðjanna á árinu 1936 voru borguð upp. En í árslok 1936 mun hafa verið miklu meira óselt af afurðum verksmiðjanna heldur en í lok ársins á undan, þannig að víxillinn mun hafa verið meira en „dekkaður“ með þeim vörubirgðum. Um útkomu verksmiðjanna fjárhagslega 1937 verður ekki séð enn til fullnustu. En ég hygg, að stjórn síldarverksmiðjanna telji, að líklegt sé, að víxillinn verði borgaður upp við uppgjör síldarverksmiðjanna fyrir yfirstandandi ár. En það fer vitanlega eftir því, hvort búið verður að selja afurðir verksmiðjanna áður en til þess kemur að kaupa vörur til rekstrar verksmiðjanna á næsta starfsári, svo sem kol og annað slíkt, tilheyrandi rekstrarkostnaði þeirra.

Hv. 9. landsk. er á móti 1. og 2. gr. frv. Það er broslegt, að hv. þm. skuli vera á móti svo þýðingarmiklum gr. síns eigin frv. (MG: Hefir hæstv. ráðh. ekki lesið grg?). Jú, en þungamiðju frv. eru flm. yfir höfuð sammála um. Það er broslegt, að þm. sé mótfallinn þungamiðju þess frv., sem hann sjálfur flytur, þó með öðrum sé.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið, að hann skildi svo ákvæði frv. um ríkisábyrgð, að það bæri fyrst að tryggja það, sem eftir væri af stofnlánum, sem ríkissjóður hefði tekið ábyrgð á f. h. verksmiðjanna, þannig að aðrar lausaskuldir yrðu tryggðar með veðrétti, sem kæmi á eftir þeim veðrétti, sem ríkið hefði í verksmiðjunum. Í sambandi við þetta þarf að koma fram tryggingu fyrir því, að síldarverksmiðjurnar þurfi ekki vegna vöntunar á ábyrgð að

bíða eftir vörum, sem gæti orðið til tjóns, ef ekki er betur um hnútana búið en í frv. er nú.

Þá kem ég að hv. 1. flm. frv. Hann sagði, að það mundi vera pólitískur stefnumunur milli mín og hans og þeirra fl., sem við tilheyrum, sem valdi ágreiningi um afgeiðslu þessa máls. Ég er ekki alveg viss um, að það sé nú a. m. k. af hans hálfu, fyrst og fremst pólitískur stefnumunur, sem kemur því til vegar, að hann fylgir fram þessu frv. En get látið mér detta í hug, að annað sé þyngra á metunum hjá honum í því efni heldur en stefnumunur flokkanna í þessu máli. Mér hefir fundizt, að gætt hafi annara sjónarmiða hjá honum meira heldur en þeirra, sem hann nú nefndi. Hv. 1. flm. telur það mjög misráðið að blanda ríkisstj. mjög inn í starfsemi ríkisverksmiðjanna og að hverri ríkisstj. mætti þykja það fengur að þurfa ekki að skipta sér af þeim málum, og ég ætti því að vera þakklátur fyrir að losna við hrellingar út af að mæta því, sem ég mundi mæta, ef ég væri áfram við ábyrgð út af þeim störfum bundinn. Að því er afskipti ráðh. snertir af starfsemi síldarverksmiðjanna, þá hefir hv. 1. flm. lánazt illa í frv. að létta af ráðh. þeim afskiptum, sem mestu varða. Því að það er ráðh., sem samkv. frv. á að ákveða það á hverju ári, hvort síldarverksmiðjurnar verða reknar eða ekki. Ef hv. 1. flm. vill nú létta þessu alveg af ráðh., þá verður hann að fara eitthvað öðruvísi að. (JJ: Hæstv. ráðh. á þá að velta því af sér sjálfur með brtt.). Það er algerlega ómögulegt að komast hjá því að viðurkenna, að hér er um svo mikið mál að ræða, að ráðh. verður að skipta sér af þessu. En þannig þarf að búa um, að ráðh. geti á hverjum tíma metið, hvað rétt er í þessu. En með frv. er stefnt að því að girða fyrir það, að ráðh. geti haft slíkan aðgang.

Hv. 1. flm. sagði, að breyt. á verksmiðjunum og endurbætur væru mjög umdeildar, hvað nauðsyn þeirra snerti. Ég hefi nú gert nokkra grein fyrir því máli, þannig að hv. þdm. er það kunnugra en áður.

Þá sagði hv. 1. flm. einnig, að minir feður og frændur hefðu verið miklir samvinnumenn og fylgt mjög eindregið fram þeirri stefnu að takmarka útborgun innlagðra vara við einhvern vissan hluta af andvirði afurða og bíða svo eftir því að vita, hvort hægt væri að greiða uppbót. Það er rétt, að hans og minir ágætu frændur hafa margir verið í þessum hópi manna. En ég vil biðja þennan hv. þm. að gleyma því ekki, að svo margt gott sem segja má um starfsemi kaupfélaganna, og að ýmsu leyti þær reglur, sem þau byggja sína starfsemi á, þá hafa hvorki minir né hans frændur megnað að koma í veg fyrir, að mikill hluti bændastéttar landsins, sem nýtur aðstoðar hinna að mörgu leyti góðu starfshátta kaupfélaganna, hefir orðið að leita ásjár hins opinbera og þiggja þá hjálp ríkissjóðs, sem er svo mikil, að engri einni stétt í landinu hefir með einu átaki verið veitt nokkuð svipað því eins mikil hjálp af ríkissjóði eins og bændastéttinni — þrátt fyrir þá miklu sjálfsbjargarviðleitni í lífsbaráttunni, sem sú stétt hefir sýnt (JJ: Mjög mikla og mjög ólíka því, sem hv. þm. þekkir annarsstaðar). Og mér er kunnugt um, að úr föðurlandi eða móðurlandi samvinnustefnunnar hér hjá okkur hefir sú vitneskja fengizt, að kaupfélögin þar hafa nú eins og komið er beðið meira afhroð og orðið að hlíta þeim vandræðum, sem a. m. k. eru fullkomlega til jafns við það, að ég ekki segi meira, sem á ýmsum öðrum stöðum á landinu á sér stað um slíkan félagsskap, þar sem ekki hefir gætt aðstoðar eða styrks minna eða hans ágætu frænda.

Það er ekki hægt að benda á það, hvernig kaupfélögin hagi sölumeðferð kjöts fyrir bændur sem einhverja óbrigðula fyrirmynd um rekstur síldarverksmiðja ríkisins. Þann hátt er ekki hægt að viðhafa þar eins og sakir standa nú. Og þessi aðferð kaupfélaganna hefir ekki komið að haldi án sérstakrar hjálpar þess opinbera.

Hv. 1. flm. hætti undir lok ræðu sinnar að tala sem þm., eftir því sem hann sjálfur sagði, en kvaðst þá tala hér sem bankaráðsmaður og flytja d. þann boðskap, að þjóðbankinn yrði að taka í taumana. Ennfremur sagði hann, að verðið á síldinni, sem ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði hefðu greitt fyrir hana, hefði verið svo hátt, að síldarbræðslur á Seyðisfirði og Norðfirði hefðu gersamlega komizt í fjárhagslegt öngþveiti. Þess vegna gæti hann ekki sem bankaráðsmaður látið ganga svo lengur þetta glæfraspil. Fór hann um þetta mjög hjartnæmum orðum. Hann sagði, að verðið, sem ákveðið hefði verið á Siglufirði í sumar fyrir síldina, hefði verið hreinasta „spekulation“ og glæfraspil, og bætti því svo við, að það hefði orðið til þess að drepa fjölda af annars heilbrigðum fyrirtækjum. Mér skildist hann vera að reyna að komast að þeirri eftirtektarverðu niðurstöðu og einkennilegu, að síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði eigi að miða það verð, sem þær gefa fyrir síldina, við það, að aumustu síldarverksmiðjurnar á landinu geti borið sig með því að borga sama verð. En við hv. 1. flm. getum aldrei orðið einnar meiningar í þessu. Besta síldveiðin er fyrir austan, í kjördæmi hæstv. fjmrh. og mínu. Þó er því miður þar um að segja, að það hefir sýnt sig — og var nokkuð vitað áður —, að síldin þar er ekki eins feit, gefur ekki eins mikla olíu og síldin fyrir Norðurlandi, sem til Siglufjarðar kemur. Auk þess er það vitað, að verksmiðjur með 300 og upp í 1000 mál hafa að sjálfsögðu miklu dýrari vinnslu á máli en stórar verksmiðjur. Og sennilegt er, að sá munur verði því meiri að öðru jöfnu, sem stærðarmunurinn er meiri á verksmiðjunum. Nú eru byggðar hér stórar verksmiðjur, 2400—3000 og upp í 5000 mál, á Hjalteyri og Djúpuvík, að ég ætla, og hefir verið haft við orð af sumum að bæta við. Samtals komu á Siglufirði, þegar bezt gekk í sumar, 10 þús. mál á dag, og þar lækkar og vinnslukostnaðurinn nokkuð hin sameiginlega stjórn. Nú er það ætlun hv. þm., að verðlagið sé ákveðið þannig, að tryggt sé, að minnstu verksmiðjurnar geti borið sig með því verði, sem hinar greiða út. Ef síldarverksmiðjan á Seyðisfirði

hefði ekki greitt nema 7 kr. fyrir mál, þykir mér líklegt, að hún mundi hafa komizt hjá rekstrarhalla. Ef verðið hefði verið ákveðið 7 kr. um allt land, hverju munar það? Ég ætla, að síldaraflinn í sumar hafi verið alls eitthvað kringum 1400—1500 þús. mál. Það er sama og 1½ millj. kr., sem sjómenn og útgerðarmenn hefðu misst af verði afla síns, ef kenningu hv. þm. hefði verið fylgt. Ég játa, að eðlilegt hefði verið að ákveða þetta verð, ef síldarverksmiðjur ríkisins hefðu ekki risið undir að greiða 8 kr. En eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir nú og ég hefi ekki ástæðu til að rengja, þá er útlit fyrir það, að þær fái öll sín gjöld og sínar tilskildu afborganir, þrátt fyrir það, að þær greiddu þetta verð í sumar. Ég tel því, eftir því sem enn liggur fyrir, að síldarbræðslustjórn hafi ekki lagt neitt „spekulationa"-verð á síldina í sumar, heldur hafi hún miðað það við sína getu til að greiða, getu, sem fyrst og fremst er undir því komin, að verksmiðjan sé búin þeim tækjum til að vinna síldina, sem ná úr henni því mesta verðmæti og jafnframt eru svo ódýrar í rekstri, sem hægt er við að koma. Það verður að sjálfsögðu til mestra hagsbóta fyrir síldveiðimenn, útgerðarmenn og sjómenn og þjóðina í heild sinni.

En frv. hv. þm. S.-Þ. gerir engan mun á smáverksmiðjum eins og t. d. á Austurlandi gagnvart síldarverksmiðjum ríkisins, hvort sem greitt verði 85% eða fast verð. Ef þessar verksmiðjur taka upp þetta ákaflega álitlega fyrirkomulag í augum þm., að greiða líka 85%, þá standa þær engu betur að vígi. Ef þær borga fast verð, þá fylgir áhætta, sem hv. þm. telur óhæfa. Ég verð að segja það, að l. um rekstur síldarverksmiðja ríkisins megi aldrei miðast við það að skapa afkomumöguleika fyrir smáar verksmiðjur hér og þar á landinu, sem hafa við allt önnur skilyrði að búa. Og við ákvörðun þess verðs, sem þær borga út, er ómögulegt að taka tillit til verksmiðjanna á Seyðisfirði og Norðfirði og Hólmavík. Þær verða að miða við sína afkastamöguleika. Ef þessar litlu verksmiðjur hafa að sumu leyti óhægari aðstöðu, þá verður einhver annar aðstöðumunur að geta bætt það upp, ef þær eiga að geta haldið áfram. Og að því er snertir Austfirðinga, þá vona margir, að karfamiðin og innfjarðasíldin geti bætt þann aðstöðumun, sem er á því að taka á móti sumarsíldinni.

Ég held það hafi ekki verið fleira í sambandi við ræðu hv. þm., sem ég þurfti að víkja að, og læt þetta því nægja.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Ed., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta, því að flest af því, sem ég annars mundi sagt hafa í þessu máli, hefir hæstv. atvmrh. tekið fram.

Þess ber að geta sem gert er, og ég álít, að það séu til í þessu frv. ákvæði, sem eru til bóta, eins og t. d. það, að bæjar- og sveitarfélög fái 1% af brúttóhagnaðarverði seldra afurða. Um þetta hafa verið háværar kröfur, sérstaklega frá Siglufirði, og þetta er sanngjarnt, enda er það í samræmi við ákveðnar óskir manna á þessum stað. Annars er skemmst frá því að segja, að ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt, þá held ég, að það sé óhætt að fullyrða, að það yrði til tjóns fyrir þá, sem hlut eiga að máli. Það, sem er fyrst og fremst ófært í þessu, er það, að það er ekki gert ráð fyrir að borga fast verð fyrir síldina við móttöku, heldur aðeins 85%. Hæstv. atvmrh. er búinn að sýna fram á það, hversu hættulegt þetta gæti orðið fyrir verksmiðjurnar sjálfar, en það er líka önnur hlið á málinu, sú, sem að sjómönnum og útgerðarmönnum snýr. Menn reikna yfirleitt með því verði, sem fæst við móttöku, en ekki með neinni óvissri uppbót, svo að þetta mundi verða til þess, að verksmiðjur einstakra manna þyrftu ekki að bjóða hærra verð í góðum síldarárum en það, sem síldarverksmiðjurnar greiða við móttöku, og af þessu ákvæði mundi þess vegna ekki leiða annað en það, að síldarverðið til sjómanna og útgerðarmanna yrði yfirleitt óeðlilega lágt, og verksmiðjur einstakra manna mundu fleyta af því rjómann. Þetta virðist mér aðalatriðið, og þetta er það, sem gerir þetta ákvæði alveg ófært, og til þess að þetta frv. verði ekki beinlínis til tjóns fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, bæði fyrir verksmiðjurnar og eins fyrir þá, sem við verksmiðjurnar skipta, þarf að breyta þessu.

Þá er annað, sem er athugavert, og það er skipun verksmiðjustj. Það hefir viljað brenna við, að hrævareldar pólitískra hrossakaupa hafa viljað loga kringum þessar verksmiðjur, og þetta er ekki til þess að bæta úr skák. Það, sem fyrst og fremst ríður á, þegar um er að ræða stjórn slíkra fyrirtækja, er það, að stj. sé skipuð fyrst og fremst sérfróðum mönnum og svo fulltrúum þeirra, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við verksmiðjurnar. Það er till. frá Siglfirðingum, að stj. sé skipuð þannig, að 3 séu kosnir af Alþingi, 1 af verkamannafélaginu Þrótti og einn af útgerðarmönnum. Mér finnst þetta tiltölulega skynsamleg till. Ég verð að lýsa mig algerlega andvígan frv. í heild, nema að þessum atriðum, sem ég hefi drepið á, sé breytt, og fleiri atriðum, sem ég ætla ekki að ræða hér, vegna þess að það er búið að fara svo ýtarlega út í það, fyrst og fremst af hæstv. atvmrh. Annars mun flestum finnast framkoma framsóknarmanna í þessu máli ódrengileg. Í þessu máli taka þeir höndum saman við íhaldið á móti samstarfsfl. sínum í ríkisstj., og yfirleitt á móti verkamönnum og sjómönnum, sem þó eiga mestra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál.

***Jón Baldvinsson:** Hv. 9. landsk. segist vera á móti 1. og 2. gr. þessa frv., og það er í samræmi við það, sem Sjálfstfl. hefir verið í þessu máli, því að þetta mál er ekki alveg nýtt á þinginu, — samfylking sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í þessu máli er ekki ný. Hún var líka á síðasta þingi, og þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að þetta væri hégómamál. Hann

sagðist aðeins vera með því af því, að það væri til þess að spilla öllu og gera allt vitlaust. Það gæti ef til vill vakað eitthvað svipað fyrir hv. 9. landsk. með því að allt í frv. væri nógu vitlaust til þess að koma glundroða á allt, og þó að hann taki ekki svo djúpt í árinni, þá hefir hann lýst yfir því, að hann væri á móti 1. og 2. gr. sins eigin frv. Ég man fyrir víst, að hv. 1. þm. Reykv. kallaði frv. um síldarverksmiðjustj. í fyrra hér í d. hégómamál, og var þó sjálfur með því, en seinna í umr. og deilu við hv. 1. þm. Eyf. lýsti hann því yfir, að hann væri mótsnúinn þessu frv. að öðru leyti en því, ef það gæti komið á einhverjum glundroða. Það er eiginlega ekki annað að segja við hv. 9. landsk. í þessu máli. Hann gerði ýmsar fyrirspurnir til hæstv. ráðh., sem hann hefir fengið fullnægjandi svar við.

Hv. þm. S.-Þ. vildi ég segja það, að þó að ekkert frv. yrði samþ. núna um þetta mál, þá gerði það ekki mikið til, því að þá kæmu aðeins í gildi l. frá 1935, og þau gera ráð fyrir, að 4 menn séu kosnir til 3 ára, en formaður sé skipaður af atvmrh., svo að það er engin brýn nauðsyn að samþ. nein ný l., heldur gætu þau l., sem nú gilda um 3 menn, fallið úr gildi um næstu áramót og jafnframt kæmu svo í gildi l. frá 1935, og yrði stj. þá skipuð samkvæmt því. Ég geri ráð fyrir, að það mundi þykja rétt að gera ráðstafanir til þess að kjósa þessa menn áður en þinginu yrði slitið, ef ekkert frv. yrði samþ., og hæstv. atvmrh. skipaði þá formann síldarbræðslustj.

Það má segja, að það sé nýmæli í frv., að það er gert ráð fyrir 5 mönnum, sem allir, séu þingkjörnir, og það er ætlazt til þess að taka þau völd af hæstv. ráðh., sem hann nú hefir til að skipa formanninn. Það er miklu meiri losarabragur á þessu, og það er greinilegt, að þarna hafa verið samkomulagstilraunir á ferðinni, sem endað hafa á því, að orða þetta svo losaralega, að þarna er sett stj., sem enginn veit, hvort getur fengið hæfan mann fyrir formann eða hvort sá maður, sem síldarbræðslustj. skipar, muni hafa nokkurt samband við ríkisstj. Við skulum hugsa okkur, að það héldi áfram samfylking í þessu síldarmáli milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna og það væri það sem þeir kalla rauð stjórn við völd, þá gæti farið svo, að kosinn yrði sjálfstæðismaður fyrir formann, sem þættist ekki þurfa að tala við ríkisstj. um þessi mál, þó að hún beri að vissu leyti ábyrgð á skuldbindingum og rekstri verksmiðjanna.

Annað atriði, sem er nýmæli, er aukið vald framkvæmdarstjóra. Það hefir oft verið svo og mun verða í framkvæmdinni, að framkvæmdastjórinn er sá, sem mest ráð hefir um reksturinn. Og er þá mikils um vert, að val þess manns takist vel. Hann þarf ekki aðeins kunnáttu um reksturinn og vit á sölu afurðanna. Hann þarf líka þá lipurð, sem einkennir góða verkstjóra, og að geta haft vinsamlegt samband við sína verkamenn. Annars getur hann átt margt á hættu. Hann nær ekki þeirri vinnu hjá fólkinu, sem annars mætti vænta, og allt vill fara í ólestri. Það getur tapazt stórfé, ef stirður og klunnalegur verksmiðjustjóri er skipaður yfir verkafólkið með miklu valdi. Ég veit, að hv. þm. sjá, að það tjón lenti ekki aðeins á útgerðarmönnum og sjómönnum, heldur líka á síldarverksmiðjum ríkisins. Hv. þm. S.-Þ. hélt að ráðið væri að hafa framkvæmdastjórana fleiri en einn. Ég held það henti bezt að hafa hann einn. Hann gæti haft ráðunaut eða verkstjóra sér við hlið, einkum ef hann hefði ekki þá þekkingu, sem þarf á vélum eða öðru sem sérstakur vandi er að fást við eða of tímafrekt fyrir einn.

Þriðja nýmælið er, að endurbætur og nýbyggingar í verksmiðjunum megi ekki kosta yfir 75 þús. kr. á ári, nema með samþykki Alþingis í hvert sinn. Í rauninni sýnir fátt betur en þetta, hvað hv. flm. frv., hv. þm. S.-Þ. og hv. 9. landsk., eru gersneyddir því að hafa vit á þessum málum. (MG: Gersneyddir hverju?) Þeim hefir aldrei dottið í hug, að verksmiðjurnar væru kannske orðnar á 4. millj. kr. að verðmæti, og að þar séu vélar og áhöld, sem þarf að endurbæta á hverju ári. Þeir hafa ekki hugleitt, að það taki neinn tíma og að það er ekki hægt að útvega t. d. vélarnar sumar nema með 4—5 eða 6 mánaða fyrirvara — mismunandi eftir því, hvernig verzlunarástandið er í þann svipinn. Eins og nú er, ætla ég, að ekki sé hægt að fá svo mikið sem smæstu vélarnar öðruvísi en með margra mánaða fyrirvara. Segjum, að verksmiðjustj. sýni ríkisstj. fram á, að það þurfi að útvega vélar fyrir næsta síldveiðitíma. Jú, það er hægt, en þær kosta 76 þús. kr. Þá þarf að bíða eftir samþykki Alþingis, sem kemur saman í febrúar. Svo er rætt um það fram og aftur á Alþingi, þar sem afgreiðsla þess fléttast saman við afgreiðslu ýmissa annara mála, og í apríl er samþ. að heimila stj. þessa ráðstöfun. Það verður þá kannske komið fram í sept., þegar vélarnar nást, og verksmiðjurnar hafa þurft að standa kyrrar yfir sumarið. Er það tilgangur hv. flutningsmanna? Eða kannske vakir það fyrir þeim, að þá sé jafngott, þó að kallað sé saman aukaþing til að samþ. þetta. (MG: Jú, ætli það mætti ekki?) Já, ætli ekki það? Ég heyri það á hv. 2. flm., að ekki yrði sá kostnaður talinn eftir, og sem flm. hefir hann sjálfsagt sett sín fingraför á frv.

Mér detta líka í hug breytingar, sem 9 eða 10 mánuði þarf til. Í öllum verksmiðjum ríkisins er eldþurrkun á síldarmjölinu, og mér er sagt, að það geti valdið því, að eggjahvituefnin í mjölinu verði lítt uppleysanleg og komi þá ekki að notum við fóðrun. Þessvegna eru umleitanir farnar að berast um það úr markaðslöndunum, að þessu sé breytt og tekin upp gufuþurrkun. Ef það kemst á hjá keppinautum okkar, verður það óumflýjanlegt hér samstundis. Af því leiddi, að miklu meiri fjárhæð en 75 þús. kr. yrði að eyða til breytinga í það horf, sem kaupendur heimta. Okkur yrði nauðugur einn kostur — svo framarlega sem ekki yrði beðið þings og allar verksmiðjur ríkisins fengju að standa óhreyfðar yfir síldartímann — að afnema þetta ákvæði með bráðabirgðalögum, og sæist þá bezt, að það er illu heilli sett í frv. — Ég sé ekki vit í öðru en að

ríkisstj. verði að hafa valdið til að ráða fram úr þessu á hverjum tíma, — ekki komi til mála að kalla saman aukaþing í sept., þó að breyta þurfi verksmiðjunum án tafar, eins og ég benti á með dæminu um gufuþurrkunina.

Þá er fjórða nýmælið, að ríkissjóður skuli ekki bera ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi. — Ég veit ekki, hvaða áhrif þetta kynni að hafa á möguleika verksmiðjanna til að útvega sér rekstrarfé. Það gætu orðið slæm áhrif. Ég vil þá skjóta því til hv. flm., hvort þeim þætti ekki ráðlegt að bæta við í frv. beinni lagaheimild handa stjórn ríkisverksmiðjanna til þess að afla sér fjár erlendis. Þannig mætti afla rekstrarfjár fyrir vörur frá verksmiðjunum, ef verksmiðjustj. fengi leyfi til að ráða yfir þeim gjaldeyri, lofa honum upp í kostnaðinn. Ég heyri sagt, að nú sé búið að samþ. í hv. Nd., að útgerðarmenn megi ráðstafa einhverju af sínum gjaldeyri til að kaupa útgerðarvörur erlendis, — og að vissu leyti eyðileggur það gjaldeyrismálin. En ef það á að svipta ríkisverksmiðjurnar möguleikum til að fá lán hér í bönkunum, þá er það ekki hægt án þess að opna einhverja möguleika í staðinn. Alveg eins og síldarverksmiðjan í Krossanesi hefir leyfi til að ráðstafa gjaldeyri, þannig að hún fær frjáls yfirráð yfir vörum, sem hún framleiðir, og andvirði þeirra til þess að fá erlenda mynt, eins ætti að mega leyfa ríkisverksmiðjunum það. Það verður að taka til athugunar, ef það er virkilega meining hv. flm. að svipta ríkisverksmiðjurnar þeirri ábyrgð ríkissjóðs, sem þær hafa notið til þessa.

Ekki sé ég betur en að dálítið sé rýmkað hér um möguleikana til þess að selja verksmiðjurnar. Það er kannske ekki afarstórt atriði. Það stendur í núgildandi lögum, að til þess þurfi samþykki beggja deilda Alþingis. En samkv. frv. er nóg, að sameinað þing geri ályktun um það. Það þýðir, að þá þarf færri menn til að samþ. — nú þarf 9 í Ed. og 17 í Nd. Þó að ég sé ekki að draga úr því, að það sé fullgild ályktun, sem sameinað Alþingi gerir, álít ég, að betur eigi við, að til þess að sala sé leyfileg, þurfi lög samþ. í báðum deildum.

Ég ætla ekki að ræða mikið um það nýmæli, að verksmiðjurnar skuli aðeins greiða 85% af verði síldarinnar við móttöku, því að hæstv. atvmrh. hefir sýnt, að það er ekki hægt að reka þessar verksmiðjur, ef því ákvæði yrði framfylgt, hvernig sem á stendur. Þær sögur og sannanir, sem hv. þm. S.-Þ. ber fyrir sig í þessu efni, eru í raun og veru einskis virði. Sjómenn úr öllum landshlutum koma með síld sína til Siglufjarðar og selja hana þar, ef ekki eru boðin betri kjör annarsstaðar. Og þegar þeir fara af skipunum í september, er gert upp við þá. Kæmi svo til þess, að uppbót yrði borguð á 85% verðið, væri ekki hægt að ná til þeirra. Það þýddi, að fjöldi sjómanna væri snuðaður um hlut sinn — um þann hluta af þessum 15%, sem á að halda eftir, sem verksmiðjustj. þættist geta borgað að reikningskilum sínum loknum. — Hv. þm. S.-Þ. talar um kaupfélögin eins og heilagan hlut og ætti ekki að misnota þau með samanburði við síldarverksmiðjur, því að þar hagar allt öðruvísi til. Þau ná yfir takmarkað svæði. Framan af ári er bændum lánað fyrir nauðsynjum, sem þeir síðan greiða með framleiðsluvörum sínum síðar á árinu, og þeim gerir svo sem ekkert til, þó að fullnaðar-reikningsskil dragist. Þetta eru menn, sem búa nálægt verzlunarstaðnum og kaupfélagsstjórnin þekkir og á stöðugt vissan aðgang að. Sama má segja um sölusamlagið í Vestmannaeyjum. Þar búa allir viðskiptamennirnir á sölustaðnum og alltaf hægt að gera upp við þá, en það á aðeins við lítinn hluta af þeim, sem verzla við síldarverksmiðjur ríkisins.

Þá vil ég benda á, að fresturinn, sem bæjarfélög, hreppsfélög, búnaðarfélög og samvinnufélög hafa til að panta síldarmjöl, er lengdur frá 31. ág. til 30 sept. Það er gífurlegur ókostur að þurfa að halda óseldu mjöli svo lengi aðeins til þess að vita, hvort einhverjum þóknast síðar meir að kaupa það innanlands. Í sept. getur legið fyrir boð, sem verður að taka þá strax eða sleppa. Verð getur fallið svo á erlendum markaði, að síldarverksmiðjur ríkisins verði fyrir stórtapi. Ég skil ekki, hvaða vit er í þessu — og skil þó, að hv. flm. hafa bara verið einsýnir í málinu, hugsað sem svo, að það væri gott fyrir bændur að vita sem nákvæmast um heyfeng í sept., áður en þeir ákveða fóðurbætiskaup. En þeir hafa ekki hugsað um verksmiðjurnar, sem þeir eru að semja lögin fyrir.

Það er ekki hægt annað en brosa, þegar hv. þm. S.-Þ. talar um ýtrasta sparnað í hvívetna. Því að hvort sem menn kalla það last eða lof, verður ekki á móti því borið, að hann eyddi fé, meðan hann var við völd, eins og öllum vill verða, sem eitthvað vilja framkvæma. — Hann sagði líka eitthvað fallegt um, að það ætti að ríkja hlutleysi í verksmiðjustj. og hún yrði að vera ópólitísk. (JJ: Þetta var mjög alvarlega meint!). Vafalaust. Því að hann leggur til, að stjórnin sé eingöngu kosin pólitískt — kosin hlutfallskosningu af öllum flokkum á Alþingi. (JJ: Þeir uppvega hver annan. — MG: Og kemur út núll). Það getur aldrei orðið ópólitískt, sem Alþingi kýs. Pólitíkin, eða öðru nafni þjóðmálin, hljóta að koma verksmiðjustj. við að vísu. En fremur mætti kalla það ópólitíska verksmiðjustjórn, sem t. d. væri þannig kosin, að útgerðarmenn tilnefndu einn manninn, sjómenn annan, en atvmrh. hinn þriðja.

Og það vil ég leggja áherzlu á, að það eru miklu meiri líkur til, að sú stjórn yrði starfsfær, ef 3 menn eru í henni, heldur en ef 5 menn, kosnir af Alþingi, ættu að stjórna saman. Þá eru meiri möguleikar til þess, að verksmiðjustjórnin öll sé viðstödd á Siglufirði um síldveiðitímann, en það mundu þessir 5 menn ekki verða. Hv. þm. S.-Þ. sagði, að rifrildið borgaði sig ekki. Alveg rétt. Og ef þetta verður samþ., sé ég ekki annað en verið sé að vekja upp gamalt rifrildi. Hver hefir heyrt um rifrildi síðasta árið í stjórn síldarverksmiðjanna? — Enginn hefir orð á því. Stjórnin virðist hafa

verið alveg sammála um sínar framkvæmdir. Gerum ráð fyrir, að henni missýnist í einhverju; það er mannlegt. En þá eru meðlimir hennar of samhentir til að snúa því upp í brigzl hver um annan. Það hefir ekkert gerzt, sem minnir á það, þegar 5 menn voru í stj. og stóðu í rifrildi út á við og rifrildi hver við annan í blöðunum og í málaferlum hver við annan um meiðyrði. Þá töldu Alþfl.-menninir í nefndinni hana óstarfhæfa og sögðu sig úr henni. — Nú mundi hafa heyrzt hljóð úr horni, ef nokkur treysti sér til að segja, að verksmiðjustjórnin sé óstarfhæf. Ég veit vel, að sjálfstæðismenn deila á formann hennar. En hann hefir nú gert hreint fyrir sínum dyrum. Hitt hafa þeir aldrei sagt, að stjórnin væri óstarfhæf af því, að mennirnir í henni gætu ekki unnið saman.

Það er ástæða til að gruna Sjálfstæðisfl. og Framsfl. um undirmál um verksmiðjustjórnarkosning, ef þetta ákvæði frv. verður samþ. Það er grunur á, að þeir ætli að setja þá menn þar að, sem mestum ágreiningi ollu. Og þar sem frv. ákveður, að stjórnin skuli sjálf skipa sér formann, gæti ég trúað, að það væri í undirmálunum, að sá skyldi verða formaður, sem mestum hefir óheillunum valdið, — því vali væri nú þegar til lykta ráðið.

En ég veit, hvers vænta má. Það verður nákvæmlega sama rifrildið og tortryggnin og áður var gagnvart þeim, sem verða í verksmiðjustj., um, að þar sé ekki allt með felldu.

Ég sé því ekki betur en að þetta frv. sé að flestu leyti til hins verra, og í stað þess að draga úr hinu pólitíska rifrildi og skapa hlutleysi í verksmiðjunum framvegis, verði það þvert á móti til að auka rifrildið, gera allt pólitískara og innleiða hlutdrægni í stjórn verksmiðjanna, sem ég held ekki sé kvartað um hjá núv. stjórn. Reksturinn hjá þessari stjórn hefir gengið allsæmilega, eftir þeim tölum að dæma, sem hæstv. atvmrh. kom fram með í gær. Ég vil að vísu enga ábyrgð taka á, að tölurnar, sem voru nefndar, séu réttar. En ég álít, þangað til annað reynist, að yfirlitið sé rétt, og þá er afkoma síldarverksmiðjanna sæmileg, þrátt fyrir þetta verð. Hv. þm. S.-Þ. var alltaf að narta í verksmiðjuna á Seyðisfirði, sem hæstv. atvmrh. kom upp, og held ég sannast að segja, að hann hafi gert þetta til þess að geta nefnt verksmiðjuna á Norðfirði, sem hæstv. fjmrh. mun hafa staðið að. Getur verið, að mætti finna dæmi í sögunni, að svo hafi verið farið að áður.

Ég vil segja út af samanburðinum á kaupfélögunum og rekstri verksmiðjanna, að sá samanburður stenzt ekki, og skal ég nefna eitt dæmi því til sönnunar. Það er sameiginlegt álit allra kaupfélagsmanna nú, að það geti að vísu látið sig gera að lána í sveit, þar sem hver þekkir annan og kaupfélagsstjórinn veit um möguleika hvers eins til að standa í skilum. En í kaupstöðum yfirleitt sé það óhjákvæmileg nauðsyn að selja gegn staðgreiðslu, vegna þess að ekki er hægt að hafa neina hugmynd um, hvernig viðskiptamennirnir eru. Starfsmenn kaupfélaganna í bæjum þekkja þá ekki. Þeir eru í Reykjavík eitt árið, Hafnarfirði eða Akureyri næsta ár o. s. frv., og geta flutt sig með kaupmanna- og kaupfélagsskuldir, og það borgar sig bókstaflega ekki að eltast við að innheimta þessar skuldir. Þess vegna álita kaupfélagsmenn í bæjum, að staðgreiðsla sé sjálfsögð. Á sama hátt verður að vera ákveðið verð hjá síldarbræðslum ríkisins, sem eiga mjög erfitt með að ná til þeirra, sem við þær hafa skipt, með eftirreikninga. Mér finnst þess vegna dæmið af kaupfélögunum ekki sanna nokkurn skapaðan hlut af því, sem hv. 1. flm. vildi láta það sanna.

Það er sýnilegt, að þeir þm., sem að þessu frv. standa, hafa á engan hátt gert sér ljóst, hvílíkt feikna bákn rekstur síldarverksmiðja ríkisins er; það sýna hin ýmsu ákvæði, sem ég hefi bent á og eins hæstv. atvmrh., svo sem um endurbætur verksmiðjanna og hvernig eigi að fá rekstrarfé. Þeir hafa lítið hugsað um það, hvernig hag verksmiðjanna gæti verið borgið, eða þeim mönnum, sem skipta við þær, sem er meginhluti allra útgerðarmanna og sjómanna og stór hluti verkamanna landsins. Ég held, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, þurfi að taka það til rækilegrar íhugunar og bæta úr þeim stórkostlegu ágöllum, sem hlutu óhjákvæmilega að verða á þessu afkvæmi Framsfl. og Sjálfstfl., þegar það fyrst sá dagsins ljós.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég sé nú, að umr. eru farnar að þreyta menn nokkuð og 1. flm. flýr úr deildinni, — sennilega vill hann ekki fá meira af ádeilum og gagnrýni en hann er búinn að fá fyrir þetta afkvæmi sitt. Þó að nú sé búið að gera allýtarlega grein fyrir ókostum þessa frv., þykir mér hlýða að láta koma fram mótmæli gegn ýmsum ákvæðum þess áður en það fer væntanlega í þá nefnd, þar sem ég á sæti, — mótmæli fyrir hönd þeirrar stéttar, sem frv. kemur til með að leika harðast, sem er sjómannastéttin.

Um skipun stjórnarinnar má segja það, að það er verið að snúa inn á sömu braut og áður var, þegar allt virtist vera að fara út í blossa og vitleysu, áður en lögunum var breytt 1935, að ég ætla. Það hefir sýnt sig, að það er ekki rétt að skipa stjórn við svona stórfellt fyrirtæki sem ríkisverksmiðjurnar eingöngu eftir pólitískum línum, heldur eigi að velja menn, sem vitað er, að hafa eitthvað til brunns að bera til að stjórna slíkum rekstri og líta eingöngu á hag þeirra manna, sem verksmiðjurnar eru fyrst og fremst stofnaðar til að vernda. Og það er í fyrsta lagi sjómannastéttin og þeir smærri útgerðarmenn, sem ekki áttu annars úrkosta en að fleygja afla sínum í sjóinn, ef mikill afli barst að. En ég get ekki séð, að þeirra réttur sé sérstaklega tryggður með því fyrirkomulagi, sem hér er ætlazt til. Ég er ekki í neinum vafa um það, — þó að sú till. sé ekki heyrð á Alþingi — þá er ekkert fyrirkomulag réttara en að viðkomandi atvmrh. skipaði þessa menn og beri ábyrgð á, hvernig stjórnin fer úr hendi. Það hefir sýnt sig um tveggja ára skeið, að þess háttar skipulag hefir verið það heppilegasta á þeim tíma, sem verksmiðjurnar hafa starfað í landinu. En þrátt fyrir þetta koma nú fram talsmenn þess fyrirkomulags, sem er búið að sýna sig að vera óhafandi. Millistig á

þessu er það, sem hér er nefnt, að Alþingi tilnefni þrjá menn, þeir, sem leggja verksmiðjunum til verkefni, sjómenn og útgerðarmenn, nefni sinn manninn hvor. Ég tel alveg fráleita þá till., sem skotið hefir upp, að eitt verkamannafélag á landinu eigi að skipa mann í stjórnina, því að verkamenn t. d. við verksmiðjuna eiga miklu minna undir því, hvernig fyrirkomulag verksmiðjanna er, heldur en þeir, sem afla síldarinnar og færa verksmiðjunum hráefni. Verkamennirnir eru ráðnir fyrir fast kaup. Verðlagið á síldinni hefir tiltölulega lítil áhrif á það. Því meira aflamagn, sem að verksmiðjunum berst, því lengri vinna fyrir verkamennina. Tímakaupið eða mánaðarkaupið er venjulega hið sama árið yfir, hvort mikið eða lítið aflast. Að þessu leyti er áhætta verkamanna við verksmiðjurnar nauðalítil, miðað við þá áhættu, sem fiskimaðurinn á undir aflabrögðum og verðlagi. Enda tel ég, að krafan um íhlutunarrétt þeirra um menn í stjórnina eigi ekki rétt á sér. Það er sjómannastéttin, sem vitanlega á að eiga sinn fulltrúa þar.

Þá er fasta verðið og áætlunarverðið. Við höfum þegar nokkra reynslu af þessu áætlunarverði. Það var greiddur viss hluti af áætluðu verði hjá síldarverksmiðjunum á sínum tíma, eða fyrsta árið, sem þær störfuðu, og reynslan mun því miður hafa orðið sú, að bætt var lítið við hið útborgaða verð. Með lækkuðu síldarverði 1931, 1933 og 1934 þótti sýnt, að enginn útgerðarmaður fengist til að skipta við verksmiðjurnar upp á það, að draga af því verði, sem þá var talið frekast fært að greiða, og farið inn á þá braut að greiða fastákveðið verð, og ef um áhættu væri að ræða, yrði hún að lenda á verksmiðjunum. Síðan þetta var tekið upp hefir þessari reglu verið fylgt. Og ég leyfi mér að fullyrða, að leitun er á þeim sjómanni, sem ekki vilji hafa þessa skipun á, að þeir viti fyrir víst í byrjun vertíðar, hvað þeir fá fyrir síldina, og svo mun vera um meiri hl. útgerðarmanna líka.

Hv. 10. landsk. hefir nú gert mjög ljósa grein fyrir því, hvernig þetta verkar fyrir fjölda sjómanna í mörgum tilfellum. Þeir fá aldrei þessa uppbót í mörgum tilfellum. Ég hefi þá sorglegu sögu að segja frá tímum einkasölunnar, sem ekki greiddi í upphafi nema nokkurn hluta af því, sem átti að greiða fyrir hverja tunnu, að fjöldi manna fékk aldrei uppbótina. Lágu til þess ýmsar ástæður. Í sumum tilfellum lá þetta frosið inni hjá ýmsum útgerðarfélögum, og í öðrum tilfellum voru mennirnir komnir út um borg og bý, og lenti þá í trassaskap að fá þeim þessa peninga. (**JJós:** Hjá einkasölunni? Getur það verið? (!)). Þarna var sá ágalli hjá henni, sem ég dreg ekki dulur á. (**JJós:** Ég hélt þetta væri fyrirkomulagið, sem þm. vildi helzt hafa). Já, ég get rætt þetta mál við hv. þm., þegar svo ber undir. Þó að ágallar hafi verið á þessu fyrirtæki, þá hafði það aðra kosti, sem gerði það að verkum, að það átti fullkomlega rétt á sér. (**JJós:** Hverjir voru nú þeir?). Að því getum við komið seinna. En þetta er einn af ágöllunum, og einmitt slíkan ágalla virðist eiga að innleiða í skipulagið á ríkisverksmiðjunum.

En þetta hefir aðra og kannske enn veigameiri þýðingu. Því að eins og bent var á áðan, verður sennilega áætlunarverðið, 85%, það verð, sem einkaverksmiðjurnar binda sig við, og taka svo af sínum viðskiptavinum þann mismun, sem kann að felast í uppbótinni hjá ríkisverksmiðjunum. Þetta þýðir, að allir þeir, sem ynnu á skipum þessara manna, sem yrðu að selja í einkaverksmiðjurnar, fengju minna fyrir sinn afla heldur en ella. Hér er hreint og beint verið að hjálpa einkaverksmiðjunum til að taka stærri hlut eða hagnað af viðskiptamönnum en þeir í raun réttri eiga. Þetta held ég, að sé búið að færa nokkurn veginn ríkar sönnur á; og ég verð að segja, að ég í raun og veru trúi ekki, að sjálfstæðismenn í d. gangi inn á þessa braut. Þá er ekki ennþá sýnt, hversu margir fylgismenn hv. flm. munu fylgja honum; reynslan ein sker úr, hve margir vilja fremja svo hróplegt ranglæti gegn þessari stétt, sem í raun og veru heldur ríkisbúskapnum á floti, með starfi sínu og striti, enda rignir nú mótmælum frá sjómönnum og smærri útgerðarmönnum inn í þingið gegn þessu frv.

Eina virkilega mótbáran, sem komið hefir fram, er sú, að nokkur hætta sé á, að ætlað verði of hátt verð hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Ennþá hefir þetta ekki komið að sök, þó að ekki sé laust við, að verið hafi gerðar illvígar tilraunir til að spenna verðið hærra en rétt væri. En við vitum, af hvaða toga það var spunnið, og ég hefi ekki trú á, að þeir hinir sömu leiki þann leik aftur, því að það mun koma þeim sjálfum í koll. Hinsvegar er ég þeirrar skoðunar, að ríkisverksmiðjurnar eigi að fara svo nærri því rétta um ákvörðun verðsins í byrjun vertíðar sem unnt er.

Það hefir verið bent á það líka, að þetta gæti endað með því, að verksmiðjurnar fengju ekki þá síld, sem þyrfti til að vinna úr, og er vissulega vert að líta á það.

Viðkomandi því, að verksmiðjurnar láta bændum landsins í té fóðurbæti, ef þeir þurfa með, þá hefi ég út af fyrir sig ekki á móti því, að þeim sé ívilnað í því efni, ef ástæða þykir til. En það á ekki að gera það á kostnað verksmiðjanna og kostnað fiskimanna. Því að hver króna, sem hver sekkur er lækkaður frá því verði, sem er á erlendum markaði, er beint tekin af kaupi fiskimannanna. Og ef nokkur á að borga mismuninn, þá er það ríkið sjálft, sem á þar að styrkja bændurna. Hér í frv. er á mjög lævísan hátt reynt að koma inn á þá braut, að verksmiðjunum sé gert að skyldu að afhenda mjöl til bænda fyrir lægra verð en hægt er að selja það á erlendum markaði. Þeirri stefnu vil ég algerlega mótmæla.

Ég stikla nú á steinum, enda hafa líka aðrir gert frv. þessu skil, og ég geri ráð fyrir, að það lendi í þeirri nefnd, sem ég á sæti í. En ekki get ég þó gengið framhjá því ákvæði, sem ræðir um að skattskylda verksmiðjurnar með ákveðnu hundraðsgjaldi til þeirra bæjarfélaga, þar sem þær eru. Þessu er ég alveg mótfallinn. Siglufjörður mun nú skattleggja ríkisverksmiðjurnar með hærra hafnargjaldi en nokkursstaðar annarsstaðar tíðkast. Fyrir það að selja ríkisverk-

smiðjunum afla sinn verða ýmsir menn, sem búsettir eru t. d. á Suðurlandi og Vesturlandi, að borga slíkan skatt og auka þar með við kostnað á útveginn. Þessi skattur er 15 aurar miðað við núverandi verð á síldarmáli, eftir því sem glöggir menn hafa reiknað út. Við skulum segja, að það sé ekki svo tilfinnanlegt nú, meðan verðið er svo hátt sem það var á yfirstandandi ári. En ef verðið lækkar, þá verður það tilfinnanlegra. (**BSt**: 1% er alltaf 1%). Já, en því tilfinnanlegra er að greiða slíkan skatt, ef verðið er lágt. Við munum nú eftir því, hvað Siglufjörður vann til að fá verksmiðjurnar reistar hjá sér. Það var í orði kveðnu látið heita svo, að bærinn gæfi svo og svo mikið af landi, allt til þess að fá reksturinn inn í bæinn. Og hvers nýtur svo bæjarfélagið umfram þau, sem engar verksmiðjur hafa? Ég veit ekki betur en að þann tíma, sem síldveiði er rekin, standi í flestum bæjum tugir og hundruð verkamanna auðum höndum. Hversu mikill fengur það er bæjarfélagi að hafa slíkan rekstur íbúum sínum til lífsviðurværis og til að gera þá færari um að bera gjaldabyrðar í bæjarins þarfir, verður ekki metið um of. Það er því ekki réttlátt að skattleggja þá menn, er skipta við verksmiðjurnar og halda þannig rekstrinum uppi. Þessi stefna leiðir óhjákvæmilega til þess, að þær raddir koma fram að draga úr aukningu á verksmiðjum á þeim stöðum, sem þungar kvaðir eru á þær lagðar, og að verksmiðjunum verði komið þar fyrir, sem líkur eru til, að þessar byrðar verði ekki á þær lagðar. Það er jafnvel farið að bóla á því, að Siglufjörður sé svo dýr fyrir aðkomuskip að hafa þar aðsetur um stundarsakir, að það sé að ýmsu leyti óaðgengilegt fyrir útgerðarmenn að hafa uppsátur þar, og vilja menn því leggja mikið kapp á að koma verksmiðjum upp á öðrum stöðum. En það eitt, að fæla frá verksmiðjunum af þessum sökum, er hættulegt fyrir bæjarfélag eins og Siglufjörð.

Að síðustu vil ég segja nokkur orð til hv. 1. flm. Ég ætla ekki að frýja honum vits, en ég gruna hann um græsku. Ég hafði ekki búizt við svona tillögu frá honum fyrir tuttugu árum síðan, eins og hann var skapi farinn þá, og ég hygg að hann mundi þá manna fremstur hafa risið upp á móti slíkum ófögnuði og árás í garð einnar stéttar eins og þetta frv. er. En svo má segja um hann sem ýmsa aðra, að menn gerast nú gamlaðir, og hugsunarhátturinn fer þar eftir. En ávextina af þessari afstöðu sinni til hagsmuna sjómannastéttarinnar sker hann náttúrlega upp fyrr eða síðar. (**BSt**: Hver er þessi „hann"? Flm. eru fjórir). Ég talaði um 1. flm. (**JJós**: Hann er ekki staddur hér). Það má færa honum orð mín. En hv. 1. þm. Eyf. (BSt) er að ég hygg hnýttur þarna aftan í, hvort honum er ljúft eða leitt þar að vera. (**JJós**: Ætli hann slitni ekki aftan úr?). Máske hann slitni aftan úr; þá færi betur. — Ég læt þá mínu máli lokið og geymi mér frekari aths. til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 255, 256 og 267).

***Frsm. 3. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson)**: Eins og sjá má á nál. 3. minni hl., hefir n. ekki getað orðið sammála í þessu máli. Ég mun í þessari ræðu minni aðeins gera grein fyrir þeim brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram, og vænti ég, að þær geti komið til atkv., þó ekki sé búið að leita fyrir þær afbrigða. Eins og sjá má, virðist það svo sem einn n.hlutinn vilji mæla með frv., þó þannig, að hann áskilur sér rétt til að gera brtt. — 1. brtt. mín er við 4. gr., sem ég þykist vita, að muni ekki vera hvað minnst deiluefni á milli flokka hér á Alþ. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr., að ég teldi réttasta fyrirkomulagið, að atvmrh. skipaði síldarverksmiðjustjórnina og ég hefi lagt til að hann hafi þar um till. þingflokkanna. Ennfremur legg ég til að skipaðir séu varamenn. Þar sem stjórn verksmiðjanna er skipuð til 3 ára, þá er nauðsynlegt að til séu varamenn, sem taki við í forföllum aðalmanna, enda er það venja við flest opinber fyrirtæki, sem nokkru máli skiptir um. Þetta atriði er, eins og ég sagði, mjög um deilt, en mér virðist, að sá ráðh., sem á hverjum tíma fer með þessi mál, hljóti að bera svo mikla ábyrgð á, hvernig um rekstur inn tekst, að það sé ekki nema eðlilegt, að hann skipi stjórn verksmiðjanna.

2. brtt. er um það, að ég hefi ekki viljað binda búsetuskilyrðið við Siglufjörð, ég tel það ekki nauðsynlegt. Það er ekki þar með sagt, að með því fáist hæfustu mennirnir. Hitt finnst mér vera aðalatriði, að þeir hafi þar búsetu yfir veiðitímann.

Ég vil geta þess í sambandi við þessa mína till., að ef svo skyldi fara, að hún næði ekki samþykki, þá mun ég bera fram aðra till. um skipun stjórnarinnar, sem gengur næst þessari, frá réttmætu sjónarmiði um stjórn verksmiðjanna.

Um 6. gr. er það að segja, að þegar hafa verið færð sterk rök fyrir því, að ástæðulaust sé að binda hendur verksmiðjustjórnarinnar með því að skaffa henni með lögum það fé, sem hún megi verja til ýmissa endurbóta á verksmiðjunum. Mér er kunnugt um það, að allt, sem gert hefir verið til umbóta í verksmiðjunum, hefir verið með samþykki ríkisstj.

Ég hygg, að í því felist nokkur trygging fyrir því, að ekki sé farið inn á neitt gönuskeið með að gera verksmiðjunum það til góða, sem nauðsyn krefur, að ríkisstj. hafi þar síðasta orðið um það, hvað langt megi fara í þeim efnum. — Ég tel því, að þessi grein sé óþörf og jafnvel skaðleg, því að hún bindur hendur verksmiðjustj. mjög óþægilega, og gæti það haft í för með sér, að jafnvel einhver hluti verksmiðjanna gæti ekki starfað eða yrði óhæfari til starfa en ella. En ég hygg, að flestir geti verið sammála um það, að nauðsynlegt sé fyrir verksmiðjurnar að vera vel útbúnar að vélum og öðrum áhöldum, til þess að vera fyllilega samkeppnishæfar við hverjar aðrar nýjar verksmiðjur, og taka upp þær nýjungar, sem geta aukið og bætt afköstin. Þess vegna er nauðsynlegt

fyrir verksmiðjustj. að hafa ekki mjög bundnar hendur í þessum efnum, og legg ég því til, að þessi gr. verði felld niður, enda er það í samræmi við núgildandi l., þar sem ekki er gert ráð fyrir neinni takmörkun á þessu sviði.

Þá kem ég að 7. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á þeim skuldum, sem ríkisverksmiðjurnar stofna til. Hér mun sérstaklega vera átt við það rekstrarfé, sem verksmiðjurnar á hverju ári þurfa á að halda, og það eru vitanlega mjög stórar upphæðir, sem verksmiðjurnar þurfa að taka að láni í byrjun hvers veiðitímabils, til þess að geta staðið í skilum með sínar greiðslur, svo sem vinnulaun, hráefnakaup og aðrar þarfir verksmiðjanna, áður en afurðasalan hefst. N. leitaði ekki álits bankanna um það, hvort þetta ákvæði mundi hafa nokkur áhrif á það, hvort þeir mundu draga við sig um rekstrarfjárlán til verksmiðjanna, enda geri ég ekki ráð fyrir, að við hefðum fengið nein jákvæð svör, þó að við hefðum spurt. Hinsvegar er það skoðun margra, eins og komið hefir fram í umr., að það verði meiri erfiðleikum bundið að afla verksmiðjunum nægilegs rekstrarfjár, ef ekki stendur ríkisábyrgð á bak við. Á það hefir verið bent af ýmsum, að eignir verksmiðjanna ættu að vera nægileg trygging fyrir lánum, og við skulum segja, að svo sé, en hinsvegar verðum við að játa það, að ríkissjóðsábyrgðin er miklu meiri trygging. Og alveg eins og einstaklingar verða að standa ábyrgir fyrir þeim lánum, sem þeir þurfa til rekstrar þeirra verksmiðja, er þeir eiga, eins verður ríkissjóður sem eigandi þessara verksmiðja að bera ábyrgð á þeim lánum, sem verksmiðjunum kann að vera nauðsynlegt að taka á hverjum tíma. Og ég verð að segja það sem mína skoðun, að enn sem komið er hefir ríkissjóði ekki stafað nein hætta af þessari ábyrgð, en ég skal hinsvegar játa, að það veltur náttúrlega á miklu, hverjir það eru, sem í þessa stjórn veljast.

Þá hefi ég gert litla breyt. við 8. gr., sem er í sjálfu sér nokkuð meinlaus. Í l. eins og þau eru nú stendur, að báðar d. Alþ. skuli hafa lagt samþykki sitt á sölu verksmiðja, en í frv. er aðeins sagt, að Alþ. skuli hafa gefið samþykki sitt, og er það því hverjum þm. ljóst, að þá þarf ekki nema þál. í Sþ. til þess að heimila slíka sölu — ef á annað borð verður farið inn á þá braut —, og er það því aðeins atkvæðismunur, sem hér getur ráðið úrslitum, en með því að láta málið ganga fyrir báðar d. þarf a. m. k. eins atkvæðis mun í hvorri d. Það er ekki hægt að neita því, að ákvæðið, sem nú er í l. um að heimila sölu verksmiðja, er miklu þrengra heldur en það, sem í þessu frv. felst. Þess vegna leyfi ég mér að koma fram með þá brtt., að þetta fái að haldast óbreytt eins og það er í núgildandi l. — Ég skal bæta því við, að ég hygg, að meiri hluti þjóðarinnar væri á móti því, að ríkisverksmiðjurnar væru seldar, þrátt fyrir þann skoðanamun, sem annars ríkir í landinu um ríkisrekstur og einkarekstur, og ég vil því ekki á neinn hátt rýmka þau ákvæði, sem gera það kleift að losa ríkið við þessar verksmiðjur.

Þá kem ég að 9. gr., sem í sjálfu sér er mjög mikið ágreiningsefni. Ég skal náttúrlega ekki segja, hvað þetta ristir djúpt, en ég hefi grun um, að hv. 1. minni hl. sjái nú ef til vill, að ekki verði affarasælt að fella niður kaupaheimildina úr núgildandi l. Annars mun hann að sjálfsögðu gera nokkra grein fyrir þessu. En hitt er fyllilega séð um hv. 2. minni hl., að hann vill láta kaupaheimildina standa í l. áfram, eins og hún hefir staðið. Ég þarf því í raun og veru ekki að fara að rökstyðja svo mjög nauðsynina fyrir kaupaheimildinni. En ég fyrir mitt leyti álít, að í þessu sé fólgið afar þýðingarmikið atriði, því að ef þetta ákvæði er fellt niður, þá væri í raun og veru kippt burtu því stærsta öryggi, sem síldveiðimenn — bæði þeir, sem gera út, og þeir, sem á skipunum vinna, — telja sig nú eiga í ríkisverksmiðjunum, sem er það, að þær séu sá óhlutdrægi aðili til þess að ákveða verðlag síldarinnar, sem svo yfirleitt er látið gilda yfir allar þær verksmiðjur, sem reknar eru í landinu. Ég hefi nú að vísu viljað ganga nokkuð ákveðnara í orðalagi heldur en er í l. nú, og því hefi ég orðað þessa gr. eins og sjá má í brtt. minum: „Verksmiðjurnar kaupa síld af framleiðendum með sérstakri heimild atvmrh. Skal verð síldarinnar ákveðið áður en síldveiðar hefjast fyrir allt síldveiðitímabilið". Enda hefir það alltaf verið gert, því að allir hlutaðeigendur vilja vita, sérstaklega þegar verðið er lágt, fyrir hvaða verð þeir gera út, og ef verðið er algerlega í óvissu, getur það haft þær afleiðingar í för með sér að draga svo og svo mikið úr viðleitni manna til þess að fara á síldveiðar. Mín brtt. breytir í raun og veru engu þeirri venju, sem verið hefir í þessum efnum, en ég vil bara slá henni fastri með þeim l., sem um verksmiðjurnar eiga að gilda.

Næsta brtt. min er við 11. gr., og er hún smávægileg. Ég minnist þess, að á þingi 1935, þegar þau l. voru sett, sem nú gilda um þetta efni, þá var það eitt af því, sem talið var nauðsynlegt, að draga ekki í hina ýmsu sjóði meira en með þyrfti, og m. a. var þá lækkað fyrningargjald af vélum og áhöldum niður í 2% úr 5%. En í þessu frv. nú er ætlazt til, að 5% gömlu séu aftur upp tekin. Nú vil ég fara meðalveginn og legg til, að þetta gjald verði 3%, og hygg ég, að í venjulegum tilfellum sé það nægilegt.

Þá er næsta brtt. min við 12. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem síldarmjöl kaupa innanlands, hafi gert pantanir sínar fyrir 30. sept. ár hvert. Þetta tímatakmark er nokkuð óþægilegt fyrir verksmiðjustjórnina, sem fyrir þennan tíma þarf að vera búin að áætla og semja um sölu mjöls á erlendan markað. Ég þykist nú skilja, hvers vegna þessi till. muni fram komin, og er það af þeirri ástæðu, að erfitt er fyrir bændur og aðra þá, sem fóðurmjöl þurfa, að ákveða magn mjölsins fyrr en útséð er um það, hvernig heyfengur hefir orðið í landinu. En ég hygg, að um þetta sé þegar fengin reynsla um miðjan september — eins og ég legg til, að tímatakmarkið sé —, og þó að hér sé ekki um nema 15 daga mun að ræða,

þá getur það samt haft sína þýðingu fyrir ríkisverksmiðjurnar.

Þá hefi ég leyft mér að fella niður úr þessari sömu gr. (12. gr.), að mjölið skuli vera selt með hliðsjón af kostnaðarverði til bænda. Þetta ákvæði hefir að vísu staðið í l. frá því þau fyrst voru sett. En það hafa komið fram mjög sterkar raddir um það af hálfu forráðamanna bænda, að mjölið skuli selt þeim undir því verði, sem það yfirleitt er selt á erlendan markað, og ekki sízt á tímum, sem mjölverðið er töluvert hátt. Þetta er í sjálfu sér mjög skiljanleg krafa, því að ég hygg, að í flestum tilfellum sé það síður en svo ávinningur fyrir bændur að þurfa að kaupa fóðurbæti, miðað við það, að hafa getað aflað sér nægilegra heyja. En enda þótt ég skilji þetta, þá er ég jafnmótfallinn því, að verksmiðjurnar sem slíkar séu látnar bera þann halla bændanna, því að með því móti er beinlínis tekið af þeim mönnum, sem selja til verksmiðjanna. Og ef það telst nauðsynlegt að styrkja bændur með fóðurbætiskaupum, þá verður það að gerast á þann hátt, að ríkissjóður greiði mismuninn á verðinu til bænda og því verði, sem hægt er að fá á erlendum markaði. Ég hygg, að lengi megi leita í okkar löggjöf til þess að finna nokkra hliðstæðu við þetta, að ein stétt, sem er að berjast fyrir tilveru sinni, sé látin gefa annari vissan hluta af kaupgjaldi sínu, til þess að halda í henni lífinu. Ég legg því til með minni brtt., að þetta verð, sem bændum er ætlað, sé miðað við markaðsverð.

Þá kem ég að minni síðustu brtt., sem er við 14. gr. — Um það hefir mjög verið deilt hér á Alþ., hvort ríkisverksmiðjurnar ættu að vera skattskyldar til bæjar- og sveitarfélaga eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar eins og fleiri, að þessar verksmiðjur séu fyrst og fremst stofnsettar til þess að greiða fyrir þessum atvinnuvegi og gera hann öruggari en áður, og að ríkið sé því í raun og veru nokkurskonar brautryðjandi á þessu sviði. Atvikin ollu því, að helzta síldveiðiplássið í landinu varð fyrir því, að verksmiðjurnar voru einmitt þar settar upp. Menn muna vel þá sögu, þegar fyrst stóð til að auka verksmiðjurekstur ríkisins, og hverri kapp Siglfirðingar lögðu á það að fá þá aukningu þar í plássið, og buðu þeir fram svo og svo mikið land sem sína þátttöku í verksmiðjukostnaðinum. Þetta er afarskiljanlegt, því að ég veit ekki, hvað er betri fengur fyrir eitt útgerðarpláss heldur en að fá stórfelldan rekstur innan sinna vébanda til þess að auka þar atvinnumöguleika manna. Ennfremur er það vitanlegt, að allur þorrinn af þeim skipum, sem skipta við þessar verksmiðjur, er kominn úr öðrum landsfjórðungum. Fleiri þúsundir manna koma því þarna í land og hafa meiri og minni viðskipti við þetta kauptún, og er enginn, sem hefir reiknað það út, hvað mikið Siglfirðingar græða á þeim fjölda sjómanna, sem þangað koma. Eða hefir nokkur reiknað það út, hvað marga tugi þúsunda Siglfirðingar hafa í bein vinnulaun vegna verksmiðjanna? Og hefi nokkuð reiknað út þær þúsundir, sem allur þessi skipafjöldi verður að greiða í hafnargjöld, sem eru þarna miklu hærri en víðast hvar annarsstaðar á landinu? Og ofan á þetta allt eiga svo verksmiðjurnar að greiða ákveðið hundraðsgjald til þessa bæjarfélags, sem einungis fyrir atburðanna rás hefir orðið fyrir því hlutskipti, að verksmiðjurnar voru þar settar upp. Það er því alls ekki réttmætt að skattskylda rekstur þessara verksmiðja til viðkomandi bæjarfélaga. Nú veit ég, að því muni verða svarað til, að einkaverksmiðjur verði að greiða útsvör á þeim stöðum, sem þær eru settar. N. hefir að vísu ekki aflað sér neinna upplýsinga um það, hvað mikið það útsvar hefir verið, en ég hygg þó, að það hafi ekki verið neitt í líkingu við það, sem frv. ætlast til, að greitt verði af ríkisverksmiðjunum. — Eins og nú standa sakir, þá eru ríkisverksmiðjur aðeins á þrem stöðum, nefnilega Siglufirði, Sólbakka og Raufarhöfn. Og ef við tökum Raufarhöfn sem dæmi, þá hefir verksmiðjan þar verið sveitarfélaginu hin mesta lyftistöng, og ef verksmiðjan verður skattskyld um 1%, þá fer þar sennilega svo, að menn þurfa ekki að borga svo mikið sem eina krónu í útsvar, og skyti það nokkuð skökku við, þar sem skattbyrðin er orðin svo þung víða á landinu, að menn þykjast vart geta undir henni risið. Ég veit, að þetta eina prósent er mikill ásteytingarsteinn allra, er skipta við verksmiðjurnar. Á þessu ári myndi þetta nema 80 þús. kr., og er það ekki lítill skattur á fiskimenn. Annar minni hl. leggur nú til, að þetta gjald verði helmingað, en ég tel mig ekki heldur geta fylgt því. Ef skattskylda á ríkisverksmiðjurnar, þá væri nær að leggja þetta í sameiginlegan sjóð bæjar- og sveitarfélaga, jöfnunarsjóð. Ætti þessi skattur ekki aðeins að renna til eins bæjarfélags eða fárra, þar sem tilviljun réð, að verksmiðjurnar voru reistar.

Ég hefi nú gert grein fyrir brtt. minum, en geri þó ráð fyrir, að ég muni tala síðar um málið á breiðara grundvelli.

*__Frsm. 2. minni hl. (Jóhann Jósefsson)__: Ég hefi lagt til, að frv. þetta yrði samþ. með talsverðum breytingum, sem lýst er á þskj. 256, þar sem þær eru jafnframt rökstuddar. 1. brtt. fer fram á, að félög og einstaklingar séu látnir óáreittir af ríkisvaldinu, ef þeir geta komið upp síldarverksmiðjum af eigin rammleik. Það var óneitanlega stórt framfaraspor stigið, er ríkið reisti síldarverksmiðjur sínar, en það má þó ekki verða til þess að aftra frekari þróun. En á það má minna, að á þessu ári var ríkið nærri búið að hindra byggingu stórrar síldarverksmiðju. Þetta vil ég ekki, að endurtaki sig, og legg ég því til, að 1. gr. falli niður. — 2. gr., að ríkið hafi forkaupsrétt að verksmiðjum, tel ég heldur ekki nauðsynlega.

Þá hefi ég borið fram brtt. við 4. gr., sem er í rauninni ekki annað en lítilsháttar orðabreyt., en hefir þó í sér falinn þann möguleika, að þó að stjórnarmeðlimir verksmiðjanna eigi að hafa fast aðsetur á Siglufirði þann tíma, er verksmiðjurnar starfa þar, sé það ekki talið koma að sök, þó að þeir ferðist burt í erindum verksmiðjanna.

Við 6. gr. hefi ég gert brtt., af því að mér finnst upphæð sú, sem þar er getið, vera of lág. Ég legg til, að verja megi til umbóta á verksmiðjunum allt að 150 þús. kr., án þess að sérstök heimild Alþingis komi til, og ennfemur er að því stefnt með brtt. minni, að ekki verði misskilið, að auk þess megi verja fé frá verksmiðjunum til nauðsynlegs viðhalds.

Þá er brtt. við 9. gr. frv., þar sem segir, að síld skuli aðeins taka til vinnslu fyrir reikning framleiðenda. Ég get ekki fallizt á þetta, en legg til, að sú heimild verði veitt stj. síldarverksmiðjanna og ráðh. að ákveða að síldina megi kaupa föstu verði, eins og verið hefir. Ég tel varhugavert að breyta þessu að sinni. Hinsvegar er því ekki að leyna, að upphaflegur tilgangur lagasetningarinnar var sá, að úr síldinni yrði unnið fyrir reikning framleiðenda, á svipaðan hátt og gerist í lifrarsamlögum og öðrum samlögum útgerðarmanna. Ég teldi æskilegt, ef hægt væri að koma því svo fyrir, að slík samvinna tækist með verksmiðjunum og viðskiptamönnum þeirra. En því yrði að fylgja að þeir, sem við verksmiðjurnar skipta, hefðu nokkurn ihlutunarrétt um það, hverjir færu með stjórn þessara fyrirtækja, eins og í þeim samvinnufélagsskap, sem ég nefndi. Ef mín brtt. við 9. gr. yrði samþ., myndi ég, eins og tekið er fram í nál. 256, reyna með viðaukatill. við 11. gr. frv. að gera það aðgengilegra fyrir þá, sem vilja leggja inn síld til vinnslu, í stað þess að selja hana föstu verði, en ég geri ráð fyrir, að margir vilji eins vel gera það. Það fer eftir ýmsu, markaðsútliti, hvernig álit manna er á stj. fyrirtækisins o. s. frv. En í frv. er aðeins gert ráð fyrir einum möguleika, þeim, að verksmiðjurnar taki síldina til vinnslu. Í minu frv. er haldið opnum þessum leiðum báðum. Þó tel ég rétt að gera nokkra breyt. á 11. gr., sem tryggi betur rétt þeirra manna, er vilja vinna að þessum málum á samvinnugrundvelli.

Síðasta brtt. mín er um prósenthluta þann, sem gert er ráð fyrir, að renni til bæjarfélaga, þar sem verksmiðjurnar eiga heima. Frv. gerir ráð fyrir 1% af brúttóandvirði seldra vara ár hvert. Ég legg til, að þetta verði fært niður í ½%. Ég tók eftir því, að hv. 3. minni hl. n., sem síðast talaði, gat ekki fallizt á þetta. Ýmsir álita ekki rétt, að sveitarfélögin taki slíkt gjald af verksmiðjunum, og eru sjálfsagt ýms rök til fyrir því. En fyrir mér vakti það, að bæjarfélögin eru, sem kunnugt er, mjög þurfandi fyrir tekjur, og ég get vel skilið óskir Siglfirðinga um að fá nokkuð frá verksmiðjunum, sem gæti verið eitthvað í áttina til útsvars. Ég get þess til, að sumir menn taki afstöðu gegn þessu ákvæði, til að forðast óvinsældir af hálfu einstakra bátaeigenda, en það tel ég ekki réttmæta ástæðu. Ég myndi, ef ég hefði aðstöðu til, ætlazt til þess fyrir hönd míns byggðarlags, að það hefði nokkrar tekjur af svona rekstri, og ég get því ekki fallizt á að neita öðrum um hið sama.

Um aðrar brtt. en mínar ætla ég ekki að fjölyrða að þessu sinni. En ég legg til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, er ég hefi drepið á. Ég skal aðeins geta þess, að atriðið um ríkisábyrgð á verksmiðjunum lét ég standa óhaggað. Hér hefir verið lagt til, að þetta verði niður fellt, og getur það verið réttara, en málið tel ég þó ekki svo upplýst, að ég vilji taka ákveðna afstöðu til þessa.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Frá n. og nefndarhlutum hafa komið fram allmargar brtt., og vil ég stuttlega gera grein fyrir áliti minu á þeim.

1. minni hl. hefir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. 2. minni hl. gerir till. um ýmsar breyt. á þskj. 256, og hefir hv. þm. Vestm. gert grein fyrir þeim brtt. í ræðu sinni. Hann leggur til, að felldar séu niður 1. og 2. gr. l., sem gerir ráð fyrir því, að sérstakt leyfi stj. þurfi til að reisa nýjar síldarverksmiðjur og að ríkið skuli hafa forkaupsrétt að þeim verksmiðjum, er seldar kunna að verða. Ég tel ekki rétt að hafa þetta svo óbundið. Ég tel rétt að hafa nokkrar skorður við því, að of margar síldarverksmiðjur verði reistar. Ef þær væru fleiri en það, að íslenzk skip gætu fullnægt þeim, myndi það valda því, að þær yrðu reknar með skemmri vinnslutíma, sem aftur myndi leiða af sér, að verðið myndi lækka. Og þar sem ríkið hefir svo mikið af þessum iðnaði í sínum höndum sem raun ber vitni, er ekki nema sjálfsagt, að ríkið hafi forkaupsrétt að þeim verksmiðjum, sem selja á.

Brtt. við 4. gr. er smávægileg, og er ég í sjálfu sér ekki á móti henni, en hinsvegar verð ég að leggjast á móti þeirri skipun á stj., sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá er 4. brtt. á þskj. 256, að upphæðin, 75 þús. kr., sé hækkuð upp í 4% af stofnkostnaði verksmiðjanna, sem hv. þm. Vestm. telur að myndi svara til 150 þús. kr. Ég held, að bókfærður stofnkostnaður verksmiðjanna sé ekki svo mikill, að 4% af honum myndi ná þeirri upphæð. En jafnvel þó að svo væri, tel ég þessa upphæð of lága. Gerum ráð fyrir, að sjóðatekjur verksmiðjanna í meðalári, tekjur fyrningasjóðs, varasjóðs o. s. frv., nemi um 200 þús. kr. Fyndist mér rétt að hafa upphæðina þá a. m. k. það, sem þessu næmi. Þó finnst mér í rauninni rétt að miða við, að verksmiðjurnar megi ekki gera aðrar endurbætur en að gera við það, sem fyrir er, vélar og slíkt, til þess að allt nýtist sem bezt, en hinsvegar skuli Alþingi verða að samþ. allar nýjar viðbætur, sem gerðar eru til að auka afköstin.

Það segir sig sjálft, að ef þingið situr fram í maí eða kannske lengur, þá er enginn tími til að koma við endurbótum á verksmiðjunum fyrir næstu vertíð, og væri mjög bagalegt, ef svo væri um hnútana búið, að það yrði að bíða eftir því.

Verksmiðjurnar á Sólbakka og Raufarhöfn eru mjög gamlar, og dr. Pauls verksmiðjan á Siglufirði er einnig gömul. Allar þessar verksmiðjur hljóta að þurfa mikils viðhalds og endurnýjunar við. Ég vil spyrja hv. aðstandendur þessa frv.: Ætlast þeir til þess, að ef pressa verður ónýt í verksmiðju, þá þurfi að leita heimildar þingsins til að kaupa nýja pressu í stað þeirrar, sem orðin er ónýt? Það væri meiningarleysa. Ef

það sýndi sig seinnipart sumars, að pressa væri ónýt, þá væri með þessu fyrirkomulagi ókleift að fá nýja pressu fyrr en næsta sumar, þar sem þm. kæmu ekki saman fyrr en í febrúar.

Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að eins og verksmiðjurnar eru byggðar og með þeim aldri, sem þær hafa, er óhjákvæmilegt að hafa nokkuð rúmar hendur í þessum efnum, bara til þess að tryggja það, að rekstur þeirra geti borgað sig sem bezt og þær skili sem beztum árangri. Ég held því, að verði einhver takmörk sett, þá ættu þau að miðast við það eitt, að ekki mætti ráðast í frekari aðgerðir en þær sem væru miðaðar við þann rekstur, sem fyrir er og hnigu að því að tryggja sem bezt notkun þeirra, án viðbótarkröfuaukningar, en binda þetta ekki við einhverja ákveðna upphæð, eða þá a. m. k. rýmri en í frv.

Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, hversu miklar endurbætur hefir þurft að gera á síðasta og yfirstandandi ári á verksmiðjunum, og eins og hv. þdm. muna, er það mjög há upphæð, sem þar er um að ræða. En þess er að geta, að vegna erfiðrar afkomu árið 1935 og vegna þess, hvað síldarverðið hefir verið lágt undanfarið, hefir það verið dregið meira en æskilegt væri að gera nauðsynlegar endurbætur á verksmiðjunum. En þegar rýmkaðist um 1936, var tækifærið notað til að gera þessar endurbætur, sem dregizt hafði að gera allmörg undanfarin ár. Þó er nauðsynlegt að gera enn stórar umbætur, t. d. setja á Siglufirði löndunartæki við verksmiðjurnar, eigi þær að vera sambærilegar við nýtízku síldarverksmiðjur. Og þetta eitt myndi kosta meira fé en gert er ráð fyrir í frv., að megi verja til endurbóta á öllum verksmiðjunum á einu ári.

Þá leggur hv. þm. Vestm. til, að 9. gr. orðist eins og í brtt. segir. Ég hefi ekki borið þetta saman við eldri l., en mig minnir, að það sé það sama og í gildandi l. (**JJós:** Það er ætlazt til þess). Ég hefði heldur kosið að hafa orðalagið á þskj. 267, en efnislega get ég á þessa brtt. fallizt. Og ég get lýst ánægju minni yfir því, að hv. þm. Vestm., og þá sennilega hans flokkur, skuli játa, að óhjákvæmilegt sé, að sú heimild, sem er í l. til að kaupa síld, verði ekki niður felld. Ég er viss um, að ef sú heimild verður felld niður, verður um leið aðstaða síldarverksmiðjanna miklu verri en nú.

Þá leggur hv. þm. til, að sú upphæð, sem verksmiðjunum er gert að greiða samkv. frv. til bæjar- og sveitarsjóða, sé lækkuð úr 1% niður í ½% af brúttóandvirði seldra afurða. Ég skal játa, að þetta er spor í áttina. Ég álít, að þetta gjald sé óeðlilegt og óheppilegt. Ég held, að ef um það er að ræða að leggja útsvar á síldarverksmiðjur ríkisins, sem ekki þýðir annað en það, að leggja útsvar á þá, sem við þær skipta, þá væri réttara og eðlilegra, að um það væru settar reglur, sem giltu fyrir allar síldarverksmiðjur á landinu, hvort sem þær eru eign ríkisins, einstaklinga eða félaga. Með því að verksmiðjurnar eru á ýmsum stöðum, er mjög hætt við því, að álagningin yrði afarmisjöfn og af handahófi. Sumir hreppar, sem hafa lítil útgjöld, eru svo heppnir að hafa eina eða tvær verksmiðjur, og fyrir þá er þetta fundið fé. Ég held því, að ef sú leið yrði farin, að leggja á þetta útsvar, væri óhjákvæmilegt að gera ráðstöfun til að tryggja það, að þetta gjald yrði í samræmi við það, sem lagt er á síldarverksmiðjur annarsstaðar, sem eru í einkaeign. Væri þá eðlilegast, að öll útsvör þessara fyrirtækja rynnu í einn sjóð, og svo væri sett ákveðin reglugerð um það, hvernig þessu fé skyldi skipt á milli bæjar- og sveitarfélaganna. En þessi leið, sem hér er bent á, finnst mér ekki tiltækileg.

Í öllum aðalatriðum get ég verið sammála till. hv. 3. minni hl. sjútvn. á þskj. 267. Fyrsta till. er sú, að skipun síldarverksmiðjustj. sé með sama hætti og verið hefir nú í 1½ ár. Ég álít öruggara, að stj. sé fámenn og samstæð, og það ætla ég, að sé bezt tryggt með því, að ráðh. skipi alla stj. Ef þingflokkarnir hinsvegar kjósa stj., t. d. 5 menn, er enginn vafi á því, að það verða fyrst og fremst hin pólitísku viðhorf flokkanna, sem ráða valinu. Ef ráðh. skipar stj. alla, hlýtur hann að reyna að sjá til þess, að í þetta starf veljist þeir einir, sem eru til þess hæfir og geta starfað saman, en fyrir því er engin trygging með kosningu á Alþingi.

Verði horfið að því ráði að gera breyt. frá því, sem nú er, á skipun verksmiðjustj., teldi ég eðlilegast, að þingið kysi ekki nema nokkurn hluta stj. og útgerðarmenn og sjómenn ættu sinn manninn hvorir í stj., þannig að Alþýðusambandið útnefndi mann fyrir sjómennina og útgerðarmenn kysu svo mann eftir ákveðnum reglum og hinir væru þingkosnir.

Ég álít, að það skipti miklu máli, að stj. slíkra fyrirtækja og hér um ræðir sé þannig skipuð, að traust samvinna sé milli þeirra, sem þar eiga sæti. Og ég tel, að þetta verði bezt tryggt með því, að ráðh. skipi stjórnendurna. En fyrir þessu getur engin trygging verið fengin, ef þingflokkarnir velja mennina, hver um sig.

Þá leggur 3. minni hl. til, að 6. og 7. gr. verði felldar niður. Ég get fyrir mitt leyti á þetta fallizt. Ég álít, að engin ástæða sé til þess að setja takmörk fyrir viðauka og endurbótum á verksmiðjunum. Ég hygg, að engin verksmiðjustj. myndi ráðast í stórvægilegar endurbætur á verksmiðjunum án þess að leita umsagnar Alþingis. Ég tel því þetta ákvæði með öllu óþarft, en gæti sætt mig við breyt. í þá átt, sem ég hefi áður talað um, til þess að ganga til móts við þá, sem að frv. standa.

Hinsvegar tel ég, að því fylgi áhætta að fella niður ábyrgð ríkissjóðs fyrir verksmiðjunum, ekki síst eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf við 1. umr. þessa máls, sem var þess efnis, að hann liti svo á, að ríkisverksmiðjurnar, með öllu, sem þeim tilheyrir, stæðu vel fyrir þeim stofnlánum, sem á þeim hvíla og ríkissjóður er nú sjálfur í ábyrgð fyrir, m. ö. o., að allar eignir verksmiðjanna verði veðbundnar fyrir þeim skuldum, sem á þeim hvíla. Þar er því ekki um neinar nýjar skuldbindingar að ræða, nema með því móti að leysa út veðin, sem standa fyrir stofnskuldunum, og það er öllum

viðskiptamönnum um megn. Ég verð að segja það, að ég óttast, að ef þetta ábyggðarákvæði væri fellt niður, án þess samtímis að gera ráðstafanir til þess að tryggja rekstur verksmiðjanna, gæti það torveldað möguleikana fyrir verksmiðjurnar á því að útvega sér rekstrarfé og gera aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru. Ég er því hlynntur þeirri brtt., sem 3. minni hl. ber fram um það, að þessi gr. falli niður. Sömuleiðis get ég fallizt á þau ákvæði, að báðar d. Alþingis samþ. söluna, ef verksmiðja er seld samvinnufélagi síldveiðimanna.

Þá er það brtt. við 9. gr. *Felli ég mig betur* við orðalagið á þeirri brtt. en till. hv. þm. Vestm., og mun ég því heldur greiða henni atkv. en þeirri síðarnefndu.

Í 6. brtt., við 3. tölul. 11. gr., er gert ráð fyrir, að fyrningargjaldið af vélum og áhöldum sé 3% í stað 5%, eins og ákveðið er í frv. Ég hefi ekki athugað, hversu miklu þetta munar eða hvort það er eðlilegur mismunur. En ég mun athuga það fyrir 3. umr., ef hv. þm. vildi taka þessa brtt. aftur til 3. umr., svo að þetta lægi fyrir.

Þá er það brtt. við 12. gr., að í stað 30. sept. komi 15. sept. Ég hygg, að það sé til bóta, ef sú brtt. verð samþ. Það er oft svo, sérstaklega ef lítil er síldveiði, að það er hægt að selja til útlanda alla framleiðslu verksmiðjanna af síldarmjöli í septembermánuði. Ef á að halda svo og svo miklu eftir fyrir innlenda markaðinn til loka september, getur það verið til baga fyrir verksmiðjurnar. Hinsvegar held ég, að bændum ætti að nægja, að hafa frest til 15. sept. Þá er séð, hvernig heyskapur sumarsins verður, og eftir því fer fyrst og fremst, hversu mikinn fóðurbæti þarf í landinu. Ætla ég, að þessi brtt. 3. minni hl. sé til bóta fyrir verksmiðjurnar og bagalaus fyrir bændur; a. m. k. fæ ég ekki betur séð. Ég held, að pantanir eigi að vera komnar fyrir ágústmánaðarlok, og þá er enn ½ mánuður til stefnu.

Ég get einnig fallizt á, að það er í alla staði eðlilegra að miða verðið á mjölinu við markaðsverð heldur en bæði kostnaðarverð og markaðsverð. Gat ég þess við 1. umr., að ég teldi ástæðu til að breyta þessu. Mér virðist, að með því orðalagi, sem er í frv., séu að nokkru leyti teknir upp þeir sömu ágallar og áður voru á l. um þessi mál. Í frv. segir svo: „Hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hreppsfélaga og búnaðarfélaga ákveður ríkisstj. ár hvert, að fengnum till. verksmiðjustj. og með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, enda hafi félögin pantað fyrir 30. sept. það af síldarmjöli, sem þau telja sig þurfa og síldarbræðslurnar geta látið af höndum".

Nú er það vitað, að í sept. er ekki séð að fullu, hvert verður kostnaðarverð á síldarmjölinu. Þá getur verið óselt svo og svo mikið af lýsi, en undir því er kostnaðarverð mjölsins komið, þegar síldin er keypt föstu verði. Og þegar miðað er við þetta tvennt, hvað á þá að ráða meira? Ég álít, að það eina eðlilega sé að miða við markaðsverð á mjölinu, ekki þó á hverjum tíma, því það væri óeðlilegt, að menn þyrftu að borga mjölið misjöfnu verði, kannske vegna verðbreytinga á erlendum markaði, heldur er ætlazt til, að það væri samið í eitt skipti og í einu lagi fyrir það mesta magn, sem seldist innanlands, en miðað við það meðalverð, sem fengist á útlendum markaði. Það mun í flestum tilfellum vera hægt að sjá um þetta leyti, hvað fyrir mjölið mundi fást, og með hliðsjón af því, hvað verðið yrði innanlands.

Kostnaðarverðið er í fæstum tilfellum hægt að vita með vissu, en þó að menn hefðu einhverja hugmynd um það, yrði erfitt að segja, hvaða milliveg ætti að fara milli kostnaðarverðs og markaðsverðs.

Ég held, að það séu ekki fleiri brtt., sem ég þarf að tala um. Ég er sammála 3. minni hl. um það, að rétt sé að fella niður útsvarsgreiðsluna með öllu, a. m. k. meðan ekki er önnur skipun gerð á útsvörum slíkra fyrirtækja og hér um ræðir.

Forseti (EÁrna): Útbýtt er í d. nál. frá 3. minni hl. sjútvn., á þskj. 267. Til þess að brtt. á þessu þskj. geti komið til atkv. þarf afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Pálmason):** Ég sá ekki ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs fyrr en þeir nm., sem eiga hér brtt., höfðu gert grein fyrir þeim, því eins og ég hefi tekið fram í nál., get ég vel sætt mig við, að frv. verði samþ. óbreytt. Hinsvegar geta komið þær brtt., sem ég gæti fallizt á, annaðhvort af því, að ég tel þær til bóta eða þá áliti, að þær skiptu ekki svo miklu máli, að ekki sé rétt að verða ekki við því að samþ. þær, ef það mætti verða til þess, að betra samkomulag næðist um málið.

Um málið almennt ætla ég ekki að ræða að þessu sinni. Það var gert við 1. umr. En ég mun snúa mér að brtt. og skýra frá afstöðu minni til þeirra. Tek ég þá fyrst brtt. frá 2. minni hl. sjútvn., og skal ég reyna að vera stuttorður. Það er skemmst af að segja, að ég er brtt. mótfallinn. Ég skal geta þess, að það leit út fyrir það um tíma, að ég gæti orðið 2. minni hl. samferða í nál., en þegar til þess kom að fella niður tvær fyrstu gr. frv., gat ekki orðið úr því.

Ástæðurnar fyrir því, að ég er mótfallinn þessum brtt., eru nokkurnveginn þær sömu og hæstv. atvmrh. hefir lýst. Ég tel, að þegar um svo fjárfrek fyrirtæki er að ræða og síldarverksmiðjurnar eru, sé með öllu óréttmætt að þau séu ekki undir eftirliti ríkisstj. Og á meðan ríkið er stærsti einstaki iðnrekandinn á þessu sviði, tel ég einnig af þeirri ástæðu alveg sjálfsagt, að eftirlit sé haft með byggingu slíkra verksmiðja. Hitt er jafnsjálfsagt, að ég tel, að það eigi ekki að koma til greina nein óeðlileg hindrun, meðan verksmiðjurnar eru ekki fleiri en það, að álíta verður, að þær geri ekki meira en fullnægja framleiðsluþörfinni. Ég sé enga ástæðu til þess að neita einstaklingum um að byggja nýjar síldarverksmiðjur, ef þeir geta fært líkur fyrir því, að þeir geti fjárhagslega

staðið undir þeim. En það er atriði, sem verður að taka til athugunar í hvert skipti, hvort viðkomandi umsækjandi geti virkilega komið þessu í framkvæmd, vegna þess, að af því getur leitt fjárhagslegt tjón fyrir ríkisheildina, ef mikið fé situr fast í sliku fyrirtæki og ekki er hægt að fullgera það.

Um 3. brtt. á þskj. 256 get ég verið stuttorður. Tel ég hana meinlitla og í sjálfu sér ekki annað en skýringu á frvgr. Ég hygg, að það verði að telja, að framkvæmdarstjórn, sem ferðast í þarfir verksmiðjanna, t. d. á milli þeirra, heyri undir það að hafa dvalarstað á Siglufirði, og sé ég enga ástæðu til að leggja á móti þeirri brtt.

Þá er það 4. brtt., við 6. gr. frv. Hún er um það, að breyta nokkuð þeim takmörkum, sem sett eru um heimild fyrir verksmiðjustj. til þess að láta gera umbætur á verksmiðjunum og bæta við þær. Ég skal játa það, að mér virðist svo í fljótu bragði, að upphæðin, sem ákveðin er í frv., geti í einstaka tilfelli orðið of lág, og ég skal lýsa því yfir, að ég fyrir mitt leyti er fús til að athuga þetta atriði milli umræðna, og mun ég geta fallizt á þessa brtt.

Út af ræðu hæstv. atvmrh. vil ég taka það fram, að það dæmi, sem hann nefndi, að nú lægi fyrir að koma upp löndunartækjum við síldarverksmiðjurnar á Siglufirði, er þannig vaxið, að allir sjá, að ekki er óeðlilegt, að slík ákvörðun sé borin undir Alþingi. Er nægur tími til þess að fá þetta samþ. á þessu þingi. Þetta er framkvæmd, sem ekki verður gerð á hverju ári. Og ég álít, að það sé ekki réttmætt, þótt hægt sé að benda á þessa og hina endurbót, sem kosti svo og svo mikið fé á einu ári, að nefna það sem dæmi þess, hvað mikið verksmiðjurnar þurfa árlega, til þess að geta fullnægt eðlilegri þróun. Ég held sem sagt, að enn sem komið er sé ekki ólíklegt, að þessi upphæð, sem fæst með 4% gjaldi af stofnkostnaðarverði verksmiðjanna, mundi nægja.

Ég hefi þá lýst þessum brtt. og get, eins og ég hefi þegar sagt, fallizt á þær sumar. Hinsvegar verð ég að lýsa mig andvígan brtt. hv. 3. landsk. sérstaklega brtt. um fyrningargjaldið. Ég get unað við, að það sé 5%, þótt það sé sennilega fulllítið, en hitt finnst mér ganga fjarstæðu næst, að lækka það niður í 3%.

Bernharð Stefánsson: Ég vil þakka hv. 1. og 2. minni hl. fyrir undirtektir þeirra í málinu. (**SÁÓ:** Svo?) Hinsvegar sé ég ekki ástæðu til að þakka hv. 3. minni hl., og ég held, að það hafi verið verr farið en heima setið, að hv. 3. landsk. fór að blanda sér í þessar umr.

Ég mun þó ekki fara ýtarlega út í brtt. hans, enda munu þær allar vera dauðvona fæddar. Þó vil ég minnast lítið eitt á brtt. hans við 14. gr., þar sem ákveðið er, að 1% af bruttóandvirði renni í sjóð hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélags. Þetta vill hv. 3. landsk. fella niður og svipta þar með bæjarsjóð Siglufjarðar þessum tekjum, en tekjurnar renni í jöfnunarsjóð. Ég held, að ef út á þessa braut er farið, væri eins sanngjarnt að krefjast þess, að allir embættismenn ríkisins gyldu skatt í sameiginlegan sjóð. Það væri miklu eðlilegra.

Hv. þm. taldi upp ýms óbein hlunnindi, sem Siglufjörður hefði af verksmiðjunum, hve margir sjómenn kæmu þangað o. s. frv., en hvað mætti þá segja um Reykjavík? Hæstv. atvmrh. sagði, að hér væri aðeins að ræða um skatt á verksmiðjurnar. En ætli ekki megi þá segja hið sama um fyrirtæki, t. d. útsvör Kveldúlfs til Arnarneshrepps? Hann sagði, að með þessu móti greiddu verksmiðjurnar öll gjöld sumra hreppa. En það er hægt að koma í veg fyrir þetta með því að ákveða, að þær greiði aldrei meira en 25% af gjöldum hreppsfélagsins.

Það er rétt að Siglufjörður óskaði eftir verksmiðjunum, og jafnvel einstakir menn þar vegna vonar um aukna atvinnu, en það er víst um það, að ef verksmiðjurnar væru í Reykjavík, myndi hv. 3. landsk. ekki fara fram á að þær væru skattfrjálsar. Í Siglufirði bera verksmiðjurnar samkv. gildandi l. allt að ⅓ útsvar, og myndi bærinn því tapa miklu við það, að gjaldið yrði fært niður í 25%. Annars hefir það ekki verið praktiserað áður, að atvinnusveitir fengju einhvern vissan útsvarshluta, heldur verið lagt á fyrirtækin „eftir efnum og ástæðum".

Ég vil að lokum spyrja hv. 3. landsk., hvort skilja beri 5. brtt. svo, að heimild til að kaupa síld til vinnslu falli niður, ef samþykki atvmrh. segir ekki til. Þetta er aðeins fyrirspurn.

***Frsm. 3. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skil ekki, hvers vegna hv. 1. þm. Eyf. þykist hafa ástæðu til að þakka 2. minni hl., sem þó hefir gert efnisbreytingar á frv. hans. Annars gerði hann mestar aths. út af brtt. minni, sem varðar útsvör verksmiðjanna til Siglufjarðar. Hann sagðist ekki sjá neinn mun á einkarekstri og ríkisrekstri í þessum efnum. En síldarverksmiðjum hefir aldrei verið ætlað að vera gróðafyrirtæki, heldur verið meiningin, að hver aðili fengi sinn hlut óskertan. Þær eiga sjálfar ekki að hirða neinn gróða, nema þann hlut, sem nauðsynlegur er til rekstrarkostnaðar. Hér er dálítið óliku saman að jafna, því að ef við t. d. tökum Reykjavík, þá er ekki svo litlu fé varið úr bæjarsjóði til þess að gera bæinn sem vistlegastan og til þess að skapa þægindi fyrir hvern einstakan mann. Það má telja upp margt, sem bæjarfélagið gerir íbúunum til þæginda og til þess að létta af þeim ýmsum kvöðum, sem útsvörin koma beint og óbeint á móti. (**BSt:** Þetta á allt við um verksmiðjurnar). Nei, þar gegnir allt öðru máli. Um verksmiðjurnar er það að segja, að þær eru fyrst og fremst stofnsettar til þess að auka atvinnumöguleika landsmanna, og í öðru lagi til þess að skapa atvinnulíf í bæjunum, enda liggja nú fyrir þinginu fjölmargar beiðnir frá einstökum bæjum um að fá verksmiðjur. Get ég hv. d. til athugunar nefnt þessa staði. Það eru Vestmannaeyjar, Hrísey, Akureyri, Sauðárkrókur, Ingólfsfjörður, og Ólafsvík; um verksmiðjuaukningu er beðið á Siglufirði og Raufarhöfn. Grundvöllurinn undir þessum beiðnum er vitanlega fyrst og fremst sá, að skapa atvinnu á viðkomandi stöðum. Siglufjörður hefir í ríkustum mæli fengið

þessar óskir sínar uppfylltar, og má hann það þakka legu sinni og aðstöðu. Hafa þar því skapazt stórkostlegir atvinnumöguleikar, enda var Siglfirðingum þetta fyllilega ljóst, þegar þeir fóru fram á verksmiðjuaukninguna, en svo koma þeir bara eftir á og heimta skatt af þessum fyrirtækjum, sem á engan hátt getur talizt réttmætt, eins og þegar hefir verið sýnt fram á með óyggjandi rökum. Og í þessu sambandi get ég bætt því við, sem ég gleymdi í minni fyrri ræðu, er ég minntist á það, hversu ómetanlegt gagn bæjunum væri að verksmiðjunum, að einmitt þessi pláss, sem hafa hlotið það hnoss að fá verksmiðjur byggðar í sínu umdæmi, sitja fyrst og fremst fyrir með að veita sínum íbúum atvinnu, á sama tíma sem flest kauptún á landinu eru í stökustu vandræðum með að koma miklum fjölda af sínu fólki í atvinnu yfir sumartímann.

Þessi sami þm. (BSt) vildi meina það, að Rvík myndi víst nota sér af því, ef hún hefði einhverja síldarverksmiðju til þess að skattleggja. Það er nú ekki sjáanlegt, að í náinni framtíð muni rísa hér upp síldarverksmiðja, en ég hýst við, að það myndi teljast mikið happ, ef hægt væri að veiða síld í nágrenni Rvíkur, og hefi ég ekki neina trú á því, að bærinn hefði þá neina tilhneigingu til þess að skattleggja sérstaklega slíka verksmiðju. Hann myndi leggja meira upp úr því happi að fá þar aukna atvinnu inn í bæinn.

Það er vitanlega rétt hjá hv. þm., að hingað koma afarmörg skip, en mér er ekki kunnugt um, að þau séu á neinn hátt skattlögð umfram það, sem alstaðar er gert, sem sé með hafnargjöldum. (BSt: En verzlunin?) Já, hér er rekin mikil verzlun, en ég veit ekki betur en að hún beri heldur lága skatta. Þá má og minnast á það, að á vissum tíma árs vinna hér í Rvík mörg hundruð utanbæjarmanna, sem ekki borga hingað einn einasta eyri í skatt. Þetta má því teygja út í það endalausa, hvort eitt bæjarfélag liði meira tjón en annað vegna aðstreymis fólksins. Og það er sama, hvernig þessu öllu er velt við, að engin rök er hægt að finna fyrir því, að réttmætt sé að leggja sérstakan skatt á fyrirtæki eins og ríkisverksmiðjurnar á þeim stöðum, sem þær eru settar upp.

Sami hv. þm. taldi það ekki fráleita till., sem ég skaut fram, að það ætti að takmarka útsvarsálagninguna, þar sem hún væri leyfð. En ég tel það ekki aðalatriðið, heldur hitt, að sett sé nokkurt samræmi í það, hvað verksmiðjurnar greiði, hvort sem það eru einkaverksmiðjur eða ríkisverksmiðjur, og sem komi öllum bæjarfélögum að notum. — Við skulum t. d. taka Hafnarfjörð, sem sendir mikið af sínu fólki á síldveiðar. Hann hefir engan slíkan rekstur til þess að skattleggja. En því má ekki slíkt bæjarfélag eiga einhvern þátt í þeirri skattlagningu, sem kynni að koma í jöfnunarsjóð af svona rekstri, sem rekinn er fyrir atbeina ríkissjóðs? Menn sitja nú með sveittan skallann og reyna að grafa upp einhverja tekjustofna handa þeim bæjarfélögum, sem verst eru stæð. Hér er einn tekjustofn, sem um getur verið að ræða, í staðinn fyrir að láta einstöku bæjarfélög sitja að honum. — Ég held, að ég hafi þá svarað aðalatriðunum í ræðu hv. 1. þm. Eyf.

Hv. þm. Vestm. gerði grein fyrir sínum till., og get ég verið frekar fáorður um hans ræðu. Hann reyndi að rökstyðja þá till. sína að fella burtu 1. og 2. gr. frv. Hefir þessu þegar verið svarað af hæstv. atvmrh. En ég vil bara benda honum á það, að enda þótt eins og nú standa sakir sé mjög mikil keppni í mönnum um að reisa verksmiðjur, þá megum við ekki einblína á líðandi stund; við verðum líka að líta fram í tímann. Ég játa, að eins og nú er háttað um okkar atvinnuvegi, þá ber okkur að vissu marki að auka verksmiðjurnar. En nú er þó svo, að mögulegt er að vinna á dag um 26 þús. mál. í öllum verksmiðjum landsins, og ef við tökum 60 vinnudaga yfir sumarið, þá verða þetta 1½ millj. síldarmál. Þessu marki var náð í ár, en það hefir líka verið með betri árum hvað síldveiðarnar snertir. En til þess að skila síldinni að þessu marki í verksmiðjurnar, verða skipin, miðað við fjölda þeirra nú í sumar, að veiða um 10 þús. mál, og er það óvarlega áætlað að öllum jafnaði. (JJós: Fleiri skip og fleiri menn). Ég hygg, að í ár hafi nú verið nýttur allur sá skipakostur, sem hægt var að setja á flot, og þó að gert sé ráð fyrir einhverri aukningu á skipaflotanum, þá verður hún ekki meiri en að vega á móti þeirri aukningu verksmiðjanna, sem menn eru nú sammála um að gera. Eins og hv. þm. veit, þá er það skoðun okkar, að auka beri verksmiðjuna á Raufarhöfn, svo að hún geti unnið 2400 málum meira á sólarhring, og það er sumra skoðun, að auka megi á Siglufirði, þannig að vinnslan aukist um 2400 mál. Það þarf nokkur skip til þess að fylla upp þetta. Og þetta er náttúrlega gott og blessað á meðan síldarverðið er hátt, en á það hefir verið bent, að undir eins og síldarverðið lækkaði, þá er álitamál, hvað mikið stærri skipin verða látin ganga. Ég þykist að vísu vita, að smærri skipin verði látin ganga svo lengi sem fært þykir. Þetta er því ekki eins þýðingarlítið mál og hv. þm. vill vera láta, að hafa einhverja takmörkun á því, hvað mikið megi reisa af verksmiðjum, ef við eigum ekki að kollsteypa okkur, þegar lakari árin koma. — Hinsvegar vil ég að ríkið eigi forgangsrétt á að kaupa þær verksmiðjur, sem einstaklingar reka og kunna að vilja selja. Reynslan hefir sýnt oss, að þetta er svo þýðingarmikill rekstur fyrir þjóðina í heild, að ekki má sleppa fram af því taumunum, hvort verksmiðjurnar eru reknar eða ekki. Og eru þetta m. a. rök fyrir því, að ríkið hafi forgangsrétt að þeim verksmiðjum, sem einstaklingar vilja selja, en þetta vill hv. þm. fella niður.

Hv. þm. skaut því hér fram áðan, sem hæstv. atvmrh. heyrði ekki, að hæstv. ríkisstj. hefði stefnt að því að hefta byggingu síldarverksmiðja, og þykist ég vita, að hann hafi þar átt við verksmiðju Kveldúlfs á Hjalteyri. Hv. þm. veit það vel, að aldrei var neitað um byggingarleyfi fyrir þeirri verksmiðju, heldur var það bundið því skilyrði, að gerð væri grein fyrir því fjármagni sem til verksmiðjanna færi, en vegna þess að alllengi stóð á þeim sönnun-

argögnum, varð dráttur á leyfisveitingunni, og einnig vegna annars, sem þá var að gerast hér á Alþ. um sama leyti. (**JJós**: Já, var það ekki!) Það var vitanlega þýðingarlaust að veita fyrirtækinu leyfi á meðan ekki var útséð um það, hvort það ætti að gerast upp eða ekki.

Annars varð ég dálitið undrandi á þeirri skoðun, sem fram kom hjá hv. þm. um rekstur ríkisverksmiðjanna, því að ég hefi yfirleitt skoðað hann sem fulltrúa einkaframtaksins, en ekki samvinnunnar, en það var svo að skilja á honum, að samvinnufyrirkomulag á rekstri verksmiðjanna væri hið eina rétta, og er mér ekki grunlaust um, að bak við þessa herferð, sem fram kemur í frv. um síldarverksmiðjur ríkisins, liggi sú eina og ákveðna stefna að gera ríkisverksmiðjurnar lakari í samkeppninni við einkaverksmiðjurnar, m. ö. o. gera hlut einkaverksmiðjanna betri og skapa ótrú á ríkisverksmiðjunum, sem endi með því, að þær verði seldar einstaklingum, sem kynnu að vilja reka þær. Þetta er náttúrlega skiljanleg stefna af hálfu þeirra, sem eru fulltrúar einkaframtaksins, en mér þykir kasta tólfunum, þegar forvígismenn samvinnuhreyfingarinnar hér á landi vilja styðja þá stefnu.

Hv. þm. telur, að margir muni frekar vilja taka þá leiðina að koma síldinni til vinnslu í verksmiðjunum heldur en að fá ákveðið verð fyrir hana. Ég hygg nú samt, að þeir verði fáir, sem heldur vilja geyma einhvern hluta verðsins í verksmiðjunum en að fá verðið svo nærri því rétta sem unnt er. Ég hefi átt tal við marga um þetta, og allir hafa sömu sögu að segja, og er það m. a. af því, að hið eina ár, sem ríkisverksmiðjurnar borguðu 85%, fékkst aldrei neitt meira. Síðan hefir alltaf verið borgað fast og ákveðið verð, og í sumum tilfellum kannske verið ákveðið hærra en geta stóð til, til þess að tryggja það, að þessum atvinnurekstri væri haldið uppi í landinu. Og ég efast ekki um, þegar allt kemur til alls, að þjóðin í heild hafi grætt á því, enda þó ríkisverksmiðjurnar skiluðu ekki ágóða það árið. Enda er það ekki fyrst og fremst hlutverk ríkisverksmiðjanna að græða, heldur það, að halda uppi þessum atvinnurekstri jafnt í vondum árum sem góðum.

Við hv. minni hl. n., 2. þm. S.-M. hefi ég eiginlega litið að segja. Ég hygg nú, að hans innsta hugsun sé ekki sú, að fylgja þessu máli fram óbreyttu, þó að ég vilji á engan hátt vera að túlka hjá honum aðra skoðun en þá, sem hann hefir látið uppi. Og ég er ennþá þeirrar skoðunar, að jafnvel í hans flokki séu allmargir menn, sem sjái það að sú stefna, sem í frv. felst, sé hættuleg fyrir rekstur síldarverksmiðjanna, hvað sem annað flýtur á yfirborðinu.

Þessi sami hv. þm. taldi, að engin rök mæltu með minum brtt. En ég hygg, að þær séu í fyllsta samræmi við það, sem reynslan hefir sýnt, að sé heppilegast, enda hefir enginn getað hrakið það; síður en svo.

Um þann skilning, sem leggja skal í mína brtt. við 9. gr., skal ég geta þess, að ég vil hafa heimildina til þess að kaupa síldina alveg skilyrðislausa. En í því tilfelli — sem einhver hv. þm. drap á —, að slík heimild sé ekki notuð, þá kveður 11. gr. alveg skýrt á um það, hvað þá skuli gera. Hér stangast því ekkert á hvað þetta snertir.

Ég vil þá að síðustu aðeins geta þess út af þeim tilmælum til mín um að taka brtt. við 5% fyrningargjaldið aftur til 3. umr., að það er útlátalítið fyrir mig. Þó skal ég aðeins vitna í það, að á þinginu 1935 var ekki ágreiningur um það að lækka fyrningargjaldið af vélum og áhöldum niður í 2%, og var það gert til þess, að draga frá því verði, sem útborgað yrði til þeirra, sem skipta við verksmiðjurnar. En ég skal reyna að kynna mér það, hvort óhæfilega er í sakirnar farið með því að áætla þetta gjald 3%, þó að það skipti kannske ekki miklu. (**PZ**: Það þarf að vera 8—10%). Ég ætla ekki að rengja það fyrr en ef ég sé, að það sé ekki rétt, en mér þykir mikið, ef þarf svo háa afskrift. Ég hefi áður gert grein fyrir brtt. minum, og sömuleiðis hefir hæstv. atvmrh. gert þeim mjög góð skil, ég fjölyrði því ekki um þær að þessu sinni, en ég vænti þess, þegar um svo þýðingarmikið mál er að ræða sem framtíð síldarverksmiðjanna, að þá gái hv. þdm. vel að því, hvert nú er stefnt. Þessar verksmiðjur voru stofnaðar og hafa verið reknar með það markmið fyrir augum, að þær yrðu öllum landslýð til heilla og tryggja það, að hver og einn fengi það, sem honum ber með réttu.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég ætla ekki að lengja umr. að sinni, en vil fara þess á leit við 2. og 3. minni hl. hv. sjútvn., að þeir taki aftur til 3. umr. nokkrar af sínum brtt. Hv. þm. Vestm. vildi ég biðja að taka aftur 4. brtt. sína, um takmörkun á heimild verksmiðjustj. til að gera umbætur og viðbætur við verksmiðjurnar, og 6. brtt., um niðurfærslu á skattgjaldi verksmiðjanna til bæjar- eða sveitarsjóða. Einnig tel ég rétt, að hann taki aftur sömuleiðis til 3. umr. 3. brtt. sína, við 4. gr. frv., án þess ég leggi á það mikla áherzlu, því hún skiptir ekki miklu máli. En hinar tvær till., 4. og 6., vildi ég mælast til að hann tæki aftur til 3. umr. Á sama hátt vildi ég mælast til þess við hv. 3. minni hl. n., að hann léti bíða til 3. umr. 2. og 3. brtt. sína á þskj. 267, við 6. og 7. gr., og ennfremur 6. brtt. á sama þskj.

Í sambandi við það, sem sagt hefir verið, að 5% væri of lág afskrift af vélum verksmiðjanna, vil ég benda á það, að auk þess fer fram afskrift á verksmiðjunum á annan hátt, þar sem er afborgun af þeim skuldum, er á þeim hvíla. Þá vil ég ennfremur mælast til þess við hv. 3. landsk. þm., að hann taki aftur 8. brtt. sína til 3. umr., ef hv. þm. Vestm. verður einnig við mínum tilmælum.

Forseti (EÁrna): Nú eru tveir hv. þm. á mælendaskrá, en æskilegt væri að ljúka umr. á þessum fundi. (**JJós**: Ég get fallið frá orðinu og tek aftur til 3. umr. þær brtt., sem hæstv. ráðh. nefndi. — **PZ**: Ég fell einnig frá orðinu. — **SÁÓ**: Ég tek aftur til 3. umr. þær brtt., er hæstv. ráðh. talaði um).

ATKVGR.
Brtt. 256,4,6 teknar aftur til 3. umr.
— 267,2,3,6,8 teknar aftur til 3. umr.
— 256,1 felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÁJ, BSn, JJós.
nei: PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BSt, BrB, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.
GL greiddi ekki atkv.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 256,2 tekin aftur.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 267,1 felld með 10:2 atkv.
— 256,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
6—7. gr. samþ. með 12:2 atkv.
Brtt. 267,4 felld með 9:1 atkv.
8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 267,5 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, BrB, GL.
nei: HermJ, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSt, EÁrna.
BSn greiddi ekki atkv.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
Brtt. 256,5 (ný 9. gr.) samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, BrB, GL, JJós, MJ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ.
nei: HermJ, JJ, PHerm, BSt.
PZ, IngP, EÁrna greiddu ekki atkv.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
10. gr. samþ. með 11. shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 267,7.a felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, GL, JJós.
nei: JJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, EÁrna.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
Brtt. 267,7.b felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, BSn, GL, MJ.
nei: PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSt, HermJ, IngP, JJós, JJ, EÁrna,
BrB greiddi ekki atkv.
1 þm. (JBald) fjarstaddur.
Brtt. 267,7.c tekin aftur.
12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 10:2 atkv.
15.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 12:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Á 46. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 292, 256, 267, 302, 307, 309, 310).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 302. 307 og 310. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

***Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Pálmason):** Ég hafði ekki búið mig undir að tala fyrir þessum brtt., sem n. flytur hér. Í fyrri brtt. er dregið úr ákvæðinu, sem er í frv., þannig að það er horfið frá því að ákveða nokkra hámarksupphæð til endurbóta eða nýbygginga á verksmiðjunum. Sannleikurinn er sá, að með eintómum lagaboðum verður afarerfitt að sjá borgið fyrirtæki, ef því er mjög slælega stjórnað, og ég fyrir mína parta hefi gengið inn á, að það væri eðlilegt að fara þá leið að telja upp hver mannvirki það væru, sem stj. verksmiðjanna væri ekki heimilt að leggja fé í nema með samþykki Alþ. Hinsvegar má alltaf deila um, hvort þetta ákvæði sé svo rúmt að undir það megi færa eitthvað af því, sem menn hefðu talið ástæðu til, að Alþ. hefði úrskurðarvald um.

Síðari málsgr. þessarar brtt. er ný, og álít *ég nauðsynlegt, að hún komi inn í l.*, því að eins og frv. er nú, er stj. verksmiðjanna heimilt að gera umbætur á verksmiðjunum innan þess ramma, sem frv. setur, án þess að bera það að nokkru leyti undir ráðh. Það fannst n. ekki viðeigandi, því að ráðh. hlýtur að bera ábyrgð á stjórn verksmiðjanna, og okkur fannst sjálfsagt, að allar meiri háttar breyt. á verksmiðjunum væru alltaf bornar undir ráðh., og töldum við þá eðlilegt að leggja stj. þá skyldu á herðar, að við slíkar framkvæmdir léti hún fylgja ýtarlega grg. og kostnaðaráætlun. Ég held, að allir geti verið sammála um, að þessi síðari málsgr. sé til bóta.

Um 2. brtt. er fátt að segja. Í henni er reynt að skýra það fyrirkomulag, sem á að hafa um greiðslu á þeirri síld, sem kynni að vera lögð í verksmiðjurnar til vinnslu, og ég hygg, að flestir muni fallast á, að sú regla, sem þar er lögð til grundvallar, sé sanngjörn, en hún er sú, að þeir, sem leggja síld í verksmiðjurnar til vinnslu, eigi að fá greitt fullt raunverulegt verð, sem fæst fyrir afurðirnar að frádregnum kostnaði. En hinir, sem selja síldina föstu, ákveðnu verði, eiga engan rétt til uppbótar, þó svo fari, að hagnaður verði á þeirri síld, og okkur virtist rétt, að sá hagnaður, sem yrði á keyptri síld, yrði þá til tekjuauka fyrir verksmiðjurnar. Ef þetta fyrirkomulag verður tekið upp, þá er það í skemmstu máli sagt tilætlun okkar, að verksmiðjurnar eigi þá síld, sem keypt hefir verið föstu verði, og greiði aldrei út á hana meira en ákvæðisverð, en ef hagnaður verður samanborið við afurðasöluna, þá fá verksmiðjurnar þann hagnað. Verði aftur á móti tap á kaupunum, þá bera verksmiðjurnar það tap án þess að það geti færzt yfir á þá, sem lagt hafa síldina inn til vinnslu. T. d. er áætlað eitthvert verð fyrir síldina, og það verð köllum við 100%. Þeir, sem leggja síld til vinnslu, fá 85% útborgað af því, en þeir, sem selja síldina föstu verði, fá 100%. Nú reynist t. d. svo við uppgjör, að ekki hefst upp úr síldinni nema 90%. Þá fá þeir, sem hafa lagt inn síld, 5% viðauka, en verksmiðjurnar bera tapið á keyptu síldinni.

Ég held að n. hafi tekizt að orða þetta á þann hátt, að það valdi ekki ágreiningi við framkvæmdina. Ég tel að þetta atriði sé ekki lítils virði, vegna þess að verði reynt að leggja síldina til vinnslu í verksmiðjurnar, þá er fyrir-

komulagið á greiðslunni þannig, að það er hvatning fyrir þá, sem byrja á þannig löguðum viðskiptum, að halda þeim áfram.

Um 1. brtt. má deila, en ég held samt sem áður, af því að það lítur út fyrir, að allir aðiljar geti orðið sammála um hana að mestu leyti, að það sé þó viðunandi lausn og að þær skorður, sem reistar eru við því, að verksmiðjustjórnin leggi í óskynsamlegar framkvæmdir á byggingum mannvirkja eða kaupum á vélum, séu undir öllum heilbrigðum kringumstæðum nægilegar.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk., við brtt. á þskj. 307,1, um að á eftir orðunum „skipuð 5 mönnum" komi: til 3 ára í senn, og önnur brtt. við brtt. á þskj. 310, um að í stað „½%" komi: ¼%.

Þessar brtt. eru of seint fram komnar og skriflegar og þurfa því tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 315) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. 3. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hafði gert nokkra grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt, við 2. umr., en sumar voru teknar aftur, eins og kunnugt er, til 3. umr. Ég hefi ekki tekið upp allar þær brtt., sem ég þá flutti, m. a. af því, að ein af þeim er tekin upp af n. við 6. gr. Aftur á móti flyt ég hér á ný, eins og ég þá boðaði, brtt. við 4. gr. 1. málsgr., um skipun síldarverksmiðjustjórnarinnar. Ég hygg, að með minni till. væri nokkuð náð því marki, sem ég hygg, að sé almennur vilji allra þeirra, sem við verksmiðjurnar skipta og þurfa að hafa þeirra not. Með minni till. er það tryggt, að Alþ. hafi þarna fullkominn íhlutunarrétt með kosningu 2 manna í stj. verksmiðjanna. Ennfremur er mér fyllilega ljóst, eins og ég hefi áður drepið á, að hver ráðh., sem með atvinnumálin fer, hefir svo mikil afskipti af þessum stóra rekstri, að honum ber að tilnefna 1 mann til þess að eiga sæti í stj. verksmiðjanna, og það sé sá maður, sem hafi svo formennsku stj. á hendi. Ég gat þess nokkuð við 2. umr. málsins, hvað hér þarf að vera náið samstarf milli atvmrh. og formanns verksmiðjustj., svo að það væri ekki nema eðlilegt, að á hverjum tíma væri í stj. maður, sem nokkurn veginn er tryggt, að ráðh. telji sig geta haft sæmilega samvinnu við. Hinsvegar hefi ég nú gert till. um það, að stj. verksmiðjanna sé skipuð 5 mönnum, þó að ég álíti 3 manna stj. í raun og veru heppilegri margra hluta vegna, en þar sem sýnt er, að hv. d. vill ekki fallast á þá till. um 3 manna stj., þá sé ég mig knúðan til þess að fara að vilja hv. d., og geri ég því till. um 5 manna stj., sem í minni till. er að vísu gert ráð fyrir, að kosin verði með nokkuð öðrum hætti en frv. ætlast til. Í till. minni er ætlazt til, að þeir 2 menn, sem eru umfram hina 3, eigi að koma fram sem fulltrúar þeirra, sem gera út skipin og við verksmiðjurnar skipta og sjómannanna, sem á skipunum vinna, sem eins og ég hefi margsinnis tekið fram, eiga mjög mikilla hagsmuna að gæta, með tilliti til sinnar atvinnu, um það, hvernig rekstur þessara verksmiðja fer úr hendi. Þar sem enginn sérstakur félagsskapur er til meðal útgerðarmanna, ætlast ég til, að settar verði reglur af ráðh. um það, hvernig kosningin skuli fara fram. Ég gæti hugsað mér, að það mætti gera þannig, að allir þeir menn, sem hefðu viðskipti við verksmiðjurnar árið áður en kosningin fer fram, sem er sennilegt að yrði í byrjun árs, hefðu rétt til þess að greiða atkv. um fulltrúa útgerðarmanna. Að vísu geta komið til greina fleiri reglur, en mér hefir dottið þessi í hug. Það er engin ástæða til þess, að þeir útgerðarmenn, sem alls ekki skipta við verksmiðjurnar, hafi íhlutunarrétt um, hvaða maður skuli skipaður í stj. Aftur á móti lít ég svo á, að Alþýðusamband Íslands geti komið fram sem aðili fyrir hönd sjómanna um tilnefningu á fulltrúa þeirra í stj. verksmiðjanna, því að mestur hluti sjómanna, ef til vill að nokkrum prósentum undanskildum, sem á skipunum vinna, eru skipulagðir í því. Ég tel, að mín till. hafi miklu meiri kosti í sér fólgna heldur en sú till., sem í frv. felst um skipun stj. verksmiðjanna, því að í minni till. koma þeir réttu aðiljar til greina, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi, en það eru útvegsmenn og sjómenn og Alþ. að ⅔.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um þessa till. mína. Ég tel, að sú skipun, sem nú er ætlazt til að sé, muni fyrr eða síðar verða óframkvæmanleg. Þetta er ekki ólíkt því, sem áður hafði verið reynt og búið var að sýna, að var aðeins til niðurdreps fyrir þetta mikla fyrirtæki, sem ríkið með alþjóðarvelferð fyrir augum hefir nú með höndum.

Ég tek hér upp brtt. mína við 7. gr., en ég gerði nokkra grein fyrir henni við 2. umr., og skal ég því að þessu sinni láta það duga. Sömuleiðis hefi ég tekið upp brtt., sem tekin var aftur við 2. umr., við 14. gr., og gerði ég henni þá nokkur skil, svo að ég sé að svo komnu ekki ástæðu til þess að bæta þar fleiri rökum við, en ég sé, að tekin hefir verið til greina ábending mín um, að það hefði sínar verkanir, ef svo færi þar, sem síldarverksmiðjur ríkisins eru í litlum hreppsfélögum, að öll sú fjárhæð, sem hreppsfélögin þurftu til sinna nota, væri greidd af verksmiðjunum einum. Fyrir þetta er girt með brtt. frá hv. 2. þm. S.-M., sem ég er samþykkur. Það má ekki minna vera en að íbúar hlutaðeigandi hrepps verði að leggja á sig nokkrar byrðar, og hvort sem það gjald, sem ríkisverksmiðjurnar greiða, er hærra eða lægra, þá verður það ekki nema viss hluti af þörfum hvers bæjar- eða sveitarfélags. Mér er það fyllilega ljóst, að gagnvart einu bæjarfélagi, Siglufirði, hefir þetta sennilega enga þýðingu, því að það eru ekki líkur til, að sá hluti, sem verksmiðjurnar þar greiddu, þó að hann væri 1%, væri nálægt því ¼ af útgjöldum þessa bæjarfélags.

Þá skal ég gera grein fyrir skriflegum brtt., sem ég hefi leyft mér að flytja. Um þá fyrri er það að segja, að annaðhvort hefir fallið niður

í handriti hjá mér eða í prentun á þeirri till., sem þessi er brtt. við, til hvað langs tíma stjórn síldarverksmiðjanna skuli skipuð, sem sé til 3 ára. Síðari brtt. er við brtt. hv. þm. Vestm., en till. hans er um það, að í stað þess, að samkv. frv. eigi verksmiðjurnar að greiða 1% af brúttóandvirði seldra afurða í bæjar- eða sveitarsjóð, komi, að þær greiði ½%. Ég hefi lýst afstöðu minni til þessa atriðis. Ég er andvígur því, að þetta gjald sé lagt á og hefi fært rök fyrir því, en ef hv. d. finnst hún geti ekki skilið við þetta mál án þess að verða við ósk þeirra, sem hæst gala um þetta efni, þá tel ég, að þessi upphæð megi ekki hærri vera en ¼%. Ég álít, að það sé nægilegur skattur, sem yfirleitt er lagður á þá, sem við verksmiðjurnar skipta. Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þetta. Ef mig minnir rétt, þá var á þinginu í fyrra eða 1936, þegar um þetta var rætt, uppi till. um ¼%, og var mjög um deilt, hvort sú upphæð ætti að standa eða ekki. Ég var einn af þeim, sem voru mótfallnir því, en þar sem mér virðist nokkurt fylgi með því að skattleggja verksmiðjurnar, þá vil ég hafa þessa upphæð sem minnsta, rétt til þess að sýna nokkurn lit í þessu efni.

Um brtt. n. hefi ég það að segja, að ég hefi lýst mig samþykkan brtt. við 6. gr., sem virðist vera nokkur trygging fyrir því, að ekki sé settur óhæfilegur hemill á nauðsynlegar umbætur á verksmiðjunum. Ég mun einnig greiða atkv. með brtt. við 11. gr., þó að mér sé ekki fyllilega ljóst, hvort hún hefir nokkur bætt áhrif fyrir þá, sem við verksmiðjurnar skipta, en ég vil ekki skera mig út frá n., svo að ég hefi gengið inn á þessa till., enda á þetta mál eftir að ganga í gegnum þrjár umr. í hv. Nd., svo að þar býst ég við, að krufið verði til mergjar, hvort þetta ákvæði, sem n. leggur til, eigi að standa eða ekki.

Jónas Jónsson: Ég vil svara hv. síðasta ræðumanni út af einu atriði, sem hann hefir gert skrifl. brtt. um á þessum fundi. Það er í sambandi við þann skatt, sem frv. gerir ráð fyrir að síldarverksmiðjur ríkisins greiði til þess sveitar- eða bæjarfélags, sem þær starfa hjá. Ég ætla aðeins að segja það, að á þeim stað, sem mest hefir af þessum verksmiðjum og mjög óskaði eftir að fá þær, Siglufirði, hefir reynslan orðið sú, að með hverri aukningu á verksmiðjunum hefir safnazt þar að, ekki aðeins fólk, sem gat fengið þar vinnu, heldur einnig fólk, sem hefir komið í atvinnuleit, en ekki getað fengið neina vinnu, svo að það lítur helzt út fyrir, að þessi staður hafi haft mjög vafasaman hagnað af þessum aðgerðum frá sjónarmiði sveitarstj. Þó að ríkisfyrirtæki gæti, út frá venjulegum hugsunarhætti um slík mál, virzt eiga að vera undanþegin skatti, þá er þetta óhjákvæmilegt í þessu tilfelli, vegna þess að hver verksmiðja hleður svo utan á sig sveitarþyngslum, að ég er viss um, að till. hv. þm. Vestm. er það vægasta, sem hægt er að fara í *þessu efni, ef ekki á að setja þá staði í hættu,* sem þessar verksmiðjur hafa. Ég veit, að hv. síðasti ræðumaður þekkir svo vel til á Flateyri og Raufarhöfn, að honum er kunnugt um, að þessir staðir eru í stöðugri hættu með sitt sveitarstjórnar-sjálfstæði, vegna þess að það er of mikið aðstreymi á fólki að verksmiðjunum. Ég þykist vita, að hv. þm. sé svo sanngjarn, að hann sjái, að ekki heldur frá sjónarmiði flokks hans, sem er fjölmennur á öllum þessum stöðum, þar sem síldarverksmiðjurnar eru, er það eftirsóknarvert, að verksmiðjurnar séu til niðurdreps fyrir bæjar- og sveitarfélögin á þennan hátt.

Við 1. umr. þessa máls var hæstv. atvmrh. ekki algerlega á sama máli og við um sum atriði þessa frv., en ég lét niður falla að svara honum við 2. umr., af því að það þótti hentara fyrir framgang málsins, að umr. væri í stytzta lagi þá, því að nú á málið að fara úr hv. d. Þess vegna get ég ekki komizt hjá því að gera fáeinar aths. við ræðu hv. ráðh.

Ég hafði bent á, hvernig ógætnin í stj. síldarverksmiðjanna hefði komið fram í því að ákveða síldarverðið svo hátt, sem gert var síðasta ár, en það hafði þær afleiðingar m. a. á aðrar verksmiðjur, sem reknar eru af bæjarfélögum eða einstökum mönnum, eins og á Seyðisfirði, að þær gátu ekki staðizt þessa óeðlilegu samkeppni. *Ég hélt því fram,* að það gæti ekki verið ríkinu í hag fyrst og fremst að stofna síldarverksmiðjur á Siglufirði, kaupa verksmiðjur á Raufarhöfn og Flateyri, ganga í ábyrgð fyrir verksmiðjurnar á Seyðisfirði og Norðfirði og láta svo verksmiðjur ríkisins sjálfs spila svo ógætilega með ríkisfé. Hæstv. ráðh. veit, að við framsóknarmenn *höfum alltaf haldið þeirri stefnu* fram frá byrjun um þessar verksmiðjur, og hún mun verða tekin upp næsta sumar og sennilega aldrei hverfa þaðan aftur, að það ætti að unna mönnum þess að fá sannvirði fyrir vöruna. Ef þannig er farið að á Siglufirði, þá kemur allt annað út. Þá verður þetta fyrirtæki ekki eins og „spekúlant", sem skapar ókyrrð í kringum sig hjá bæjarfélögum, eins og Seyðisfirði, eða einstökum mönnum, sem reka verksmiðjur, heldur mun koma það form á þetta, sem ég benti á út frá reynslu kaupfélaganna, að alstaðar á landinu verður miðað við að borga það sama sem ríkisverksmiðjurnar geta borgað, sem sé sannvirði. Nú veit enginn enn, hvað sannvirði verður frá síðasta sumri, vegna þess að engin verksmiðja er búin að selja sína vöru til fulls, a. m. k. engin af stærri verksmiðjunum.

Hæstv. atvmrh. samþ. í vor sem leið þetta 8 kr. verð á síldarmálinu, sem greiðast skyldi fyrir það á Siglufirði og þar með varð gildandi fyrir þær tvær síldarverksmiðjur á Austfjörðum, sem ríkið hefir hjálpað, sem aftur varð til þess, að þær hafa komizt í óeðlilega hættulega aðstöðu um rekstur sinn, eins og ég hefi sýnt. Út frá þessum rökum kom ráðh. inn á það, að hann viðurkenndi, að kaupfélögin hefðu þetta form (sem er staðreynd, sem hann ekki neitar), að þau hafa ekki keypt af bændum vörurnar, heldur tekið þær þannig í umboðssölu, að bændurnir fái fyrir þær það, sem þær seljast fyrir á hverju ári. Út frá þessu sendir svo hæstv. atvmrh. samvinnumönnum, ekki sízt þeim í

Suður-Þingeyjarsýslu, ör, sem ég leyfi mér að að kasta til hans aftur. Ég býst við, að meiningin hjá hv. ráðh. hafi undir niðri verið, að af því að ég hafði gagnrýnt þá afstöðu, að verksmiðjan á Seyðisfirði virðist lenda í 50—60 þús. kr. rekstrarhalla nú á þessu ári, þegar þó hefir verið eitt hið bezta síldveiðiár, þá virtist ráðh. vera ástæða til að benda á, að samvinnumenn í Suður-Þingeyjarsýslu hefðu líka tapað og þeim verið gefið eftir þar af leiðandi. Honum fannst rekstur Kaupfélags Þingeyinga, með þess 60 ára starf að baki, vera eitthvað sambærilegt við þetta óhapp í hans eigin kjördæmi, sem hann, mjög á móti sínum vilja, hefir orðið meðhjálpari til að koma á. Nú býst ég við, að kaupfélag Þingeyinga hefði verið fyrirfram dauðadæmt með því að fá á sig 60 þús. kr. rekstrarhalla fyrsta árið. En svo fór ekki, heldur hafa þeir Þingeyingar, sem þann félagsskap mynda, yfirleitt klárað sínar sakir, þar sem þetta félag lifir enn, á stórar eignir, rekur aðalverzlunina í meira en hálfri sýslu og sjást ekki á því nein ellimörk. Ennfremur hefir svo þetta félag fætt af sér öll samvinnufélög á landinu og S. Í. S. og haldið uppi meir en nokkurt annað félag þeim hugsunarhætti og þeirri stefnu, sem við framsóknarmenn byggjum nú á till. um gætilega fjármálastjórn á síldarverksmiðjum ríkisins. Við stöndum nú nær því marki að setja á rekstur þeirra svipað samvinnufyrirkomulag og kaupfélögin hafa heldur en nokkru sinni fyrr.

Þetta frumhlaup hæstv. atvmrh. var svo auðvirðilegt og ósanngjarnt, að hann á skilið að fá nokkur rök í viðbót til minningar um, að hann hefir látið sér sæma að ráðast á elzta samvinnufélag landsins.

Ég ætla þá fyrst að koma að því, er hæstv. ráðh. brigzlaði bændum í Suður-Þingeyjarsýslu og annarsstaðar um, að þeir hefðu þegið kreppuhjálp. Það var að heyra á ræðu ráðh. eins og hann héldi, að þessar milljónir, sem til þess er varið, væru allar tapaðar, líkt og það fé t. d., sem Útvegsbankinn hefir afskrifað af Eskifjarðarmilljónunum í útibúinu á Seyðisfirði. En nú veit hæstv. ráðh., að þessar milljónir eru ekki annað en niðurfærsla á vöxtum. Alþ. hefir afráðið og þar með sá flokkur, sem hæstv. ráðh. tilheyrir, að rétt væri að láta bændur fá hagfelldari lánakjör, og var þeim í því efni hjálpað.

Ef þetta tvennt er tekið, annarsvegar það, sem sjávarútvegurinn hefir skaðað bankana með hreinum töpum, ekki með milljónatöpum heldur tugmilljónatöpum — t. d. vegna Coplands og Stefáns Th. Jónssonar — og hinsvegar kreppuhjálpin til bændanna, þá er í sambandi við kreppulánasjóð ekki að tala um annað, sem bændum er af þeim sjóði gefið eftir, en það, sem kemur fram í niðurfærslu á vöxtum. Kem ég þá að þessu örökstudda skeyti hæstv. ráðh. í garð bændastéttar landsins nokkru nánar.

Í sambandi við kreppulánasjóð hafa verið útgjöld að vísu. Og það er rétt, að kaupfélag Þingeyinga hefir fengið hjálp frá S. Í. S. um 200 þús. kr., eða ekki yfir það, í sambandi við kreppuhjálpina. En ég vil þá einnig láta það standa í þingtíðindunum, að einn þekktasti kaupfélagsstjóri á Austurlandi, mikill búmaður, sem ekki er gefinn fyrir að láta skuldir tapast, sagði, þegar það kom í ljós, að kaupfélag Þingeyinga hefði þurft að fá þessa hjálp: „Við látum kaupfélag Þingeyinga fá það, sem það þarf til þess að rétta sig við, því að það er móðir okkar allra og það hefir margfaldlega borgað þá hjálp, sem við látum það fá í sínum erfiðleikum.

En svo að ég komi nærri aðgerðum, sem önnur fyrirtæki, verklýðssamtökin í landinu, eru riðin við, vil ég spyrja: Hvers vegna var það, að bændastéttin íslenzka, sem vinnur baki brotnu, sem ekki kærir sig um ríkisrekstur, þegar Sveinn á Egilsstöðum stakk upp á því að gera allan sveitabúskap að ríkisrekstri og setja fast verð á kjötið, kærði sig ekkert um það og hundsaði það, þegar Sveinn á Egilsstöðum og aðrir, sem með honum stóðu, héldu því fram, að þetta væri bjargráð fyrir bændur? Þetta héldu Sveinn og hans fylgifiskar, að mundi hrifa hugi bændanna, ef bændum væri boðið svo vel til þess að festa kjötverðið, að það kostaði reyndar 3 millj. kr. úr ríkissjóði árlega, sem auðvitað hefði orðið eitt hið öruggasta ráð til að setja landið á hausinn. — Þeir Sveinn og hans menn héldu, að þingeyskir bændur mundu nú meta þetta við þá. En hverju svara þeir? Þeir kærðu sig ekkert um þetta. Þeir vildu og þurftu vitanlega að fá hærra verð fyrir kjötið. En þeir vildu ekki fara þannig á ríkissjóðinn, og staðfestu svarið með því að þeir felldu Svein við kosningar, þrátt fyrir hans mjög svo voldugu fylgismenn. En hvers vegna? Þeir vissu að það er ekki til neins að gera svona hluti; vissu, að ef ætti að reka sveitabúskapinn með tekjuhalla á kostnað ríkissjóðs, yrði það skammgóður vermir, þó það e. t. v. gæti gengið stuttan tíma.

Þannig hafa bændur hugsað. Þeir hafa þannig byggt upp samvinnufélögin og S. Í. S., að þeir hafa þrátt fyrir allt, eftir því sem Halldór Pálsson, sem stundað hefir nám erlendis í fjárræktarfræði, segir, fengið tiltölulega meira verð fyrir sína dilka heldur en skozkir bændur, af því að samvinnufélögin veita bændum meiri stoð á Íslandi heldur en hjá Skotum. Þetta eru afrek samvinnustefnunnar hér á landi, þeirrar stefnu, sem vaxið hefir upp af þeirri vinnu, sem afi hæstv. atvmrh. og móðurbróðir hans og aðrir sérstaklega mætir menn í Suður-Þingeyjarsýslu hafa á sig lagt fyrir verzlunarsamtök bænda þar.

Nú skal vikið að sjávarútveginum. Hinir góðu forsjármenn þeirra fyrirtækja, sem mynduð eru um þorskveiðar, hafa lagt fram skilríki um það, að líkur bendi til þess, að ef gert verði út á þorskveiðar í vetur, þá verði 110 þús. kr. tap á hverjum togara og 10 þús. kr. tap á hverjum mótorbát. Ég vildi nú mega óska, að það mætti eitthvað lækka þetta. En a. m. k. bera þessir menn þetta fram í alvöru. Bendir það á, að allt of mikið muni vera hæft í þessu, þó varla muni þessi útkoma verða svona gífurleg. Út frá öllu þessu, sem ég hefi sagt, og þeirri ör, sem hæstv. ráðh. skaut að samvinnufélögunum í landinu, vil ég ennfremur upplýsa það, að

aldrei hefir tapazt einn einasti eyrir sem ógoldin skuld af þeirra sameiginlega sambandi. *Enginn hefir tapað á S. Í. S. vegna viðskipta við það.* Ef þessi afkoma er borin saman við einkarekstur eða bæjarrekstur, þá er árangurinn ákaflega mikill af samvinnufélagsskap landsmanna.

Ég hygg því, að síldarverksmiðjurnar komi smátt og smátt inn á þann grundvöll, að þær hætti við að vera glæfrafyrirtæki, sem þær eru og hafa verið, en þær verði látnar á hverju ári bera sig þannig, eins og samvinnufélög bænda, sem starfað hafa með ágætum árangri í 60 ár, að þeir, sem selja þeim síld, fái það verð, sem raunverulega fæst fyrir hana að frádregnum kostnaði.

Ég get ekki látið vera að benda hæstv. atvmrh. á, að samvinnufélagsskapurinn í landinu stendur á sterkari fótum fjárhagslega heldur en nokkurt annað skipulag hér á landi.

Samvinnubændur sem og aðrir bændur hafa nú um mannsaldur átt við að búa erfiðleika, sem koma frá öðrum atvinnuvegi og eru alveg ólíkir því, sem landbúnaður í nokkru öðru landi á við að búa, þannig að það er fullvíst, að ef *samvinnuskipulagið hefir ekki hjálpað* íslenzkum sveitabændum, þá hefði íslenzk sveitamenning þurrkast út á sama hátt og ensku sveitirnar þurrkuðust út á síðari hl. 18. aldar. *Þessir erfiðleikar íslenzka sveitabúskaparins* hafa stafað frá sjávarútveginum, sem með hinu háa kaupgjaldi hefir keppt við sveitabúskapinn um vinnukraftinn. Þó að hæstv. ráðh. taki til *samanburðar landbúnað í Svíþjóð*, Danmörku, Englandi og jafnvel Noregi, þá á engin þessara þjóða við að búa eins mikla örðugleika og þá um kaupgjald, sem íslenzkur landbúnaður, sem stafa af þeim tveimur stóru gullnámum, sem þetta land hefir og draga að sér vinnukraftinn og hækka kaupgjaldið, sem eru þorskveiðarnar og síldveiðarnar. Í svo fámennu landi sem Íslandi hefir það gífurleg áhrif á eldri atvinnuveg, að tvær svo stórar flóðbylgjur í atvinnulífinu hafa komið yfir landið og boðað óskapa kaup. T. d. má nefna um erfiðleika sunnlenzkra bænda, þegar þeirra vetrarmenn hafa sagt við þá: Ég get nú á 80 dögum unnið mér inn 1600 kr. frítt. Vilt þú borga mér þetta fyrir vinnu mína?

Enginn sveitamaður getur borgað þetta kaup. En sveitabændur hafa orðið að borga geypihátt kaup, vegna þess, hvað sjávarútvegurinn hefir boðið. Ég vil ekki segja, að þeir hafi getað það. Sama er að segja, ef við förum til Siglufjarðar, þar sem verksmiðjustjórnin borgar 3 kr. á tímann á sunnudögum. Það er kaup, sem talið er eðlilegt á Siglufirði af verksmiðjunum, sem ég er þó ekki viss um, að þessi atvinnuvegur geti greitt. En þessa samkeppni hafa bændur átt að glíma við um heyskapartímann. Niðurstaðan er því orðin sú, að íslenzkir bændur hafa hætt meir og meir að vera vinnukaupendur, heldur er það oftast svo á sveitabæjum, að á hverju búi eru aðeins hjón með börn og náið vandalið að vinnu fyrir búinu. Af Framsfl. hefir verið unnið að því að reyna að gera sveitabúskapinn að vélaiðju að meira eða minna leyti, af því að það virðist eini möguleikinn til þess, að þessi atvinnuvegur gæti haldizt. Ég vil því skjóta því til hæstv. atvmrh., þegar honum dettur í hug í sjálfsvarnar skyni vegna þeirra erfiðleika, sem hann á í vegna þessarar verksmiðju á Seyðisfirði og þess skipulags, sem hún hefir verið byggð upp á, með hans vitund og vilja, sem hefir misheppnazt, þegar honum í sjálfsvarnar skyni vegna þess arna dettur í hug að ráðast á samvinnufélagsskapinn í landinu, þá vil ég benda honum á, að ekki er til nema ein leið fyrir sjávarútveginn til að rétta sig við, ekki sú, að senda neinar örvar til bænda fyrir sitt skipulag, heldur sú, að fara nákvæmlega í föt bændanna. Það, sem hæstv. ráðh. verður að gera í sambandi við sinn kæra Seyðisfjörð og Siglufjörð, er að slá upp í bókum Jóns á Gautlöndum og Péturs á Gautlöndum og Hallgríms Kristinssonar og athuga, hvernig þeir fóru að því að byggja upp sveitirnar, og feta svo í þeirra spor, *sem er í stuttu máli það, að láta atvinnuna* bera sig, láta fólkið fá fyrir framleiðsluna það, sem hún gefur af sér á hverjum stað og tíma. Það kom dálítið á einn flokksbróður hæstv. atvmrh., *þegar hann heyrði tölurnar, sem mann*margar n. frá útveginum lögðu fram fyrir þingflokkana og bankana. Ég get ekki áfellt þann hv. þm. fyrir þetta, því að það kom á mig líka, *þegar ég heyrði þessar tölur. Ég er að vísu ekki* alveg trúaður á, að þessar tölur séu rétt áætlun. En ég veit, að það er ákaflega mikið til í þeim. Þess vegna er það, að ég ber ekki neitt yfirdrifna virðingu fyrir þeirri lífsstefnu, sem komið hefir fram hjá Alþfl. í óskum um það, hvernig síldarverksmiðjur ríkisins verða reknar. Það skipulag er nú að bíða ósigra. Ég veit, að þessir menn hafa ekki viðhaft viljandi gapaskap í þessu efni eða stofnað til þess að skaða fjárhag verksmiðjanna og þar með landsins. En það er ekki hægt að komast í kringum það, að þetta skipulag miðar að því að sigla í strand. Fyrsta virkilega háa kallið, sem kemur frá sjávarútveginum, eru þessar tölur, sem ég var nú að segja frá. Ég hefi verið á mörgum vandræðafundum, sem haldnir hafa verið af n. frá Alþ. og frá bönkum hér í Rvk. En aldrei hefi ég verið á slíkum fundi sem þessum, vegna þess, að þar voru allir flokkar og þar datt engum í hug að ýta af sér sökum yfir á náungann, því að það fundu allir til þeirrar ábyrgðar og alvöru, sem menn hafa á skipi, sem hlekkist svo mikið á, að hætta er á, að það sökkvi.

Ég álít rétt, út af þeim ásökum, sem ég hefi orðið fyrir af hálfu hæstv. atvmrh. fyrir það að gerast meðflm. að frv., ásamt hv. þm. Eyf., um þessar ríkisverksmiðjur, að segja nokkur orð til viðbótar því, sem ég sagt hefi um samvinnustefnuna og skipulag bænda — nokkur orð um, hvað okkur ber á milli framsóknarmönnum og alþýðuflokksmönnum í þessu ríkisverksmiðjumáli. Við viljum, að síldarverksmiðjur ríkisins verði reknar á *hlutaskiptagrundvelli, þannig* að sjómenn fái á hverju ári það fyrir síldina, sem hún hefir selzt fyrir á útlendum markaði, að frádregnum óhjákvæmilegum kostnaði.

Því hefir þrásinnis verið haldið fram í blaði

flokks hæstv. atvmrh. — og ég væri ekki að svara því, ef því væri ekki einnig haldið mjög á lofti af flokki hans —, að við, sem stöndum og höfum staðið að því að tryggja samvinnufyrirkomulag í atvinnu landsmanna, séum ofsóknarar sjómanna og útgerðarmanna. Ef svo væri, væri það í mesta máta illgirnislegur hugsunarháttur. En í því sambandi vil ég nú, að við athugum tvennt.

Það, sem ég geri ráð fyrir, að vaki fyrir hv. þm. Vestm., sem flutt hefir hér till. um síldarverksmiðjur ríkisins, um að þær bæði kaupi síld og taki hana til vinnslu án þess að greiða strax fullt endanlegt verð fyrir, er, að honum væri skapi næst, að hlutafélög eða einstakir menn ættu síldarversmiðjur ríkisins, eins og verksmiðjurnar á Krossanesi, á Dagverðareyri, Hesteyri og Djúpavík eru í einstakra manna eign. Svo mundi hann líklega vilja, að þessar verksmiðjur gætu keypt síldina fyrir sem allra lægst verð af útgerðarmönnum og sjómönnum. Samkv. einkarekstrarfyrirkomulaginu er ekki vafi á, að reynt mundi vera að fá síldina fyrir sem allra lægst verð. Þetta er nú sú heilbrigða lífsskoðun hans flokks. Móti þessu hafa verkamenn barizt. Hitt, sem ég vildi minna hæstv. ráðh. á, er það, þegar árið 1916 varð deila milli útgerðarmanna og sjómanna út af því, að sjómenn vildu fá kaup eftir hlutaskiptafyrirkomulagi, sem útgerðarmenn vildu ekki ganga inn á. Hverja studdi ég þá? Ég veit, að það hefir ekki munað mikið um mig, en ég studdi sjómenn þá eins og ég gat. Ég býst við, að hæstv. ráðh. viðurkenni, að maður, sem tekið hefir upp þessa stefnu fyrir 21 ári og hefir sýnt sjómönnum sanngjarna hluttekningarsemi í þessum efnum, sé ekki fjandsamlegur þeim, þó að hann vilji halda fram nú, í sambandi við ríkisverksmiðjurnar, þessari hlutaskiptastefnu, sem virðist vera eina fjárhagslega stefnan í viðskiptamálum sem þessum, sem mögulelka hefir til þess að standast í þessu landi.

Þannig var baráttan 1916. Skipeigendur sigruðu þá, en höfðu verri málstað. Niðurstaðan varð sú, að útgerðin hélt áfram að vera spekulation að öllu leyti. Hún var byggð á því, að skipaútgerðarmenn gætu haft fólk í vinnu fyrir sem minnst kaup og fengið sem mest fyrir vöruna og með þessu móti grætt sem mest. Þetta er heilsteypt kenning,— kenning einkarekstrarmanna.

Sjómenn og verkamenn sögðu síðar, að þá varðaði ekki um, hvort atvinnuvegirnir gætu borið sig. Þetta var þeim kennt árið 1916. Nú er komið svo, að fyrir nokkrum dögum lögðu leiðandi menn togaraútgerðarinnar fram í stjórnarráðinu reikninga, er sýndu, að yrði kaup sjómanna hækkað svo sem þeir nú fara fram á, liti út fyrir að verða 100000 króna tekjuhalli á rekstri hvers togara á næsta ári. Þetta er útkoman eftir tuttugu ára baráttu. Ef svo leiðtogar verkamanna eru spurðir að því, hvort verkafólksins biði glæsileg framtíð, ef það fái þessa kauphækkun, er svarið það sama, að það sé engin lausn á vandamálunum nema í svipinn, því að dýrtíðin hækki að sama skapi. Þetta eru þær niðurstöður, sem fást af skipulagi því, sem hæstv. ráðh. vill viðhalda. Atvinnurekendur segja: Við viljum spekúlera með síldina, fá hana á sem lægstu verði. Verkamenn vilja líka spekúlera. Og sósialistar vilja út af lífinu viðhalda þessu spekúlationskerfi. Ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði eru uppáhald sósialista. Að því kemur, að verksmiðjurnar setja síldina hærra en hún selst fyrir. Þá verður stöðugur tekjuhalli á rekstrinum, og ekki er annað að gera en að leggja hann á aðra gjaldendur. Þetta fyrirkomulag vilja sósialistar heldur en það skipulag, sem samvinnumenn hafa viljað hafa á þessum málum. Ef svona færi, yrði Alþ. að selja verksmiðjurnar, og það þó að sósialistar væru í meiri hluta. Við skulum athuga næstu leið. Hugsum okkur, að verksmiðjurnar beri sig og græði nokkuð fyrst, þá verða þeir, sem ráða verksmiðjunum eins og t. d. Hesteyri, að kaupa síldina fyrir minna en sannvirði til að græða á henni. Þetta er engin fjarstæða, ef það er gert með það fyrir augum, að nota gróðann til að endurbæta og fullkomna verksmiðjurnar. En það ömurlega með ríkisverksmiðjurnar er það, að þær eiga ekki neitt. Það vakir fyrir hæstv. ráðh., að verksmiðjurnar séu ekki gróðafyrirtæki, sem féfletti sjómenn. En ef afleiðingin af stefnu hans í síldarbræðslumálunum yrði sú, að verksmiðjurnar yrðu gerðar upp eftir tvö til þrjú ár, þá er hætt við, að sjómenn verði langeygðir eftir ávinningi þeirra af kerfi hæstv. ráðh. Á þessum miklu þrengingartímum koma verkamenn og sjómenn til atvinnufyrirtækjanna og heimta hærra kaup. Þeir geta vafalaust fært mörg rök fyrir því, að þeir spinni ekki silki. Niðurstaðan er sú, að allir þeir, sem þurfa fé til atvinnurekstrar, koma á sama staðinn, Landsbankann. Íslendingar hafa yfirleitt ekki spunnið silki á undanförnum kreppuárum. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvað hann mundi gera, ef hann ætti sæti í bankaráði Landsbankans og til hans kæmu mótorbátaeigendur frá Vestmannaeyjum til að biðja um lán. Þeir vilja gjarna gera út, en þeir leggja reikninga á borðið, sem sýna, að útlit er fyrir, að það tapist 10000 kr. á hvern bát á árinu. Heldur hæstv. ráðh., að Landsbankinn eða Útvegsbankinn geti tekið líflega í að lána slíkum fyrirtækjum? Ef svo kæmu álíka gætilegir síldarverksmiðjueigendur, þá mundi hæstv. ráðh. segja eitthvað á þessa leið: Ég vildi gjarna leysa úr vandræðum ykkar, en ég hefi ekki yfir að ráða einum hundraðasta af þeim peningum, sem til þess þyrfti.

Það er ekki forsvaranlegt að lifa og láta áfram eins og gert hefir verið hingað til. Það er ekki forsvaranlegt að skella opinberu fé í bein og fyrirsjáanleg töp. Hvort sem þessi hv. d. ákveður, að síldina skuli kaupa föstu verði eða ekki, þá get ég ekki hugsað mér annað en að stjórn Landsbankans fari eins að eins og ég vil hugsa mér að hæstv. ráðh. gerði í hennar sporum, og segi við síldarframleiðendur í vor: Ég læt ykkur fá út á síldina, þegar hún er komin á land. — Ef hæstv. ráðh. væri bankastjóri og tæki þessa sjálfsögðu varúðarráðstöfun, þá mætti auðvitað segja, að hann væri með þessu að skaða sjómennina, að hann væri að gerast böðull sjómannanna. En ég held, að hæstv. ráðh. mundi

láta sér á sama standa. Hann vissi sem væri, að ásakanir þessar væru ekkert annað en vitleysa, bornar fram af mönnum, sem ekkert vit hafa á hlutunum, eða þá tala gegn betri vitund.

Hv. þm. Ísaf. var að spauga við mig utan umræðnanna um það, að framsóknarmenn ýmsir væru linir í þessu máli. Ég skaut því að honum, að það væri ekki þörf á því fyrir okkur að vera strangir í kröfum, þar sem straumar atvinnulífsins eru smátt og smátt að þrýsta öllum atvinnurekstri landsmanna inn á þann grundvöll, sem við framsóknarmenn höfum verið að leggja frá því fyrsta. Það er hægt að berjast móti því, en sú barátta verður árangurslaus. Fyrr eða síðar vakna menn til vitundar um það, að þjóðin getur ekki rekið stóra atvinnuvegi með tekjuhalla ár eftir ár. Það verður að byrja neðan frá, þannig, að hver stétt hafi upp einungis það, sem hennar atvinna gefur af sér. Það er búið að reka verulegan hluta af atvinnurekstri landsmanna með tekjuhalla allt frá árinu 1916. Stór lán hafa verið tekin erlendis og þeim kastað í þessa hít; nú er komið svo, að menn eru ekki fúsir á að taka meiri lán, og eiga heldur ekki gott með að fá þau. Þá er komið að því, að við verðum að gera okkur það að góðu, sem við fáum af sjálfri framleiðslunni.

Ég mun standa að því í bankaráði Landsbankans, hversu andrikt sem hæstv. ráðh. kann að finnast böðulsheitið, að í vor verði lánað út á síldina eftir þeim sömu aðferðum og bankarnir hafa viðhaft í mörg ár, er þeir lána út á fisk. Og þetta mun eins ganga yfir ríkisverksmiðjurnar og einkafyrirtækin. Það verður að taka upp aukna varasemi með peningalán. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. reyni að sjá um, að sjómenn tryggi sér sannvirði fyrir síldina með ráðningum á síldveiðiskipin í vor, þó að síldarbræðslurnar verði ekki færar um að borga allt út strax.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að borguðu ríkisverksmiðjurnar ekki út allt síldarverðið strax, þá mundu verksmiðjur þær, sem í einkaeign eru, borga hærra verð, og skjóta þeim aftur fyrir sig. Ef hér eru til svo rík einkafyrirtæki, að þau geti úr eigin sjóði tekið peninga til að leika sér með, þá fara þau náttúrlega að fara í keppni við ríkisverksmiðjurnar með óeðlilega háu verði, þvert ofan í bann bankanna. En ég veit ekki um neitt íslenzkt einkafyrirtæki, sem væri þess megnugt. Ekkert einkafyrirtæki er svo vel stætt, að það geti haft síldarverksmiðjur sínar til spekúlatióna, og ég þykist vita, að ekkert einkafyrirtæki mundi ætla sér þá dul að brjóta í bág við það varasama kerfi, sem neyðin hefir þrýst bönkum landsins til að taka upp.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Áður en ég vík að hinni mjög svo „saglegu“ ræðu hv. þm. S.-Þ., ætla ég að fara nokkrum orðum um brtt. sjálfar, en þær urðu alveg útundan í ræðu hv. þm.

Út af brtt. hv. sjútvn. á þskj. 309 vil ég segja það, að ég get fellt mig við þá orðun á 6. gr. frv., sem þar er upp tekin. Ég lýsti því við 1. umr., hverjum erfiðleikum það er bundið að ákveða í eitt skipti fyrir öll upphæð til árlegra endurbóta og nýbygginga í verksmiðjunum. Ég vil aðeins benda hv. n. á, að í byrjun brtt. stendur „án samþykktar Alþingis“, — „án samþykkis Alþingis“ færi betur. Það er ekki heldur tekið fram í till., hvort ætlazt er til, að þetta sé gert með þál. eða l. — Á sama þskj. er brtt. við 11. gr., síðustu málsgr. Ég held, að þar sé skýrar og gleggra kveðið á en í frv. sjálfu, og fellst því einnig á þessa brtt. — Við 2. umr. málsins hér í hv. d. var felld brtt. frá hv. 3. landsk. viðvíkjandi stjórn síldarverksmiðjanna. Hv. þm. ber nú fram brtt. að nýju, og fer brtt. fram á að stjórnin skipi 5 menn, 2 kosnir hlutbundinni kosningu á Alþ., 1 skipaður af atvmrh., 1 tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og 1 tilnefndur af útgerðarmönnum, er við verksmiðjuna skipta, eftir reglum, sem atvmrh. setur. Ég vísa til þess, sem ég hefi áður sagt í umr. um þetta mál, að ég álít það fyrirkomulag hagkvæmast, að í stjórninni ættu þrír menn sæti, og væru þeir allir skipaðir af ráðh. En verði farið að breyta þessu á annað borð, þá finnst mér að rétt sé að fara þá leið, sem felst í brtt., að tekið verði tillit til vilja viðskiptamannanna, sjómanna og útgerðarmanna um val stjórnarinnar. Ég mun því greiða þessari till. atkv.

Hv. þm. Vestm. hefir flutt brtt. um útsvarið, að það verði ½% af brúttóvirði seldra afurða, í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir 1%. — Hv. 3. landsk. leggur til, að þessi grein falli niður, og svo verði áfram sem nú er, að verksmiðjurnar séu ekki útsvarsskyldar. Ef þessi brtt. verður felld, mun ég greiða atkv. með brtt. hv. þm. Vestm., að samþykktri brtt. hv. 2. þm. S-M. á þskj. 302, um að útsvarsupphæðin sé bundin við 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár sem hámark. Þetta ákvæði tryggir það, að lítil sveitarfélög geti ekki velt öllum útsvarsþunga sínum á verksmiðjurnar.

Brtt. þær, sem lágu fyrir þegar við 2. umr., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um, þar sem ég tók afstöðu til þeirra við þá umr.

Ræða hv. þm. S.-Þ. gæfi mér tilefni til að flytja eigi allstuttan ræðustúf. Ég mun reyna að stytta það eins og ég get, en þó verður ekki hjá því komizt að drepa á meginatriði ræðu hans. Ég vil byrja með því að leiðrétta átakanlegan misskilning, sem mér fannst koma fram í ræðu hv. þm. Hann byrjaði ræðu sína á því, að vegna þess að ég sem atvmrh. hefði ákveðið síldarverðið í sumar 8 kr. málið í bræðslu hjá síldarverksmiðjum ríkisins, hefðu aðrar verksmiðjur, svo sem verksmiðjurnar á Seyðisfirði og Norðfirði, tapað miklu fé í sumar. Rauði þráðurinn í þessum kafla ræðu hv. þm. var sá, að síldarverðið í sumar hefði verið ákveðið of hátt, og bæri ég sem ráðh. ábyrgðina á því, að síldarverksmiðjur ríkisins væru orðnar glæfrafyrirtæki, og því, að aðrar verksmiðjur stórtöpuðu. Þetta eru svo þungar og alvarlegar ásakanir, að viðfelldnara hefði verið, að hv. þm. hefði gert tilraun til að rökstyðja þær citthvað. Ég lýsti því yfir við 2. umr., að samkv. upplýsingum verksmiðjustjórnarinnar væri tal-

ið útlit fyrir, að með 8 króna verðinu verði hagur verksmiðjanna þannig í haust, að hægt verði að greiða öll sjóðgjöld, allar afborganir og öll lögskipuð gjöld, sem nema um 480 þús. krónum á ári, og þó eiga um 60 þús. króna afgang. Nú er komið yfirlit yfir reksturinn, og hefir þetta staðizt. Það er því langt frá, að verðið í sumar hafi sýnt sig að vera ógætilega áætlað, ef þess er gætt, að frá árinu sem leið voru yfirfærðar 200 þús. krónur, sem var afgangur af rekstrinum það ár. Ég tel, að það hafi sýnt sig, að gætt hafi verið fullrar varúðar við verðákvörðunina. Þó hafa orðið meiri verðsveiflur á annari framleiðsluvörunni, lýsinu, en títt er. Verðlagið á lýsi var í fyrravetur 22 pund, en hefir lækkað síðan, og er nú komið niður í 15—16 pund. Verðlækkunin á þessari verðmestu vöru hafði þá orðið fullkomlega um einn þriðja á þessu tímabili. Og ég er ekki viss um, að allar fjárhagsáætlanir þessa hv. þm. séu svo traust undirbyggðar, að þær standist svo mikið áfall sem þetta. Ég vildi mega spyrja hann, af því hann lætur vera eini sannkristni maðurinn í samvinnu hér á landi og hafa jafnvel búið samvinnufélagsskapinn til, hvort áætlunarverð á vörum hjá kaupfélögum og samvinnufélögum er svo varlega eða varlegar áætlað yfirleitt. Ég hygg, að það sé sízt varlegar áætlað heldur en verðið á síldinni síðastl. ár, og er þó auðveldara að gizka á í þeim efnum, því að verð á síld var áætlað talsvert fyrir síldveiðitímann, eins og verður að gera, en verð á gærum t. d. um leið og farið var að selja þær. Á þessum vörum varð talsvert verðfall. En ég efast um, að það verðfall hafi verið séð fyrir og að í áætlunarverðinu hafi verið trygging fyrir því, að allt gæti staðizt. (PZ: Víðast hefir það staðizt). Það verð ég að draga í efa, samkv. upplýsingum, sem ég hefi fengið um þetta, meðan ég fæ ekki aðrar betri.

Hitt er rétt, sem hv. þm. sagði, að það hefir orðið tap á rekstri verksmiðjanna á Seyðisfirði og Norðfirði. Þær hafa haft sína barnasjúkdóma, en þó veldur sérstaklega, að sú síld, sem veiðist aðallega fyrir Austurlandi, er að lýsismagni fullu 1% lægri en síld norðanlands. En það væri býsna öfugt, ef síldarverð á landinu til bræðslu ætti að miða við mögrustu síldina, og að verksmiðjan, sem er minnst og á örðugast með að bera sig, ætti að ákveða síldarverð fyrir allt landið. Það er vissulega ekki heppilegt, að mikið sé byggt af slíkum smáum verksmiðjum. Náttúrlega á að miða verðið við ríkisverksmiðjurnar, sem ætla má, að skili ódýrustum afköstum með þeim tækjum, sem þar eru, og séu færastar að veita sjómönnum og útgerðarmönnum ríflegust kjör. Þess vegna verður að leggja ríka áherzlu á það, að verksmiðjurnar séu alltaf í því allra bezta ástandi, sem unnt er, svo að þær geti unnið sem mest af síld með sem minnstum tilkostnaði og veiti sjómönnum sem hæst verð. Að því er stefnt með ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið undanfarið, eins og endurnýjun á pressum, kaupum á skilvindu og öðru, sem mest hefir kallað að.

Það mun nú hafa verið drengilega gert af hv. þm. S.-Þ. að verja mína frændur, bæði látna og lifandi, fyrir ómaklegum árásum af minni hendi, og fyrir hönd frænda minna votta ég honum mínar beztu þakkir fyrir. En þessi vörn kynni þó að hafa verið óþörf, því að ég mótmæli því að hafa gert nokkra árás á hendur samvinnumönnum eða félögum í landinu eða á hendur frændum mínum, lífs eða liðnum. Ég sagði það eitt, að samvinnuskipulagið hefði ekki megnað að afstýra áföllum, sem bændastétt landsins hefði orðið fyrir, t. d. í Þingeyjarsýslu, þar sem mínir frændur voru og eru flestir og hv. þm. er sérstaklega kunnugur, ættaður þaðan og þm. þess kjördæmis. Og þetta veit hann eins vel og ég. Og ég skal líka segja honum, að ég veit eins vel og hann, — þó að hann telji sig einan hafa rétt til að tala fyrir munn samvinnumanna á þingi og í blöðum og í landinu yfirleitt, — hversu stórkostlegt afrek það er, sem samvinnufélögin hafa unnið, eða réttara sagt íslenzkir bændur með sínum samvinnufélagsskap. Það er ómetanlegt, hversu kjör þeirra bötnuðu stórkostlega efnalega og hversu þeir mönnuðu sig stórkostlega sjálfa gegnum þennan félagsskap. Þetta er mér engu síður ljóst en hv. þm. En hitt er ekki annað en barnaskapur einber, ef ekki annað verra, að hugsa sér, að samvinnufyrirkomulag bænda um þeirra afurðir sé hægt að flytja í einu vetfangi á annan atvinnurekstur, svo sem að reka síldarverksmiðjur og gera út síldveiðiskip. Hann veit, að hér er um mjög ólíkar aðstæður að ræða, og það er barnalegt að trúa skilyrðislaust á heimfærslu eins fyrirkomulags yfir á ólíkt framkvæmdasvið, þó að það geti reynzt vel þar, sem það á við. Prýðilega saumuð flík á hv. þm. S.-Þ. gæti kannske ekki passað á mig — af tilviljun gerði hún það kannske — en gæti orðið háðungarspjör á Pétur eða Pál, því að það er jafnan svo, að sníða verður stakkinn eftir vexti. Og ekki síður í þessum efnum en öðrum.

Hv. þm. sagði, að ég hefði brigzlað bændum út af kreppuhjálpinni. Ekki veit ég, hvaðan þm. kemur þetta; það er kannske blaðamaðurinn, sem hefir hlaupið af stað með þingmanninn. Ég neita því alveg að hafa gert þetta. En ég sagði, að þrátt fyrir þann mikla styrk, sem bændur hefðu haft í sínum samvinnufélagsskap, gætu þeir samt sem áður ekki haldið sínum atvinnurekstri gangandi og jörðum og búum, nema hið opinbera hlypi undir bagga með kreppuláni. Ég hefi aldrei sagt, að þær 11 millj. kr. séu tapaðar. En ég veit ekki betur en að ríkissjóður leggi fram 250 þús. kr. árlega í tillag, sem kemur aldrei aftur, þannig að það verði 2 millj. á 8 árum. Og ég er alveg viss um að lánin koma ekki öll inn, en sem mest, vona ég. Ég sagði ekki, að mennirnir vilji ekki borga. Ég geri ráð fyrir fullkominni skilsemi, eftir því, sem geta leyfir; en það er barnaskapur að hugsa sér, að 100% komi inn af þessum skuldum frekar en öðrum útlánum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði gert árás á bændastétt landsins. Því fer mjög fjarri. Það eina, sem ég hefi gert, er að segja frá staðreyndum, sem öllum eru kunnar, ekki sízt þeim, sem hafa fjallað um löggjöf síðustu ára og að

ákaflega miklu leyti hnígur í beina þjóðnýtingarátt fyrir bændur, eins og ég fæ kannske tækifæri til að sýna þm. fram á síðar, sem hlakkaði yfir því, hversu þjóðnýtingarpostulanum (í gæsalöppum býst ég við) Sveini á Egilsstöðum hefði gengið illa í síðustu kosningum. Hann sagði um þennan mæta mann, að hann vildi þjóðnýta landbúnaðinn og ákveða fast verð á kjöti. Hann sagði þetta vera í samræmi við jafnaðarmenn, en svo hafi flokkurinn sálazt út af! Nú vil ég spyrja hv. þm.: Man hann eftir l., sem heita l. um kjötverðlag og sölu á kjöti, eða nokkru, sem heitir mjólkursölulög og stundum hafa verið til meðferðar í þinginu? Hver ákvæði eru í þessum lögum? Ég man ekki betur en að ákveðið sé, að innanlands eigi að vera ákveðið verðlag á kjöti, sem ákveðið er af sérstökum nefndum, þar til skipuðum, og óheimilt sé að selja kjötið eða mjólkina fyrir annað verð en hlutaðeigandi nefnd ákveður. Þetta er stórt spor í þjóðnýtingarátt; ég játa það. Það er eins og mig minni, að hv. þm. S.-Þ. hafi greitt atkv. með þessari löggjöf. Það er ákveðið í þessum l., að af þessu fasta verði, sem greitt er innanlands, skuli tekinn viss hluti og greiddur sem uppbót á kjöt, sem flutt er úr landinu. Og viss hluti af því verði, sem greitt er fyrir neyzlumjólk, er notaður til að bæta upp bændum, sem búa til osta og smjör úr sinni mjólk, þ. e. a. s., það er tekið frá einum framleiðandanum og lagt til annars með löggjöf. Hvað kallar þessi hv. þm. þetta? Ég kalla það stórt spor í þjóðnýtingarátt. Er þetta samvinnufélagsskapur bænda? Það væri skrítinn samvinnufélagsskapur, að t. d. bændum austanfjalls væri fyrir tilstilli slíks félagsskapar greidd uppbót á sína mjólk af hálfu félagsmanna hér í nánd. Nei, þetta er ekkert annað en það, að ríkisvaldið viðurkennir nauðsyn þess, að til sé nokkurn veginn fastur grundvöllur fyrir atvinnurekendur að byggja á, og tekur sér vald til þess að skakka leikinn, skipta kjörum manna, til þess að tryggja sem bezt afkomu fjöldans. Og það er bein þjóðnýting, ekkert annað. Þm. hristir höfuðið, og hrista má hann höfuðið, þangað til það dettur af, en hann kemst ekki framhjá þessu. Ég játa, að þessi l. eru ekki nema spor í áttina. En það er engir menn komnir lengra í þjóðnýtingu í sinni verzlun og atvinnurekstri. Viðskiptalega er samvinnufélagsskapurinn ekkert annað en þjóðnýting. Stórbændur gætu fengið jafngóð kjör með því að skipta við kaupmenn, ef þeir brytust út úr félagsskapnum og skildu smælingjana eftir, en með því að vera í kaupfélagsskapnum búa þeir við sömu verzlunarkjör og aðrir í þeim félagsskap.

Hv. þm. sagði, að bændur hefðu byggt upp með samtökum kerfi af frystihúsum og kæliskip. Hvar er kæliskipið, sem bændur eiga? Ég er ekki farinn að sjá það enn. Ég man ekki betur en að ríkissjóður hafi lagt verulegan skerf til Eimskipafél. til byggingar þess. Hann sagði og, að þeir hefðu byggt með samvinnuféagsskap frystihús um landið. Þetta er rétt að nokkru. En ég veit ekki betur en að helmingur sé lagður fram af ríkissjóði til þeirra flestra, a. m. k. 25% til þeirra allra. Þetta kalla ég þjóðnýtingu. Í raun og veru á ríkissjóður helminginn í þessum húsum. En það var þjóðarnauðsyn að breyta um framleiðslu, hætta við söltun á kjöti og taka upp frystingu. Þetta hefir verið viðurkennt af ríkinu, og þess vegna hafa stórar upphæðir verið lagðar fram af almannafé. Náttúrlega er hægt að kalla, að samvinnufélögin hafi gert þetta, en það er ekki nema hálfur sannleikur. Margir hefðu viljað sæta þeim kjörum að byggja frystihús, með því að fá helming úr ríkissjóði. Hinsvegar eiga samvinnufélögin mikið lof skilið fyrir það, að þau skildu svo snemma þá breytingu, sem var að gerast um sölumöguleika fyrir kjöt, og breyttu strax um verkunarhátt, svo að þau gátu aukið útflutning á frystu kjöti, þegar þrengdist á saltkjötsmarkaðinum, og hafa þannig afstýrt stóru áfalli. Þess vegna er alveg óþarfi að hrúga á samvinnufélagsskapinn ósönnu lofi í þessu efni.

Hv. þm. veik að því hvað eftir annað, hvernig nú er komið hag útgerðarinnar, að það væri sýnt, að togarar töpuðu 110 þús. kr. hver á ári, vélbátar 10 þús. kr., eftir áætlun, sem fyrir lægi. Ég verð að taka mér tíma síðar að víkja að þessum atriðum út af fyrir sig.

Þá veik hv. þm. að því, að maður, sem fyrir 21 ári hafði barizt mjög drengilega fyrir, að sjómenn fengju samvinnugrundvöll, hann gæti nú verið orðinn andstæðingur sjómanna (JJ: Með sömu skoðun). Með sömu skoðun. Margt hefir breytzt á skemmri tíma en 21 ári, og sumir hafa skipt um skoðun á skemmri tíma. Og skoðun, sem fyrir einu ári síðan gat verið alls kostar rétt, getur í meginatriðum verið rétt nú, án þess að vera rétt í hverju einstöku atriði. Ég dreg mjög í efa, að skoðun hans á þessu málefni sé sama nú og fyrir 21 ári, þó að hann máske haldi, að svo sé, sem ég ekki vefengi. Og hitt fullyrði ég, að þótt hann í aðalatriðum kunni að vera sömu skoðunar, þá hefi ég gert grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á þessu tuttugu og eina ári, og tel ég þar verr farið. Ég skil vel, að þessum hv. þm. hlýtur að vera það ákaflega viðkvæmt mál, ef hann fær hallmæli frá verkamannastétt, því að það er alveg rétt, að hann hefir þar margt gott til lagt, sem sjálfsagt er að meta og virða. En hann má náttúrlega ekki láta sér detta í hug, að hann hafi með afskiptum af málum sjómanna 1916 eða öðru, sem studdi mál verkamanna, keypt sér allsherjar syndaaflát og kvittun fyrir öll ókomin ár. Hann verður eins og hver annar að taka því, að dæmt sé um gerðir hans og viðhorf til mála og stétta á hverjum einstökum tíma án tillits til þess, sem á undan er gengið.

Hann sagði, að bændur hefðu ekki viljað þær 3 millj., sem Sveinn á Egilsstöðum hampaði framan í þá, af því að það átti að vera ríkisstyrkur. Mig brestur kunnugleika til að koma auga á þessar milljónir, sem Sveinn bauð. En vegna þess tilefnis get ég ekki stillt mig um að segja, að það eru ekki færri milljónir en þrjár, sem nú í fjárlfrv. er ætlað að leggja sem styrk til — ég segi ekki bændum landsins,

heldur landbúnaðinum sem atvinnuvegi. — Það er a. m. k. töluvert á þriðju milljón. Ég hefi aldrei orðið var við, að það sætti neinum sérstökum andmælum úr bændastétt, sem ekki er við að búast, að þessi fjárveiting er samþ. á Alþingi. Ég hefi orðið var við, að jafnvel væri hægt að fá leyfi til að koma meira fé fyrir á þennan hátt. Menn skulu á engan hátt halda, að ég sé að draga úr nauðsyn þessara fjárframlaga, en ég er að sýna fram á, hversu algerlega eru út í loftið þessar fullyrðingar hv. þm. En þar að auki koma þær nú þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Hv. þm. veik enn að því, hvílíkt glæfrafyrirtæki ríkisverksmiðjurnar hafi alla tíð verið — skildist mér — og ekki einungis fyrir verðákvörðunina á síðastl. vori. Ég verð að skjóta því til hans, af því að hann talar hér stundum sem bankaráðsmaður fyrir Landsbankann, að ég held það sé tilefni fyrir hann að hugleiða frekar um hag annara viðskiptamanna Landsbankans en síldarverksmiðjanna, t. d. þeirra, sem skulda svona þrefalt a. m. k. eða kannske fjórfalt á við síldarverksmiðjurnar. Það væri máske vert að verja sínum tíma til að athuga þá reikninga og rekstur. Ég á t. d. við h.f. Kveldúlf og jafnvel fleiri. Ég þykist ekki mæla um of, þó að ég segi, að kröftum hans sem bankaráðsmanns væri alveg nægilegt verkefni að athuga þá reikninga til mergjar og koma þar á traustum og öruggum rekstri. Því að hann segir að „allt verði að bera sig". Hefir það fyrirtæki borið sig betur í ár en ríkisverksmiðjurnar? Hann veit það sem bankaráðsmaður. Er hann búinn að ganga úr skugga um, að á hverju ári mæti þeir sínum halla í Kveldúlfi? Ég vona að hv. þm. gefi upplýsingar um þetta síðar.

Þá fór hann að tala um skuldir síldarverksmiðjanna. (JJ: Ég sagði, að þær myndu ekki eiga neinar eignir). Ég þori ekki um það að fullyrða; það fer eftir, hvað matið er lágt á eignunum. En við fljóta athugun sé ég það, að kaupverð síldarverksmiðjanna allra fimm mun hafa verið eitthvað nálægt þrem millj. 600 þús. kr. Það, sem ógreitt er af þessu, þ. e. a. s. aðalskuldir verksmiðjanna, fyrir utan rekstrarskuldir, sem greiðast um leið og afurðir seljast, eru um 2,6 til 2,7 millj kr. Fyrsta verksmiðjan var byggð 1930, fyrir sjö árum, og allar hinar verksmiðjurnar eru miklu síðar komnar í ríkisins eign. Tvær voru keyptar 1935. Það lætur nærri, að verksmiðjurnar séu búnar að lækka á þessum tíma um 900 þús. kr. til eina milljón. Ég bið hann sem bankaráðsmann að athuga, hvort önnur fyrirtæki, sem skipta við Landsbankann, hafi skrifað meir niður sinn stofnkostnað á þessu tímabili heldur en ríkisverksmiðjurnar. Og svo bið ég hann um leið að hafa til athugunar, að bara nú 2½ síðustu árin, skulum við segja, er búið að leggja til nauðsynlegra endurbóta, en þó að miklu leyti nýtt og til bóta við verksmiðjurnar, eitthvað milli 500 og 700 þús. kr., að ég ætla. Í því er þróin, sem hann var ekki ákaflega hrifin af, 200 þús. kr. En sennilega er það um 700—800 þús., sem búið er að leggja til þessa. En þrátt fyrir þessa viðauka og endurbætur er stofnlán verksmiðjunnar komið niður um 900 þús. kr. Hitt kann að vera alls ekki fjarri, að stofnkostnaður verksmiðjanna sé óeðlilega mikill. Bygging bæði verksmiðjunnar 1930 og þeirrar nýju varð ákaflega dýr. Ég ætla, að önnur kostaði yfir eina millj. og hin eitthvað yfir 1600 þús. kr., þannig að samtals urðu þær um 2.8 millj. Það er miklu meira en hægt er að byggja fyrir nú. En það er ekki hægt að kenna glæfralegum rekstri um það. Það er að kenna þeim nefndum og mönnum og ríkisstj., sem með þessi mál fara. Og ég ætla, að hv. þm. S.-Þ. hafi verið eitthvað nákominn ríkisstj þegar verksmiðjan frá 1930 var byggð og sennilega haft einhver afskipti þar af.

Eitt var það, sem ég er hræddur um, að höfuðföður síldarverksmiðjanna, sem hann kallaði Magnús Kristjánsson, hefði þótt einkennilegt í munni þessa hv. þm. fyrir 21 ári, og þótt skemmra sé leitað. Hann lagði sérstaka áherzlu á það, að bændur í Noregi og Svíþjóð og jafnvel Danmörku væru líka að kvarta undan þeirri gífurlegu samkeppni, sem háð er við bændastéttina af þeim, sem stunda fisk- og síldveiðar. Það er eins og mig minni, að ég hafi heyrt, um það bil sem farið var að reisa síldarverksmiðjurnar — ekki úr hans flokki —, að með þessu væri verið að gera bændum landsins mestu bölvun, draga fólkið frá heyskapnum í síldina o. s. frv. En ég átti ekki von á, að þessi hv. þm. tæki undir slíkar raddir. Hann sagði t. d., að bændur gætu ekki borgað kaup, þegar maður fengi á síldveiðum á línuveiðara 1600 kr. á 80 dögum. (JJ: Á þorskveiðum í Faxaflóa). Ég held, að enginn línuveiðari hafi verið á þorskveiðum á Faxaflóa seinustu árin, — kannske einn síðastl. vetur. (JJ: Ég var ekki að tala um allra síðustu ár). En það er hugsanlegt, — ég þori ekki að segja um það, hvort kaup á afla og premía hafi í einhverju tilfelli komizt upp í 1600 kr. á 80 dögum. En það veit hv. þm. eins vel og ég, að það er þá undantekning, en ekki það almenna. En hitt finnst mér, að hv. þm. ætti frekar að athuga, hvernig landbúnaðinum væri komið, ef ekki væru síldveiðar og fiskveiðar hér við land. Eða heldur hann í raun og veru, að afkoma landbúnaðarins væri þá betur tryggð? Dettur honum það í hug, að betra væri fyrir landbúnaðinn, að síldveiðarnar væru sem minnstar eða engar, því að þá losnaði landbúnaðurinn við samkeppni við verkafólkið um þennan atvinnuveg? Veit þessi hv. þm. það ekki, að ⅔ ef ekki ¾ af afkomu sveitabændanna byggist einmitt á sölumöguleikum í kaupstöðum og kauptúnum á því að selja afurðir til þeirra manna, sem atvinnu hafa af fiskveiðum yfirleitt? Og heldur hann, að það sé því greiðari og betri markaður fyrir afurðir bænda, sem atvinnurekstur inn við sjóinn er minni og lægri tekjur þeirra manna, sem þann atvinnurekstur stunda? Ég veit, að hv. þm. er það fyllilega ljóst, að tryggasta undirstaðan fyrir landbúnaðinn er sæmileg afkoma þeirra, sem í kaupstöðunum búa. Ég verð að segja, að mér finnst það alleinkennilegt af samvinnumanni, ef hann telur, að þjóðfélagið eigi að byggjast á samkeppni milli þeirra, sem búa í sveitum og

kaupstöðum. Ég álít, að þar ríði hvað mest á samvinnu og gagnkvæmum stuðningi. Og ég hefi verið svo barnalegur að trúa því, að samvinnan milli Framsfl. og Alþfl. byggist einmitt á þeim skilningi, að nauðsynleg væri samvinna milli þeirra meginstétta þjóðfélagsins, bændanna, sem fylla Framsfl., annarsvegar og sjómanna og verkafólks, sem fylla Alþfl., hinsvegar. Ég hefi meira að segja verið svo barnalegur að trúa því, að þessi hv. þm. væri mér sammála um þetta, en hann virðist allt annarar skoðunar, og sú skoðun er áreiðanlega breytt frá því fyrir 21 ári, svo að ég víki aftur að því merkilega ári 1916.

Vegna þess að hv. þm. hefir margsinnis verið að ræða við mig á þann hátt eins og ég ætti síldarverksmiðjuna á Seyðisfirði, eða a. m. k. stjórnaði þar einu og öllu, þá get ég ekki stillt mig um að minna hann á, að það er til maður, sem heitir Karl Finnbogason og stjórnar þessu ágæta fyrirtæki. Ég er að vísu meðeigandi — á þarna nokkur hundruð króna hlut —, en á engan þátt í stjórn þessa fyrirtækis, og það er áreiðanlegt, að við jafnaðarmenn eigum þar ekki meira en 2 menn af 5, svo að það er „hægra brosið", sem þar er ráðandi, því að sameiginlega hafa framsóknarmenn og sjálfstæðismenn meiri hl. Ég verð því að biðja hv. þm. að hafa mig afsakaðan, þó að einhver mistök kunni að hafa orðið á rekstri verksmiðjunnar nú í sumar, sem ekki væri óeðlilegt, þar sem þetta er fyrsta árið, sem hún er rekin.En mér finnst það nokkuð langt gengið af hv. þm. að heimta það af mér, úr því að ég á að heita atvmrh. og vera búsettur hér í Reykjavík, að ég geti litið eftir vinnubrögðum og smurningu véla á Seyðisfirði. Það er svo að heyra á hv. þm., að ég sé allt í öllu á Seyðisfirði, ekki aðeins ákveði allt, heldur og geri allt. En þetta er hinn mesti misskilningur. Ég gæti alveg á sama hátt, ef ég kærði mig um að taka upp samskonar orðaleik, kennt hv. þm. S.-Þ. um margt, sem aflaga kann að fara norður í Þingeyjarsýslu. Ég gæti kennt honum um það, að kaupfélagið hefði lánað út og ekki fengið borgað hjá skuldunautum sínum, og að bændur hefðu þurft að fá kreppuhjálp. Ég gæti minnt hv. þm. á það, sem nú er á allra vitorði, að mikil samkeppni er um það milli sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Júlíusar Havsteins, og hans sjálfs um það, hverjir hafi átt mestan þátt í því að koma upp hinni nýju verksmiðju á Húsavík, — og skal ég ekki skera úr því máli, en ég vil alveg fyrirfram afsaka hv. þm. S.-Þ., þó að einhver mistök kunni að vera á rekstri þessarar verksmiðju á næsta ári. Það er ekki von til þess, að hann geti neitt við það ráðið, þó að einhver mistök verði þar norður frá, vélarnar stoppi einn dag eða svo; og væri það ósanngirni að kenna honum um það, alveg á sama hátt og ósanngjarnt er að kenna mér um þau mistök, sem orðið hafa á rekstri verksmiðjunnar austur frá síðastl. sumar.

Hv. þm. sagði, að sú spurning, sem upp hlyti að koma í sambandi við síldarverksmiðjurnar, væri fyrst og fremst sú, hvort þær ættu að borga hærra en síldin gefur. Ég tel óeðlilegt og ómögulegt, að verksmiðjurnar borgi hærra en það, sem síldin gefur yfirleitt, ef það er gert ár eftir ár. Og það hlyti að leiða til þess, að hætta yrði að reka verksmiðjurnar á sama hátt og áður. Það segir sig sjálft. En það er ómögulegt að segja nákvæmlega um það fyrirfram, hvaða verð sé óhætt að greiða; verðsveiflur geta orðið svo stórkostlegar á stuttum tíma, og mismunandi er, hvað mikla síld verksmiðjurnar fá til vinnslu. Ég sem ráðh. hefi haft yfirstjórn þessara mála í 3 ár, og er mér því einkar vel um þau kunnugt. Árið 1935 töpuðu verksmiðjurnar, ekki af því, að verðið væri svo ógætilega áætlað, — ég held, að það hafi verið 4—5 kr., — heldur vegna þess, að aflamagn það, sem þær fengu til vinnslu, var svo lítið, að sama og ekkert var að gera nema part af síldveiðitímanum. 1936 var verðið aftur á móti stórum mun hærra, en samt mun hafa orðið í kringum 200 þús. kr. rekstrarafgangur, enda hækkaði verðið frá því áætlunarverðið var ákveðið og þangað til sala fór fram. Frá síðastl. sumri eru enn þá ekki til tölur um niðurstöðuna. En ég vil minna á það, að síðan kaupverðið var ákveðið, hefir verðlag lýsis farið lækkandi, og mun lækkunin nema ⅓ af því verði, sem sett var í vetur. Hvort á þessu verði breyting og verðlagið hækki, þori ég ekki að segja, en það segir sig sjálft, að ómögulegt er að hnitmiða slíkar áætlanir, svo að ekki geti skeikað. Ég get t. d. bent á vöru, sem ég veit, að hv. þm. er vel kunnugt um, þ. e. a. s. gærur, sem sýna, að ekki skeikar síður um áætlunarverð á landbúnaðarafurðum, og er þar þó um skemmri tíma að ræða frá því varan er komin á markaðinn og þangað til hún er seld. — En ég er hv. þm. alveg sammála um það, að svona eigi að reka verksmiðjurnar, þó að náttúrlega geti þar orðið mistök á, eins og hjá öllum mannlegum verum. — En eftir að hv. þm. hafði fengið þessa niðurstöðu, þá skildist mér hann hafa slegið því föstu, að ég gæti ekki ætlað mér þetta, því að þá væri ég kominn inn á stefnu samvinnumanna. Ég skal fallast á það, því að ég er samvinnumaður. En þar með get ég ekki fallizt á það, að á hverju ári borgi ríkisverksmiðjurnar aðeins 85% af áætlunarverði, vegna þess að mér er það ljóst, að þegar aðrar verksmiðjur borga út 100%, þá spillir það fyrir aðstöðu ríkisverksmiðjanna til þess að fá síld til vinnslu. Sjómenn vita það, að ef vangoldið er í ár, þá kemur það fram í hærra verði næsta ár, en það verður erfitt að fá samninga við þá upp á það, að þeir eigi eftir að fá sína uppbót, án þess að vita, hver hún verður.

Þá sagði hv. þm. það, að hvað sem Alþ. samþ. í þessum efnum, þá væri það ráðið, hvað Landsbankinn gerði. Hann sagði, að það lægju þar fyrir till. um þetta efni og að þær mundu verða samþ. Að því er mér skildist, þá er efni þessara till. það, að bankinn muni ekki lána verksmiðjunum til vinnslu síldar, nema eitthvað visst út á síldina, og skildist mér hann meina, að aldrei kæmi til mála, hvort sem það væru ríkisverksmiðjurnar eða einkaverksmiðjur, sem í hlut ættu, að þær

fengju meira en 85% út á síldina. Nú vil ég skjóta því til hv. þm., að þá verði Landsbankinn að búa til eitthvert áætlunarverð á síldina og reikna prósenturnar af því. En ég vil spyrja hv. þm. að því sem bankaráðsmann, hvernig hann hugsi sér að framkvæma þetta. Það væri afarþýðingarmikið fyrir Alþ. að vita það, vegna þess, að ef þetta er föst regla, sem bankinn ætlar að taka upp, þá er nauðsynlegt að vita, hvernig á að beita henni, því að annars getur það haft sérstakar afleiðingar, sem þingið getur ekki komizt hjá að mæta. Við skulum þarna t. d. taka h.f. Kveldúlf, sem á tvær verksmiðjur, og við skulum hugsa okkur, að ákveðið verð fyrir verksmiðjurnar sé 6 kr. á málið, og að bankinn telji, að til síldveiða sé útilokað að lána meira en 5 kr. Nú verða verksmiðjur ríkisins og verksmiðjur Kveldúlfs nátturlega að kaupa sér kol, salt og poka og ýmislegt fleira fyrir veiðitímann, til þess að geta tekið á móti síldinni. Hugsar nú hv. þm. sér þetta þannig, að bankinn neiti að lána þetta þangað til síldin er til, eða láni fyrirfram upp á það, að svo komi síldin á eftir? Nú skulum við segja, að síldveiðarnar gangi treglega og að lítið berist að af síldinni, en verksmiðjurnar þurfa náttúrlega að borga sínu fólki í landi og borga þeim út, sem síldina selja, og ef lítið aflast, þá komast fæst skip af nema með því að fá fullt verð fyrir síldina. Og hvað á að gera, ef þessar 5 kr. á mál hrökkva ekki, og ef verksmiðjurnar skyldu þurfa peninga í vinnulaun og fyrir þeim víxlum, sem orðið hefir að taka til þess að borga kol og salt? Við skulum nú hugsa okkur, að það sýni sig t. d. hjá h.f. Kveldúlfi, að einhver af togurunum hans geti ekki komizt af með þetta og geti ekki borgað kol, vistir og kaup til manna með því að fá ekki nema 5 kr. á hvert mál. Hvað á þá að gera við þennan togara? Er það meiningin, að hann eigi að stoppa? Og ef ríkisverksmiðjurnar t. d. í júní—júlí skulda 200—300 þús. kr. fyrir kolum og salti og 100—200 þús. kr. í vinnulaun, en eru ekki búnar að fá nema 50 þús. mál síldar, hvað á þá að gera? Eiga verksmiðjurnar að stoppa? „Allt verður að bera sig á hverjum tíma“, segir hv. þm., og er því sennilegt, að verksmiðjurnar yrðu undir þessum kringumstæðum að hætta.

Ég verð að segja það í fullri alvöru við hv. þm., að ef það er meiningin, að Landsbankinn ætli að samþ. einhverja till. um svipaða reglu og þessa og að henni verði beitt, þá sé nauðsynlegt, að þinginu sé gerð gleggri grein fyrir henni heldur en hv. þm. hefir gert, svo að hægt sé að athuga, hverjar afleiðingar þetta getur haft. — Nú segi ég það frá mínu brjósti, því að ég þykist þekkja það mikið til starfsemi Landsbankans, að ég er viss um, að enda þótt hann samþ. svona till., þá yrði henni aldrei beitt neitt svipað því, sem fólst í orðum hv. þm. Ég er viss um það, að ef bankinn afræður að hjálpa einhverju fyrirtæki til þess að gera út á síldveiðar, þá láti hann það reyna út alla vertíðina. Alveg það sama mundi verða um síldarverksmiðjurnar. Ef Landsbankinn leggur þeim fé til þess að kaupa síld í sumar, þá sér hann um það, að þær geti haldið út allan tímann. Annað væri líka hið mesta óvit, eins og ég veit, að hv. þm. líka sér.

Þá skal ég víkja að því, sem hv. þm. margsinnis kom að í sinni ræðu, sem sé, að nú væri svo komið hag útgerðarinnar, að fyrirsjáanlegt væri, að hún væri að þrotum komin, og að það væri vegna þeirrar dæmalausu heimsku og skammsýni útgerðarmanna og sjómanna, að þeir pössuðu ekki upp á það að láta hvert einstakt ár bera sig. Þeir vildu græða þessi lífandis ósköp og verkamenn vildu fá einhver kynstur í kaup; og svo væri slegizt, því að allir vildu græða, en enginn passa upp á það, að neinn hlutur bæri sig. Togararnir myndu tapa 110 þús. kr. hver á næsta ári, eftir áætlun einhvers aðalmanns togaraútgerðarinnar, og vélbátarnir 10 þús. kr. Þeir hafa tapað stórkostlega síðastl. ár, eða eftir útreikningi þessa sama manns um 50 þús. kr. hver togari. — Út af þessum hugleiðingum hv. þm. vil ég spyrja hann, hvort hann áliti, að togararnir hefðu tapað minna, ef síldarverðið hefði verið lægra. Heldur hann, að útkoman hefði orðið betri fyrir togara, sem t. d. hefði veitt 20 þús. mál síldar, ef hann hefði fengið 7 kr. fyrir málið í staðinn fyrir 8 kr.? Nei, ég tel engan vafa á því, að hið háa síldarverð hafi bætt fyrir útgerðarmönnum, enda man ég ekki betur en að á þessum lið hafi orðið á skip 8—9 þús. kr. hagnaður á síðastl. sumri. En ef 7 kr. hefðu verið borgaðar fyrir málið, sem mér skildist á hv. þm., að sé það hæsta, sem til greina geti komið, þá hefði í staðinn fyrir 8—9 þús. kr. hagnað orðið 6—7 þús. kr. tap á hvert skip síðastl. vertíð. — Hinsvegar verð ég að draga það í efa, að ekki hafi orðið nema sem svarar 8—9 þús. kr. hagnaður á togara síðastl. sumar, en það gefst nú tækifæri til þess að ræða það síðar.

Hv. þm. vildi sem sagt meina, að hið ömurlega ástand sjávarútvegsins væri sprottið af hlífðarlausum kaupkröfum verkamanna og sjómanna annarsvegar og svo löngueinni til að græða og flotta sig og eyða um efni fram hjá útgerðarmönnum hinsvegar. Ég veit ekki, hvort hann hefir athugað það, að í þessari áætlun fyrir 1938, sem hann sjálfur var að vísa til, er gert ráð fyrir því — að mig minnir — að kaupgreiðsla sjómanna nemi eitthvað í kringum 160 þús. kr. alls á árinu, þar með talið kaup allra yfirmanna og premíur. En í þessari sömu áætlun er hallinn talinn muni verða 110 þús. kr. Þetta segir, að ef allt kaupgjaldið er fellt niður, þá er kannske einhver möguleiki fyrir því, að hagnaður verði á þessum rekstri, eða 40—50 þús. kr. Í þessu er þó reiknað með 26 þús. kr. kauphækkun frá því, sem var síðastl. ár. — Ég held, að hv. þm. hljóti því að sjá, að hér er a. m. k. fleiru til að dreifa en þessum lið einum saman. Hv. þm. hlýtur að vera það ljóst, að það eru sérstakar ástæður, sem valda því, hvernig hag sjávarútvegsins er nú komið; og ætti hann að hafa einhvern pata af því sem íslenzkur borgari, þingmaður og formaður utanríkismálanefndar, að fleira hafi verkað á afkomumöguleika sjávarútvegsins en

kaupgreiðsla fólksins. Það er eins og mig minni, að í þeirri nefnd hafi oft verið rætt um slæma sölumöguleika fisksins, þar sem Spánn er nú lokaður, og Ítalíu-markaðurinn mjög takmarkaður. Ég er ekki í vafa um, að hv. þm. veit það, ef hann bara vill viðurkenna það, að meginástæðan til þessa eru hin miklu markaðstöp, sem við höfum orðið fyrir, samfara óvenju miklum aflabresti. Hv. þm. veit það líka vel, að meginhluti af störfum seinustu þinga hefir beinzt í þá átt að gera ýmsar ráðstafanir til þess að mæta þeim hörmungum, sem útvegurinn hefir orðið fyrir. Heldur þessi hv. þm. ef til vill, að landbúnaðurinn hafi alltaf borið sig? Heldur hann, að landbúnaðurinn hafi borið sig þegar bændurnir fengu 8 kr. fyrir dilkinn og 11—12 aura fyrir mjólkurlítrann? Nei, hann hefir áreiðanlega ekki borið sig. Það er hinsvegar svo, að það má telja, að það sé komið á sæmilegan grundvöll. En að láta sér detta það í hug, að landbúnaðurinn hafi borið sig, það er ekkert nema vitleysa. Hvers vegna heldur hv. þm., að safnazt hafi skuldir í kaupfélögin? Það er vitaskuld af því, að þau hafa ekki borið sig. Til þess að hægt sé að tryggja, að einhver hlutur beri sig, þá þarf náttúrlega að taka tillit til meira en eins árs, því að það geta komið fyrir heil ár, sem sölumöguleikar okkar bregðast, svo að við náum ekki einu sinni að láta árið bera sig. Og það er eins og mig minni, að það hafi komið fyrir jafnvel þegar þessi hv. þm. var í stjórn, að það hafi þurft að taka stórlán erlendis til ýmissa framkvæmda, sem svo síðar verður að greiða vexti af. Ég er sízt að lasta þetta, en það sýnir bara, að það hafði ekki safnazt upp fé til þess að gera þetta.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, enda munu ekki hafa verið fleiri atriði, sem ég þurfti að svara í ræðu hv. þm.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., 11. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 292, 256, 267, 302, 307, 309, 310, 315).

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Ég kvaddi mér hljóðs í gær í tilefni af því, að hv. þm. S.-Þ. hafði hér ýmis ummæli, sem ég taldi ekki rétt, að væri ómótmælt. Nú sé ég, að þessi hv. þm. er ekki hér í d., og þá þykir mér ekki ómaksvert að fást við að hrekja orð hans á meðan. Ég hefði óskað að eiga tal við hann í d. og svara ýmsu, sem hann flutti hér. Ég skal játa, að hæstv. ráðh. tók margt af því, sem hann sagði, og hrakti það með fullum rökum, og við þau atriði þarf ég ekki að bæta. Og féll ég því frá orðinu af þeirri einu ástæðu, að viðkomandi þm. er ekki hér til að hlusta á mál mitt. (__BSn:__ Á það ekki að koma í þingtíðindunum samt? — __ÁJ:__ Það kemur, að hann féll frá orðinu. — __BSn:__ Það má taka til máls seinna).

ATKVGR.

Brtt. 256,4,6 teknar aftur.
— 267,2,3,6,8 teknar aftur.
— 315,I samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 307,1 svo breytt, felld með 11:3 atkv.
— 309,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 307,2 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, JBald, SÁÓ.
nei: HermJ, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, ÁJ, BSt, EÁrna.
BSn, GL greiddu ekki atkv.
Brtt. 309,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 307,3 felld með 10:2 atkv.
— 315,II felld með 10:4 atkv.
— 310 samþ. með 9:4 atkv.
— 302 samþ. með 10:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 341).

Á 49. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

__Finnur Jónsson:__ Þetta frv. felur í sér talsverða breyt. á fyrirkomulagi verksmiðjanna, þó að vísu sé búið að afnema stærsta ágallann, sem var á frv., þegar það var til umr. í Ed. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir, að verksmiðjunum væri heimilt að kaupa síld föstu verði. En reynslan hefir orðið sú, að undanteknu fyrsta árinu, að þeir, sem skipað hafa stj. verksmiðjanna, hafa jafnan lagt til, að síldin væri keypt föstu verði, hverjir svo sem það hafa verið. Það hefir komið fram, að ekki hefir verið hægt að reka þær öðru vísi en að síldin væri keypt föstu verði. En nú hefir sú breyt. verið gerð, að í l. hefir verið sett heimild til þess á ný, og má gera ráð fyrir, að þessi heimild verði notuð framvegis sem hingað til, ef ekki verður horfið að því ráði, sem hv. þm. S.-Þ. hefir oft vikið að í þingræðum, að stj. bankanna verði látin gripa inn í þennan þátt atvinnulífsins og ákveði hámarksverð á þessari einu vöru af framleiðsluvörum landsmanna. Ég skil ekki, hvernig Alþingi ætti að geta kallað sig löggjafarstofnun eða þm. kallað sig forráðamenn þjóðarinnar, ef það ætti að líðast, að bankaráð Landsbankans ákvæði verð á bræðslusíld einni vörutegunda, sem ganga kaupum og sölum í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. að þessu sinni, en minnist þess þó, að það felur í sér, að í stj. verksmiðjanna er mönnunum fjölgað úr 3 upp í 5, og skulu þessir menn kosnir hlutbundnum kosningum af Sþ. til 3 ára í senn. Þetta fyrirkomulag var lögleitt á þingi 1934, er breyt. voru gerðar á frv. okkar hv. þm. Barð., en við höfðum gert ráð fyrir, að í verksmiðjustj. sætu 3 menn, skipaðir af ráðh. Má deila um það, hvort fyrirkomulagið sé heppilegra. En reynslan sýndi, að í þessari 5 manna verksmiðjustj. kom upp svo mikill ágreiningur um ýms mál, að þeim varð ekki ráðið til lykta með friði. Reynslan varð sú, að mennirnir voru kosnir í þessa stj., án þess að fyrst væri athugað, hvort þeir gætu unnið saman, enda varð endirinn sá, að 2 þeirra sögðu af

sér, og varð þá að skipa 3 manna stj. með bráðabirgðal., sem staðfest voru á síðasta þingi.

Nú veit ég ekki, hvort samkomulag hefir orðið um það með Framsfl. og Sjálfstfl., hverjir skuli fara í stj. verksmiðjanna af hálfu þessara flokka, þannig, að tryggt sé, að fyrirtækinu verði stjórnað á þann hátt, að það geti komið að því gagni, sem þarf, en það er vitanlegt, að mikill hluti landsmanna á afkomu sína að miklu leyti undir því, hvernig fer um þetta. Má vera, að jafnhliða því, að flokkarnir komu sér saman um frv., hafi verið samið um að kjósa ákveðna menn í stj., sem trygging væri fyrir, að starfað gætu saman. Annað væri óverjandi með tilliti til þeirrar reynslu, er fengizt hefir. Ég tel þó óþarft að hafa 5 manna stj. Af því leiðir óþarfa kostnað fyrir verksmiðjurnar, sem með síma- og ferðakostnaði getur numið um 15 þús. kr. á ári. Þá ber og þess að gæta, að algengt er, að svara þurfi fyrirspurnum um sölu með 2—3 klukkustunda fyrirvara. Og ef þá á að ná til 5 manna í síma, sem staddir eru á ýmsum stöðum á landinu, til að greiða atkv. um stórar sölur, sem oft velta á milljónum, getur það oft reynzt ógerningur og þá orðið verksmiðjunum til ómetanlegs tjóns. Ég get nefnt dæmi um þetta. Þegar lýsissalan fór fram í febrúar síðastl., en sú sala nam nokkuð á 3. millj. kr., þá þurfti að svara tilboðinu innan 2 klukkustunda. Salan fór fram á þeim tíma árs, þegar verksmiðjustj. var ekki stödd á Siglufirði, og ef ekki hefði verið gengið að þessu tilboði, hefðu verksmiðjurnar sennilega skaðazt um nokkur hundruð þús. kr. Þannig geta verksmiðjurnar skaðazt um stórfé með því, að í stj. séu settir 5 menn, sem ekki eiga heima á Siglufirði, af því hve erfitt er að ná til þeirra allra á skömmum tíma, því að engum dettur í hug að skylda þá alla til að setjast þar að.

Hinsvegar álít ég nauðsynlegt að ákveða, að skipa skuli varamenn, hvort sem stjórnarmeðlimir verða 3 eða 5. Ef stjórnarmeðlimur skyldi forfallast í langan tíma, eða falla frá, þá virðist mér vanta í l. ákvæði um það, hvernig skuli skipa hið auða sæti. Því tel ég rétt að ákveða, að kjósa skuli jafnmarga varamenn og stjórnarmeðlimir eru. Þessi till. ætti ekki að geta valdið neinum ágreiningi í hv. d., því að þetta virðist óhjákvæmilegt, þar sem kjörtímabilið er svo langt sem raun er á. Varamenn myndu að sjálfsögðu ekki taka laun, nema þeir tækju sæti í stj. í stað aðalmanna.

Í frv. er lagt til, að skipaðir skuli þrír endurskoðendur. Þetta tel ég óþarft. Þó að verksmiðjurnar séu að vísu mikið fyrirtæki, sé ég ekki ástæðu til að hafa við þær 3 endurskoðendur fremur en við hvert annað fyrirtæki. Reynslan hefir sýnt, að tveir menn komast auðveldlega yfir þetta verk. Þeir hafa venjulega átt heima utan Siglufjarðar. Yrði að því óþarfa aukakostnaður að fjölga þessum mönnum upp í 3.

Þá er í frv. ákvæði um, að ríkissjóður hætti að taka ábyrgð á rekstri verksmiðjanna. Þetta ákvæði tel ég geta verið mjög hættulegt, þrátt fyrir það, þó afkoma verksmiðjanna sé betri en menn almennt gera sér grein fyrir. Ég hefi heyrt menn tala um verksmiðjurnar eins og þær væru álika illa stæð fyrirtæki og t. d. Kveldúlfur, sem þyrfti jafnvel að setja undir opinbert eftirlit. En verksmiðjurnar eru einmitt ordnar mjög vel stætt fyrirtæki. Ég hefi bent á í grein, sem birtist í Alþýðublaðinu í dag, að í ársbyrjun 1936 voru verksmiðjurnar búnar að leggja í fyrningarsjóði og afborganir um 530 þús. kr. Ég hefi sömuleiðis bent á, að árin 1936 og 1937 hefir verið lagt í þessa sömu sjóði, að viðbættum tekjuafgangi árið 1936 og varasjóðstillagi, um ½ millj. kr. hvort árið, þannig að ég hefi gert ráð fyrir, að síldarverksmiðjurnar, eftir því sem næst verður komizt, ef ekki þarf að gera ráð fyrir stórkostlegu verðfalli á síldarlýsi frá því, sem nú er, væru um þessi áramót búnar að greiða í afborgun af stofnskuldum um 1 millj. 530 þús. kr., en þær kostuðu upphaflega um 3000000 kr. Það má vissulega teljast vel að verið, að ríkisverksmiðjurnar skuli vera búnar beinlínis að borga ½ millj. af stofnskuldunum á ekki lengri tíma en þær hafa starfað. Auk þessa hafa ríkisverksmiðjurnar borgað í fyrningarsjóð rúmlega ½ millj. kr., og í varasjóði og tekjuafgangi óráðstafað frá 1936, sem hefir verið yfirfært, eru um ½ millj. króna, eða samtals 1½ millj. kr., eða nær helmingur hins upphaflega stofnkostnaðar. Þegar þetta er athugað, er ekki hægt að neita því, að ríkisverksmiðjurnar eru ordnar mjög vel stætt fyrirtæki, og ég held, að það sé einnig ekki hægt að neita því, að fjárhagur ríkisverksmiðjanna hefir einkum batnað tvö síðustu árin. Hinsvegar álít ég, að þó að fjárhagur verksmiðjanna verði að teljast sæmilegur, þá réttlæti það ekki það ákvæði, sem þetta lagafrv. felur í sér, sem sé að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum verksmiðjanna. Það er vitanlega trygging í því fyrir þá sjómenn og útgerðarmenn, sem leggja upp síld hjá verksmiðjunum, og fyrir þá verkamenn, sem vinna hjá verksmiðjunum, að ríkið beri ábyrgð á þeim. Og ríkisverksmiðjurnar eru sannarlega ekki það fyrirtæki, sem útlit er fyrir, að veruleg áhætta sé fyrir ríkissjóð að standa í ábyrgð fyrir. En hinsvegar er allmikið við það fengið gagnvart útvegun rekstrarfjár, að ábyrgðarákvæðið yrði áfram í l. eins og það hefir verið hingað til. Af öðrum ákvæðum, sem ég hefi sérstaklega að athuga við í þessu frv., vil ég nefna það, að gert er ráð fyrir, að aukið verði fyrningargjaldið af vélum og áhöldum úr 2% upp í 5%. Ég álít fyrir mitt leyti, að þó að 5% sé vissulega ekki mikil fyrning á vélum, þá sé þetta ákvæði óþarft, af því að allar lögmætar afborganir af skuldum ríkisverksmiðjanna eru teknar með í rekstrarkostnaðinn. Væri þetta ekki, þyrfti þetta fyrningarákvæði að vera öllu hærra en það er í l., en þar sem allar afborganir eru teknar með í rekstrarkostnaði, sýnist óþarfi að hækka þetta fyrningargjald frá því, sem nú er.

Ég vil ennþá nefna eitt atriði, sem ég tel, að þurfi að breyta í þessum l., en það er ákvæðið um það, að verð á síldarmjöli skuli ákveðið með hliðsjón af kostnaðarverði. Þetta ákvæði hefir upphaflega komið inn í síldarverksmiðjulögin sennilega til þess að tryggja bændum það,

að þeir fengju síldarmjölið með sanngjörnu verði. En í rauninni er engin trygging í þessu ákvæði fyrir bændur, vegna þess að kostnaðarverð á síldarmjöli er í rauninni aldrei hægt að reikna út, fyrr en búið er að selja allar afurðirnar. Ég tel, að það ákvæði, sem er jafnframt í l. um markaðsverðið, ætti að nægja í þessu efni; ég tel það tryggja það, að bændurnir fái síldarmjölið með sanngjörnu verði. Það hefir orðið sú reynslan, að kostnaðarverðsákvæðið hefir ekki að neinu leyti verið framkvæmanlegt, og er þess vegna engin ástæða að halda því áfram í l. En hinsvegar er það alveg réttmætt og sjálfsagt að ákveða verðið á síldarmjölinu að öllu leyti í samræmi við það verð, sem mjölið selst fyrir á erlendum markaði. Ef svo kynni að vera, að bændur þyrftu á einhverjum styrk að halda til kaupa á fóðurbæti, væri að öllu leyti réttmætara og sanngjarnara, að sá styrkur kæmi á annan hátt en frá síldarverksmiðjum ríkisins, því ef þær einar allra síldarverksmiðja í landinu ættu að fara að selja síldarmjölið undir verði, þá yrði það til þess, að þær gætu ekki eins keppt við verksmiðjur einstakra manna um kaup á bræðslusíld. Og þar sem það er búið að leggja þó þetta mikið fé á ábyrgð ríkissjóðs í síldarverksmiðjurnar, verður að gera kröfu til þess, að ekki sé búið þannig að þeim, að þær geti ekki keppt við verksmiðjur einstakra manna um kaup á bræðslusíld.

Þá hefir þetta frv. inni að halda gamlan kunningja, sem er það, að síldarverksmiðjurnar skuli greiða allhátt gjald til Siglufjarðarkaupstaðar. Í frv. eins og það var upphaflega var gert ráð fyrir því, að það yrði 1% af andvirði seldra afurða, eða um 80 þús. kr. skattur, sem síldarverksmiðjurnar ættu að greiða til þeirra sveitarfélaga, sem þær eru reknar í. Nú hefir þetta verið lækkað niður í ½% af andvirði seldra afurða, eins og frv. kemur frá Ed., og ég skal taka það fram, að það út af fyrir sig er eins og umsetning verksmiðjanna hefir verið á þessu ári, um 40 þús. kr. skattur á verksmiðjunum.

Verksmiðjurnar greiða nú ekki neitt sérstakt aukaútsvar, og það virðist þess vegna, að ekki væri ósanngjarnt, að þær borguðu eitthvað í sveitarsjóð, þar sem þær eru starfræktar. Þó vil ég benda á það í þessu sambandi, að helztu keppinautar síldarverksmiðja ríkisins eru hlutafélagsverksmiðjan á Djúpuvík og verksmiðja h/f Kveldúlfs á Hjalteyri. Báðar þessar verksmiðjur standa á nokkuð afskekktum stöðum, í smáþorpum, ef þorp skyldi kalla. Ég geri ekki ráð fyrir, að útsvör þau, sem lögð verða á þessar verksmiðjur muni nema neitt líkt því, sem þessi l. fara fram á að leggja á síldarverksmiðjur ríkisins. Þá skal ég ennfremur geta þess, að þessir tveir stærstu keppinautar síldarverksmiðja ríkisins borga heldur ekki neitt vörugjald í hafnarsjóð, þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar. En þessi gjöld síldarverksmiðja ríkisins nema á Siglufirði sem næst 36 þús. kr. á ári. Með því þannig að leggja á síldarverksmiðjur ríkisins þann skatt, sem farið er fram á í þessu frv., þá mundi hann nema, með hafnargjöldum, sem nú eru greidd, um 76000 kr. Nú sjá allir, að þarna mundu ríkisverksmiðjurnar standa þó nokkuð höllum fæti gagnvart stærstu keppinautum sínum, á Djúpuvík og Hjalteyri, sem sleppa að miklu leyti við þessi gjöld. Ég skal geta þess, að þau skip, sem lagt hafa afla sinn á land í verksmiðjum ríkisins, voru á síðasta ári um 100. Þar af voru mörg smáskip, og afli sumra þessara skipa er ekki mikils virði, Ríkisverksmiðjurnar hafa sama og ekkert af stórum skipum og byggja rekstur sinn á smáskipum. Sá skattur, sem þarna er farið fram á, að verði lagður á þessi skip, um 40 þús. kr., nemur þess vegna sem næst 400 kr. á hvert skip, ofan á það hafnargjald, sem nú gildir á Siglufirði, sem er talsvert hátt, og ofan á þau vörugjöld, sem greidd eru í hafnarsjóð, sem eru 1.50 kr. á hvert útflutt tonn af síldarmjöli og 1.40 kr. á hvert tonn af síldarlýsi, og jafnmikið innflutningsgjald á kolum og salti til verksmiðjanna. Með þessu móti yrði sá skattur, sem lagður væri samtals á þau skip, sem leggja upp síld á Siglufirði, umfram það, sem er á þeim stöðum, þar sem stærstu verksmiðjur einstakra manna eru starfræktar, um 760 kr. á skip. Af þessum skatti eru nú þegar 360 kr., sem skipin verða að borga, en farið fram á að leggja á aukaskatt, sem svarar 400 kr. á hvert veiðiskip. Auk þess eiga sveitarfélög þau, þar sem aflinn er lagður á land, rétt á að fá hluta af útsvörum þessara veiðiskipa.

Ég vil ekki neita því, að nokkur sanngirni sé í því, að Siglufjarðarkaupstaður og þau önnur sveitarfélög fái nokkur gjöld af verksmiðjunum, eitthvað svipað því, sem er borgað af öðrum síldarverksmiðjum í landinu. En að síldarverksmiðjur ríkisins borgi miklu meira, álít ég beinlínis hættulegt fyrir rekstur þeirra. Ég finn ástæðu til þess að benda á þetta þegar við þessa umr. málsins, til þess að meðnm. mínir og aðrir, sem eiga um þetta mál að fjalla síðar, geti tekið þetta til athugunar.

Ég tel, að þetta frv. hafi ekki í rauninni mörg nýmæli inni að halda, og engin nýmæli, sem yrðu síldarverksmiðjunum til góðs, en aftur nokkur nýmæli, sem gætu orðið þeim til tjóns. Ég mun því freista þess að bera fram brtt. við þetta frv., og mun ég að sjálfsögðu gera grein fyrir þeim á sínum tíma.

Bergur Jónsson: Ég sé ekki ástæðu til þess að vera með langar umr. um þetta mál við 1. umr. málsins, sízt við hv. þm. Ísaf., vegna þess, að við eigum sæti í þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Ég vil þó gera fáeinar aths. við það, sem hv. þm. minntist á viðvíkjandi frv. Hann sagði, að það hefði verið sniðinn burt úr frv. sá aðalgalli, sem þar hefði verið, þar sem ekki var heimilt fyrir ríkisverksmiðjurnar að kaupa síld föstu verði. Ég verð að segja það, að ef maður lítur á þetta mál frá því sjónarmiði, hvað heppilegast sé til þess að reka hlutaðeigandi fyrirtæki á fjárhagslega öruggum grundvelli, er enginn vafi, að það er það bezta fyrir alla hlutaðeigendur, að það væri algerlega skotið loku fyrir það, að hægt væri í byrjun síldarvertíðar að ákveða innkaupsverð á síld til vinnslu

svo hátt, að hætta væri á því, að verksmiðjurnar biðu tjón af. Þetta er það, sem liggur til grundvallar þeim till., sem upprunalega voru í frv. um það, að láta ekki greiða út fullt verð fyrir síldina strax í byrjun, heldur ákveðinn hundraðshluta af því verði, sem gera mætti ráð fyrir, að verksmiðjurnar gætu borgað eða fengju upp úr síldinni, þegar þær hefðu unnið úr henni og selt hana. En hitt er annað mál, að ef menn vilja skoða málið frá öðru sjónarmiði en þessu, út frá því sjónarmiði, að auðvitað vilja þeir, sem selja síldina, fá sem mest verð fyrir hana, þá er ósköp eðlilegt, að menn vilji halda á móti svona ákvæði.

En það er bara eitt, sem verður að athuga í þessu sambandi: Er það til góðs fyrir hlutaðeigendur sjálfa? Er það til góðs fyrir þá, að það sé kannske borgað verð yfir síldveiðitímann, sem verksmiðjurnar þola ekki, — sem reynist hærra en verksmiðjurnar geta staðið undir? Er það til lengdar til góðs fyrir hlutaðeigandi sjómenn og útgerðarmenn?

Það hefir verið mikið talað um, hversu erfitt sé með fjárhag þessa lands, og allir vita, hvernig örðugleikarnir steðja að á öllum sviðum, sérstaklega hvað snertir sjávarútveginn. Hvað lengi gæti það gengið, ef hugsunarlítil verksmiðjustjórn ákvæði alltaf verðið í byrjun síldarvertíðar svo hátt, að það yrði alltaf tap á verksmiðjunum ár eftir ár? Hvað yrði langt þangað til þessi holgröfnu einkafyrirtæki gætu ekki staðizt með því að borga slíkt verð, og hvað væri langt þar til ríkið gæti ekki heldur staðið straum af halla síldarverksmiðjanna?

Mér finnst ekki ástæða til að vera með neinn æsing í þessu máli, heldur líta á þetta frá því mikla hagsmunasjónarmiði fyrir alla hlutaðeigendur, bæði ríkið og einstaklingana í landinu. Það er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að þessi tæki, sem ríkið og einstaklingar hafa komið upp með stórum fjárframlögum og erlendum lántökum, geti haldið áfram að starfa og halda uppi þeim atvinnuvegi, sem við þau er bundinn.

Hv. þm. Ísaf. taldi, að nú væri leiðréttur þessi ágalli, sem hann sagði, að hefði verið upprunalega á þessu frv. og væri stórvægilegasta atriðið í þessu máli. En ég er hræddur um, að það sé annar stærri ágalli frá hans bæjardyrum séð. Það er sú breyt., sem á að gera á stj. síldarverksmiðjanna. Ég býst við, að það mál sé honum enn viðkvæmara en hitt, án þess ég vilji fullyrða neitt um það. En hv. þm. verður að setja sig í spor þeirra manna, sem hér vilja breyt. á, og sjá, að það er ekki nema eðlilegt, þar sem um er að ræða fyrirtæki eins stærsta atvinnuvegarins, sem hann á allt sitt undir og ríkissjóður á eins mikið undir og nú er, að þá sé reynt að koma þannig fyrir stj. þeirra, að hinir helztu pólitísku flokkar í landinu fái þar allir fulltrúa. Heildarútkoman gæti orðið eitthvert jafnvægi í störfum þessara fyrirtækja og að enginn einn flokkur geti haft þau sér til framdráttar. Ég er ekki að segja, að núv. stj. verksmiðjanna hafi farið þannig að ráði sínu. En það er vitanlegt, að með því fyrirkomulagi, sem nú er á stjórn verksmiðjanna, þá er það einn einasti flokkur í landinu, sem hefir bæði töglin og hagldirnar í allri verksmiðjustjórninni. Það er vitað, að sá eini framsóknarmaður, sem er í stj., var andstæður ákvæðum um 8.00 kr. verðið í vor, en hann var atkv. borinn af jafnaðarmönnunum í stj.

Hvað sem segja má um þetta, hvort þeir eða hann hafa haft rétt fyrir sér, þá er það víst, að það geta alltaf komið fyrir stór atriði í stj. verksmiðjanna, sem mönnum þykja miklu skipta í pólitískum málum, og þess vegna er sjálfsagt að hafa sem bezt jafnvægi milli flokka í stj., og það verður varla fengið betur en með því að láta stærstu þingflokkana hafa hlutfallslega jafnsterk ítök í stjórn verksmiðjanna eftir þingmannafjölda.

Hv. þm. sagði, að þetta væri óverjandi, sérstaklega að fjölga stjórnendunum úr 3 upp í 5, nema því aðeins, að að baki stæðu samningar milli Framsfl. og Sjálfstfl. um það, hverjir eigi að vera í stj. og hvort þeir geti unnið saman. Ég verð bara í þessu sambandi að segja það, að mér finnst stórkostlega hneykslanlegt, hvernig blað þessa hv. þm. hefir leyft sér að tala um leynisamninga og leynimakk milli Framsfl. og Sjálfstfl. í síldarverksmiðjumálunum. Það hefir ekkert leynimakk átt sér stað. Það var skipuð n. fyrri hluta þessa árs til þess að athuga þetta mál. Í henni áttu sæti menn frá þremur stærstu þingflokkunum, og það varð samkomulag milli fulltrúa Framsfl. og Sjálfstfl. í þeirri n. Það er ekkert leynimakk, þótt orðið hafi samkomulag um þessa till.; það er yfirlýst skoðun þessara fulltrúa flokkanna, sem þarna er um að ræða. Það er talað um eitthvert leynimakk milli formanns Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Þetta er sett fram í lýðskrumstilgangi. Hv. þm. Ísaf. hefir orðið það oft fyrir ádeilum og ómaklegum ádeilum í blöðum andstæðinga sinna, að hann getur dæmt um það, hversu gott er að fá slíkar óréttmætar ákúrur og þarna er um að ræða. Hér er ekki um neitt leynimakk að ræða, og það er ekkert verið að spyrja um það, hvorki af Sjálfstfl. eða Framsfl., hvaða menn hinn flokkurinn mundi setja í verksmiðjustj., frekar en það hefir verið leynimakk milli mín og hv. þm. Ísaf. um það, hvaða mann jafnaðarmenn myndu setja í stj. Fyrst og fremst á frv. eftir að ná samþykki, og það verður hver flokkur að segja fyrir sig, hvaða mönnum hann treystir í þetta.

Mér finnst engin ástæða til að ætla, að menn, sem skipaðir eru af 3 flokkum, séu ekki það samvinnuþýðir og færir, að þeir geti komið sér saman í stj. og verið ábyrgðar sinnar meðvitandi. Ég vona, að valið takist þannig hjá þingflokkunum, að svo verði.

Þá minntist hv. þm. á það, að vont væri að hafa stj. eins mannmarga og frv. gerir ráð fyrir, vegna þess m. a., að oft þyrfti að kalla hana saman með stuttum fyrirvara. Ég vil benda hv. þm. á 4. gr. frv., en þar er ákveði um, að stjórnarnefndarmenn skuli hafa fast aðsetur á Siglufirði þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Þetta álít ég nægilegt, en hitt tel ég ekki gerlegt, að setja varamönnum sömu

skilyrði. — Hv. þm. telur óþarfa að hafa þrjá endurskoðendur, og vel má vera, að einum færum manni sé jafnvel til þess trúandi. En ég álít, að það sé bezt fyrir stj., að endurskoðendurnir séu hver af sínu sauðahúsi; þeir yrðu þá síður tortryggðir.

Hv. þm. kveðst hafa heyrt talað um ríkisbræðslurnar sem illa stæð fyrirtæki. Ég veit ekki, hverjir hafa mælt slíkt. En ég efa ekki, að sú skýrsla, sem hv. þm. gaf um hag verksmiðjanna, sé rétt, það langt sem hún nær. En ég er hræddur um, að verðið, sem ákveðið var í vor — átta krónur á mál —, kunni að hafa verið ákveðið of hátt. Nú er það svo, að mikið af síldarlýsi liggur óselt, að því er ég bezt veit milljóna króna virði, ef það selst. Og sé skýrslan miðuð við góða sölu á öllum framleiðsluvörum verksmiðjanna, þá er fullsnemmt að slá því föstu, að útkoman hafi orðið góð. Og það er ekki leið til að gera menn örugga um afkomu fyrirtækjanna, að meinast við því að settar séu skorður við, að verðið sé ákveðið of hátt og of mikið greitt út áður en vitað er, hvernig hagur verksmiðjanna verður. Ég hefi ekki heldur séð ástæðu til þess, að fyrningargjöld af vélum og áhöldum eigi að lækka úr 5% í 2%.

Tilgangur ákvæðisins í 12. gr. um að ríkisstj. ákveði hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga og hreppsfélaga er sá, að hægt sé á erfiðum tímum að veita þessum aðiljum síldarmjöl við vægu verði. Ég sé ekki annað en eðlilegt sé að taka þá einnig tillit til kostnaðarverðsins. Þetta getur ekki komið að sök, þar sem stjórnin á að ákveða hámarksverðið að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar, en annars er ekki hægt að binda hendur ríkisstj. í þessum efnum.

Þá sagði hv. þm., að með 14. gr., er fjallar um það, að verksmiðjurnar skuli greiða ½% af brúttóvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, sé verið að leggja þungar álögur á verksmiðjurnar. Hv. þm. gat ekki um það, að jafnframt þessu ákvæði um, að ekki megi leggja á verksmiðjurnar útsvar eða tekju- og eignarskatt, og upphæðin er þær greiða bæjar- eða sveitarsjóði má ekki fara yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Og enginn er kominn til að segja, að þessi upphæð verði hærri en samanlagt útsvar og tekju- og eignarskattur myndi hafa orðið samkv. venjulegum reglum. Hv. þm. getur því ekki sýnt fram á, að með þessu sé verið að þyngja byrðar verksmiðjanna.

Þá minntist hv. þm. á ákvæði 7. gr. og taldi það óheppilegt, að ríkissjóður væri ekki látinn bera ábyrgð á þeim skuldum, sem ríkisverksmiðjurnar stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþ. Hv. þm. var þó ekki harður á þessu, enda er það ekki mikið atriði, ef verksmiðjurnar eru reknar á heilbrigðan hátt, svo að þar sé ekki um aðra áhættu að ræða en þá óhjákvæmilegu, sem leiðir af aflabresti eða vondum eða versnandi markaði og ekki verður séð fyrir.

Að lokum vil ég algerlega mótmæla því, að um þetta mál hafi verið gerður nokkur leynisamningur milli Framsfl. og Sjálfstfl. Hv. þm. Ísaf. getur sannfært sig um stefnu Framsfl. í þessum málum með því að kynna sér samþykktir flokksþingsins, er kom saman í febrúar síðastl., og svo borið þær saman við stefnu þessa frv. Hann mun þá komast að raun um, að frv. er í aðalatriðum í samræmi við þær samþykktir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég mun ekki ræða einstakar greinar frv. við þessa umr., heldur tala um málið almennt. Ég tel ástæðu til þess, þar sem þetta frv. gerir miklar breytingar á stjórnarstefnu síldarverksmiðjanna, og hér á að skera úr því, hvernig Alþ. vill, að þessum stærstu fyrirtækjum, sem ríkið rekur, sé stjórnað í framtíðinni. Það er því mikils um vert, að hv. d. geri sér það ljóst þegar í upphafi, um hvað er hér barizt.

Ég er sammála hv. þm. Barð. um það, að bezt sé að ræða mál þetta æsingalaust. Þó hefir farið svo, að í umr. um þetta mál í hv. Ed. hafa öldurnar risið hærra en um nokkurt annað mál á þessu þingi. Það kom fram í umr. yfirlýsing frá hv. þm. S.-Þ., form Framsfl., á þá leið, að hann sem bankaráðsmaður Landsbankans mundi ekki sætta sig við þá afgreiðslu, sem varð á málinu í hv. Ed., og mundi reyna að koma því í gegn á öðrum vettvangi, sem þingdeildin ekki fékkst til að samþykkja. Ég sé ástæðu til að taka þessa yfirlýsingu til rækilegrar athugunar. — Þegar ákveða skal, eftir hvaða principum síldarverksmiðjurnar skulu reknar, kemur tvennt til greina. Í fyrsta lagi er hægt að stjórna þeim með hag almennings fyrir augum og sjá þó um að verð það, er sjómenn og útgerðarmenn fá fyrir síld sína í bræðslu, sé eins hátt og heilbrigður rekstur verksmiðjanna frekast leyfir. Hin aðferðin er sú, að reka verksmiðjurnar sem gróðafyrirtæki, m. ö. o. í sama anda og einkafyrirtæki, freista þess að láta sem allra mestan gróða verða á rekstri fyrirtækjanna, en það þýðir, að reka verksmiðjurnar á þann hátt, sem aðrir bræðslueigendur í landinu mundu helzt óska þess. Mönnum getur ekki dulizt það, að hér er um tvær ólíkar stefnur að ræða. Í fyrra tilfellinu er fyrst og fremst tekið tillit til sjómanna, smáútvegsmanna, til almennings, en í síðara tilfellinu er fyrst og fremst tekið tillit til gróða verksmiðjanna, og þar með til hagsmuna þeirra einstaklinga, sem eiga samskonar fyrirtæki. Sé miðað við gróðann, verða ríkisverksmiðjurnar að hafa verðið til sjómanna sem lægst, og yrði það til þess að hjálpa auðmönnunum er eiga síldarverksmiðjur, til að lækka síldarverðið úr hófi fram. Hér er því um það að ræða, hvort á að reka síldarverksmiðjur ríkisins með hag almennings fyrir augum, eða miða rekstur þeirra við hagsmuni þeirra einstaklinga, sem eiga aðrar síldarverksmiðjur. Það munu ekki vera nema 3—4 félög, sem eiga síldarbræðsluverksmiðjur, og stendur því baráttan um það, hvort taka á frekar tillit til hagsmuna yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar eða nokkurra auðmanna.

Í þessu frv., eins og upphaflega var frá því

gengið af aðalflm., hv. þm. S.-Þ., var gert ráð fyrir, að verksmiðjurnar mættu ekki greiða út nema 85% af áætluðu kaupverði bræðslusíldarinnar. Þetta ákvæði þýðir, að eftir að búið er að áætla, hvað fást muni fyrir afurðir verksmiðjanna, og ákveða kaupverð síldarinnar þar eftir, verða dregin 15% frá því áætlaða sannvirði og það greitt út í hönd sem borgun til sjómanna og útgerðarmanna, og sjómenn ættu þá óvíst um að fá nokkuð meira. Segjum svo, að bræðslusíldarverðið sé ákveðið 7 kr. á mál, þá yrði borgað út rúmar 6 kr. Allur þorri sjómanna og útgerðarmanna mundi þá vera fús til þess að selja öðrum síldina á ca. 6 kr., þar sem þeir voru ekki vissir með að fá nokkurntíma hærra verð fyrir hana. Með þessu móti hefðu þá ríkisverksmiðjurnar hjálpað til að lækka verðið á einni aðalvöru sjómanna, til þess eins að auka gróða þeirra auðmanna, sem eiga síldarverksmiðjur. — Hv. Ed. breytti þessu ákvæði frv. í það horf sem nú er, að verksmiðjurnar megi kaupa bræðslusíldina föstu verði. Út af þessari breytingu var það, sem form. Framsfl., hv. þm. S.-Þ., gaf út yfirlýsingu sína um, að hann sætti sig ekki við afgreiðslu Alþ. og mundi sjá til þess sem bankaráðsmaður Landsbankans, að þessu yrði ekki svo hagað í framkvæmd. Ég tel, að þm. þeir, sem breyttu þessu ákvæði í hv. Ed., hafi gert það í samræmi við vilja mikils meirihluta þjóðarinnar. Hótun hv. þm. S.-Þ. stjórnast af öðrum öflum, sem ég álít fulla nauðsyn á að hv. Alþ. geri sér grein fyrir. Það er ekki í fyrsta skipti, að slíkar hótanir koma fram gagnvart Alþ.

Að mínu áliti er það bæði varhugavert og vítavert, að í lýðræðislandi, þar sem Alþ. á að vera æðsta valdastofnun þjóðfélagsins, að þm. skuli leyfa sér að koma með yfirlýsingu sem þessa. Slík afskipti og þau, sem hér er gert ráð fyrir af hendi sterkustu fjármálastofnunar landsins, eru stórhættuleg lýðræðinu í landinu og eitt alvarlegasta fyrirbrigðið í íslenzkum stjórnmálum nú á dögum. Hér verður Alþ. að skera úr því, sýna það í verki, hvort löggjafarvaldið er raunverulega í höndum þess, en ekki einhverrar annarar stofnunar. Það verður að fást úr því skorið, hvort það eru hinir kjörnu þjóðfulltrúar, sem eiga að ráða, eða einhverjir aðrir menn úti í Austurstræti.

Ég ætla að líta dálítið aftur í tímann, vegna þess að hér á einmitt í hlut form. Framsfl., hv. þm. S.-Þ. Ég vil leyfa mér að vitna í ummæli hans, er hann viðhafði eitt sinn er líkt stóð á og nú. Árið 1932 var saltfisksalan komin í öngþveiti, og var talið hæpið, að það hlutatélag, sem sterkast var á sviði saltfisksölunnar, Kveldúlfur, gæti haldið yfirráðum sínum þar. Það þarf ekki hér að skýra hin nánu tengsl, sem eru milli þessa fyrirtækis og Landsbankans, þau eru alþjóð kunn, ekki sízt fyrir þær útvarpsumræður, er fóru fram héðan af Alþ. í fyrravetur. Kveldúlfur skuldar Landsbankanum mikið fé, og Landsbankanum er því umhugað um að viðhalda völdum Kveldúlfs. Árið 1932 var svo komið, að þetta vald, sem segja má, að náðst hafi í frjálsri samkeppni, var í hættu. En til að tryggja völd félagsins, var með tilstyrk bankanna komið á fót fisksöluhring, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda. Jónas Jónsson, hv. þm. S.-Þ., skrifaði þá í „Tímann", að þetta hefði verið hægt að framkvæma með tvennu móti, annaðhvort með löggjafarvaldi Alþ. eða með harðstjórn bankanna. — Hv. þm. setur þarna þessi tvö völd alveg að jöfnu. Hann er það snjall stjórnmálamaður, að hann sér opnar þessar tvær leiðir, að Alþ. setti l. um einkasölu, eða þá að Landsbankinn kæmi á einkasölu fyrir Kveldúlf. Það varð úr, en þegar sú ráðstöfun þótti ekki nógu örugg, þá bætti hv. þm. G.-K., sem þá var atvmrh., úr því með að gefa út bráðabirgðal. um einkasölu á saltfiski og fékk sölusambandinu hana í hendur.

Næst tók Alþ. þessi mál til meðferðar á þinginu 1934. Þá gerði Alþ. tilraun til að lyfta fargi sölusambandsins af smáútvegsmönnum með löggjafarvaldi sínu, og l. um fiskimálanefnd voru samþ. Þau l. voru samþ. eftir harðar deilur, og þrátt fyrir mótmæli Landsbankans. Ég átti um þessar mundir í ritdeilu við hv. þm. S.-Þ. vegna þess að ég hafði sýnt fram á hið óheillavænlega vald fiskhringsins. Hv. þm. S.-Þ. ritaði þá m. a. efirfarandi í „Samvinnuna":

„Annars er heppilegt að benda E. O. á, að Alþingi 1934 breytti skipulagi fiskimálanna með löggjöf, sem bankarnir voru mótfallnir. Kjósendur landsins og fulltrúar þeirra á þingi og í stjórn voru, er á reyndi, húsbændur á sínu heimili, jafnvel yfir hinum voldugu bönkum. E. O. brást því spádómsgáfan hér sem endranær".

Þarna talar form. Framsfl. um samþykkt l. um fiskimálanefnd sem sigur Alþ. yfir bankavaldinu, þingmenn hefðu einu sinni sýnt, að þeir væru húsbændur á sínu heimili. En hvað gerðist? Að nokkrum mánuðum liðnum voru þessi l. um fiskimálanefnd, er samþ. höfðu verið á Alþ. gegn mótmælum Landsbankans, numin úr gildi með bráðabirgðal. af atvmrh. og allir, sem kunnugir voru málavöxtum, vita að það var vald Landsbankans, sem knúði þetta fram samkvæmt óskum Kveldúlfs.

Í fyrra tilfellinu hafði það sýnt sig, að Landsbankinn hafði vald, sem hv. þm. S.-Þ. setti á borð við vald Alþ. Í síðara tilfellinu, eftir að hv. þm. S.-Þ. er búinn að lýsa því hróðugur yfir, að Alþ. sé húsbóndi á sínu heimili, þá er l., sem Alþ. hefir samþ., breytt með bráðabirgðal., vegna þess að Landsbankinn krefst þess. Óhætt er að segja, að þessi atburður er sá smánarlegasti og hættulegasti ósigur, sem lýðræði og þingræði á Íslandi hefir beðið á undanförnum árum. Það er ófært ástand, að fjármálastofnun, sem á að vera undirgefin ríkisvaldinu, skuli geta sett sig yfir sjálft Alþ. hvenær sem henni þóknast. Slíkt ástand grefur undan lýðræðinu og þingræðinu.

Mér virðist, að nú í sambandi við frv. það, sem hér er til umr., sé verið að undirbúa þetta sama, og nú álít ég, að verði að reyna á það, hvort Alþ. hefir raunverulega það vald, sem því er ætlað að hafa. Ég álít, að þarna komi fram barátta milli tvenns, í fyrsta lagi milli lýðræðisins í landinu og þess einræðis, sem peningavaldið alltaf reynir að beita, og í öðru lagi

barátta milli hinna vinnandi stétta, sjómanna, smáútgerðarmanna og annara, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við verksmiðjurnar annarsvegar og hinsvegar hagsmuna einkafyrirtækja, sem verksmiðjur eiga hér á landi, og sérstaklega gegnum h.f. Kveldúlf eru nátengd Landsbankanum. Það má þess vegna ætla, að Landsbankinn — til þess að hlynna að gróða þessara fyrirtækja — sé sérstaklega til í það að beita sínu valdi líka gegn löggjafarvaldi Alþ. Ég álít því, að það verði að reyna á það í þessu sambandi, hvort Alþ. á að ráða sínum málum eða ekki.

Einmitt í 9. gr. þessa frv. er það ákvæði sett inn, að verksmiðjurnar kaupi ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvmrh., en taki við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning. — Nú er það vitanlegt, að síldarverksmiðjur ríkisins eru upp á Landsbankann komnar með rekstrarfé, og meiningin hjá form. Framsfl., sem gaf þá yfirlýsingu, sem ég gat um áðan, er að vinna að því í bankaráðinu, að þegar stjórn ríkisverksmiðjanna kemur þangað til þess að biðja um rekstrarfjárlán, þá verði því til svarað, að Landsbankinn láni ekki slíkt, nema með því skilyrði, að ekki sé borgað út nema 85% af áætlunarverði síldarinnar. Og þannig ætlar Landsbankinn að koma því inn, sem Ed. nú hefir samþ. og ég vona, að Nd. samþ. líka, að ekki skuli vera.

Ég álít, að nauðsynlegt sé að reyna að koma í veg fyrir þetta, og því verði ýtarlega athugað af þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að setja þarna inn ákvæði, sem tryggi það, að síldarverksmiðjur ríkisins verði reknar með hag almennings fyrir augum og þurfi ekki að lúta boði og banni Landsbankans, eða a. m. k. þurfi ekki að framkvæma þá aðferð viðvíkjandi kaupunum á síld, sem er þveröfug við hagsmuni síldveiðimanna og yfirlýstan vilja Alþ.

Ég álít þess vegna, að nauðsynlegt sé að bera fram brtt. við þetta frv., sem tryggi, að Alþ. þori að sína það í reyndinni, sem hv. þm. S.-Þ. talaði svo fagurlega um 1934, að það sé húsbóndi á sínu heimili. — og láti hvorki Landsbankann né aðra taka af sér völdin hvað þetta snertir.

Finnur Jónsson: Hv. þm. Barð. kom í sinni ræðu nokkuð inn á það spursmál, hvort réttara mundi vera að kaupa síldina föstu verði eða hafa þá aðferð, sem sérstaklega hefir verið barizt fyrir af hv. þm. S.-Þ., að greiða vissan hluta af áætlunarverði við móttöku og svo síðar það, sem fram yfir verður, þ. e. a. s. ef það verður nokkuð. Ég vil minna hv. þm. á það, sem ég að vísu geri ráð fyrir að honum sé fullkunnugt um, að í lögunum hefir alltaf verið gert ráð fyrir því, að síldin væri ekki keypt föstu verði, heldur væri greiddur viss hluti út á hana við móttöku, en jafnhliða því hefir í l. verið heimild til þess að kaupa síldina föstu verði. M.ö.o. hefir verið gert ráð fyrir því, að meginreglan væri sú, að verksmiðjurnar keyptu ekki síldina föstu verði. En kaupheimildin í þessu frv. er nákvæmlega sú sama og alltaf hefir verið í l. þó að gert hafi verið ráð fyrir af hálfu löggjafans, að hún yrði ekki notuð nema með þyrfti. Heimildin hefir þó alltaf verið notuð, að undanteknu árinu 1930. Þá hafði síldarverðið verið áætlað, að ég hygg, á 7 kr. málið, og borga átti út 70%, eða 4,90 kr. fyrir málið. En svo var bara aldrei borgað neitt meira, og síðan hefir enginn maður stungið upp á því í verksmiðjustj., að verksmiðjurnar yrðu reknar á þann hátt, að þær keyptu ekki síldina, þangað til nú, að Þorsteinn M. Jónsson lagði til, þegar verið var að ákveða verð síldarinnar á síðastl. vori, að þessi aðferð yrði viðhöfð, þ. e. a. s. að ekki yrði greitt nema 85% af áætlunarverði við móttöku. Það er langt frá mér að vilja vera með aðdróttanir í garð þessa mæta manns, en ég hafði það á tilfinningunni, að honum væri ekki nein sérstök alvara með þessa till., því að það hefir sýnt sig í rekstri verksmiðjanna og mun halda áfram að sýna sig, að þessi leið, sem framsóknarmenn hafa talað um sem eitthvað sérstakt flokksmál sitt — sem það reyndar alls ekki hefir verið í framkvæmdinni — er ófær. Það er ekki hægt að reka verksmiðjurnar á þann hátt. Ég skal að vísu játa, að ég fyrir mitt leyti teldi það heilbrigðara, en það er bara ekki framkvæmanlegt, og liggja til þess margar ástæður. Fyrsta ástæðan er sú, að ríkisverksmiðjurnar fá nú ekki nema 40% af þeirri bræðslusíld, sem hér er lögð í land, og ef þær tækju upp þá aðferð, sem framsóknarmenn nú hafa stungið upp á, mundi það brátt koma í ljós, að verksmiðjur einstakra manna gætu, þegar hörgull er á síld eins og oft kemur fyrir, sett síldarverðið örlítið hærra, t. d. 10—15 aurum hærra á mál, og afleiðingin yrði sú, að þær fengju alla síldina. Og í öðru lagi gæti þetta orðið til þess undir vissum skilyrðum, að þær þyrftu ekki að borga fullt verð fyrir síldina, því að það er nú einu sinni svona, að menn vilja heldur vera vissir með lægra síldarverð heldur en að eiga von í uppbót einhvertíma seinna, og er ekki hægt að lá mönnum það. Nú get ég ímyndað mér, að hv. þm. Barð. komi og segi: Við getum líka lögleitt það, að verksmiðjur einstakra manna megi ekki borga nema 85% út á síldina við móttöku. (**BJ:** Slíkt er ekki hægt að lögleiða). Mér þykir vænt um að fá þessa yfirlýsingu frá lögfræðingi sjútvn., vegna þess að formaður Framsfl. var að hóta þessu við umr. í hv. Ed. nú fyrir nokkrum dögum. Og ef þetta er rétt, sem hv. þm. Barð. segir, sem ég á engan hátt vil draga í efa, að ekki sé hægt að lögleiða það, að verksmiðjur einstakra manna megi ekki greiða nema 85% af síldarverðinu við móttöku, mun það þá ekki vera nokkuð þverlega brotið gegn landslögum, ef Landsbankinn með fjármála-almætti sínu knýr fram mál, sem Alþ. sjálft hefir ekki leyfi til að lögfesta. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Barð. muni vera mér sammála um það, að æðsta valdið í landinu á að vera hjá Alþ. Það má ekki gera neitt, sem fer í bága við stjskr., og ef það er stjskr.brot af Alþ. að ákveða það, að verksmiðjur einstakra manna skuli aðeins borga út 85% við móttöku, hvaða vit væri þá í því, að Landsbankanum héldist uppi að ákveða slíkt?

Það er margt fleira en þetta, sem gerir það að verkum, að í framkvæmdinni er ekki hægt að fara eftir þeim lögum, sem ákveða það, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli aðeins greiða 85% af verðinu við móttöku. M. a. það, að síldarverðið hefir í mörg ár verið svo lágt, að það hefir bókstaflega verið ómögulegt fyrir útgerðarmenn og sjómenn að stunda síldveiðar, ef ríkisverksmiðjurnar hefðu ekki borgað út fullt áætlunarverð. Ríkisverksmiðjurnar hafa ekki starfað lengur en síðan 1930, en á 4 árum af þessum 8 árum hefir síldarverðið ekki verið nema 3 kr. Og ég fullvissa hv. þm. um það, að bókstaflega hefði verið ómögulegt að gera út á síldveiðar, ef ekki hefðu fengizt útborgaðar strax þessar 3 kr. út á síldina við móttöku. Ég vil líka benda hv. þm. Barð. á það, að verksmiðjustjórnendur, hverjir sem þeir hafa verið, og hvort sem þeir hafa tilheyrt Alþfl. Framsfl. eða Sjálfstfl., hafa alltaf allir verið á einu máli um þetta atriði, að kaupa síldina föstu verði, því að annað er ekki framkvæmanlegt. Og fyrst það er staðreynd, að þessi aðferð er ekki framkvæmanleg, hvaða þýðingu hefir þá að setja þetta ákvæði í lögin? Og fyrst Alþ. hefir ekki leyfi til þess gagnvart stjskr. landsins að lögbjóða einstökum verksmiðjum, að þær megi ekki borga meira en 85% við móttöku, hvaða vit er þá í því, að Alþ. leyfi nokkurri annari stofnun landsins að gera slíkt?

Mér skildist á hv. þm. Barð., að hann vildi halda því fram, að ég hefði ekki gagnhugsað þetta mál, en ég get fullvissað hann um það, að ég hefi velt þessu rækilega fyrir mér, og þegar ég þar á ofan hefi sömu skoðun á þessu og allir þeir, sem í stjórn síldarverksmiðjanna hafa setið fyrr og síðar, þá virðist mér allar líkur benda til þess, að ég muni hafa rétt fyrir mér, enda fór það svo, að heimildin til þess að kaupa síldina — þessi heimild, sem alltaf hefir verið notuð nema árið 1930 — var sett inn í lögin í hv. Ed., og ég veit ekki betur en að a. m. k. þrír framsóknarmenn sætu hjá við þá atkvgr.

Hv. þm. Barð. taldi, að þessi kaupheimild mundi verða ákaflega tvíeggjuð í höndum „ábyrgðarlítillar og hugsunarlítillar verksmiðjustjórnar", eins og hann orðaði það. Nú langar mig til að spyrja hv. þm., hvort hann geri ráð fyrir því, að sú lagabreyt., sem hans flokkur nú ber hér fram á Alþ., muni verða þess valdandi, að í stjórn verksmiðjanna veljist ábyrgðarlitlir og hugsunarlitlir menn. Ef hann gerir ekki ráð fyrir því, þá er þessi varnagli hans viðvíkjandi síldarverðinu alveg tilefnislaus. Geri hann hinsvegar ráð fyrir því, að á þessu sé nokkuð mikil hætta, þá vil ég skora á hann að benda á einhverja aðra leið um skipun verksmiðjustj., svo ekki þurfi að óttast, að þangað veljist ábyrgðarlitlir og hugsunarlitlir menn.

Þá var hv. þm. Barð. eitthvað að tala um það, að þetta mál þyrfti að ræðast án allra æsinga. Ég fyrir mitt leyti þakka fyrir ágætt ráð, en ég þykist hafa hagað orðum mínum þannig, að þau séu í alla staði þingleg og án allra æsinga, og ég hefi ekkert farið út fyrir það málefni, sem hér er á dagskrá.

Hv. þm. Barð. hélt því einnig fram, að mér mundi vera sárara um annað atriði í þessum lögum heldur en um það, hvort kaupaheimildin væri í lögum eða ekki, og átti hann þar við kosninguna í stjórn verksmiðjanna. Ég væri miklu meira á móti frv., ef það hefði komið óbreytt eins og það upphaflega var, heldur en þó þetta ákvæði sé um stjórnarkosninguna, sem ég þó tel, að geti verið skaðlegt fyrir verksmiðjurnar. Ég teldi það t. d. mjög skaðlegt fyrir ríkisverksmiðjurnar, ef þessi lög yrðu til þess, eins og hv. þm. virðist allmjög óttast, að í stjórnina veldust ábyrgðarlitlir og hugsunarlitlir menn. Ég tel það einnig mjög áríðandi fyrir svona stórt fyrirtæki, að tryggt sé, að í stjórn þess veljist menn, sem geta unnið saman. Ég hefi t. d. enga trú á því, að menn, sem ár eftir ár hafa borið hvern annan brigzlum, geti yfirleitt unnið saman á þann hátt, að þeir æfinlega hafi fyrir augum heill og framgang þess fyrirtækis, sem þeir vinna fyrir. Og því er ómögulegt að neita, að með því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á að lögleiða verði um kosningu í stjórn verksmiðjanna, er talsverð hætta á, að svona geti farið, enda varð ræða hv. þm. ekki skilin öðruvísi en svo, að hann sæi þá hættu. Nú verð ég að samsinna því, sem hv. þm. sagði, að það væri óeðlilegt, ef Alþ. hefði ekki verulega íhlutun um stjórn þessa fyrirtækis, þar sem ríkissjóður á svo mikið undir þessum verksmiðjum. Hinsvegar vil ég benda hv. þm. á, að það er í raun og veru alveg óeðlilegt, að þeir, sem fara með ríkisstj. á hverjum tíma og eiga þess vegna að bera ábyrgð á stjórn þessa mikla fyrirtækis, tryggi sér það ekki fullkomlega fyrirfram, að í verksmiðjustj. veljist menn, sem geta unnið saman og ríkisstj. treystir til þess hvorutveggja, að gæta hagsmuna verksmiðjanna og ríkisins. Og vil ég í þessu sambandi benda á, að við hv. þm. Barð. vorum svo sammála um þetta 1934, að við fluttum þá á haustþinginu frv. til l. um stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og í því frv. var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. skipaði þrjá menn í verksmiðjustj. Ég veit ekki, hvað hefir komið til þess, að hv. þm., minn ágæti meðflm. að frv. 1934, hefir skipt svona um skoðun. Ekki er því til að dreifa, að einn flokkur hafi haft eitthvert sérstakt einræðisvald yfir verksmiðjunum nú síðustu tvö árin, og vil ég í því sambandi benda á, að Sjálfstfl. var gefið ekki eitt heldur mörg tækifæri til þess að eignast fulltrúa í verksmiðjustjórninni. Var fyrst leitað hófanna við einn þekktan sjálfstæðismann hér í bænum um það, að hann færi í verksmiðjustj., þegar nýskipun hennar fór fram samkv. bráðabirgðal. frá 1935, og var hann þegar búinn að lofa því. En þegar það vitnaðist, neyddu helztu forvígismenn Sjálfstfl. hér á Alþ. þennan mann til að láta af því áformi, og brigðaði hann því loforð það, sem hann hafði gefið ráðh. Alþfl. Og ekki nóg með það, svo var fenginn annar ágætur sjálfstæðismaður, sem á heima á Siglufirði og er einn af forvígismönnum flokksins þar, til þess að fara í stjórnina. Og það fór á sömu leið. Það var gerð að honum svo harðvítug árás af hálfu Sjálfstfl., að einnig hann varð

að bregðast því loforði, sem hann hafði gefið Alþfl. um að fara í verksmiðjustj. Með þessu er það sannað, að Sjálfstfl. vildi ekki eiga neinn af þeim mönnum, sem framarlega stóðu í flokknum, í verksmiðjustj., og að það er Sjálfstfl. sjálfum að kenna, að hann hefir ekki átt neinn fulltrúa þar síðastl. 2 ár. Að það, að sjálfstæðismenn drógu sína fulltrúa til baka hafi á nokkurn hátt verið notað til pólitísks einræðis yfir verksmiðjunum, mótmæli ég sem algerlega tilhæfulausu, enda skildi ég ekki hv. þm. Barð. svo, að hann héldi því beinlínis fram. En ef hann hinsvegar skyldi hafa átt við, að pólitísks einræðis hafi kennt þar, vil ég ráðleggja honum að leita um það upplýsinga hjá fulltrúum Framsfl. í stj. ríkisverksmiðjanna. Ég er viss um, og get vitnað um það í fundarbækur ríkisverksmiðjanna, að í þau 2 ár, sem núv. stj. hefir setið, hefir ekki orðið neinn ágreiningur innan stj., sem gæti stutt þau ummæli, að um pólitískt einræðisvald væri að ræða. Hitt er annað mál, að ekki er hægt að neita því, að sá friður, sem ekki fékkst árið á undan og þann part af árinu 1936, sem liðinn var, þegar nýja stj. tók við, hefir fengizt með núv. stj. En það er ekki starfsfriður pólitísks einræðis, heldur starfsfriður manna, sem fyrst og fremst unnu með hag ríkisverksmiðjanna fyrir augum.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði um framkvæmd þess að taka við síld í bræðslu með óákveðnu verði, vil ég benda á, að ef ekki væri til staðar það einræðisvald Landsbankans, sem minnzt hefir verið á, til þess að knýja verksmiðjur einstakra manna inn á þær brautir, sem hv. þm. Barð. segir, að Alþ. sjálft geti ekki leyft sér að fara vegna stj.skrárinnar, mundu þeir, sem lögðu inn síld í ríkisverksmiðjurnar síðastl. sumar hafa fengið fulla greiðslu, og þeir, sem lögðu inn hjá einstökum mönnum, sem notuðu sér hið hagkvæma lýsisverð síðastl. sumar, sömuleiðis fulla greiðslu. En þeir, sem lögðu inn síld í verksmiðjur einstakra manna, sem ekki notuðu sér hið góða verð á lýsi, eins og t. d. Kveldúlfur, hefðu haft litla von til að fá fullt verð, því að verð á lýsi hefir farið svo mjög lækkandi síðan.

Þetta eina atriði, er ég hefi bent á, gerir það *ómögulegt að koma á því, sem* Framsfl. hefir haldið fram, að ætti að vera aðalstefnan um rekstur ríkisverksmiðjanna. Það er vitanlega rétt hjá hv. þm. Barð., að Alþfl. hefir í rauninni borið ábyrgð á stj. verksmiðjanna í þessi 2 ár. Þó hygg ég, að verksmiðjustj. sé svo skipuð nú, að í henni sé auk alþfl.mannsins og framsóknarmannsins einn maður, sem telur sig utan flokka. En á hitt vil ég benda og leggja þar á sterka áherzlu, að um ágreiningsmál innan verksmiðjustj. hefir ekki verið að ræða. Og ég neita því ákveðið, að komið hafi til mála, að menn væru valdir til vinnu við verksmiðjurnar af pólitískum ástæðum. Það hefir verið höfð sú regla í verksmiðjustj. að taka þá menn áfram, sem höfðu verið þar áður, og í rauninni hefir ekki mörgum mönnum verið bætt við í tíð núv. verksmiðjustjórnar.

Ég neita því einnig, að bræðslusíldarverðið síðastl. ár hafi verið ákveðið of hátt, og ég vil skora á hv. þm. Barð. að færa fram einhverja sönnun fyrir þeirri ásökun sinni. Ég skal taka það fram, að bræðslusíldarverðið var síðastl. vor ákveðið eftir nákvæmlega sömu reglum og árið 1936. En þá fekk verksmiðjustj. hart aðkast frá Sjálfstfl. fyrir, að verðið hefði verið ákveðið allt of lágt. Framsfl. stóð þá að því með Alþfl. að verja þá verðáætlun, og hefði með sama rétti getað staðið að því að verja bræðslusíldarverðið þetta ár, því að eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum, sem fyrir lágu, var það ákveðið eins rétt og mögulegt var að gera sér hugmynd um. Ég skal taka það fram, að það er eitt atriði, sem sýnir betur en nokkuð annað, að verðáætlunin er ekki of há. Það er sem sé ekki annað fyrirsjáanlegt en að síldarverksmiðjurnar geti svarað lögboðnum afborgunum og lögboðnum sjóðagjöldum og staðið straum af venjulegum kostnaði, þrátt fyrir verðfall á lýsinu frá því að síldarverðið var ákveðið. Það kann að vera, að verksmiðjur einstakra manna, sem ekki notuðu sér sölutækifæri eins og ríkisverksmiðjan hefir gert, fari illa út úr 8 kr. bræðslusíldarverði. En erfitt hefði verið að setja undir þann leka, að verksmiðjur, sem ekki hafa notfært sér möguleikana til að selja lýsi háu verði, geti ekki greitt sama verð og hinar. Ég er fyrir fram viss um, að hv. þm. Barð. er mér sammála um þetta. Þá færði hv. þm. það fram sínu máli til stuðnings, að 2 verksmiðjur á Austurlandi hefðu ekki staðizt þetta verð. En það er ekki af því, að síldarverðið hafi veri ákveðið of hátt, heldur vegna þess, að þær eru svo litlar, að rekstur þeirra svarar ekki kostnaði í samanburði við hinar stærri verksmiðjur. Ég er líka sannfærður um, að ef hv. þm. Barð. væri spurður, hvort hann áliti, að ákveða ætti síldarverðið með tilliti til verksmiðja, sem ekki væru samkeppnisfærar í rekstrinum, og setja þannig niður síldarverðið fyrir sjómönnum og útgerðarmönnum, þá mundi hann svara því neitandi.

Hv. þm. sagði, að því hefði verið haldið fram í Alþýðublaðinu, að leynisamningar væru á milli framsóknarmanna og sjálfstæðismanna í þessu máli, og benti á, að samningarnir hefðu í raun og veru verið opinberir. En þó að ekki hafi verið gerður um þetta samningur, hvorki leynilegur né opinber, þá fela þær till., sem einn framsóknarmaður og einn sjálfstæðismaður hafa borið fram, í sér samning um þetta efni, a. m. k. hvað viðvíkur flutningi málsins á Alþingi, en mér þætti vænt um, ef hv. þm. Barð. upplýsti mig um, að svo væri ekki.

Um varamennina vil ég segja það, að þó að ég flytji till. um varamenn, hefir það aldrei verið ætlun mín að fara fram á, að þeir tækju *nokkurntíma* sæti í stj. verksmiðjanna *nema* í forföllum eða við fráfall aðalmanns. Sé ég því ekki ástæðu til, að þeir þurfi að eiga heima á Siglufirði. Væntanlegar till. um varamenn hafa því ekki í sér fólgna hættu um aukin útgjöld.

Hv. þm. Barð. spurðist fyrir um það, hvort komið væri í ljós, að vegna verðfalls á síldarlýsi hefði bræðslusíldarverðið verið of hátt. Ég er búinn að svara því. Það hefir ekki komið

í ljós hjá ríkisverksmiðjunni, heldur hefir áætlunin þvert á móti reynzt mjög varlega ákveðin. Það eru að vísu enn óseld nokkur þús. tonn af síldarlýsi, en af því eiga ríkisverksmiðjurnar ekki nema 1500 smál., og nemur verð þess um ½ millj. kr., en ég tel ekki líkindi til, eins og verð á lýsi er nú orðið lágt, að á því verði verðfall, sem verksmiðjurnar dregur nokkuð að ráði. [Fundarhlé].

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég muni hafa ræðu mína miklu lengri, þar eð ég var búinn að svara mestu í ræðu hv. þm. Barð. Ég var búinn að sýna fram á það, að það væri ástæðulaus ásökun í garð stjórnar síldarverksmiðjanna, að verðið í vor hafi verið ákveðið óhæfilega hátt. Þessu til sönnunar nefndi ég það, að ríkisverksmiðjurnar hefðu orðið fyrir mjög miklu verðfalli á síldarlýsi, eins og raunar aðrir, sem varð þess valdandi, að verksmiðjurnar biðu mikið tjón, en það yrði sennilega ekki tap á heildarrekstrinum. En það má af þessu sjá, að ef verksmiðjurnar hefðu ákveðið verðið of hátt, þá hefðu þær sennilega orðið fyrir meira tapi í ár, eins og sennilega verður á verksmiðjum vissra einstakra manna, sem ekki notuðu sér háa síldarverðið í jan.—febrúar til að selja meginhluta síldarlýsisins, eins og síldarverksmiðjur ríkisins gerðu. Ég hefi einnig bent á, að það er ekki hægt að binda síldarverð ríkisverksmiðjanna við það verð, sem einstakir menn kunna að vilja greiða fyrir síldina, meðfram af þeirri ástæðu, að það er ekki víst, að sölur fari fram á sama tíma hjá öllum verksmiðjunum.

Ég vil víkja aftur nokkru að því pólitíska einræði, sem hv. þm. Barð. taldi, að hefði ráðið um stjórn verksmiðjanna. Ég vil benda á það, að ákvarðanir verksmiðjustj., svo að segja allar, eru gerðar ágreiningslaust. Ef um ásökun á hendur verksmiðjustj. um, að eitthvert pólitískt einræði hefði verið haft í frammi í stjórn verksmiðjanna þessi 2 ár, sem núv. stjórn hefir setið, þá er það um leið ásökun á hendur fulltrúa framsóknarmanna í verksmiðjustj., ásökun, sem ég hefi þegar bent á, að ekki hefir við nein rök að styðjast.

Viðvíkjandi því gjaldi, sem frv. ætlazt til, að greitt verði framvegis af ríkisverksmiðjunum til Siglufjarðarkaupstaðar, þá vil ég benda á, að ríkisverksmiðjurnar greiða nú þegar til hafnarsjóðs Siglufjarðar gjald, sem hinir aðrir keppinautar verksmiðjanna greiða ekki. Ennfremur hefi ég sýnt fram á, að þó ekki yrði ákveðið nema ½% af umsetningu ríkisverksmiðjanna í útsvar, þá yrði það þó meira, sem þær þyrftu að borga í útsvar til Siglufjarðarkaupstaðar en keppinautar verksmiðjanna greiða í þeim sveitum, þar sem þeir hafa sinn rekstur. Það er ætlazt til, ef þetta frv. nær fram að ganga óbreytt, að lagðar verði á ríkisverksmiðjurnar um 76 þús. kr. í nýjum og gömlum sköttum, eða sem svarar 760 kr. á hvert skip, sem við þær skipta. Ég vil benda á það, að samkv. útsvarslögum á Siglufjarðarkaupstaður rétt á hluta af útsvari skips, sem leggur þar upp síld. Þetta mundi því verða tvöfaldur skattur á útgerðarmenn, ef þetta ákvæði yrði að l. Hv. þm. Barð. benti á þessu til réttlætingar, að ríkisverksmiðjurnar væru tekjuskattsfrjálsar. Ég verð að segja, að þakka skyldi ríkinu, þó það ekki færi að leggja tekjuskatt á sín eigin fyrirtæki.

Hv. þm. Barð. hóf mál sitt á því, að vel gæti svo farið, að að ríkisverksmiðjunum veldist ábyrgðarlítil og hugsunarlítil verksmiðjustjórn. Með þessum orðum er hann raunverulega að fordæma það fyrirkomulag, sem lagt er til í þessu frv., því að hvað sem þessi hv. þm. kynni að segja um núv. verksmiðjustjórn, þá trúi ég því ekki, að hann segi, að hún hafi verið ábyrgðarlítil um hag verksmiðjanna. Ef hann segði slíkt, þá mundi ég a. m. k. fara fram á, að hann fyndi þeim orðum sínum stað.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar við þessa umr. Ég vænti þess, að málið komi til sjútvn. og að ég fái þar tækifæri til að fjalla um það.

Bergur Jónsson: Það er auðséð af þessum umr., að þeim er ekki ætlað að upplýsa málið, a. m. k. ekki frá hendi hv. þm. Ísaf., heldur var ræða hans aðeins málþóf til að tefja málið, svipað eins og aðalandstæðingar hans, sjálfstæðismenn, hafa stundum viðhaft hér á Alþingi.

Í raun og veru kom hann með lítil rök gegn því, sem ég sagði. Það hefir komið eitthvað illa við hv. þm., sem ég sagði, að illa gæti farið, ef ábyrgðarlítil stjórn væri fyrir verksmiðjunum. Ég tók það þó fram, að ég væri ekki að leggja dóm á núv. stjórn með þessum ummælum. Hitt vil ég segja, að ég álít, að teflt hafi verið á tæpasta vað með 8 kr. verðið í fyrravor, í stað þess að fara eftir till. Þorsteins Jónssonar um að greiða ekki nema ákveðinn hundraðshluta af verðinu fyrirfram. Eða hefði ekki verið varlegra að ákveða verðið ekki hærra fyrirfram en t. d. 7 kr.? (**FJ**: Hafa það hvað?). Hafa það ekki svo hátt, t. d. aðeins 7 kr. Ég spurði hv. þm., hvort hann væri viss um, að verksmiðjurnar stæðu við það verð, sem þær borguðu út í sumar. Í stað þess að svara spurningu minni, snýr hann spurningunni að mér og spyr mig, hvort verksmiðjurnar muni þola verðið. Hvernig á ég að svara? Ég veit það er mikið óselt af lýsi. Nei, það er hans að svara því, hvort niðurstaðan verður sú, að reksturinn beri sig. Hv. þm. hefir ekki svarað þessu, enda getur hann það ekki, vegna þess, að hann veit ekki, hvort hann getur selt.

Hv. 5. þm. Reykv. hélt hér eina af þessum vanalegu ræðum sínum, fullur af þjósti, rétt eins og hann sé að tala á sellufundi. Það var ein hugsun, sem gekk í gegnum alla hans ræðu, að bankavaldið væri hér að kúga Íslendinga. Þetta svokallaða bankavald er draugur, sem þessi hv. þm. og flokksmaður hans eru sífellt að glíma við, hvort sem nokkurt tilefni er til eða ekki. Var að skilja á honum, að form. Framsfl. hefði verið að veifa „bankavaldinu“ framan í hv. Ed. Ég vil benda hv. þm. á það, að kritik vinstri flokkanna á hendur bönkunum fyrir tap þeirra á einstökum fyrirtækjum stafar af því, að bankarnir hafa ekki gætt þess að setja nægilega örugg skilyrði fyrir sínum lánum til þeirra. Hér er um það að ræða, ef greiddur verður

ákveðinn hundraðshluti af áætluðu verði til síldareigenda, en ekki fullt verð, og einkaverksmiðjur ætluðu svo að borga hærra verð, þá er spurningin sú, hvort heimilt væri fyrir bankana að setja það skilyrði fyrir lánum til þessara verksmiðja, að þær borgi ekki hærra verð en ríkisverksmiðjurnar. Mér finnst eðlilegt, að bankarnir settu þetta skilyrði til samræmis. Ég játa það, að ekki er hægt með l. að skuldbinda einstök fyrirtæki til að gefa ákveðið verð fyrir vöru og ekki hærra, en hinsvegar er það mögulegt fyrir bankana. Bankarnir eiga að setja þeim, sem þeir lána, það skilyrði, að þeir útborgi ekki hærra verð en svo, að reksturinn sé tryggur. Það kemur ekki í bága við löggjafarvald Alþingis. Það er skylda bankanna, sem þeir því miður hafa ekki ætíð gætt, og þess vegna hafa þeir tapað á lánunum.

Hv. 5. þm. Reykv. var að tala um, að það þyrfti að setja ákvæði í l. um það, að verksmiðjurnar skyldi reka með hag almennings fyrir augum. Hann skoðar þetta mál líklega af sama sjónarhól og hann stóð á hér í gær. Ég veit nú ekki betur en það sé einmitt stefnt að því með þessu frv. Það er allt undir því komið, að svo stór fyrirtæki sem ríkisverksmiðjurnar geti borið sig, því þá aðeins verða þær til stuðnings atvinnuvegunum í landinu: (**FJ**: Hafa verksmiðjurnar ekki verið það?) Ég er hræddur um, að síðastl. sumar hafi þar verið teflt á tæpasta vaðið. Hið eina öryggi, sem verksmiðjurnar hafa, er að bjóða ekki hærra verð í síldina en það, sem þær geta staðið við. Ef verksmiðjurnar eru *látnar kannske ár eftir ár yfirborga þá vöru*, sem þær vinna úr, þá leiðir það óhjákvæmilega til hruns, ekki aðeins fyrir verksmiðjurnar sjálfar, heldur alla þjóðina.

Þessir þm. báðir, hv. 5. þm. Reykv. þó meir, ganga nú á það lagið að reyna að espa útgerðarmenn og sjómenn sem mest gegn síldarverksmiðjunum. Þeir fara nú sömu leiðina og hv. þm. Ísaf. var að átclja sjálfstæðismenn fyrir að vilja fara 1936. Árið 1936 stóð hv. þm. Ísaf. sig sæmilega, svo að verksmiðjurnar gátu nokkurnveginn staðið við það verð, er þá var útborgað. Ef farið hefði verið eftir till. sjálfstæðismanna þá, veit hv. þm. Ísaf., hvernig farið hefði.

Hv. þm. Ísaf. var að tala við *mig eins og* barnakennari. Hann hélt víst, að ég vissi ekki, að undanfarið hafa verksmiðjurnar keypt síld við föstu verði, þó lögin mæli svo fyrir, að aðallega eigi að taka vöruna með áætlunarverði, þar sem nokkur hluti sé útborgaður við móttöku. Hann þurfti ekki að upplýsa mig um þetta. Ég hefi alltaf haldið því fram, að sú leið væri hin eina örugga; þó að kaup við föstu verði gætu komið til greina undir vissum kringumstæðum, þá felst í hinni aðferðinni hin eina höfuðtrygging fyrir því, að ekki sé farið gapalega og glannalega með fjárhag verksmiðjanna.

Hv. þm. Ísaf. viðurkenndi það, að sjálfsagt væri, að þingið hefði íhlutun um skipun verksmiðjustj., svo hann ætti að geta verið ánægður með ákvæði frv. um þetta efni. Það er að vísu rétt, að við hv. þm. Ísaf. fluttum hér um árið frv. til l. um ríkisverksmiðjur, þar sem atvmrh. átti að skipa alla verksmiðjustj. En síðar gerðust þau undur, að jafnaðarmenn í verksmiðjustj. tóku höndum saman við Svein Benediktsson gegn framsóknarmanninum í verksmiðjustj. og gerðu allt samstarf í verksmiðjustjórninni ómögulegt.

Annars finn ég ekki ástæðu til að rifja upp þessa atburði, en læt nægja að vísa til þess, er ég áður sagði, að það er sjálfsagt að haga rekstri þessa fyrirtækis svo, að hagur almennings, *ríkis og höfuðatvinnuvegirnir sitji í fyrirrúmi* fyrir öllu öðru.

Stundum tæpti hv. þm. Ísaf. á því, sem haldið hefir verið fram í blaði hans, Alþýðublaðinu, undanfarna daga, að leynisamningar ættu sér stað um lausn þessa máls milli Framsfl. og Sjálfstfl. Ég benti honum á, að þær aðgerðir, sem farið hafa fram í málinu, eru allar fyrir opnum tjöldum. Honum fannst það eitthvað hneykslanlegt, að fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í þeirri n., er undirbjó frv., urðu sammála um skipun stjórnarinnar og ýms önnur atriði frv. En eins og hann veit, var sumu í frv. breytt í hv. Ed. með atkv. hv. sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna á víxl. Þar var alls ekki einhliða atkvgr., eins og hv. þm. veit, en af því hann er sífellt að blanda Kveldúlfi, Sambandi ísl. fiskframleiðenda og fiskimálanefnd inn í umr., tek ég þetta fram, án þess ég ætli mér að fara að svara fyrir þessar stofnanir. Ég býst við, að fulltrúar Kveldúlfs svari fyrir sig, enda sé ég ekki, hvað þetta kemur þessu máli við.

*__Einar Olgeirsson__: Ég ætla fyrst að byrja á því, að mótmæla því, sem hv. þm. Barð., sá er síðast talaði, hélt fram, að við værum með málþóf hér í sambandi við þetta mál. Það kemur satt að segja úr hörðustu átt að kalla það málþóf, að eitt aðalmál þingsins er rætt 3—4 klst. á kvöldfundi, þegar það kemur fyrir d. svo að segja í þinglok. Ég veit ekki, til hvers er verið að kjósa menn til þings, ef ekki til að ræða alvarlegustu mál þingsins. Náttúrlega er það óþarft fyrir þá herra, sem búnir eru að semja fyrirfram um málin, og þægilegast að málin séu afgr. umræðulaust og að ekki sé *minnzt á þá samninga, sem eiga sér stað* í þessu máli. Þegar stjórnarflokkarnir deila eins skarplega og átti sér stað í hv. Ed. um daginn, er þetta mál var á dagskrá, þar sem hv. þm. S.-Þ., form. Framsfl., tók höndum saman við hv. þm. Vestm. móti hæstv. atvmrh., þá er ekki furða, þó nokkrar öldur rísi einnig í þessari hv. d. um þetta mál. Nei, meiningin er, að þessum háu herrum er illa við almennar umr. í þinginu um þetta mál.

En svo ég víki nokkuð að ræðu hv. þm., þá þótti mér hann tala nokkuð djarft um það, að of hátt verð hafi verið greitt í sumar til útgerðarmanna og sjómanna fyrir síldina. Hann sagði, að hag almennings væri svo bezt borgið, að *fyrst og fremst væri hugsað um hag* verksmiðjanna. Hann tæpti meira að segja á því, að verðið á síldarmáli hefði verið 1 kr. of hátt. En hvað hefði það þýtt, ef stefnu þessa hv. þm.

hefði verið fylgt í vor og síldarverðið ákveðið 7 kr. í stað 8 kr.? Það hefði hvorki meira né minna en þýtt ½ millj. kr. lægri útborgun fyrir þá síld, er ríkisverksmiðjurnar keyptu í sumar. Og á þeirri síld, sem lögð var inn hjá verksmiðjum einstakra manna og félaga, Kveldúlfsverksmiðjunum, verksmiðjum Alliance, Steindórs Hjaltalíns, Krossanesverksmiðjunni o. fl., hefðu útgerðarmenn, miðað við 1 kr. lækkun, tapað hvorki meira né minna en um 1 millj. kr. Hefði stefna þessa hv. þm. og flokks hans ráðið, mundu útgerðarmenn og sjómenn hafa tapað 1½ millj. kr. af réttmætu fé sínu, nema þeir líti svo á, að Kveldúlfur og almenningur sé það sama. Því þrátt fyrir það, þó borgaðar væru 8 kr. fyrir málið, þá hefir rekstur verksmiðjanna borið sig vel, eftir þeirri skýrslu, sem hv. þm. Ísaf., einn úr stjórn verksmiðjanna, gaf hér áðan.

Þá minntist hv. þm. Barð. á bankavaldið, og talaði um drauga í því sambandi. Ég get vel skilið það, að framsóknarmönnum finnist þeir sjá afturgöngur, þegar þeir heyra kritikina á Landsbankanum nú, því hún minnir þá óþægilega mikið á þeirra eigin kritik á Íslandsbanka á sínum tíma, og Kveldúlfur verði nú í hugskotum þeirra óþægileg líking af Copland hér á árunum, þegar form. Framsfl. var að skrifa um töp Íslandsbanka á honum. Það er því óþarfi fyrir hv. þm. Barð. að vera að tala um draug í sambandi við það bankavald, sem almenningur á nú í höggi við; til þess er það of lifræn staðreynd. Og ég held, að nær væri fyrir Framsfl., í stað þess að álasa kommúnistum og gera grín að þeim fyrir kritik þeirra á Landsbankanum, að athuga dálitið afstöðu Landsbankans til sjálfrar ríkisstj., athuga það, hvort Landsbankinn setur ekki sjálfa ríkisstj. í nokkuð óþægilega aðstöðu, þrátt fyrir það, þó stjórnin eigi að hafa full ráð yfir bankanum, því bankinn er eign ríkisins og starfar á ábyrgð þess, þó hann líti fremur út fyrir að vera privateign bankastjóranna. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Barð. sagði um töp bankanna á útlánum til einstakra fyrirtækja, þá var það rétt. Bankarnir hafa á tveim síðustu áratugum tapað þannig 33 millj. kr. á ógætilegri útlánastarfsemi, og þessi töp skella á þjóðinni allri að lokum. Það er þessi stefna bankanna, sem við erum að ráðast á, og við viljum koma í veg fyrir, að hún verði ráðandi í framtíðinni. Og hv. þm. væri nær að skjóta geiri sínum í þessa átt, ef hann ætlar að hreinsa til, heldur en að vera gera ríkisverksmiðjunum erfitt með lánsfé til þess að hjálpa smáútgerðarmönnum og sjómönnum.

Það er ekkert undarlegt, þó umr. verði um þetta mál, þegar beitt er þeim aðferðum, sem flutningsmenn frv. beita og við hv. þm. Ísaf. höfum hér lýst, til þess að hjálpa Kveldúlfi og öðrum stórbröskurum. Hv. þm. virðist ekki skilja það samband, sem er á milli Kveldúlfs og þessa frv. Kveldúlfur skuldar bönkunum um 6 millj. kr. Hann er nýbúinn að byggja stóra verksmiðju. Kveldúlfur hagnast á lágu síldarverði. Og ef Kveldúlfur hagnast, þá geta bankarnir kannske haft eitthvað upp í sínar skuldir. Það á að nota ríkisverksmiðjurnar til að halda niðri síldarverðinu, til þess að Kveldúlfur geti grætt á kostnað sjómannanna og borgað af skuldum sínum hjá bankanum. Þannig á að velta stórtöpum Kveldúlfs yfir á herðar alþýðunnar; úr því ekki hefir tekizt að velta til fulls töpum á saltfisksútgerðinni yfir á alþýðuna, þá á að reyna þessa leið. Ég held hv. þm. Barð. þurfi ekki að kvarta yfir því, að hann skilji þetta ekki. Annað mál er það, hvað hann vill láta uppi.

Hvað 1. gr. frv. snertir — annars ætlaði ég ekki að fara út í einstök atriði frv., en geri það, úr því hv. þm. hafa farið inn á þá braut —, þá er það lagt til, að stjórn verksmiðjanna skipi 5 menn, kosnir af þinginu. Það hefir lengst af verið svo, að verkamenn og sjómenn hafa haft einhverja hlutdeild í skipun stjórnarinnar. Í byrjun, að mig minnir, valdi bæjarstjórn Siglufjarðar mann í stjórnina, síðan minnir mig, að Alþýðusambandið ætti hlutdeild í skipun stjórnarinnar. Í frv. er stefnt að því að draga valdið sem mest í hendur þingsins og reyna að rýra sem mest vald veiðendanna. Í hv. Ed. kom fram brtt. við þessa gr. um að Alþýðusambandið og útgerðarmenn veldu sinn manninn hvort í stjórnina, en Alþingi þrjá. Þetta fyrirkomulag álít ég miklu heppilegra, þar sem þessir aðiljar hafa þarna mjög mikilla hagsmuna að gæta. Ég held, að hægt sé að draga þessar stofnanir um of inn í stjórnmáladeilurnar, en að því er hreint og beint stefnt með 1 gr. frv. eins og hún er. Ég sé líka, að gert er ráð fyrir því, að endurskoðendur séu þrír, valdir af stærstu þingflokkunum. Það er farið að tíðkast nú í seinni tíð, að stærstu þingflokkarnir tilnefni menn til hins og þessa. Það er þannig farið að skapa sérstakt vald fyrir þingflokkana, sem annars er ekki venjulegt í l. Það vita allir, að eins og nú er, er óeðlilega mikið vald í höndum miðstjórna hinna pólitisku flokka. Þetta stefnir að því að efla það vald og draga úr valdi alþýðunnar í landinu. Ég held þess vegna, að það eigi ekki að stefna í þá átt að auka þetta vald og að öllu leyti draga úr þeim áhrifum, sem fólkið sjálft getur haft í þessum efnum, hvort heldur sem það er með beinum kosningum eða samtökum. — Ég er þess vegna á móti 4. gr. hvað skipun stjórnarinnar snertir.

Þá er hér ein gr. í frv., sem er sérstaklega eftirtektarverð í sambandi við það, sem um hefir verið að ræða, og það er 7. gr., sem hljóðar svo: „Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþ.“ Ég man ekki eftir að hafa heyrt talað um svona ákvæði í sambandi við ríkisstofnanir áður, og þó er hér um að ræða stofnun, sem er sérstaklega fjárfrek, þar sem hún þarf að borga mjög mikið út að sumrinu, en fær ekki greitt fyrir sínar afurðir fyrr en smám saman með haustinu eða vetrinum.

Hver er nú tilgangurinn með því að setja þetta ákvæði inn einmitt núna? Ég sé ekki betur en að þessi gr. sé alveg stíluð upp á það að gera verksmiðjurnar gersamlega háðar Landsbankanum. Með þessari gr. er verið að neita

þeim um ábyrgð ríkissjóðs og kippa undan þeim aðallánstraustinu, sem þær fram að þessu hafa haft. Meiningin hlýtur að vera sú, að næst þegar verksmiðjustj. kemur til Landsbankans til þess að biðja um lán til að borga út vinnulaun og annað slíkt, þá standi það svart á hvítu, að ríkissjóður beri enga ábyrgð á skuldum, sem verksmiðjurnar stofna til. Það er auðséð, að þetta er sett með það sama fyrir augum eins og ákvæðið um, að ekki mætti borga út nema 85% af áætlunarverði síldarinnar. M. ö. o., meiningin er sú, að gera verksmstj. ómögulegt að vinna í hagsmunaskyni við smáútgerðarmenn og sjómenn og gera hana að verkfæri í höndum Landsbankans, sem getur fyrirskipað henni það, sem honum sýnist, og þar með komið ár Kveldúlfs nægilega þægilega fyrir borð. Og þetta skeður eftir að sú stofnun, sem hér er verið að skapa svona mikið vald hjá, Landsbankinn, hefir frá því fyrir 10 árum færzt úr því að vera með takmarkaðri ábyrgð ríkisins yfir í það, að ríkið varð að taka algerða ábyrgð á henni, og eftir að hún sjálf hefir tapað um 18 millj. kr. af því fé, sem ríkið hefir trúað henni fyrir. Eftir þetta allt á að gera síldarverksmiðjur ríkisins sérstaklega háðar þessu fyrirtæki, sem er einsdæmi í allri sögu seðlabanka í Evrópu, því að slíkt tap, sem Landsbankinn hefir orðið fyrir, þekkist yfirleitt ekki hér í álfu.

Þá kem ég að þeirri einu gr., sem við hv. þm. Ísaf. erum ósammála um, og það er 14. gr., þar sem svo er ákveðið, að verksmiðjurnar skuli greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða til bæjar- eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Ég minnist á þetta sérstaklega vegna þess, að blað Alþfl. gerði það að nokkru umtalsefni, að hv. 1. landsk. í Ed. var með því, að þetta ákvæði var sett inn, og meira að segja að það mætti vera 1%. Við kommúnistar erum með þessu ákvæði vegna þess, að við erum sannfærðir um, að verksmiðjurnar geta borið þetta, enda viljum við líka gjarnan stuðla að því, að þetta gjald yrði lagt á aðrar verksmiðjur í landinu, ef um það væri að ræða. Þetta snertir sjómenn hverfandi lítið, í mesta lagi 3—5 kr., en getur munað Siglufjarðarbæ svo skiptir tugum þúsunda. Og ég veit, að í þessu máli er afstaða okkar kommúnista í samræmi við afstöðu allrar alþýðu á Siglufirði, enda samþ. verkamannafélagið Þróttur einróma á fundi sínum í gær að skora á Alþ. að gera þetta ákvæði að lögum, um leið og það mótmælti harðlega þeirri árás á verkalýðinn, sem felst í þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vil svo út frá því, sem hv. þm. Barð. var að tala um málþóf, og með tilliti til auðu stólanna hér í d., aðeins lýsa minu áliti á því, sem hér á Alþ. er að gerast. Það gekk svo lengi framan af þessu þingi, að fundir stóðu aðeins yfir í 7—15 mín., svo að þm. ofþreyttust ekki á þingsetu þá. Upp á síðkastið hafa ekki heldur verið það miklar umr., að þær hafi átt að þreyta þá mjög. Ég býst sem sagt við, að þetta sé eitthvert umræðuminnsta og lélegasta þing, sem háð hefir verið. En nú í þessi fáu skipti, sem kvöldfundir eru og aðalfrv., sem fyrir þinginu liggja, eru til umr., fær forseti að sitja hér næstum einn. Mestur hluti þm. er hér einhversstaðar í hliðarherbergjum að leika sér að krossgátum. Á meðan eru svo að koma hótanir frá stofnun hinumegin við götuna um það, að ef þingið geri ekki þetta eða hitt, þá skuli þessi stofnun framkvæma það í staðinn. Undir þessu rótast hv. þm. ekki. Þeir sofa á meðan peningavaldið ógnar löggjafarvaldinu. Ég tala nú ekki um, að þeir sofa á meðan fasistarnir eru að flytja inn vopn og annað slíkt. Og þessir sömu menn, sem bezt standa sig í því að vera fjarverandi, segjast vera vökumenn þjóðarinnar, og sérstaklega vökumenn lýðræðisins. Ég er hræddur um, að hið íslenzka lýðræði mundi sofna vært út af, ef ekki væru einhverjir aðrir á verði heldur en þeir.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns vil ég geta þess, að mér er ekki kunnugt um, að nokkrar hótanir hafi borizt frá opinberri stofnun um það, að Alþ. mætti ekki ráða ráðum sínum.

Finnur Jónsson: Það er náttúrlega ekki von, að hæstv. forseti, sem situr hér einn fastur við sinn stól, viti, hvaða ummæli falla í hv. Ed. En út af þeirri aths., sem hæstv. forseti gerði, vil ég upplýsa það, að ég var nú fyrir nokkrum dögum áheyrandi að ummælum, sem féllu hjá hv. þm. S.-Þ. og voru á þá leið, að ef Alþ. fengist ekki til að ákveða það, að síldin skyldi einungis greidd með 85% af áætlunarverði við móttöku, skyldi hann nota aðstöðu sína sem bankaráðsmaður til þess að fá því framgengt.

Að öðru leyti ætla ég að nota minn tíma til þess að svara hv. þm. Barð.

Hann talaði um það, að fulltrúi framsóknarmanna í síldarverksmiðjustj. hefði viljað ákveða verðið 7 kr. nú á þessu vori. Þetta er rangt hjá hv. þm., því að samkv. fundarbók verksmiðjustj., sem ég hefi hér fyrir framan mig, þá var það einróma álit stj., að verðið væri rétt áætlað 8 kr. málið. Að Þorsteinn M. Jónsson hafi viljað áætla verðið 7 kr., er alveg tilhæfulaust. Hinsvegar gerði hann þá kröfu, að síldin yrði tekin til vinnslu af framleiðendum og borguð við móttöku með 85% af áætlunarverði.

Nú vildi hv. þm. Barð. ekki sannfærast um það, að verksmiðjustj. hefði ákveðið síldarverðið varlega, eins og ég hafði tekið til orða. Ég hefi hinsvegar bent á það, að frá því að við ákváðum síldarverðið hefir orðið verðfall á síldarlýsi, sem nemur 300—400 þús. kr. á óseldum birgðum ríkisverksmiðjanna. Þetta verðfall þola verksmiðjurnar án þess að tapa í ár, og ég leyfi mér að segja, að það er full sönnun þess, að síldarverðið var mjög varlega áætlað, enda var það áætlað nákvæmlega eftir sömu reglum og 1936. Þá gerðu sjálfstæðismenn hróp mikið að verksmiðjustj. og sögðu, að hún hefði áætlað verðið of lágt, töldu, að það hefði átt að vera 6—7 kr., eða jafnvel 8 kr., eins og form. Sjálfstfl. komst að orði í einni grein sinni í Morgunblaðinu. Ef hv. þm. Barð. vildi nota sínar góðu gáfur til þess að kynna sér þetta mál,

þá er ég viss um, að hann sannfærðist um, að það, sem ég hefi sagt um síldarverðið, er að öllu leyti rétt. Og ef hann vildi taka niður nokkrar tölur, sem ég get gefið honum, og reikna svo út með hlutfallsreikningi síldarverðið 1936 og 1937, þá hygg ég, að hann hafi í þessu máli fulla sönnun. 1936 höfðu verksmiðjurnar selt fyrirfram 2900 tonn af lýsi, og var verðið á því £ 17-10-0 pr. tonn. Þá var og búið að selja um 2000 tonn af síldarmjöli á £ 8-5-0. Fyrirframsölur 1937 voru 5575 tonn af síldarlýsi á £ 21-0-0 per tonn, og mjölverðið var £ 10-10-0, og fór rétt á eftir að áætlunin hafði verið samin upp í £ 11-0-0. M. ö. o., hlutföllin milli bræðslusíldarverðsins 1936 og 1937 eru nákvæmlega hárrétt. Það er því algerlega út í loftið að vera að tala um það, að verðið hafi verið áætlað óvarlega í ár. Og bezta sönnunin fyrir því er sú, að verksmiðjurnar hafa tekið verðfall á síldarlýsinu, sem nemur hátt á 400 þús. kr., og hafa samt skilað öllu, sem þær áttu að skila, eftir því sem næst verður komizt.

Ég hygg, að ég hafi þá að fullu svarað þeirri ástæðulausu ásökun hv. þm. Barð., að síldarverðið hafi verið ógætilega áætlað, enda sé ég, að hann hefir ekki þolað þessi skýru og ljósu rök, því að hann er flúinn af hólmi út úr d..

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 21. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 341, n. 410, 426, n. 431).

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Það eru nú heldur þunnskipaðir bekkir hér í d. og kannske ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta mál. Önnur ástæða gæti líka verið til, sem yrði þess valdandi, að þýðingarlítið sé að ræða þetta mál verulega. En hún er sú, að svo virðist, sem örlög þess séu ráðin, með samningi á milli Framsfl. og Sjálfstfl., og er það svo sterkur samningur, að það hefir ekki haft neina þýðingu að benda á það í sjútvn., sem um mál þetta fjallar, að frv. það, er fyrir liggur, felur í sér m. a. ákvæði, sem eru alveg röng. Og skal ég sem dæmi benda á bráðabirgðaákvæði í niðurlagi frv., þar sem sagt er með berum orðum, að eftir sé ennþá að greiða erlendum seljanda, dr. Pauls verksmiðjunni, tveggja ára afborgun. Nú er það sannað með reikningum verksmiðjanna, að ekki er eftir að borga nema eins árs afborgun.

Það lítur helzt út fyrir, að meiri hl. sjútvn., þrátt fyrir það, að búið er að benda honum á þetta alranga ákvæði í lögunum, vilji samt sem áður lögleiða það, að erlendir seljendur verksmiðjanna fái 2 ára afborgun, þó sannað sé, að það sé aðeins ein, því að ekki hefir fengizt samkomulag um það í n. að fella burt þetta ramvitlausa og ranga ákvæði. Ég hefi gert tilraun til þess í n. að fá málið rætt þar, en það var mjög erfitt að fá samkomulag um það, heldur var krafizt tafarlausrar afgreiðslu. Sérstaklega var hv. þm. Barð. mjög órór á þessum stutta nefndarfundi okkar og sagði, að það væri ekki til neins að ræða þetta mál, því að það yrði að ganga fram svona eins og það væri. Nú skal ég fallast á það, að þessir 2 flokkar, sem sýnilega standa saman um afgreiðslu þessa máls, hafa sjálfsagt rétt til þess að ákveða, hve lengi umr. skuli standa á Alþingi, þó innan þess ramma, sem þingsköpin ákveða. Ég vil benda á og undirstrika, hve vandlega gerður þessi samningur lítur út fyrir að hafa verið, þar sem ekki má breyta í frv. ákvæðum um að borga erlendum seljanda tveggja ára afborgun, þó sannanlegt sé, að ekki sé eftir nema ein afborgun. Ég hefi leyft mér að leggja fram brtt., til þess að freista þess, hvort hv. d. líti svo á, að það sé sæmandi Alþingi að afgr. frá sér í lagaformi önnur eins ákvæði sem þessi, sem eru sannanlega röng og villandi, og e. t. v. geta orðið þess valdandi, að sá erlendi seljandi gæti gengið eftir eins árs afborgun af verksmiðjunum í viðbót við það, sem hann á rétt á. Þetta ákvæði, ef það stæðist fyrir dómstólunum, myndi verða til þess að baka ríkissjóði a. m. k. 50 þús. kr. útgjöld, og þá sennilega vexti af þessum afborgunum, sem sá erlendi seljandi er búinn að fá.

Um frv. þetta að öðru leyti eða einstakar gr. þess vildi ég leyfa mér að fara nokkrum orðum. Það er alkunnugt, að snemma á árinu 1936 var orðinn svo mikill ófriður innan þáv. verksmiðjustj., að 2 verksmiðjustjórnarmenn sögðu af sér. Var það orðið sýnt og sannað, með því fyrirkomulagi, sem á stjórn verksmiðjanna var, að ekki var hægt að stjórna þeim af neinu viti. Nú mun meiri hl. Alþ., sem samanstendur af Framsfl. og Sjálfstfl., vera þess alráðinn að lögleiða á ný það fyrirkomulag um stjórn ríkisverksmiðjanna, sem hefir sýnt sig að vera þannig, að ekki var unnt að stjórna þeim. Ég hefi álitið það skyldu mína að benda þeim þingdm., sem annars kunna að vera ráðnir í því samkv. flokkssamþykkt að greiða þessu fyrirkomulagi atkv., á það, að það eru engar líkur til annars en að sækja muni í sama horfið um stjórnina. Ég vil leyfa mér að benda þeim á, að þeir taka á sig með atkvgr. um þetta mál ákaflega mikinn ábyrgðarhluta. Þar sem ræðir um svo stórt ríkisfyrirtæki, þá ber þeim í rauninni skylda til að ganga svo frá þessu máli, að nokkurnveginn sé full vissa fyrir því, að þessu stóra fyrirtæki sé stjórnað þannig, að bæði verði að gagni fyrir viðskiptamennina og fyrir ríkið í heild. Ég þykist að vísu sjá, að frá hálfu þeirra manna, sem mest hafa barizt fyrir þessum ákvæðum í síldarverksmiðjulögunum, sé að því stefnt, að þetta mál verði sýnilega þeirri ríkisstjórn, sem nú er við völd, að fyrsta og stærsta fótakefli. Því að það er alveg greinilegt, að ef ekki verður samkomulag milli stjfl. um það, hvernig eigi að fara með þetta stóra fyrirtæki, þá getur heldur ekki orðið samkomulag milli stjfl. um önnur atriði. Ég segi þetta vitanlega frá mínu sjónarmiði, en tala á engan hátt fyrir munn ríkisstj. Ég segi

þetta frá mínu sjónarmiði sem þm. og sem fyrrv. stjórnandi ríkisverksmiðjanna. Ég býst við, að verði þetta mál afgr. svona, þá sé það einskonar „mene tekel" fyrir samvinnu núv. stjfl. og fyrir setu núv. ríkisstj. Hvort það leiðir strax að samvinnuslitum eða ekki, veit ég ekki um, en ég veit, að til þess mundi leiða fyrr eða síðar, ef þetta mál yrði afgr. í fullkomnu ósamlyndi milli flokkanna. Skal ég færa nokkur rök að þessu. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að í stjórn ríkisverksmiðjanna verði kosnir 5 menn með hlutbundinni kosningu, og er öllum þingheimi vitað, að þetta ákvæði er fyrirfram upphugsað til þess að koma fyrrv. form. verksmiðjustj., Þormóði Eyjólfssyni, inn í verksmiðjustjórnina. Það hefir verið leitað samkomulags um það af hálfu Alþfl. við Framsfl., hvort ekki mætti setja það ákvæði inn í frv., að atvmrh. skipaði form. verksmiðjustj. Því hefir verið þverlega neitað, og verður þá það fyrsta, sem þessi verksmiðjustj. þarf að gera, að kjósa sér formann.

Nú er það ef til vill eðlilegasti gangur þessa máls, að form. verksmiðjustj. yrði kosinn af Framsfl., þar sem Framsfl. er ætlað að hafa 2 menn í verksmiðjustj., en Alþfl. ekki nema 1 mann. En þó er það vitanlega að athuga, að verksmiðjan heyrir a. m. k. ennþá undir atvmrh., og atvmrh. hefir svo mikils að gæta við verksmiðjurnar, hver sem hann er á hverjum tíma, að eðlilegast er, að form. sé úr sama flokki og atvmrh. Nú geri ég ráð fyrir því, að það fyrsta, sem stj. geri, sé að kjósa sér form., þar sem *vitanlegt er, að Framsfl. hefir lagt fyrst og* fremst áherzlu á það, að þetta frv. yrði afgr. í þessu formi, til þess að koma Þormóði Eyjólfssyni, sem telst að vissu leyti forystumaður flokksins á Siglufirði, sem formanni inn í verksmiðjustj. Þá er vert að athuga, hverjar líkur væru til þess, að Alþfl. gengi inn á að kjósa Þormóð Eyjólfsson sem form. í stj., og ég fyrir mitt leyti tel, að til þess séu engar líkur, að alþýðuflokksmaður, hver sem hann er, fáist til þess nokkurn tíma, og það af þeirri ástæðu, að Þormóður Eyjólfsson, meðan hann var form. verksmiðjustj., gætti ekki hagsmuna verksmiðjanna á þann hátt, að það komi til mála að alþýðuflokksmaður nokkurntíma veiti honum það traust, að kjósa hann sem form. verksmiðjustj. aftur. Þó mér þyki það leitt, verð ég að draga utanþingsmann inn í þessar umr., af því að ég er að ræða um stjórnarfyrirkomulag á verksmiðjunum, þar líkur, sem fyrir því eru, að það stjórnarfyrirkomulag, sem stungið er hér upp á, geti orðið verksmiðjunum farsælt.

Ég hefi nú í fyrradag í Alþýðublaðinu leitt mjög sterkar sönnur á, að þessi maður, sem ég nefndi, hefir gætt hagsmuna ríkisverksmiðjanna á þann hátt meðan hann var þar stj. formaður, að Alþfl. mun aldrei greiða atkv. til þess, að hann verði það á ný, og mun aldrei geta sætt sig við það. Ég hefi bent á það, að Þormóður Eyjólfsson, jafnframt því að vera formaður verksmiðjustj., var umboðsmaður fyrir Sjóvátryggingarfélag Íslands. Og ég hefi bent á það, að það er alsiða að gefa viðskiptamönnum sjóvátryggingarinnar a. m. k. 10% og jafnvel 15% afslátt á sjóvátryggingariðgjaldi. Ég hefi bent á það, að í sögu ríkisverksmiðjanna þekkist það ekki, nema lítinn hluta á árinu 1935, að þessi afsláttur væri greiddur. Gangur þessa máls er þannig, að umboðsmaður Sjóvátryggingarfélags Íslands, Þormóður Eyjólfsson, hefir ekki greitt formanni verksmiðjustj. afslátt af þessu iðgjaldi, svo sem þó venja er til, a. m. k. *hefir verksmiðjan aldrei fengið þann afslátt.* Nú hefi ég í þeirri grein, sem ég hefi skrifað um þetta, ekkert sagt annað en það, sem ég er alveg viss um, að er skjallega sannað og bókfest í fundarbók ríkisverksmiðjanna. Ég hefi í nefndri grein bent á það, að strax og núv. verksmiðjustj. varð þess áskynja, að þessi afsláttur hafði ekki verið greiddur, þá hafi hún hafizt handa um að heimta hann greiddan. En forstjóri Sjóvátryggingarfélagsins, sem í símtölum, að Þorsteini Jónssyni, fulltrúa framsóknarmanna, áheyrandi, hefir viðurkennt, að það væri fastur siður að greiða a. m. k. 10% —15% afslátt af sjóvátryggingargjöldum, hefir neitað að greiða afsláttinn nema fyrir tvö ár aðeins, og þó með því móti, að verksmiðjurnar héldu áfram föstum viðskiptum. En nú höfðu áður verið útveguð tilboð frá erlendu vátryggingarfélagi, og þar munaði 13 þús. kr. frá vátryggingartilboði Sjóvátryggingarfélagsins, hvað hin erlendu iðgjöld voru lægri. En vátryggingarskilmálar voru að öllu leyti þeir sömu. Og það munaði þessum 13 þús. kr. eftir að Sjóvátryggingarfélagið var búið að bjóða 15% afslátt, bæði á bruna- og sjóvátryggingum. Svona óhagstæð kjör voru það, sem umboðsmaður Sjóvátryggingarfélags Íslands bauð, og jafnvel formaður verksmiðjustjórnar, Þormóður Eyjólfsson, sætti sig við fyrir verksmiðjanna hönd ár eftir ár. Ég held því fram, að í þessari grein minni sé ekkert annað en það, sem er skjalfest í bókum ríkisverksmiðjanna, ekkert annað en það, sem er hægt að sanna hvenær sem er fyrir rétti. Ég hefi hinsvegar ekkert sagt um það, hvort ég álíti, að þessi afsláttur hafi verið greiddur Þormóði Eyjólfssyni. Það er þess vegna alrangt, sem haldið hefir verið fram í útvarpstilkynningu, að ég hafi dróttað því að Þormóði, að hann hafi dregið afsláttinn í sinn vasa. Ég hefi ekkert gert annað í mínu skrifi en að benda á það, að Þormóður sem formaður verksmiðjustj. gætti ekki þeirrar sjálfsögðu skyldu að sjá um það, að ríkisverksmiðjurnar *fengju afslátt* í sjóvátryggingariðgjöldum og sættu beztu kjörum um iðgjöld. Mér er þess vegna ekkert annað kærkomnara en að rannsókn fari fram í þessu máli. Ég veit, að þessi rannsókn hlýtur að leiða það í ljós, sem ég hefi hér sagt.

Ég sé í blaði framsóknarmanna frá í morgun, að það er verið að afsaka þetta — sem er óafsakanlegt — með því, að ríkisverksmiðjurnar hafi aldrei gert fastan samning við Sjóvátryggingarfélagið. En hver hefir ráðið því, að ekki hefir verið gerður fastur samningur? Ég hefi farið gegnum bækur ríkisverksmiðjanna frá byrjun, og þar er aldrei minnzt á, að Þormóður Eyjólfsson hafi lagt til, að gerður yrði fastur samningur um þessa sjóvátryggingu. Og í öðru lagi er mér kunnugt um mörg fyrirtæki, sem

fá þennan afslátt hjá Sjóvátryggingarfélaginu, án þess að hafa um þetta nokkurn skriflegan fastan samning, eða yfir höfuð nokkurn fastan samning. Það er því þess vegna ekkert annað en viðbára, að það hafi verið ástæða fyrir því, að verksmiðjurnar fengu ekki afslátt, að ekki hafi verið gerður fastur skriflegur samningur. Alveg tilgangslaus og ástæðulaus viðbára, sem ekki að neinu leyti stenzt þá reynslu, sem menn hafa af viðskiptum við Sjóvátryggingarfélag Íslands. Nú verð ég að segja það, að ég fæ ekki skilið, að viðskipti ríkisverksmiðjanna við Sjóvátryggingarfélagið hefðu getað verið fastari en sem segir í bréfi hr. Þormóðs Eyjólfssonar til ríkisverksmiðjanna, þar sem hann segir, að ríkisverksmiðjurnar hafi frá því fyrsta bæði bruna- og sjóvátryggt allar vörur sínar á sjó og landi hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Og að koma svo með þá réttlætingu fyrir því, að verksmiðjurnar hafa verið sviknar um þennan afslátt, að ekki hafi verið fastir samningar, það er vitanlega ekkert annað en tilgangslaus mótbára.

Ég hefi hér í fórum mínum bréf undirskrifað af hr. Þormóði Eyjólfssyni, þar sem hann lýsir því í upphafi síns máls, hvernig verksmiðjurnar hafi frá byrjun vátryggt allt á sjó og landi hjá Sjóvátryggingafélaginu. Orðrétt hljóðar þetta svo í bréfinu: „Frá því síldarverksmiðjur ríkisins hófu starfsemi sína 1930 hefir stjórn verksmiðjanna alltaf bruna- og sjóvátryggt allar vörur verksmiðjanna, hvort heldur var á landi eða sjó, hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f.“ Ég fæ ekki betur séð en að þessi orð sanni að öllu leyti það, sem ég hefi sagt, að ríkisverksmiðjurnar hafi öll árin haft svo föst viðskipti við Sjóvátryggingarfélag Íslands, að um fastari viðskipti gat ekki verið að ræða, jafnvel þó að gerður hefði verið um þau skriflegur samningur. Enda vil ég ítreka það, að ég sagði áðan, að mér er fullkunnugt um ýms fyrirtæki, sem að staðaldri hafa vátryggt hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, að þau hafa fengið þennan afslátt án þess nokkurntíma að gerður hafi verið um það nokkur fastur skriflegur samningur. Þetta bréf Þormóðs Eyjólfssonar varpar kannske nokkuð skýru ljósi yfir það, hvernig á því stendur, að hann hefir ekki gætt hagsmuna ríkisverksmiðjanna eins og honum bar skylda til, heldur hefir fyrst og fremst hugsað um hagsmuni Sjóvátryggingarfélags Íslands. Því að hann segir í bréfinu, að það, að búið sé að færa vátryggingarnar fyrirvaralaust frá Sjóvátryggingarfélaginu, sé harkaleg aðferð við svona stóran og góðan viðskiptamann. M. ö. o.. að Sjóvátryggingarfélag Íslands hafi verið í hans augum stór og góður viðskiptamaður við ríkisverksmiðjurnar. En ríkisverksmiðjurnar, sem þó hafa vátryggt „allt á sjó og landi“ hjá Sjóvátryggingafélaginu frá byrjun, þær eru ekki í hans augum stór og góður viðskiptamaður Sjóvátryggingarfélagsins. Eftir hans áliti er það hans hlutverk. sem þó var form. verksmiðjustj., fyrst og fremst að gæta hagsmuna Sjóvátryggingarfélagsins sem viðskiptamanns við ríkisverksmiðjurnar, en ekki hagsmuna ríkisverksmiðjanna sem viðskiptamanns við Sjóvátryggingarfélagið. Og það er þetta viðhorf gagnvart hagsmunum ríkisverksmiðjanna, sem þarna kemur fram, sem hlýtur að vera þess valdandi, að enginn alþýðuflokksmaður nokkurn tíma getur kosið Þormóð Eyjólfsson sem form. í stj. ríkisverksmiðjanna. Maður, sem hefir þarna opinberlega haft tvö embætti á hendi, annað sem formaður verksmiðjustj., en hitt sem umboðsmaður Sjóvátryggingarfélagsins, og hefir borið hagsmuni verksmiðjanna algerlega fyrir borð, þann mann getur ekki orðið samkomulag milli Alþfl. og Framsfl. um að kjósa sem formann verksmiðjustj.

Nú skeður það undarlega, að því er ekki neitað, að þessi afsláttur hafi staðið til boða, heldur er því mótmælt á móti sagt í blaði Þormóðs Eyjólfssonar 1. des. þ. á., „að afsláttur inn hafi alltaf staðið til boða ríkisverksmiðjunum“. Hvernig stendur á, að boðinu var ekki tekið? Það er þetta, sem ég hefi spurt um, og ekkert annað. Og ég hefi bent á, að þessi afsláttur nemur nokkuð mörgum þúsundum fyrir verksmiðjurnar, þar sem verksmiðjurnar spöruðu á einu ári um 13 þús. kr. á vátryggingu með því að færa vátrygginguna til annars félags, eftir þó að Sjóvátryggingarfélagið er búið að bjóða þessi 15% í afslátt. Ég skal taka fram, að það er fjarri því, að þetta vátryggingarmál sé nokkurt flokksmál í verksmiðjustj. Fulltrúi Framsfl. var alveg sömu skoðunar og ég. Og sá þriðji stjórnarnefndarmaður, Þórarinn Egilsson, taldi alveg óhæfilegt, að verksmiðjurnar fengju ekki þennan afslátt. Í fundarbók verksmiðjustj. frá 6. júlí er hið nýja tilboð Sjóvátryggingarfélagsins um 15% afslátt tekið fyrir, og síðan er tíminn notaður í nokkra daga til þess að athuga þetta tilboð. En gengið var frá þessu máli í fundabókinni 30. júlí. Og þar eru athuguð nánar þau tilboð, sem fyrir lágu. Ennfremur er lögð fram skýrsla um iðgjaldagreiðslur verksmiðjanna fyrir bruna- og sjóvátryggingar á árunum 1930—1936, að báðum árunum meðtöldum. Sýnir skýrslan það, að iðgjöld fyrir brunatryggingar hafa numið samtals 37677.65 kr., en iðgjaldagreiðslur fyrir sjóvátryggingar 83343.51 kr., eða alls iðgjöld greidd Sjóvátryggingarfélaginu 121011.16 kr. Nú vil ég skjóta því inn í, að Sjóvátryggingarfélagið bauð þegar í stað, þegar farið hafði verið fram á það af verksmiðjustj., 18% afslátt af bruna- og sjóvátryggingum, þannig að reikna má með, að það, sem verksmiðjurnar hafi tapað á því, að ekki var krafizt beztu kjara við Sjóvátryggingarfélagið, sé a. m. k. um 18 þús. kr., þó miðað sé eingöngu við hið nýja tilboð Sjóvátryggingarfél., en miklu meira, ef miðað er við hin erlendu tilboð. Svo er haldið áfram og sagt, að samkv. hinu nýja tilboði Sjóvátryggingarfélagsins um brunatryggingar, hafi verksmiðjurnar greitt frá 2,8‰ á Siglufirði upp í 8‰ fyrir brunatryggingar á Siglufirði, en á Sólbakka 6,4‰ fyrir lýsi á tanka, en 12,8‰ fyrir vörur í verksmiðju og geymsluhúsum. Eins og hv. þm. heyra, eru þetta engin smávæg iðgjöld. Þá segir ennfremur: „En á Raufarhöfn voru greidd 16‰ fyrir mjöl og lýsi. Býður nú Sjóvátryggingarfélagið 15% afslátt af bunatryggingum á Siglufirði, en ekkert tekið

fram um neinn afslátt af iðgjöldum á Raufarhöfn og Sólbakka".

Í bókun verksmiðjustjórnar segir svo:

„Samkvæmt skýrslu skrifstofustj. hafa verksmiðjurnar greitt Sjóvátryggingarfélaginu ¾—1% af sjóvátryggingum fram til 15. ágúst 1934, en síðan 0,5—0,75%, og aldrei fengið neinn afslátt frá þessum iðgjöldum, nema rúmar 500.00 kr. á árinu 1935". En þessar 500 kr. eru aðeins afsláttur, sem ætti að dragast frá þeim 18 þús. kr., sem ég tel, að síldarverksmiðjur ríkisins hafi sætt verri kjörum en þær hefðu átt að fá frá Sjóvátryggingarfélaginu. Þá segir enn: „Í símtölum þeim, sem verksmiðjustjórnin hefir átt við forstjóra Sjóvátryggingarfélagsins, hélt forstjórinn því fram í fyrstu, að afsláttur hefði ætíð verið gefinn frá þessum iðgjöldum, er næmi 10% af þeim. Staðfesti hann, að þetta væri föst venja félagsins við þá viðskiptamenn, sem tryggðu allar vörur sínar hjá því. Þegar síðar var farið að ganga eftir afslættinum, sagði forstjórinn, að afslátturinn myndi hafa verið gefinn öll árin, nema á árinu 1936, því að þá hefði ekki fastur samningur verið gerður um vátryggingarnar. Við athugun á bókum verksmiðjanna hefir komið í ljós, að enginn afsláttur hefir fengizt, nema sem að framan segir, enda hefir ekki fundizt neitt um það í fórum verksmiðjanna, að nokkurn tíma hafi verið gerður fastur samningur um vátryggingarnar. Þegar svo verksmiðjustjórnin vildi fá afsláttinn greiddan, hefir Sjóvátryggingarfélagið ekki gefið þess neinn kost, nema fyrir árin 1935 og 1936, og það því aðeins, að verksmiðjustjórnin skuldbindi sig til að láta félagið hafa allar sjóvátryggingar á þessu ári með þeim kjörum, sem áður getur. Þrátt fyrir ýtarleg tilmæli verksmiðjustjórnar telur félagið sér alls ekki fært að gefa betri kjör.

Verksmiðjustjórnin hefir fengið tilboð í sjóvátryggingar frá Ásgeiri Þorsteinssyni verkfræðing fyrir hönd E. W. Payne & Co., Ltd., í London, og ennfremur frá firmanu Gordner Mounterin & Dambrumenil Ltd., í London". Það er fyrir milligöngu Guðjóns Teitssonar skrifstofustjóra.

„Sjóvátryggingarfélagið býður sjóvátryggingar fyrir 0,5% á tímabilinu frá 1. apríl til 30. sept., en aðra tíma árs fyrir 0,75% á mjöli innanlands, ⅜% að sumri og ⅝% að vetri, þetta hvorttveggja ÷ 15%. Ásgeir Þorsteinsson fyrir hönd E. W. Payne býður sjóvátryggingar fyrir mjöl utanlands tímabilið 1. apríl til 30. sept. 0,275%, en á öðrum tímum fyrir 0,4125%, innanlands á öllum tímum árs fyrir 0,75%, fyrir lýsi 0,313% á öllum tímum árs. Gardner M. býður sjóvátryggingar á mjöli apríl—sept. fyrir 0,275%, en á öðrum tímum fyrir 0,4375%, en fyrir síldarlýsi á tönkum 0,5%, þetta allt ÷ 9%.

Eins og framanrituð bókun ber með sér, er tilboð Ásgeirs Þorsteinssonar langlægst, og verður mismunurinn á tilboði hans og Sjóvátryggingarfélagsins bezt fundinn með því að reikna út, hvað vátryggingariðgjöldin nema miklu á þessu ári miðað við áætlað verðmæti af mjöli og lýsi".

Svo er hér reiknað nákvæmlega út í fundabókinni mismunur á tilboði Ásgeirs Þorsteinssonar og tilboði Sjóvátryggingarfélagsins, eftir að það er búið að lækka sín iðgjöld um 15%, og komizt að þeirri niðurstöðu, að á sjóvátryggingum einum sé tilboð Ásgeirs kr. 10814.65 lægra. Þessi áætlun hefir staðizt það, að mismunur reynist að vera um 11 þús. kr. Og auk þess er mismunur á brunatryggingum 3 þús. kr., eða samtals 13 þús. kr., miðað þó við hið lækkaða tilboð Sjóvátryggingarfélagsins um 15% frá þeim iðgjöldum, sem Þormóður Eyjólfsson, form. verksmiðjustj., gerði sig ánægðan með. Þá segir ennfremur: „Við þetta bætist mismunur á vátryggingu karfaafurða, sem gera má ráð fyrir, að geti numið talsvert hærri upphæð. Afsláttur sá, sem Sjóvátryggingarfélagið lét í ljós, að það fengist til að gefa af vátryggingariðgjöldum 1935—1936, gegn framhaldandi viðskiptum, nam samtals kr. 4382.90. Þrátt fyrir það, þó mismunur á kjörum Sjóvátryggingarfélagsins og E. W. P. væri svo mikill, sem að framan greinir, þá leitaði verksmiðjustjórnin enn á ný til Sjóvátryggingarfélagsins og reyndi að fá hjá því betri kjör en það þegar hafði boðið, með það fyrir augum að halda áfram viðskiptum við það, ef það byði einhver þau kjör, sem verksmiðjustj. sæi sér fært að ganga að, en þar sem þessar tilraunir reyndust með öllu árangurslausar, þá samþykkti verksmiðjustjórnin, eftir að hafa leitað álits atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra, að taka tilboði Ásgeirs Þorsteinssonar fyrir hönd E. W. Payne, með þeim iðgjöldum, sem að framan segir, enda séu sjálf vátryggingarkjörin að engu leyti lakari en hjá Sjóvátryggingarfélaginu og gjaldeyrisleyfi fáanlegt fyrir iðgjöldunum. Báðir ráðherrarnir, sem leitað var álits hjá, töldu sig samþykka gerðum stjórnarinnar í þessu máli".

Nú er að vísu dálítið óvanalegt, býst ég við, að leita álits fjmrh. um gerðir stjórnar síldarverksmiðjanna. En ástæðan fyrir því, að það er gert, mun hafa verið sú, að fulltrúi framsóknarmanna í verksmiðjustjórninni — þó að hann hefði að vísu enga aðra skoðun á þessu máli en hinir aðrir nefndarmenn — mun hafa litið svo á, að af því að Þormóður Eyjólfsson var mjög mikið í ráðum með Framsfl., mundi réttara að bera málið einnig undir fjmrh., til þess að hafa bakhjarl í þessu máli, ef á verksmiðjustjórnina yrði ráðizt fyrir þessa vátryggingu, sem hefir sýnt sig, að Þormóður Eyjólfsson hefir síðar gert. Hann hefir látið skrifa í blað sitt á Siglufirði 1. des. þ. á. árás á verksmiðjustj. fyrir að hafa flutt vátrygginguna frá íslenzku félagi, sem hann svo orðaði það, og til erlends félags. Og tilefni þess, að greinin er skrifuð á fullveldisdaginn, er það, að það þykir vel við eigandi á slíkum degi — eins og segir í greininni — að minnast þess, að slíkar vátryggingar hafi verið fluttar út úr landinu. Þá er spurt um það í þessari sömu grein, hve miklu fé þetta nemi fyrir verksmiðjurnar; og það er ennfremur upplýst í greininni og beinlínis sagt, að ríkisverksmiðjunum hafi alltaf staðið til boða 10% afsláttur hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands sem föstum viðskiptamanni. Það, sem ég hefi gert í greininni, sem ég skrifaði, er það,

að ég hefi lagt á borðið öll plögg, sem ég hefi fram að leggja í þessu máli. Ég hefi skýrt nákvæmlega frá bókun verksmiðjustj. Ég hefi skýrt frá því, að ríkisverksmiðjurnar hafa, eins og Þ. E. orðar það, vátryggt allt á sjó og landi hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, og að þær hafa aldrei fengið neinn afslátt. Menn geta dregið af þessu þær ályktanir, sem þeim sýnist. Má vel vera, að einhverjir hafi dregið þá ályktun af þessum plöggum, að ég væri með aðdróttanir í garð Þ. E. En ég er þess fullviss, að þó að sú grein, sem ég hefi skrifað um þetta, sé lesin með hinum nákvæmustu rannsóknaraugum, finnist engar aðdróttanir, nema mönnum finnist það grunsamlegt athæfi að síldarverksmiðjurnar hafa ekki fengið neinn afslátt.

Ég sé, að það er sagt hér í blaði framsóknarmanna í dag, að Þ. E. hafi snúið sér til dómsmrh. og óskað eftir opinberri rannsókn. Ég er fullviss um það, að opinber rannsókn í þessu máli leiðir það í ljós, sem ég hefi fyllilega sannað og staðfest með játningu Þ. E. sjálfs og bókun verksmiðjustj., sem hefir verið undirskrifuð af öllum stjórnarnefndarmönnunum. Hún leiðir það eitt í ljós, sem ég hefi áður haldið fram í minni grein, að það er föst venja hjá Sjóvátryggingarfélaginu að gefa afslátt. Í öðru lagi, að verksmiðjurnar hafa aldrei fengið þennan afslátt, að undanskildu árinu 1936, og í þriðja lagi býst ég við, að hvorki Þ. E. né Sjóvátryggingarfélagið taki það aftur, sem báðir þessir aðiljar hafa sagt undir votta, að afsláttur inn hafi alltaf staðið til boða.

Ég veit, að því verður ekki mótmælt og að það verður ekki afsannað, sem Þ. E. hefir sagt í skrifum sínum um þessi mál, að viðskiptin hafi alltaf verið föst, og nú er spurningin, hvað leiðir sú rannsókn, sem Þ. E. hefir beðið um, í ljós um ástæðurnar fyrir því, að verksmiðjurnar fengu ekki þennan afslátt, sem alltaf stóð þeim til boða, eftir því sem Þ. E. og Sjóvátryggingarfélagið hafa sagt.

Í blaði framsóknarmanna er því haldið fram, að ég hafi borið eitthvað svipaðar sakir á Þ. E. eins og á mig hafa verið bornar í síldarútvegsmálum. Ég neita þessu algerlega. Ég hefi engar sakir borið á hann, bara skýrt frá staðreyndum, og þær einu sakir, sem hægt væri að tala um, er það, að mönnum finnist þær staðreyndir grunsamlegar.

Ég er nú svo vanur því, að það sé sagt sitt af hverju um það, sem ég hefi gert í síldarmálum, að ég hefi ekki hirt um það, þótt ég hafi haft ástæðu til, að fara í meiðyrðamál út af því. Enda geri ég ráð fyrir því, að það myndi fara ákaflega mikill tími og miklir starfskraftar í meiðyrðamál, ef ég legði þau fyrir mig, enda hefi ég séð, að það, sem mér hefir verið fundið til ámælis, hefir verið þannig, að það hrín ekki á mér. Hitt er það, að ef ég hefði séð lagðar fram einhverjar þær staðreyndir, sem mér hefðu virzt vera þannig, að almenningur gæti álitið, að þær væru á einhverjum rökum byggðar, gæti vel verið, að ég hefði leitað málshöfðunar. En ég hefi aldrei séð þetta.

Ég heyrði það í ræðu hv. þm. G.-K. í útvarpinu í fyrrakvöld, að hann var að tala um það, að síldarverksmiðjur ríkisins hefðu selt lýsið einu pundi lægra heldur en aðrar verksmiðjur á síðasta vetri. Og hv. þm. spurði, hvað orðið hefði af þessu pundi, sem hefði verið mismunurinn. Ég vil upplýsa þetta mál svolítið. Þessu er þann veg háttað, að lýsi fór hækkandi frá því í október, þá stóð það í á að gizka 16 £, en í febrúar 1937, þegar ríkisverksmiðjurnar seldu, þá var það komið upp í 21 £. Ríkisverksmiðjurnar áttu kost á að fá þetta verð á tveimur stöðum fyrir síldarlýsi sitt, þann dag, sem selt var. Verksmiðjan á Djúpavík seldi aftur á móti þennan sama dag fyrir 22 £. En umboðsmaðurinn, sem seldi fyrir þessa verksmiðju, seldi sama dag og sama klukkutíma fyrir aðra verksmiðju, en honum var ómögulegt að fá meira en 21 £ fyrir það lýsi. Það hefir því verið eitthvað sérstakt verð, sem umboðsmaður verksmiðjunnar á Djúpuvík fékk hjá þessum eina kaupanda, og aðeins fyrir þetta magn, sem um var að ræða, sem enginn annar átti kost á að fá á þeim sama degi. Nú stóð þetta þannig með lýsisverðið, að það hafði farið hækkandi allan tímann frá því í október, og feitmeti allt hafði farið hækkandi, en þessar vörur voru byrjaðar að falla, þegar ríkisverksmiðjurnar seldu sitt lýsi, og voru þá búnar að falla í þrjá daga. Og ef ríkisverksmiðjurnar hefðu ekki selt á 21 £ þennan dag, hefðu þær ekki getað borgað 8 kr. verðið fyrir síldina í sumar. Möguleikarnir til að borga 8 kr. fyrir síldina í sumar urðu til einungis fyrir þá heppilegu sölu, sem síldarverksmiðjurnar gerðu á síldarlýsi fyrirfram, og fyrir það, að verksmiðjustj. hækkaði það síldarlýsismagn, sem venja er að selja fyrirfram, úr 3000 tonnum upp í 5575 tonn. Og hefði hún ekki selt fyrirfram, myndi ekkert 8 kr. verð hafa verið borgað fyrir síldina í sumar. Þetta má sjá m. a. á því, að sú eina verksmiðja, sem ekki notaði sér þetta háa verð á síldinni, verksmiðja h/f Kveldúlfs, fékk hæstu sölu á lýsi 19 £ pr. tonn, og það var salan til Þýzkalands. Hv. þm. G.-K. sagði að vísu, að Kveldúlfur hefði selt lýsi fyrir 19 £ á sama tíma og ríkisverksmiðjurnar seldu fyrir 18 £. Enda hefir það alltaf verið svo, að það hefir verið hægt að fá einu £ hærra verð fyrir lýsi í Þýzkalandi heldur en að selja það á opinberum markaði annarsstaðar. Og Kveldúlfur fékk notið þeirra hlunninda að selja 1900 tonn til Þýzkalands, og fyrir þau fékk hann 19 £. Það er því ekkert undarlegt, þótt ríkisverksmiðjurnar seldu fyrir lægra verð en Kveldúlfur, og þar að auki er þess að gæta, að það leið langur tími á milli lýsissalanna, og verðið hafði farið lækkandi allan tímann. Og nú er það komið niður 15—16 £ tonnið.

Ég sé enga ástæðu til þess, þó að hv. þm. spyrji í sambandi við þessa lýsissölu, hvað orðið hafi af þessu £ hjá verksmiðjunum, að fara í meiðyrðamál út af því. Ég get gefið á þessu fullkomnustu skýringu, sem ég veit, að nægir öllum þeim, sem vilja athuga þetta mál hlutdrægnislaust. Mér hefði beinlínis fundizt það hlægilegt, ef ég hefði farið fram á það við dómsmrh., að það færi fram opinber rannsókn út af ummælum hv. þm. G.-K. um lýsissöluna. A. m.

k. vil ég segja það til framsóknarmannanna hér í d., að ef þeim finnst eitthvað undarlegt við það, að ég skuli ekki fara í meiðyrðamál, finnst þeim þá ekki undarlegt, að þeirra fulltrúi skuli ekki heimta rannsókn?

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta. Ég hefi fært hér fullkomin rök fyrir því, hvernig á því stendur, að ekki komi til neinna mála, að það verði samvinna um það milli Framsfl. og Alþfl. að kjósa Þ. E. fyrir formann síldarverksmiðjustj. (JJ: Og ekki Finn Jónsson). Ég veit ekki til þess, að Jónas Jónsson hafi neitt *málfrelsi hér í d., en ég myndi óska þess eindregið*, að við fengjum að leiða saman hesta okkar á öðrum vettvangi. Það litur út fyrir, að þessi utandeildarmaður hafi misst stjórnar á skapi sínu, eins og stundum hendir hann, sem skiljanlegt er. En úr því að þessi utandeildarmaður er kominn hér í d. og farinn að hefja umræðu, vildi ég segja það við hann — og ætlast ekki til, að það gefi tilefni til óróa í d. —, að hann hélt því fram fyrir nokkrum árum, og hefir raunar oft sagt það opinberlega, að einn af fyrrv. meðlimum í síldarverksmiðjustj. hafi orðið þess valdandi, að lif annars meðstjórnanda hans í verksmiðjustj. hafi orðið styttra en menn gerðu sér vonir um. Nú hefir þessi hv. þm. beitt sér fyrir því hér á þingi, að það fyrirkomulag yrði á ný lögleitt, að *þessi gamli vinur hans gæti komizt í stj.* aftur, og ég fyrir mitt leyti, þó að mér þyki ekki gaman að sjá mína gömlu vini í niðurlægingu, verð ég að skoða það sem einskonar kaldhæðni örlaganna, að slíkt eigi eftir að koma fyrir þennan utandeildarmann, að berjast fyrir sínum gömlu fjandmönnum á þennan hátt.

Ég lýsti því yfir áðan, að ég er mjög ánægður yfir því, að það fari fram rannsókn á þessum vátryggingarmálum, og ég veit, að hún mun leiða í ljós það, sem fyrirfram er sannað í málinu. Hitt má vel vera, að þessi rannsókn leiði það einnig í ljós, að það sé enginn óheiðarleiki, sem hafi verið hafður hér í frammi, heldur hafi hér *eingöngu* verið um að ræða það atriði, að þegar einn maður á að gera upp á milli tveggja fyrirtækja og gæta hagsmuna beggja, þá hafi honum *skotizt hreinlega yfir að gæta skyldu sinnar* f. h. annars aðiljans. Og ég tel a. m. k., að það sé sannað fyrirfram í málinu, bæði með framburði Sjóvátryggingarfélagsins og fyrrv. form. verksmiðjustj., Þ. E., sjálfs.

Ég get svo látið útrætt um 4. gr. frv. En ég vildi benda á það, að ég teldi, að hvort sem stjórnarmeðlimirnir yrðu 3 eða 5, ætti að vera ákveðið, að jafnframt séu hafðir varamenn. Stj. á að vera þingkosin til 3. ára, og ef það veljast sömu menn í stj. og áður voru þar, og verður mikið ósamlyndi, gæti komið fyrir, að einhverjir færu úr stj. á voveiflegan hátt, þannig að það þyrfti að kjósa menn í þeirra stað á kjörtímabilinu. Teldi ég því varlegra að hafa varamenn í stj.

Viðvíkjandi 5. gr. hefi ég leyft mér að bera *fram brtt. þess efnis*, að endurskoðendur síldarverksmiðjanna verði tveir. Ég tel óþarfa kostnað fyrir verksmiðjurnar að hafa þá þrjá, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Þá hefi ég komið með brtt. um það, að 7. gr. *falli niður*. Hún er um það, að ríkissjóður beri eigi ábyrgð á þeim skuldum síldarverksmiðjanna, sem stofnað er til eftir 31. des. 1937.

Það er kunnugt, að það hafa verið uppi hér á Alþingi alvarlegar till. um það — þótt þær að vísu hafi ekki komið fram í verksmiðjustjórninni — að greiða ekki nema 85% af síldarverðinu við móttöku. Og jafnframt hefir verið höfð í frammi hótun um það af einum utandeildarmanni, sem var að tala hér í d. áðan, að hann skyldi sjá til þess gegnum bankaráð Landsbankans, að sú regla yrði tekin upp. Ég skal ekki fara langt inn á þetta mál, en ég vildi benda á, að fyrir fáum árum var síldarverðið *ekki nema 3 kr. til sjómanna og útgerðarmanna*. Ef það hefði átt að halda 15% eftir af þessu lága verði, þannig að borga 2.40 kr. við móttöku, þá var það sama og að segja sjómönnum og útgerðarmönnum, að skipum þeirra yrði ekki haldið úti þessi ár. Það vita allir, sem einhverja þekkingu hafa á útgerð, að það verður ekki farið á flot með neitt skip á síldveiðar, ef ekki á að borga nema 2.45 kr. fyrir málið. Hvorki myndu útgerðarmenn fá fyrir veiðarfærum, olíu eða öðrum þörfum, né heldur myndu sjómenn geta lifað af þeim litla hlut, sem þeir fengju, jafnvel ekki yfir blásíldartímann. Nú hefir verið sett inn í frv. aftur heimild *til* þess að kaupa síldina. En ég vil benda á, að ákvæði 7. gr. um það, að ríkið beri ekki ábyrgð á skuldum verksmiðjanna, eru þannig vaxin, að þau hljóta að *rýra mjög mikið* það traust, sem ríkisverksmiðjurnar hafa haft, til þess að fá lánað rekstrarfé. Og það getur orðið til þess, að þær skaðlegu till., sem sérstaklega hefir verið barizt fyrir af hv. þm. S.-Þ., fengju nokkra stoð, ef þetta atriði næði fram að ganga, þannig að Landsbankinn gæti sett það sem skilyrði fyrir rekstrarfjárláni til ríkisverksmiðjanna, að þær borguðu ekki út nema 85% af síldarverðinu við móttöku. Ég þarf ekki að leiða rök að því fyrir þeim hv. þdm., sem þekkja eitthvað til síldveiða, hve skaðlegt þetta ákvæði yrði. Ég hefi þess vegna borið fram brtt. um það á þskj. 431, að þessi gr. verði felld niður, *og vil skora á þá hv. þdm.*, sem annars vilja gæta hagsmuna útvegsins, að samþ. þá till.

Þá á ég tvær brtt. við 11. gr. Önnur er um það, að *ekki skuli reiknuð nema 2% fyrning af vél*um og áhöldum. Ástæðan fyrir þessari brtt. er ekki sú, að 5% fyrning sé of há, ef ekki væri að ræða um annað. En þar sem allar afborganir verksmiðjanna eru teknar með í rekstrarreikninginn og reiknaðar sem rekstrarkostnaður, er engin ástæða til þess að hækka fyrningargjaldið. Ég skal játa, að væri fyrningin ekki talin með í rekstrarkostnaði, þyrfti hún jafnvel að vera hærri en 5%, en úr því að það er gert, er þessi ráðstöfun ástæðulaus.

Þá hefi ég gert lítilsháttar orðabreytingartill. við síðustu málsgr. 11. gr. Þar er talað um það, að kaupa síld „á fast verð". Mér finnst þetta engin íslenzka og þinginu til minnkunar að afgr. slíka málleysu. Legg ég til, að í staðinn komi: keypt föstu verði.

Enn hefi ég lagt til, að ákvæðið um kostnaðar-

verð í 12. gr. falli niður og verðið á síldarmjöli innanlands sé ákveðið með hliðsjón af erlendu markaðsverði, enda sé verðið aldrei hærra en það, að frádregnum öllum kostnaði, þar með talin umboðslaun.

Þetta kostnaðarverðsákvæði hefir verið nokkur ár í síldarverksmiðjul., en það hefir aldrei verið hægt að framkvæma það. Og það er jafnóframkvæmanlegt nú eins og það hefir verið, og er því þýðingarlaust að halda því í lögunum.

Þá hefi ég lagt til, að gjald það, sem ríkisverksmiðjurnar eiga að greiða til bæjar- og sveitarfélaga, verði lækkað úr ½% niður í ¼%, og ennfremur, að þetta gjald skuli greiða í fyrsta skipti fyrir rekstur ársins 1938. Eins og l. eru nú og ef þau verða staðfest fyrir áramót, myndu verksmiðjurnar þurfa að greiða 40 þús. kr. til bæjar- og sveitarfélaga, og það eru gjöld sem ekki hafa verið tekin með á áætlun ríkisverksmiðjanna á þessu ári, og tel ég af þeim ástæðum ófært að láta þau ákvæði verða lögfest eins og þau eru í frv. Ég hefi lagt til, að þetta gjald verði fært niður um helming, og skuli ekki greiðast fyrr en 1938. Vona ég, að hv. þm. séu mér sammála um, að það sé hvorki viturlegt né sanngjarnt að leggja svo þungan skatt á verksmiðjurnar, er þær yrðu að standa undir, hvort sem ágóði eða tap yrði á rekstri þeirra.

Þá vil ég benda á atriði í „ákvæði til bráðabirgða", sem ég tel fullkomið hneykslí, að skuli standa þar ennþá. Þar gefur að líta eftirfarandi: „Fyrningargjöld af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau tvö ár, sem eftir er að greiða fyrrv. eiganda afborganir af andvirði verksmiðjunnar samkvæmt samningi". Því er þarna slegið föstu í bráðabirgðaákvæðinu, að það sé eftir að greiða fyrrv. eiganda verksmiðjunnar, dr. Paul, tveggja ára afborganir, En samkv. reikningum verksmiðjanna er aðeins eins árs afborgun eftir. Verði þetta látið standa, tek ég það sem merki um það, að svo órjúfandi leynisamningar séu fyrir hendi um afgreiðslu þessa frv., að það verði samþ., hversu vitlaust sem það er. En ég teldi það fullkomið hneykslí, ef Alþ. slægi því föstu í lögum, að eftir væru ógreiddar tveggja ára afborganir til erlends manns, þegar ekki í raun og veru væri ógreidd nema eins árs afborgun. Mér skilst, að það geti verið teoretisk hætta á því, að viðkomandi krefjist þessarar upphæðar, ef því er slegið föstu í lögum, að hún sé óborguð.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég sá ástæðu til að gera grein fyrir því, sem mér og þar með Alþfl. þykir athugavert við frv. þetta, sem að almannarómi er talið flutt til þess eins að koma Þormóði Eyjólfssyni að sem formanni verksmiðjustjórnarinnar og rjúfa núverandi stjórnarsamvinnu.

*__Einar Olgeirsson:__ Herra forseti! Ég veit ekki, hvort það hefir nokkra þýðingu að rökræða þetta frv. úr því sem komið er, en ég ætla samt að gera það, í þeirri trú, að það geti haft einhverja þýðingu. Því hefir verið haldið fram af Alþýðuflokksmönnum, að á bak við þetta frv. sé leynisamningur milli Framsfl. og Sjálfstfl., en ég á erfitt með að trúa því, að svo sé. Að vísu lýsti hv. þm. G.-K. því yfir í eldhúsumr., að hann og formaður Framsfl., hv. þm. S.-Þ., hefðu komið sér saman um ákveðið atriði í þessu máli, sem sé að bola Finni Jónssyni frá starfanum sem formaður verksmiðjustj. En þó að formenn flokkanna hafi komið sér saman um eitthvað, þá þarf það ekki að þýða, að flokkarnir sem heild hafi skrifað undir samkomulagið. Það hefir komið fyrir áður á þessu þingi, að form. Framsfl. hefir verið innilega sammála við íhaldsöflin um ýmislegt, er gera skyldi, og ekki fengið því framgengt. Í þeirri trú, að enn þýði að rökræða við hv. þm. Framsfl. hér í hv. d., ætla ég að taka til meðferðar tvö atriði.

Raunverulegt innihald yfirlýsingar þeirrar, sem hv. þm. G.-K. gaf á eldhúsdaginn, er það, að áhrif verkamanna og sjómanna á stjórn verksmiðjanna skuli minnka. Ég vil benda hv. þm. Framsfl. á, hvernig viðhorfið er fyrir síldarverksmiðjurnar og hvernig útlitið er fyrir stjórn þeirra, ef þeir félagarnir, hv. þm. G.-K. og hv. þm. S-Þ., fá vilja sínum framgengt. Það eru framsóknarmenn, sem mest hafa talað um, að friður þurfi að ríkja í verksmiðjunum og um stjórn þeirra. En hvernig hugsa þessir sömu menn, að gangi að stjórna verksmiðjunum í ófriði við verkalýðinn í landinu? Það er nær óhugsandi, að hægt sé að stjórna þessum fyrirtækjum í andstöðu við verkamenn og sjómenn. Það eru varla nokkur önnur fyrirtæki ríkisrekin, sem eins eru háð vilja sjómanna og verkamanna og einmitt síldarverksmiðjurnar. Og engum fyrirtækjum á ríkið eins mikið undir fjárhagslega, atvinnulega, gjaldeyrislega. Við engin fyrirtæki önnur riður eins mikið á því, að gott samkomulag sé milli atvinnurekenda og verkalýðsins. Og það veit hver maður, að með því ofurkappi, sem Landsbankinn og bankaráðsmennirnir hér á Alþ. sækja þetta mál, er stofnað til misklíðar við verkalýðinn. Það hafa áður komið fram hótanir, sem gengu í svipaða átt, frá hv. þm. S.-Þ. Hann hefir hótað því að stöðva rekstur síldarverksmiðjanna í heilt ár, ef verkamenn létu ekki að vilja verksmiðjustj. Það er vitanlegt, að form. Sjálfstfl. og aðrir íhaldsmenn voru fullkomlega ásáttir um það, að síldarverksmiðjurnar væru stöðvaðar í heilt ár. Það er vitanlegt, ef á að sækja þetta mál af ofurkappi af báðum formönnum flokkanna, er verið að stofna velferð verksmiðjanna í tvísýnu. Ég skal vekja eftirtekt á því, að verkalýðurinn á Siglufirði stendur saman í einu félagi, einu sterkasta verkalýðsfélagi landsins. Samtök sjómanna á síldveiðiflotanum hafa farið mjög batnandi upp á síðkastið. Ég álít það mjög óviturlegt að stofna til harðvítugrar deilu við þessa aðilja. Ég vil vekja eftirtekt á því, sem ég hefi áður bent á, að nú fer kreppa í hönd. Hv. þm. vilja ef til vill ekki trúa mér til þess, a. m. k. reyndi hv. þm. G.-K. að gera grín að þessari vísbendingu nú í þingbyrjun. En samvinnumennirnir trúa því ef til vill, ef þeim er bent á ummæli forseta Alþjóðasambands samvinnumanna, Tanner, og það, að ríkisstjórnirnar

úti um alla Evrópu gera nú ráðstafanir sínar út frá því, að ný kreppa sé að byrja. Meira að segja er hér á Íslandi farið að taka tillit til þessarar staðreyndar. Ég þarf ekki annað en að rifja upp útlitið með verksmiðjurnar árin 1931 og 1932. Hvernig fór? Það risu upp harðvítugar deilur, og alvarlegir atburðir urðu í sambandi við þær. Og ég vil skjóta því að hv. þm. Framsfl., hvort þeim finnist það glæsileg tilhugsun að taka stjórn verksmiðjanna ásamt íhaldinu, verða ef til vill að lækka verðið niður í 3 kr. og standa jafnframt í harðvítugri kaupdeilu við verkalýðinn í landinu, og í harðvítugri andstöðu bæði við Kommfl. og Alþfl. Það er vitanlegt, að meginhluti útfluttra íslenzkra afurða eru nú síldarafurðir. Ég mundi í sporum framsóknarmanna athuga þetta atriði gaumgæfilega. Það er erfitt að stjórna á kreppu-tímum í harðvítugri andstöðu við verkalýðshreyfinguna í landinu. Á slíkum tímum reyna stjórnarvöldin hvar sem er að komast að samkomulagi við verkalýðinn og flokka hans. Halda framsóknarþm., að íhaldið verði þeim tryggur bandamaður? Þeir hafa átt í höggi við íhaldið í síldarverksmiðjumálunum áður fyrr, ekki sízt í sambandi við ákvörðun síldarverðsins. Og vitanlegt er það, að þótt hv. þm. G.-K. berjist trútt fyrir hagsmunum Kveldúlfs og Alliance, þá hafa útgerðarmenn, sem engar síldarverksmiðjur eiga, þau ítök í Sjálfstfl., að hann getur orðið að taka tillit til þeirra. Það er ekki treystandi á hv. þm. G.-K. í þessu máli og það þarf ekki mikið til þess að fá sjómenn og útgerðarmenn upp á móti verksmiðjunum. Það gæti jafnvel skeð, að hv. þm. G.-K. kæmi til með að standa einn uppi í flokki sínum sem bandamaður Framsfl. í þessum málum. Það er hættulegt spor stigið með því að stofna til harðvítugra átaka milli ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar, og stofna jafnframt í hættu samstarfi Framsfl. og Alþfl. Ég vona, að hv. þm. Framsfl. láti svo lítið að íhuga þessi orð mín, og láti ekki binda sig til að fylgja þessu máli fram, hversu óviturlegt og óvarlegt sem þeim kann að þykja það sjálfum.

Hitt atriðið var viðvíkjandi 7. gr., og mun ég flytja brtt. um, að sú grein falli niður. Hún er á þá leið, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjur ríkisins stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþ. Ég vil vekja eftirtekt á afleiðingum þeim, er samþykkt þessa ákvæðis hefði. Afleiðingin yrði sú, að verksmiðjurnar yrðu *algerlega háðar Landsbankanum. Og ég vil* spyrja hv. þm. í einlægni, hvort þeim finnist, að stjórn Landsbankans á bankamálum og fjármálum þjóðarinnar hafi verið svo farsæl, að ráðlegt sé að leggja þýðingarmestu fyrirtæki ríkisins beint undir vald hans. Ég held, að stjórn Landsbankans eigi nóg með að stjórna sínu eigin fyrirtæki og sjá um, að það sé ekki notað til að eyðileggja lánstraust Íslendinga erlendis, en að því hefir mjög stefnt nú á seinni tímum. Síðastl. ár keyptu síldarverksmiðjurnar um hálfa millj. mál síldar á 8 krónur málið. Þær hafa því borgað út 4 millj. króna til útgerðarmanna og sjómanna. Þegar verksmiðjurnar eru búnar að vinna úr þessu, eru þarna orðnar til útflutningsvörur fyrir 7½ millj. króna, en það er nálægt því að vera sjötti hlutinn af öllum útflutningi landsmanna á yfirstandandi ári. Hér er því um eitt af veigamestu málum þjóðarinnar að ræða hvað fjárhagslega afkomu snertir, og það nær ekki nokkurri átt að steypa *þessu fyrirtæki út í slíka tvísýnu, sem hér er* gert. Ég vil vekja eftirtekt á því, að vafasamt er, að ákvæði 7. gr. frv. standist fyrir nokkrum dómstóli, þó að lögum yrði. Þar er ákveðið, að ríkið skuli ekki bera ábyrgð á skuldum fyrirtækisins eftir vissan tíma. Ríkið á fyrirtækið, og ég er hræddur um, að ríkið yrði dæmt til að bera ábyrgð á skuldum þess, ef verksmiðjurnar yrðu gjaldþrota. Kæmi til þess, að ríkið yrði gjaldþrota, þá yrði auðvitað gengið að verksmiðjunum. Gagnvart erlendum lánardrottnum gæti engin ríkisstjórn á Íslandi staðið sig við annað en að greiða skuldir verksmiðjanna. Hver erlendur lánardrottinn reiknar auðvitað með því, þegar hann veitir verksmiðjunum lán, að ríkið standi á bak við. Þetta atriði er því að öllu leyti óhafandi, það mundi skaða ríkisverksmiðjurnar, en gæti ekki hjálpað ríkinu hið minnsta, þessa 7. gr. á því að fella í burtu.

Í sambandi við 4. gr. frv., er fjallar um stjórn ríkisverksmiðjanna, vil ég geta þess, að nái brtt. hv. þm. Ísaf. ekki fram að ganga, mun ég flytja *till. við 3. umr., sem yrði miðlunartillaga.* — Viðvíkjandi 9. gr. vil ég segja það, að ég álít nauðsynlegt, að þeirri grein verði breytt svo, að það sé tryggt, að verksmiðjurnar geti keypt síldina föstu verði, ef þær vilja.

Við 14. gr. er brtt. um hækkun gjaldsins upp í 1%, og er ég fylgjandi þeirri brtt., enda haldist áfram ákvæðið um 25%.

Viðvíkjandi ákvæðinu til bráðabirgða verð ég að segja, að það voru mjög fróðlegar upplýsingar, sem hv. þm. Ísaf. gaf um það atriði. Ég furða mig á því, að þetta skuli hafa komizt óathugað gegnum hv. Ed., og ég tel, að ekki komi í mál að samþ. þetta ákvæði, eftir að upplýsingar hv. þm. Ísaf. eru komnar fram. En þetta ákvæði sýnir það, að meir hefir verið fylgt á eftir málinu með kappi en forsjá. Ég vil óska þess, að í sambandi við umr. um frv. þetta hér í Nd. komist á samkomulag milli stjórnarflokkanna um þetta mál, því að ég tel það mjög hættulegt að afgr. svo þýðingarmikið mál með samkomulagi flokka, sem annars eru andstæðir.

*Atvmrh. **(Haraldur Guðmundsson)**: Út af 7. gr. frv. vildi ég leyfa mér að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Í gr. segir: „Ríkissjóður ber eigi ábyrgð á þeim skuldum, sem síldarverksmiðjurnar stofna til eftir 31. des. 1937, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi".

Hæstv. fjmrh. gat þess í hv. Ed., að hann gerði ráð fyrir, að ríkissjóður myndi taka 1. veðrétt í öllum eignum síldarverksmiðjanna fyrir stofnfé sínu. Hygg ég, að ekki verði um það deilt, að ef felld er niður ríkisábyrgðin og veð tekið í öllum eignum verksmiðjanna, þá væri sama og að loka möguleikum þeirra til að

afla sér rekstrarfjár fyrirfram. Enda virðist mér, að hv. flm. frv. hafi ekki verið hæstv. fjmrh. sammála um þetta atriði, því að í grg. frv. stendur: „.. Þá er lagt til, að ríkið beri aðeins ábyrgð á stofnfé sínu í fyrirtækinu, en ekki á rekstrinum..“ Hv. flm. virðist því vera ljóst, að ríkið hljóti a. m. k. að bera ábyrgð svo langt sem stofnfé hrekkur til. Ríkissjóður er tvímælalaust eigandi þessa fyrirtækis, og tel ég því, að hann geti ekki komizt hjá því að bera ábyrgð á skuldbindingum þess. Hygg ég því, að jafnvel þótt gr. yrði samþ., yrði samt að telja ótvírætt, að lánadrottnar ættu aðgang að eignum verksmiðjanna til lúkningar réttmætum kröfum. En ef svo er, skil ég ekki, hvað unnið er með því að fella niður ríkisábyrgðina, eins og ætlazt er til með 7. gr.

Viðvíkjandi 4. gr. er það að segja, að mér virðist þar vera leikinn hættulegur leikur með alvarlegt mál. Öllum er kunnugt, að ástandið var þannig áður fyrr í stj. verksmiðjanna, að hún var ekki starfshæf. Var því ekki nema um tvennt að velja, að láta allt reka á reiðanum, eða skipa málunum eins og gert var með bráðabirgðal., sem síðan voru samþ. af Alþingi. En með 4. gr. frv. er stefnt að því að koma stj. verksmiðjanna í nákvæmlega sama horf og áður var. Og ég tel, að þeir hv. þm., sem með atkv. sínu stofna til þessa, taki á sig þunga ábyrgð.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég lét svo um mælt í hv. Ed., að ég teldi réttast, að ríkið bæri ekki ábyrgð á stj. verksmiðjanna, en tæki veð í eignum fyrirtækisins fyrir stofnlánum. Ég bað hv. n. í Ed. að rannsaka, hvort ákvæði 7. gr. væru ekki nægileg til að koma þessu í framkvæmd. Hv. n. kallaði mig að vísu ekki á fund sinn, en ég þykist þó vita, að henni hefir ekki fundizt þetta ákvæði fullnægjandi til að tryggja að fullu veð fyrir stofnlánunum. Og ég lít svo á, að eins og nú er, geti ríkissjóður ekki tekið veð fyrir þessu, það verði að vera áhættufé.

Ég held ekki, að hægt sé að segja, eins og hæstv. atvmrh., að þetta ákvæði myndi koma í veg fyrir, að verksmiðjurnar gætu fengið hæfilegt rekstrarlán, enda munu vera fáar verksmiðjur hér á landi, sem hægt er að segja um, að þær séu skuldlaus eign. — Hitt tel ég, að ákvæðið um, að ríkissjóður innheimti vexti af stofnlánum, eigi að standa óbreytt.

***Sigurður E. Hlíðar:** Ég kvaddi mér hljóðs á meðan hv. frsm. minni hl. var að tala, því að ég saknaði hv. frsm. meiri hl. En hann er nú kominn, svo að það er í rauninni óþarfi, að ég taki til máls. En fyrst ég var búinn að kveðja mér hljóðs, mun ég segja nokkur orð um þetta mál.

Hv. þm. hafa nú heyrt framsöguræðu hv. formanns n. Hún var harla einkennileg, stóð yfir í rúman klukkutíma, og aðalinntak hennar voru þessi ferlegu orð, sem skráð voru gullnu letri í fyrndinni: mene, mene, tekel ufarsin. Og þar undir stóð skrifað nafnið Þormóður Eyjólfsson. En ég vil spyrja, hvað Þormóður Eyjólfsson kemur þessu máli við. Erum við ekki að ræða hér um frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins? Ásakanir hv. form. n. í garð Þormóðs Eyjólfssonar koma þessu máli ekkert við.

Í ræðum þeirra hv. þm. Ísaf. og hv. 5. þm. Reykv. kom fram furðuleg hræðsla við að breyta fyrirkomulaginu á stj. verksmiðjanna. Þeir virtust óttast eins og heitan eldinn, að það yrði að l., að verksmiðjustj. yrði skipuð 5 mönnum Ég veit nú ekki betur en að verksmiðjustj. væri í upphafi skipuð 5 mönnum, þegar verksmiðjurnar voru stofnaðar, og stjórnarflokkarnir hafa enn, eins og þá, aðstöðu til að ná þar meiri hl. Það er að vísu ekki eins innileg samvinna með þeim nú sem þá, og ég get hugsað mér, að alþýðuflokksmenn myndu ekki láta sér lynda, að Þormóður Eyjólfsson væri gerður að formanni verksmiðjustj. En skyldi annars vera ástæða til að halda, að hinir tveir framsóknarmenn í stj. myndu ekki kasta augum sínum á Finn Jónsson, eins og áður? Annars er þetta þeirra innanflokksmál. Og ég myndi ekki gráta það, þó að menn sæju „mene tekel“ á veggnum yfir samvinnu stjórnarflokkanna.

Þá kom hv. frsm. inn á aðalkjarna málsins, aðfinnslur sínar við frv. og brtt. á þskj. 431. Finnur hann frv. aðallega það til foráttu, að það geri ráð fyrir 5 manna stj., þar sem hann vill hafa 3 menn. Hann vill einnig hafa 3 manna varastj., en við það get ég ekki fellt mig. Ég er ekkert hrifinn af því, að þingflokkarnir séu að skipta með sér völdunum í svona málum. Þó vil ég ekki vera að fetta fingur út í þetta sérstaklega að þessu sinni. En hitt tel ég tvímælalaust heppilegra, að í stj. sé 5 menn en 3, þó að það verði nokkru dýrara. Varamennskunni er ég mótfallinn og sé ekki nema ókosti þar á. Það fyrirkomulag leiðir ekki til annars en óþæginda og öryggisleysis, en verður til þess, að aðalmenn draga sig í hlé að ástæðulausu um fundarsókn, en af því geta aftur orðið mjög óheppilegar afleiðingar, eins og það, sem oft hefir komið fyrir, að varamenn greiða atkv. þvert á móti því, sem aðalmenn höfðu áður samþykkt.

Hv. þm., frsm. minni hl., færði það fram sem rök á móti 5 manna stj., að örðugt myndi að ná henni saman. Það mun að vísu yfirleitt vera verra að ná saman 5 mönnum en 3, en samt getur þetta líka orðið nógu erfitt, þó að mennirnir séu ekki nema 3. Og í frv. er líka ákvæði um, að ekki skuli þurfa nema 3 stjórnarmenn til að undirrita mikilsverða samninga, og er þar með séð við þeim óþægindum, sem af þessari fjölgun kynni að leiða.

Þá er 7. gr. frv. Mátbárum þeim, sem fram hafa komið gegn henni, hefir verið svarað. Nú þegar eru verksmiðjurnar reknar með nokkuð öðrum hætti en áður, meira í ætt við samvinnurekstur, og er það öryggisráðstöfun, sem gerir að verkum, að ríkisábyrgð þarf ekki eins að koma til greina, þar sem ætlazt er til, að verksmiðjurnar geti fremur staðið undir sér sjálfar.

Um brtt. hv. frsm. minni hl. við 11. gr. frv. ætla ég ekki að deila við hann. Um ákvæði 12. gr. frv., þar sem segir, að hámarksverð á síldarmjöli til samvinnufélaga, bæjarfélaga, hrepps-

félaga og búnaðarfélaga skuli ákveðast með hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, er það að segja, að ég tel þetta ákvæði ekki eins hættulegt og hv. þm. Það er að vísu ekki hægt að ákveða kostnaðarverð og markaðsverð fyrirfram, en hér er ekki heldur um það að ræða að ákveða þetta verð fyrirfram, heldur um það, að taka hliðsjón af því.

Þá er 14. gr. hv. þm. mikill ásteytingarsteinn, en hér segir, að bæjarfélög, þar sem verksmiðjurnar hafa bækistöð sína, skuli fá af þeim ákveðið hundraðsgjald seldra afurða ár hvert. Þessi krafa mun aðallega vera komin frá Siglufirði. Mér þykir nú ekki ósanngjarnt, að Siglufjörður t. d. fái nokkurt gjald af þessum stóru fyrirtækjum. Siglfirðingar fóru fram á 1%, hv. Ed. færði það niður í ½%, og nú kemur hv. frsm. minni hl. og vill færa það niður í ¼%. Ég get nú ekki séð, að þessu gjaldi fylgi nokkur hætta fyrir verksmiðjurnar, eða að það rýri til muna aðstöðu þeirra, samanborið við aðrar síldarverksmiðjur. Þær greiða ekki útsvar, né tekju- og eignarskatt, en það gera allar aðrar verksmiðjur.

Mun ég svo láta útrætt um þetta mál, enda var það ekki tilgangur minn að taka fram fyrir hendurnar á hv. frsm. meiri hl., heldur aðeins að hlaupa í skarðið fyrir hann.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Án þess að ætla að fara að ræða málið í heild, vildi ég svara fyrirspurn hv. þm. Ísaf., sem spurði, hvað þessi rannsókn ætti að sanna, sem Þormóður Eyjólfsson hafði beðið um og búizt hefir verið við, að dómsmálaráðuneytið myndi láta fram fara. Mitt álit er, að þó að ekki sé hægt að segja, að í þessari grein í Alþýðublaðinu sé beinlínis verið að drótta að Þormóði Eyjólfssyni óheiðarlegu athæfi, þá verði ekki hjá því komizt að lesa slíkt milli línanna. Því verður að teljast eðlilegt, að Þormóður Eyjólfsson óski eftir þessari rannsókn. Það skiptir miklu máli, hvort Sjóvátryggingarfélagið hefir greitt þessi umboðslaun eða ekki, en í greininni er dregið í efa, að yfirlýsingar félagsins um þetta séu réttar. En ef umboðslaunin hafa ekki verið greidd, er það mikilsvert rannsóknaratriði, hvers vegna það var ekki gert. Þormóður Eyjólfsson segir það vera af því, að verksmiðjurnar hafi ekki gert fasta samninga við Sjóvátryggingarfélagið, en það sé skilyrði fyrir greiðslu umboðslauna. Þetta er sjálfsagt að athuga, ekki síst þar sem hér er um að ræða mann í opinberri stöðu. Hann sagðist hafa farið fram á það við stj. verksmiðjanna, að gerðir yrðu skriflegir samningar, og þá hefðu þessar prósentur fengizt. Hv. þm. Ísaf. telur þetta ekki rétt.

Ég tel nú orðið, að meðlimir vinstri flokkanna hafi gert of lítið að því að heimta opinbera rannsókn, þegar þeir hafa orðið fyrir aðdróttunum, og þetta á einnig við um sjálfan mig. En ég hefi að nokkru breytt um skoðun á þessu máli. Opinberir starfsmenn og embættismenn hafa yfirleitt gert of lítið að því að láta andstæðingana sæta ábyrgð orða sinna. Hv. þm. Ísaf. lýsti t. d. nýlega yfir því, að hann myndi ekki gera gangskör að því að láta hv. þm. G.-K. sæta ábyrgð fyrir ummæli þau, er hann hafði um hv. þm. Ísaf. hér við útvarpsumr. Samkv. þeirri skoðun, er ég hefi nú á þessum málum, er þetta rangt af hv. þm. Það er rangt að ala það upp í mönnum, að þeir geti viðhaft hér á þingi slíkt orðbragð sem hv. þm. G.-K. viðhafði. Þess vegna finnst mér sjálfsagt að verða við þessari beiðni, því að það á að vera hægt með þeirri rannsókn að skera úr því, hvort hér er nokkuð óheiðarlegt á ferðinni eða hvort að öðru leyti er um vanrækslu að ræða af hendi hins opinbera starfsmanns.

Það hefir verið talað um það hér, að einhverjir leynisamningar væru um þetta mál milli Framsfl. og Sjálfstfl. Þetta er vitanlega gripið úr lausu lofti, eins og líka sést bezt á því, að einmitt um meginatriðið í frv. voru það sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn, sem tóku höndum saman gegn framsóknarmönnum. Á ég þar vitanlega við ákvæðið um útborgunaraðferðina hjá síldarverksmiðjunum. Og getur ekki annað sannað það öllu greinilegar, að hér var ekki um neina samninga að ræða milli Framsfl. og Sjálfstfl.

Jafnframt hefir verið talað um einhverja samninga milli formanns Sjálfstfl. og form. Framsfl. um það að sparka Finni Jónssyni, eins og það hefir verið orðað, úr stjórn verksmiðjanna. Það, sem þetta virðist vera byggt á, eru ummæli hv. þm. G.-K., sem hann lét falla við útvarpsumr. nú um daginn, en allir sjá, þegar þetta er athugað, að sögð voru til að glettast og ekkert stendur á bak við þau, vegna þess að það er ekki á valdi Framsfl. og Sjálfstfl. að koma Finni Jónssyni úr verksmiðjustj. Eins og allir vita, hefir Alþfl. aðstöðu til þess að setja hvern, sem hann óskar, inn í verksmiðjustj. samkv. þeim styrktarhlutföllum, sem flokkarnir hafa hér á Alþ. Og þess vegna hefir þetta ekki við neitt að styðjast.

Frekar ætla ég ekki að fara út í þetta mál að svo komnu.

Forseti (JörB): Eins og hv. dm. vita, er ætlunin að reyna að ljúka störfum þessa þings í kvöld. Ef það á að mega takast, er sýnt, að menn mega ekki lengja umr. mjög, því að eftir eru mörg óafgr. mál, meira að segja mál, sem eiga að ganga á milli deilda. Fjórða dagskrármálið hefir nú verið rætt á þriðju klukkustund, og þykir mér ekki öruggt nema ræðutími hv. þdm. sé takmarkaður. Ég vil stinga upp á því, að ræðutími sé takmarkaður við 10 mín. hjá hverjum. Nægi sú takmörkun ekki, mun ég takmarka tímann enn meir. Ég vil þá bera undir hv. d., hvort hún vill fallast á þessa till. mína.

ATKVGR.

Till. forseta samþ. með 16:2 atkv.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég verð að segja, að mér þykir skörin færast upp í bekkinn, þegar hæstv. forseti vill nú í fyrsta sinn á þinginu takmarka ræðutíma dm. við 10 mín., þegar ég tek til máls og þetta er í þriðja sinn, sem ég tek til máls á þessu þingi. Hæstv. forseta þykir

mikils við þurfa að koma fram þessu samningsmáli Sjálfstfl. og Framsfl.

Það þarf að gera breyt. við frv. aftur, þar sem rangt er frá skýrt í bráðabirgðaákvæðinu, þar sem stendur tvö ár í staðinn fyrir eitt.

Við vitum, hvernig þessi deila er undir komin, og við vitum, hvers vegna síldarverksmiðjur hafa risið upp hér á landi og orðið að voldugum fyrirtækjum. Það er fyrir atbeina Alþfl. með stuðningi Framsfl. Magnús sál. Kristjánsson var sá af mönnum Framsfl., sem mest beitti sér fyrir þessum málum. Hann var studdur af verkamönnum á Akureyri. Alþfl. hefir frá upphafi unnið að eflingu verksmiðjanna. Eftir að það hafði á ýmsan hátt verið ólag á verksmiðjunum, hefir fyrirkomulag þeirra komizt í fast horf með þeirri stjórnarskipun, sem Alþfl. stóð að. Framsfl. hefir í þessu máli algerlega haldið sig að einum manni, Þormóði Eyjólfssyni, en hann var talinn óhæfur stjórnandi af öllum nema framsóknarmönnum. Verkamenn voru á móti honum, og útgerðarmenn voru á móti honum. Allt gekk á tréfótum, og afleiðingin varð sú, að ómögulegt var að hafa hann áfram. Síðan sú stj., sem nú situr, tók við, hefir allt breytzt til batnaðar. Engar aðfinnslur hafa komið af hálfu útgerðarmanna, og samvinna í stj. hefir verið ákjósanleg. Starf Finns Jónssonar í sti. hefir verið viðurkennt af öllum, nema nokkrum pólitiskum andstæðingum hans. Hann hefir varið tíma sínum og hæfileikum til þess að gera sem mest fyrir verksmiðjurnar, með ekkert annað en hag þeirra fyrir augum. Dugnaður hans er alþekktur og þekking hans á þessum málum, en hann hefði getað haft nógum öðrum störfum að sinna fyrir Alþfl. og fyrir sjómenn og sjávarútveginn á annan hátt. Nú vill Framsfl. aftur breyta til, fyrst og fremst til þess að bola honum frá verksmiðjunum, en koma Þormóði Eyjólfssyni aftur að. Þetta á rót sína að rekja til eins manns, formanns Framsfl., Jónasar Jónssonar, og þeirra sambanda, sem hann hefir í sínum flokki, nefnilega Jóns Árnasonar framkvæmdarstj. Sambandsins og svila Þormóðs Eyjólfssonar.

Ég vil benda á það, sem ætti að vera viðurkennt af öllum, að þeir, sem hafa hagsmuni af verksmiðjunum, nefnilega sjómenn og verkamenn og nokkur hluti útgerðarmanna, eða þeir, sem ekki eiga sínar eigin verksmiðjur eins og Alliance og Kveldúlfur, eiga að hafa umráð yfir þeim. Ef fylgt væri þeirri stefnu hér, sem fylgt er á öðrum sviðum atvinnurekstrarins, um að þeir, sem hagsmuna hafa að gæta, ráði um reksturinn, þá ætti Framsfl. ekki að hafa neinn mann í stj. verksmiðjanna. Ef þetta er borið saman við mál landbúnaðarins, er það svo, að stj. landbúnaðarmála hefir verið leyst undan sambandi við þingið og fengið Búnaðarfél. Íslands, en þar ráða bændur einir. Það er því ekkert réttlæti í kröfu Famsfl. um að fá 2 menn í stj. síldarverksmiðjanna. Það er hreinn yfirgangur gagnvart verkamönnum og sjómönnum þessa lands, og það er notuð til þess viss pólitísk aðstaða hér á þingi. Sjálfstfl. vill vinna þetta til til þess að ná sér niðri á verkamönnum og sjómönnum.

Nú er Alþ. svo skipað, að það eru auðséð forlög þessa máls. En ég vil lýsa yfir þeirri skoðun minni, að þetta er upphaf bardagans um þetta mál, en ekki endir. Verkamenn og sjómenn sætta sig ekki við að láta Alþ. níðast á hagsmunum sínum. Það er vitanlegt, hvaða sérstaka vendingu pólitíkin hefir tekið á Siglufirði. Þar er allur verkalýðurinn sameinaður í einn félagsskap og gengur sameinaður til bæjarstjórnarkosninga. Og það er vitanlegt, að ekki eingöngu stéttarfél. sjómanna og verkamanna, heldur líka bæjarstj. Siglufj. er á móti málinu.

Ég vil svo aðeins benda á, að þeir, sem hafa stjórnað aðalþingmálum Framsfl. upp á síðkastið, en það er ekki form. flokksins, Jónas Jónsson, heldur ráðh. hans, ættu að athuga það vel, að það er óhjákvæmilegt, ef á að taka þá afstöðu gagnvart Alþfl., að troða niður af honum skóinn, að samkomulagið við Alþfl. verður ekki langvinnt.

Ég ætlaði mér að tala um nokkur smáatriði viðvíkjandi frv., en ég mun láta það kyrrt liggja að sinni.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég get ekki neitað því, að ég varð fyrir vonbrigðum út af hæstv. forseta, sem annars er vanur að vera óhlutdrægur í úrskurðum sínum, en nú hefir frsm. meiri hl. sjútvn. ekki haldið neina ræðu í þessu máli fyrr en nú, og þá er ræðutími takmarkaður við 10 mínútur. Ég sé ekki ástæðu til, að meðferð mála velti á því, að nokkra hv. þm. langar heim til sín fyrir jólin; hitt er meira virði, að málin fái þá meðferð, að hæstv. Alþ. geti við það unað. Ég vona, að hæstv. forseti sjái, að það er ekki sæmilegt að takmarka tíma frsm. þannig, að þeir geti ekki svarað brtt., sem fram koma, eða gert grein fyrir afstöðu meiri hl. n. til málsins.

Eins og sjá má á þskj. 410, hefir meiri hl. sjútvn. mælt með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, en 2 þm., ég og hv. þm. Ak., hafa lagt til, að frv. yrði samþ. eins og það kom frá Ed., þar sem gengið hefir verið frá málinu eftir meira en mánaðar umr., og 2 nm. hafa áskilið sér rétt til að bera fram brtt. Ég býst tæplega við, að þeir geri það, og mun skoðun meiri hl. vera sú rétta, að láta frv. ganga óbreytt. Munu þeir ekki leggja stein í götu þess, enda mun sýnt, að mönnum gefst tæplega tími til að ræða þetta eða önnur þingmál.

Hv. þm. Ísaf. hefir borið fram brtt. á þskj. 431. Fyrsta atriði brtt. snertir ákvæði frv. um, hvernig stjórn síldarverksmiðjanna skuli skipuð. Í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að stjórnin verði skipuð í samræmi við þingmannafjölda stjórnmálaflokkanna hér á Alþ., vill hv. þm. Ísaf. láta skipa þá að fenginni tilnefningu 3 stærstu stjórnmálaflokkanna. Ég ætla ekki að fara langt út í þetta atriði; það hefir sýnt sig af blaðaskrifum þessa hv. þm., sem hann hefir hrapað út í síðustu dagana, að aðalatriðið, sem fyrir honum vakir með þessu frv., er það, að stjórn síldarverksmiðjanna standi óbreytt. Ég minntist á það við 1. umr., að þetta mundi vera tilgangur hans, og nú er það greinilega komið í ljós, að svo er. Ég vil ekki gera lítið

úr starfi þessa hv. þm., hvorki í stjórn síldarverksmiðjanna eða annarsstaðar; ég veit, að hann er duglegur maður og hefir aflað sér allmikillar þekkingar á þessu starfi, sem hann hefir með höndum sem formaður verksmiðjustj., en hv. þm. verður að athuga það, að það eru til aðrir menn í landinu, sem hafa eins mikla þekkingu á því og hann.

Aðalatriðið í þessu frv. er breyt. á stjórn síldarverksmiðjanna, og þar er farið fram á, að stærstu þingflokkar landsins fái aðstöðu til að fá hlutfallslega þá hlutdeild í stjórn verksmiðjanna, sem er í samræmi við þingmannatölu þeirra, og er engin ástæða til að ætla, að af því hljótist neitt ranglæti. Ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. á, að ekkert réttlæti er í þeirri kröfu Alþfl., að hann einn eigi að geta ráðið öllum framkvæmdum í síldarverksmiðjum ríkisins, en það hefir hann gert hingað til, og vil ég þó ekki með þeim ummælum kasta neinum steini á Þórarinn Egilsson, sem er í stjórninni með hv. þm. Ísaf. Ég veit ekki betur en að hann hafi verið meðmælandi 7. landsk., fyrrv. þm. Hafn., Emils Jónssonar, og hefir hann með því sýnt, að hann er Alþfl.-maður, svo að meiri hl. stjórnarinnar er hreinir Alþfl.-menn, enda mun það sjást, ef farið er gegnum gerðabækur stjórnarinnar, að ekki hefir verið mikill ágreiningur milli þessa manns og hv. þm. Ísaf. Ég er ekki með þessu að segja, að stjórn verksmiðjanna sé í slæmum höndum hjá hv. þm. Ísaf. og Þórarni Egilssyni, en ég álít það ekki rétt hjá hv. þm. Ísaf., að meiri vinnufriður muni fást í stjórninni, ef þar eru tveir menn af sama stjórnmálaflokki en þótt þar væru menn af öllum flokkum, en það skapar ólíkt meiri tortryggni út á við og minni frið viðvíkjandi blaðaskrifum og öðrum opinberum áróðri, ef einn flokkur fær að ráða þar öllu. Því hygg ég það óviturlegt af hv. þm. Ísaf. að sækjast eftir, að stjórn síldarverksmiðjanna heyri undir einn sérstakan flokk.

Næsta brtt. minni hl. er um það, að endurskoðendur verksmiðjanna séu aðeins 2. Mér þætti gaman, ef hv. þm. vildi gera grein fyrir, hvað liggur á bak við þessa till. Af hverju mega endurskoðendurnir ekki vera 3, einn frá hverjum stærstu stjórnmálaflokkunum?

Þá er till. um, að ríkissjóður losni undan ábyrgð fyrir skuldum, sem stofnað hefir verið til eftir 31. des. 1937. Hv. þm. heldur því fram, að afnám ábyrgðarinnar muni veikja lánstraust verksmiðjanna. Í því sambandi vil ég benda hv. þm. á, að þessar verksmiðjur eru stofnaðar af ríkinu, og ef hv. 3. þm. Reykv. væri hér viðstaddur, myndi ég benda honum á, að það voru ekki Alþfl.menn, sem stofnuðu þær, heldur framsóknarmenn. Ef til þess kemur, að verksmiðjurnar verða að taka lán og heimta til þess ríkisábyrgð, þá verður þeim varla neitað um hana. Því álít ég ástæðulaust að samþ. 3. brtt. þessa hv. minni hl.

Um 4. brtt. er ekki ástæða til að vera langorður. Það er aldrei til skaða að reikna fyrningargjöld aðeins hærri en alveg er sjálfsagt að gera; það miðar aðeins að því að gera fyrirtækin öruggari.

5. brtt. sé ég ekki ástæðu til að samþ. Í frv. er aðeins sagt, að hafa skuli hliðsjón af kostnaðarverði og markaðsverði, og ég hefi gaman af að heyra rök hv. þm. fyrir því, hvers vegna ekki má taka tillit til þess. Hv. þm. veit vel, að það verður ekki það eingöngu, sem ræður verðinu til kaupenda.

Þá er till. um að lækka tillag ríkisverksmiðjanna til jöfnunarsjóðs. Ég gæti verið þessari till. samþykkur, en sé ekki ástæðu til að tefja málið með því. Hinsvegar nær það engri átt að fara að fella niður 25% takmarkið um útsvarsgreiðslur til þeirra bæjar- eða hreppsfélaga, þar sem ríkið hefir verksmiðjur sínar.

Hv. þm. Ísaf. og hv. 3. þm. Reykv. hafa gert mikið veður út af því, að í frv. er gengið út frá því, að eftir sé að greiða 2 ára afborgun af dr. Pauls verksmiðjunni, og segja, að það sé aðeins eftir að greiða eins árs afborgun. Hv. þm. Ísaf. veit vel, að öll löggjöf byggist að miklu leyti á því, að ekki er hægt með l. að skapa mönnum kröfur, sem þeir hafa ekki rétt til.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hv. þm. Barð. endaði mál sitt með því, að ég vissi, að ekki væri hægt að skapa mönnum með l. rétt til þess, sem þeir hefðu ekki átt kröfu til áður. Ég veit ekki betur en að mikill hluti af löggjöf snúist einmitt um það, að skapa mönnum kröfur, sem þeir hafa ekki átt áður, og ég er hissa á þessum ágæta lögfræðingi, að hann skuli bera það fram, að með l. sé ekki hægt að skapa mönnum nýjar kröfur, og vona, að hann leiðrétti þetta.

Ég þarf ekki að svara hv. þm. Barð. miklu; það hefi ég áður gert með minni fyrstu ræðu. En ég mótmæli þeim ásökunum á hendur fulltrúa Framsfl. í verksmiðjustj., að Alþfl. hafi einn öllu ráðið þar. Hv. þm. Barð. sagði, að ekki mundi finnast mikill ágreiningur á milli mín og Þórarins Egilssonar. Það er rétt, en það mun ekki heldur finnast mikill ágreiningur á milli mín og Þorsteins M. Jónssonar, og það kemur ekki til af því, að við Alþfl.menn höfum einir öllu ráðið. Það er ekki annað en tilhæfulausar aðdróttanir til meðstjórnenda minna. Við höfum ráðið sameiginlega fram úr öllum málum, án alls ágreinings. Ég held að ég þurfi þá ekki frekar að svara hv. þm. Barð.

Stjórnarskipun verksmiðjanna hefir verið þannig frá fyrstu tíð og þar til í ársbyrjun 1935, að verksmiðjustjórnina hafa setið 3 menn, en ekki 5. Þá var þessu breytt með lögum og voru stjórnendur 5 til maí mánaðar 1936, að tölunni var aftur breytt í 3 með bráðabirgðal. Ég vil leggja áherzlu á þetta út af því, sem hv. þm. Ak. sagði, en hann hefir auðsjáanlega ekki kunnugleika til að vita, að svo var. Það er því allt, sem gera á með þessum l., að koma stjórnarskipuninni í sama horf og var 1935 til 1936, sem reyndist svo, að ekki var hægt að stjórna verksmiðjunum, og má mikið vera, ef ekki fer á sama hátt nú, ef þetta ákvæði verður að l.

Í framsöguræðu minni leiddi ég rök að því, hvers vegna þetta frv., ef það yrði afgr. frá Alþ. eins og lítur út fyrir að eigi að verða, mundi verða þess valdandi, að engin samvinna

tækist áfram milli núv. stjórnarflokka í verksmiðjustjórn. Ég leiddi svo föst rök að þessu, að ég held, að enginn maður geti mælt þeim í móti, og ég vil benda á það enn á ný, að þetta frv. er eingöngu sett fram til að eyðileggja samvinnuna milli flokkanna. Ég hefi bent á, hvernig fara muni, ef í stjórnina veljast menn, sem aldrei sitja á sáttshöfði og vinni jafnvel hver öðrum líftjón, eins og fyrir hefir komið með stjórnendur verksmiðjanna áður.

Viðvíkjandi öðrum atriðum frv., sem ég hefi minnzt á, þarf ég ekki að fjölyrða. Ég hefi fært rök fyrir öllum þeim brtt., sem ég hefi borið fram, en vil benda á, að ákvæðið um, að útsvarsgreiðslur verksmiðjanna megi aldrei fara fram yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags, er ekki til annars en að þrengja hag þeirra fátæku bæjar- eða hreppsfélaga, sem hafa fengið verksmiðjur hjá sér. Þá get ég ekki fallizt á, að útlendingur, sem á ekki nema eins árs afborgun hjá ríkinu, eigi eftir tveggja ára afborganir. Það er hneyksli, að Alþ. afgr. lög, sem slík vitleysa stendur í.

Ég á ekki nema lítið eftir af ræðutíma mínum, en ég þurfti að svara 3 mönnum, svo ég verð að hlaupa yfir mikið af því, sem ég vildi segja.

Út af ummælum hæstv. forsrh. vildi ég segja, að sú rannsókn, sem hann talaði um, að hann mundi láta fram fara, mun ekki sanna annað en það, sem ég hefi sagt um þetta mál. Ég hefi fært fyrir því skjalfestar sannanir, að ríkisverksmiðjurnar hafa ekki fengið greiddan afslátt þann, sem venjulegt er að greiða af sjóvátryggingu. Þó að ekki hafi verið um tryggingarnar fastir samningar, þá hefir viðskiptunum verið hagað eins og venjulegt er um samningsbundin viðskipti, því allar eignir verksmiðjanna hafa alltaf verið tryggðar hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Mér er kunnugt um, að aðrir fá þennan afslátt, þótt þeir hafi ekki fasta samninga, og ég vil benda á, að Þormóður Eyjólfsson hefir sagt, að þessi afsláttur hafi alltaf staðið verksmiðjunum til boða. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri mikilsvarðandi atriði, sem mundi upplýsast við rannsókn, hvers vegna þessi afsláttur hefði ekki fengizt. Ég er hæstv. forsrh. alveg sammála um, að heppilegt væri að fá opinbera rannsókn í þessu máli, en hinsvegar er algengt, að ýmsir opinberir starfsmenn hafa orðið fyrir aðkasti án þess að hafa aðstöðu til að fara í meiðyrðamál út af því. Hæstv. ráðh. mun t. d. fullkunnugt um þær aðdróttanir, sem hv. þm. G.-K. hefir komið fram með hér í þinghelgi gegn mér, en ég hefi enga aðstöðu til að koma fram ábyrgð gegn honum fyrir nema hann endurtaki þau utan þinghelgi. Á fundi utan þings hefir hv. þm. G.-K. rætt um þessi sömu mál við mig, en hagað sínum orðum þar mjög gætilega og m. a. lýst því yfir, að hann mundi lýsa kostum mínum betur seinna á Alþ., og það hefir hv. þm. gert, en notað þinghelgina til þess að koma fram með aðdróttanir sínar, svo ég á þess engan kost að fara í meiðyrðamál við hann.

Það fer auðvitað einnig eftir því, hve orðsjúkir menn eru, út af hverju þeir fara í meiðyrðamál. Ég skal t. d. segja um hv. þm. S.-Þ., að um hann hafa verið notuð þau orð utan þinghelgi, að ég veit ekki, hvort mér er einusinni leyfilegt að endurtaka þau hér, og vildi ég þó sízt gera þau að mínum eigin orðum. Ég veit ekki betur en að menn úr Sjálfstfl. hafi ár eftir ár sagt um þennan hv. þm. í Morgunblaðinu, að hann væri ærulaus, opinber lygari og rógberi. Var margskorað á hann að hnekkja þessum svívirðilega áburði með meiðyrðamáli, sem vitanlega hverjum borgara öðrum en örgustu glæpamönnum hefði reynzt auðvelt, en hann sá aldrei ástæðu til þess. Ég bið hæstv. forseta að afsaka, að ég skuli taka þessi orð upp hér, en ég tek þetta sem sýnishorn af því, að það er misjafnt, hve menn eru orðsjúkir og af hverju þeir fara í meiðyrðamál.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. þm. Reykv., sem stíluð er við 4. gr. frv., um að 1. málsgr. gr. orðist þannig: Stjórn síldarverksmiðjanna skal skipuð 5 mönnum til 3 ára í senn, 3 kosnum hlutbundnum kosningum á Alþ., 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og 1 tilnefndum af útgerðarmönnum, er við verksmiðjurnar skipta, eftir reglum, sem atvmrh. setur. Atvmrh. skipar einn nefndarmanna, formann nefndarinnar til eins árs í senn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 474) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég skal ekki lengja umr. mikið, en ég vil mótmæla því, sem hv. 3. þm. Reykv. hélt fram, að með þessu frv. væri verið að níðast á hagsmunum sjómanna og útgerðarmanna. Hv. þm. er það glöggur maður, að hann veit, að hann talar það ekki af sannfæringu, að það sé á móti hagsmunum sjómanna og útgerðarmanna að reyna að reka síldarverksmiðjurnar, sem eru grundvöllurinn fyrir þeim atvinnuvegi, sem nú er eitt aðalbjargræði landsmanna, þannig, að þær geti staðið. Hv. þm. veit, að án þess að fyrir lægi þingsamþykkt var lagt út í endurbætur, ef ég má svo að orði komast, á síldarverksmiðjunum í sumar, sem kostuðu 250000 kr., og ef þeim er haldið áfram, þá munu þær kosta um ½ millj. kr. Er það að vinna fyrir hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna, þegar stj. síldarverksmiðjanna gengur út í slíkar framkvæmdir án þess að hafa nokkra þingsamþykkt að baki sér? Ég vil spyrja hv. 3. þm. Reykv. að þessu, sem var 2. þm. Reykv. á síðasta þingi, en hefir nú hrapað. Það getur vel verið, að það séu stundarhagsmunir að því fyrir sjómenn og útgerðarmenn, að þeim sé borgað hærra fyrir síldina heldur en verksmiðjurnar þola, en eru það framtíðar hagsmunir fyrir þá? Þessari spurningu vil ég biðja hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. um að svara. Eru það framtíðarhagsmunir fyrir verksmiðjurnar, að verðið sé ákveðið þannig í vor, að ekki sé hægt að standa við það, að verksmiðjurnar standi ekki fjárhagslega styrkar á eftir, svo að það verður að leita til ríkissjóðs til þess að fá það fé, sem vantar til þess að bæta upp

þann halla, sem kann að stafa af ráðstöfunum verksmiðjustj.? (FJ: Hefir það verið gert?) Ég er ekki að halda því fram, að það hafi verið gert, en ég vil benda hv. þm. Ísaf. á, að þegar hann í Alþýðubl. talar um verðákvörðun síldarverksmiðjustj., þá tekur hann þannig til orða, að það geti verið, að það verð fáist fyrir síldarlýsi, sem var óselt hjá síldarverksmiðjunum, að verðákvörðunin hafi verið fullkomlega verjanleg. Ég býst við, að ef hv. þm. Ísaf. sem formaður verksmiðjustj. hefði getað sagt það með góðri og hreinni samvizku, að það hefði verið fullkomlega verjanlegt að hafa verðið 8 kr. og hjá Sólbakkaverksmiðjunni 8.50 kr., þá hefði hann kveðið sterkara að orði heldur en að það gæti verið, ef svo færi, sem hann vonaði, að verksmiðjurnar fengju það verð fyrir lýsið, sem dygði, þá gætu verksmiðjurnar staðið í skilum með lögboðnar greiðslur. Í opinberri blaðagrein hefir hv. þm. ekki getað gengið lengra en að segja, að svo framarlega sem það verð fáist, sem hv. þm. Ísaf. veit, að engin von er um, þá muni verksmiðjurnar geta staðið undir lögmætum greiðslum. En er ekki hægt að gera þá kröfu til síldarverksmiðjanna, að þær greiði meira en eingöngu lögmætar kröfur? Er æskilegt að setja fé í sjóð hjá síldarverksmiðjunum, þegar stj. þeirra tekur á sína eigin ábyrgð að gera framkvæmdir, sem kosta upp undir ½ millj. kr.? Þessu er verið að afstýra með frv. því, sem hér liggur fyrir. Samkv. því hefir stj. verksmiðjanna ekki leyfi til að leggja út í framkvæmdir, sem kosta meira en 75 þús. kr.

Hv. þm. Ísaf. vildi mótmæla því, sem ég hélt fram, að með lagaákvæði væri ekki hægt að stofna skuldir, sem ekki væru til, og þetta er rétt. Ég veit, að ef hv. þm. Ísaf. vill athuga þetta, þá sér hann, að það getur enginn, þó að prentvilla sé í frv. og l., sem afgr. eru frá Alþ., gert kröfu á hendur ríkissjóði, sem hann ekki á, því að dómstólarnir standa ofar. Þeir dæma um staðreyndir. Þetta ætla ég að benda hv. þm. á og vona, að hann hagi sér eftir því hér í umr.

Það er ekki meining mín að ráðast á hv. þm. Ísaf., því að það hafa nógu margir gert það. Ég ætla að minna á, að í Morgunbl. hefir nú um langan tíma verið ráðizt á þennan hv. þm. fyrir störf hans sem formanns síldarverksmiðjanna. Ég álít þær árásir sambærilegar við það, þegar verið er að ráðast á fiskimálanefnd aðeins af því, að hv. 3. þm. Reykv., Héðinn Valdimarsson, er form. n., en með því er verið að kasta steini t. d. á þann mann í n., sem mestra vinsælda hefir notið af hálfu sjálfstæðismanna hér í Reykjavík, Guðmund Ásbjörnsson, og aðra nm. Mér finnst nokkurn veginn sambærileg árásin, sem reynt hefir verið að gera á hendur hv. þm. Ísaf. fyrir stj. hans á síldarútvegsnefnd, því að í henni áttu sæti menn úr Sjálfstfl., eins og Jón Árnason, og nú Sigurður Kristjánsson, útgerðarmaður og kaupmaður á Siglufirði. Þessir menn sjást ekki fyrir, þegar þeir eru með svona ádeilur. Ég ætla ekki að taka undir þær, enda falla þær um sjálfar sig, þegar málið er athugað. En hv. þm. Ísaf. verður að taka það til greina, að enginn þm., sem vill líta með nokkurn veginn sanngjörnum augum á þetta mál, getur neitað því, að þó að það sé kannske gott fyrir innbyrðis frið í síldarverksmiðjustj., að þar sé einlit hjörð, eingöngu af einum fl., þá er það ekki gott fyrir friðinn út á við, sem þarf að vera um stjórn þessara verksmiðja í blöðum landsins, á Alþingi og annarsstaðar þar, sem menn taka hlutina og gagnrýna þá. Það er bezt, að allir flokkar standi ábyrgir fyrir þeirri stj., sem er á þessu stóra atvinnufyrirtæki, heldur en að láta hana liggja undir gagnrýni frá öllum flokkum á þeim grundvelli, að einn flokkur noti aðstöðu sína til pólitiskra hagsmuna fyrir sjálfan sig, án þess að ég segi, að hann hafi gert það. Ég er ekki að bera þetta á hv. þm. Ísaf., en ég veit, að hann á það harðvítuga andstæðinga, að hann ætti að sjá það sjálfur, að það er réttara og betra fyrir hann sjálfan að hafa pólitiskan frið um þetta stóra fyrirtæki.

*__Ísleifur Högnason:__ Ég minntist nokkuð á þetta frv. við útvarpsumr. um daginn, en vil nú koma nánar inn á það, þótt tími sé naumur.

Samkv. skoðun hæstv. forsrh. á að reka þetta ríkisfyrirtæki með nokkurskonar samvinnusniði, og mælti hann á móti því, að meiningin væri að láta fyrirtækið hagnast á sjómönnum og útvegsmönnum. En frv. sannar þó, að tilgangurinn er að safna gróða í fjárhirzlu ríkisins og gefa öðrum samskonar fyrirtækjum í landinu tækifæri til að hagnast á síldarkaupum. Menn eiga því ekki að venjast að fá endurgreitt það, sem þeir hafa ofborgað í ríkissjóð, og ég veit ekki til, að rekstrarafgangurinn í ríkissjóði hafi verið svo hár, að menn fengju endurgreidda þaðan tolla og skatta. Eitt er víst, að útvegsmenn munu ekki skoða síldarverksmiðjur ríkisins sem samvinnufyrirtæki, þar sem þeir hafa engin ráð í stjórn þeirra.

Það er einkennilegt við þetta frv. eins og það var lagt fram í hv. Ed., að það var engin grein gerð fyrir tilgangi þess, enda kemur það heim við ræður þeirra hv. þm., sem um málið hafa rætt, að tilgangur þess sé harla lítill. Hv. þm. Barð. gat ekkert deilt á stjórn verksmiðjanna, en gat þess aðeins, að til mundu vera menn hér á landi, sem væru eins færir til að fara með völd þar. Hv. flm. gat ekki fært nein rök fyrir því, að síldarverðið þyrfti að lækka, og gat ekki sýnt fram á, að síldarverksmiðjunum hefði verið stefnt í voða með því að greiða of hátt síldarverð. Hv. frsm. meiri hl. n. kom með fyrirspurn til hv. þm. Ísaf., Finns Jónssonar, hversvegna hann væri á móti breyttu fyrirkomulagi á kosningu í verksmiðjustjórn, en engin grg. kom fram fyrir því, hvers vegna þessi breyt. væri nauðsynleg. Sama hefir verið með það, hvers vegna endurskoðendur ættu að vera 3 í stað 2. En því hefir verið fleygt hér, að þetta mál muni eiga að verða sá fleygur, sem kljúfi samvinnu stjórnarflokkanna. Hefir Framsfl. þá yfirgefið sitt stefnumál, sem er að bera klæði á vopn manna, en eys í þess stað olíu á eldinn. Ég sé ekki, að annað sé fyrir Alþfl.menn að gera í þessu máli en að reyna, hvað þeir geta til þess að hefta framgang þess, eða svo var

að heyra á ræðu hv. 3. þm. Reykv., enda er þarna verið að lögfesta ákvæði, sem hlýtur að verða nýr og þungur skattur á sjómenn og útgerðarmenn í landinu, sem ekki var tekinn inn í samninga þeirra við verksmiðjurnar, þegar þeir voru gerðir fyrir tæpum 2 mánuðum. Alþfl. verður að gera einhverja sterka ráðstöfun til, að frv. nái ekki fram að ganga, og ég vil spyrja hv. form. flokksins, hvort ekki sé eitthvert það atriði í samningum þeirra við Framsfl., sem þeir geti látið mæta þessu frv., svo framgangur þess heftist. Ég vil t. d. benda á, að frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs á eftir að koma til 3. umr., og það er svo stór tekjuöflunarliður, sem þar um ræðir, að mér finnst, að hljóti að vera að tefla því á móti þessu frv., sem hlýtur að orsaka stóra tekjurýrnun hjá sjómönnum og útgerðarmönnum. Ég er forviða á Alþfl., ef hann lætur bjóða sér annað eins og þetta.

Ég vil taka það fram, að ég er ekki mótfallinn 12.—13. gr. frv. Ég álít réttmætt, að greiddur sé skattur til þeirra bæjarfélaga, þar sem verksmiðjurnar eru reknar, og sömuleiðis að ½ eða 1% af andvirði seldra afurða skuli þannig varið.

Ég ætla ekki að bera fram neina brtt., en ég vil lýsa mig frv. andvígan í öllum aðalatriðum.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég bar fram skrifl. brtt., sem hæstv. forseti hefir lýst, um að breyta stjórn verksmiðjanna þannig, að hún yrði skipuð á sama hátt og síldarútvegsnefnd, sem ekki hefir sætt neinu ámæli fyrir það, hvernig hún væri skipuð. Ég geri ráð fyrir, að þessi brtt. verði felld; það hefir verið gerður um það leynisamningur milli Framsfl. og Sjálfstfl., en æskilegt væri að sjá, hvernig henni verður tekið af sjálfstæðismönnum, þar sem þeir hafa áður verið með svipaðar till., og mætti vísa til ræðu hv. 6. þm. Reykv. um það efni. Eftir þessari till. er ætlazt til, að bæði verkamenn og sjómenn hafi sinn manninn hvor í stjórninni, og þó væri eðlilegra, að þeir tilnefndu 3 heldur en 2 af 5, en ég hefi látið sitja við þetta og finnst þá eins skammt farið og hægt er, en hinsvegar eru 3 menn kosnir af sameinuðu Alþingi. Hv. þm. eiga því að velja milli þess, hvort þeir vilja greiða atkv. með þessari till. og láta þar með þá menn hafa íhlutunarrétt um stjórn verksmiðjanna, sem starfa við þær, eða ekki.

Hv. þm. Barð. beindi sínu máli til mín. Ég ætla ekki að fara langt út í það atriði, en tala sérstaklega um það, hvers vegna Framsfl. vill fá fleiri menn í verksmiðjustjórn, en hann hefir kjörfylgi til í landinu; þar að auki eru hans fylgismenn aðallega þannig settir, að þeir hafa engin afskipti af síld eða síldarverzlun. Eiginlega veit ég ekki um nema einn framsóknarmann, sem nokkuð skiptir sér af þeim málum, það er Þormóður Eyjólfsson, og finnst mér það nokkuð langt gengið til að fullnægja hans óskum, að koma öllum þessum breytingum af stað. Þeir bera því við, að þeir séu að reyna að koma rekstri verksmiðjanna á traustari efnahagslegan grundvöll, en það er ekki nema skálkaskjól. Til þess hefði nægt að setja ákvæði eins og eru í 6. gr., að ekki megi auka afköst verksmiðjanna nema með samþykki þingsins eða ráðh. kæmi til. En það, sem hv. þm. Barð. var að tala um, að engar framkvæmdir mætti gera án samþ. ráðh., sem kostuðu meira en 75 þús. kr., stendur hvergi hér, og ég veit ekki, hvaðan hann hefir það. Á eftir mér mun annar hv. þm. tala, sem getur betur gert grein fyrir því, sem hv. þm. Barð. var að tala um afkomu verksmiðjanna. Mér finnst ekki ástæða til að kvarta yfir henni, samanborið við afkomu einkaverksmiðja. Það er öllum kunnugt, að þær hafa borgað viðskiptamönnum sínum hæsta verð fyrir síldina og þar að auki staðið í skilum með alla vexti og afborganir.

Þá vildi ég koma að öðru atriði í þessu máli. Það er, hvers vegna framsóknarmenn vilja klípa af útborguðu verði til útgerðarmanna og sjómanna með því að borga 85% af því, og taka sem dæmi, hvernig þetta sé gert hjá kaupfélögunum og samvinnufélögum bænda, þar sé alltaf greitt áætlað verð. Ég verð að spyrja hv. framsóknarmenn, hvort þeir sjái ekki muninn á rekstri síldarverksmiðju og samvinnufélaganna. Þau hafa öll nægilegt lánstraust í bönkunum hér og einnig í Danmörku, og þótt bændur fái ekki útborgaðan nema hluta af vöruverðinu, þá fá þeir lán hjá kaupfélögum sínum til að fleyta sér milli ára og færa til. Er það þá meining framsóknarmanna, að það eigi að taka upp sama fyrirkomulag við verksmiðjurnar, að það eigi að taka þar upp stórkostleg lánsviðskipti; verksmiðjurnar taki stór lán og láni svo aftur við viðskiptamannanna.

Hv. 5. landsk. gerði þá fyrirspurn, hvort þetta frv. væri ekki á móti þeim samningum, sem Alþfl. hefði gert við Framsfl. Ég hygg, að hv. þm. sé kunnugt um, að um þetta mál hafa engir samningar tekizt milli þeirra flokka, og þeir samningar, sem gerðir hafa verið, eru aðeins til næsta þings. Komi Framsfl. þessu máli fram á þann hátt sem nú lítur út fyrir, með leynisamningum við Sjálfstfl., þá mun það koma til athugunar, þegar næst á að reyna að ná samningum milli þessara flokka, hvernig löggjöf þessi verður þá. Ég veit, að aðaltilgangur form. Framsfl. með því að koma þessu frv. fram er sá, að skapa þann fleyg, sem geri mögulega sprengingu á milli þessara flokka. Ég sé, að þessi utandeildarmaður situr hér og brosir til hægri, og þykir mér leitt, ef honum tekst að framkvæma þetta, sem vitanlega er á móti vilja meiri hl. flokksins.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og skal ég með fáum orðum gera grein fyrir, á hverju sá fyrirvari byggðist.

Eins og flestum hv. þdm. er kunnugt, er ég á móti fyrstu 2 gr. frv. og hefi þegar í byrjun þings boðið fram frv. um að fella niður þessar gr. l., sem ganga í gildi, verði frv. samþ. Ég skal taka fram, að það er fleira í þessu frv., sem ég álít, að þurfi lagfæringar, en gangi málsins er nú svo háttað, að ég mun ekki bera fram neinar brtt. til að hefta ekki gang þess, en mun samþ. frv. í þeirri von, að næsta þing geri breyt. á l., en ég vil taka það fram,

að ég mun ekki greiða atkv. með neinni brtt., sem ekki er fram komin í þeim tilgangi að greiða fyrir málinu.

*Einar Olgeirsson: Ég vildi leyfa mér að koma fram með eina fyrirspurn til hv. form. Sjálfstfl. í sambandi við þetta mál. Hann hefir svo lítið látið sína skoðun í ljós. Því vil ég spyrja hann, hvað hann telur rétt síldarverð, sem síldarverksmiðjum ríkisins beri að greiða til sjómanna og útgerðarmanna í sumar. Mér er kunnugt um, að þessi hv. þm. barðist harðri baráttu fyrir, að hátt verð væri greitt hjá síldarverksmiðjum ríkisins bæði árið 1936 og 1937. Hann hefir staðið fremstur í flokki í baráttu fyrir því, að síldarverksmiðjur ríkisins greiddu tiltölulega hátt verð og greiddu það sem fast verð til sjómanna og útgerðarmanna. Árið 1936 var haldinn um þetta stór fundur hér í Rvík, þar sem voru gerðar mjög skarpar samþykktir, og 1937 komu þessar raddir ákaft fram í Morgunbl., og þá sjálfsagt með samþykki form. Sjálfstfl. Þetta voru hvassar raddir, sem síðast töldu það allt of lágt, þegar útborgunarverð var ákveðið 8 kr., en Morgunbl. sagði þó, að hefði fengizt fyrir baráttu Sjálfstfl.

Ég vil nú, þegar þessi hv. þm. er að gera samkomulag við form. Framsfl. um þetta mál, heyra skoðun hans sjálfs á því, hvað hann telji rétt síldarverð í sumar. Mig langar líka til, að hv. framsóknarmenn hér í hv. d. heyri líka, hvaða skoðun þessi nýi bandamaður þeirra hefir um, hvað sé rétt síldarverð, og að þeir heyri nú, hvað form. þess flokks segir, sem hefir þótzt vera að berjast fyrir hagsmunum útvegsmanna og jafnvel sjómanna líka. Ég vona, að nú, þegar þessi hv. þm. hefir eignazt sína eigin síldarverksmiðju, þá hafi hann ekki horfið frá þeirri „pólitík", sem hann hefir rekið sem form. Sjálfstfl. í þessu máli.

Ég skora á hv. þm. að gefa ákveðin svör við þessum spurningum, hvað hann álíti, að verði rétt síldarverð í sumar og hvað hann álíti rétt verð framvegis.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hv. þm. Barð. varpaði til mín nokkrum spurningum, og ég held, að ég verði að nota þessar 10 mín., sem ég hefi til umráða, til að svara þeim. Hann spurði, hvort það væri að vinna fyrir sjómenn og útvegsmenn að endurbæta verksmiðjurnar, og vil ég svara því játandi. Hin síðustu tvö ár hafa verið framkvæmdar miklar endurbætur á verksmiðjunum, endurbætur, sem hafa stórum aukið afköst þeirra, og það er sannarlega að vinna fyrir hagsmuni sjómanna og verkamanna, sem svo falla saman við hagsmuni ríkisins.

Í þessu máli voru tvær stefnur uppi. Önnur sú, að ákveða verð á bræðslusíld mjög ógætilega, eins og hv. þm. G.-K. krafðist áður en h. f. Kveldúlfur eignaðist sína verksmiðju og varð stór síldarkaupandi; hin er sú, að greiða ákveðið síldarverð, sem verksmiðjurnar greiði út að fullu við móttöku, og miða verðið við skynsamlega áætlun, en afgangurinn, sem kynni að verða af rekstrinum, yrði látinn ganga til að endurbæta verksmiðjurnar, svo þær gæfu betri útkomu. Þetta hefir verið gert, og þessar endurbætur eru þegar orðnar það miklar, að verksmiðjurnar hafa aukið afköst sín sem svarar því, að hefði verið byggð ein verksmiðja á Siglufirði til viðbótar. Verksmiðjurnar þar eru ekki byggðar í fyrstu til að vinna úr nema 5 þús. málum í mesta lagi, en nú vinna þær ca. 7 þús. málum. Þótt þessar umbætur kosti mikið fé, þá kosta þær ekkert svipað því eins mikið og ef heilli verksmiðju hefði verið bætt við.

Hv. þm. Barð. spurði, hvort framtíðarhagsmunum sjómanna og útgerðarmanna væri bezt borgið með því að greiða þeim of hátt verð fyrir síldina, og vil ég svara því neitandi. Það á að borga rétt verð fyrir síldina; þannig er hagsmunum sjómanna og verkamanna bezt borgið, en hefði verið farið eftir till. hv. þm. G.-K., hefði þeirra hlutur verið fyrir borð borinn, og þar með hlutur ríkissjóðs. Reyndar gerði hann sínar kröfur áður en h. f. Kveldúlfur varð stór síldarkaupandi. Nú gerir hann kröfur um nógu lágt síldarverð, svo Kveldúlfur beri sig.

Ég hefi bent á það í grein í Alþbl., að síldarverksmiðjur ríkisins hafa staðið við öll sín loforð og gjöld þessi 2 ár, og meira en það. Hv. þm. Barð. talaði um það, að ég hefði farið varlegum orðum um útkomu ársins 1937, og vil ég í því sambandi benda honum á, að meðan ársreikningar eru ekki að fullu uppgerðir, er ekki nema eðlilegt, að ég tali varlega, því ég vil ekkert fullyrða í þessu máli, sem ég er ekki viss um að geta staðið við. Ég vil einnig segja hv. þm. Barð., að fullt útlit er fyrir að síldarverksmiðjur ríkisins muni ofan á gott síldarverð geta borgað öll sín gjöld, þrátt fyrir öll skakkaföll. Hv. þm. Barð. spurði mig að því, hvort ekki væri hægt að krefjast meira af ríkisverksmiðjunum en að þær greiddu lögmæt gjöld og afborganir. Nei, það er ekki hægt eða ekki rétt að heimta meira. En hv. þm. verður að átta sig á því, að þessi lögmætu gjöld nema rúmlega 430 þús. krónum á þessu ári. Þar af fer á þriðja hundrað þúsund króna í varasjóð og 150 þús. í afborganir. Í þessu frv. er ekki heldur farið fram á annað en að verksmiðjurnar greiði lögmæt gjöld. — Auk venjulegrar fyrningar er ætlazt til, að þær greiði 5% af kaupverði síldarinnar, eða 40 aura af hverju 8 króna síldarmáli á þessu ári í varasjóð. Þó að allar afborganir, —150 þús. — séu teknar með í rekstrarkostnaði verksmiðjanna, og þrátt fyrir hina ríflegu varasjóðsaukningu sýnir reikningurinn ekki halla, heldur þá útkomu, sem vonazt var eftir. Með því móti tel ég sýnt, að goldið hafi verið sannvirði fyrir síldina og fullkomlega séð borgið hag verksmiðjanna, komi ekki ófyrirsjáanleg óhöpp fyrir.

Hv. þm. Barð. hélt því fram, að ekki væri hægt að skapa skyldu með lagasetning. Ég veit ekki betur en flest lög geri það, og sú skylda getur snert atriði, sem löggjafinn hefir ekki séð fyrir. Hvað sem því líður, er það hastarlegt, ef deildin neitar af ofstækisfullum þvergirðingi að orða rétt, hvað skuldin er mikil við dr. Paul, — ef það eiga að standa áfram í frv. tvö ár í staðinn fyrir eitt, sem eftir er að borga fyrir. Eða ef þeir, sem að frv. standa,

ætla virkilega að verja þetta orðalag og reikna með því, að 100 þús. kr. séu óborgaðar, en ekki 50 þús., eins og er í raun og veru, — þá veit ég ekki hverskonar hugulsemi það er gagnvart síldveiðimönnunum.

Hv. þm. (BJ) talaði um, að það þyrfti að skapa pólitíska frið kringum verksmiðjurnar. Það hefir verið ólíkt meiri friður kringum þær heldur en síldarútvegsnefnd, og er þó nefndin skipuð á nokkuð líkan hátt og frv. leggur til um verksmiðjustjórnina. Ef sú breyt. frv. gengur fram, leiðir ekki af því, að friðurinn, sem nú er í verksmiðjustj. og um hana, haldist, heldur ófrið líkt og um síldarútvegsnefnd. Forgöngumenn frv. vígbúast af kappi og segjast eins og stórveldi gera það til að skapa frið. Það sýnist allt benda til, að þeir hafi ekkert lært og engu gleymt og ætli að skapa sama ástandið og var í verksmiðjustj. 1935 og 1936, áður en um var breytt.

*Ólafur Thors: Það er náttúrlega ekki skylda mín að ganga til yfirheyrslu hjá hv. 5. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni. En ég get gert honum það til geðs að fræða hann um afurðaverðið eins og það er áætlað á þessu ári. — Þó að síldarverð ytra mætti teljast fremur lægra en hærra heldur en var 1936, hefir miklu hærra verið borgað fyrir hrásíldina. Þá fékkst ekki hærra verð en 5,30 kr. fyrir málið, en við gerðum kröfu um 6 kr. a. m. k. Ef hinsvegar er miðað við verð síldarolíu, sem hækkaði úr 17 £ 10sh. upp í 21 £ smálestin, seld fyrirfram, þá mætti meta málið 1,50—2,00 kr. hærra nú en 1936. Þá hefði síldin samkv. verðinu 1936 átt að komast upp í 6,80—7,30 kr. málið og samkv. minni kröfu upp í 7,50—8,00 kr. málið, eða nálægt því, sem greitt var í sumar.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur þessar upplýsingar nægja sér, en þær eru skýrar frá minni hendi. Ég hefi svarað honum svo oft áður, að ég hirði ekki um það nú. Mér er það eitt aðalatriði, að málið nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Hv. þm. Ísaf. vill nú vefengja það, sem ég hermdi eftir honum, að hann hafi talið vafasamt, hvort síldarverksmiðjur ríkisins gætu á þessu ári greitt það, sem þeim er ætlað að greiða — og lögboðið, að þær skuli greiða. Þess vegna ætla ég að leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa nokkur orð upp úr grein hv. þm. Ísaf. Finns Jónssonar, í Alþýðublaðinu 14. des. í greininni: „Sjóðeignir síldarverksmiðja ríkisins hafa þrefaldazt árið 1936—1937". Þar segir svo: „Nú á þessu ári verður eigi annað séð en síldarverksmiðjur ríkisins geti svarað öllum lögboðnum gjöldum þrátt fyrir hið mikla verðfall, sem orðið hefir á síldarlýsi, falli það ekki verulega frá því, sem nú er, sem ekki telst líklegt, en gjöldin eru — samtals kr. 431092.66." Þarna sést, að hv. þm. Ísaf. hefir hreint ekki verið viss um hag verksmiðjanna. Núna heldur hann því fram, að fullkomlega gætilega hafi verið áætlað með því að greiða 8 kr. fyrir síldarmálið, eða 8,50 eins og gert var á Sólbakka. Þarna er hann aftur á móti að verja ráðstafanir verksmiðjustj. og þorir ekki að taka ákveðnar til orða en að áætlunin muni standast, ef síldarlýsi falli ekki verulega frá því, sem orðið er. En nú er spurningin: Eru ekki allar líkur til þess, að lýsið falli langt niður úr því? Ég veit ekki betur en að það hafi fallið í sífellu úr 22 £, sem Alliance gat selt tonnið fyrir, niður í 17 £, 16 £ og enn neðar — og enginn veit, hvað lágt það getur farið. Ég álít ekki nóg, að einhver von sé um það, að hægt sé að standa við lögboðnar greiðslur, heldur sé ástæðan til að ganga einhvern veginn þannig frá verðákvörðun hrásíldarinnar, að sjómenn og útgerðarmenn fái sitt, en ekki meira en sitt, svo að verksmiðjurnar geti ekki aðeins staðið undir því, sem þeim er ætlað að greiða, heldur geti staðið undir nauðsynlegum endurbótum á verksmiðjuhúsum og vélum. Fyrsta skilyrðið til þess, að verjandi sé að hafa slíkar verksmiðjur í höndum ríkisins, er, að þær séu reknar með sem minnstri áhættu og þannig, að þær séu fastur grundvöllur undir einni stærstu atvinnugrein landsins.

Ég skal ekki neita því, að það geti orðið meiri friður í verksmiðjustjórn, þar sem flokksbræður einir ráða. En hv. þm. Ísaf. veit, að ekki er hægt að ætlast til, að friður slíkrar stjórnar út á við sé eins góður, þegar einn flokkur tekur sér þar einræði. Hv. þm. sagði, að meiri ófriður hefði staðið um síldarútvegsnefnd en um stjórn verksmiðjanna, þótt hún væri kosin af þingflokkunum. Ég vil benda honum á, að það hafa verið hafðar frammi algerlega rangar ásakanir á nefndina og formann hennar — Finn Jónsson —, og þó að það sé blandaður kór, sem kyrjar þann níðbrag, þá verður það aldrei sá réttmæti áfellisdómur, sem leggst á hvern flokk, sem tekur sér einræðisvald yfir opinberum fyrirtækjum.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Ég get verið hv. þm. Barð. þakklátur, því að hann sannaði mitt mál, að það væri engin trygging fyrir, að vinnufriður fengist í þeirri stjórn, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil enn minna á, hvernig Sjálfstfl. skipaði tveim mönnum sínum, með hótunum um að gera þá flokksræka, að fara úr stjórn verksmiðjanna og bregðast þar með loforði, sem þeir höfðu gefið atvmrh. og mér um að vinna með mér í stjórn. Ég á erfitt með að treysta nú heilindum þess flokks, sem þá kaus slíkan fjandskap fremur en hlutdeildina í stjórn verksmiðjanna.

Hv. þm. Barð. vildi vita, hve mikið gæti versnað útkoman, ef óselda lýsið lækkaði mikið enn. Nú mun verðið vera tæp 16 £, eða 15 £ 10 sh. tonnið, og fremur lítil hætta á, að það lækki að mun úr því. Af lýsi ríkisverksmiðjanna er ekki heldur svo mikið eftir, að tapið á því geti orðið stórfelldur hnekkir fyrir þær.

Ég verð að taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., en þrátt fyrir ummæli hv. þm. Barð., að málið hefði þurft að fá meiri athugun í nefnd. Á aukafundi, sem haldinn var í n., var málið afgr. án þess, að brtt. fengjust ræddar við meiri hl. Slíkt kapp er lagt á það af nokk-

rum mönnum að hindra allar lagfæringar á þessari lagasmíð.

Þá er það náttúrlega árangurslaust, þó að ég leiðrétti aftur og aftur rangfærslurnar, sem eiga að sýna, að breyta þurfi fjárstjórn verksmiðjanna eins og frv. krefur. Hv. þm. Barð. skortir ekki vitneskju um það, að verksmiðjurnar hafa greitt allar afborganir af stofnfjárskuldum og endurbótum. Þær kosta sjálfar aukning sína og endurnýjun. Núv. verksmiðjustjórn hefir getað greitt þetta alveg upp, og auk þess borgar hún upp nú um áramótin 300 þús. kr. rekstrarvixil, að nokkru eða öllu leyti, sem var í óskilum, þegar hún tók við fyrirtækinu.

Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson): Ég tók það eitt fram, að öllum væri bezt, að það fengist tryggt, að verksmiðjurnar gætu sjálfar staðið undir þeim umbótum, sem gera þarf á þeim. Tryggingin hefir engin verið fyrir því, þó að það hafi tekizt, og þó að ég sé ekki að bera það á núv. form. stjórnarinnar, hv. þm. Ísaf., að hann hafi staðið illa í stöðu sinni. En ég hygg rétt fyrir hann að sækjast ekki eftir að liggja undir þeim ásökum, sem hann hlýtur að verða fyrir, ef hann vill halda einræði sínu yfir verksmiðjunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 341, n. 410 og 431, 426, 474).

ATKVGR.

Brtt. 426 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 431,1 felld með 17:8 atkv.

— 474 felld með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, ÍslH, VJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ.

nei: GG, GSv, HelgJ, JakM, ÓTh, PHerm, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, JörB.

3 þm. (JPálm, TT, BJ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 16:5 atkv.

Brtt. 431,2 felld með 16:8 atkv.

5. gr. samþ. með 19:5 atkv.

6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 431,3 felld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HV, ÍslH, VJ. ÁÁ, EOl, EmJ, FJ.

nei: GÞ, GG, GSv. HelgJ, JakM, ÓTh, PHann, PÓ, SEH, SkG, StSt, SvbH, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ, BjB, EE, EystJ, JörB.

PHalld, SK greiddu ekki atkv.

4 þm. (JPálm, StgrSt, TT, BJ) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 16:7 atkv.

8.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 431,4.a felld með 17:8 atkv.

— 431,4.b felld með 15:8 atkv.

11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 431,5 felld með 16:7 atkv.

12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

13. gr. samþ með 19 shlj. atkv.

Brtt. 431,6.a felld með 18:6 atkv.

— 431,6.b tekin aftur.

— 431,6.c felld með 17:6 atkv.

14. gr. samþ. með 18:1 atkv.

15.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 431,7 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FJ, HG, HV, ÍslH, VJ, ÁÁ, EOl.

nei: EystJ, GÞ, JakM, JPálm, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, SvbH, ÞBr, BÁ, BjB, EE, JörB.

GG, GSv, HelgJ, PHann, StgrSt, ÞorbÞ, greiddu ekki atkv.

2 þm. (TT, BJ) fjarstaddir.

Bráðabirgðaákvæði samþ. með 18:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:8 atkv.

Við nafnakallið um brtt. 431,7 gerðu sex þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þar sem mér er kunnugt, að tvær afborganir eru enn óyfirfærðar, segi ég nei.

Finnur Jónsson: Þar sem mér er kunnugt um, að tveir mánuðir eru síðan Landsbankinn var beðinn að yfirfæra þessa upphæð og hún borguð inn í bankann, svo að nú er aðeins eftir ein afborgun, og hún er fyrir árið 1938, þá segi ég já.

Héðinn Valdimarsson: Þar sem ég óska ekki að gefa dr. Paul 50 þús. kr., þá segi ég já.

Jakob Möller: Ég segi nei, hvað sem það kostar.

Ólafur Thors: Í fullu trausti til þess, að fremur beri að treysta hæstv. fjmrh. en hv. þm. Ísaf. segi ég nei.

Þorsteinn Briem: Með tilvísun til greinargerðar hæstv. fjmrh. segi ég nei.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 341).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, StgrSt, SvbH. TT, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, HelgJ, JakM, JPálm, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH. SK, JörB.

nei: VJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, HG, HV, ÍslH.

1 þm. (BJ) fjarstaddur.

***Einar Olgeirsson:** Ég gerði fyrirspurn við 3. umr. til hv. þm. G.-K. í sambandi við hans afstöðu til síldarverðsins og hvað hann áliti, að myndi hafa verið rétt verð á síld í sumar. Það voru ekki dagprísar á síldinni, þegar Morgunbl. var að ritа um þetta mál í maí og júní 1937 og maí og júní 1936. Hann svaraði nú ekki beinlínis þeirri spurningu, sem ég beindi að honum, hvað hann áliti, að síldarverðið hefði átt að vera í sumar; það þýddi m. ö. o., hvað hátt síldarverðið hefði verið ákveðið í vor, þegar vertíðin var að byrja. Nú svarar hv. þm. því þannig, að hann á-

liti, að eins og afurðaverðið væri í dag, hefði síldarverðið átt að vera lægra en 1936, og eins og verðið var á því, sem síldarverksmiðjurnar seldu fyrirfram, hefði verðið átt að vera á milli 6.90 kr. og 7.50 kr. Í vor þegar Morgunblaðið ritar um þetta og Sjálfstfl. tók afstöðu til málsins, þá barðist Morgunblaðið með því, að síldarverðið væri ákveðið 8.50 kr. Sama máli gegndi 1936, þegar baráttan stóð um það, hvaða verð ætti að vera á síldinni. Þá barðist Sjálfstfl. fyrir því, að síldarverðið væri ákveðið 6 kr. Þá ákvað síldarbræðslun., að það ætti að vera 5.30 kr. eða 5.50 kr. Hvernig hefir svo afstaðan verið í sambandi við það, hvaða verð skuli ákveða fyrir síldina? Það er fróðlegt að athuga það. Það er yfirlýst, að ef úr bandalaginu verður, er ætlunin að greiða minna út á síld en almennt hefir verið gert undanfarið í hlutfalli við áætlunarverð síldar. Ég skýrði frá því í minni fyrri ræðu, að það hefir verið barizt um tvö „princip", eftir því, hvort miðað hefir verið við hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna eða hagsmuni annara síldarbræðslueigenda. Síðan hefir verið ákveðið eins hátt verð og mögulegt var, í samræmi við hagsmuni sjómannanna. Þar með hafa síldarverksmiðjurnar verið notaðar til þess að gera afkomu síldveiðanna sem bezta. Hin aðferðin var, að ákveða verðið svo, að það væri í samræmi við hagsmuni annara síldarbræðslueigenda. Það er „interessant" í þessu sambandi að athuga afstöðu hv. þm. G.-K. í baráttunni um það, eftir hvorri línunni skyldi fara. Hvort taka skyldi afstöðu með sjómönnum eða verksmiðjueigendum. Það er engum efa bundið, og ég skal rökstyðja það, að Sjálfstfl. hefir fram að þessu tekið eða þótzt taka afstöðu með útgerðarmönnum og sjómönnum, en á móti eigendum síldarbræðsluverksmiðjanna, og nú, þegar Sjálfstfl. breytir gersamlega um pólitík í þessu efni, held ég, að það sé mjög fróðlegt að rifja upp það, sem hv. þm. G.-K. og samherjar hans skrifuðu, þegar harðast var barizt í þessu máli vorið 1936. Hv. þm. G.-K. skrifar t. d. í Morgunblaðið 28. maí 1936, að sannvirði síldarmálsins væri kr. 7,65—8,15, en að ríkisstj. ætlaði að skammta útveginum 5 kr. Síðan skrifar hann hverja greinina á fætur annari um, að ríkisstj. sé að arðræna sjómennina. Mig langar til að gefa hér nokkra hugmynd um, hvernig Sjálfstfl. hefir breytt sinni pólitík á nokkrum augnablikum. Það var við 2. umr. borin upp 11. gr. lagafrv., sem er nú til 3. umr. Þar er kveðið svo á í 3. lið: „Ekki minna en 2% fyrningargjöld af húsum og mannvirkjum og 5% af vélum og áhöldum", og í 4. lið: „5% gjald í varasjóð". Þessum ákvæðum 11. gr. er lagt til að breyta. Hv. þm. G.-K. vill samþ. 11. gr. og er á móti hverri brtt., en 28. maí 1936 skrifar hann í Morgunblaðið um þetta: „Okurlögin. Samkv. l. frá í fyrra er þess krafizt, að sjómenn og útvegsmenn greiði þessi gjöld fyrir afnot af verksmiðjunum: 1. Afborgun af stofnkostnaði eftir því, sem um semst við lánveitendur eða ríkisstj. 2. 2% gjald í fyrningarsjóð. 3. 5% gjald í varasjóð". Þetta segir hv. þm., að geti ekki talizt ríkinu vansalaust, að okra þannig á sjómönnum og útgerðarmönnum. En þetta sama var hann að samþ. hér í hv. d. fyrir 5 mín. Og hann heldur áfram í blaðinu: „Hvaða vit er í að krefjast þessa?" Það er ekki lengi að breytast vitið í hv. þm., og ég mun síðar koma að því, hvað það er, sem hefir breytt svo mjög vitinu í form. Sjálfstfl. Hv. þm. heldur áfram að skrifa og ræðir sérstaklega um afstöðu Framsfl. til þessa máls. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp úr Morgunbl. 4. júní: „En hver er ástæðan til þess, að hin nýja stj. síldarverksmiðjanna dregur það svona á langinn að ákveða síldarverðið? Ástæðan er sú, að hin nýja stj. var ekki skipuð með það fyrir augum að koma á ró og friði um verksmiðjurnar. Hún var skipuð til þess fyrst og fremst að koma á nýju skipulagi um rekstur verksmiðjanna — samvinnuskipulaginu —, enda breyt. gerð samkv. kröfu Framsfl." Svo kemur: „Útgerðarmenn og sjómenn áttu ekki að fá greitt fast verð út á síldina, heldur áttu þeir að fá útborgað eitthvert áætlunarverð og uppbót síðar, ef eitthvað yrði afgangs, þegar búið yrði að greiða öll „mistök" Finns og Co." — Þetta segir hv. þm. fyrir rúmu ári um ástæðuna til þess, að þetta var gert, og tekur þar beina afstöðu á móti stefnu Framsfl. Enda rísa þá öldurnar hátt.

Ég ætla að lofa hv. dm. að heyra, hvernig þessir núv. bandamenn Framsfl. skrifuðu fyrir hálfu öðru ári. Í Morgunbl. 5. júní 1936 er þessi fyrirsögn „Vargar í véum. Hversu lengi á að þola framsóknarmönnum að níðast á Rvík?" Svo kemur undirfyrirsögn: „Flestir gerðust nýtir borgarar í bænum. Framsóknarmenn eru undantekning". Síðan er þessari allsherjarherferð á móti Framsfl. haldið áfram, og hver greinin rekur aðra. 7. júní skrifar hv. þm. G.-K. stóra grein, og þar er ein aðalfyrirsögnin: „Smánarboðið. Eftir Ólaf Thors". Greinin endar svo, og vil ég þar næstum gera orð hv. þm. G.-K. að mínum: „Það er ofdirfska að velja síðari kostinn (c: ófrið og óvissu) í andstöðu við sjómenn, útvegsmenn og almenningsálitið, með verksmiðjustjórnina klofna í baksýn". Þetta er alveg það sama sem hv. þm. ætlar að gera núna. En hvað veldur? Hvernig stendur á, að svona skuli vera komið? Jú, það hefir gerzt einn atburður. Það hefir risið upp ný síldarbræðsluverksmiðja á Hjalteyri, sem hlutafél. Kveldúlfur er eigandi að. Með því hefir form. Sjálfstfl. komizt í þá aðstöðu, að hlutafél. hans er komið í tölu stærstu síldarkaupenda landsins. Nú skal ég lofa ykkur að heyra, hvernig Morgunbl. og form. Sjálfstfl. rituðu fyrir hálfu öðru ári um síldarbræðslueigendur og síldarkaupmenn. 9. júní 1936 stendur í Morgunbl., með leyfi hæstv. forseta: „Síldarkaupmenn kallaðir til hjálpar ríkisstj. Herferðinni gegn sjómönnum og útgerðarmönnum heldur áfram". Þetta er fyrirsögnin. En hvað er að gerast hér á þingi nú? Jú, síldarkaupmenn eru kallaðir til hjálpar. Það er fokið í öll önnur skjól. Herferðinni gegn sjómönnum og útgerðarmönnum er haldið áfram með aðstoð form. Sjálfstfl., Ólafs Thors. Hv. þm. skrifar þarna langa grein með sínum venjulega krafti og endar með þessum orðum úr

Alþýðubl., sem ég held, að ég geri líka að mínum orðum: „Þetta er einhver ljótasti leikurinn, sem leikinn hefir verið gegn hinum vinnandi stéttum, og þá einkum sjómannastéttinni".

Ég býst við, að ef maður héldi áfram með þessar greinar, væru þær kjaftshögg á kjaftshögg ofan á pólitík hv. þm. G.-K. nú. Hver stafur í þeim er þess eðlis. Það er nokkuð eftirtektarvert, sem er að gerast, og það getur farið svo að leikslokum, að Sjálfstfl. sjái, að eins og hann gat haldið fylgi útgerðarmanna og unnið fylgi sjómanna með lýðskrumi sínu 1936, mun hann mjög auðveldlega tapa því aftur. Með afstöðu sinni nú er hann búinn að sýna, að hann er með síldarkaupmönnunum og bræðslusíldareigendum, sem hann réðst á þá.

Í Morgunbl. 10. júní er grein eftir form. Sjálfstfl. Fyrirsögnin er: „Ólafur Thors hrekur blekkingar Alþýðublaðsins". Það er engin smáræðis uppsetning á þessu. Ég ætla að lofa hv. d. að heyra, hvernig hann endar greinina. Hún er um það, að síldarverksmiðjueigendur hafi verið kallaðir til hjálpar. Það var svo, að verksmiðjueigendur á Norðurlandi mótmæltu því, að verðið yrði ákveðið hærra en kr. 5,40 fyrir málið, og snerust þannig á móti síldarútvegsmönnum. Morgunbl. gerði mjög lítið úr síldarbræðslueigendum fyrir að vega aftan að sjómönnum og útvegsmönnum, og greininni lýkur svo: „En eigendur Krossanesverksmiðjunnar og aðrir, sem undir verndarvæng „hinna vinnandi stétta" komast að vildarkjörum við sjómennina, drekka skál velgerðarmanna sinna og biðja ríkisstj. Íslands, „stjórn hinna vinnandi stétta", sem allra lengstra lífdaga. En við kosningarnar gjalda svo sjómennirnir sína þakklætisskuld".

Síðasti kafli þessarar sögu er skemmtilegastur, því að nú eru allar fyrirsagnirnar eins og miðaðar við það, að sem hægast sé fyrir andstæðingana að nota þær. — Það er sýnt, hvernig fer um þetta mál, og það var líka orðið svo 11. júní í Morgunblaðinu. Þar er þessi fyrirsögn „Pyrrhusarsigur síldarokraranna". Ég býst við, að það eigi eftir að fara svo líka hér, að það verði síldarokrurunum dýrt, sem þeir ætla að gera nú. Þó að formenn Sjálfstfl. og Framsfl. geti nú brætt sig saman um að knýja l. í gegn, getur farið svo, að þetta verði eftir á skoðað sem Pyrrhusarsigur síldarokraranna.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, hver hefir verið afstaða sjálfstæðismanna í baráttunni við síldarverksmiðjurnar. Þessa stefnu markaði hv. þm. G.-K. árið 1936. Nú stendur þessi barátta aftur. Nú er sýnt, að Sjálfstfl. tekur öfluga afstöðu við það, sem hann gerði 1936, með því að gera stj. síldarverksmiðjanna svo úr garði, að þær geti ekki borgað sjómönnum fast verð út á síldina. Þess vegna er það, að með afgreiðslu þessa frv. er verið að berjast á móti hagsmunamálum síldveiðimanna, en með síldarbræðslueigendum, og síldarverksmiðjur ríkisins eru gerðar að vopni fyrir Krossanesverksmiðjuna, Kveldúlfsverksmiðjuna og aðrar slíkar. Ástæðan til þess, að stærsti flokkur landsins, sem nýtur fylgis 40% af kjósendum landsins, svíkur nú umbjóðendur sína, er sú, að lítil klíka hefir hagsmuna að gæta með bræðslueigendur á móti sjómönnunum. Það er auðséð, að nú er miklu tilfinnanlegra að verða fyrir lækkun síldarverðsins heldur en 1936, því að síldveiðin er sú eina veiði, sem hefir gefið útgerðinni hagnað á þessu ári. Fyrir þá, sem fram að þessu hafa fylgt Sjálfstfl. að málum, er það nú sýnt, að sá flokkur er á móti sjómönnum í þeirra baráttu. (JakM: Við verðum kommúnistar!). Það er alveg viðbúið. Greinar hv. þm. G.-K., sem ég hefi vitnað í, og samskonar greinar í vor hljóta að snúast mjög á móti þessum herrum. Um hitt læt ég framsóknarmenn, hversu öruggt þeim finnst að treysta bandalagi við þessa nýju bandamenn sína, sem hafa snúizt í lið með þeim einungis af hagsmunaástæðum hlutafél. Kveldúlfs.

Héðinn Valdimarsson: Við 2. umr. greiddi ég ekki atkv. um brtt. við 14. gr., þar sem þessu ½% tillagi verksmiðjanna til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarsjóða, þar sem þær eru reknar, er breytt í ¼%. Ég skal ekki leggja dóm á, hvort þetta ½% er of mikið eða of lítið og því greiddi ég ekki atkv. En ég álít, að þetta mál eigi að taka upp á öðrum grundvelli, og það mun ég gera á næsta þingi, því deilan um þetta mál mun halda áfram meðan stjórn verksmiðjanna er svo skipuð sem frv. gerir ráð fyrir. Á næsta þingi mun ég bera fram frv. um, að þessi miklu opinberu gjöld, sem eiga að hvíla á ríkisverksmiðjunum, nái einnig til verksmiðja, sem eru einkafyrirtæki. Engin l. munu vera til hér á landi, sem veita einkafyrirtækjum eins mikil hlunnindi og þessi l. En eðlilega leiðin er sú, að einkafyrirtæki greiði, eins og ríkisfyrirtæki, ákveðið gjald í jöfnunarsjóð, hvar sem þau eru.

Ég þykist vita, að þeir menn innan Sjálfstfl., sem standa hér fremstir í flokki um þessa samvinnu um álögur á síldarverksmiðjur ríkisins, muni verða á móti því, að einkaverksmiðjur komi til með að greiða eins mikið í opinber gjöld. Sú hefir a. m. k. verið reynslan, þegar á átti að herða. Að öðru leyti skal ég ekki fara út í einstök atriði þessa máls.

Það er svo komið með þetta frv., að verði það að l., ætlar form. Framsfl. að hafa síldarverksmiðjur ríkisins sem gísl fyrir samvinnu sinni við Sjálfstfl., og er það miður glæsilegt, að þetta stærsta atvinnufyrirtæki ríkisins eigi að vera leiksoppur á milli þessara tveggja flokka. Mun þá sennilega skapast sú aðstaða fyrir form. Framsfl., að hann getur komið á vinnulöggjöf í samráði við sjálfstæðismenn, enda hefir það alltaf verið draumur hans. — Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég bar fram við 2. umr. brtt., þar sem farið er fram á, að þetta ½% gjald, sem á að fara til bæjar- og sveitarfélaga, væri hækkað upp í 1%. Ég tók þessa till. aftur til 3. umr. og mun nú taka hana alveg aftur, ekki vegna þess, að ég telji ekki sanngjarnt, að verksmiðjurnar greiði svo hátt gjald, heldur af því, að ég vil ekki stofna málinu í hættu með því að fá þessa till. samþ., svo að frv. þurfi aftur til hv. Ed.

Annað, sem ég vildi minnast á, er atriði úr ræðu hv. þm. Ísaf. Hann lagði mikla áherzlu á, að það væri þinginu til skammar, ef það afgreiddi l., þar sem stæði, að eftir væru tvær greiðslur til dr. Paul, þar sem eftir væri aðeins ein, og endurtók þetta við 2. umr., þótt það væri margupplýst, að greiðslurnar væru tvær. Ég hefi athugað málið nánar og get upplýst, að hv. þm. Ísaf. fer þar með rangt mál. Stjórn síldarverksmiðjanna mun hafa skrifað stjórn Landsbankans um 1. okt. og beðið bankann að skulda verksmiðjurnar fyrir þessari upphæð, sem átti að greiða dr. Paul og mun nema um 160 þús. kr., en bankinn hefir ekki skuldað verksmiðjurnar fyrir þessari upphæð enn og millifærsla hefir engin átt sér stað, svo að upphæð sú, sem hv. þm. hefir beðið að færa út af reikningi verksmiðjanna, stendur þar enn. Þótt svo hefði verið, að síldarverksmiðjurnar hefðu greitt þetta af reikningi sínum í bankanum, þá hefði samt sem áður engin greiðsla farið fram í raun og veru, þar sem svo er um samið, að greiðslurnar skuli fara fram í erlendri mynt. Það væri því ekki lögleg greiðsla, þótt síldarverksmiðjurnar greiddu þessa upphæð inn á reikning í Landsbankanum og ef t. d. yrði gengishrun, þá yrði það á ábyrgð verksmiðjanna, en dr. Paul mundi ekki tapa á því.

Mig furðar, þótt hv. þm. Ísaf. vilji þetta mál feigt, að hann skuli leggja það mikla áherzlu á að fá það svæft, að leggja sig niður við að fara með slík ósannindi, sem hægt var að upplýsa með þeim gögnum, sem ég hefi fengið hjá yfirbókara bankans. Má marka allan málaflutning þessa hv. þm. af því, að hann skirrist ekki við að nota sér ósannindi um svo lítið atriði.

Ég skal ekki tefja afgreiðslu málsins með því að fara inn á þær ræður, sem haldnar hafa verið, en eitt þykir mér einkennilegt í ræðu hv. 5. þm. Reykv., að hann og sósíalistar, sem eru fylgjandi lýðræði og lýðræðisreglum, skuli vera andvígir því, að í Sþ. fari fram hlutfallskosning um skipun stjórnar þessa fyrirtækis. Ég hélt þó, að í Sþ. væri að miklu leyti rétt hlutföll miðað við kjósendur landsins, og það því ekkert brot á lýðræði, að fara eftir vilja Sþ. Þá má og benda á, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefir áður verið kosin af Sþ., þ. e. a. s., 4 stjórnendur af Sþ. og einn skipaður af ráðh.

5. þm. Reykv. og aðrir sósíalistar bera því við, að þeir hafi á móti þessu frv. vegna þess, að þeir álíti, að vinnuveitingar við verksmiðjurnar verði svo mjög misnotaðar af stjórn, sem verði þannig skipuð, en það hefir upplýstst svo frekleg misnotkun á úthlutun vinnu þar áður, að mönnum mun vera það minnisstætt, sérstaklega vegna umr. á síðasta þingi. Það er auðvitað engin ástæða til þess fyrir löggjafarvaldið að þola það, að stjórn svona fyrirtækis skuli vera í höndum eins stjórnmálaflokks.

Það, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði um það verð, sem sjómenn myndu nú fá fyrir síldina, að með þessu frv. væri girt fyrir, að þeir fengju sannvirði, þá er því til að svara, að þetta er nákvæmlega eins í frv. eins og í núgildandi l., og í frv. eru einnig samskonar reglur og í l., sem þó hefir aðeins einu sinni verið framkvæmd, að greiða síldarseljendum aðeins út 85% verðsins. Þetta hefir aðeins verið framkvæmt eitt ár, annars hefir verið greitt fast verð fyrir síldina. Það er því ekkert nýtt í þessu máli, sem hv. 5. þm. Reykv. og aðrir sósíalistar ættu að berjast svo mjög gegn sem þeir gera. Það, sem að þeim er, er það, að þeir vilja fá meiri völd í þessu máli en atkvæðamagn þeirra leyfir. Þeir eru minnihlutaflokkur og verða að hafa völd samkv. því, en ættu ekki alltaf að vera að tala um ranglæti í sambandi við þetta mál.

*__Emil Jónsson__: Ég hefi ekki eytt tíma fyrir hv. d. í að tala um þetta mál, og það mun ég ekki heldur gera nú, enda virðist mér það þýðingarlítið, þar sem allt er svo fyrirfram ákveðið, að hv. þm. fást ekki einu sinni til að leiðrétta sannanlegar villur, sem í frv. eru, og heldur en að gera þessa litlu breyt. vilja þeir samþ. frv. með villunni í. Mér finnst þessi málsmeðferð svo léleg og svo ósamboðin hæstv. Alþ., að ekki tekur tali. Sjálfstfl. mætti vita, að þar sem hann hefir um þetta mál samkomulag við annan stórflokk, að þá væri málinu engin hætta búin, þótt þessu væri breytt, en það er tilgangslaust að eyða um það fleiri orðum.

Ég vil benda á ýmislegt, sem mér finnst athugavert í frv. fyrir utan þessa sjálfsögðu leiðréttingu. Það, sem mér finnst merkilegast í frv., er það, að þar er slitið sundur allt samband milli ráðh., sem fara á með þessi mál, og væntanlegrar stjórnar verksmiðjanna. Sþ. á að kjósa alla stjórnarmenn og þeir síðan sjálfir formann sinn. Með þessu eru útilokuð áhrif ráðh. og ríkisstj. á þetta mál. Mér finnst, að þegar um þetta stærsta atvinnufyrirtæki ríkisins er að ræða, þá sé þetta óverjandi. Ég vil freista þess, hvort ekki má takast að koma einni sjálfsagðri breyt. á, þannig, að atvmrh. sé fengið það vald í hendur að skipa formann fyrir þessari 5 manna n., og finnst mér, að með því sé ráðin nokkur bót á því, hvernig þetta er dregið úr höndum hæstv. ríkisstj. Ef ráðh. skipaði formann, einn af þessum 5, hefir hann með því fengið beinan aðgang að verksmiðjustj., þar sem þar væri maður, skipaður af honum, sem yrði að bera ábyrgð gagnvart þeim ráðh., sem skipaði hann. Ég hefi hugsað mér að bera fram skrifl. brtt. í þessa átt, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp. Hún fer nánar tiltekið út á það, að 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. skuli orða svo:„Atvinnumálaráðh. skipar formann stjórnarinnar til eins árs í senn". Ég hygg, að þetta sé öllum, sem um málið hugsa, fyllilega ljóst. Skal ég því til staðfestingar leyfa mér að lesa upp álit hv. stjórnarandstæðinga um þetta frá árinu 1934. Þá var borin fram af minni hl. sjútvn. brtt. við l. um síldarverksmiðjur ríkisins, sem þá voru samþ. Minni hl. lagði þá til, að atvmrh. skipaði form. stj., og vil ég lesa upp kafla úr ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem var frsm. minni hl. n. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Formaður stj. leggjum við til, að sé stjórnskipaður og aðeins til eins árs í senn. Það hefir verið gengið inn á þá hugsun, sem virðist vera

rétt og er orðið ríkjandi, að sú ríkisstj., sem situr í hvert skipti, eigi að ráða, hverjir eru hennar trúnaðarmenn við stjórn slíkra fyrirtækja sem þessa. Og það er alveg gefinn hlutur, að ef form. þessarar stj. er skipaður árlega, þá hefir hver stj. þar þann trúnaðarmann, sem hún helzt mundi kjósa.

Þetta hefir verið álit hv. stjórnarandstæðinga þá, og ég vænti, að það hafi ekki breytzt síðan, og þau rök, sem giltu þá, gilda einnig nú. — Ég geri ekki ráð fyrir, að það þýði að hafa um málið fleiri orð, enda ætla ég, að ég hafi gert skiljanlegt, hvað ég meina með till. minni, og vona, að þrátt fyrir allt ofurkapp í þessu máli sjái hv. þdm. sér fært að hverfa ekki frá yfirlýstri skoðun í þessu máli og samþ. till.

Um ýmislegt í ræðu hv. 8. landsk., eins og t. d. hlutdrægni í starfsmannavali, þá væri afarhægt að hrekja það, og hafi hlutdrægni verið beitt í síldarverksmiðjum ríkisins, þá er það víst, að hún hefir ætíð ríkt í þeim fyrirtækjum, sem hann og hans flokksmenn hafa ráðið, og mætti draga frekari rök fram í því máli.

Vil ég svo leyfa mér að leggja till. fyrir hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 7. landsk., við 4. gr. Brtt. er of seint fram komin og er skrifl., svo tvennskonar afbrigði þarf til þess að hún megi koma fyrir fundinn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 486) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Ólafur Thors:** Ég hefi leitt þetta mál nokkuð hjá mér við 2. umr. og sé ekki heldur ástæðu til að fjölyrða um það nú, að undanteknum örfáum atriðum. Út af hinum mikla fyrirlestri hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann las upp nokkrar mjög rökfastar og ánægjulegar greinar frá 1936 eftir mig í sambandi við síldarverðið, vil ég segja hv. þm., að það, sem ég þar skrifaði, er ég reiðubúinn að leyfa honum, ásamt þeim rökum, sem þar koma fram, að leggja til grundvallar minum afskiptum af síldarverði næsta síldveiðitímabils, bæði hjá ríkisverksmiðjunum og öðrum. Þetta liggur allt mjög ljóst fyrir. Hv. þm. Ísaf., sem þá var form. verksmiðjustj., vildi, að síldarverðið yrði kr. 5,30, þótt olíuverðið væri £17—10—0 og hans skýri útreikningar var byggður á því, að mjölverðið væri £8 til 10. Dæmið liggur ljóst fyrir; það er aðeins að reikna, hvað yrði útborgað og hvað það lækkar eða hækkar eftir verðlagsbreytingum á mjöli og olíu. Í greinum sínum hefir hv. þm. Ísaf. haldið því fram, að reikna mætti með 20 smálestum af mjöli og olíu úr hverjum þúsund málum af síld, og það þýðir, að verksmiðjunni yrði gert að hækka útborgun um sem svarar 40 aurum fyrir hvert pund sterling. Ég hélt því fram, að verksmiðjurnar gætu greitt 6 kr. Ég rökstuddi það með því, að það mætti ekki vera ófrávíkjanleg regla, að ríkissjóður, sem ber ábyrgð á rekstrinum, heimti alltaf meira af sjómönnum og útgerðarmönnum en þeim er gert með l. að greiða í sjóði verksmiðjanna. Það hefir sýnt sig, að árið 1936 var hægt að borga sex krónur á mál, og standa samt í skilum með allar tilskildar greiðslur.

Ég kem þá að hv. 5. þm. Reykv. Hann spurði, hvað hefði þá átt að borga í vor, og reyndi að snúa út úr orðum mínum. Ég sagði, að samkv. því, sem nú væri komið á daginn, hefði átt að borga 7.50 kr. til 8.00 kr. málið í vor. (**EOl:** Morgunblaðið sagði 8,50 kr.) Heldur hv. þm., að allir sjálfstæðismenn þurfi að skrifa undir hvert orð, sem stendur í Morgunblaðinu? Er Þjóðviljinn svo skrifaður af hv. þm., að allir flokksmenn hans verði að fara eftir því, sem þar stendur? Ég ber virðingu fyrir þeim góðu flokksbræðrum mínum, sem annast ritstjórn Morgunblaðsins, en ég læt þá ekki segja mér fyrir verkum um öll mál. Þessir reikningar eru svo einfaldir, að hver maður, sem kann lítlu töfluna, getur leyst úr þeim hjálparlaust. Annars skal ég segja hv. 5. þm. Reykv., að það er of snemmt fyrir hann að fara á atkvæðaveiðar út af þessu máli; ég mun byggja mínar tillögur í framtíðinni á mínum fyrri skrifum um þessi mál. En ég er fylgjandi þeim breytingum, sem hér á að gera, ekki síst vegna þess, að ég tel málunum betur borgið, ef þessar stofnanir eru teknar úr höndum hv. þm. Ísaf., sem mest völd hefir haft í þeim undanfarið. Og síst situr það á hv. 5. þm. Reykv. að tala um sinnaskipti í þessu máli; ég veit ekki betur en að hann sé nú skriðinn upp í flatsængina hjá hv. þm. Ísaf., sama manninum, sem réð því, að sjómenn fengu ekki nema 5.30 kr. fyrir síldina, þegar ég og hv. 5. þm. Reykv. töldum, að hægt væri að borga sex kr.

Annars eru það undarleg rök, að vegna þess að einhverjir menn úr Sjálfstfl. hafi meiri ítök, meiri hagsmuna að gæta í síldarbræðslunum, þá gleymi flokkurinn þeim þúsundum sjómanna, sem hann hafa stutt, og fórni hagsmunum þeirra vegna örfárra atvinnurekenda.

Ég fer ekki út í það að ræða mína eigin mannkosti hér á þessum vettvangi, en ég er ekki sá rati, að láta mig henda það að renna frá allri minni fortíð af því að Kveldúlfur hefir nú eignast tvær síldarverksmiðjur, í stað einnar áður. Nei, það er of snemmt fyrir hv. þm. að fagna sigri, ég skal gera honum örðugar kjósendaveiðarnar. Hann vill hafa mig út í það, að hugsa eingöngu um gróðann af síldarbræðslum Kveldúlfs, og ætlar svo að ná þeim mönnum á sitt band, sem undanfarin ár hafa í stöðugt vaxandi mæli fylkt sér um Sjálfstfl. Þess vegna leggur hv. þm. nú hina mestu áherzlu á að sýna, að ég hafi kyngt fyrri fullyrðingum mínum og skrifum um þessi mál, og beiti nú mínu pólitíska áhrifavaldi til þess að vernda hagsmuni þeirra félaga, sem ég hefi gróða af. Ef ég léti stjórnast af slíkum eiginhagsmunum einvörðungu, þá ætti ég ekkert sæti á hv. Alþ. En hvað sem innræti mínu líður, þá vona ég, að hv. þm. ætli mig ekki svo heimskan, að ég fari að gera annað eins og þetta. Hinsvegar vona ég, að hv. 5. þm. Reykv. læri af þeim góðu og vel skrifuðu greinum, sem hann las upp eftir mig, bæði um rökfærslu og réttan málflutning.

Ég hefi fulla ástæðu til að hrekja eitthvað af verstu firrunum, sem hér hafa verið á borð bornar, en mun þó ekki gera það, þar sem ekki er líklegt, að ræðuhöld hafi nein áhrif á úrslit málsins úr því sem komið er.

*Gísli Guðmundsson: Ég skal ekki koma inn á almennar umræður um þetta mál. En svo sem sjá má á nál. hv. meiri hl. sjútvn., hefi ég áskilið mér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. Ég hafði í huga að bera fram brtt. við 14. gr. Í þessari grein er ákveðið, að síldarverksmiðjur ríkisins greiði víst gjald af brúttó framleiðslutekjum verksmiðjanna í bæjar- eða sveitarsjóð viðkomandi staðar, og var gert ráð fyrir, að þetta gjald yrði 1% af tekjunum. En í meðferð hv. Ed. var þessu breytt í ½%, og tel ég, að ekki hafi staðið full rök að þeirri breytingu. Það var ennfremur sett inn ákvæði um, að þetta gjald mætti ekki nema meiru en 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags. Þetta kemur sýnilega illa við þau sveitarfélög, sem fámennust eru. Að baki þessu liggur samskonar hugsun og ef sveitarfélögum væri bannað að leggja á sem útsvör nema vissan hundraðshluta af því, sem jafnað hefir verið niður. Slíkur hugsunarháttur nær ekki nokkurri átt.

Ég hefi ekki ætlað mér að standa í vegi þessa frv. og tel rétt, að það nái fram að ganga, og mun ég því falla frá að flytja þessa brtt. nú, í því trausti, að réttlát breyt. fáist á þessu atriði á næsta þingi. Nú er orðið svo áliðið þings, að ekki vinnst tími til að vinna að breyt. á frv., og hefi ég því lagt til, ásamt þremur samnm. mínum, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir. En afstöðu mína til frv. ber ekki að skilja svo, að í henni felist vantraust á þá stjórn, sem undanfarið hefir verið í verksmiðjunum, eða form. þeirrar stjórnar. Fyrir mér er hér um princip-mál að ræða, en ekki afstöðu til einstakra manna.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. (EOl) svo hljóðandi: [sjá þskj. 487]. Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Hv. 8. landsk. beindi til mín þungum orðum fyrir að ég hefði farið rangt með það, sem ég sagði um afborganirnar til dr. Paul, að ekki væri eftir nema eitt ár af afborgunartímanum. Ef hv. 8. landsk. kann að draga sjö frá átta, þá getur hann sannfærzt um, að ég fór með rétt mál. Síðasta afborgunin af dr. Pauls verksmiðjunni á að fara fram á árinu 1938. Í frv. stendur ekkert um hve mikið sé eftir að borga. Þar stendur: Fyrningargjöld af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau tvö ár, sem eftir er að greiða fyrrv. eiganda afborgun af andvirði verksmiðjunnar samkv. samningi". Eftir þessu ættu að vera eftir tvö ár af afborgunartímanum, og hv. 8. landsk. tekst ekki með neinum vasaprókúrator-brögðum að sanna, að ég hafi farið með rangt mál, — Hæstv. fjmrh. spurði hvort búið væri að greiða afborgun yfirstandandi árs. Ég skal upplýsa, að verksmiðjustjórnin hefir í októbermánuði beðið um, að afborgun þessi væri yfirfærð af hlaupareikningi verksmiðjanna í Landsbankanum til Barcleys Bank í London, og hefir verksmiðjustjórnin ekki ástæðu til að ætla annað en að upphæðin hafi verið greidd; það er a. m. k. ótrúlegt, að skuldir, sem ríkisstofnanir eru í erlendis, séu látnar sitja á hakanum, þegar gjaldeyri er úthlutað. Ég vil ítreka það, að hv. 8. landsk. hefir ekki lesið frv.; þar er ekki verið að tala um afborganir, sem eftir sé að greiða, heldur um ár, sem eftir séu af afborgunartímanum. Fyrir þessi áramót fer úr landi síldarlýsi frá ríkisverksmiðjunum, sem að verðmæti er um hálf millj. króna. Ég tel því engan vafa á því leika, að sé ekki búið að yfirfæra afborgun þessa árs, verði það gert fyrir áramót.

Ég er ekki orðinn því óvanur, að ég sé talinn ráða einn yfir tveimur eða þremur sjálfstæðismönnum og einum eða tveimur framsóknarmönnum, sem með mér hafa unnið. Mér kom því ekkert á óvart, þótt hv. 8. landsk. teldi mig ráða yfir fulltrúa Framsfl. í síldarverksmiðjustj. og auk þess einum utanflokka manni. Ég vil ítreka það, sem ég sagði í dag, að þetta eru ástæðulausar aðdróttanir til þeirra tveggja manna, sem báðir bera fullkomlega skyn á það, hvað þeir eru að gera, og geta haldið vel á sinni skoðun. — Hv. 8. landsk. sagði, að ég hefði beitt einræði við verksmiðjurnar til að reka menn úr vinnu, sem voru andstæðingar mínir í stjórnmálum. Það er orðin föst regla í verksmiðjunum, að sömu mennirnir vinni þar ár eftir ár, og er mjög fáum bætt við á hverju ári, ég held ekki nema einum eða tveimur á árinu 1936, eftir að núv. stjórn tók við. Árið 1937 var bætt við 10—11 mönnum, og hefi ég ekki hugmynd um, til hvers flokks þeir teljast. Það er kunnugt, að hjá þeim fyrirtækjum, sem sjálfstæðismenn ráða, er óspart beitt atvinnukúgun, en slíkt hefir ekki átt sér stað við síldarverksmiðjur ríkisins. — Hv. þm. fer hér með staðlausar aðdróttanir. Manni verður á að hugsa sem svo, þegar maður hlustar á málflutning hv. 8. landsk., að ekki þurfi mikið til þess að verða hæstaréttarmálaflm., ef slík röksemdarfærsla dugar fyrir hæstarétti. — Hv. þm. sagði, að heimildin til að kaupa síldina ákveðnu verði hafi verið sett inn í hv. Ed. Það er rétt, að Ed. setti þar samskonar ákvæði og nú gilda í lögum, og brugðust sjálfstæðismenn þar bandamönnum sínum í Framsfl. Nokkrir sjálfstæðismenn reyndu þá að koma inn ákvæði um að banna að kaupa síld föstu verði, til þess að spekúlation þeirra með síldarafurðir yrði ekki eins áhættusöm og undanfarið, en þeir þorðu þá ekki að halda því til streitu, þegar á skyldi herða, vegna þess að meðal sjómanna og útgerðarmanna var megn óánægja með það fyrirkomulag.

Ákvæði 7. gr. frv. hlýtur að verða til þess að veikja lánstraust verksmiðjanna, og mun því ákvæði vera lætt inn í l. til að vega á móti ákvæðum um leyfi til að kaupa síldina föstu verði, svo verksmiðjustjórnin sé bundin á hönd-

um og fótum við að greiða aðeins 85% af verðinu við móttöku. En þeim finnst nauðsynlegt, framsóknar- og sjálfstæðismönnum, að rýra lánstraust verksmiðjanna, svo að hv. þm. S.-Þ. eigi hægra með að koma fram hótunum sínum um að ákveða síldarverðið með aðstoð Ólafs Thors í bankaráði Landsbankans.

Út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði um síldarverð og lýsisverð 1936 og 1937, þá má benda á að þessi hv. þm. sagði hvað eftir annað í Morgunbl., að síldarverðið ætti að vera frá 7,74 upp í 8,14 kr. á árinu 1936. Ég benti á það í eldhúsumr. hér á dögunum, að fyrirframsala verksmiðjanna allra hefði verið 21 £ fyrir lýsið og í Alliance 22 £. Mjölverðið 1937 hefir verið 11 £ 2—6. En fyrirframsala 1936 hefði ekki verið nema £ 17—10 fyrir tonnið af lýsi og mjölverðið 8 £, eða í hæsta lagi 8 £ 5 sh. Ég benti á það í útvarpsumræðunum, að samkvæmt kröfum hv. þm. G.-K., sem hann sagðist hafa borið fram 1936 um 7—8 kr. verð á bræðslusíld, ef þær hefðu verið réttmætar, þá hefði bræðslusíldarverðið 1937 átt að verða 10—11 kr. málið a. m. k. Og það vill svo vel til, þó að oft sé ekki hægt að trúa útreikningum hv. þm., þá hefir hann sannað mitt mál algerlega í þessu. Hann sagði sem sé áðan í umr. um þetta mál, að síldarverðið ætti að hækka um 40 aura á mál fyrir hvert £, sem lýsistonnið ætti að hækka um. Nú fæst jafnmikið af lýsi og mjöli út úr síldinni, svo að samkv. þessu ætti síldarmálið að hækka um 80 aura samtals fyrir hvert £, sem mjöl og lýsi samtals hækka um. Nú hefir lýsið hækkað um 4 £ síðan 1936 og þangað til sala var gerð 1937, og mjöl hefir hækkað um 3 £, eða hækkun á mjöli og lýsi samtals 7 £. Eftir útreikningi hv. þm. G.-K. hefði þá verð á hverju síldarmáli átt að hækka um sem næst 2,80 kr. frá því 1936. Nú hækkuðu síldarverksmiðjur ríkisins verðið um kr. 2,70 á mál. Hv. þm. G.-K. hefir því við þessar umr. bókstaflega sannað, að það, sem ég hefi haldið fram hér um síldarverð, með því að bera saman 1936 og 1937, er alveg nákvæmlega rétt. Við hækkuðum verðið um kr. 2,70 á mál, eins og hann hélt fram, að síldarverðið hefði átt að hækka um. Ef við svo tökum til viðbótar verð það, sem hann hélt fram, að hefði átt að vera á síldinni árið 1936, við skulum segja 7.50, þá hefði síldarverðið nú á þessu ári, samkv. upplýsingum, sem hann gaf hér í þessari hv. d., átt að vera kr. 10—20 nú í sumar. Eftir kenningum hv. þm. G.-K. frá árinu 1936 hefir því síldarverðið 1937 verið ákveðið kr. 2,20 of lágt, og skyldu menn ætla, að hann hefði hafizt handa og mótmælt slíku ranglæti. En hann er allt í einu orðinn ánægður með verðið eins og það var í sumar. Nú talar hann ekkert um, að verðið sé of lágt, en þá ætlaði hann að ærast yfir, hvað það væri lágt, þó að það sé reiknað eftir nákvæmlega sömu reglu bæði árin og þótt það hafi verið kr. 2,30 of lágt í sumar eftir útreikningi hans 1936. Ástæðan fyrir þessari nýju sanngirni hv. þm. G.-K. er sú, að Kveldúlfur er nú orðinn stór síldarkaupandi.

Hv. 5. þm. Reykv. var að leita skýringa á þessu. Ég get gefið þessar skýringar, sem eru engar aðrar en þær, að hv. þm. G.-K. hefir ekki verið meiri maður en það, að á einu ári er hann flúinn frá öllum sínum kröfum, sem hann gerði um ákvörðun síldarverðs árið 1936.

Hv. þm. G.-K. reisti sig allmikið í d. hér áðan, reigði sig aftur á bak og sagði: „Ég er ekki sá maður, að ég flýi frá því, sem ég hefi haldið fram“, — en hann er nú á þessu ári flúinn frá því, sem hann hélt fram í fyrra. Og ástæðurnar eru, eins og ég hefi bent á, engar aðrar en hagsmunir Kveldúlfs, og af skiljanlegum ástæðum leitar hv. þm. allra bragða til þess að sjá þessu skulduga fyrirtæki borgið, jafnvel þeirra, sem eru ekki vænleg til kjörfylgis fyrir hans flokk, og reynir að velta skuldum Kveldúlfs yfir á sjómenn og útgerðarmenn hér á landi með ákvörðun síldarbræðsluverðsins. Og satt að segja, meðan ég er andstæðingur Sjálfstfl., sem ég vona, að ég verði svo lengi sem ég lifi, þá er ég ánægður með svona lélega frammistöðu formanns flokksins, svona hringsól, svona rökleysur, svona ræfilshátt, þar sem hann nú hleypur frá því, sem hann hefir haldið fram fyrir einu ári síðan um ákvörðun síldarverðsins, sem hann þá setti allt í uppnám til að verja, bara til þess að reyna að velta skuldum Kveldúlfs yfir á sjómenn. Ég er ánægður með þann flokk, sem hefir svona foringja, því að ég veit, að hann vinnur aldrei sigur í landinu.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég er hræddur um, að hv. þm. G.-K., ef hann er hér nærri, verði örðugar kjósendaveiðarnar, eins og hann komst að orði, ef hann leggur út í kosningar með þeirri yfirlýsingu, sem hann kom með áðan. Hann er í fyrsta lagi búinn að hopa það, að hann hefir svarið af sér Morgunbl., og það er þó alltaf gott. Árið 1936 gekk ekki hnífurinn milli form. Sjálfstfl. og Morgunbl. Þá átti Kveldúlfur bara eina verksmiðju. Vorið 1937 er Hjalteyrarverksmiðjan byggð. Því er svo komið, að Morgunbl. stendur eitt uppi með þetta. Nú er svo komið, að hv. þm. sver það algerlega af sér, og það með svo sterkum orðum, að þegar farið verður að athuga, hvernig þetta stendur, þá er ég hræddur um, að það verði allt annað en vænlegt.

Ég skora nú á hv. þm. G.-K. að hlýða á það, sem ég ætla að lesa upp, og segja svo til, hvort hann stendur við allt, sem hann hefir skrifað. Hann sagði áðan, ég held, að ég hafi það rétt: „Allt, sem ég hefi þar skrifað, stend ég við“. Svo ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla, sem hann skrifaði um okurlögin, sem hann var að enda við að samþ. í 11. gr. þessa frv. Þessi gr. er í Morgunbl. 28. maí 1936, og sá kafli, sem ég les upp, heitir „Okurlögin“. Hann hljóðar svo:

„Samkv. lögum frá í fyrra er þess krafizt, að sjómenn og útvegsmenn greiði þessi gjöld fyrir afnot af verksmiðjunum:

1. Afborganir af stofnkostnaði, eftir því sem um semst við lánveitendur eða ríkisstjórnina.
2. 2% gjald í fyrningarsjóð.
3. 5% gjald í varasjóð.

Ég vil nú í fyrsta lagi slá því föstu, að gjöld þessi eru svo óeðlilega há, að tæplega getur talizt ríkinu vansalaust að okra þannig á sjómönnum og útvegsmönnum. Hvaða vit er í því að krefjast þess, að fyrst greiði útvegurinn allan stofnkostnað verksmiðjanna með því að greiða alla vexti og allar afborganir í gjalddaga, síðan greiði útvegurinn stofnkostnaðinn í annað sinn á fyrstu 12—15 starfsárum verksmiðjanna með svokölluðu varasjóðsgjaldi, og loks greiði svo útvegurinn í þriðja sinn ⅔ hluta stofnkostnaðar á sömu 12—15 árum með fyrningarsjóðsgjaldi. Slíkt mætti orða, ef sjómenn og útvegsmenn eignuðust sjálfir þessa sjóði, en svo er ekki.

Útvegnum er ætlað að greiða gjöldin, ríkinu að eiga sjóðina. (Leturbreyting blaðsins).

En við þetta bætist svo, að enda þótt þessum gjöldum væri í hóf stillt, er heldur ekkert vit í því að heimta þau alveg án hliðsjónar til árferðis".

Þetta skrifaði hv. þm. G.-K. og nú lýsti hann því yfir, að allt, sem hann hefði skrifað, stæði hann við, og hafði þá fyrir 5 mín., nú líklega fyrir stundarfjórðungi, greitt atkv. með samþ. þessara okurlaga, svo og að fella allar till. frá öðrum hv. þm. um að lækka þessa liði eitthvað pínulítið. Samt hafa þeir liðir, sem hann taldi þarna upp, hækkað síðan. Fyrningargjaldinu, sem áður var 2%, er nú skipt í tvennt, þannig að nokkur hluti þess er 5%. Í báðum d. var reynt að fá þetta gjald lækkað, en hv. þm. G.-K. lagðist á móti því. Og svo staðhæfir hann: „Allt, sem ég hefi skrifað, stend ég við".

Ég þykist bara með þessu smádæmi vera búinn að sýna fram á, að það, sem hann hefir skrifað, hefir hann ekki staðið við. En hann hefir ennþá tækifæri við 3. umr., ef hann vill flytja brtt. til þess að sýna, að hann sé á móti því, að okrað sé á sjómönnunum.

Svo er það annað, sem barizt var um 1936, en það var, hvernig ætti að borga út síldina. Form. Sjálfstfl., hv. þm. G.-K., stóð þá með því að kaupa síldina föstu verði, en nú hefir hann snúizt á móti því. Og þegar svo hefir tekizt að koma því í gegn í Ed., að það væri þó a. m. k. heimild til þess, þá stendur hv. þm. með öðrum ákvæðum, sem gera ómögulegt að nota þessa heimild, að kaupa síldina föstu verði.

Ég vil nú spyrja hv. þm. G.-K. Ef hann vill standa með því, sem hann hefir skrifað 1936, standa með því, að eigi að kaupa síldina fast, vill hann þá í fyrsta lagi vera með því að breyta þarna til og gera ákvarðanir um, að síldin skuli keypt fast, og í öðru lagi, ef hann vill það ekki, heldur láta heimildina standa, með hverju ætlast hann þá til, að síldin sé borguð? Í 7. gr. þessara nýju l. er gert ráð fyrir, að síldarverksmiðjurnar geti borgað sjómönnum og útgerðarmönnum út með föstu verði. Ég vil því ítreka þá spurningu til hv. þm. G.-K., ef hann ætlar að standa við það, sem hann hefir skrifað, með hverju eiga verksmiðjurnar að borga? Nú er verið að setja l. og ákvarða, hvernig eigi að búa þetta út í hendur stj., og það er ekki til neins fyrir hv. þm. að koma á eftir og segja: „Okkur er ómögulegt að borga síldina út, af því að það er ekki hægt að fá peninga að láni".

Hv. þm. sagði, að Sjálfstfl. mundi í sumar og vor sýna, hvernig hann stæði í þessu máli, og þá mundi hann gera okkur örðugar kjósendaveiðarnar, eins og hann orðaði það. En hv. þm. misskilur „situationina", sem nú er, svo hrapalega. Sjálfstfl. er búinn að skapa sér svo örðuga aðstöðu til kjósendaveiða, að nú er annaðhvort fyrir hann að gera, sjá að sér — og það má að mínu viti enn, meðan umr. er ekki lokið, — eða þá að flokkurinn er búinn að innsigla sín örlög í þessu máli. Form. Sjálfstfl. hefir sem sé ennþá tækifæri til þess að sýna, hvernig hann ætlar að standa við það, sem hann hefir skrifað. Enn er ekki of seint að iðrast. En það er of seint að iðrast eftir dauðann, þ. e. a. s. þegar búið er að samþ. frv. En hvernig sem það fer, hvort sem hv. þm. G.-K. breytir um skoðun eða ekki, þá vil ég skjóta því til framsóknarmanna í þessari d., að ef hv. þm. G.-K. meinar það, sem hann sagði, að hann ætlaði að standa við allt það, sem hann sagði 1936, þá vil ég biðja Framsfl. að íhuga, hvar þeir standi með þetta nýja bandalag, og ef hinsvegar hv. þm. G.-K. meinar ekki það, sem hann sagði, þá vil ég óska þeim til hamingju með bandamann sinn.

*Garðar Þorsteinsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið. Hv. þm. Ísaf. var mjög æstur og vondur út af orðum, sem ég lét falla út af orðum hans í sambandi við bráðabirgðaákvæði frv. Hann lýsti því yfir við þessar umr., að nú stæði eftir aðeins ein afborgun til dr. Pauls, en nú vill hann snúa sig út úr því með því að segja, að aðeins eitt ár væri eftir af afborgunartímanum. En það er ekki aðalatriðið, heldur það, hvað mikið er eftir af umsömdum greiðslum, og frv. ber það með sér, en þótt það væri ekki, þá má benda hv. þm. á, að einmitt við atkvgr. hér í kvöld upplýsti hann, að stæði eftir aðeins ein afborgun. Ég fór til hans og spurði hann, hvenær greiðslan hefði farið fram, en hann sagði, að hún hefði farið fram fyrir tveimur mánuðum. Þegar ég upplýsti með skýrslu frá Landsbankanum, að þetta væri rangt, þessi upphæð stæði ennþá á konto verksmiðjanna, en engar greiðslur hefðu farið fram eða yfirfærslur, þá vill hann ganga frá öllu saman og segja, að hann hafi aldrei sagt þetta. Ég vil svo ekki ræða þetta frekar, en mér skilst þetta upplýsa nokkuð vel málfærslu hv. þm.

Ég mun ekki heldur karpa við hann um það, hvernig flokksmenn hans og hann sjálfur hafi komið fram á Siglufirði að því er snertir atvinnuveitingar til verkamanna og sjómanna. Ég hefi of mörg dæmi sjálfur, sem sanna það, til þess, að ég fari að breyta í nokkru ummælum mínum um það efni. Ég hefi ummæli margra manna, sem þar hafa unnið, sem orðið hafa fyrir aðkasti vegna þess, að þeir hafa ekki viljað fylgja sósíalistum við kosningarnar á Siglufirði í sumar, og þeirra atvinna hefir verið í voða, og margir hafa sagt mér, að þeir kæmust þar ekki að vegna sinna pólitísku skoðana. Þessu til áréttingar vil ég vísa til þeirra um-

mæla, sem fóru fram á síðasta ári. í Ed. sérstaklega um þetta mál.

Ég vil svo aðeins minna á, að það er rangt hjá hv. þm. Ísaf., að ákvæði 9. gr. frv. séu sett fram, eða í raun og veru kúguð fram af Sjálfstfl. Ég vil minna þennan hv. þm. á, að þegar þetta frv. var til 1. umr. í Ed., þá tók Magnús heitinn Guðmundsson það fram sem meðflm. frv., að hann vildi, að þetta kæmi fram í frv. og hann mundi flytja brtt. við það. Ég hef ekki séð það koma fram frá sjálfstæðismönnum, að þeir væru á móti þessu ákvæði, og það þýðir ekki fyrir hv. þm. Ísaf. að ætla að reyna að gera Sjálfstfl. tortryggilegan fyrir ákvæði, sem hann hvorki beint né óbeint hefir tekið afstöðu til á þann veg, sem hv. þm. lýsir. A. m. k. er víst, að þetta er að sjálfsögðu aðalatriðið í þessum ákvæðum frv., sem hér um ræðir, sem sé að heimilt sé, eins og áður var, að kaupa síldina fyrir fast verð. Það heimilar 9. gr. frv., og innihald hennar er nákvæmlega eins og áður var. Ég sé því ekki, hvers vegna sósialistar breiða sig svo mikið út yfir þetta atriði, þegar þetta er komið inn í frv., sem þeir líka vilja og ég er þeim sammála um.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. sé í vafa um, að það skipti litlu máli, hvort ríkið sé í ábyrgð eða ekki fyrir þeim skuldum, sem verksmiðjurnar stofna til, því að síldarútvegurinn er svo mikill liður í atvinnulífi þjóðarinnar, að þjóðbankinn mundi aldrei neita um rekstrarlán til kaupa á síld, hvorki föstu verði eða á annan veg, en eins og l. bera með sér, þá er það atvmrh., sem á að samþ., hvort heimildin til að kaupa föstu verði er notuð eða ekki, og hann mun aldrei gera það, ef þar verður farið út í einhverja vitleysu.

Hv. þm. endaði ummæli sín áðan á því að segja, að endurtekin lygi yrði aldrei sannleikur. Þar er ég honum sammála, en ég vildi gjarnan vita, hvort það er nýlega, sem hann hefir rekið sig á það. Ég hygg, að hann hafi rekið sig á það a. m. k. einu sinni í dag, þegar hann margendurtók, að greiðslan til dr. Pauls hefði þegar farið fram, og það er fyrst, þegar ég vísa til skýrslu veðbókar Landsbankans, sem hann rennur frá þessu. Ég vil svo að endingu vona, að næst þegar þessi hv. þm. tekur til máls, hafi hann í huga þessi sannindi, sem hann hefir nú komið auga á, að endurtekin lygi verður aldrei sannleikur.

***Ólafur Thors:** Ég hefi ekki fremur en aðrir hv. þm. hlustað á þessi ræðuhöld, en ég vil þó láta sjást í þingtíðindunum, að ég get ósköp vel afsakað hv. þm. Ísaf. í þessu máli, því að þetta er hans líkræða. Hann er að reyna að halda hér uppi málþófi með margendurteknum og marghröktum ósannindum, sem hver einasti maður í þinginu veit, að hafa ekki við nokkur minnstu rök að styðjast. Þetta hefir hann endurtekið ræðu eftir ræðu yfir 1—2 þm., eingöngu í þeirri von, að hann geti þæft þetta mál, og eingöngu til þess að hann geti haldið áfram að fá þessar 5—6 þús. kr. fyrir að hafa þessa forstöðu á hendi um leið og hann tekur jafnmikið fyrir að vera formaður í annari n., og auk þess er þetta tekið af sjómönnum. Ég skil vel, að þessum manni, með því innræti, sem hann hefir, sárni að missa þetta. Það er kannske mannlegt, og ég er svo vanur að fá fúkyrði frá honum, að ég tek mér það ekki nærri. Fyrst framan af var ég að rökræða við hann, en svo sá ég, að þeir, sem lögðu sig í það, höfðu frekar vansæmd af því. Þær deilur urðu bæði pólitískar, leiðinlegar og óþinglegar, svo að ég hefi vanið mig af að vera að svara þessari illkvittni hans. En þetta er svanasöngurinn, þetta er sorgarsöngurinn yfir þessum þúsundum, sem nú eiga að hverfa úr vasa hans, þar sem þær hafa verið mjög kærkomnar, og það er það, sem honum sárnar.

Ég heyrði ekki ræðu hv. 5. þm. Reykv. nema orð og orð á stangli. Hann er ennþá að spyrja mig, hvort ég standi við það, sem ég hafi sagt. Ég vísa til þess, sem ég hefi áður um það mælt. Annars vil ég segja þessum hv. þm., að hann er ekki svo ófróður um störf í þinginu, að hann viti ekki, að þegar um er að ræða slíkt frv. sem þetta, sem 2 flokkar standa að, þá getur hvorugur flokkurinn fengið að ráða öllu. Í þessu frv. var eitt atriði, sem ég lagði verulega mikla áherzlu á, að næði fram nú þegar, og annað, sem ég var á móti. Fyrra atriðið, sem ég lagði höfuðáherzluna á og taldi meginkjarna þessa máls, var að losa þessi fyrirtæki úr höndum hv. þm. Ísaf. Ég viðurkenni, að ég tel það stærsta atriði málsins, því að ég tel, að hann hafi verið þar til skammar og skaða. Hitt atriðið, sem ég vildi ekki ganga inn á undir neinum kringumstæðum, var það, að nema úr l. þann rétt, sem gilt hefir, að síldin væri greidd föstu verði. Við gátum fengið Framsfl. til þess að gera þetta atriði ekki að skilnaðarsök í þessu máli, eins og sést á því, að Ed.-þm. felldu þetta úr. Sá af flm., sem var fyrir hönd Sjálfstfl., tilkynnti strax, að þetta gengjum við ekki inn á, og Framsfl. hefir sætt sig við það. Að öðru leyti eru í þessu ýms atriði, sem ég er andvígur. Við erum andvígir því, að það megi ekki byggja nýjar síldarverksmiðjur. Við erum andvígir því, að pólitískir spekúlantar skuli hafa aðstöðu til að hindra, að hér séu reistar verksmiðjur, eins og verksmiðjan á Hjalteyri, sem hefir veitt 3 millj. kr. inn í landið á einu sumri. Við erum á móti því, að menn eins og hv. þm. Ísaf. hafi slíka aðstöðu, eingöngu til að geta hefnt sín á pólitískum andstæðingum. Ég hefi hinsvegar neyðzt til að ganga inn á þetta ákvæði, og svo er um fleiri ákvæði í frv. En aðalatriðið í þessu máli er sem sagt það, að d. megi nú kveðja þennan valdamann í síldarmálunum, og ég vona, að d. endist kvöldið til þess að sjá á bak honum. Ég hugsa, að það harmi hann ekki mjög margir.

Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson): Það er framför hjá hv. þm. G.-K., ef hann er nú farinn að iðrast eftir það, hvað oft hann hefir vikið að mér persónulega. Hann sagði, að sínar umr. hefðu oft lent í því að verða persónulegar og óþinglegar. Ég veit ekki, hverskonar eðli þessi hv. þm. er búinn, ef hann brýtur á móti sínu skapi með að hafa hér persónulegar og óþing-

legar umr., því að sjálfsagt hafa engir aðrir gaman af þeim, og Alþ. hefir ekkert gagn af þeim, heldur þvert á móti fær það heldur ósóma af þeim. Þessi hv. þm. hefir nokkrum sinnum vikið að mér með ósæmilegum dylgjum um fjárdrátt. Hann hefir leikið sér að því að endurtaka þessar dylgjur hvað eftir annað í þinghelginni, en hinsvegar ekki dottið í hug að hafa þær yfir þar, sem ég gæti mætt honum á öðrum vettvangi. Ég legg það undir dóm hv. dm. og annara áheyrenda, hversu vel það sæmir form. Sjálfstfl. að vera búinn þannig hugrekki.

Hv. þm. G.-K. lýsti yfir því, að 2 flokkar stæðu að þessu frv. Það var ekki vitað við flutning málsins, að þetta væri flokksmál frá báðum flokkum. Þetta eru þess vegna nýjar upplýsingar í málinu. En það mun vera staðreyndin, að hv. þm. G.-K. hafi þurft að brjóta allmjög odd af oflæti sínu til að fá að vera meðflm. að frv., þar sem hann og hans flokkur fyrst í Ed. og síðan í Nd., hefir verið neyddur til að samþ. þau 2 atriði í þessu frv., sem Sjálfstfl. hefir jafnan beitt sér gegn, en það er ákvæðið um, að ríkið skuli hafa forkaupsrétt að öllum síldarverksmiðjum einstakra manna, og hitt, að leyfi ríkisstj. þurfi að koma til, til þess að fá að byggja nýjar síldarverksmiðjur. Þetta hafa Sjálfstæðismenn nú samt unnið til að samþ. til þess, eins og hv. þm. sagði, að losa þetta stærsta fyrirtæki landsins undan áhrifum mínum eða Alþfl. Nú ætti ég ekki að þurfa að benda þessum hv. þm. á það, að Alþfl. hefir ráð á því að koma einum manni í stjórn verksmiðjanna af þessum 5, og án allrar aðstoðar annara flokka. Og ég get sömuleiðis upplýst hv. þm. um það, að ég hefi fengið þrálátar áskoranir frá mínum flokksmönnum um að gefa kost á mér til að vera í stjórninni. Það er þess vegna á mínu valdi, hvort ég fer inn í ríkisverksmiðjustj. eftir þessum nýju l. eða ekki. Og ef það er nú svo, eins og sjálfstæðismenn hafa borið fram, að ég hafi í síldarútvegsnefnd stungið 2 sjálfstæðismönnum og einum framsóknarmanni í vasann, þá virðist ekki vera loku fyrir það skotið, að ég gæti haft einhver áhrif, þó að ég yrði ekki form. n. skipaður af ráðh. Viðbára form. Sjálfstfl. um það, að þetta frv. sé borið fram til þess að losa verksmiðjurnar við yfirráð mín, er því ekki nema eins og hvert annað fleipur. Sjálfstfl. fylgir þessu máli fyrst og fremst til að vekja óeiningu milli stjórnarflokkanna. Og Sjálfstfl. hefir tekizt þetta, því að við þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál, fær Sjálfstfl. áreiðanlega aðstöðu púkans, sem sat á fjósbitanum og fitnaði, þegar hjúin deildu. Hitt atriðið, sem hefir vakað fyrir þeim með að gerast meðflm. frv., er það, sem ég hefi áður minnzt á, um að ríkisverksmiðjurnar borgi ekki nema 85% af síldarverðinu við móttöku, til þess að verksmiðjur einstakra manna geti frekar, án mikillar áhættu, gert sig sekar um spekúlation með verzlun sína á afurðunum. Ég hefi sýnt fram á það áður, að ef þetta hefði verið þannig í sumar, þá hefði farið svo, að þeir, sem við ríkisverksmiðjurnar skiptu, hefðu fengið fullt verð fyrir síldina, af því að ríkisverksmiðjurnar seldu svo mikið af lýsinu fyrirfram og af því að ríkisverksmiðjurnar hafa alltaf verið að selja lýsi, þegar þeim hefir gefizt kostur á fyrir hæsta fáanlegt verð. Enda eiga þær nú ekki eftir nema ⅛ hluta af sínu lýsi. Hinsvegar á Kveldúlfur eftir um 4500 tonn af um 6000, eða m. ö. o., firmað á eftir ¾ af sínu lýsi. Ástæðan fyrir þessu er sú, að Kveldúlfur spekúlerað með allt sitt lýsi í von um að fá hærra verð. En það hefir ekki orðið, heldur hefir lýsið þvert á móti alltaf verið að hrapa í verði. Kveldúlfur verður því í ár fyrir stórkostlegu tapi á síldinni, og það er ekki verra að hafa 15% af þessum 8 kr., sem útgerðarmenn eiga að fá, til þess að láta koma upp í tapið.

Ég þarf ekki að svara hv. 8. landsk. miklu, en út af því, sem hann var að tala um atvinnukúgun, þá vil ég skora á hann að nefna eitt einasta dæmi um, að slíkt hafi átt sér stað. (GÞ: Á þá ef til vill að reka einhvern alveg?) Mér skildist að atvinnukúgunin hefði legið í því, að menn hefðu ekki verið teknir í vinnu af pólitískum ástæðum, en svo spyr hv. þm., hvort það eigi að reka eitthvað af þessum mönnum. Ég skoða það ekki atvinnukúgun, ef menn hafa verið teknir í vinnu, þó að þeir væru pólitískir andstæðingar. Ég held, að það mundi enginn verkamaður skoða það sem atvinnukúgun, að Kveldúlfur tæki pólitíska andstæðinga Sjálfstfl. í vinnu. En ég verð að skoða það sem skort á sönnunum, ef hv. 8. landsk. getur ekki nefnt neitt dæmi um þetta. Hv. 8. landsk. sagði, að endurtekin lygi yrði aldrei að sannleika, og hafði það upp eftir mér. Ég skal staðfesta það, að viðkynning mín við þennan hv. þm. hefir sannað þetta.

ATKVGR.

Brtt. 486 felld með 17:8 atkv.

— 487 felld með 16:7 atkv.

Frv. samþ. með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, SvbH, TT, ÞorbÞ, ÞBr, BÁ, BjB, EE, EystJ, GÞ, GG, GSv, JPálm, JörB.

nei: VJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, HG, HV, ÍslH.

StgrSt, HelgJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (BJ, JakM, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 489).

43. Síldarverksmiðja á Raufarhöfn o. fl.

Á 5. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn (þmfrv., A. 27).

Á 8. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

*Flm. **(Bjarni Snæbjörnsson)**: Eins og hv. þdm. er kunnugt, er efni þessa frv. það, að ríkisstj. heimilist að láta reisa nýja síldarverk-

smiðju á Raufarhöfn, sem geti brætt allt að 5 þús. mál á sólarhring, og til þessa heimilist henni að taka allt að 1½ millj. kr. lán.

Ég veit, að hv. þdm. er það ljóst, að eins og komið er, er mest um vert fyrir sjávarútveginn, að hægt sé að hagnýta sér sem bezt allar afurðir síldarinnar. Og þar sem saltfisksmarkaðurinn hefir farið svo hörmulega sem raun er á á síðari árum, þá liggur það í augum uppi, að eitthvað verður að gera fyrir síldveiðiflotann, enda hefir það sýnt sig nú á tveim síðustu árum, að það, sem þjóðarbúskapurinn hefir oltið á, er, hvernig síldveiðin hefir heppnazt.

Mér er kunnugt um það, að þeir, sem mótorbátaútgerð hafa hér sunnanlands. t. d. á Reykjanesskaga, segja, að ekkert þýði að gera út á línu, því að nú sé allt undir síldveiðinni komið. Það er sérstaklega vegna þessara smábátaútvegsmanna, bæði sunnanlands og norðanlands, sem þetta frv. er fram komið, til þess að þeim gefist kostur á að koma afurðum sínum á markað, og eins og kunnugt er, þá eru þarna kringum Langanes og Sléttu einhver auðugustu síldarmið landsins, eins og tekið er fram í grg. frv., sem að mestu er samið af Skipstjóra- og stýrimannafélagi Reykjavíkur. Eins og þar segir líka, er afarslæmt fyrir smábáta að þurfa að fara frá þessum miðum alla leið til Siglufjarðar eða Akureyrar með aflann. Slíkt getur bakað þeim svo mikið tjón, þegar vel aflast, að það getur riðið á afkomu þeirra yfir sumarvertíðina, enda hefir oft verið rætt um það í blöðum beggja þeirra flokka, sem sérstaklega hugsa um sjávarútvegsmálin, bæði Alþfl. og Sjálfstfl., að mjög tilfinnanlegur skortur væri á bræðslusíldarstöðvum, þar sem skip yrðu að bíða löndunar svo og svo lengi, og það tjón, sem af því hlytist, ekki einungis fyrir útvegsmenn, heldur og fyrir ríkið, skipti milljónum. — Þessi bræðslusíldarstöð, sem hér er um að ræða, mundi mjög draga úr þeim skorti og verða — um leið og hún hjálpaði upp á afkomu þjóðarbúskapsins — mjög mikil stoð fyrir smáútvegsmenn, sem aðallega mundu leggja afurðir sínar þar í land.

Það hefir verið fundið til foráttu áður fyrir því, að stór síldarverksmiðja kæmi þarna, að höfnin væri lítil og því erfitt að koma afurðunum frá sér á markaðinn. En því er til að svara, að einmitt nú upp á síðkastið hefir verið gert ýmislegt frá Alþ. hendi til þess að rannsaka, hvort ekki mætti bæta úr þessu, og þær mælingar, sem þarna hafa verið gerðar, sýna, að það muni vera hægt að dýpka höfnina með ekki mjög miklum kostnaði. Og þótt ekkert yrði gert, mundu allir smærri línubátar komast vel inn á höfnina, og jafnvel líka stærri skip, þar sem 800 tonna tankskip komst þar inn í sumar, og eins mun „Lagarfoss“ hafa farið þar inn til þess að taka afurðir frá verksmiðjunni, enda hefir innsiglingin verið lagfærð af verkfræðingi frá vitamálaskrifstofunni. Ég álít því, að þetta atriði ætti ekki að vera því til fyrirstöðu, að síldarverksmiðja yrði þarna reist, en aðrar ástæður ættu ekki að geta komið til greina gegn því, þar sem svo brýn nauðsyn er á að koma upp fleiri síldarverksmiðjum.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

*Jón Baldvinsson: Ég skal láta í ljós ánægju mína yfir því, að nú hafa bætzt hér tveir nýir þm. í hóp þeirra, sem vilja, að ríkið hafi hönd í bagga með atvinnurekstrinum í landinu. Við höfum sem sagt fengið tvo þjóðnýtingarmenn í viðbót, til þess að styðja að því, að ríkið taki frekar en áður þátt í þeim framkvæmdum, þar sem einstaklingana brestur. Þetta er mikil og óvænt ánægja, einkum af því að þeir eru úr þeim flokki, sem hingað til hefir látið sér fátt um það finnast, að ríkið hafi nokkurn atvinnurekstur með höndum.

Þetta er það, sem mér verður fyrst að orði, er ég lít þetta frv., sem ég tel, að taka eigi til mjög vinsamlegrar og rækilegrar íhugunar, því að það er margt, sem mælir með því, að aukin verði afköst verksmiðju, er hagnýtt geti síldina, sem veiðist við Langanes og Sléttu og of langt er að flytja vestur á Siglufjörð eða lengra. En þá er á það að líta, hvar eigi að koma þessari verksmiðju fyrir. Ég skal ekkert um það segja, hvort um aðra staði geti verið að ræða en Raufarhöfn, en hv. flm. upplýsti, að til þess að stærri skip kæmust þangað inn, þyrfti að dýpka höfnina, og þótt hv. þm. teldi, að það mundi ekki kosta ákaflega mikið, þá er mér ekki kunnugt um, að nein kostnaðaráætlun liggi fyrir um það. En það er vitanlega hin mesta nauðsyn á því, að stærri skip geti fengið þar afgreiðslu, því að það er svo, þegar síldin veiðist þarna austur frá, að þangað fer allur flotinn, stærri skipin einnig, og þó að segja megi, að þau eigi hægra með að sigla vestur úr með sína síld, þá er samt alltaf bezt, að sem styztur sé til bræðslustöðvar. Og svo er enn eitt, sem kemur til greina, og það eru tæki, sem ýmsar verksmiðjur eru nú farnar að hafa til þess að skipa upp síldinni, svo kölluð löndunartæki, sem eru stórvirk til þess að skipa upp úr hinum stærri skipum.

En svo er líka þriðja atriðið, sem verður að athuga, og það er, að farið sé eftir einhverri reglu um það, hvar skuli reisa nýjar verksmiðjur. Eftir velgengnina nú í sumar munu þeir ekki vera allfáir, sem hafa í huga að reisa nýjar verksmiðjur, bæði smáar og stórar, til þess að geta tryggt sér skip þau, sem þeir hafa yfir að ráða, geti sem fyrst losað sig við síldina. en á því var síðastl. sumar mjög tilfinnanlegur misbrestur, jafnvel þótt nú sé búið að reisa svo mikið af nýjum verksmiðjum sem raun er á. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt, þótt ég telji æskilegt, að þessi verksmiðja verði þarna reist, að rannsaka jöfnum höndum, hvar mest þörfin er á að koma verksmiðjum upp, og hverjar líkur séu til, að hægt sé að koma þeim upp, því að ég veit um marga menn, sem nú þykjast hafa fjárhagslega möguleika til þess að reisa nýjar verksmiðjur. Þetta þarf allt að takast til rækilegrar athugunar í sambandi við það, að ríkið byggi nýja verksmiðju, sem ég teldi ákaflega æskilegt.

En svo vildi ég að lokum segja það, að þótt

síldveiðin hafi gengið vel í sumar, þá bregzt hún því miður sum árin, síldin hverfur snemma á vertíðinni, og stundum hafa síldarskipin jafnvel aldrei farið nógu snemma af stað. Það má því vara sig á því að festa allt of mikið fé í verksmiðjum, ef afturkippur skyldi koma í veiðina eða söluverð afurðanna. Við höfum nú haft hrun að því er snertir þorskveiðarnar. Á sama tíma hefir það tvennt gerzt, að markaður og afli hefir brugðizt. Það er því algert hallæri nú í mörgum sjávarþorpum, sem áður höfðu eingöngu atvinnutekjur af þorskveiðunum. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þdm., hvílíku tapi sjávarútvegurinn hefir orðið fyrir, og hvert atvinnuleysi hefir skapazt af þessu afla- og markaðsleysi undanfarinna ára. Því þurfum við í þessu sambandi að varast að festa of mikið fé í síldarverksmiðjum, sem yrðu okkur einskis nýtar, ef við síðar þyrftum að snúa okkur að einhverju nýju, eins og vel getur orðið, því að sannleikurinn er sá, að þótt einhver aflasælustu mið heimsins séu hér í kringum strendur landsins, þá er það mál allt svo lítið rannsakað, á hvern hátt við getum bezt hagnýtt okkur þann auð, sem liggur í hafinu umhverfis Ísland. Það er eiginlega alveg undursamlegt, að útgerðarmenn skuli aldrei hafa fundið hvöt hjá sér til þess að láta rannsaka, hvort ekki væri hægt að taka upp fleiri aðferðir við hagnýtingu fiskjarins og dreifa honum svo á ýmsa markaði, því að hjá þeim þjóðum, sem mjög einhæfar framleiðsluvörur hafa haft, hefir atvinnulífið fyrr eða síðar lent í rústum. Þetta er svo kunnugt, að ekki þarf að segja hv. þdm.

Ég vil sem sagt mæla með því, að þetta frv. verði athugað mjög gaumgæfilega, því að ég tel hina mestu nauðsyn á, að þessari verksmiðju verði komið upp. En ég vil, að það sé rannsakað, hvar bezt sé að reisa hana. Ég skal játa, að ég hefi tilhneigingu til þess að álíta, að mest sé þörfin fyrir hana austan Eyjafjarðar, eftir því að dæma, hvernig síldveiðin undanfarið hefir verið, þó að komið hafi ár og ár, sem veiðin hefir mest verið á Húnaflóa. En við höfum svo lítla vitneskju um það, hvernig síldin hagar sér. Það er um þetta sem annað, er snertir sjávarútveginn, að við höfum ekki nægilegar rannsóknir, er gefið gæti okkur einhverja hugmynd um, hvernig síldargangan hagar sér. Þetta er nú lítilsháttar athugað fyrir forgöngu núv. ríkisstj., og verður auðvitað framhald á þeim rannsóknum. En ég álít líka, að rannsaka þurfi, eftir hvaða reglum reisa eigi nýjar verksmiðjur, til þess að auka afköst síldveiðanna og skapa meiri atvinnu. Þá kemur til að athuga, hvort skipastóll okkar Íslendinga getur fullnægt öllum þeim verksmiðjum, sem búið er að reisa og verða reistar, hvort ekki verði jafnframt að sjá fyrir auknum skipastóli. Þetta þarf að athuga. Málið er mikilsvert, og vona ég, að hv. sjútvn. gefist tækifæri til að rannsaka það eins og þarf, því að auðséð er, að um það, sem reisa á fyrir næstu vertíð, verður að taka ákvörðun nú á þessu hausti, eða fyrir áramót. Ég mæli með því, að málið verði athugað gaumgæfilega og að hv. sjútvn. athugi jafnframt aths. þær, sem fram hafa verið bornar um málið.

*Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Í sambandi við þetta frv. vil ég skýra frá því, að stj. síldarbræðslanna hefir til athugunar, hvaða ráðstafanir beri að gera til breytingar á verksmiðjunum fyrir næstu síldarvertíð. Um það verður þó ekki ráðið fyrr en séð er, hver útkoma þessa árs verður. Meðal þess, sem fyrirhugað hefir verið, er aukning á Raufarhöfn. Er mikil nauðsyn á þessu. Ef þessum athugunum verður lokið svo fljótt, að hv. sjútvn. hafi þá ekki lokið störfum sínum, verður n. að sjálfsögðu skýrt frá þeim niðurstöðum.

*Flm. (Bjarni Snæbjörnsson): Hv. 10. landsk. tók hér til máls um þetta frv. og fór um það lofsamlegum orðum. En hann byrjaði ræðu sína svo, að hann gleddist yfir því, að hingað væru komnir tveir nýir þm., sem væru með þjóðnýtingu eða ríkisrekstri og vildu fylkja sér í þann flokkinn, sem þeim fylgdi, ef einkaframtakið brysti. Það er nú svo, að þegar ríkið hefir orðið að taka að sér framleiðslu á einhverju sviði, er einstaklingar hafa ekki megnað að standa undir henni, vegna þess að illa hefir árað og þá brostið fjármagn, þá hefir það ekki farið eftir stjórnmálaskoðunum manna, hverjir hafa leitað til ríkisins. Fyrir nokkrum árum bar ég t. d. fram hér í hv. d. till. um, að ríkinu væri heimilað að taka á leigu síldarbræðslu dr. Pauls, því að ekki voru líkindi til, að einstaklingar gætu það, en hinsvegar var álitið, að hentugt væri, að ríkið gerði þetta.

Viðvíkjandi þessu frv. er það að segja, að ég hefi það eftir góðum heimildum, að ekki sé um neina höfn að ræða, sem eins vel sé til fallin að hafa þar síldarverksmiðju og Raufarhöfn. Og þar sem ríkið á verksmiðju á þessum stað og myndi að öllum líkindum setja sig á móti því, að einstaklingar tækjust það á hendur, sem hér er um að ræða, er ekki um annað að gera en að ríkið geri þetta. Það er því svo, að þó að maður óski þess, að einstaklingar ættu allar verksmiðjur, þá getur samt farið svo stundum, að maður óski hins.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þó að Húsavík gæti komið hér til greina, þá er þar, að kunnugra manna sögn, ólíku saman að jafna að því er hafnirnar snertir.

En um leið og hv. 10. landsk. tók með velvild á málinu, var á honum að heyra, sem hann vildi láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, áður en lengra væri gengið. Ég hefi í sjálfu sér ekkert á móti því, en vil þó beina því til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún flýti því sem allra mest, því að full nauðsyn er á, að verksmiðja þessi komist upp fyrir næstu síldarvertíð.

Hv. 10. landsk. sagði líka, að athuga yrði almennt, hvaða reglur ætti að hafa um það, hvar síldarverksmiðjur skyldi reisa. Þetta er rétt, en ég sé ekki, að á því máli séu nema tvær hliðar. Önnur snýr að verkamönnum í landi, en hin að sjómönnum. Það er um það að ræða, hvort verksmiðjurnar eigi að reisa fyrir verkamennina eða sjómennina. Ef reisa á þær fyrir sjómennina, þá verða þær að vera sem næst síldarmiðunum. Það veitir þjóðarbúinu auk þess

mestan arð. Og verkalýðurinn myndi með þessu að mestu leyti hafa þeirra sömu not, því að flestir verkamenn, sem vinna við þessi fyrirtæki, eru aðfluttir, e. t. d. fleiri en þorpsbúar sjálfir, sem við þau vinna. Ég efast ekki um, að ef hafa á einhverja ákveðna reglu um þetta, þá verði hún að vera sú, hvert stytzt sé að fara frá síldarmiðunum.

Sami hv. þm. sagði, að raddir hefðu heyrzt um það víða að, að reisa bæri margar og smáar síldarverksmiðjur. Ég veit, að margir vilja láta reisa smáar verksmiðjur, þar sem síldarsöltun er fyrir, en engin verksmiðja. Mér hefir verið sagt, að ef ekki væri hægt að reisa verksmiðjur t. d. á Hólmavík og Skagaströnd, þá væri ekki hægt að fá þangað síld til söltunar, vegna þess að mikið af henni hlyti að verða ónýtt. Það má reyndar segja, eins og hv. þm. minntist á, að búast megi við, að þegar aflaleysisár koma, muni verksmiðjurnar standa auðar. En það er nú svo um okkur Íslendinga, að við verðum að vera svo bjartsýnir og treysta því, að síldveiðin megi haldast og að svo megi fara, að síldarolía, til dæmis, verði síðar notuð til fleiri hluta en nú er. Það er engin von til, að afkoma þjóðarinnar geti orðið góð á næstunni, ef ekki er hugsað fyrir því að búa sem bezt að síldveiðunum.

Að því er snertir það atriði, sem hv. þm. minntist á, hvort ekki væri ástæða til að auka síldveiðiflotann, er það að segja, að síðustu tvö árin hefir flotinn verið svo stór, að verksmiðjurnar hafa ekki haft undan að afgreiða hann. Það vantar ekki skip, heldur verksmiðjur.

Hæstv. atvmrh. minntist á, að verksmiðjustj. hefði mál þetta til athugunar. Það getur verið, að svo sé, en ég veit til þess, að formaðurinn hafði á móti því í fyrra, að verksmiðja yrði reist á þessum stað, þegar erindi kom um það frá ýmsum félagsskap sjómanna. En ég vona, að straumhvörf þau, sem orðin eru hjá honum, verði til þess, að verksmiðjan verði reist fyrir næstu síldarvertíð. Það er ekki nóg, ef málið verður svæft, að afsaka sig með því, að maður hafi ekki viljað flana að neinu.

***Jón Baldvinsson:** Ég vil geta um eitt atriði, sem felst í frv., sem sé það, að ætlazt er til, að fé til verksmiðjubyggingarinnar verði tekið að láni. Það er auðsætt, að nokkurn tíma þarf til að athuga það. Sjálfstæðismenn lýsa nú svo fjárhag þjóðarinnar, að undarlegt verður að teljast, að þeir skuli nú leggja til, að landið taki 1½ millj. kr. lán til þess. (**MG:** Það yrði gert til að græða á því). En þeir leggja mikla áherzlu á það, að lánstraust landsins sé þrotið og að ekki sé á skuldirnar bætandi. Frá þeirra sjónarmiði hlýtur því þetta að þurfa nánari athugunar við. Hér getur varla verið um annað að ræða en erlent lán, svo að þetta atriði er mikilsvert. En þessi afstaða þeirra sýnir það, sem hægt var að láta sig gruna, að þeim sýndist landið standa sig betur en þeir vilja annars láta uppi. Þeir telja landið geta fengið ríflega lán, enda þótt þeir láti jafnan í veðri vaka, að landið sé peningalaust og að öllu hafi verið siglt í strand. Mér skilst á öðrum frv., er hv. sjálfstæðismenn hafa nú lagt fyrir þingið, að þar sé farið fram á svo stórar fjárhæðir til útgjalda, að þeim hljóti að finnast sem af nógu sé að taka.

Ég skal játa, að nú eru erfiðir tímar, þó að ég vilji ekki mála ástandið eins svart og þeir eru vanir að gera. En þó að ekki sé eins illt í efni og þessir menn segja, þá er þetta atriði, sem ég minntist á, samt sem áður mikilsvert, og er því ekki hægt að koma málinu fram með einfaldri samþykkt, heldur þarf það langs undirbúnings og nákvæmar athugunar. Ég ætlast ekki til eilífra bollaleggínga um málið. Það er hægt að athuga tiltölulega fljótt, hvar hentugast er að reisa verksmiðju. En ég bendi aðeins á það, að fyrir land, sem er í erfiðleikum, þótt þeir séu ekki eins alvarlegir og hv. sjálfstæðismenn vilja vera láta, er 1½ millj. kr. mikið fé. Þar sem sjálfstæðismenn hafa farið með völd, bæði hjá bæjum og ríki, hefir það oft tekið mörg ár fyrir þeim að taka lán til stórra fyrirtækja, eins og t. d. Sogsvirkjunarinnar, sem þeir voru seinir að ganga inn á, þótt þeir yrðu með í því máli að síðustu. Þar áttu þeir að vera með í að útvega fé, en það gekk illa. Ég sé að hv. þm. (MG) brosir svo blítt til mín, að ég verð að minna hann á árið 1929, er hann tók stóra lánið. Það gekk líka illa. (**MG:** Það gekk a. m. k. fljótt). Í augum hv. sjálfstæðismanna ætti það að vera óyfirstíganlegur örðugleiki að fá þetta lán.

Þetta, sem ég hefi sagt, er ekki til þess ætlað að tefja málið. En það, sem gert verður, verður að gera án flans eða flausturs.

***Jóhann Jósefsson:** Ég þarf ekki miklu að bæta við þau rök, sem hv. fyrri flm. færði fyrir frv., en vil þó benda hv. 10. landsk. á, að þó að við sjálfstæðismenn séum með heimild fyrir ríkið til að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn, þá þýðir það ekki, að við föllumst á þjóðnýtingarkenningu hans. Sjálfstæðismenn á Alþingi hafa yfirleitt ekki sett sig á móti því, að ríkið hefði forgöngu um að reisa síldarverksmiðjur, því að ljóst var, að framkvæmdir yrðu hraðastar með því, að alþjóð legðist þannig á eitt með ríkið í broddi. Það má minna á síðustu stóraukningu á ríkisverksmiðjunum á Siglufirði. Til hennar var efnt að tilstilli sjálfstæðismanna. Að sjálfstæðismenn geti haft forgöngu um, að ríkið taki að sér rekstur á ákveðnum fyrirtækjum, er alveg óskylt þjóðnýtingarkenningum hv. 10. landsk., sem vill láta ríkið reka allt, smátt og stórt, hvort sem það kemur almenningi betur eða verr. Við fordæmum ekki öll afskipti ríkisins af slíkum rekstri sem þessum.

Ég vil benda hv. 10. landsk. á það, að við sjálfstæðismenn höfum ávallt haldið fram, að ríkið ætti að hafa opna leið að því, ef henta þykir, að láta samvinnufélög sjómanna og útgerðarmanna eignast þessa verksmiðju. Mér finnst að reynslan á rekstri síldarverksmiðja ríkisins gefi glögga bendingu í þá átt, að rekstur á þessum verksmiðjum muni e. t. v. fara öllu verr úr hendi hjá ríkinu en einstaklingum. Hinsvegar verður hv. 10. landsk. að virða okkur

flm. þessa frv. það til vorkunnar, þótt okkur hafi ekki verið kunnugt um allar þær umsóknir frá einstaklingum, sem liggja fyrir hjá ráðuneytinu, um að byggja síldarverksmiðjur. Mér fyrir mitt leyti er allsendis ókunnugt um þær. Og það er vitanlega sjálfsagt að athuga þetta mál í því ljósi, hvað mikið er sótzt eftir því af einstaklingum að byggja þessar verksmiðjur. Nú er það svo, að einstaklingar hafa einkanlega ráðizt í að byggja verksmiðjur á þeim stöðum, þar sem greiður aðgangur er fyrir stórskipin, togarana. En hvað Raufarhöfn snertir er þessu ekki enn til að dreifa; þar er kannske ekki nógu greiður aðgangur fyrir smærri skip. Mætti því ætla, að einstaklingar mundu tregir til, eins og nú standa sakir, að ráðast í að byggja stóra verksmiðju á Raufarhöfn.

Þó ég sé sammála meðflm. mínum um flesi það, sem hann hefir sagt viðvíkjandi þessu máli, þá verð ég að gera aths. við það, að ríkið mundi setja sig á móti því, ef einhver einstaklingur vildi byggja verksmiðju á Raufarhöfn, af því að það ætti þar verksmiðju fyrir. Þessi hugmynd er hættuleg fyrir framþróun síldarbræðslumálanna. Mér finnst ekki sjálfsagt, að ríkið leggi stein í götu þeirra einstaklinga, sem hafa getu og vilja til að reisa nýjar síldarverksmiðjur, þó að þessi verksmiðja ríkisins sé komin áður. Það gæti verið hættulegt og hindrað það, að nýjar verksmiðjur rísi upp. Og afleiðingin af því, ef alltaf ætti að einblína á hag ríkisverksmiðjanna, en ekki hag fjöldans, sem er bezt borgið með því, að síldarverksmiðjur séu á sem flestum stöðum, gæti orðið sú, að ríkið fleygði krónunni, en hirti fimmeyringinn. Það er ekki örgrannt um, að þessi skoðun eigi sér nokkrar rætur hjá forráðamönnum síldarverksmiðjanna, og jafnvel hjá ríkisstj., en ég tel hana algerlega óréttmæta.

Þegar á það er litið, að Raufarhöfn er ekki ákjósanleg fyrir stærri skip, er eðlilegt, að framhjá henni sé sneitt af þeim aðiljum, sem hafa helzt möguleika til þess að koma upp stórum nútíma síldarbræðsluverksmiðjum. Hinsvegar er það rétt hjá hv. 10. landsk., að mál eins og þetta eigi að athuga gaumgæfilega. Það er síður en svo, að ég muni hafa nokkuð á móti því, enda tel ég víst, að allir séu sammála um það.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvmrh. sagði um hinar mörgu umsóknir, sem borizt hafa, vil ég taka það fram, að þær geta vitaskuld haft áhrif á ákvarðanir þingsins um þetta sérstaka mál, sem hér liggur fyrir.

Það var sitt af hverju í ræðu hv. 10. landsk., sem mér fannst ekki eiga fulla stoð í veruleikanum, eins og t. d. það, að útgerðarmenn hefðu aldrei á undanförandi árum látið sér koma til hugar að ryðja nýjar brautir. Ég vil í því sambandi benda á, að sjálf hugmyndin að byggingu síldarverksmiðju kom frá útgerðarmanni, og það var einstaklingur, sem byrjaði slíkan rekstur, en ekki ríkið.

Þá má minna á, að eitt útgerðarfélag hér gerði stórfellda og kostnaðarsama tilraun til að koma hraðfrystum fiski á erlendan markað. Þessi tilraun mistókst að vísu, og svo fór einnig um tilraunir ríkisins með þorskinn. En hvorki það, að tilraun sú, sem h. f. Kveldúlfur gerði til þess að koma fiski á suðurlanda-markaðinn, mistókst og eins tilraunin af hálfu hins opinbera með Póllands-markaðinn, sannar, að það sé skakkt að gera tilraunir í þessa átt. Hitt getur verið álitamál, hvernig rétt sé að starfa að slíkum tilraunum. Og eðlilega getur sú reynsla, sem menn fá þannig í þessum efnum, orðið dýrkeypt. Annars ætla ég ekki að fara út í deilur um þetta atriði, en vil aðeins benda hv. 10. landsk. á það, að hann misminnir, ef hann heldur, að útgerðarmenn hér á landi hafi aldrei látið sér til hugar koma eða reynt neitt til þess að koma sjávarafurðunum í annað horf en saltfisk. Það mætti nefna fleiri dæmi, en ég læt þetta nægja.

Ég vil fyllilega taka undir það með hv. 10. landsk., að um leið og einstaklingar eða ríkið fjölga vinnustöðvunum í landinu, sem eiga að hirða fiskaflann, ber vitanlega nauðsyn til þess að gæta að því, hvort til séu nægileg skip til að afla fiskjarins. Þetta er mjög rétt athugað, en ég geng líka út frá því vísu, að því sé eins varið með 10. landsk. og mig, að það sé fyrir hvorugum okkar dagurinn í dag, sem gefur okkur skilning á þessu atriði. Það hefir verið augljóst í mörg ár, að skipastóllinn íslenzki þarf að endurnýjast, því það má segja, að við séum orðnir mjög á eftir nágrannaþjóðunum að því er snertir fiskiskip. Með þetta fyrir augum höfum við sjálfstæðismenn nú lagt fram í fimmta sinn frv. um eflingu fiskveiðasjóðs, þannig, að hann verði betur hæfur til að leysa hlutverk sitt, en það er að hjálpa mönnum til að eignast nýtt fiskiskip. Ég vil taka það fram, þó þetta frv. sé ekki hér til umr., að við flm. höfum breytt stærðarákvörðunum á þeim skipum, sem sjóðurinn ætlar að lána út á, með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er í því, hvaða skipastærð er hentugust fyrir síldveiðar. Svo að við hv. 10. landsk. erum sammála um nauðsynina á því að efla fiskiskipastólinn, og ég ýti hins bezta frá honum í því efni og vona, að sú stoð, sem ætlazt er til, að fiskveiðasjóður veiti til eflingar flotanum, verði nú efld og styrkt á þessu þingi.

Ég held, að ég hafi komið að flestum þeim atriðum, sem hv. 10. landsk. minntist á í sambandi við þetta frv. og ekki var þegar svarað af hv. fyrra flm. Ég heyrði að vísu á ræðu hv. 10. landsk., að fjármálamaðurinn var kominn nokkuð ofarlega í honum, og er það ekki að undra. Það er vitanlega satt og rétt, að það er ekki hlaupið að því nú frekar en endranær að fá stórlán, jafnvel þó til arðvænlegra fyrirtækja sé. Hinsvegar vil ég ekki kannast við, að það sé í þessum efnum farið ógætilega af hálfu okkar flm., þó að við viljum gefa ríkisstj. heimild til að koma síldarverksmiðju á fót á Raufarhöfn, þegar athugað er það mikla verðmæti, sem orðið hefir að sitja af flotanum á þessu ári, af því að ekki voru nægar verksmiðjur til. Og yfir höfuð ættu þær till. sjálfstæðismanna, sem miða að því að efla atvinnuskilyrði almennings í landinu, þó að þær hafi kostnað í för með sér, ekki að teljast ámælisverðar.

Um hin stærri mál, sem hv. 10. landsk. minntist á, skal ég vera fáorður. Það er frekar annara en mitt, að svara til um það, hverjir hafi orðið fyrstir til að ríða á vaðið með Sogsvirkjunina og önnur slík stórfyrirtæki. Ég hygg þó, að ekki sé of mikið sagt, þó fullyrt sé, að sjálfstæðismenn hér í bæ hafi átt bróðurhlutann af þeim framkvæmdum og störfum, sem legið hafa í því að koma þessu máli áfram.

Ég vil benda hv. 10. landsk. á annað atriði, sem er dálítið skylt. Það er hitaveitan, sem fyrirhugað er að leggja í fyrir Reykjavík. Mér virðist, að sagan muni ætla að endurtaka sig að því er snertir hitaveituna, eins og hún var við Sogsvirkjunina. Ég sé ekki betur en af hálfu stjórnarfl. hér í bæ sé unnið að því að draga úr því að koma hitaveitunni af stað og gera þær tilraunir, sem nú er verið að vinna að, sem tortryggilegastar. Í stuttu máli, að drepa þessu máli á dreif. Og komist þetta í framkvæmd þrátt fyrir þessar aðgerðir Alþfl., þá hygg ég, að það verði sjálfstæðismenn sem verða að bera hita og þunga dagsins af þessu verki, eins og það voru sjálfstæðismenn, sem báru hita og þunga dagsins við Sogsvirkjunina.

Þetta er að vísu ekki viðkomandi síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, en ég vænti þess, að hæstv. forseti virði það á betri veg, þó að ég með hógværum orðum minni hv. 10. landsk. á þá staðreynd, sem við blasir, ef farið er að kryfja til mergjar, hverjir gengu í broddi fylkingar um þessi stóru framfaramál.

Bernharð Stefánsson: Ég sé ekki ástæðu til að taka undir með hv. 10. landsk. og láta fögnuð minn í ljós yfir því, að tveir menn bætist í hóp þeirra manna, sem telja þjóðnýtingu atvinnufyrirtækja heppilegasta. En aftur á móti vildi ég taka undir það, að þetta mál væri athugað sem bezt, sérstaklega með tilliti til þeirra möguleika, sem á því eru að koma upp síldarverksmiðjum án þess að ríkið geri það og þurfi að binda fé þannig eða taka lán.

Mér er fullkunnugt um það, eins og hér hefir komið fram, að það eru ýmsir einstaklingar og félög einstaklinga, sem nú hyggja til þess að koma upp síldarverksmiðjum. Hv. þm. Hafnf. gat þess, að sér væri kunnugt um þetta, en sagði, að þetta mundu vera smástöðvar og þess vegna væri þetta mál eins nauðsynlegt fyrir því.

Ég býst við, að þessar síldarbræðslustöðvar, sem ýmsir einstaklingar hafa nú hug á að koma upp, séu sérstaklega ætlaðar til þess, eins og hann nefndi, bæði að gera síldarsöltun tryggari á þessum stöðum og líka til þess að gera smáútvegsmönnum hægara um vik við að losna við síld sína, og þess vegna muni þessar bræðslustöðvar ekki að öllu leyti hafa sama hlutverk og hér er hugsað til. En ég geri ráð fyrir, að komist ein eða fleiri slíkar smástöðvar á fót, þá hljóta þær að létta mikið á bræðslustöðvum ríkisins, og þar af leiðir, að það verður minni þörf á að ráðast í þessar framkvæmdir á Raufarhöfn. Ég er ekki að mæla á móti þessu frv., en þar sem ég veit, að það liggja fyrir margar umsóknir frá einstaklingum um að fá að reisa síldarbræðslustöðvar, finnst mér ekki rétt, að ríkið hrapi að því að ráðast í þessar framkvæmdir á Raufarhöfn, heldur sé það athugað gaumgæfilega, hvort ekki beri frekar að styðja viðleitni einstaklinganna. Og ég vildi vænta þess, að sjútvn., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi allar hliðar þess, áður en hún tekur sína ákvörðun.

Það er talað um lántökur í þessu skyni, og þetta mál er flutt af tveimur hv. stjórnarandstæðingum, en ég býst samt við, verði þetta frv. samþ. og lán tekið, að bæði í blöðum sjálfstæðismanna og ræðum þeirra á þingmálafundum muni þetta lán verða talið í flokki þeirra lána, sem tekin hafa verið af núv. ríkisstj. Það hafa fyrr verið tekin lán að ráðum þessa flokks og hann hefir samt sem áður talið þau til skuldasöfnunar stj., og svo mun verða með þetta.

Ég lít svo á fyrir mitt leyti, þó að ég hafi stundum stutt ríkisrekstur, að það sé æskilegra, ef unnt er að fullnægja sömu þörfum með framtaki einstaklingsins heldur en með aðgerðum ríkisins.

Þegar ríkisbræðslustöðvarnar á Siglufirði voru settar á stofn, stóð svo á, að verksmiðjur vantaði og einstaklingar höfðu ekki tök á að koma þeim upp. Þá voru allir sammála um það, að ríkið yrði að koma upp verksmiðjum En nú er öðru máli að gegna. Nú virðist vera til fjármagn í landinu, sem menn vilja fúslega leggja í þessar bræðslustöðvar. Þess vegna álít ég, og vil taka undir það með hv. 10. landsk., að nauðsyn beri til að athuga þetta mál sem bezt.

Það kann að vera, að það sé mikil röksemd fyrir þessu máli, sem hv. fyrri flm. fjölyrti mjög um, að staðhættir fyrir nýja síldarverksmiðju séu einmitt sérlega heppilegir á Raufarhöfn. Mig skortir kunnugleika til að dæma um þetta, en mér virðist, að undanfarin sumur hafi síldin verið allóstöðug og stundum veiðzt austur í Þistilfirði og stundum aftur í Húnaflóa. Það er því næst að ætla, að það geti komið sumar, þegar Raufarhöfn er ekki betri staður en hver annar. En eitt er víst, að Siglufjörður og Eyjafjörður liggja um miðbik þess svæðis, þar sem um síld er að ræða, og þess vegna er eðlilegt að hafa aðalsíldarbræðslustöðvarnar þar. Nú veit ég, að það munu koma fram beiðnir um það til þingsins, að greitt verði lítilsháttar fyrir nýrri verksmiðju, sem einstaklingar hafa í hyggju að koma upp einmitt um miðbik síldveiðisvæðisins. Þetta er náttúrlega ekkert aðalatriði í þessu máli, en ég sagði þetta út af því, að ég er ekki sannfærður um, að það sé sjálfsagt að auka síldarbræðsluna á Raufarhöfn. Hitt er aðalatriðið, að sú síld, sem aflast, geti orðið hagnýt vara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 30. nóv., utan dagskrár, mælti

Bjarni Snæbjörnsson: Þann 19. okt. var útbýtt hér í d. frv., er ég bar fram, um að reisa

nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn. Var málið tekið á dagskrá 3 dögum síðar og vísað til 2. umr. og sjútvn. Fyrir viku kom málið svo loks frá minni hl. n., og ég hefi síðan beðið eftir því, að það kæmi frá meiri hl. En það er ekki komið enn. Ég hefi talað við form. sjútvn. um það, hvenær ég geti átt von á málinu, en hefi ekki fengið skýr svör. Þó hefir hann tjáð mér, að hann og n. muni tilbúin til að láta málið koma fyrir. Vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá á næsta fundi, sem er á morgun.

Sigurjón Á. Ólafsson: Út af orðum hv. þm. Hafnf. vil ég geta þess, að ég mun innan skamms skila nál. um málið, en á því hefir orðið nokkur dráttur, sem m. a. hefir stafað af því, að leitað var umsagnar stj. síldarverksmiðjanna, en sú umsögn er nú nýlega komin okkur í hendur.

Bjarni Snæbjörnsson: Þetta álit, sem hv. 3. landsk. minntist á, er komið til sjútvn. fyrir vikutíma, án þess að nokkuð hafi bólað á gerðum hennar. Er þetta óhæfilegur dráttur, þegar öll skjöl eru komin fram í málinu. Hv. 3. landsk. lofaði að skila nál. innan skamms, en ég mælist samt til þess, að málið verði tekið á dagskrá þegar á morgun, því að ég get gert ráð fyrir, að með sama drætti og orðið hefir, geti enn orðið langt að bíða þess frá hv. þm.

Forseti (EÁrna): Ég sé mér ekki fært að taka málið á dagskrá næsta fundar, því að dagskráin er þegar fullskipuð, og eru það svo stór mál, að varla er von þess, að þetta mál komist að. Hinsvegar hefir verið lýst yfir því, að von sé á afgreiðslu málsins frá n. fljótlega, og mun það þá þegar verða tekið á dagskrá. Sé ég mér ekki annað fært en að bíða eftir málinu enn um stund a. m. k., en komi það ekki, mun ég auðvitað taka það á dagskrá bráðlega.

Á 45. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 168 og 254).

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti! Þegar nál. það, sem ég stend að, var gefið út., var búið að ræða þetta mál allmikið í hv. sjútvn. M. a. var búið að leita álits formanns verksmiðjustj., og hafði hann lofað upplýsingum og tillögum frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, en þær voru ókomnar þegar nál. var gefið út, 22. nóv. Ég vildi þá ekki eiga það á hættu, að málið yrði saltað og dregið á langinn sökum þess, að það var ekki afgr. frá n., og réðst því í að gefa út nál. á þskj. 168, þó að hv. meðnm. mínir væru þá ekki við því búnir að láta uppi álit sitt á málinu. Hér er um svo mikið hagsmunamál fyrir vélbátaflotann að ræða, að það mátti til að afgreiðast á þessu þingi. Ég vil taka það fram, að enginn skyldi halda, að við sjálfstæðismenn hefðum í nokkru breytt skoðunum okkar á ríkisrekstri, þó að við leggjum til, að ríkið ýti undir byggingu síldarverksmiðja á þessum og þessum staðnum. Það kemur ekki til af því að við viljum heldur, að ríkið reki þessi fyrirtæki, en eins og nú er, verða aðrir ekki til þess. Þannig er það í þessu tilfelli með Raufarhöfn.

Svo sem sjá má á nál. hv. meðnm. míns. hafa nú komið fram upplýsingar í málinu, sem ekki lágu fyrir, þegar ég gaf mitt nál. út, en í því legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég hafði þó þann fyrirvara, að kæmu fram í meðferð málsins nýjar upplýsingar, hefði ég óbundnar hendur til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, eða koma með þær sjálfur. Það má vel vera, að við flm. frv. föllumst á að afgr. það með einhverjum breyt., ef aðalatriðinu er haldið, að reist verði á Raufarhöfn svo stór síldarverksmiðja, sem fært þykir, — svo stór, að hún komi bátaflotanum að verulegu gagni.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Svo sem sjá má á þskj., er n. þríklofin um málið. Ég verð að byrja með að leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Vestm., þó að hann væri ekki mikilvægur. Hv. þm. var á fundi n. eftir að þær upplýsingar komu fram, er hann talaði um, en á þeim upplýsingum hefi ég byggt till. mínar. Ég get ekki fallizt á, að hægt sé að byggja 5000 mála verksmiðju á Raufarhöfn. En hitt er tvímælalaus krafa smáútvegsmanna, að verksmiðjurekstur á Raufarhöfn verði aukinn. Undanfarin sumur hefir það verið svo, að þó síld hafi hvergi fundizt fyrir öllu Norðurlandi, hefir talsverða síld verið að fá í kringum Langanes. Og er þá ómetanlegt hagræði fyrir síldveiðiflotann, einkum smærri skipin, að þurfa ekki að fara lengra með aflann en til Raufarhafnar.

Það mun hægt að vinna í gömlu verksmiðjunni, þegar bezt lætur, 1400 mál, en annars er meðalvinnsla 1200 mál. Það er kunnugt, að verksmiðjan er gömul og hefir þurft endurbóta og mikils viðhalds, og má ekki mikið á hana byggja til langframa. Það er því nauðsynlegt, að þarna komi nýtízku verksmiðja við hliðina á þeirri gömlu. Ef hnigið er að því ráði að byggja 2400 mála verksmiðju, þá eru vinnslumöguleikarnir komnir upp í 3800 mál, eða kannske 4000 mál, þegar bezt lætur. Ég verð að líta svo á, að möguleikar séu til þess að bæta úr aðkallandi þörf, ef hnigið er að þessu. En örðugleikar þeir, sem eru á því að gera þarna verksmiðju, sem sé stærri en sú, sem nú er, eru m. a. þeir, að höfnin á Raufarhöfn er afskaplega grunn og innsiglingin í sumum áttum dálítið varúðarverð. En það er nauðsynlegt, að höfnin hafi skilyrði til þess, að hin stærri skip eins og þau, sem taka síldarafurðir, og þau, sem geta komið með til verksmiðjunnar þær nauðsynjar, sem hún þarf, eins og t. d. kol og annað, það er nauðsynlegt, að slík skip geti haft nokkurn veginn greiðan gang um höfnina og upp að þeim bryggjum, sem þarf að ferma og afferma við. Nú er svo háttað á Raufarhöfn með lýsi t. d., að þar er enginn lýsisgeymir, heldur er lýsið látið á föt, en það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að þurfa að nota þá aðferð. Mér er kunnugt um, að stundum, og þá sérstaklega í sumar, hefir legið við

borð, að rekstur verksmiðjunnar stöðvaðist af þeirri einu ástæðu, að það vantaði tunnur. Það var að vísu reynt að bæta úr þessu. En það er almenn skoðun, að þarna þurfi að vera lýsisgeymir eins og við allar aðrar verksmiðjur, en þá þurfa að geta flotið þar skip, sem hafa lýsisgeymi. En til þess að það geti orðið, þarf að dýpka höfnina. Í öðru lagi telja þeir, sem til þekkja, að vatn, bæði til verksmiðjunnar sjálfrar og hinna mörgu skipa, sem þurfa að athafna sig þar og taka vatn til sinna nauðsynja, muni vera af skornum skammti. Ég er ekki kunnugur þarna, en því hefir verið haldið fram við mig, að þetta megi laga með ekki ýkjamiklum kostnaði.

Það er ýmislegt fleira, sem þarf að gera, en áætlanir um það liggja ekki enn fyrir, eins og drepið er á í nál. Vitamálastjóri er byrjaður að gera áætlanir um mannvirki, sem þarna þarf að gera, og sennilega geta þær verið tilbúnar handa ráðuneytinu í janúarmánuði. Engar ákveðnar kostnaðaráætlanir um þetta mannvirki liggja því fyrir, en með tilliti til þess, hvað bygging annara verksmiðja hefir kostað, þá mun ekki langt frá sanni að áætla, að svona mannvirki kosti um 1 millj. kr.

Mín brtt. fer í þá átt, að verksmiðjan verði ekki höfð stærri en það, að hún geti unnið 2400 mál á sólarhring, og ríkisstj. sé heimilt að taka að láni í þessu skyni allt að 1 millj. kr. Það getur orðið minna, ef kostnaðaráætlanir sýna, að það þurfi ekki svona mikið. Ég hefi leyft mér að leggja til, að þetta skuli unnið á næsta sumri. Mér er að vísu ekki fyllilega ljóst, hvort þetta er kleift, en þó skildist mér á einum stjórnarnefndarmanni ríkisverksmiðjanna, að ef nú þegar væri brugðið við og pantaðar vélar og annað til verksmiðjunnar, þá sé ekki útilokað, að takast mætti að koma verksmiðjunni upp, svo að hún gæti unnið á komandi sumri. Ég vil ekki fullyrða neitt um það, hvort þetta kann að reynast svo, en legg mikla áherzlu á, að það verði reynt að byggja verksmiðjuna á næsta sumri, því mér er það fyllilega ljóst, að þörfin er svo aðkallandi að stækka verksmiðjuna, að það getur valdið miklu tjóni, ef ekki er undinn bráður bugur að því.

Ég tel því ekki eins og sakir standa þörf á því að tala meira fyrir þessari till. minni.

*Ingvar Pálmason: Ég hefi ekki að öllu leyti getað orðið samferða meðnm. mínum í þessu máli, og liggja til þess ýmsar orsakir, sem nú skal greina. Aðalástæðan fyrir því, að ég get ekki orðið þeim samferða, er sú, að fyrir sjútvn. liggja nú margar beiðnir og kröfur um stækkun síldarverksmiðja, en n. hefir ekki séð ástæðu til að sinna neinu af þessum málum nema þessu eina. Ég gat ekki fundið ástæðu fyrir því, að þetta eina mál er tekið út úr, því mér finnst, að mörg rök hnigi undir það, að þó þetta mál verði afgr. nú á þinginu, þá séu fyllstu líkur til, að það komi ekki að notum á næsta síldveiðatímabili. Ástæðurnar fyrir þessu eru fleiri en ein.

Í fyrsta lagi er sú, eftir því sem fram hefir komið, að það liggja ekki fyrir neinar áætlanir um það, hvað þessi bygging muni kosta. Það eru ekki til nema mjög lauslegar ágizkanir um þetta, og þær ágizkanir hljóða upp á, að bygging verksmiðju, sem gæti unnið úr 2400 málum á sólarhring, myndi kosta um 1 millj. kr. En ég vil biðja menn að athuga vel, að þetta eru ekki nema ágizkanir, því engar áætlanir eru til um þetta. Við skulum ganga út frá þessu, þó ég gæti vel trúað, að slík verksmiðja byggð á Raufarhöfn myndi kosta 1200 þús. kr. eins og 1 millj., eða ef til vill fyllilega það, því þar koma til greina atriði, sem ég kem ef til vill að síðar. Til þess að reisa þessa verksmiðju, þó hún kosti ekki nema 1 milj., þarf fé, og ég veit ekki til, að það hafi verið gerð hin minnsta tilraun til að útvega það fé. En ég held, að eins og nú horfir málum, þá verði ein millj. ekki gripin upp í skyndi. Auk þess leiðir af sjálfu sér, að um leið og slík verksmiðja er byggð á Raufarhöfn, þá verður óhjákvæmilegt að dýpka höfnina. Ég heyri, að menn eru vongóðir um, að það þurfi ekki mikið fé til þess, en allir eru sammála um að það þurfi eitthvert fé. Ég tel mér leyfilegt að gizka á, og ég gizka á, að það muni mega gera ráð fyrir, að það fari allt að 200 þús. kr. til þess að verksmiðjan verði nothæf á þessum stað hvað þetta snertir. Þetta fé þarf að fá líka, og ég get ekki betur séð en það sé á rökum byggt, að það séu miklar líkur til þess, þó þetta mál gangi fram á þessu þingi, að þessi verksmiðja komi ekki að notum á næsta síldveiðatíma.

Ýmislegt fleira er athugavert við byggingu verksmiðju á Raufarhöfn, eins og t. d. það, að ekki hefir verið rannsakað að fullu, hvað mikið myndi kosta að tryggja verksmiðjunni og þeim skipum, sem við hana skipta, nægilegt nothæft vatn. Það er vitað, að vatn það, sem verksmiðjan notar nú, er tæplega nægilegt handa henni, eins og hún er nú. Það má vera, að þetta sé ekki stórt atriði. En allir sjá, að málið er með öllu órannsakað og óundirbúið, þegar svo einfalt atriði sem það, hvort hægt er að tryggja þar nægilegt, nothæft vatn, er ekki einu sinni upplýst. Það sjá allir, að þá er ekki mikið undirbúið og upplýst um hin stærri atriði.

Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir, hvað myndi koma síldveiðunum að mestum notum af þeim ráðstöfunum, sem fram hafa komið hér á þinginu, og ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta væri einhver tviráðasta ráðstöfunin, sem hægt væri að gera. Það er byggt á því, að allar líkur benda til, að þessi ráðstöfun geti alls ekki komið að notum fyrir næsta síldveiðitíma.

Ég vil minna á það, að til eru á Austfjörðum tvær verksmiðjur. Um aðra þessa verksmiðju er það vitað, að það liggur fyrir beiðni um stuðning til að stækka hana,og mér er kunnugt um, að það stendur nákvæmlega eins á um hina verksmiðjuna. Það liggja fyrir óskir um að hún verði stækkuð. Þetta mál er ekki fyllilega rannsakað, ég játa það, en þó er hægt að upplýsa það, sem ég hefi áður upplýst hér í hv. d., að viðvíkjandi stækkun á verksmiðjunni á Norðfirði liggja fyrir áætlanir og tilboð

í vélar, sem sýna, að stækkunin þyrfti ekki að kosta nema 150—200 þús. kr., eftir því hvort lagt er í að byggja oliugeymi. Ég veit vel, að sú stækkun er ekki hugsuð eins mikil og myndi ekki koma að eins miklum notum eins og sú stækkun, sem hér er talað um á Raufarhöfn, en hitt er víst, að sú stækkun gæti komið að notum strax á næsta ári. Ég hygg líka, ef um það væri að ræða, að fé væri fyrir hendi, þá væri alveg það sama að segja um verksmiðjuna á Seyðisfirði, að það væri hægt að koma í framkvæmd þeirri stækkun, sem um hefir verið talað, svo tímanlega, að hún geti komið að fullum notum á næsta síldveiðitíma. Ég veit það verður sagt að það sé ekki betra fyrir síldveiðarnar, þó stækkaðar séu verksmiðjur á Austfjörðum, vegna þess, að þær liggi fjær síldarmiðunum heldur en verksmiðjan á Raufarhöfn. Þetta er að nokkru leyti satt, en þó ekki nema að nokkru leyti. Ef hagar til eins og síðastl. sumar, og jafnvel fleiri undanfarin sumur, að síldin veiðist eins mikið — ef ekki meira — fyrir austan Langanes, þá er ekki vafi á því, að það er ekki lengur verið að sigla til Seyðisfjarðar og Norðfjarðar heldur en til Raufarhafnar. Þó sigling sé í sumum tilfellum lengri, eins og t. d. af Þistilfjarðarflóa, þá gæti þó nokkuð unnizt við það, að afgreiðsla er alltaf miklu ódýrari á Austfjörðum en Raufarhöfn.

Ég verð að segja, að ég tel það mjög vanráðið að taka þessa einu stækkun á verksmiðju út úr af þeim, sem fyrir liggja, og keyra hana fram án þess að hafa minnstu sönnun fyrir því, að hún geti komið að notum á næsta síldveiðatíma.

Ég vil minnast á eitt enn, sem ekki hefir verið minnzt á neitt sérstaklega. Ég vil gera það af því, að ég hygg, að þar verði ekki beint til mín aðdróttun um hlutdrægni. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefir látið það uppi við sjútvn. þessarar d., að hún telji mjög aðkallandi, að í Siglufirði verði aukið við vélakraft verksmiðjanna það miklu, að verksmiðjurnar geti aukið afköst sín um 2400 mál á sólarhring. Þessir sömu menn hafa látið það uppi við sjútvn. og fært allgóð rök fyrir því, að þessi stækkun þurfi aldrei að kosta meira en ½ millj. kr. Ég hefði óskað þess sem þm., að þetta allt væri vel athugað áður en frv. þetta um stækkun verksmiðju á Raufarhöfn væri keyrt í gegnum þingið. Ég held, hvað sem líður áskorunum sjómanna og útgerðarmanna og ótta hv. þm. við, að vilji þeirra sé brotinn á bak aftur, að ég hefði viljað vænta þess, að hv. þm. hefðu þann dómgreindarkraft í sér fólginn, að þeir létu það ekki ráða gerðum sínum heldur það, sem þeir álitu heildinni, útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir beztu í framtíðinni.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða fyrir mig að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég þykist hafa fært allgild rök fyrir því, að það sé ekki af neinni óvild til útgerðarmanna og fiskimanna, að ég gat ekki fylgzt með þessu máli eða mælt með þessu frv. Ég þykist hafa fært allmiklar líkur fyrir því, að það sé ýmislegt, sem vert væri að athuga nánar áður en þetta mál er afgr. úr þinginu, einmitt í sambandi við það, að verða að liði bæði sjómönnum og útgerðarmönnum og að ofbjóða ekki fjárhagsmöguleikunum til framkvæmda. Ég hefði því viljað óska, að þetta mál hefði verið miklu gaumgæfilegar athugað áður en teknar eru í því fastar ákvarðanir Ég er sannfærður um, að það væri alveg eins góð meðferð á þessu Raufarhafnarmáli, að vísa því til ríkisstj. til rannsóknar fyrir næsta þing. Ef verkið er framkvæmanlegt fyrir næsta síldveiðatíma, þá er það eins framkvæmanlegt, þó málið verði ekki framkvæmt á næsta þingi. Hér vantar afl þeirra hluta, sem gera skal. Það vantar fé til þess að reisa verksmiðjuna, því ég hefi aldrei undir meðferð málsins heyrt ymprað á því, hvernig eigi að fá fé eða hvaðan eigi að fá það. Ég álít, að ríkisstj. eigi að leysa þessa hnúta, og málið verði þess vegna bezt afgr. með því að vísa því til ríkisstj. Hinsvegar játa ég, að þetta séu of litlar aðgerðir frá þingsins hálfu til þess að koma á móts við þær óskir, sem fram hafa komið frá þeim mönnum, sem við síldveiði fást, og til þess að koma á móts við þær þarfir, sem eru fyrir hendi um stækkun verksmiðja. Þess vegna get ég vel á þessu stigi málsins sætt mig við, að málið sé athugað betur. Það gæti vel komið til mála — ég skal ekki segja, hvort ég treysti mér til að fylgja því, enda fer það eftir því, hvernig málið ber að —, að hægt væri að afgr. þetta mál frá þinginu, þó því aðeins, að fé fengist til fyrirtækisins, ef rannsókn leiddi í ljós, að það væri haganlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði, að leggja í stækkun á þessum stað. Ég hefði því viljað óska þess, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá nú, svo ríkisstj. gæfist tækifæri til þess að hugsa málið, svo hægt væri að heyra till. hennar um það. Mér er nær að halda, að eins og málið horfir við nú, þá hafi ríkisstj. litlar vonir um, að hægt sé að framkvæma það eins og það liggur fyrir nú.

Ég get svo látið máli mínu lokið að þessu sinni. Ég hefi ekki hugsað mér á þessu stigi málsins að gera till. um að vísa því til ríkisstj., þó ég af ástæðum, sem ég hefi áður tekið fram, telji, að málinu væri ekki unnið tjón með því. Mér er alveg ljóst, að það er hreinasti barnaskapur að halda áfram að afgr. þetta mál gegnum þykkt og þunnt, án þess að sinna öðrum viðhorfum, sem eru í þessum síldarbræðslumálum. Það er vitað, að það eru miklar líkur til að þetta verði aðeins pappírsgagn, því það eru engir möguleikar á að notfæra sér fyrirtækið á næsta síldveiðatíma. Ég held því, að öllum sé gerður greiði með því, að málið sé betur athugað.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég tel víst, enda hefir það komið fram í þessum umr. og það má heita óskipt álit manna, að einhver allra líklegasti staður til stækkunar á síldarbræðslu sé einmitt á Raufarhöfn. Ég fyrir mitt leyti er eindregið þeirrar skoðunar. Þó verður maður að játa, að sú reynsla, sem þar er á veiðum við norðausturhornið, er ekki það löng, að á henni megi byggja verulega til frambúðar, en hún gefur það sterkar vísbendingar, að ekki er ástæða til annars en leggja nokkuð mikið upp úr henni. Hinsvegar held ég, eftir athugun þá,

sem fram hefir farið á þessu, að það megi heita útilokað, að hægt sé að koma upp 5000 mála verksmiðju fyrir næsta síldveiðatíma. Þar er ekki hægt að koma við til flutninga nema tiltölulega smáum skipum, svo verulegar hafnarbætur verður að gera. Auk þess verður að afla meira vatns og fleira og fleira, sem þarf að gera. Ef miðað er við 5000 mála verksmiðju og aðrar aukningar, sem þarna þarf, þá verður að teljast svo að segja vonlaust, að hægt sé að ljúka því fyrir síldveiðitímann næsta ár. Með því að minnka þetta niður í 2400 mála verksmiðju, þá myndi að sjálfsögðu verða léttara að koma þessu í framkvæmd fyrir þennan tíma. Samt sem áður verð ég að segja, að því fer fjarri, að ég sé viss um, jafnvel þó l. verði samþ. strax, að hægt sé að byrja á undirbúningi hérna megin við áramót. Það, sem veldur sérstökum örðugleikum þarna, er, að það er ekki ennþá fullráðið, hvaða hafnarbætur þarf að gera í sambandi við þetta, og það vantar fé til þess umfram það, sem ætlað er til verksmiðjunnar sjálfrar. Ég er því samt sem áður fylgjandi, að ríkisstj. sé veitt heimild til þess að gera stækkun á Raufarhöfn. Ég held, að sú verksmiðja, sem þar er nú, hafi unnið 1100—1400 mál, og mun þá vera nægilegt að gera ráð fyrir 2400 mála stækkun, ekki síst ef þannig er frá því gengið, að hægt sé að koma við frekari umbótum, ef þörf er á því seinna.

Um hvað þetta kostar er ekki hægt að fullyrða, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði réttilega. Nýja verksmiðjan á Siglufirði, sem mun vera lík að stærð eins og þessi verksmiðja er ráðgerð, mun hafa kostað yfir 1 millj. kr. Verðbreytingar á vélum og þess háttar og byggingarefni hefir heldur orðið til hækkunar. Hvort horfið verður að því ráði að byggja eins rækilega á Raufarhöfn og um það, hvort byggt verður úr steini eða öðrum efnum, skal ég ekki fullyrða. Mér þykir ekki gerlegt undir neinum kringumstæðum að reikna með því, að 2400 mála verksmiðja yrði undir þeirri upphæð, sem ég nefndi. Miðað við síðastl. sumar, — en það er ekki allskostar rétt að miða við það, vegna þess, að verð á síld til bræðslu var geysilega hátt, og þessvegna allar byttur við þær veiðar, sem flotið gátu, — en reynslan sýndi, að tafir við losun urðu á fyrsta mánuði síldveiðitímans að meðaltali sem svaraði viku á skip, og var mikið tjón, því að tafirnar urðu náttúrlega mestar meðan aðalaflahrotan stóð. Hinn hluta veiðitímans gekk veiðin tregar, svo að verksmiðjurnar höfðu ekki nóg að starfa. Ég tel nú samt, að reynsla síðasta sumars hafi sýnt, — vegna þess, að maður hefir von um vöxt í útgerðinni —, að nokkra aukning megi gera á verksmiðjunum án þess að hætta sé á, að þær standi verklausar. Einmitt með það fyrir augum er Raufarhöfn sérstaklega framarlega í röð.

En fyrir þriðjung af því fé, sem líklegt er, að nýja verksmiðjan á Raufarhöfn mundi kosta, má gera 2400 mála aukning á ríkisverksmiðjunum á Siglufirði. Mér þætti því líklegt, að það væri bezta lausnin að auka um 2400 mál á Siglufirði og reisa verksmiðju fyrir önnur 2400 mál á Raufarhöfn. En vissara er að binda ekki ákvæði l. við það, að verksmiðjan verði komin upp í sumar, heldur nægi, ef henni verður lokið og tekin í notkun sumarið 1939. Því að sjálfsögðu þarf að fást fé til þessa, og nákvæmir útreikningar verða að sýna, að skynsamlegt sé að ráðast í bygginguna. Enda er hér aðeins um heimild að ræða fyrir ríkisstj.

Hv. 2. þm. S.-M. taldi, að það kynni að vera eins heppilegt að taka málið af dagskrá til að athuga möguleika til breytinga. En það er að sjálfsögðu hægt að bera fram brtt. fyrir 3. umr., ef svo sýndist. Ég vil fá málið afgr. nú til 3. umr. Það stafar fyrst og fremst af því, að ég er með brtt. á þskj. 554 og með frv. þannig breyttu, þó að mér þyki of þröngt að binda sig við að fullgera verksmiðjuna í sumar, þar sem hætt er við, að ómögulegt verði að láta hana taka þá til starfa. — Ég vil skjóta því til n., hvort hún geti ekki fallizt á að heimila hvoratveggja aukningu, bæði á Siglufirði og Raufarhöfn. Þá mundi nægja heimildin í 2. gr. um 1½ millj. kr. lántöku.

Ég sé ekki ástæðu til að svo komnu að breyta til um upphæðina. Ég vildi mælast til þess að n. athugaði þessi atriði, þó að mér þyki ekki ástæða til að bera fram brtt. fyrr en við 3. umr.

*__Bjarni Snæbjörnsson:__ Ég vil nú þakka hv. 1. og 2. minni hl. sjútvn. fyrir afgreiðslu á þessu frv., þó að það kæmi nokkuð seint frá 2. minni hl. Og þó að afgreiðslan sé ekki eins og ég helzt hefði óskað, þá vona ég, að það verði ekki til að tefja fyrir framgangi málsins hér á þingi. Hv. 2. minni hl. leggur til, að verksmiðjan verði ekki stækkuð nema um 2400 mál, og þó að það sé alls ekki svipað því, sem kröfur okkar eru flm. með frv., og eins sjútvn. í heild, þá er það nokkur bót, sérstaklega ef verður horfið að því ráði, sem hæstv. atvmrh. gat um, að um leið væri stækkuð síldarverksmiðjan á Siglufirði um önnur 2400 mál. En mig langar ofurlítið að minnast á mótbárur þær, sem hv. 2. þm. S.-M. kom fram með á móti þessu frv. Hann er form. sjútvn. og hefir ekki sent út neitt nál. Hann taldi því aðallega til foráttu, að málið væri ekki nógu undirbúið, og engin tilraun gerð til að fá lán til byggingarinnar, og ekki væri sagt neitt um það, hve mikið fé myndi þurfa til að dýpka höfnina, sem óhjákvæmilegt væri, ef frv. þetta yrði að lögum. En nú er því til að svara, að höfnin er þannig úr garði gerð, að allir smábátar, bæði mótorbátar og línubátar, geta komizt inn á höfn og athafnað sig þar. Eins og grg. frv. sýndi, eru það aðallega þeir bátar, sem var verið að hjálpa með þessari ráðstöfun. Einnig minntist sami ræðumaður á það, að vatnsskortur væri þarna, en ég hefi fengið það upplýst, að það muni vera nægilegt vatn á þessari höfn, einungis hefði verið nokkur vatnsskortur þar í sumar, sem stafaði af því, að pípur frá vatnsbólinu voru of mjóar, og ætti að vera hægt um vik að hafa þær víðari, eða leggja auka æð, eftir því sem mönnum fyndist tiltækilegt. En það, sem var tvímælalaust þungamiðjan í ræðu þessa hv. þm., var, að það væri ekki þörf á þessari verksmiðju, þar sem væru 2 verksmiðjur á Austfjörðum, og þar hann þar

aðallega fyrir brjósti Norðfjarðarverksmiðjuna. Skal honum ekki láð það, en þetta ætti a. m. k. að sýna mönnum fram á það, að túlkun þessa þm. er ekki algerlega óhlutdræg í þessu máli, og getur maður þá fengið þarna skýringu á því, af hverju hann er svo mótfallinn því, að farið sé eftir ósk sjómanna og útgerðarmanna í þessu máli.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni, en vænti, að það fái þolanlega afgreiðslu, þar sem við höfum orðið á sama máli um nauðsyn þess. Verði málið afgr. á þessu þingi, verður hægt að hefjast handa með byggingu verksmiðjunnar strax á komandi sumri, enda má ekki verða neinn dráttur á framkvæmdum, ef það á ekki að koma smábátaútveginum í koll.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Ed., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 254 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 27, 254, 334).

***Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Jósefsson)** Þetta mál, sem hv. þm. Hafnf. flutti ásamt mér snemma á þessu þingi, hefir nú verið til athugunar í sjútvn. þessarar d., og þess utan boðaði hæstv. atvmrh. nm. á sameiginlegan fund beggja sjútvn. til þess að ræða um þetta sérstaka mál ásamt öðrum þeim till., sem fram höfðu komið bæði á Alþingi í frv.formi og till. frá stj. síldarverksmiðja ríkisins, sem einnig höfðu samþ. álitsskjal um það, hvað hægt væri að ráðast í. Ég skal þó taka fram, að á þeim fundi voru ekki rædd ýtarlega sum frv., sem fram höfðu komið, t. d. um síldarverksmiðju á Sauðárkróki og Húsavík o. s. frv., heldur aðeins skýrt frá, hvað fram hefði komið í þessu efni, og ennfremur hvaða beiðnir hefðu komið frá einstökum mönnum um að fá að reisa síldarverksmiðjur víðsvegar. Hæstv. ráðh. fórust þannig orð, að hann mæltist til, að nm. létu uppi álit sitt um, hvað þeim þætti tiltækilegast á þessu sviði, eftir að hafa heyrt alla málavöxtu, og létu svo stj. eða honum það álit í té. Síðan hefir enginn sameiginlegur fundur verið haldinn um þessi mál, en hinsvegar hefir hæstv. ráðh. rætt við sjútvn. þessarar d. um þá brtt., sem liggur fyrir á þskj. 334. Við höfum þess vegna ekki átt kost á að láta uppi á sameiginlegum fundi sjútvn. neitt sameiginlegt álit um síldarverksmiðjubyggingar í heild.

Ég vil taka fram fyrir mína hönd, að þótt ég og sumir minir flokksmenn hafi verið með að leggja til við þingið að reisa verksmiðjur fyrir ríkisins reikning á ýmsum stöðum, og líka á Raufarhöfn, þá er það ekki af því, að við teljum heppilegast, að ríkið reki þessar verksmiðjur, heldur af þeim ástæðum, að þegar svo ber við, að nauðsynlegt sýnist vegna þeirra, sem síldveiði stunda, að verksmiðjurnar séu reistar á heppilegum stöðum, að þegar ekki er vitað, að neinn einstaklingur eða félag hafi í hyggju eða óski eftir að reisa verksmiðjur á slíkum stöðum, þá tel ég fyrir mitt leyti, og ég hygg, að flestir minna flokksmanna séu mér sammála í því efni, að þá sé rétt, ef ekki er annars kostur til að greiða fyrir útveginum og þeim, sem hann stunda, að ríkið taki að sér þær framkvæmdir, sem nauðsyn er á. Ég vil taka þetta fram vegna þess, að það brennur stundum við, að það er lagt þannig út, sérstaklega af andstöðuflokkum okkar, stjfl., að við séum með þessu sérstaklega að reka erindi ríkisrekstrarins, en svo er ekki. Við erum aðeins að stuðla að því, að unnin séu þau verk, sem nauðsynleg eru til þess að síldarútvegurinn geti þrifizt. Við erum sömuleiðis þeirrar skoðunar á þessum málum, a. m. k. er það svo með mig og þá flokksmenn mína, sem ég hefi talað við, að ekki sé heppilegt, að ríkið leggi of miklar hömlur á, að einstaklingar reisi verksmiðjur, ef þeir geta það án aðstoðar ríkisins, því að við það, að fleiri verksmiðjur eru reistar eykst áhuginn fyrir að veiða síld, og má þannig vænta þess, að útflutningsmagn og útflutningsverðmæti fyrir landið í heild geti aukizt. Svo er á það að líta, að þegar menn vitna í, hvað skipaflotinn sé mikill og vilja miða allar framkvæmdir við það, að með þeirri breyt., sem ætlazt er til, að verði við síldarverksmiðjur ríkisins, þar sem eiga að koma hraðvirk löndunartæki við þessar verksmiðjur, þá er það sama sem aukning á afköstum flotans og þýðir í framkvæmdinni það sama og að flotinn stækki, því að eftir því sem hraðvirkari verður afgreiðsla skipanna hjá síldarverksmiðjum ríkisins, þeim mun fleiri veiðidaga geta skipin fengið, og er því að nokkru leyti það sama og aukning skipastólsins.

Í viðræðum um þetta mál, sem hér liggur fyrir, við stj. síldarverksmiðja ríkisins og hæstv. ráðh., hefir komið fram, að það þykir fullangt farið að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir um síldarverksmiðju á Raufarhöfn, óbreytt. Við höfum athugað málið og fallizt á þá skoðun, sem kemur fram í brtt. á þskj. 334. Þar er gert ráð fyrir, að stj. sé heimilt að reisa nýja verksmiðju á Raufarhöfn, sem geti tekið til starfa 1938 eða 1939 og geti unnið úr 2400 málum á sólarhring.

Það hefir bólað allmikið á því, þegar menn hafa farið að ræða aðstöðuna til að hafa stóra verksmiðju á Raufarhöfn, að ekki hefir verið talið af þeim kunnugustu mönnum, svo sem vitamálaskrifstofunni o. s. frv., að fullkomlega væri tryggt, að hægt væri að starfrækja stóra verksmiðju án þess að höfnin væri bætt til muna. Með tilliti til þess þykir hyggilegast að haga framkvæmdum eins og lagt er til í brtt.

Þá hefir n. einnig fallizt á að heimila stj., auk þessarar nýbyggingar á Raufarhöfn, að stækka síldarverksmiðjurnar á Siglufirði á þann veg, að afköst þeirra aukist um 2400 mál síldar

á sólarhring. Sumum mönnum kann að þykja álitamál, hvort rétt sé frá öllum sjónarmiðum að auka síldarvinnsluna á Siglufirði. En á það ber að líta í þessu sambandi, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, kostar aukningin á Siglufirði að sama marki og gert er ráð fyrir að nýja verksmiðjan mundi afkasta á Raufarhöfn, aðeins um helming þeirrar upphæðar, sem ný verksmiðja á Raufarhöfn mundi kosta. Á Siglufirði er nægur húsakostur fyrir hendi, svo að það, sem þyrfti við að bæta, eru aðallega vinnsluvélar. N. er sammála um að leggja þetta til, að fengnum þeim upplýsingum, sem ég hefi lýst.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að taka fleira fram um þetta mál. Mér hefir skilizt á þeim viðræðum, sem fram hafa farið, að þótt ákvörðun um þessa till. hafi eingöngu verið tekin af sjútvn. þessarar d., þá megi gera ráð fyrir, eftir því viðtali, sem við höfum átt við menn úr sjútvn. Nd., að þessi till. muni einnig fá fylgi í þeirri n. og geti þannig orðið sú lausn á málinu á þessu þingi, sem fyrir liggur í þessari brtt.

Að síðustu vil ég aðeins taka það fram, að við flm. málsins, og ég geri ráð fyrir einnig hv. samnm. minir í sjútvn., leggjum fyllstu áherzlu á, að hæstv. stj. geri allt, sem unnt er í þessu máli, þannig að heimildin verði notuð, svo framarlega sem þess er kostur, þegar á árinu 1938, svo að sú aukning, sem hér er um rætt, nýbygging verksmiðju á Raufarhöfn, komi síldarflotanum að gagni, ef þess er nokkur kostur, þegar á næsta ári. Hinsvegar vitum við það, að þær ástæður geta legið fyrir hendi, að ekki verði unnt að koma þessu í kring svo snemma sem við vildum óska. En samt sem áður eru allar líkur til, að það mætti takast, ef hæstv. stj. vinnur vel að þessum málum, að þessi aukning gæti komið þegar á árinu 1938. — Fleira þarf ég ekki að taka fram fyrir hönd sjútvn.

***Frsm. 2. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það eru aðeins örfá orð. Ég hefi litlu að bæta við það, sem hv. frsm. hefir sagt hér um þá sætt, sem hefir orðið í þessu máli, sem ég fagna mjög. En ég vil aðeins geta þess, að sú till., sem ég flutti við 2. umr. og tók þá aftur, hún er að sjálfsögðu tekin aftur með þessari till. Þessi till. gengur lengra. Í fyrsta lagi er tekin hér upp heimild handa Siglufjarðarverksmiðjunum, og gengur hún að vísu skemmra um það, hversu byggja skuli, af ástæðum, sem hv. frsm. tók til greina, sem er í fullkomnu samræmi við það álit, sem er í brtt. á þskj. 244, sem fylgdi minu nál.

Ég tel ekki þörf á að upplýsa frekar í þessu máli annað en það, að þótt mér þyki leitt, að svo geti orðið, að verksmiðjan verði ekki tilbúin á árinu 1938, þá er það af ástæðum, sem að ýmsu leyti eru óviðráðanlegar, eins og það er þegar talið víst af hálfu þeirra manna, sem hafa gert athuganir á málinu, að kostnaðurinn við að breyta höfninni, svo að hún komi að notum fyrir stóra verksmiðju, mun vera allmikill, og einnig mun það verk taka talsverðan tíma. Kostnaður við höfnina hefir verið talinn 100 þús. kr. En með því að heimila þá stækkun á verksmiðjunum á Siglufirði, sem hér er um að ræða, þá er þó nokkur hjálp veitt á næsta sumri, því að það er talið víst, að sú aukning komi til nota á síldveiðitímanum á næsta ári, og er gert ráð fyrir, að hún sé 2400 mál á sólarhring. Hinu ber ekki að neita, að hún getur ekki bjargað smáskipaflotanum, sem síldarverksmiðjan á Raufarhöfn er fyrst og fremst starfrækt fyrir og er tvímælalaust nauðsyn að stækka.

Nú væntum við, að þetta mál geti gengið nokkurnveginn hljóðalaust í gegnum þingið, fyrst samkomulag er fengið um það.

Ég ætla ekki að fara neitt út í afsakanir hv. þm. Vestm. um ríkisreksturinn. Ég sé ekki annað en að hann og hans flokkur sé fullkomlega sammála hinum flokkunum, að það séu ríkisverksmiðjurnar, sem fyrst og fremst verði að leggja kapp á að umbæta og auka af óumflýjanlegri nauðsyn, til þess að gera öllum síldveiðimönnum kleift að losna við afla sinn á sem fljótlegastan hátt og koma honum í peninga. Það er sönnun þess, að það eru ríkisverksmiðjurnar á þessum stöðum, sem geta gert þetta með minnstum kostnaði og verið sú lyftistöng fyrir síldarútgerðina, sem allir eru sammála um, að þarf að koma.

***Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Jósefsson):** Ég get ekki algerlega látið þessa síðustu aths. hv. þm. fara framhjá mér án þess að svara henni. — Það er langt frá, að ég sé með þessari till. að slá því föstu, að það séu ríkisverksmiðjurnar einar, sem beri að auka, og að þær séu hæfastar til að vinna úr síldinni. Það er síður en svo, því að útkoman hefir verið sú, eins og ég sýndi fram á á síðasta þingi, þegar deilt var um síldarverðið, að ríkisverksmiðjunum hefði ekki tekizt að ná eins miklu verðmæti úr síldinni og þeim nýrri verksmiðjum. En ég skal þó taka fram, að það er út af fyrir sig skiljanlegt vegna þess, að ríkisverksmiðjurnar vinna sumpart með miklu eldri vélum en þær nýju verksmiðjur. Ég tel, að þótt ríkið ræki ekki þessar verksmiðjur, heldur einstaklingar, þá kæmu þær sjávarútveginum að allt eins miklu gagni. Ég hefi fyrir mér upplýsingar um, hvað mikið kostar vinnslan á mál á Hjalteyri, Djúpavík og í ríkisverksmiðjunum s. l. sumar, og það sýnir sig, að það er langhæst hjá ríkisverksmiðjunum, svo að við skulum halda okkur við það, sem ég sagði í byrjun, að það er af þessari nauðsyn, að við leggjum til, að stækkun verði gerð á Siglufirði og ný verksmiðja byggð á Raufarhöfn, og við vitum, að á hvorugum þessum stað er stækkunar að vænta frá öðrum aðilja en ríkinu, og þá er það réttlætanlegt fyrir afkomu sjávarútvegsins að stuðla að því, að ríkið geti komið þarna upp verksmiðjum. Svo veit hv. þm. vel, að það er ekki einungis hjá sjálfstæðismönnum, heldur einnig hjá öðrum flokkum uppi sú stefna, að breyta rekstrarfyrirkomulagi síldarverksmiðjanna úr ríkisrekstrarfyrirkomulagi og í annað, sem þykir heppilegra fyrir alla aðilja. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um málið.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það eru aðeins örfá orð, því að ég þarf litlu að bæta við það, sem hv. frsm. sagði. Ég vil samt minnast ofurlítið á það, sem hv. 3. landsk. sagði, að vafasamt væri, að hægt væri að reisa þessa verksmiðju á næsta ári.

Eins og hv. frsm. minntist á, þá leggjum við flm. mikla áherzlu á, að atvmrh. taki þetta mál þegar fyrir og rannsaki það, kaupi vélar og annað, sem til þess þyrfti, að hægt væri að reisa verksmiðjuna á árinu 1938, því að það er þegar upplýst af ýmsum, sem þessu máli eru kunnugir og hafa unnið þarna á sumrin, að hægt muni vera fyrir mótorbáta og línubáta að koma inn á höfnina og afferma sig þar, eins og hún er nú. Þess vegna er það gefinn hlutur að það mun verða hægt á næsta ári að reisa þessa verksmiðju, svo framarlega sem lán fæst, og ég ber það traust til hæstv. atvmrh. og forstjóra vitamálaskrifstofunnar, sem báðir eru í flokki með 3. landsk., úr því að hann álítur þetta svo slæmt fyrir smábátaflotann eins og það er, að þeir muni hrinda þessu máli í framkvæmd á næsta ári, þegar er tiltækilegt að gera það. En mér fannst skjóta skökku við ummæli hans áðan, þegar hann kom með þær aðfinnslur, að ekki væri hægt að framkvæma þetta, en nú harmar hann, að ekki sé hægt að gera þetta nógu fljótt.

Svo vil ég taka það fram, þar sem hann við 2. umr. var að tala um, að afgreiðslan gengi treglega vegna þess, að þyrfti að hafa lýsið í tunnum, þá hefi ég nú fengið þær upplýsingar, að svo er ekki, heldur er kominn lýsisgeymir þar á Raufarhöfn, sem var byggður síðasta sumar, svo að allt virðist benda til þess, að hægt verði að hefjast handa þegar á næsta ári, og óska ég því og vænti þess fastlega, að svo verði gert.

***Frsm. 2. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það er út af ummælum hv. þm. Hafnf., að ég vildi segja nokkur orð. Það er enginn ágreiningur milli mín og n. og hans um það, að við leggjum áherzlu á það, eins og hv. frsm. gat um, að verksmiðjan geti orðið byggð á næsta sumri. Þetta er í samræmi við mína till. við 2. umr., því að í henni var tekið fram, að hún skyldi byggð á næsta sumri, en ég varð af ástæðum, sem þegar eru kunnar, að draga úr till., að fengnum upplýsingum, eins og skýrt hefir verið frá hér í d., og ganga inn á, eins og stendur í till., að ákveðið verði að byggja verksmiðjuna 1938 eða 1939. Þetta er gert til þess, að ef ekki yrði hægt að framkvæma bygginguna á árinu 1938, þá skuli heimildin einnig ná til ársins 1939. Um þetta eru allir nm. sammála, fyrst vafi leikur á, að hægt sé að koma henni það fljótt upp, að hún verði starfrækt á næsta veiðitímabili, en það er skoðun n. að vinna beri að því, að koma verksmiðjunni upp á árinu 1938, svo að hér er í raun og veru ekki um ágreining að ræða.

Hinsvegar er það rangt hjá hv. þm., að ég hafi dregið í efa, að hægt væri að gera þetta 1938. Ég hefi aðeins tæpt á því, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lægju, væri vafasamt, hvort það yrði hægt, og sá grunur minn hefir staðfestst betur síðan. — Hv. þm. heldur því fram, að bátar geti afgr. sig við höfnina eins og hún er nú. Það kann að vera, en það verður líka að taka tillit til stærri skipa. Þarna kæmu stór skip með efni til verksmiðjunnar, og svo þarf líka að flytja frá henni. Þá er olíugeymirinn ekki nægilegur, svo að í fyrra varð að nota tunnur til viðbótar.

Ég setti inn í till. ákvæði um, að verksmiðjan skyldi vera útbúin nýtízku tækjum til losunar og vinnslu. Það er rétt athugað hjá hv. frsm., að eftir því, sem skipin geta losað sig fyrr, þess meiri afla geta þau náð. Það mundi líka létta nokkuð hin mjög erfiðu störf sjómanna. Ég hygg, að sú stefna sé mjög uppi hér, að vinna beri að því, að ríkisverksmiðjurnar fái losunartæki.

Ég vil mótmæla því, að ég hafi dregið úr því, að verksmiðjan yrði byggð árið 1938, ef unnt væri. En ég lét strax í ljós, að ég teldi lítt kleift að gera þetta í eins stórum stíl og hv. þm. vildi.

Ég vil ekki fara út í deilur við hv. þm. Vestm. um gildi ríkisrekstrar og einkarekstrar. Hv. þm. segir, að útkoman hafi orðið betri í einkarekstri. Það er alveg ósannað mál, en ég hygg, að það muni koma í ljós, að útkoman hjá sumum einkaverksmiðjunum verði ekki eins góð og hv. þm. vill vera láta, nema hjá verksmiðjunni á Djúpavík, sem skarar fram úr um fljóta vinnslu og góða vöru, enda eru vélarnar þar alveg nýjar. En að hún skilar betra fitumagni en aðrar verksmiðjur, liggur í því, að síld í hana er veidd á því svæði, þar sem hún er feitust.

Það er rétt, að sumar ríkisverksmiðjurnar hafa gamlar vélar, og er verið að stefna að því, að þær geti útbúið sig nýtízku vélum, og hefir verið um það deilt. En það á að gera allar verksmiðjur svo úr garði sem efni standa til, um það verður ekki deilt. Ég tel, að ríkisverksmiðjurnar hafi á ýmsum sviðum sýnt sína yfirburði. En svo geta komið nýir menn, sem nota sér þá reynslu, sem þar er fengin, og gera e. t. v. betur.

Ég vil ekki vera að pexa lengur um þetta við hv. þm., þar sem við erum sammála um aðalatriðin.

ATKVGR.

Brtt. 334,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 254,1—2 teknar aftur.
— 334,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Á 49. fundi í Nd., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 348).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 21. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 348, 386, n. 400, 404).

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frv. Það kemur frá hv. Ed., er borið þar fram af tveimur sjálfstæðismönnum, en afgr. í þeirri mynd, sem það nú hefir, með samkomulagi allra sjútvnm. í þeirri hv. d. Í sjútvn. Nd. gerðu tveir nm. nokkurn fyrirvara. Hv. þm. N.-Þ. hefir borið fram brtt. við 1. gr., svo hljóðandi: „Ennfremur er ríkisstj. heimilt að láta á árinu 1938 eða 1939 reisa síldarverksmiðju á Þórshöfn, og miðist stærð verksmiðjunnar við það, að hún geti unnið úr um 1200 málum síldar á sólarhring", og ætlast hv. flm. til, að þessi till. komi í stað ákvæðisins um að auka afköst síldarverksmiðjanna á Siglufirði. Gegn þessari till. mælir það fyrst og fremst, að hafnarskilyrði á Þórshöfn eru mjög slæm, og svo er mál þetta svo lítið rannsakað, að það gæti stofnað frv. í hættu, ef þessi brtt. yrði samþ. Annar nm., hv. 6. þm. Reykv., hafði þann fyrirvara, að hann taldi ekki rétt, að ríkið legði út í nýjar verksmiðjubyggingar meðan einstakir menn fengjust til þess að leggja fé í þær. Sú andstaða var þó ekki öflug, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. láti hagsmuni smáútvegsins að þessu sinni sitja í fyrirrúmi, þó að framkvæmdirnar, ríkisverksmiðjubygging á Raufarhöfn, gangi á móti skoðunum hans. Ég vænti þess, að frv. þetta fái góða og fljóta afgreiðslu hér í þessari hv. d., fyrst samkomulag náðist um það í hv. Ed.

***Gísli Guðmundsson:** Ég vil taka það fram, að ég er samþykkur þeim megintilgangi, sem fram hefir komið í þessu máli, sem sé að stj. fái heimild til að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, og vil bæta því við, að þótt heimildin gildi fyrir bæði árin 1938 og 1939, þá vil ég vænta þess, að hæstv. stj. noti hana eins fljótt og auðið er. Ég áskildi mér rétt til þess í hv. sjútv. að mega flytja brtt., og liggur hún nú fyrir á þskj. 404. — Brtt. er þess efnis, að í stað þess að gefa stj. heimild til að stækka síldarverksmiðjurnar á Siglufirði, þá verði allt kapp á það lagt að auka afköst verksmiðjanna á austanverðu síldarsvæðinu. Liggur þá nærri að reisa verksmiðju á Þórshöfn á Langanesi, og hefi ég lagt til í till. minni, að stj. fái heimild til að láta reisa þar verksmiðju á næstu árum, er geti unnið úr 1200 málum á sólarhring hverjum.

Alls munu síldarverksmiðjurnar nú geta unnið úr 27—28 þús. málum síldar á sólarhring. Ef nú er athugað, hvernig verksmiðjurnar eru settar, verður niðurstaðan sú, að ⅓ af verksmiðjunum er á einum stað, Siglufirði. Ef lögð eru saman afköst verksmiðjanna á Siglufirði og í næsta nágrenni hans, verksmiðjanna við Eyjafjörð, geta þær unnið úr 18 þús. málum síldar á sólarhring. Og nú hefir hæstv. atvmrh. veitt leyfi til mikillar aukningar á einni af verksmiðjunum við Eyjafjörð. Ég álít það mjög óheppilegt, að verksmiðjunum sé hrúgað svona saman á litlu svæði, og fjöldinn allur af útvegsmönnum mun vera á sama máli. Betra væri að dreifa verksmiðjunum svo, að hægt væri að leita til þeirra á víxl, eftir því hvernig síldargöngurnar eru. Viðvíkjandi till. minni um að reisa verksmiðju á Þórshöfn benti hv. frsm. sjútvn. á það, að þar væru vond hafnarskilyrði til slíks. Það er rétt, eins og nú er, er ekki aðstaða þar fyrir skip til að landa síld í bræðslu. En á síðastl. sumri var byrjað þar á hafnarmannvirkjum, og hefir verið haldið þar áfram bryggjugerð. Þegar sú smíði er fullgerð, verður sköpuð aðstaða fyrir öll smærri skip til að landa þar síld. Dýpið við bryggjuna mun verða 13 faðmar á stórstraumsfjöru, og nægir það öllum smærri skipum. Einn af stjórnarmeðlimum ríkisverksmiðjanna er því hlynntur, að verksmiðja verði reist á Þórshöfn, og á fjórðungsþingi fiskifélagsdeildar Norðurlands, sem haldið var á Akureyri fyrir skömmu, var einnig mælt með þessum stað. Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vænti þess að brtt. fái góðar undirtektir.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. N.-Þ. beindi því til stj., að hún hraðaði sem mest framkvæmd á notkun þeirrar heimildar, sem um ræðir í frv. þessu, ef að l. verður. Ég skal taka þessi tilmæli hv. þm. til greina og reyna að flýta framkvæmdum eins og unnt er. En ég vil benda á það, að m. a. vegna þeirra breyt., sem þetta þing gerir á stjórn síldarverksmiðja ríkisins, eru líkindi til, að málið tefjist nokkuð. Ennfremur verður að rannsaka, hvort þær hafnarbætur, sem gerðar hafa verið á Raufarhöfn, eru fullnægjandi. — Ég get ekki mælt með brtt. hv. þm. um byggingu nýrrar síldarverksmiðju á Þórshöfn, og mun greiða atkv. gegn henni.

Frsm. (Finnur Jónsson): Hæstv. atvmrh. benti réttilega á það, að líkur eru til, að framkvæmdir í máli því, er hér um ræðir, dragist eitthvað á langinn vegna þeirra breyt., sem verða á stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Núv. stjórn verksmiðjanna hefir undirbúið það, að næsta sumar verði sett sjálfvirk löndunartæki við verksmiðjurnar á Siglufirði, og ef til vill líka á Raufarhöfn. Við höfum útvegað tilboð í þetta, en getum ekki gengið frá pöntunum vegna þess, að þar sem við gerum ráð fyrir að hætta störfum næstu daga, þá teljum við það ekki viðeigandi að gera slíkar ráðstafanir, rétt áður en ný stjórn tekur við verksmiðjunum. Ennfremur höfum við leitazt nokkuð fyrir um, hvað stækkunin mundi kosta á Siglufirði, eins og stungið er upp á í þessu frv., en við höfum ekki getað gengið frá neinu í þeim málum, vegna þess að við höfum gert ráð fyrir, að það yrði verkefni stj., sem tekur við af okkur. Nú getur þetta orðið talsvert bagalegt, vegna þess að það

þarf alllangan tíma, 4—6 mán., til þess að fá þau tæki, sem nauðsynleg eru til stækkunarinnar. Og ef ætti að byggja nýja verksmiðju, þá get ég vel gert mér í hugarlund, að sú töf, sem hlýtur að leiða af verksmiðjustjórnarskiptunum, gæti orðið til þess, að ekki yrði hægt að koma upp nýrri verksmiðju fyrir næsta síldveiðitíma, enda þótt samþ. þessara l. yrði hraðað sem mest.

Út af till. hv. þm. N.-Þ., að í staðinn fyrir heimildina um stækkun á Siglufirði komi heimild um verksmiðjubyggingu á Þórshöfn, vil ég benda á, að fjárhagslega er langhagkvæmast að hafa stórar verksmiðjur á fáum stöðum, en ekki smáar og á mörgum stöðum. Litlu verksmiðjurnar, sem er dreift út um allt, geta ekki staðið sig í samkeppni við stórar og vel útbúnar verksmiðjur. Sér maður þetta bezt á verksmiðjunum á Norðfirði og Seyðisfirði. Og þótt verið sé að búa til lítilsháttar hafnarmannvirki á Þórshöfn, þá er þar ekki örugg höfn, og hún er, eins og hv. þm. segir, ekki nema 13 fet um stórstraumsfjöru og ekki hægt að dýpka hana, af því að klöpp er á botninum. Það er því ekkert vit að samþ. verksmiðjubyggingu á Þórshöfn eins og er, að óathuguðu máli. Ég held líka, að bæði sjútvn. Ed. og flestir í sjútvn. þessarar deildar, álíti, að hagkvæmast sé að framkvæma stækkunina á Siglufirði eins og stungið er upp á í frv.

Ég skal svo ekki tefja umr. meir. Ég vona, að þessi brtt. hv. þ. N.-Þ., sem ég tel mjög skaðlega fyrir málið, verði felld. Aftur á móti hefir sjútvn. einum rómi lagt til, að l. yrði breytt þannig, að heimild sé til að taka lán til byggingarinnar í erlendri mynt, en það er bráðnauðsynleg breyt., sem þarf að komast fram, ef málið á að geta komizt í framkvæmd.

Sigurður Kristjánsson: Eins og sést á nál., þá hefi ég nokkra sérstöðu í málinu. En þó að það sé rétt, sem hv. frsm. gat um, að ég hefi ekki hugsað mér að setja mig á móti samþykkt þess, þá þótti mér rétt að koma fram með mína sérstöku skoðun á málinu, og hún er og hefir ætíð verið sú, að fyrst beri að leita eftir því, hvort einstakir menn eða félög sjái sér ekki fært að fullnægja þörfinni fyrir verksmiðjur, en ríkið komi því aðeins til, að á það skorti, að einstaklingar fullnægi þessari þörf. Nú er það kunnugt, að fyrir liggja allmargar beiðnir um að byggja verksmiðjur, og nemur það allt að 25 þús. mála vinnslumagni á sólarhring. Gera má ráð fyrir, að sumir af þessum umsækjendum hafi ekki skapað sér skilyrði til að geta byggt, og því ekki líklegt, að þeir verði við því búnir allir. En mér hefði fundizt, að það mundi vera rétt, og heppilegasta leiðin í þessu máli, að rannsaka til hlítar, hverjir af þessum umsækjendum hefðu skilyrði til að byggja á næsta sumri, og veita þar frekar stuðning en að standa þar í vegi fyrir. Og að því er snertir þessa sérstöku aukningu á Siglufirði og Raufarhöfn, þá hefi ég látið þess getið í nál., að ég telji, að aðstaðan á Siglufirði sé slík, að rétt sé að vera með þeirri aukningu, hvað sem skoðun minni líður að öðru leyti um útfærslu ríkisins á þessum verksmiðjurekstri sínum. Það er ekki hægt að neita því, að eftir þeirri lauslegu áætlun, sem gerð hefir verið, er ákaflega mikill munur á, hvað þessi aukning á Siglufirði kostar og verksmiðjan á Raufarhöfn. Það er gert ráð fyrir, að öll aukningin á Siglufirði kosti um hálfa millj. kr., en þar af mundi sennilega verða að verja til gömlu verksmiðjunnar um 300 þús. kr., til þess að setja upp sjálfvirk löndunartæki og auka við lýsisgeymslu og mjölgeymslu, en það virðist vera hægt að auka vinnsluna um 2400 mál fyrir þessar 200 þús. kr., og verður ekki neitað, að þetta er mjög hagkvæmt á móti því, að gert er ráð fyrir, líka eftir lauslegri áætlun, að verksmiðja fyrir jafnmikla vinnslu, 2400 mál, kostar á Raufarhöfn eina millj. kr., — m. ö. o. 5 sinnum meira en jafnmikil aukning kostar á Siglufirði. Þar að auki er svo það, að hafnarskilyrði á Raufarhöfn eru, eins og hv. frsm. tók fram, mjög óhagstæð, og þarf að láta mjög mikið fé til hafnarbóta þar, ef þar verður byggð verksmiðja. Ég játa, að þær bætur yrði eins að gera, þótt einstaklingar byggðu verksmiðjuna, svo að það út af fyrir sig hefir ekki mikla þýðingu, en þó yrði þetta geysimikið fé, sem ríkið yrði að binda þarna í verksmiðjunni og höfninni.

Mér er kunnugt um það af viðtali við form. félagsins, sem sækir um stærsta leyfið, að ef það fengi leyfi til að byggja verksmiðju fyrir 10 þús. mál, þá mundi það gjarnan vilja byggja 2 verksmiðjur fyrir 5 þús. mál hvora, aðra á Raufarhöfn, en hina við Húnaflóa, en ef það fengi leyfi fyrir aðeins helminginn, mundi það vilja hafa hana um miðbik veiðisvæðisins, í nánd við Eyjafjörð. Mér finnst, að stj. hefði átt að athuga, hvort þessi umsækjandi gæti ekki komið upp verksmiðjubyggingu í sumar og þannig leyst þennan vanda, sem ég viðurkenni, að þarf nú að leysa, en það er, að nógar verksmiðjur verði til þess að taka á móti aflanum, þannig að skipin þurfi ekki að liggja mjög lengi og bíða afgreiðslu, og að sjálfsögðu er það hagkvæmt fyrir bátaútveginn, að verksmiðjurnar séu ekki aðeins um miðbik veiðisvæðisins heldur líka á jörðunum, en því er ekki að neita, að á Raufarhöfn er miklu erfiðari aðstaða en við Eyjafjörð.

Ég vil svo endurtaka það, að ég vil ekki setja fótinn fyrir þetta frv., og ég hefi komið með brtt. við það, af því að mér sýnist að því stefnt, að stj. muni heldur tregðast við að veita einstaklingsleyfi, og þar af leiðandi skapast af sjálfu sér þörf fyrir, að ríkið leysi vandamálið.

***Gísli Guðmundsson:** Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. — Mér vitanlega liggur ekki fyrir nein nákvæm áætlun um þessar verksmiðjubyggingar, hvorki á Raufarhöfn né Siglufirði. Sérstaklega vil ég þó taka þetta fram út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um kostnað við verksmiðjuaukninguna á Siglufirði, að þar liggur engin endanleg áætlun fyrir um kostnaðinn.

Annars vil ég yfirleitt halda mér við það, að

ég tel, að þessi stefna, að auka svo mjög afköst á aðeins takmörkuðu svæði á landinu, það sé röng stefna. Ég hygg, að á Raufarhöfn standi svo á, að vel sé hægt að hugsa sér, að þessi verksmiðja, sem á að geta unnið úr 2400 málum á sólarhring, geti vel tekið til starfa og verið starfrækt, a. m. k. alllangan tíma, án þess að hafnarbætur séu gerðar þar til verulegra muna. Á þessum stað hefir nú verið starfrækt verksmiðja á annan áratug, og hafa ekki reynzt nein vandræði á því, og það mundi ekki verða, þó að þessi aukning yrði gerð. Ég vil líka benda á það í sambandi við orð hv. síðasta ræðumanns, að verksmiðjan á Raufarhöfn er nú orðin svo gömul, bæði hús og vélar, að það er aðeins tímaspursmál, hvað lengi hún getur enzt. Þess vegna má segja, að þótt verksmiðjan yrði dýrari nú, þá sé það að nokkru leyti endurbygging á verksmiðjunni.

Út af till. minni viðvíkjandi Þórshöfn, þá vil ég halda við það, sem ég sagði, og til viðbótar vil ég aðeins segja, að ég tók fram, að dýpið við endann á fyrirhugaðri hafnarbyggingu er nálægt 13 fet, en ég get bætt því við, að í höfninni er til meira dýpi en þetta, en hafnarbyggingin, sem ráðgerð er, hefir ekki verið teiknuð lengra fram en þetta, að dýpið er 13 fet. En við nánari athugun munu menn sjá, að mikill hluti síldarflotans getur lagzt þarna að, ekki síst ef tekin yrði upp sú stefna, sem sumir hv. þm. hafa verið að tala um, að auka flotann með mótorskipum; þá mundi slíkur floti geta hafnað sig þarna. Þar að auki eru á Þórshöfn sérlega góð ræktunarskilyrði og yfirleitt góð vaxtarskilyrði fyrir þorp, sem mundi geta vaxið þarna upp í sambandi við þessa vinnslu.

ATKVGR.
Brtt. 404 felld með 15:4 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 386 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 400 kom ekki til atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 465, 467).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 467,1 samþ. án atkvgr.
— 467,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 475).

Á 56. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til *einnar umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. hefir tekið breyt. í hv. Nd. Breyt. eru við 2. gr. þess, þar sem á eftir orðunum „einni og hálfri millj. kr." kemur: eða jafngildi í erlendri mynt, og við 3. gr., þar kemur í staðinn fyrir orðin „nr. 14 9. jan. 1935": um síldarverksmiðjur ríkisins. Auk þess hafði gleymzt að geta um gildistöku l., og hefir því í Nd. verið sett inn ný gr., um að l. öðlist þegar gildi. Breyt. eru þess eðlis, að varla getur orðið neinn ágreiningur um þær, og er n. þeim samþykk.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 490).

---

44. Bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Á 7. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga (þmfrv., A. 142).

Á 31. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Jón Baldvinsson:** Eftir þeirri grg., sem hæstv. fjmrh. gaf, þegar hann lagði fjárlfrv. fyrir þingið, var auðsætt, að ekki yrði hjá því komizt að bæta við þær tekjur, sem ríkissjóður hefir haft 1936 og '37, ef halda ætti í horfinu og halda uppi þeim framkvæmdum, sem hann hefir haft með höndum undanfarið og teljast verða nær óumflýjanlegar. Ég veit ofurvel, að í frv. þessu, sem flutt er af hv. 1. þm. Eyf. og mér samkv. beiðni hæstv. fjmrh., felast þungar álögur á almenning, og því verður ekki neitað, að bæði hinir beinu og óbeinu skattar eru þegar orðnir allháir. Það, sem menn verða því að gera upp við sig í þessu tilfelli, er það, hvort þeir vilja heldur láta niður falla hinar ýmsu framkvæmdir, sem ríkissjóður hefir látið framkvæma á undanförnum árum, eða afla nýrra tekna, því að það er ekki hægt fyrir ríkissjóð að halda áfram að safna lausaskuldum í það óendanlega; slíkt búskaparlag getur ekki talizt ríkissjóði sæmandi, og á helzt hvergi að eiga sér stað.

Það mun mega segja, að með frv. þessu sé gengið eins langt í öflun tekna með beinum sköttum og mögulegt er, og geti því ekki orðið um nægilega tekjuöflun að ræða eftir þeirri leið einni saman. Hefir því verið horfið að því ráði, að afla hinna nauðsynlegustu tekna á breiðari grundvelli. Að sjálfsögðu er okkur alþýðuflokksmönnum óljúft að ganga langt á þeirri braut, að afla tekna með óbeinum sköttum, en þegar velja er á milli þess og fella niður nauðsynlegar framkvæmdir ríkissjóðs, *sem gert er ráð fyrir á fjárlögum og sumpart* er verið á leiðinni með í frv., sem verið er að leggja fyrir þingið, þá tökum við þó þann

kostinn, að sveigja nokkuð frá þessu stefnuatriði okkar, og við munum að sjálfsögðu taka á okkur þá ábyrgð, sem af því kann að leiða.

Ég get nú búizt við, að t. d. sjálfstæðismenn komi fram með hróp um það, að ekki dugi sú gegndarlausa eyðsla, sem verið hafi, og því verði að skera eitthvað niður af útgjaldaliðunum. Þó að þeir aldrei nema segi eitthvað þessu líkt, þá býst ég samt ekki við, að það væru margir liðir, sem þeir vildu fella niður, ef þeir færu að fletta fjárlfrv. Annars virðist mér, að þeir hafi ekki verið deigir að koma með till. til útgjalda, þrátt fyrir þetta sífellda sparnaðarhjal sitt, og í þetta sinn láta þeir sér það ekki nægja að bera fram stórar till. til útgjalda, heldur liggja fyrir frá þeim að þessu sinni frv. um að svipta ríkissjóðinn stórum hluta af tekjum sínum. Á meðan þessir menn sýna ekki í verkinu meiri tilraun til sparnaðar á ríkisfénu en till. þeirra ber vitni um, þá finnst mér, að þeir ættu ekki að vera að brýna okkur andstæðinga sína með ábyrgðarleysi og óhófseyðslu.

Þar sem ég er ekki 1. flm. frv. þessa og hafði ekki búizt við að þurfa að taka svona snemma til máls við þessa umr., þá hefi ég ekki þessi orð mín fleiri að sinni, og vísa að öðru leyti til hinnar ýtarlegu grg., sem frv. fylgir. — Að umr. lokinni óska ég frv. vísað til 2. umr. og fjhn.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þar sem frv. þetta er flutt eftir ósk minni, þá tel ég mér skylt að gera nokkra grein fyrir því, enda þótt annar flm. þess hafi að nokkru leyti gert grein fyrir efni þess.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er um 900 þús. kr. greiðsluhalli á fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna. Um þennan greiðsluhalla þarf ekki að fjölyrða nú; ástæðurnar fyrir honum eru kunnar og hafa verið ræddar áður. Það hafa verið sett inn á fjárlögin ýms ný útgjöld til stuðnings atvinnuvegunum, og í öðru lagi hefir þróunin í skattamálunum verið sú, að tollatekjurnar hafa farið lækkandi ár frá ári, vegna minnkandi innflutnings, meðal annars vegna aukinna innflutningshafta, og ennfremur vegna aukinnar innlendrar framleiðslu. En eins og kunnugt er, þá liggja núna fyrir þinginu fyrst og fremst kröfur um það, að útflutningsgjald af sjávarafurðum sé fellt niður til styrktar sjávarútveginum, og í öðru lagi kröfur um styrk til landbúnaðarins vegna mæðiveikinnar. Þessar kröfur nema alls nokkuð á aðra millj. króna. Jafnframt þessu er farið fram á að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir auknum tekjum, og nemur sú upphæð ekki minna en 700 þús. kr. Til þess að verða við þessum kröfum þarf nokkuð mikið á 3. millj., og er því farið fram á í frv. því, sem hér liggur fyrir, að fá þessa upphæð.

Það kann nú að vera, að sumum finnist, að draga eigi úr útgjöldunum sem þessu svari, eða a. m. k. að einhverju leyti. Um þetta atriði má að sjálfsögðu ræða aftur og fram. En ætti að hverfa að því ráði, að draga úr útgjöldunum, a. m. k. svo nokkru næmi, þá gengi það fyrst og fremst út yfir það fé, sem ætlað væri til verklegra framkvæmda og til stuðnings atvinnuvegunum. Það yrði að draga úr styrknum til strandferða, minnka fé til vegagerða, vitabygginga, símalagninga og útgjalda samkv. 16. gr. fjárlaganna. Að sparnaðurinn lendi á þessum framkvæmdum, verður ekki um deilt, heldur um hitt, hvort fara eigi þessa leið eða auka tekjurnar eins og farið er fram á í frv., og að flestra dómi býst ég ekki við, að annað þyki fært.

Það er gert ráð fyrir, að um helmingnum af þessum nýju tekjum verði beint til þess að auka heildartekjur ríkissjóðsins, en hinn helmingurinn, ca. 1325 þús., gangi til þess að vega upp útflutningsgjaldið, sem hættir að mestu að verða tekjuliður fyrir ríkissjóðinn, og til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga.

Það hefir verið látið í veðri vaka af stjórnarandstæðingum, að þeir vilji síður fara þessa leið, að auka tekjurnar, heldur hina, að draga úr útgjöldunum. Það verður nú að virða mér til vorkunnar, þó að ég haldi, að þetta sé meira í orði en á borði hjá þeim, og byggi ég þá skoðun mína á því, að fyrir þinginu liggja nú þegar frv., sem flutt eru af aðalmönnum þeirra, er fara fram á útgjöld, sem nema hátt á aðra millj., og frá sömu mönnunum liggja og fyrir till. um það að skerða tekjur ríkissjóðs um nokkuð á 3. millj. króna. M. ö. o., að ef þessar till. þeirra yrðu samþ., þá yrði tekjuhalli fjárlaganna nokkuð á 5. millj., í stað þess sem hann er þó ekki núna nema um 900 þús. Af þessu held ég, að það geti ekki talizt frekja, þó að ég haldi, að þessi stefna andstæðinganna, að lækka útgjöld fjárlaganna í raun og veru, sé meira í orði en á borði, þar sem till. stjórnarflokkanna um aukin útgjöld og auknar tekjur eru aðeins smávægi á móti útgjaldatill. stjórnarandstæðinganna.

Ég skal þá víkja fáeinum orðum að þeim leiðum, sem farnar eru til tekjuöflunar í frv. Á undanförnum árum hefir tekju- og eignarskatturinn, ásamt tollum á óþörfum varningi, verið hækkaður allverulega, og með því hefir skattaálagningin í heild verið gerð réttlátari en hún hefir verið.

Eins og tekið hefir verið fram, þá eru beinu skattarnir þegar orðnir svo háir, að ekki getur talizt fært að leggja til verulega hækkun á þeim, frá því sem nú er, sérstaklega vegna þess að bæjar- og sveitarfélög leggja svo mikla skatta á eftir þeim leiðum. Hér hefir því verið farin sú leið, að leggja 10% viðauka á alla tolla og skatta. Þessi leið hefir þann kost, að hún er einföld í framkvæmd, sem líka þarf að taka tillit til, þar sem skattakerfi okkar er orðið frekar flókið. Þetta hefir og verið borið undir þá innheimtumenn ríkissjóðsins, sem mesta innheimtu hafa með höndum, og telja þeir þessa leið hentuga.

Ef ekki hefði verið hugsað um annað, en að afnema greiðsluhallann á fjárlfrv., þá hefði þetta verið nægileg ráðstöfun, en þar sem einnig þurfti að hugsa um sjávarútveginn, einhvern stuðning til hans, og einnig bæjar- og sveitarfélögin, þá varð að fara aðrar leiðir. Árið 1935

var sett á dálitið innflutningsgjald, og til viðbótar því, sem þegar hefir verið getið, var tekin sú leið, að hækka þetta aðflutningsgjald og bæta 2% við á þær vörur, sem áður voru gjaldfriar. Ég ætla þá að rekja ástæðuna fyrir því, að nauðsynlegt sé að leggja á þetta aðflutningsgjald. Ég hefi þegar drepið á, að það hefði þurft meira en 10% álag á skattana, ef átt hefði að fara þá leið eina. Undanfarin ár hefir aðflutningsgjaldið, þ. e. a. s. vöru- og verðtollurinn, lækkað vegna innflutningshaftanna, vegna þess að hinar minna nauðsynlegu vörur hafa horfið út úr innflutningnum, en eftir voru þær vörur, sem nauðsynlegri eru og minna er lagt á. Ef þess vegna tekjur ríkissjóðs hefðu ekki átt að fara lækkandi, þá hefði orðið að skattleggja þær innlendu iðnaðarvörur eða þá að hækka tolla á þeim vörum, sem inn voru fluttar. Og vegna þess að ekki þótti nægilega rannsakað, hvort iðnaðurinn gæti borið þessi útgjöld, þá þótti réttara nú í bili að hækka aðflutningsgjaldið, en hinu sleppt, að setja nýja tolla á innlendar iðnaðarvörur.

Ég vil í þessu sambandi minna menn á, að óhugsandi er, að það geti gengið til lengdar eins og að undanförnu, að innlendi iðnaðurinn, sem hér kemur upp og hefir 30—40% tollvernd, og sumt af honum 20—30% tollvernd, og ýmislegt af þessu ekki tiltölulega nauðsynlegar vörur, selja sínar vörur ekkert ódýrara en erlendar vörur eru seldar. M. ö. o. þessi iðnfyrirtæki þurfa alla þessa tolla til þess að geta staðizt. Þannig taka þau þessa tolla til sín, sem áður fóru í ríkissjóð, og svo þarf ríkið að bæta á innfluttu vörurnar tollum, sem hljóta þá að koma niður á nauðsynlegu vörunum, því að hinar minna nauðsynlegu vörur eru framleiddar hér á landi. Þannig er þá í raun og veru mikið af þeim innlenda iðnaði atvinnubótavinna, sem menn leggja tillag til á þennan hátt, með því að greiða hærra verð fyrir þær en þyrfti, ef þær væru keyptar frá öðrum löndum. En við erum ekki eina þjóðin, sem gerir þetta, því að þetta gera flestar þjóðir, t. d. Norðurlandaþjóðirnar, því að þar hefir iðnaður í nauðsynlegum greinum jafnvel ennþá meiri tollvernd heldur en hér á landi, þannig að það er þjóðhagsleg nauðsyn að vernda iðnaðinn eitthvað með tollum, en þó geta vitanlega verið takmörk fyrir, hvað langt eigi að ganga í þeirri vernd.

Vegna þessarar stórkostlegu breyt., sem orðið hefir á innflutningnum og þar af leiðandi á tolltekjunum og iðnaðinum, þá er nauðsynlegt að taka til ýtarlegrar athugunar allt okkar tolla- og skattakerfi, ekki sízt með tilliti til iðnaðarins, en ég býst við, að slíkt geti ekki orðið gert nema með mikilli vinnu og löngum tíma. Réttast væri að setja til þess mþn., þar sem allir flokkar ættu fulltrúa, og þeirri n. falið að taka þessi mál til rækilegrar athugunar og leggja síðan fram till. Slíkt mundi a. m. k. taka eitt ár, svo flókin eru þessi mál öll saman.

Ég skal taka t. d. um það, að við erum ekki einir um að hafa þessa háu tolla til verndar fyrir iðnaðinn, að hér hefir verið athugað, hvort hægt væri að setja upp „hessian"-verksmiðju og hvort slíkar verksmiðjur væru til í Noregi, og eins hefir verið látið athuga, hvað tollarnir væru hér og í Noregi. Þá kom í ljós, að þessar verksmiðjur eru til í Noregi, en tollurinn á „hessian" er þar 7 sinnum hærri en hér, svo að við erum ekki einir um að vernda iðnaðinn með tollaálögum, og mér virðist eftir þessu að dæma, að sumir fari lengra en við í að teygja sig í nauðsynlegar vörur. Hér er líka innlend veiðarfæragerð, og þó að hún sé ekki vernduð með tollum, þá er hún samt að sumu leyti vernduð, vegna þess að svo erfitt er að fá leyfi til innflutnings á erlendum línum.

Ég álít því, að þetta ástand allt sé þannig, að óhugsandi sé annað, sérstaklega vegna þess, hvað innlendur iðnaður hefir orðið til að taka til sín tolltekjur ríkissjóðs, án þess að almenningur hafi þó losnað við að greiða þann skatt, en að fram verði að fara almenn endurskoðun og til þess þurfi að setja mþn., sem endurskoði tollalöggjöfina og þá þróun, sem hér hefir orðið. Enginn vafi er, að ástæðan til þess, að nú er farið fram á að leggja þetta gjald á innlendar vörur, er að miklu leyti sú, að innlendi iðnaðurinn hefir svipt ríkissjóð tolltekjunum.

Ég býst við, að því verði óspart haldið fram af andstæðingunum, að þessar tollgreiðslur snerti mjög nauðsynjar manna, bæði einstaklinga og atvinnuveganna, og það er alveg rétt. En þó vil ég benda á, að 2% gjaldið, sem á að leggja á þær vörur, sem eru allra nauðsynlegastar, snerti í raun og veru lítið; það er svo lágt, að í flestum tilfellum munar ákaflega lítið um það. Það kemur ákaflega létt niður í flestum dæmum, en engu að síður er það satt, að það snertir nauðsynlegustu vörurnar, en það þýðir ekkert að stinga höfðinu ofan í sandinn í sambandi við það, að ómögulegt er að ná þeim tekjum, sem ríkissjóður þarf að fá, eins og nú er komið, með því að skattleggja eingöngu óþarfavörur, af því að nú er svo örlítið af óþarfavörum flutt inn til landsins. Þær eru meira framleiddar innanlands og ekki lagður á þær tollur, og því neyðast menn til að fara inn á þessa leið, að leggja gjald á nauðsynjavörur, þangað til menn eru tilbúnir að færa tollana yfir á óþarfavörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu.

Í þessum efnum er alveg sama þróun hjá okkur og í öðrum löndum. Fyrst er gengið eins langt og fært er — og það er sjálfsagt — í því að leggja á beina skatta, sem eru réttlátastir, og þegar komið er svo langt í því sem menn telja sér fært, að skattleggja óþarfavörur, þá fara skattarnir að verða meira almennir, en á því er höfuðmunur, hvort slíkir almennir skattar eru fyrst lagðir á, eftir að hæfilega langt hefir verið gengið á þeirri leið, að leggja á eftir efnum og ástæðum, eða hvort þeir eru notaðir áður.

Ásakanir andstæðinganna, ef þær kunna að koma fram, um þær leiðir, sem hér eru valdar, er ekki ástæða til að taka svo mjög alvarlega með sérstöku tilliti til þess, að sá flokkur, sem þar á hlut að máli, hefir haft það sem sína aðaltekjuöflunarleið, að leggja á sem almennasta skatta, en beita sér fremur á móti að hækka beina skatta. En ef ekki hefði verið að því

horfið að hækka beinu skattana eins og gert hefir verið, þá hefði það aðeins orðið til þess, að þurft hefði að hækka þessa tolla enn meira.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál nú, en mun seinna, t. d. við 2. umr. málsins, þegar ég geri ráð fyrir, að þetta mál verði meira rætt í einstökum atriðum, gefa upplýsingar um, hvernig þessi gjöld verka á einstakar vörutegundir og þær nauðsynjar, sem menn finna sárast til að þurfa að leggja gjöld á.

*Jóhann Jósefsson: Mér virðist það vera dálítið eftirtektarvert, þegar formælendur þessa máls fara að rökstyðja nauðsyn þess og ástæður, að þá fer mestur tíminn, bæði hjá hv. 2. flm. og hæstv. ráðh., í að bera sig saman við sjálfstæðismenn, án þess að þeir séu nokkuð farnir að láta til sín heyra um þetta mál, og þeir jafnvel gera okkur upp orðin og finna til svör við þeim fyrirfram.

Það er líkt kaldhæðni örlaganna, þegar hv. 2. flm. fer að tala um hið einstaka ábyrgðarleysi sjálfstæðismanna í fjármálum. Annars verð ég að segja, að það er leitt, að hæstv. fjmrh. gefur sér ekki tíma til að hlusta á fá orð um þetta mál, heldur þýtur út úr d. Hann er að vísu búinn að svara fyrirfram, en verið getur, að ég komi ekki með það, sem hann var mest að fiska eftir, að kæmi hér fram. En ég ætlaði bara að segja, að það mun flestra manna álit í þessu landi, að höfuðorsökin fyrir því giftuleysi yfir höfuð, sem sýnist elta núverandi stj. eins og skugginn hennar, höfuðástæðan fyrir því er einmitt ábyrgðarleysi sósialista, sem hún hefir valið sér að meðstarfsmönnum. Það er ekkert launungarmál, og það veit ekki einu sinni allur þingheimur, heldur og landsmenn yfirleitt, að hin stóraukna eyðsla undanfarinna ára hefir runnið ekki hvað síst undan rifjum sósialista hér á þingi. Þess vegna er það dálítið broslegt, þegar þessi hv. þm. hefir hér upp sína rödd til þess fyrirfram og án þess að nokkur stjórnarandstæðingur sé farinn að láta til sín heyra, að útmála ábyrgðarleysi sjálfstæðismanna í fjármálum. Og ástæðan til þess er sú, að sjálfstæðismenn hafa leyft sér að bera fram hér á þingi till. í ýmsum opinberum málum, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, en það er eins og það sé bannaður hlutur, ef sjálfstæðismaður ber það fram, þá er það ábyrgðarleysi og gyllingar á máli þessa hv. þm. Þess er skemmst að minnast, að tveir sjálfstæðismenn í þessari d. fluttu frv. til lagfæringar á fjárhag sveitar- og bæjarfélaga, sem fór í aðra átt en þetta frv. Þá þreyttust stjórnarliðar ekki á að útmála, hvílíkt óskapa ábyrgðarleysi fylgdi okkar athöfnum, þegar við lögðum til, að bæjarfélögin fengju að njóta einhvers hluta af ágóða vínverzlunarinnar, sem allir vita, að eykur stórlega á byrðar bæjarsjóða, þetta var talið sérstakt ábyrgðarleysi af okkur, að vilja fá í bæjarkassann eitthvað af þeim peningum, sem borgarar bæjarins fleygja út fyrir áfengi. — Það var annars svo lítið, sem hv. 2. flm. lét í ljós um þetta mál annað en þetta, að ég hefi ekki ástæðu til að fara langt út í hans ræðu.

Ég mun þá bíða með mína ræðu, þangað til hæstv. fjmrh. sér sér fært að hlusta á mál óbreyttra þm. hér í d. Vænti ég, að hæstv. forseti misvirði það ekki við mig, þó að ég kinoki mér við að tala yfir tómum ráðherrastólnum. (BSt: Hæstv. fjmrh. er við atkvgr. í Nd.) — Ég get þá, meðan hæstv. ráðh. sést ekki í d., minnzt á annað, sem mér virðist talsvert atriði í þessu máli. Í grg. frv. er talað um það sem nýmæli, sem hefir komið í sambandi við önnur frv., að til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga eigi að renna 700 þús. kr. samkvæmt þessu frv. og öðrum. Ég vil nú spyrja hv. flm., hvort þessar 700 þús. kr. séu alveg nýmæli og þetta séu nýir peningar, sem eigi að renna í bæjar- og sveitarsjóði, því að mér virðist, eftir því sem liggur fyrir í frv. stjórnarinnar, þá sé engin ný fjárveiting til bæjar- og sveitarsjóða. Hinsvegar er í fjárlfrv. stj., 17. gr. 3. lið, samkv. l. nr. 68 1932, um breyt. á fátækral.. veittar kr. 250 þús. Og eftir því sem mér er kunnugt um, þá hefir þessi gjaldaliður, 250 þús., verið þarna að undanförnu og verið notaður til þeirrar jöfnunar á fátækraframfærslu milli bæjar- og sveitarfélaga, sem einmitt er gert ráð fyrir í því nýja frv., að þessar 700 þús. kr. renni til. Hér er því ekki að ræða um neinar nýjar 700 þús kr., sem eigi að renna til bæjar- og sveitarfélaga, heldur er þar aðeins um 450 þús. kr. að ræða, að því er mér virðist. Um þetta atriði óska ég að fá skýringu hjá hv. flm.

Ég vil þá líka beina nokkrum orðum til hv. flm. viðvíkjandi 4. gr., þar sem rætt er um innflutningsgjald af benzíni og ráðstöfun á þeim hækkaða benzínskatti. Meðal þeirra vega, sem taldir voru í frv. upphaflega, þegar benzínskatturinn var hækkaður, var samþ. af Nd. að láta Vestmannaeyjar njóta 5 þús. kr. af þessari skiptingu, sem talin var upp í 4. gr. Ég minnist þess, að þegar þetta mál lá fyrir fyrra þingi þessa árs, þá kom síðari flm. þessa frv. með þá brtt. í þessari d., að Vestmannaeyjar skyldu fá þessar 5 þús. kr., eins og upphaflega hafði verið samþ. af Nd. Ég sé ekki, að þessi breyt. breyti ástæðunni, hvað benzínskattinn áhrærir, þegar þingið féllst á, að Vestmannaeyjar nytu til malbikunar sem svaraði þeirri hækkun, sem á Vestmanneyjabenzínið kæmi, eins og mér virtist líka hv. 2. flm. viðurkenna í verkinu, þegar hann gerði brtt. á sínum tíma. Ég vænti, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, setji þennan lið inn í 4. gr., því að annars væri mikið ranglæti haft í frammi við Vestmannaeyjar, því að benzínskattur er þar mjög mikill, en hrein undantekning, að bifreið frá Vestmannaeyjum aki hér á meginlandinu. Þess vegna er það sjálfsagður hlutur, að þessi kaupstaður njóti hlutfallslega þessarar viðbótar á skattinum, sem aðrir eru látnir njóta.

Hún er víst löng þessi atkvgr. í Nd., hæstv. ráðh. er ekki kominn enn. Mér hefði þótt viðeigandi sökum embættistignar hans að beina orðum mínum ekki aðeins til hv. 2. flm., heldur einnig til hans, þar sem hann hélt líka lengstu ræðuna. Ég vil því ekki setjast niður, nema hæstv. forseti gefi mér leyfi til að fresta ræðu minni, þangað til hæstv. ráðh. hefir tök á að vera hér. Annars er það leiðinlegt, þegar hæstv.

ráðh. halda hér ræður, sem eðlilega gefa ástæðu til andsvara, og hverfa samstundis, þegar eitthvað á að athuga það, sem þeir hafa sagt, en þetta er orðið algengt hér á þingi.

Forseti (EÁrna): Út af þeim orðum, sem hv. þm. Vestm. lét falla í ræðu sinni, um að hæstv. fjmrh. hefði ekki verið í d. til þess að hlusta á umr. um þetta mál, vil ég upplýsa, að ráðh. hefir verið bundinn við atkvgr. í hv. Nd., eins og hann á fullan rétt á og er jafnvel skylt að gera, og það er því næsta óviðurkvæmilegt, að hv. þm. sé að væna hæstv. ráðh. um, að hann *vilji ekki vera hér viðstaddur.*

Jóhann Jósefsson [frh.]: Hæstv. fjmrh. átti það sammerkt við hv. 2. flm. frv. að mæta fyrirfram hugsuðum mótbárum, sem fram kynnu að koma frá okkur stj. andstæðingum gegn þessu *nýja skattamáli.* Það er nú hver sjálfráður, hvernig hann hagar orðum sínum, en ég hefði talið nægilegt fyrir báða aðilja að bíða eftir, að þær raddir létu til sín heyra hér í hv. d. og þær mótbárur kæmu fram, sem hæstv. ráðh. var að gera okkur upp.

Mér virðist a. m. k.. að þessi leið hafi verið farin vegna þess, að hæstv. ráðh. hafi ekki getað fundið neitt sniðugt nafn fyrir þessari nýju tollahækkun. Annars hefir stj.meirihlutinn verið ærið glöggur á það á undanförnum þingum að finna ný og ný nöfn fyrir hækkunum á skattabyrði almennings, og hefir þar legið til grundvallar ótti við, að þessar siauknu álögur mundu vekja andúð, og þess vegna hefir verið valin sú leið, að nefna álögurnar ýmsum velvöldum nöfnum, eins og t. d. viðskiptagjald. o. fl.

Ég minntist á það, meðan hæstv. ráðh. var fjarverandi, að ég gæti ekki séð, að það væri rétt í grg., að um væri að ræða nýjar 700 þús. kr. til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, þar sem í 17. gr. fjárlfrv. er gert ráð fyrir 250 þús. kr., sem þar hafa áður verið. Það stappar nærri því að blekkja þingheim, þegar því er haldið fram, að hér sé um nýjar 700 þús. kr. að ræða, sem eigi að verja til að létta byrði sveitar- og bæjarfélaga, þegar þetta eru í raun og veru 450 þús. kr., en sá léttir held ég, að nái skammt. Ég held, að þörfin sé mjög brýn hjá bæjar- og *sveitarfélögunum fyrir auknar tekjur.* Þó að ég viðurkenni viðleitni til að hjálpa að einhverju leyti bæjar- og sveitarfélögunum, verð ég að segja, að þetta nær allt of skammt, einkum ef sá skilningur minn er réttur, að upphæðin sé ekki sú, sem gert er ráð fyrir.

Hv. 2. flm. eyddi miklum hluta ræðu sinnar í að sýna fram á, hversu miklu betur fjármálin væru farin í höndum þeirra, sem nú ráða, heldur en ef stjórnarandstæðingar réðu, og nefndi í því sambandi till. frá okkur sjálfstæðismönnum, sem mundu kosta ríkissjóð stórfé. Hæstv. ráðh. tók í sama streng, en hann gæti sparað sér alla spádóma um þetta vegna tveggja staðreynda, sem hæstv. ráðh. getur ekki komizt framhjá. Í fyrsta lagi var þorri þeirra manna, sem nú eru stjórnarandstæðingar á Alþ., ábyrgur fyrir stj. landsins árin 1924—1927, og á þeim tíma auðnaðist þeim að lækka skuldir ríkisins um 6 millj. kr., og auk þess árið 1926 að létta að nokkrum mun þau gjöld, sem hvíldu þyngst á atvinnuvegunum, nefnilega að lækka óbeina skatta. Samt er það viðurkennt, að verklegar framkvæmdir voru auknar mikið, frá því sem áður var. En hinn svokallaði stuðningur við atvinnuvegina, sem stjórnarflokkarnir guma af nú, fer að miklu leyti í að styrkja ýmsar miður heppilegar ráðstafanir, sem kosta mikið fé, en er ekki hægt að skoða sem verulegan stuðning. t. d. allt það reginfé, sem rótað er í fiskimn., sem hefir gert hvert glappaskotið á fætur öðru. Og þó að glappaskot fiskimálan. séu opinbert mál, á með nýjum tiltektum að veita henni enn meira fé. Hæstv. ráðh. getur haft sinn skilning á þessu, en hann verður að afsaka, þó að við getum ekki lokað augunum fyrir öðrum eins staðreyndum.

Í öðru lagi vil ég nefna stjórnartíð hæstv. ráðh. *sjálfs. Það eru bara fáir dagar,* síðan hv. d. afgreiddi heimild til ríkisstj. til þess að taka innlent lán til að fylla upp í þann halla, sem var orðinn á ríkisbúskapnum. Hæstv. ráðh. veit, að í hans stjtíð hefir hvert þing aukið gjaldabyrðar almennings, og að ástand atvinnuveganna hefir aldrei verið eins bágborið eins og nú og atvinnuleysi eins mikið. Ef hæstv. ráðh. vildi viðurkenna þessa augljósu staðreynd, ætti það að hjálpa honum til að spara sér spádóma um, hvað við sjálfstæðismenn mundum gera, ef við réðum. Mér sýnist, með allri virðingu fyrir meiri hlutanum, að hann hafa af svo litlu að státa um fjármálastjórn, að hann ætti ekki að leggja sig undir ásakanir fyrirfram hjá stjórnarandstæðingum.

Þegar allt kemur til alls, er það ekki þungamiðja þessa máls, hvort tollar af þessari eða hinni vörunni er hærri eða lægri, heldur hitt, hvaða afleiðingar fjármálastefna stj. hefir á hverjum tíma fyrir íbúa landsins, og ef við lítum á, hvaða afleiðingar hún hefir haft fyrir atvinnuvegina, finnst mér ekki, að ráðh. geti verið mikið upp með sér.

Nei, hæstv. ráðh. þarf ekki að halda, að það sé neitt aðalatriði, hvort hann leggur nú 10% á aðfluttar vörur eða velur aðrar leiðir. Aðalatriðið er, að fjármálastefna ríkisstj. hefir í för með sér hrun, hrun atvinnuveganna og sívaxandi fátækt borgaranna, nema þess flokks manna, sem reka iðnfyrirtæki hér, sem draga til sín alla hækkun á aðfluttum vörum. — Það er svo sem viðurkennt af orðalaginu, að þessar uppálappanir eru fálm eitt. Orðið „bráðabirgða" er orðið kjörorð. Það ætti að vera kominn *tími til að taka til endurskoðunar* öll þessi mörgu l. um tekjuöflun. Þessi eilífa vöntun á fé rekur ráðh. til að fara einhverjar leiðir, bara einhverjar leiðir.

Hæstv. ráðh. minntist á iðnfyrirtækin og sagði, að það yrði að vera takmörk fyrir því, hvað mikið iðnaðurinn væri *studdur. Sú athugun* hefir nú komið frá mér og öðrum, en enginn gaumur verið gefinn. Það hlýtur samt að reka að því, að mönnum skiljist, að iðnaðurinn er því aðeins til blessunar, að hann sé rekinn á heilbrigðum grundvelli, en þegar svo er að sjá sem iðnaðurinn þurfi í sinn vasa *allt,* sem annars mundi

koma í ríkissjóðinn, þá hlýtur hann að vera aukin byrði fyrir gjaldendur landsins. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð viðurkennt, að það bæri að styrkja iðnaðinn, en hér er komið upp mikið af iðnaði, sem á sér engan tilverurétt annan en höftin. Mig grunar, að hæstv. fjmrh. sé farið að sjá, að það er ekki endalaust hægt að spenna bogann um beina skatta í ríkissjóðinn, og að það eru takmörk fyrir verndun með tollum. Mig uggir, að ráðh. eigi eftir að lifa þá stund, að hann sjái, að höftin ein geta ekki frelsað landið, heldur eru þau vatn á millu fjölda manna, sem ráðh. segir, að þurfi í sinn vasa hækkun á tollum af þeim vörum, sem þeir framleiða.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. þm. Vestm. hefir haldið hér langa ræðu, en ég veit ekki enn, hvort hann er með eða móti frv. eða stefnu þess. Samt gefur ræða hans tilefni til aths. af minni hálfu.

Hv. þm. sagði, að stóreyðsla undanfarinna ára væri runnin undan rifjum sósialista. Ég gerði í ræðu minni grein fyrir útgjaldahækkuninni frá því 1926, og hún er nær eingöngu til verklegra framkvæmda og heilbrigðismála, og ég veit, að það er leitun á þm. hér, sem ekki telja sér það til gildis, þegar þeir tala við kjósendurna, að hafa verið með þessum útgjöldum. Þannig eru nú heilindin hjá þeim. Hv. þm. mun komast að raun um, að í þeirri skýrslu er margt, sem nú mundi vera freisting fyrir hann að vera meðmæltur, jafnvel þótt hann hafi ekki verið það á sínum tíma.

Hv. þm. sagði, að sér hefði þótt óviðkunnanlegt, að ég og hv. 9. landsk. hefðum í framsöguræðum okkar gert ráð fyrir, að deilt yrði um þetta frv. milli þingflokka, og hefðum átt að bíða eftir því, að frsm. Sjálfstfl. hér í hv. d. hefði deilt á frv. En eftir þeim undirtektum, sem komið hafa fram í blöðum sjálfstæðismanna og ræðum þeirra, virðist enginn vafi á því, hvernig þessu frv. yrði tekið. Hv. þm. hélt því fram, að það væri blekking ein, að 700 þús. kr. af þessum tekjum ættu að renna til bæjar- og sveitarfélaga, af því að jöfnunarsjóður ætti að taka að sér fátækraframfæri, sem hefir kostað ríkissjóð 250 þús. kr., og út úr fjárlfrv. ætti því að strika 250 þús. kr., sem greiddar hafa verið úr ríkissjóði. Þetta er rétt, en það eru 450 þús. kr. nýjar tekjur, sem koma til bæjar- og sveitarfélaga. Það er því engin blekking, að 700 þús. eigi að renna af þessu til bæjar- og sveitarfélaga gegnum jöfnunarsjóð, þótt hann eigi að taka á sig þessar skyldur, sem áður hvíldu á ríkissjóði. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá skil ég ekki, hvernig sjálfstæðismenn geta með nokkrum rökum gagnrýnt þetta frv. og þá stefnu, sem liggur á bak við það, eftir þær till., sem þeir hafa flutt hér á Alþ. Og í raun og veru reyndi hv. þm. heldur alls ekki að gera það eða til að sýna, hvernig sjálfstæðismenn ætluðu að samræma það að hækka fjárlög, en lækka skatta og tolla, jafnframt því sem þeir flytja till., sem mundu hækka halla fjárlaganna úr 900 þús. upp í 4 millj. Það, sem ég vildi spyrja um, er þetta: Hvað á að færa niður á fjárlögunum til þess að mæta þessum útgjöldum? Hvar á að taka peningana? Ef ekki má beint færa niður neinn lið fjárlaganna, hvaða skatta og tolla á þá að leggja á til þess að mæta þessari upphæð? Ég skil ekki í öðru en að hv. þm. sé mér sammála um það, að ef Sjálfstfl. getur ekki bent á lausn í þessu máli, þá sé honum bezt að hætta þessu tali um skatta- og tollaálögur eða hætta við þessar tillögur sínar. Það er ekki nema tvennt til fyrir þá, annaðhvort að koma með frv. um hækkaða tolla og skatta eða hætta við þessar till. Það er ekki hægt að samrýma þetta tvennt á annan hátt. Jafnframt því, að rætt hefir verið um þetta frv., hefir hv. þm. haldið því fram almennt, að það væru sósialistar, sem hefðu staðið fyrir hækkun útgjalda síðustu ár. Væri ekki nær að halda ræðu um það, hvaða útgjöld sósialista ætti að strika út af fjárlagafrv. til að mæta útgjaldatill. sjálfstæðismanna. Það ætti ekki að spilla fyrir þeim, þótt nefnt væri, hvaða liði ætti að strika út. Það er þetta, sem máli skiptir. Hv. þm. Vestm. sagði, að það þyrfti ekki að efast um hæfni þeirra sjálfstæðismanna til þess að fara með fjármál landsins. Það þyrfti ekki annað en að líta aftur um 10—15 ár og athuga, hvernig fjármálin stóðu þá. En það munu ekki vera nema fáir þeirra manna, sem þá höfðu fjármálastjórnina á hendi, sem nú eiga sæti hér á Alþ., og þótt þeim mönnum, með þeirri stjórn, sem þeir þá höfðu, tækist að leysa þetta sæmilega af hendi, þá þarf hv. þm. ekki að ímynda sér, að það sé nóg að benda á það nú eftir 10—15 ár. Það er öllum ljóst af þeim till., sem sá flokkur ber nú fram, að hann hefir breytt um stefnu í fjármálum; þeir eru orðnir ábyrgðarlausastir allra flokka hér á Alþ., mér liggur við að segja, að kommúnistunum ekki undanteknum.

Um það, hvernig stjórnað var 1924—1927, mætti margt segja. Meðal annars mætti benda hv. þm. Vestm. á það, að peningarnir komu ekki heldur þá af sjálfu sér; það tímabil byrjaði með stórkostlegum tollahækkunum. Og þá gáfu tollarnir verulegar tekjur, meðal annars af því, að þá komu einhver þau mestu góðæri, sem þekkzt hafa, eins og 1924—1925. Það munu flestir kannast við, sem hér eru. Það nær ekki nokkurri átt, að menn með heilbrigða skynsemi fari að bera þau ár saman við árin 1935—1937, þau ár, sem okkar aðalútflutningsmarkaður lokast svo að segja gersamlega. Um tolltekjur 1925—1937 vil ég benda á, að verðtollur 1925 var um 3 millj., en 1936 var hann rúm ein millj., eða helmingi minni; vörutollur 1925 var yfir 2 millj., en 1936 var hann rúm ein millj. Þessi stórkostlegi munur stafar af því, að árið 1925 hafði þjóðin efni á því að kaupa margskonar óþarfa inn í landið, sem gaf stórkostlegar tolltekjur, sem við svo höfum orðið að neita okkur um árin 1935—1937, ekki vegna þess að það sé svo slæm stjórn þá, heldur vegna þess að gjaldeyrir okkar er svo takmarkaður, að við getum lítið keypt annað en lífsnauðsynjar, vegna þess, hve saltfiskútflutningurinn hefir minnkað mikið á þessum árum.

Það er sama, hvar er niður borið, sjálfstæðis-

menn geta ekki komizt undan ábyrgð sinni með því að vísa 10—15 ár aftur í tímann. Þeir verða að gera grein fyrir því, hvernig þeir ætla að samræma till. sínar, aukin útgjöld og lækkandi álög á almenning. En svo víta þeir stjórnarflokkana fyrir till. þeirra, sem ganga miklu skemmra, og það er þetta, sem er aðalatriði málsins.

Hv. þm. sagði, að ég væri farinn að sjá, að ekki væri hægt að auka beina skatta í það endalausa. Ég hygg, að ég hafi ekki gefið tilefni til þess, að menn héldu, að ég liti svo á, að það væri hægt að stórauka tekjur ríkissjóðs með því að hækka beina skatta. Það sama er að segja um ummæli hans viðvíkjandi því, að ég áliti innflutningshöftin geta bjargað öllu. Þau mundu engu bjarga, ef við hefðum engan útflutning. Það er mjög takmarkað, sem hægt er að gera með innflutningshöftum einum, en þau eru úrræði, sem nauðsynlegt er að grípa til, til að afstýra þeim vandræðum, sem af lokun saltfisksmarkaðarins leiða.

Hv. þm. sagði, að ég þyrfti ekki að vera upp með mér yfir því, hvernig sú fjármálapólitík, sem fylgt hefði verið undanfarið, hefði komið niður á atvinnuvegunum. Má vel vera, að ég hafi ekki ástæðu til þess, en ég vil hiklaust segja, að það hefir verið betra fyrir atvinnuvegina, ekki sízt sjávarútveginn, að ekki hefir verið hætt að styðja allar framkvæmdir, jafnvel þótt ríkissjóður verði þá að afla nýrra tekna með tollum og sköttum, heldur en að allt hefði verið látið eiga sig, eins og virtist vera meining hv. þm. annað veifið. Meginið af hinum auknu útgjöldum undanfarin ár hefir gengið til þess að styðja atvinnuvegina, og allar greiðslur, sem nú eru fyrirhugaðar, ganga til hins sama. Til hvers fer afnám útflutningsgjalds á saltfiski eða fiskimálasjóður nema til þess að styðja útveginn? Sú upphæð, sem ætluð er til fjárpestarvarna og til ráðstafana til að styrkja bændur á fjárpestarsvæðinu, er sömuleiðis styrkur til atvinnuveganna, og tillagi til húsbygginga í sveitum er líka varið í sama skyni. Það er sama, hvar borið er niður, allar þær till., sem þetta frv. er einn liður í, miða að því að styrkja atvinnuvegina. Ég fullyrði, að svo lítið kemur beint niður á framleiðsluna af þessum nýju gjöldum, að það borgar sig fyrir hana, að þau verði lögð á.

Sú stefna sjálfstæðismanna, að bera fram útgjaldatillögur án þess að benda annaðhvort á niðurskurð á fjárlögum eða nýjar tekjur, getur ekki staðizt nema hafa eigi þá aðferð, sem kom fram í umr. í hv. Nd. hjá formanni flokksins, að óhætt sé að auka útgjöldin; tekjurnar komi af sjálfu sér. Það hefir e. t. v. verið meiningin, að halda því fram sem flokkssjónarmiði, að ekki væri þörf að hugsa um útgjöldin, ef frumvörpin væru réttilega samin. Þetta sjónarmið var mikið rætt í hv. Nd., og því haldið dyggilega fram, að ef frv. aðeins væru til styrktar atvinnuvegunum, þá myndu peningarnir koma af sjálfu sér.

Ég ætla ekki að fara út í að svara einstökum atriðum í ræðu hv. þm. Vestm., en benda á, að aðalatriði þessa máls er að koma á samræmi milli tillaga sjálfstæðismanna og mótþróa þeirra gegn tekjuöflunartillögum stjórnarflokkanna. Sérstaklega vildi ég vita, hvaða atriði í fjárlögunum ætti að fella niður til þess að mæta þessum 4 millj. kr. útgjöldum.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Hæstv. fjmrh. hefir svarað þeim spurningum, sem hv. þm. Vestm. beindi til okkar flm. frv., svo að ég get sleppt að fara út í þær. Það er réttur skilningur hjá hv. þm. Vestm., að jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga á, samkvæmt því frv., sem nú hefir verið lagt fram þar um, að taka að sér þá jöfnun fátækrakostnaðar, sem framfærslulög gera ráð fyrir og ákveðið er í þeim, að skuli nema 250 þús. kr. Það er rétt, að bæjar- og sveitarsjóðir fá ekki samkvæmt þessu auknar tekjur nema 450 þús. kr., en þó er það rangt, að hér sé um nokkra blekkingu að ræða í grg. frv., því að alla þá fjárhæð, sem verja á í þessu skyni, þ. e. a. s. 700 þús. kr., á að taka af tekjum ríkissjóðs, skv. því frv., sem hér liggur fyrir. Hv. þm. taldi, að ef þetta væri réttur skilningur á málinu, þá myndi þessi hjálp ná skammt. Það má vel vera, að hún nái of skammt, en ég hygg, að þessi hjálp komi bæjar- og sveitarfélögum að miklum notum, sökum þess að þetta kemur þar niður, sem þörfin er mest. Eftir því frv., sem borið hefir verið fram hér í d. um það efni, er lagt til, að bæjar- og sveitarfélögin fái þessa peninga í hlutfalli við þau útgjöld sín, sem þau hafa sízt á valdi sínu.

Viðvíkjandi skiptingu á benzínskatti til einstakra vega er sjálfsagt, að nefnd sú, sem fær málið til athugunar, athugi þá skiptingu nánar. Ég segi fyrir mig, að ég er ekkert sérstaklega ánægður með þá skiptingu, sem ráðgerð er í frv., og ég tel sjálfsagt, að málið verði athugað.

Hv. þm. virtist telja það ábyrgðarleysi sósíalista að kenna, að nú væri farið að bera fram þetta frv., m. ö. o. að svo hefði mátt halda á, að það hefði verið óþarft. Ég skal ekki fara langt út í þessar sakir, af því að hæstv. fjmrh. hefir gert það svo rækilega, en ég hygg, að réttara væri að orða þetta á aðra leið: Að nauðsynlegt er að bera þetta frv. fram og önnur tekjuöflunarfrv. handa ríkissjóði, vegna þess að þjóðin sjálf gerir sívaxandi kröfur til framlaga ríkissjóðs til atvinnuveganna og annars þess, sem talið er nauðsynlegt. Það mun ekki haldinn svo þingmálafundur neinstaðar á landinu, að ekki komi fram ádeilur á okkur framsóknarmenn, ekki einungis fyrir hvað við leggjum mikla skatta á og heimtum mikil gjöld af þjóðinni, heldur er aðaláðeilan oftast sú, að við höfum verið á móti hinum og öðrum fjárkröfum. Bændafl. bar þetta mál fyrir bændur, sjálfstæðismenn báru þetta mál fyrir sjávarútveginn, en hinir vondu framsóknarmenn voru á móti því, af því að það kostaði peninga. Þessi er sónninn hjá stjórnarandstæðingum. Það má heita, að hver þingmálafundur á landinu sendi Alþingi till. um aukin fjárframlög úr ríkissjóði til þarfa þess sveitar- eða bæjarfélags, sem fundurinn er haldinn fyrir. Vestmannaeyingar eru engir eftirbátar annara í þessu efni.

Þeir hafa birt sinar fundargerðir í útvarpinu, svo að þær eru alþjóð kunnar. Ég man eftir, að í fundargerð frá Vestmannaeyjum, sem kom í útvarpinu, voru samþykktar um 20 tillögur, flestar þess efnis að biðja ríkissjóð að hækka framlög til Vestmannaeyja, en ein var um það, að lækka tolla og skatta. Það er eins og þeir menn, sem bera fram svona till. vænti þess, að ríkissjóði opnist einhver peningauppspretta, sem peningarnir streymi úr, án þess að þjóðin þurfi að borga. Eftir þessum till. virðist eiga að veita Vestmannaeyjum öll hugsanleg fríðindi án þess að hugsa um önnur héruð. En mörg önnur héruð gera svipaðar kröfur, og þm. þeirra framfylgja þeim, sjálfstæðismenn engu síður en aðrir. Afleiðingin er svo sú, að gjöld ríkissjóðs aukast, og þá um leið skapast þörf fyrir auknar tekjur. Það þýðir ekki að tala um, að útgjöld ríkissjóðs hafi vaxið síðan 1927; það er aðeins sú þróun, sem alltaf hefir verið. Útgjöld ríkissjóðs hafa stöðugt vaxið, síðan landssjóður varð til, 1874. Eftir því sem ríkisvaldið skiptir sér meira af atvinnuvegunum, hljóta gjöld ríkissjóðs auðvitað að hækka. Það má deila um, hvort þessi stefna sé rétt eða röng, að einstaklingar þjóðfélagsins hjálpist meira og meira að í lífsbaráttunni, eða hvort hitt sé réttara, að hver einstaklingur reyni að sjá sér borgið. Um þetta hefir ekkert komið skýrt fram frá Sjálfstfl. hin síðustu ár. Það hefir ekki heldur komið fram, að stefna hans væri sú, að lækka útgjöld ríkissjóðs, heldur þvert á móti. Hæstv. fjmrh. benti á, að þegar Íhaldsfl. hefði stjórnað 1924—'27, hefði hann byrjað stjórnarferil sinn með stórhækkuðum tollum og sköttum. Tollarnir voru aðallega lagðir á á þinginu 1924. Þá var fyrst og fremst lagður á 25% gengisviðauki. Þá var ekki talað um 10% eins og nú, heldur 25%. Þar að auki var þá verðtollur settur á, og þar af leiðandi hafði sú stjórn yfir meiri tekjum að ráða en áður hafði verið. Það er alveg rétt, að á þeim árum stóð þessi flokkur talsvert á móti því, að eytt væri fé úr ríkissjóði, og gætti töluverðs sparnaðar hjá flokknum þá. En þessi flokkur er nú ekki lengur til, a. m. k. ekki með því nafni. Hann lagðist niður árið 1927. Og ég vænti, að legið hafi einhverjar orsakir til þess, að flokkurinn var lagður niður eða nafni hans breytt í Sjálfstæðisflokkur. Þessi flokkur, Íhaldsflokkurinn gamli, hafði eins ég sagði áðan, sýnt nokkurn sparnaðarvilja. En hvers vegna lagði hann niður þetta nafn? Hann vildi ekki lengur heita Íhaldsflokkur. Enda er sannleikurinn sá, að einmitt um það leyti, sem þessir menn skiptu um pólitískt heiti, þá breyttist þeirra pólitíska stefna, þannig að síðan hefir ekki verið hægt að finna, að þeir hafi verið fúsari til sparnaðar á ríkisfé heldur en aðrir, og sízt það.

Þegar nú litið er á þetta frv., þá er svo langt frá því, að það sé eins og t. d. Morgunblaðið hefir verið að halda fram, að hér sé um að ræða fleiri millj. kr. aukin útgjöld, sem lögð séu á þjóðina. Eins og sýnt hefir verið fram á nú þegar í þessum umr., er hér í þessu frv. að sumu leyti um að ræða tilfærslur á gjöldum. Því að vonandi er t. d., að þegar aukið verður það fé, sem gengur til sveitar- og bæjarfélaga, þá geti útsvör lækkað að sama skapi. Eins þegar á að afnema útflutningsgjaldið af saltfiski, þá kemur þar fram gjaldahækkun á móti. Svo má líka benda á það — eins og hæstv. fjmrh. hefir nú þegar gert — hvað eldri tekjustofnar hafa rýrnað. Og ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., sem hann beindi til hv. sjálfstæðismanna, að það kæmi skýrt fram frá þeim, annaðhvort nú undir þessum umr. eða síðar á þinginu, till. um það, hvernig eigi að mæta þeim auknu greiðslum úr ríkissjóði, sem þeir gera till. um, og yfirleitt hvernig eigi að samrýma till. þeirra við ádeilur þeirra á stj. Þeir tala um, að það þurfi að spara og að það sé óstjórn í landinu o. s. frv., það þurfi að lækka gjöld ríkissjóðs og að það eigi að borga af skuldum. En aldrei kemur fram hjá þeim með skýrum rökum, hvernig þetta má verða. Sérstaklega vildi ég nú vinsamlega óska þess, og mig hefir langað til þess fyrr, að hv. þm. Vestm. útskýrði, hvernig hann hugsaði sér í hitt eð fyrra, að þingmálafundargerðin í Vestmannaeyjum yrði framkvæmd, og þannig — sem ekki er ósanngjarnt að gera kröfu um —, að önnur héruð nytu þó jafnréttis við Vestmannaeyjar.

*Jóhann Jósefsson: Hæstv. fjmrh. og hv. 1. flm. hafa báðir viðurkennt þá aths., sem ég gerði og leyfði mér að halda fram, með fyrirvara þó, þangað til ég heyrði þeirra röksemdir, — þá aths., hvort hér væri aðeins um 450000 kr. að ræða sem nýja tekjuöflun fyrir bæjar- og sveitarfélög, eða hvort um 700000 kr. tekjuöflun er að ræða til þessara aðilja, eins og gefið hefir verið í skyn.

Hæstv. fjmrh. minntist á álasanir í garð stjórnarfl. fyrir það að reyna að afla tekna. Ég held, að ég hafi þvert á móti tekið fram í ræðu minni, að ég álasaði ekki hæstv. ráðh. fyrir það, að hann reyndi að afla tekna, þegar þeirra væri þörf, af hvaða ástæðum, sem þeirra er annars þörf. Það er hlutverk fjmrh., að hafa augun opin fyrir því, hvar megi afla tekna í ríkissjóð. Hitt má svo um deila, hvaða leiðir eigi að fara í því efni. En þetta, sem hæstv. ráðh. telur, að hafi verið ásakanir í sinn garð og ríkisstj., kom ekki frá mér, heldur miklu fremur bæði frá honum og 1. flm., sem báðir voru í frumræðum sínum með þessar ásakanir fyrirfram gagnvart sér sjálfum og stj., er þeir fyrirfram voru að gera ráð fyrir andmælum og þannig voru upphafsmenn þessara ásakana. (BSt: Mogginn var kominn með þær á undan.) Þær voru ekki komnar fram hér í þessari hv. d., og því ekki ástæða fyrir flm. fyrirfram að gera ráð fyrir þeim á þessum vettvangi.

Hæstv. fjmrh. minntist á góðærin 1924 og 1925 og sagði, að það væri ekki rétt hjá mér, að sömu menn stæðu að Sjálfstfl. nú sem stóðu að Íhaldsfl. þá. Það getur nú satt verið, að meiri hl. íhaldsmanna, sem þá voru á þingi, sé ekki á þingi nú. En hitt er rétt, að sömu menn, sem voru í Íhaldsfl. þá, eru í Sjálfstæðisfl. nú. Enda held ég, að hæstv. ráðh. sé það ákaflega munntamt að núa okkur íhaldsnafninu um nasir. Það er allajafna af flokksmönnum

hans hlaupið í það öðrum þræði að kalla okkur íhaldsmenn.

Þá sögðu þessir hv. þm., að þeir, sem stóðu að fjármálastjórn þá, hafi hækkað tolla. Það er að vísu rétt. En sú tollahækkun var ekki eins gífurleg og þær tollahækkanir, sem mönnum eru nú sýndar af hæstv. ríkisstj. (**Fjmrh:** Miklu, miklu meiri). Séu saman lögð afrek stjórnarflokkanna á því árabili, sem þeir hafa farið með völd, í því efni að leggja á skatta og tolla, þá hygg ég, að við, sem fórum með völdin 1924 og 1925, komumst ekki í hálfkvisti við þá í þessu efni. En hver var nú ástæðan til þess, að svo mikið þurfti að hækka skattana árið 1924? Ástæðan var sú, að í tíð áðurverandi ráðh. höfðu safnazt fyrir feikna miklar lausaskuldir, sem ríkissjóður var kominn í af sams konar ástæðum og lausaskuldir ríkissjóðs nú stafa.

Já, hv. fjmrh. krefst mjög yfirlýsinga um það, hvaða útgjaldaliði við sjálfstæðismenn vildum ráðast á til að hækka útgjöld ríkissjóðs, og vill fá skýr svör. Hv. 1. þm. Eyf. tók undir í sama tón. Það er náttúrlega ágætt að spyrja svona. En mætti ég, áður heldur en ég kem að því máli, spyrja þá hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Eyf. að annari lítilli spurningu í sambandi við það, að á þinginu 1935 var það sameiginleg yfirlýst skoðun Framsfl. og Sjálfstfl., að nauðsynlega þyrfti að skera niður eitthvað af gjöldum ríkissjóðs. Í margar vikur starfaði fjvn. þá að að því að finna leiðir til þess að minnka útgjöld ríkissjóðs í fullkomnu bróðerni milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Okkur þm. Sjálfstfl. var bent á það af okkar flokksmönnum að hafa okkur ekki mikið í frammi um fjárkröfur gagnvart ríkinu, því að nú stæði til að spara ríkisfé. Jú, það náðist samkomulag um að skera niður gjöld á ýmsum sviðum, sem námu alls um 1 millj. kr. En á meðan þetta er að fara fram í fjvn. til þess að lækka útgjöld ríkisins, þá gerir hæstv. fjmrh. baksamning við sósíalista þingsins um að hækka þessi útgjöld um 2 millj. kr. Þessir menn, sem nú krefja mig og aðra hv. sjálfstæðisþm. sagna um það, hvaða útgjaldaliði á fjárl. við nú viljum lækka, þeir kröfðu okkur sagna um þetta árið 1935. Og það kom fram þá, hvar við vildum lækka útgjöldin. En það sýndi sig, að allt starf fjvn. þá var haft að engu, varð eintóm kómedía, sem flokkur hæstv. fjmrh. var að láta fram fara, því að á meðan var af honum og hans flokki samið við sósíalista um 2 millj. kr. aukin útgjöld úr ríkissjóði. Þarna var því þessu sparnaðarverki varpað algerlega um koll. Þeir, sem stóðu að slíkri fjármálastjórn, eiga helzt að spara sér það að vera nú á ný að krefja sjálfstæðismenn sagna um það, hvar þeir vilji spara. Eða mundi það ekki fara á svipaða leið og þá? Ég hygg, að svo mundi verða, að hæstv. fjmrh. og flokksmenn hans mundu þá einnig gera baksamning, ef ekki við jafnaðarmenn, þá kommúnista, um margfalda hækkun á hinum sömu útgjöldum.

Annars get ég sagt hæstv. fjmrh. það, að margt af því, sem til hefir verið stofnað í stjórnartíð hans og þeirra í sameiningu, framsóknarmanna og jafnaðarmanna, hér á Alþ., hefir orðið til þess, bæði beint og óbeint, að stórkostleg útgjöld ríkissjóðs mundu mega missa sig að skaðlausu fyrir landsfólkið. Þó að fiskimálan. sé ekki beinlínis talin í fjárlagafrv. sem sérstakur gjaldaliður þeirra, þá er vitað, að laust eftir stofnun hennar var lagður nýr skattur á sjávarútveginn til þess að halda þessari nefnd vinnandi. Og ég ímynda mér, að erfitt sé að fá nokkurn mann, sem ekki er alveg flokkspólitískt blindaður, til þess að halda því fram, að meðferð þessarar einnar millj. kr., sem a. m. k. átti að fara til ráðstafana fiskimálan., en sumpart fór til þess að borga þús. kr. með hverju freðfisktonni, sem sent var til Ameríku, hafi verið heilbrigð meðferð á fé landsmanna. Og enn á þessi n. að fá 400000 kr. af hinum nýju sköttum, að sagt er, til þess að styðja atvinnuvegi landsmanna. Ég mótmælti því algerlega, að ég hafi farið nokkuð óviðeigandi orðum um þá menn, sem eru í fiskimálan., eins og hæstv. fjmrh. virtist þó halda fram. En ég álít óvit af nokkurri fjármálastjórn, að fela á aðra millj. kr. af fé landsmanna þeim mönnum til ráðstafana fyrir sjávarútveg landsmanna, sem mestu ráða í fiskimálan. Ég álít hreint og beint *óvit* af hæstv. fjmrh. að standa fyrir slíku.

En það er ekki aðeins þetta nefndarbákn, sem kostar mikið fé. Hæstv. fjmrh. stóð fyrir því á sínum tíma að setja Rauðku á fót. Hvaða gagn hafa landsmenn haft af þeirri nefndarskipun? Sú meri hygg ég, að hafi orðið heldur þurftarfrek. Eða þá ferðaskrifstofu ríkisins, sem sett var á stofn af sama ráðh.? Ég held nú, að það komi til að vanta eitthvað á þessar 50000 kr., sem hér í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að verða muni tekjur hennar. En kostnaðurinn er áætlaður 50000 kr. við hana.

Það er ekki í einu, heldur mörgu, sem skeð hefir í stjórnartíð þessa hæstv. ráðh. og með stuðningi hv. 1. þm. Eyf., að bætt hefir verið við byrðar ríkisjóðs og bæjarfélaga, sem miðar að því, á þessum síðustu 10 árum, að leggja þyngri og þyngri fjárhagslegar byrðar á þessa þjóð. Þegar nú hæstv. fjmrh. kemur hér og segist þurfa að leggja 10% skatt á alla aðflutta vöru og 10% á allan tekju- og eignaskatt, þá þarf hann ekki að halda, að það sé mestur þyrnir í augum mínum og annara, að þessar álögur þarf að leggja á í bili, heldur er hitt það ömurlegasta í þessu máli öllu, að hér er með auknum álögum verið að halda uppi fjármálastefnu, sem, ef ekki er fyrirfram dauðadæmd, þá a. m. k. á hrörnunarskeiði. Ástandið í landinu sýnir, að þessar álögur hafa ekki orðið til þess að létta undir með atvinnuvegunum, í samræmi við það sem þær kosta. Það hefði mátt miklu betur með beinum styrkveitingum létta undir með sjávarútveginum, með því að styrkja útflutning fiskjar á svipaðan hátt og Norðmenn nú gert hafa í tvö ár. „Fagra orðið forholdsvis við flest tækifæri", var sagt um mann einn, sem farið hafði til Hafnar og þótti nota mikið þetta orð. Það er náttúrlega fallegt orð „stuðningur við atvinnuvegina", sem maður hefir svo oft heyrt haft yfir af hv. þm. stjfl. En

það má bara gæta þess, að það, sem er kallað því fagra nafni, stuðningur, verði ekki til þess að steypa. Eða hvernig lízt hæstv. ráðh. á þá fjármálastjórn, þótt hún sé ekki beint fyrir ríkissjóðinn, sem hann hefir sett yfir síldarsölumál landsmanna? Hún er þannig, að stefnan er að framleiða mjög takmarkað og selja það við sem mestu verði á pappírnum, en svo þegar á á að herða, slaka til og gefa eftir af verðinu við þá, sem búnir eru að gera fasta samninga um kaupin erlendis. Þannig hefir nú verið farið að af yfirstjórn síldarsölumála hér, sem starfar á ábyrgð núverandi ríkisstj., að gefa eftir þannig milljónir, frá því sem samið hefir verið um. Fyrir því liggja hér á borðinu glögg skjöl frá félagi síldarsaltenda fyrir norðan. Það er stuðningur fyrir atvinnuvegina þetta!

Hv. 1. þm. Eyf. var eitthvað að tala um þingmálafundargerð í Vestmannaeyjum og að ég hefði verið mjög kröfuharður gagnvart ríkissjóði fyrir hönd Vestmannaeyja. Það er gott að fá þetta skjalfest, því að ég hefi legið undir því ámæli, að ég væri svo kröfuvægur og lingerður, að ég gerði svo sem engar kröfur fyrir kjördæmið. Svo að næst, þegar ég kem í þann eld, þá þykir mér vænt um þetta vottorð frá hv. 1. þm. Eyf., um að ég gangi allra manna lengst í kröfum. Hitt mun sá hv. þm. kannast við, að þm. eru ekki alltaf einráðir um allar till., sem bornar eru fram og samþ. á þingmálafundum. (**BSt**: Þær voru víst allar frá þingmanninum). Ég eyði ekki fundartímanum á þingmálafundum til að berja niður till. og óskir manna, þó að þær komi frá Vestmannaeyingum.

Ég held, að ég hafi nú svarað í öllum aðalatriðum bæði hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Eyf. Og ég vil leggja þeim sérstaklega á minni, þegar þeir næst fara að krefja mig og aðra sagna um það í einstökum atriðum, hvar við viljum skera niður útgjaldaliði fjárl., þetta samstarf milli Sjálfstfl. og Framsfl. 1935 um að lækka útgjöld ríkissjóðs um eina millj. kr. og þann „fagra" leik, er framsóknarmenn gerðu á meðan baksamning við Alþfl. um aukin útgjöld ríkissjóðs um tvær millj., sem kom sjálfstæðismönnum í opna skjöldu.

Það var á það minnzt af hæstv. fjmrh., að við sjálfstæðismenn teldum, svona út í bláinn, að vissar stjórnmálastefnur gætu haft áhrif á afkomu manna í landinu. Ennfremur fullyrti hann, að minna kæmi inn af tollum en verið hefir. Ég geri ráð fyrir að síðar á þessu þingi verði tækifæri til að athuga þetta nánar. En ég hefi ekki öll gögn við höndina nú um það. Hitt geri ég ráð fyrir, að um megi deila, hvort það skipti miklu fyrir afkomu manna í landinu, hvaða stjórnmálastefna er uppi. Mín sannfæring er, að sú stjórnmálastefna og landsmálastefna, sem verið hefir framfylgt hér á landi síðustu 10 árin, sem í öllum höfuðatriðum er sósíalistisk, hafi niðurdrepandi áhrif á atvinnulífið í landinu. Og verkin sýna þar bezt merkin á voru landi, að útgjöld ríkisins fara, að því er virðist af óviðráðanlegum ástæðum, sihækkandi, og sífellt eru lagðar nýjar og nýjar álögur á bæjarfélögin. Þegar slíkt gengur ár eftir ár, getur það ekki haft annað í för með sér en niðurdrep atvinnuveganna. Hver atvinnurekandi, sem rekur áhættusaman atvinnuveg, verður fyrir barðinu á þessari landsmála- og fjármálastefnu. Þetta miðar að því að auka atvinnuleysið í landinu, því að menn blátt áfram missa kjarkinn til þess að reka atvinnu undir þessari sósíalistisku fjármálastjórn. Ef hægt væri að sanna hinsvegar, að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn fari nú batnandi, þá væri tími kominn til þess að bera okkur sjálfstæðismönnum það á brýn, að við værum á villigötum. Og ef atvinnuleysið minnkaði í landinu, þá væri kannske hægt að bera okkur sjálfstæðismönnum á brýn, að við værum á villigötum, en fyrr ekki.

Út af ræðu hæstv. ráðh. vil ég svo að síðustu bera fram þá ósk, honum og þjóðinni til handa, að skilningur hans á atvinnuþörf fólksins megi glæðast í framtíðinni, en ekki fara sí og æ hrakandi, eins og óneitanlega hefir verið til þessa.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég skal ekki halda langa ræðu til að svara því, sem hv. þm. Vestm. sagði áðan, en víkja að nokkrum höfuðatriðum. Hann sagði, að það væri að vísu rétt hjá mér, að skattar og tollar hefðu hækkað 1924, en það hefði bara verið vegna þess, að fjmrh. Framsfl. hefði verið búinn að safna svo miklum lausaskuldum. Ég hefi nú ekki yfirlit yfir þetta, en þetta út af fyrir sig má vera rétt, en ekki getur þetta verið orsökin, það sýnir landsreikningurinn 1926—27. Því að þau ár, sem þó urðu að teljast allsæmileg ár, var ekki lengur að ræða um afgang til að greiða lausaskuldir, heldur var bæði þau ár þannig háttað afkomu ríkissjóðs, að ekki hrukku tekjur fyrir öllum greiðslum hans, þar með taldar afborganir af föstum lánum, það varð m. ö. o. nokkur greiðsluhalli og farinn mesti glansinn af þeirri byrjun, sem hófst 1924 og 1925 í góðærinu.

Aðalatriðið í minni ræðu áðan var nú fyrirspurn til hv. þm. Vestm. um það, hvernig ætti að samræma þær útgjaldatillögur, sem fram eru bornar af sjálfstæðismönnum, og till. um það, að ríkissjóður sleppi tekjum, og hinsvegar gagnrýni frá sömu hv. þm. á hendur núverandi þingmeirihluta fyrir hækkandi ríkisútgjöld og slæma afkomu ríkissjóðs. Þetta var meginatriðið í minni ræðu og það, sem ég óskaði eftir að fá skýrt fram. En þegar að því kom, að hv. þm. tæki þessa meginfyrirspurn mína til afgreiðslu í sinni ræðu, þá sagði hann: Áður en ég svara, langar mig að spyrja líka einnar spurningar. Hann setti fram þá spurningu, en svarið við minni spurningu kom ekki í einu orði. En þessi litla spurning, sem þm. kom með, var um það, hvernig á því stæði, að 1935 hefði núv. stjórnarflokkar komið með stórfelldar till. um aukin ríkisútgjöld, eftir að samkomulag var búið að fá í fjvn. um niðurfærslu nokkurra ríkisútgjalda. Hélt hann fram, að með þessu móti hefði Framsfl. alveg sérstaklega farið á bak við Sjálfstfl., sem hefði staðið að þessum niðurfærslum á fjárlögunum. Og þetta átti að vera svar við þessari spurningu frá minni hálfu um það, hvernig ætti að leysa fjármálin nú eftir till.

Sjálfstfl. annars vegar og ummælum hans hins vegar.

Sannleikurinn frá 1935 er sá, að í fjvn. var unnið að niðurfærslu útgjalda, og um það var enginn ágreiningur milli flokka. Og það er sannast að segja hart, að gefið skuli vera í skyn af hálfu hv. þm. Vestm., að það hafi þurft að toga sjálfstæðismenn til að gera þær niðurfærslur, sem þá urðu, og til ámælis á þeirra menn í nefndinni. En það var að skilja á hv. þm., að þetta hefði verið einhver sérstakur greiði við Framsfl. En það var sem sé sameiginlegt áhugamál flokkanna að lækka ýmsa liði á fjárl., og mér vitanlega var enginn til þess togaður.

Og þá kem ég að því, að hv. þm. Vestm. sagði, að farið hefði verið á bak við Sjálfstfl. og útgjöldin hækkuð um 2 millj. kr., og þess vegna hefði orðið að engu það verk, sem fulltrúar hans lánuðu samþykki sitt til í fjhn. Jafnvel þó að útgjöldin hefðu hækkað um 2 millj., sem þau ekki gerðu, þá hafði verk sjálfstæðismanna, framsóknarmanna og jafnaðarmanna, sem voru allir sammála í fjvn., sitt gildi fyrir því, en hitt er rétt, að fluttar voru till. um aukin útgjöld á því ári, en alls ekki farið neitt á bak við neinn í því sambandi. (**JJós**: Jú). Nei, það er ekki réttur skilningur, því að þá lá fyrir frá hálfu stjórnarflokkanna málefnasamningur, sem allir þingmenn vissu, að þurfti að leysa. Það, sem efir var af honum. þurfti að leysa á þinginu 1935. Ennfremur var þm. Sjálfstfl. kunnugt um ýmsar till., sem fyrir þinginu lágu í lagaformi og allir flokkar voru sammála um, að þyrfti að afgreiða, og þær voru afgr. sem l. Starf fjvn. kom því að fullu liði, og um þessi mál var samkomulag milli allra flokka, það ég bezt veit.

Nú er ótalið það, sem í raun og veru er aðalatriðið. Hv. þm. Vestm. sagði, að farið hefði verið skemmilega á bak við Sjálfstfl. og fulltrúa hans í fjvn. að þessu leyti, og hefi ég svarað því. En hverjar voru þær greiðslur, sem var aðallega bætt við á fjárlögin með sérstökum l. og ekki voru beint til meðferðar í n? Ég hefi hérna fyrir framan mig frv. það, sem við fluttum um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, og gert er ráð fyrir einni milljón. Ég fullyrði hiklaust, að Sjálfstfl. á þingi var með því að setja flestar þessar upphæðir á fjárl., m. ö. o. að samþ. þau l., sem hefðu þessi útgjöld í för með sér. Þessir liðir voru:

Til alþýðutrygginga um	300.000 kr.
— fóðurtrygginga um	25.000 —
— nýbýlamyndunar um	200.000 —
— kartöfluverðlauna um	30.000 —
— skuldaskilasjóðs útgerðarm. um	160.000 —
— mjólkurbúa um	55.000 —
— greiðslu vaxtahl. af fasteignaveðlánum bænda um	75.000 —
— iðnlánasjóðs um	25.000 —
— greiðslu ofviðristjóns á Norðurlandi um	60.000 —
— frystihúsa um	20.000 —

Af þessum 300 þús. kr. til alþýðutrygginga eru um 150 þús. til ellitrygginga, og Sjálfstfl. var ekki myrkur í máli um það, að þeim kafla tryggingarl. var hann meðmæltur. Og Sjálfstfl. var í raun og veru með meiri hl. af þessum útgjöldum, þó að hv. þm. segi nú, að farið hafi verið skemmilega á bak við flokkinn. — En setjum nú svo, að svikizt hafi nú verið aftan að mönnum með þessar tvær millj. 1935, mundi það nokkuð leysa hv. þm. Vestm. frá þeirri skyldu, að svara fyrirspurnum um það, hvernig Sjálfstfl. á því herrans ári 1938 ætlar að samrýma till. þær, sem fyrir liggja, þeim ummælum, sem hann hafði um eyðslu núv. stjórnarflokka og ákafa eftir nýjum skatttekjum. Ég held ekki. Því að það ætti að vera áhugamál sjálfstæðismanna að gera sem fyllsta grein fyrir sinni stefnu að þessu leyti, ef þeir hafa trú á henni í framkvæmd. Þess vegna er það svo, að hv. þm. Vestm. hefir ekki í neinu svarað meginatriðum í ræðu minni, og við erum ekkert nær um það, hvernig Sjálfstæðisfl. ætlar að vega upp á móti þessum 4 millj., sem þessar till. hafa í för með sér, ýmist sem útgjöld eða tekjumissi. Hv. þm. nefndi nú reyndar tvö atriði, ef telja skal slíkt með, og var annað skipulagsnefnd atvinnumála. Ekki veit ég, hvort hv. þm. er svo ókunnugur, að hann viti ekki, að nefndin hefir þegar hætt störfum. Þetta eru svona álika bollaleggingar hjá hv. þm. eins og ef bóndi væri að bollaleggja að létta af fóðrum grip, sem búið væri að slátra. (**JJós**: Hvenær var Rauðka slegin af?) Hún var slegin af á því herrans ári 1937, þannig að þm. kemst ekki langt þessa leið til að vega á móti þessum 4 millj., sem hann þarf að jafna. Hitt var ferðaskrifstofa ríkisins. Á þessu ári mun hafa verið halli um 13 þús. kr. Hann var verulega meiri í fyrra. Og miðað við vaxandi tekjuvon ríkisins af þessari stofnun með auknu starfi, þá býst ég við, að sú stofnun þurfi innan skamms ekki að sækja neitt fé úr ríkissjóði til þess að standast sínar greiðslur. Að benda á það sem sparnaðarlið að leggja þessa stofnun niður, er því álika og ef sami bóndi tæki þann kost að létta af fóðrum gripa, sem hann væri viss um, að gæti gengið úti. Svona óheppinn hefir þessi hv. þm. verið í vali þeirra liða, sem hann hefir bent á, að mætti spara á fjárl.

Þá hefir sami hv. þm. alllangar umræður um það, að framkvæmdir fiskimálanefndar væru með þeim hætti, að þó að henni væri ætlað fé á fjárl. til styrktar sjávarútveginum, þá mundi það að litlu gagni verða. Það er nú ekki tækifæri að fara út í einstök atriði í störfum fiskimálanefndar við þessar umr. En ég fullyrði, þó að ýms mistök hafi orðið hjá þeirri nefnd, eins og hlýtur að verða hjá öllum, sem hafa með höndum alger nýmæli, þá hefir orðið mjög verulegt gagn að þeirri upphæð, sem varið hefir verið um hendur þessarar nefndar, og verður áreiðanlega til meira gagns hlutfallslega í framtíðinni við þá reynslu, sem þegar er fengin. Eða vill hv. þm. ekki gera neitt úr þýðingu nýrra hraðfrystihúsa fyrir sjávarútveginn eða að tekin hefir verið upp herzla á fiski og karfaveiðar, sem hafa haft stórfellda þýðingu fyrir sjávarútveg landsmanna. Þannig held ég, að hv. þm. hafi verið heldur en ekki óheppinn þeg-

ar hann tók sýnishorn af því, sem átti að fella niður til þess að vega á móti þessum margumtöluðu 4 millj. kr.

Það er ekki vettvangur hér til að ræða um síldarsölu landsmanna, enda skortir mig kunnugleik á þeim málum. En það veit ég í stórum dráttum, að komið hefir greinilega fram — jafnvel háværar raddir — meðal þjóða, sem voru keppinautar um síldarsöluna, að fyrirkomulag á þeim málum hér væri miklu skynsamlegra en þær hafa, sem er mjög líkt því sem hv. þm. Vestm. mundi vilja láta sér lynda — það sem var, áður en var farið að sinna þessum málum.

Í raun og veru er ekki margt fleira, sem ég þarf að svara í ræðu hv. þm. Hann sagði, að stefna okkar væri röng, síhækkandi tollar og gjöld. En þó flytur hann einlægt till. um meiri útgjöld og um að fella niður tekjur ríkissjóðs, sem óhjákvæmilega hefir í för með sér hækkun tolla. En jafnframt er hann að bendla tollahækkun við stefnu sósíalista. Er hann þá ekki *minni sósíalisti en hver annar*, því að hann er manna óragastur að fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Og á þessu þingi er hann flm. að því að útfæra enn meir en gert hefir verið áður þá einu reglulegu þjóðnýtingu, sem nú hefir verið sett á stofn nýlega, sem sé rekstur síldarbræðslu ríkisins.

Þá sagði hv. þm., að ef kjör bænda og þeirra, sem við sjávarsíðuna búa, hefðu batnað, þá væri stefna stj. áreiðanlega rétt, en ef afkomunni hefði hnignað, þá væri hún röng. Á þessu endaði hv. þm. og taldi sig víst gera málinu góð skil. En ég held, að ekki sé hægt að taka þetta mál svo einfalt. Ég held, að það verði að bæta við: ef ástæður bænda og hagur landsfólksins hefir batnað á þessu tímabili, að óbreyttum öllum öðrum aðstæðum og óbreyttu árferði, þá hefir það sýnt sig, að stefna stj. er rétt. En ef hagur landsfólksins hefir versnað á þeim tíma, að óbreyttu árferði, þá er það þungur áfellisdómur á stj. Ég held það geti meira að segja komið fyrir, að hagur einstakra manna og jafnvel þjóðarinnar í heild út á við gæti batnað, þó að stjórnarstefnan væri ekki sú heppilegasta, sem hægt væri að hafa, ef árferði væri sérlega gott. Það er vitanlega alls ekki hægt að dæma eftir þessu einu, almennum hag fólksins, hvort hann versnar eitthvað eða batnar. Hitt vil ég taka fram sem mína skoðun, að margar þær ráðstafanir, sem núverandi ríkisstj. og þingmeirihl. hefir gert undanfarin ár, hafa verkað stórlega í þá átt að draga úr þeim erfiðleikum, sem atvinnuvegunum hlaut að stafa af hinum breyttu ástæðum í öðrum löndum, þar sem við höfum selt okkar markaðsvörur. Þetta er mín skoðun. En hv. þm. hefir rétt til að hafa þá skoðun, sem honum sýnist. Hann getur bara ekki dæmt eftir þeirri reglu, sem hann setti fram áðan, því að það er ómögulegt.

***Magnús Guðmundsson:** Ég hélt, að það hefði verið samkomulag frá okkar hálfu að segja ekki neitt við þessa umr. En hv. þm. Vestm. stóðst ekki áfrýjanir og eggjanir í ræðu hv. 10. landsk., sem ég ekki álasa honum fyrir, og af því leiddi allar þessar umræður. Sé ég því ekki heldur ástæðu til að sitja hjá, og vil þá fyrst segja það um þetta frv., að ég lít á það sem samkomulag á milli stjórnarflokkanna um það, hversu eigi að koma fyrir skattamálum næsta árs. En í því sambandi vil ég gjarnan spyrja, hvort ekki sé ætlazt til, að minni hl. fái að hafa neina íhlutun um þetta mál á þessu þingi, því að ég tel það vera nokkuð hart, ef tveir flokkar, sem ekki hafa á bak við sig meiri hl. þjóðarinnar, gera svo bindandi samninga sín á milli, að ekki sé hægt að koma fram neinum breytingum af hálfu þeirra manna, sem eru fulltrúar fyrir allt að helmingi þjóðarinnar (**JBald:** Það verður séð fyrir þeim). Verður séð fyrir þeim? Stjórnarflokkarnir ætla að sjá fyrir þeim sjálfir. En mér finnst þetta allhæpin aðferð og vera í ósamræmi við reglur, sem gilda í lýðræðislöndum og þingræðislöndum. Ég er ekki að segja, að þetta sé útbúið svona nú, en ég spyr, hvort svo sé eða ekki. Ég vil benda á, að ég er hræddur um, að í þessu frv. séu atriði, sem margir sjálfstæðismenn á þingi eiga erfitt með að ganga inn á. Á ég alveg sérstaklega við það ákvæði, að láta framlög til sjávarútvegsins ganga gegnum hendur svonefndrar fiskimálanefndar. Ég get ekki séð, að það eigi að vera nokkurt kappsmál fyrir stjórnarflokkana, að fé verði endilega veitt þessa leið. *Og mér skilst, að ef sá atvinnuvegur, sem í hlut á, óskar að hafa aðra aðferð, þá sé það útlátalítið, ef ekki er haft fyrir augum annað en velferð þess atvinnuvegar.* Það ætti að vera nokkurnveginn gefinn hlutur, að sá atvinnuvegur, sem hér á hlut að máli, vill ekki gera annað en það, sem hann sjálfur telur vera *bezt fyrir sig, og ég er þess vegna ekki alveg* viss um, að rétt sé af stjfl. að setja sig á þann háa hest, að vilja vera yfirráðamaður þessa atvinnuvegar. Enda hefir nú verið bent á það af hv. þm. Vestm., að þessi ráðsmennska hefir ekki farizt þannig, að ástæða sé til þess að vera ánægður með hana í öllum greinum.

Hv. 10. landsk. sagði, að beinu skattarnir væru nú orðnir svo háir, að ómögulegt væri að hækka þá meir. Það er gott að fá þessa játningu nú, því að verið getur þá, að jafnaðarmenn fari ofurlítið að stinga við fæti með skattahækkanir. Og sjálfsagt er það rétt, sem hv. þm. sagði, að hann flytji ekki með glöðu geði frv. um stórkostlegar tollahækkanir á nauðsynjavörum almennings, og verður honum það vonandi til viðvörunar í framtíðinni.

Annars er það um hækkunina á tekjuskattinum að segja, að mér sýnist hækkunin á skalanum í 2. gr. frv. vera gífurlega mikil. Hefi ég gert þarna samanburð við gildandi l. frá 1935, og er hækkunin stórkostlega mikil. Við þetta á svo að bætast 10% álag samkv. 5. gr. frv., og skal mig því ekki undra, að þeir séu farnir að finna það, stjfl., að þeir séu nú komnir eins langt og hægt er í þessum efnum. Enda er það augsýnilegt, að með þessum skatti, að viðbættu útsvarinu, er beint tap á því fyrir menn að hafa tekjur fyrir ofan visst mark.

Þá eru það þessar eilífu umr. um hækkunartill. sjálfstæðismanna. Það er eins og stjfl. gangi

út frá því, að sjálfstæðismenn hér á þingi hafi ekki nokkra heimild til þess að koma með neina hækkunartill., því að þá er talað um, hversu óforsvaranlegt það sé að sjá ekki fyrir neinum tekjum á móti. Þetta klingir í hvert einasta skipti. En nú skulum við athuga, hvað ráðh. sjálfur hefir gert. Hann leggur fram í þingbyrjun fjárlfrv. fyrir árið 1938 með 900 þús. kr. greiðsluhalla, án þess að benda á nokkra leið til þess að greiða hann með. Og það er fyrst nú, eftir 5—6 vikur, sem hann gerir það. Ef nú sjálfstæðismenn hefðu borið þetta fram í byrjun þings án þess — eins og ráðh. — að koma með nokkrar till. um auknar tekjur, þá er ég hræddur um, að heyrzt hefði þessi sami sónn, að þetta væri óforsvaranlegt og bæri vott um gífurlegt ábyrgðarleysi í fjármálum. Þetta er alveg óþolandi yfirgangur, og sýnir það, að stjfl. telja sig eina eiga að ráða um fjármál ríkisins.

Nú vil ég benda á það, að ég fæ ekki betur séð, en að í þessari till. sé að ýmsu leyti farið eftir till. sjálfstæðismanna í þessum málum, t. d. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski. Sjálfstæðismenn hafa borið það fram mörg undanfarin ár, og nú taka stjfl. það upp. Eitthvað á líka að fara til hraðfrystihúsa, á svipaðan hátt og sjálfstæðismenn hafa stungið upp á. En þarna á bara að fara þá krókaleið, sem sjálfstæðismönnum er afarilla við, sem sé að láta þetta fara gegnum fiskimálanefnd. Við sjálfstæðismenn höfum einmitt séð það í mörg ár, að ósanngjarnt var að heimta af sjávarútveginum — eins og hann er staddur — þetta útflutningsgjald, og það hefði verið hægt, alveg eins nú, að afnema það fyrr og hækka einhverja innflutningstolla í staðinn.

Svo er nú enn eitt við þetta frv. Ég veit að vísu ekki, hvað mikið fellur til sjávarútvegsins af þessu innflutningsgjaldi, sem frv. gerir ráð fyrir, en ég er sannfærður um það, að *ákaflega mikið af þeirri upphæð, sem sjávarútvegurinn* losnar við með brottfellingu útflutningsgjaldsins af saltfiski, verður hann að borga aftur í sköttum. Þess vegna sé ég í hendi mér, að með þessari löggjöf er í raun og veru tekið með annari hendinni það, sem gefið er með hinni.

Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði, að hann væri eftir hina löngu ræðu hv. þm. Vestm. óviss um, hvort hann fylgdi frv. eða ekki. Má vel vera, að hann hafi ekkert um þetta sagt, og ætla ég ekki að fara að svara fyrir hann. En ég segi fyrir mína hönd, að ég sé í hendi mér, að ríkissjóður þarf að fá á þessu þingi mikinn tekjuauka, en ég krefst þess jafnframt, að Sjálfstfl. fái að hafa hönd í bagga um það, hvernig skattarnir eru á lagðir. Ef stjfl. vilja ekki í neinu sinna þeirri kröfu, þá er náttúrlega óvandari eftirleikurinn hjá Sjálfstfl. Þá getur hann gert málinu það, sem hann vill. Það er heilbrigt fyrirkomulag, enda þótt stjfl. geti keyrt fram mál, þá leiti þeir samt samvinnu við minni hl., ekki sízt þegar sá minni hl. er meiri hl. meðal þjóðarinnar. — En um leið og ég lýsi því yfir, að ég sé, að ríkið þarf á miklum tekjuauka að halda á þessu ári, þá vil ég taka það fram, að það, hversu mikil sú þörf er, á mjög rót sína að rekja til þess, hvernig á fjármálunum hefir verið haldið undanfarin ár. En því verður ekki breytt, og það verður að taka hlutina eins og þeir eru.

Það var svo að heyra á hæstv. fjmrh., að þörfin fyrir auknar tekjur kæmi mest af því, hversu mjög hefðu brugðizt tekjustofnar ríkisins, sérstaklega verðtollur og vörutollur. Hann tekur til samanburðar um það árið 1925. Mér finnst nú vera nokkuð langt seilzt að taka það ár til samanburðar. (**Fjmrh**: Ég gerði það að gefnu tilefni). Nei, það er ekki að gefnu tilefni, því að við framlagningu fjárl. var hann einnig að bera saman við árið 1925. Síðan 1925 hefir ríkissjóði sannarlega ekki bætzt við neitt smáræði af tekjum. Ef hæstv. ráðh. þess vegna vill bera saman árin 1925 og 1937, þá verður hann einnig að minnast þess, hvaða tekjuauka ríkissjóður hefir fengið á þessu tímabili. Það er ekki svo lítið, sem hann t. d. hefir fengið af sölu og innflutningi vína, eða þá af „klauflaxinum", sem samþ. var í hittiðfyrra.

Annars er eitt atriði, sem gerir menn hugsandi um þessi mál, sem sé, að hér virðist allt vera á leiðinni niður á við. Gjaldeyrisástandið er nú verra en nokkru sinni fyrr, og ríkissjóður er verr stæður en hann nokkru sinni áður hefir verið. Þetta er alveg þveröfugt við það, sem annarsstaðar virðist vera. Fyrir nokkrum dögum var ég að lesa það í dönskum blöðum, að þar er stórkostlega verið að slaka til á innflutningshöftunum. Það er innflutningur fyrir um 700 millj. kr., sem þar er gefinn frjáls, í viðbót við það, sem áður var, og allir flokkar þar eru sammála um, að þetta muni ekki hafa nein ill áhrif fyrir ríkissjóð, heldur þvert á móti. — Ef ég lít á inn- og útflutning síðan 1930, þá get ég ekki séð, hvernig á því stendur, að ríkissjóður er svo miklu verr staddur nú, að sögn ráðh., heldur en hann áður hefir verið. *Á yfirstandandi ári er innflutningurinn* í október orðinn miklu hærri en hann var árið 1936, og hlýtur hann því að gefa meiri tekjur nú. Við þetta bætist svo allur innflutningurinn í nóvember og desember, svo að ég fæ ekki skilið, að tolltekjurnar minnki svona gífurlega eins og mér virðist hæstv. ráðh. gefa í skyn. Mér skilst þar hljóti að hækka ekki svo lítið frá því í fyrra. Ég get ekki betur séð en að innflutningurinn á árinu 1937 hljóti að verða miklu meiri heldur en á nokkru öðru ári síðan 1930. Ef maður nú lítur á útflutninginn, þá er eftir skýrslum að dæma búið að flytja út fyrir 45,5 millj. kr., og ef eins mikið verður flutt út í nóvember og desember eins og síðastl. ár, þá ætti útflutningurinn að nema alls um 55 millj. kr. Ef maður svo ber þetta saman við það, sem verið hefir síðan 1930 til þessa árs, þá sér maður, að þetta er hærra en nokkurt þeirra ára. Það er *því alls ekki rétt hjá hæstv. ráðh.*, að ríkissjóður hafi þarna orðið fyrir miklum tekjumissi. Sannleikurinn er sá, að ríkissjóður hefir úr allmiklu að moða. Og hvað gjaldeyrismálin snertir, þá er það heldur ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að það komi svo ákaflega niður á ríkissjóði, að við höfum ekki getað selt saltfiskinn til Spánar, því að vitanlega skiptir það engu

máli, hvort gjaldeyririnn er fenginn fyrir saltfisk eða síld. Ég ímynda mér, að útflutningurinn nú í ár verði hér um bil 8 millj. kr. hærri heldur en 1931, og voru þá engar hömlur á saltfisksölunni. Það er því ekki hægt að segja, að í gjaldeyrislegu tilliti sé þetta ár illt; það er betra heldur en nokkurt annað ár síðan 1930. Og einmitt þetta, að hér er alltaf verið að herða á, í staðinn fyrir að annarsstaðar er slakað til, hlýtur að vekja hjá manni grunsemdir um það, að eitthvað sé bogið við framkvæmdir þessara mála hér hjá okkur. Ég er hræddur við þessa stöðugu hækkun á gjöldum ríkissjóðs, og ég er hræddur við að taka alltaf meira og meira af gjaldþegnum ríkisins í þarfir þess opinbera. Það verður að stöðva á þessari leið, en ég er líka hræddur um, að það verði ekki gert af núv. stjfl.

Í blaði hæstv. fjmrh. er í dag gerður samanburður á sköttum hér og annarsstaðar, og er því haldið fram, að skattarnir hér séu lægri en víða í öðrum löndum, þegar miðað er við gjaldendafjöldann. Þetta má vel vera, án þess að ég geti nokkuð um það sagt. En heldur hæstv. ráðh., að það sé ekki dálítið villandi að koma með þennan samanburð einan. Ég er hræddur um, að það sé dálítill munur á eignum manna hér á landi og erlendis, og sérstaklega er munurinn mikill í því, að þar eru margir menn, sem geta borið alveg gífurleg gjöld, svo að segja án þess að finna til þess. Hvernig ættum við að geta farið að eins og t. d. einn Svíi gerði nú í haust, að gefa 40 millj. kr.? Ég held, að við eigum ekki einn einasta milljónera í þessu landi, en í Svíþjóð kemur einn og gefur bara 40 millj. kr. Hann á sjálfsagt annað eins eftir eða kannske miklu meira. Það er því dálítið annað að leggja þungar byrðar á svona breið bök heldur en okkur mjóu.

Hvað viðvíkur forminu á frv., þá byrja allar greinarnar með meiningarleysu. 4. og 5. gr. frv. byrja t. d. báðar þannig: „Með því að innheimta á árinu 1938“, en svo kemur engin eftirsetning. Ég vil því skjóta því til n., að hún athugi þetta og breyti á þann hátt, að hver gr. út af fyrir sig gefi einhverja meiningu. (**JBald**: 1. gr. vísar til upphafs hverrar gr.). Já, en það er ekki siður að hafa þetta svona, að slíta efnið sundur með gr., heldur skipta því með stafliðum, svo að maður sjái, að áframhald sé, en því getur maður ekki varað sig á, þegar efninu er skipt í gr., sem byrja þannig, að ekki er hægt að fá neina meiningu út úr þeim, nema með því að taka 1. gr. með. — En það eru kannske svo fastir samningar um þetta mál, að ekki megi einu sinni breyta þessu.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. fjmrh., að hann sagði, að Sjálfstfl. hér á þingi væri miklu verri í sínum till. í fjármálum heldur en kommúnistar. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. vill standa við þetta, því að ég veit ekki, hvað gefur honum rétt til að dæma svona, og ég hygg, að hann geti ekki á neinn hátt rökstutt þetta. (**EystJ**: Ég er búinn að því). Jæja, þá skal ég ekki ræða um það meira, og óska honum þá til hamingju með samstarfið við kommúnistana, að því er fjármálin snertir.

Þá er það þetta atriði, sem hæstv. fjmrh. er alltaf að stagast á, að við sjálfstæðismenn bendum ekki á neitt, sem fella megi burt úr fjárlfrv. En mér er spurn: Hvað er það, sem hann ætlar að fella burt? Ég hefi eins mikinn rétt til að spyrja og hann. Og hvað viðvíkur því, sem gerðist í fjvn. 1935, þá var alveg rétt frá því skýrt af hv. þm. Vestm. Hæstv. ráðh. veit þetta sjálfur, því að hann var það mikið riðinn við starf n. Við sjálfstæðismenn í n. höfðum ekki hugmynd um að hækka ætti gjöld fjárl., eins og raun varð á, og talar hæstv. ráðh. því hér gegn betri vitund. (**Fjmrh**: Mikil undur eru þetta). Þetta er sannleikur, sem ég veit alveg eins vel og hæstv. ráðh., enda hefir það verið viðurkennt í mín eyru af a. m. k. einum manni úr hans flokki, og viðurkenndi hann, að þessi aðferð hefði verið röng. Og þegar verið var að starfa í n. 1935, var það látið í veðri vaka af hálfu beggja stjfl., að lækka þyrfti útgjöld fjárl., en svo kom það bara á daginn, að til þess að samvinna gæti haldið áfram með þeim, þurfti að gefa þetta til. Það er einmitt þetta, sem kom svo greinilega fram í Nýja dagbl. nú um daginn, að ýmislegt, sem jafnaðarmenn hafa gert fyrir landbúnaðinn, hefir óðar þurft að borga að fullu með öðrum útgjöldum. Þetta stendur nú í blaði hæstv. ráðh.

Þá sagði hæstv. ráðh. í ræðu sinni áðan, að ástandið hefði orðið illt á árunum 1926 og 1927. (**Fjmrh**: Ég sagði það ekki. Ég sagði, að tekjur hefðu ekki hrokkið fyrir gjöldum). Já, það munaði víst um 200 þús. kr. 1926 (**Fjmrh.**: Já, og 1½ millj. 1927). Já, en á miðju því ári tóku framsóknarmenn og jafnaðarmenn við stjórninni, svo að fyrir það ár þarf Sjálfstfl. ekki að svara. — Þá sagði hæstv. ráðh. eða hv. 1. þm. Eyf.. að Íhaldsfl. hefði byrjað sína stjórn 1924 með hækkaðri skattaálagningu. Þetta er rétt, en sú skattahækkun var gerð til þess að greiða afborganir af lánum, lausaskuldir ríkisins og rétta fjárhag þess. Ég hefi ekki reiknað það út, hve mikið af þessum tekjuauka árin 1924 og 1925 fór til þess að greiða afborganir af skuldum ríkisins, og ég er sannfærður um, að tekjuaukinn fór allur í slíkar greiðslur. En tekjuauki stj., hefir hann farið til þess að afborga skuldir? Ekki hefir „klauflaxinn“ farið til þess, ekki benzinskatturinn og ekki milljónatekjurnar af áfenginu. Nei, þessir tekjuaukar hafa ekki farið til þess að bæta hag ríkissjóðs, heldur hafa þeir farið í eyðslu.

Ég hafði gaman af að heyra til hv. 1. þm. Eyf., þegar hann var að tala um Sjálfstfl. og Íhaldsfl. og var að reyna að rökstyðja það, að Sjálfstfl. væri hættur að vera íhaldssamur, þótt hann hafi þúsund sinnum getað séð það í blöðum síns flokks, að þau telja Sjálfstfl. íhaldsflokk. (**BSt**: Hann er að verða Kommfl.). Kannske kallar hv. þm. Kommfl. íhaldsflokk. Mér sýnist hv. 1. þm. Eyf. vera á góðum vegi með að fara yfir í Kommfl. Máske hann ætli gegnum þann flokk að komast í íhaldið. Annars er gróflega gaman að fá yfirlýsingu úr þessari átt um það, hve radikal Sjálfstfl. sé orðinn, að hann sé jafnvel kominn fram úr kommúnistum, og þó eru sjálfstæðismenn kallaðir nazistar

af þessum mönnum. (**Fjmrh.**: Þeir eru bæði nazistar og kommúnistar). Ég ætla að muna þessa setningu hæstv. ráðh.; hún sýnir sanngirni hans í umr.

Ég kæri mig svo ekki um að segja meira í þetta sinn. Ég vona að fá nú þegar svar við þeirri spurningu frá stjórnarflokkunum, hvort samningar um þetta frv. eru svo fast bundnir milli flokkanna, að þýðingarlaust sé fyrir Sjálfstfl. að reyna að fá fram breytingar á því.

***Bjarni Snæbjörnsson**: Ég tek það fram eins og hv. 9. landsk. (MG), að ég ætla ekki að blanda mér inn í þær deilur, sem standa yfir í þessu máli, en þar sem liggur við, að hæstv. fjmrh. hafi farið háðulegum orðum um frv., sem ég hefi flutt ásamt öðrum hv. þdm., þá get ég ekki stillt mig um að svara hæstv. ráðh. Það, sem hæstv. ráðh. ber Sjálfstfl. á brýn, og nú sérstaklega okkur, sem höfum flutt frv. um tekjur handa bæjar- og sveitarfélögum, er, hvað við séum ógætnir í fjármálum. Ég vil nú beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort hann telji, að stjórn sjálfstæðismanna bæði á fjármálum ríkisins, meðan þeir höfðu þar völd, og eins í þeim bæjar- og sveitarfélögum, þar sem þeir hafa meiri hl., geri þessa ályktun hans réttmæta, og hvort honum virðist, að sjálfstæðismenn standi sig þar verr heldur en sósíalistar í þeim bæjarfélögum, þar sem þeir hafa ráðin. Ég veit ekki betur en að þau tvö bæjarfélög á landinu, þar sem sósíalistar ráða lögum og lofum, séu verst stæðu bæjarfélögin á öllu landinu. Ég skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. fer að líta svo á, að sjálfstæðismenn á Alþingi hljóti að hafa öfuga stefnu í fjármálum við það, sem annarsstaðar er, þar sem þeir leggja hönd á plóginn, nefnilega í bæjar- og sveitarfélögunum. Ástæðan fyrir því, að við komum með þetta frv. um tekjuöflun fyrir bæjar- og sveitarfélög, er eingöngu sú, að hið opinbera er þegar búið að þrautpína borgarana svo með beinum sköttum, að engin leið er lengur fyrir bæjar- og sveitarfélögin að fá þær tekjur, sem þau þarfnast. Ríkissjóður hefir gengið lengra og lengra í þessa átt og stöðugt vegið í hinn sama knérunn, svo að nú eru ekki lengur að verða til neinir efnamenn til að standa undir útgjöldum bæjar- og sveitarfélaganna. En svo, ef minnzt er á að spara þessi útgjöld eða útgjöld ríkissjóðsins, þá er alltaf sama viðkvæðið: Já, hvar á að spara? Það er bezt, að sjálfstæðismenn segi til um það, hvar á að spara. Sparnaðartill. eiga að koma frá sjálfstæðismönnum, en ekki til þess að farið verði eftir þeim; nei, heldur til þess að hægt sé að núa því þeim um nasir á eftir, að þarna hafi þeir viljað spara, svo að hægt sé að skrifa um það í blöðum og hrópa það á fundum, að sjálfstæðismenn séu á móti þessum eða öðrum fjárveitingum. Þetta eru nú vinnubrögðin gagnvart Sjálfstfl. Það er því ekki að furða, þótt Sjálfstfl. sé orðinn tortrygginn og vilji ekki bera fram sparnaðartill., nema hann eigi víst, að þær nái fram að ganga. Væri um slíka vissu að ræða, mundi Sjálfstfl. benda á leiðir til sparnaðar; þá mundi flokkurinn sýna fram á, hvernig hægt væri að láta tekjur og gjöld ríkissjóðs standast, sem er stefna Sjálfstfl. En þegar eingöngu er spurt um sparnaðartill. Sjálfstfl. til þess að klína ósóma á flokkinn, en ekki til þess að fara eftir þeim, þá er ekki að undra, þótt flokkurinn verði tortrygginn og vilji ekki láta uppi sínar sparnaðartill.

Það hefir mátt undanfarið skilja það á form. Framsfl. í blaði flokksins, að nú væri kominn tími til að spara og að hann viðurkenndi stefnu Sjálfstfl. í þá átt. Þetta hefir verið kallað á máli annars stjórnarflokksins, Alþfl., „bros til hægri", og sýnir þetta glöggt, að jafnaðarmenn álíta, að stefna Sjálfstfl. sé gætileg fjármálastjórn. En þetta hægribros mun ekki hafa verið í alvöru; það lítur út fyrir að vera byggt á óheilindum, í þeim tilgangi að fá sósana til að vera taumliðugri. Ég skal ekki fullyrða þetta, en svona lítur það út, því engin merki sjást til þess á þessu þingi, að breyta eigi stefnu stjórnarflokkanna í sparnaðarátt. Hitt er það, ef Sjálfstfl. fengi að ráða, þá yrði ýmislegt gert til sparnaðar, eins og t. d. það, sem hv. þm. Vestm. minntist á, fiskimálanefndin. Er nokkurt minnsta vit í því að hafa tvær skrifstofur hér í Reykjavík, sem hafa nákvæmlega sama hlutverk og önnur gæti sem bezt annazt, þar sem er skrifstofa fiskimálanefndar og skrifstofa Sölusamlags ísl. fiskframleiðenda? Hvaða vit er í þessu, þegar það er vitað, að önnur stofnunin, fiskimálanefndin, hefir ekkert vit á því, sem hún er að vinna, og gerir ekki annað en illt eitt? Það liggur í augum uppi, að það væri ekki lítill sparnaður að fela sölusamlaginu allt starfið. Og svo allar þessar landssmiðjur, ríkisútgerðir og einkasölur. Þótt þær gefi ríkissjóði tekjur á pappírnum, þá er öldungis víst, að þessi starfsemi mundi gefa ríkissjóði miklu meiri tekjur, ef henni væri á annan hátt fyrir komið. Eða þetta frv., sem hér er til umr. Eins og það liggur fyrir, er mjög vafasamt, að það, sem sjávarútveginum er hér gefið með annari hendinni, sé ekki tekið með hinni, eins og hv. 9. landsk. sýndi fram á. Það á að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum, en svo er það fjöldi vara, sem til útgerðar eru notaðar, sem á að leggja á nýja tolla, það er akkeri, akkerisfestar, björgunartæki, blýsökkur, fiskábreiður, fiskinet, fiskilínur, fiskpressur og margt og margt fleira. Ekkert af þessum tollum var áður til. Þeir eru allir nýir. Og ég er ekki í neinum vafa um, að þótt sagt sé, að útflutningsgjaldið eigi að fella niður til hjálpar sjávarútveginum, þá verður ekki minni skattur á hann lagður með þessum nýju tollum, — þennan atvinnuveg, sem er svo illa staddur, eins og jafnaðarmönnum ætti bezt að vera kunnugt með hliðsjón af bæjarútgerðinni í Hafnarfirði.

Þá var það hv. 1. þm. Eyf., sem virtist mjög gramur við sjálfstæðismenn fyrir það, að þeir væru alltaf og alstaðar að gera kröfur, bæði á Alþingi, á þingmálafundum og víðar, að þeir væru í því efni orðnir verri en kommúnistar. Það er sannarlega engin furða, þótt Sjálfstfl. geri kröfur, þar sem það virðist vera orðin gildandi regla hér á landi, sem felst í danska málshættinum „Frækhed belönnes". Ef menn eru

nógu kröfuharðir, þá hafa þeir sitt fram. Svo hefir það verið í stjórnarflokkunum. Ef flokksmennirnir eru nógu harðir, þá er látið undan. Það er því engin furða, þótt Sjálfstfl. gangi á lagið og fari eins að, heldur er það bæði skiljanlegt og eðlilegt. Stjórnarflokkarnir hafa gengið á undan með að láta undan hinum frekustu kröfum, þeir eru hræddir um fylgi sitt. Kjósendurnir eru það eina, sem þeir eru hræddir við, og þess vegna er þeim svo meinilla við, að Sjálfstfl. beri hag kjósenda fyrir brjósti. Þetta ætti hv. 1. þm. Eyf. bezt að vita. Hann hefir aftur á móti sennilega orðið þess var, að þegar Sjálfstfl. hafði meiri hluta á Alþingi, þá var hann hæfilega íheldinn sparnaðarflokkur, en nú, þegar hann er algerlega hundsaður, þá er ekki að furða, þótt hann vilji ekki mótstöðulaust ganga inn á nýja skatta handa stjórnarflokkunum. Þetta ætti hv. 1. þm. Eyf. að skilja, ef hann vill vera sanngjarn.

Þá var þessi hv. þm. að tala um það, að þessar 400 þús. kr. til bæjar- og sveitarfélaga mundu verða til þess að lækka útsvörin verulega. Ég býst ekki við því. Það mesta er, ef þessar tekjur kæmu á móti einhverju af þeim tekjum bæjar- og sveitarfélaga, sem ekki fást inn, vegna þess að lagt er á fyrirtæki, sem ekki geta borgað. En að bæjar- og sveitarfélögin sjálf fái þarna raunverulegar tekjur, hefi ég ekki trú á. Annars þykir mér það einkennilegt, að Alþingi skuli ekki vilja hugsa sæmilega fyrir tekjustofnum handa bæjar- og sveitarfélögum, heldur láta þau stöðugt vera á bónbjörgum til Alþingis. Sú leið, sem hér er farin, er ekkert annað en „homopatia“, gagnslaus fyrir framtíðina og einnig gagnslaus í svipinn.

Það hefir ýmislegt fleira spunnizt inn í umr. Það var talað um, að Sjálfstfl. hefði hækkað tollana 1924 ekki um 10%, heldur 25%. En það ætti að vera hverjum manni skiljanlegt, að það var auðvelt þá, í því árferði sem þá var. Allir vita, að nú er öðru máli að gegna; nú eru tollarnir þegar svo háir, að það er hreint einsdæmi. Það er þessi sífellda tolla- og skattahækkun, sem hefir komið bæjar- og sveitarfélögunum í það ástand, sem þau eru komin í. Bæjarbúar geta ekki keypt hinar hátolluðu vörur, nema kaupið hækki meir en það, sem atvinnufyrirtækin geta borgað. Allt eru þetta afleiðingar þeirrar skattaeða fjármálastefnu, sem aldrei hugsar um að spara. Ég er ekki í vafa um það, ef heilindi væru í sparnaðartali Framsfl., þá mætti finna marga liði á fjárl., þar sem hægt væri að spara, þótt ég ekki bendi á þá hér. Það er dálítið einkennilegt, þegar hæstv. fjmrh. er að krefjast sparnaðartill. frá okkur sjálfstæðismönnum en sjálfur leggur hann fram fjárlfrv. með 900 þús. kr. tekjuhalla. Hann segist muni gera fjvn. grein fyrir þeim leiðum, sem hann telji færar til að jafna þennan halla. Það er ekki vandi að koma með slíkar till., þegar vitað er, að þær ná fram að ganga. Eins mundi ég koma með margar sparnaðartill., ef ég hefði von um, að þær næðu fram að ganga á Alþingi. — Að lokum vil ég minnast á það, að mér finnst sami gamli tónninn í garð Sjálfstfl. hjá hv. stjórnarflokkum. Þeir bera þeim ýmislegt ófagurt á brýn, en álíta sjálfa sig flekklausa í alla staði. Það er því ekki nema eðlilegt, þótt á það sé minnzt, eins og hv. 9. landsk. (MG) gerði, þegar þessir hv. flokkar fóru á bak við fjvn. og hækkuðu útgjöld fjárl. á þinginu 1935 um 2 millj. kr. Það er sami „tendensinn“ og verið hefir, að álíta sjálfa sig ágæta í alla staði, en telja hina mæla allt af óheilindum og ósannsögli.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það má í raun og veru segja, að það sé að berjast við skýjaborgir að eiga orðastað við hv. stjórnarandstæðinga, því að það er ómögulegt að fá það skýrt út, hvað flokkurinn ætlast fyrir. Ég mun ekki að þessu sinni tala langt mál, þar sem umr. eru nú þegar farnar að verða nokkuð langar, en þó kemst ég ekki hjá að víkja nokkrum orðum að hv. 9. landsk. (MG).

Hv. 9. landsk. spurði, hvort það væri meiningin, að stjórnarandstæðingar ættu engu að fá um það að ráða, hvernig tekna væri aflað handa ríkissjóði. Það vita nú allir, að þegar tveir flokkar standa að stjórn, þá gera þeir samning um aðalatriði hinna stærstu mála, og þykir engum það undarlegt. Hinsvegar er það, ef fram koma till. frá stjórnarandstæðingum, sem stjórnarflokkarnir telja til bóta, þá taka þeir þær sjálfsagt til greina. Ég vil því fyrirfram frábiðja mér allar getsakir í þá átt, að við viljum ekki fallast á góðar till., ef þær skyldu koma frá Sjálfstfl. Hitt er ekki óeðlilegt, þótt stjórnarandstæðingum þyki sínar till. betri en okkar till., en það, að við ekki föllumst á þær, kemur auðvitað af því, að við teljum okkar till. betri en þeirra.

Þá er það misskilningur hjá hv. 9. landsk., að í skattstiga frv. felist nokkur hækkun, frá því, sem er í gildandi l. Hv. þm. hefir flaskað á því að bera frv. saman við skattstigann í l. frá 1935, og fundið hækkun í frv. samanborið við þann skattstiga, en samanborið við núgildandi l. er ekki um neina hækkun að ræða.

Þá segja þeir, hv. 9. landsk. og hv. þm. Hafnf., að við höldum því fram, að þeir hafi ekki rétt til að koma með till. Það er ekki þetta, sem við finnum að, að þeir beri fram till., heldur hitt, að þeir skorast undan að gera grein fyrir því, hvernig eigi að standast útgjöldin. En þetta er aðalatriðið. Þegar farið er fram á aukin útgjöld, eins og þeir gera, þá verður að vita, hvaða útgjöld eiga að fara út úr fjárlfrv. í staðinn. (MG: Þannig fer hæstv. fjmrh. ekki að). Nú eru þó komnar ákveðnar till. um, hvað þeir flokkar, sem standa að stj., ætlast fyrir í þessu efni. Það hafa verið bornar fram ákveðnar till. um það, hvernig vega eigi móti auknum útgjöldum, sem nauðsynleg reynast. Það er því ekki óeðlilegt, þótt þeir séu spurðir, hvað þeir ætlist fyrir. Ég ætlast ekki til, að hv. stjórnarandstæðingar svari þessu í dag, en þeir verða að gera það bráðlega.

Ef alltaf er haldið fram, að auka beri útgjöldin, þá kemur það þeirri hugsun inn hjá fylgjendum Sjálfstfl., að það sé hægt í það óendanlega. Það þýðir ekkert að núa mér því um nasir, að ég hafi ekki skilið skattatill. á sama degi og fjárlfrv. var lagt fram, því að

þær till. eru nú komnar fram. En frá sjálfstæðismönnum hafa ekki komið fram neinar heildartill. um þetta. Það mætti vel láta allar ásakanir falla niður í bili, ef sjálfstæðismenn væru nú að undirbúa slíkar till., en það er ekki vitað. (MG: Hví er hæstv. ráðh. þá sjálfur að byrja á þessum ásökunum?). Af því að sjálfstæðismenn hafa gefið tilefni til þess.

Hv. 9. landsk. sagði, að mikið af þeirri upphæð, sem sjávarútveginum væri rétt, væri tekið af honum aftur. Það er að vísu rétt, að í frv. er gert ráð fyrir nokkuð auknum tollum á sjávarútveginn, en á því leikur þó enginn vafi, að það eru mörg hundruð þús. kr., sem sjávarútvegurinn fær meira en af honum er tekið. Og það er auðvitað galli, að tolla skuli þurfa að leggja á nauðsynjar, en ég held, að allir séu sammála um, að hjá því verður ekki komizt. Ég get bent á það, að hjá okkur eru skattar og tollar á mann lægri en hjá nágrannalöndunum, og er það merkilegt, þar sem við erum aðeins 116 þús. hræður í svona stóru landi, sem hlýtur að leiða af sér, að allur kostnaður kemur þyngra niður á okkur en öðrum, t. d. vegakostnaður. Við losnum að vísu við herbúnaðarútgjöld, en aftur höfum við strandgæzluna, sem ekki mun verða miklu ódýrari á mann en herkostnaðurinn hjá öðrum þjóðum. Það er rétt hjá hv. þm., að þar eru hærri tekjur og eignir hjá mörgum mönnum en hér, en þó munar þetta ekki miklu, þegar meðaltal er tekið. Meðaltekjur á mann voru hér 710 kr. 1937, en í Noregi voru meðaltekjur 738 kr. 1936. Skattar voru þá í Noregi 128 kr. á mann að meðaltali, og hér ca. 128 kr. Í Danmörku voru meðaltekjur um þetta leyti 835 kr., en í Svíþjóð 951 kr. Svo að meðaltekjur manna í þeim löndum eru yfirleitt mun hærri en hér. En tekjur almennings hér á landi eru áreiðanlega ekki miklu lægri en í þessum löndum, sem sést á því, að þar er miklu meira af stóreignamönnum en hér. Þessar tölur eru auðvitað ekki fullnægjandi, en þær eru þó enganveginn villandi, og víst er þetta merkilegt atriði.

Þá sagðist hv. þm. ekki skilja þetta tal um, að gömlu tekjustofnarnir hafi brugðizt. Hafa þó oft verið lagðar hér fram tölur um það, hvernig verðtollur og vörutollur hefir lækkað síðan 1934, en tollar og skattar hafa aftur hækkað lítilsháttar. Það er rétt, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að skattar og tollar fari nokkuð fram úr því, sem var 1934—36. En ef ekki hefði orðið þessi óvænta þróun í utanríkisverzluninni, þá hefðu gömlu skattarnir og tollarnir getað nægt.

Ég hefi gert grein fyrir innflutningnum, eins og hann var 1936. Kemur þar í ljós, að þó að heildarinnflutningur það ár hafi verið hærri en áður, hefir þó minnkað innflutningur á nauðsynlegri vöru, en aftur hefir innflutningur nauðsynjavara hækkað. Tollatekjur hafa þó ekki hækkað að sama skapi, eins og eðlilegt er. Tolltekjur aukast nú minna en innflutningurinn. Og þó að innflutningurinn verði meiri 1937 en 1936, getur það aldrei numið því, að hægt sé að hverfa frá því að hækka tollana 1938.

Hv. þm. sagðist ekki skilja, hvers vegna gjaldeyrisástæður væri nú verri en áður. Ég get t. d. bent honum á það í því sambandi, að í landinu liggja nú óseldar vörur fyrir 5—6 millj. Hv. þm. sagði, að árið 1937 væri bezta verzlunarár, sem komið hefði síðan 1930, því að útflutningurinn væri nú meiri en áður. En þetta er villandi, því að verðlag er nú lægra en nokkru sinni síðan 1930. Ef allar fyrirliggjandi vörur seldust nú þegar, yrði að vísu greiðslujöfnuður, en afgangur yrði samt ekki mikill. Menn mega því ekki blína á útflutningsmagnið eitt.

Hv. þm. sagði það rangt hjá mér, að sjálfstæðismenn hafi vitað um útgjöld þau, sem fyrirhuguð voru 1935. Það er nú satt að segja einkennilegt, ef hann vill halda því fram, að Sjálfstfl. hafi verið ókunnugt um tryggingal. eða nýbýlal. eða l. um skuldaskilasjóð, frystihúsastyrk, styrk vegna tjóns af ofviðri o. s. frv.

Hv. þm. kvað það undarlegt, að þeim sjálfstæðismönnum væri líkt við kommúnista. En ég sé ekki mikinn mun á till. þeirra. Báðir leggja áherzlu á að krefjast nógu mikils til þess að gera sig góða í augum kjósenda, en hvorugir gera sér far um að sýna fram á möguleikana til framkvæmda á þessum kröfum. Hv. þm. fannst undarlegt, að ég skyldi líkja þeim sjálfstæðismönnum við kommúnista, en ég hafði einnig líkt þeim við nazista, og ég stend við það. Aðaleinkenni nazista hefir verið það sama og kommúnista, að gera kröfur til þeirra, sem hafa farið með völdin, og telja allt, sem miður fer, aðeins fúlmennsku þeirra að kenna. Ég segi ekki með þessu, að sjálfstæðismenn séu kommúnistar eða nazistar, en till. þeirra eru ekki gætilegri.

Hv. þm. Hafnf. gerði þá fyrirspurn til mín, hvort mér fyndist frammistaða sjálfstæðismanna í þeim bæjum, þar sem þeir hafa farið með völdin, þannig, að ástæða væri til að efast um, að þeir gætu stjórnað ríkinu sæmilega. Hann spurði líka, hvort fjármálastjórn sjálfstæðismanna í bæjunum væri verri en jafnaðarmanna. Ég skal lofa þeim að deila um það, hvorir hafi stjórnað bæjunum betur. En árangurinn af bæjarmálastjórn sjálfstæðismanna gefur ekki góðar vonir um ríkisstjórn þeirra. Það hefir mikið verið gert úr því, að Framsókn hafi hækkað útgjöld ríkissjóðs. Ég hefi gert grein fyrir því, að síðan 1926 hafa þessi útgjöld hækkað um 58%, en á sama tíma hafa útgjöld Reykjavíkurbæjar hækkað um 108%. Hér hefir mikið verið talað um, að ríkissjóður sé mjög skuldugur í bönkum og sé það til marks um hrörnandi fjárhag hans. Það er rétt, að ríkið skuldar nokkuð í bönkum, en þó hafa heildarskuldir ríkissjóðs ekki hækkað undanfarin 3 ár. Reykjavíkurbær skuldar t. d. sízt minna hlutfallslega af lausaskuldum. Fyrst hv. þm. Hafnf. byrjaði að tala um þetta, get ég upplýst það, að Reykjavík skuldar tiltölulega miklu meira en ríkið, enda þótt hún sé það bæjarfélag landsins, sem hefir bezta aðstöðu að öllu leyti. Ég er ekki kunnugur í Vestmannaeyjum eða öðrum bæjum, þar sem sjálfstæðismenn fara með stjórn. En um Reykjavík veit ég, að hún er tiltölulega miklu skuldugri en ríkið og að þær skuldir hafa aukizt síðustu 3 árin.

Þessu er venjulega svarað svo, að ríkið hafi neytt Reykjavík til að hækka útgjöldin, en þetta

er ekki rétt. Að vísu hafa nokkuð verið hækkuð lögboðin útgjöld bæjarfélaganna, en það er bara lítið brot af auknum útgjöldum Reykjavíkurbæjar, sem þannig er til komið, og ríkið hefir auk þess lagt fram atvinnubótafé, sem létt hefir af miklu af þeirri fátækraframfærslu, sem áður hvíldi á bæjarfélögunum.

Hv. þm. Hafnf. sagði það ekki von, að sjálfstæðismenn vildu vera að bera fram till. um lækkun útgjalda, því að það væri svo óvinsælt, og við myndum þá nota tækifærið til að núa þeim um nasir, að þeir vildu lækka öll útgjöld. Þeir hafa nú ekki alltaf talið það óvinsælt að lækka bitlinga, sem þeir kalla og slíkt. Eru þeir nú orðnir hræddir um, að þeim yrði núið um nasir, að þeir vildu lækka bitlingana? Nei, í þessu felst viðurkenning á því, að hér sé ekki verið að deila um bitlinga, heldur hitt, hvort færa eigi niður gjöld, sem eru í sjálfu sér vinsæl, eða hvort heldur eigi að hækka tolla og skatta til að halda þeim uppi. Er þá ekki bezt að hætta að halda því fram, að hér sé aðeins um bein og bitlinga að ræða?

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í þessar umr. að sinni, en mun ef til vill svara stuttlega, ef ástæða gefst til.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Ed., 22. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

*__Jón Baldvinsson:__ Ég hefi hugsað mér að svara nokkru af því, er andstæðingar frv. hafa fært fram, og byrja á hv. þm. Hafnf.

Hv. þm. Hafnf. átti ekki nógu sterk orð til að lýsa því, hversu slæmt fjárhagsástandið væri í bæjum þeim, sem sósíalistar ráða í. Ég hygg, að fjárhagsástand þeirra bæjarfélaga þoli fyllilega samanburð við bæjarfélögin, þar sem sjálfstæðismenn eru í meiri hluta. Það er enginn mælikvarði á fjárhagsástand bæjar, þó að fé vanti í bili. Bæjarfélagið getur átt miklar eignir, þó að erfiðir tímar geri það að verkum, að bæina skorti fé til atvinnurekstrar. Svo mun það vera um Hafnarfjörð, en hv. þm. Hafnf. er sérstaklega annt um að bera það bæjarfélag út. — Eins og allir vita, er Hafnarfjörður verkamannabær, er hefir vaxið upp í nálægð Reykjavíkur. aðallega sem útgerðarbær, og hefir fáa stóra gjaldendur, en mikið af verkafólki. Nú er það alkunnugt, að atvinnurekstur sá, sem bærinn byggir afkomu sína á, sjávarútvegurinn, hefir brugðizt undanfarin ár. En það tekur hv. þm. ekki með í reikninginn; hann er svo fullur af úlfúð í garð bæjarfélagsins, að hann lítur ekki á það, að aðalatvinnuvegur bæjarins hefir brugðizt tvö undanfarin ár. En mér skilst, að hv. þm. geti ekki með nokkurri sanngirni litið svo á, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar eða ríkisstjórninni geti verið um að kenna, þó að Ítalía færi í stríð við Abessiníu og Ítalir hefðu þess vegna ekki ráð á því að kaupa fisk af Íslendingum eins og áður. Varla er það meiri hl. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem setti Franco af stað á Spáni, en sú styrjöld, er þar hefir geisað, hefir orðið þess valdandi, að þau bæjarfélög hér á landi, sem eiga allt sitt undir fiskveiðum og fiskverkun, eru í standandi vandræðum, og mörg þeirra alveg bjargarlaus. Og þetta ástand er ekki skapað af neinum sérstökum bæjarstjórnum, heldur af því að þessi bæjarfélög hafa reitt sig um of á einn atvinnuveg. Ástæðan fyrir því, að fjárhagur Vestmannaeyjakaupstaðar er svo slæmur sem raun er á, er sú sama og ég hefi lýst hér viðvíkjandi Hafnarfirði. — Hv. þm. sagði, að ríkissjóður væri búinn að níðast svo á bæjarfélögunum, að þau gætu ekki lengur náð inn tekjum sínum. Ég veit ekki, hvað hv. þm. meinar með þessu. Mér skilst, að það komi af þessum sömu utanaðkomandi ástæðum, að bæjarfélögunum veitist erfiðara að ná inn tekjum sínum, fólkið á erfiðara með að borga gjöld sín, og margt af því getur það beinlínis ekki. Og það er ekki hægt að taka Reykjavík til samanburðar um þessi efni. Í Reykjavík eru flestir stórefnamenn landsins saman komnir, og svo að segja öll þau embættismannalaun, er ríkið greiðir, eru borguð þar, þeim er velt þar, má segja. Það gefur að skilja, hver hagnaður þetta er fyrir bæjarfélagið. Þó er það svo, eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti, að Reykjavíkurbær hefir orðið að safna miklum skuldum. Hæstv. fjmrh. upplýsti, að Reykjavíkurbær hefði nú sem stæði mjög mikið af lausaskuldum, þessum skuldum hlýtur bærinn að koma á fastan grundvöll á næstunni, annaðhvort með föstum lánum, eða þá að hann leggur á nýjar álögur til þess að hægt verði að borga þær upp.

Annars var hv. þm. Hafnf. opinskáastur þeirra sjálfstæðismanna, er hann lýsti því yfir, að hann og hans flokksmenn vildu engar till. gera til fjáröflunar, nema tryggt væri, að þær yrðu samþykktar. Annars yrðu þær bara notaðar af andstæðingunum til þess að rífa Sjálfstfl. í sig, sagði hv. þm. Ég verð að segja, að hv. þm. Hafnf. treystir illa málstað þeirra sjálfstæðismanna, ef hann er þess fullviss, að fjáröflunartill. flokksins gæfu tilefni til slíks. Hv. þm. Hafnf. sagði það með miklum þunga, að sjálfstæðismenn mundu alls ekki gefa upp till. sínar um fjáröflun, fyrr en trygging væri fengin fyrir því, að þær yrðu samþykktar. Ætli það sanna í málinu sé ekki það, að Sjálfstfl. hafi engar till. að gera um þessi efni, og því séu þm. hans hér eins og villuráfandi sauðir á stigum stjórnmálanna. — Hv. þm. gat þess, að það hefði alltaf verið á stefnuskrá Sjálfstfl. að fara sparlega með fé landsmanna. En það upplýstist ótvírætt í umr., að þær till., sem sjálfstæðismenn hafa borið fram á þessu þingi, benda sízt í sparnaðaráttina. Væri farið eftir þeim öllum, þá skiptir það milljónum, sem útgjöld ríkissjóðs aukast og tekjur hans rýrna vegna þeirra. Útgjaldatill. Sjálfstfl. eru öllum sýnilegar. En tekjuöflunartill. þeirra ætla þeir að geyma vandlega, þar til vissa er fengin fyrir, að þær verði samþ. Þetta er eins og þegar krakkarnir eru að leika sér. Ef þú segir já, þá skal ég segja þér það, sem ég veit!

Hv. þm. talaði langt mál um þá bruðlunarsemi, að halda uppi tveimur stofnunum til hins sama, þar sem væri Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og fiskimálanefnd. Hv. þm. veit vel, að hvor þessara stofnana hefir sitt ákveðna

verkefni og er ætlað það að lögum. Það er vitað, að mistök hafa orðið á starfi Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, sem sambærileg eru við þau töp og mistök, sem orðið hafa á starfi fiskimálanefndar.

Hv. 9. landsk. (MG) spurði, hvort sjálfstæðismenn ættu þess engan kost að fá breytingar gerðar á fjáröflunarfrv. stjórnarflokkanna. Ef sjálfstæðismenn bera fram till., sem eru til bóta, þá verða þær að sjálfsögðu athugaðar. En ég fyrir mitt leyti vil engar yfirlýsingar gefa um það að vera með öllum till. þeirra. Eins og aðrir þeir sjálfstæðismenn, er talað hafa, kom hv. 9. landsk. líka með fiskimálanefnd og sagði, að Sjálfstfl. væri því mótfallinn, að fé væri veitt til fiskimálanefndar, af því að atvinnuvegur, sem hlut ætti að máli, væri á móti stofnuninni. En hvað er það, sem hv. þm. meinar með atvinnuvegi? Vill hann meina, að þeir 100—200 menn, sem reka atvinnufyrirtækin, séu „atvinnuvegurinn, sem hlut á að máli". Hv. þm. ætlast sýnilega til þess, að þær þúsundir verkamanna, sem vinna í atvinnuvegunum, hafi hlutdeild um stjórn hans. (JJós: Því hættu þúsundirnar að kjósa Alþfl. í sumar?). Ég sé ekki, að nein ástæða sé til þess fyrir sjálfstæðismenn að gorta af kosningunum í sumar. Ég vissi ekki betur en að þeir yrðu fyrir sízt minni vonbrigðum en sumir aðrir. Þeir voru búnir að gorta af því, að þeir ætluðu að taka meiri hl. á Alþingi í þessum kosningum. Og um okkur hv. 9. landsk. er það að segja, að við sluppum báðir álíka nauðulega á þing að þessu sinni, svo að bezt er fyrir okkur að sleppa öllum rosta hvað það snertir.

Hv. þm. þótti líka sitthvað athugavert við samsetningu fiskimálanefndar og þótti óþarfi, að áhrifa verkalýðsins á sjó og landi gætti þar að nokkru. (MG: Það eru engir verkamenn í fiskimálanefnd). Það eru fulltrúar verkamanna í fiskimálanefnd. Ég býst við, að hv. 9. landsk. telji sig fulltrúa bænda í Skagafirði, þó að hann sé ekki sjálfur bóndi. — Fulltrúar verkamanna eiga sæti í fiskimálanefnd, og þannig á það að vera. Í stofnun sem þessari eiga að vera fulltrúar útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna, — allar þessar stéttir eiga að geta haft áhrif á það, hvernig því fé, sem hið opinbera veitir til stofnunarinnar, er varið. — Hv. þm. hélt fram þeirri furðulegu kenningu, að það rýrði ekki tekjur ríkissjóðs, þó að fisksalan til Ítalíu og Spánar minnkaði um allan helming. Heldur hv. þm., að ríkissjóður njóti ekki góðs af því, ef fiskveiðar eru miklar, mikill fiskur verkaður í landinu og sala hans gengur greiðlega? Þetta er álíka fáránleg staðhæfing hjá hv. 9. landsk. og form. Sjálfstfl. leyfði sér að viðhafa í umræðum í hv. Nd. á dögunum, er hann staðhæfði, að óhætt væri að veita eins mikið fé og verkast vildi til atvinnuveganna, því að það streymdi svo að segja jafnskjótt í ríkissjóðinn aftur.

Hv. þm. sagði frá því, að nýlega hefði verið slakað á innflutningshöftunum í Danmörku og hefði það haft mikil áhrif til batnaðar á verzlun landsmanna. Það hefir nú aldrei þótt neitt sérstaklega sjálfsagt, að Íslendingar færi í öllu að dæmi Dana, enda hagar svo ólíkt til í þessum löndum, ekki sízt um verzlunarhætti og verzlunaraðstöðu, að það verður ekki borið saman. Hjá okkur er það svo, að nú á þessum erfiðu tímum höfum við orðið að gerbreyta atvinnuháttum okkar, byggja upp iðnað í landinu, byggja ný tæki til að geta hagnýtt síldina, þar sem þorsveiðarnar og þorskmarkaðurinn hafa brugðizt. Ekkert af þessu á sér hliðstæður í dönsku atvinnu- og verzlunarlífi. Danir hafa á síðustu árum lagt mikið kapp á að efla fiskveiðar sínar, og nú er svo komið, að þeir geta haft bezta fiskinn á beztu fiskmörkuðum heimsins. Á 30 klukkustundum geta þeir komið nýjum og góðum fiski til Englands og sent hann með járnbrautum suður um alla álfuna. Landið liggur að Þýzkalandi, sem kaupir mikinn hluta af vörum þess. Og svo ber hv. þm. okkur og okkar afstöðu saman við þetta. Veit hv. þm. ekki, að Ísland liggur 1200 mílur norðaustur í hafi, og skip eru 6 daga til Danmerkur og 4—5 daga til Englands? Það er ekki nokkur leið að bera verzlun okkar og viðskipti saman við verzlun annara þjóða, sízt Dana. Af aðstöðu okkar leiðir, að seljendur hér reyna að selja í sem stærstum stíl, — það er svo langt til markaðanna. Af þessu leiðir aftur það, að gjaldeyririnn, sem við fáum fyrir útflutningsvörur okkar, verður tímabilsbundinn, kemur aðallega inn á tveimur tímabilum á árinu. Eftir því verðum við svo að haga öllum okkar verzlunarháttum.

Hv. þm. Vestm. hafði mörg orð um ábyrgðarleysi stjórnarflokkanna, einkum talaði hann um hið gífurlega ábyrgðarleysi sósíalistanna. Hann kvað útgjöld hinna síðari ára runnin undan rifjum sósíalista. Ég skal kannast við margskonar útgjöld, sem ég hefi verið með. Atvinnubótafé var t. d. hækkað upp í 500 þús. kr. 1935. Sjálfstæðismönnum hefir ekki orðið tíðrætt um, að þetta væri of mikið, enda hefir það létt drjúgum á bæjum þeim, þar sem þeir stjórna. (JJós: Við fáum bara svo lítið af því). Ég þykist vita, að Reykjavík hafi fengið drjúgan skerf, og Vestmannaeyjar víst líka. Þá vorum við með alþýðutryggingunum. Sumir sjálfstæðismenn voru á móti þeim. Það eru víst aðallega þessi tvö mál, sem þeir kalla ábyrgðarleysi að hafa verið með. Af því má ráða, að ef þeir væru við völd, þá myndu þeir afnema hvorttveggja.

Ég ætla ekki að rekja það, sem hv. þm. sagði um Rauðku. En um fiskimálan. sagði hann, að hún hefði gert hverja skyssuna á fætur annari, og væri því óverjandi að láta hana fá á aðra millj kr. til umráða. Hann bar engin rök fram fyrir þessu. Hefir hv. þm. vitað til þess, að hjá nokkurri þjóð væru gerðar tilraunir um nýjungar í atvinnuháttum, án þess að til þess væri veitt fé eða án þess að nokkur mistök hefðu átt sér stað? Þó að sjálfstæðismenn hefðu farið með völd, er það víst, að líka hefðu orðið mistök, enda er slíkt eðlilegt. En þó hefir árangurinn af þessum tilraunum orðið sá, að menn sjá, að hægt er að breyta nokkuð til um framleiðsluhætti. Ég vil t. d. benda á íshúsin eða dragnótaveiðarnar, sem nú hafa verið leyfðar og ekki er hægt að reka, nema íshús séu til. Þá hefir og verið sendur fiskur til Ameríku.

Það hefir að nokkru leyti mistekizt. En á það má benda í því sambandi, að Kveldúlfur hefir sagt frá því, að saltfiskfarmur, sem hann reyndi að selja til útlanda, hafi allur eyðilagzt. Ef nota ætti þeirra eigin orð, væri þetta ljót skyssa. En sjálfstæðismenn tala alltaf um framsýni Kveldúlfs og fórnfýsi í sambandi við þennan atburð, að hann skyldi eyðileggja heilan skipsfarm af fiski við tilraunir.

Þá talaði hv. þm. um síldarútvegsn., að hún hefði fyrst selt síldarmagn nokkurt háu verði, en síðan gefið afslátt á verðinu, og nefndi hann þar milljón. Það má vera, að n. hafi gefið nokkurn afslátt af samningsverðinu, þó að vel væri búið að ganga frá þessum samningum. En það var af því, að Norðmenn buðu þá á markaðinn síld fyrir 10—20 kr. lægra verð tunnuna. Hverjar eru nú sannanirnar fyrir því, að n. hafi gert þessar miklu skyssur, sem hv. þm. vill vera láta? Jú, hingað hefir borizt erindi frá útvegsmönnum fyrir norðan. Það er þannig til komið, að ósannindi úr Morgunblaðinu voru símuð norður og skrifuð þar á skrifpappír og síðan send hingað aftur. Ég verð að segja um þetta eins og Sveinn í Firði, að lygin verður ekki meiri sannleikur, þó að hún sé ljósmynduð.

Þá skulum við athuga lítilsháttar stofnun, þar sem hv. þm. er sjálfur í stj., sem sé S. Í. F. Áður en stríðið hófst á Spáni, höfðu þeir þar afhent fiskfarm tryggingalaust. Farmurinn nam 900 þús. kr. og stendur þar enn. Um þetta hefir hv. þm. ekki hátt. Þetta var afhent án allra pappíra fyrir því, að það yrði nokkru sinni greitt. Hætt mun vera við, að aldrei fáist grænn eyrir fyrir þessa vöru, því að menn þeir, sem keyptu, eru nú komnir sinn í hvora áttina, og er víst erfitt að hafa hendur í hári þeirra.

Þá er það, er Union fékk 150 þús. kr. úr ríkissjóði vegna líruábyrgðarinnar. Ég er ekki að ásaka Union fyrir að hafa selt fisk til Ítalíu, en kaupmennirnir á Ítalíu hafa þó auðsjáanlega verið fróðari en þeir um væntanlegt gengisfall lírunnar. Þessi sala fór fram fáum dögum áður en líran féll, og menn fengu af þessum sökum 33—35% minna fyrir fiskinn en þeir höfðu gert sér von um. Og ríkissjóði varð að blæða fyrir. Þetta eru stórum meiri skyssur en síldarútvegsn. gerði með því að lækka verðið á síld, þegar Norðmenn buðu tunnuna fyrir 10—20 kr. lægra verð. (**JJós**: Það er verst, að hv. þm. er þarna alstaðar samsekur). Hv. þm. talar svona, af því að honum er svo mjög í nöp við formann síldarútvegsn. En þeir sjálfstæðismenn eiga sjálfir mann í n., og eru þeir því með þessum dylgjum sínum að löðrunga sjálfa sig. Þó að formaðurinn sé dugandi maður, gera þeir eflaust of mikið úr völdum hans. Þeir ráða þar með honum. Það má því segja um hv. þm. Vestm. eins og segir í vísunni, að hann sé svo blindaður, að „ekki sér hann sína menn, svo hann ber þá líka".

Þá talaði hv. þm. um ábyrgðarleysi sósíalista, sem staðið hefðu fyrir flestum útgjöldum síðari ára. Ég hefi áður gert grein fyrir nokkrum málum, er við höfum komið fram, en sjálfstæðismenn verið á móti. En þeir hafa þó ekki verið á móti öllum útgjöldum. Ég var nýlega að blaða í atkvgr. um ýms mál frá 1934. Það er auðvitað ekki hægt að sanna, hvernig þm. hafa greitt atkv., nema þegar um nafnakall er að ræða, ef þeir lýsa þá ekki afstöðu sinni beinlínis í ræðu. En það nennti ég ekki að rannsaka. En ég tók af handahófi 10 fyrstu nafnaköllin við þessar atkvgr. Útkoman er þessi:

1. nafnakall: 8000 kr. útgjaldatill., þar segir hv. þm. já.
2. nafnakall: 15000 kr. útgjaldatill., hv. þm. segir já.
3. nafnakall: 100000 kr. útgjaldatill. Hv. þm. sagir já.
4. nafnakall: Það er um aths. í fjárl. og þýðir víst ekki aukin útgjöld, en hv. þm. segir já.
5. nafnakall: 30000 kr. útgjaldatill. Hv. þm. segir já.
6. nafnakall 20000 kr. útgjaldatill. Hv. þm. segir já.
7. nafnakall: 25000 kr. útgjaldatill. Hv. þm. segir já.
8. nafnakall: 10000 kr. sparnaðartill. Þar segir hv. þm. auðvitað nei.
9. nafnakall: 5000 kr. útgjaldatill. Hv. þm. segir já.
10. nafnakall: 2000 kr. útgjaldatill. Hv. þm. segir líka já.

Hér eru alls útgjöld upp á 230 þús. kr., sem hv. þm. hefir greitt atkv. með, og þó eru þetta aðeins nafnaköll. Ég ætla, að hann hafi verið með flestum útgjaldatill. þá. Svo að sparnaður hans kemur a. m. k. ekki fram í nafnaköllunum við atkvgr. um fjárl., þó að hann tali mikið um sparnað í sínum ræðum. Ég gæti bezt trúað, að ef ég færi gegnum nafnaköllin síðan 1934, þá kæmi í ljós, að hv. þm. stæði yfirleitt útgjaldamegin.

Forseti (EÁrna): Umr. hafa nú staðið nokkuð lengi, og virðist mér sem þær séu komnar út á allbreiðan grundvöll. Verð ég því að notfæra mér heimild þingskapanna og takmarka ræðutíma. Nokkuð margir eru á mælendaskrá, og mun ég því ákveða, að hver ræðumaður hafi fyrst um sinn 10 mínútna ræðutíma.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það var ekki nema von, að hæstv. forseti vildi, áður en ég tæki til máls, takmarka ræðutímann, því að ég mun vera þekktur að því hér í deildinni að hafa hann bæði langan og strangan.

Annars ætla ég ekki að taka þátt í þeirri orrahríð, sem hér hefir farið fram. En þegar um er að ræða skatta- og tollamál, verður okkur skattheimtumönnunum oft framarla fyrir að athuga aðrar hliðar þeirra en þær, hve háir skattarnir séu og tollarnir, sem sé þær, hvernig gangi innheimta þeirra fyrir ríkissjóð. Það er því ekki að kynja, þó að ég, sem hefi á höndum skattheimtu í fátæku héraði, líti svart á innheimtuna, ekki sízt þar sem atvinnuvegur þess héraðs er að falla í rústir, er sauðfé manna hrynur nú niður, en hæstv. stj. hefir hinsvegar í fjárlfrv. sínu ekki ætlað því héraði nema 3000 kr. í atvinnuskyni, það er til vegagerðar. Ég sé því ekki, hvernig það hérað á að geta borgað öll sín

gjöld. Hér í frv. er nú benzinskatturinn hækkaður um einn eyri, og er ætlazt til, að það fé sé notað til vegagerða úti um land. En þarna hjá okkur Dalamönnum er vegastofn, frá Norðurlandsbrautinni, sem nú er að kvíslast út um allt Vesturland. Ég teldi því sanngjarnt að leggja nokkurt fé til hans. Ég kom í fyrra með till. um 12 þús. kr. til þessa vegar. Hæstv. fjmrh. segir, að vegna fjárpestarinnar verði ríkið að greiða þung gjöld. Hér gæti hann nú slegið tvær flugur í einu höggi, látið leggja veg til Vesturlands og jafnframt styrkt bændur og atvinnuveg þeirra, sem er að sligast vegna fjárpestarinnar.

Þá vil ég geta þess, að mér fannst við framsögu gæta nokkurs skorts innri rósemi hjá hv. 10. landsk., þar sem hann byrjaði með því að svara fyrirfram ímynduðum aðfinnslum við málið. Ég minnist þess, að ég var hér sammála stjórnarflokkunum 1934 um að afnema gengisviðauka á kaffi- og sykurtolli. Þá hrósuðu þeir sér af því að gangast fyrir afnámi þessa gengisviðauka. Þá var alls tollur á kaffikílóið 75 aur., en á sykurkílóið 19 aurar, en lækkaði niður í 60 aura og 15 aura. Nú ef þetta nær fram að ganga, verður tollurinn alls á þessar vörur 77—80 aura og 19—20. Á þessum vörum er því tollur hærri en hann hefir nokkurntíma áður verið, en á flestum öðrum vörum er þó sá munur langtum meiri.

Hæstv. fjmrh. sagði, að við sjálfstæðismenn ættum að hætta að tala um eyðslu stj., því að við flyttum sjálfir útgjaldatill. úr hófi fram. Fyrir mitt leyti man ég ekki eftir því að hafa komið með útgjaldatill. á næstliðnum þingum. Ég hefi yfirleitt frekar greitt atkv. gegn útgjaldatill. hæstv. stj., er hún hefir viljað auka eyðsluna. En þegar svo er komið, að stjórnarandstæðingar hafa ekkert fengið til sinna hugðarmála eða sinna kjördæma, en hinir tekið mest af því, sem átti að greiða af ríkisfé, til sinna hugðarmála og kjördæma, er ekki að undra, þó að við berum fram nokkrar till. til hækkunar og framdráttar kjördæmum okkar. En þá er það kölluð frekja og ósvífni.

Hv. 10. landsk. minntist á það hér áðan og fór að telja upp, hvað mörgum eyðslumálum einn hv. þm. hefði greitt atkv. Það er ekki kynlegt, þegar hver till., sem stjórnarandstæðingar koma með um framlög til nytjamála, er felld, að þeir reyni að leita fyrir sér, hvort þeir fái ekki samþykkta eina till., sem flokkurinn er með. Hitt er ekki sannað, sem hann vildi sanna, að ef sumt af þessum málum hefði gengið fram, þá hefði verið greitt atkv. með þeim öllum. Ég segi þetta út frá mínum bæjardyrum, því að hv. þm. Vestm. er maður til þess að svara fyrir sig.

Það er rétt, sem hv. 9. landsk. sagði, að á þinginu 1935 var farið á bak við okkur sjálfstæðismenn í fjvn. Þá unnum við að því með framsóknarmönnum og jafnaðarmönnum að lækka útgjöldin, en svo vitum við ekki fyrr en við lásum það í blaði stj., að stjórnarflokkarnir hefðu komið sér saman um stórkostlega hækkun á fjárl. Þetta sama sinn gátum við með sameiginlegu átaki fært niður fjárlfrv. eða gjöld þess um meir en 1 millj., og við sjálfstæðismenn í fjvn. komum því með brtt. til lækkunar um 700 þús. kr. og lýstum því yfir, að við myndum fylgja frekari lækkun, ef stjórnarflokkarnir æsktu þess. En það var síður en svo. Engin ósk kom fram um það. En þegar stj. átti að fara framkvæma þennan sparnað, þá fór allt úr reipunum hjá henni. Okkur var lofað því í blaði — ég man ekki, hvort ráðh. sagði það hér á þinginu 1934 —, að nú yrðu fjárl. afgreidd með öðru sniði en áður, þar sem þau væru að vísu há, en það kæmi ekki til neinna umframgreiðslna. Þetta væri ný leið, sem okkur væri óhætt að treysta. Nú erum við að vefjast með fjáraukal. frá sama ári, sem þá var verið að semja fjárl. fyrir, eða frá árinu 1935, og í stað þess að við héldum, að þau væru nokkur hundruð krónur, þá reynast þau vera 2 millj. 635 þús. kr. Þarna er ekki lítið vikið frá því, sem áður var lofað.

Ég sé, að hæstv. forseta er orðið tíðlitið til mín, svo að minn tími er líklega búinn. Ég vil ekki brjóta fyrirskipanir hans og lýk því máli mínu.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ég kvaddi mér hljóðs á laugardaginn út af ýmsu, sem fram kom þá í ræðum manna. Ég hefi skrifað fátt af því hjá mér og hitt er farið að falla í gleymsku, svo að ég býst við, að mér nægi þessar 10 mínútur, sem hæstv. forseti hefir úthlutað mér.

Hv. þm. Vestm. svaraði ekki þeirri fyrirspurn, sem ég beindi til hans að gefnu tilefni, um það, hvernig hann hugsaði sér, að hægt væri að samrýma þá stefnu, sem fram kom í fundargerðinni úr Vestmannaeyjum, sem ég gat um. Hann tók það ráð að afneita þessum till., sem þar höfðu komið fram, og taldi sig ekki mikið við þær riðinn. Ég man það þó, að það var beinlínis getið um það í fundargerðinni, að margar af hækkunartill. væru frá þm. og aðrar frá Páli Þorbjörnssyni. Það sýndist því hafa verið ákaflega góð samfylking þar, enda voru allar till. samþ. með öllum greiddum atkv. Þetta man ég fyrir víst. Það kom fram skýring á því, hvernig það má ske, að slíkar till. eru samþ. fyrir atbeina þm. úr Sjálfstfl. Það kom góð skýring á því, þegar hv. þm. Hafnf. fór að tala. Hann sagði, að það væri um að gera fyrir sjálfstæðismenn að sýna frekju, og játaði hann þar með að þeir gerðu það. Hann sagði, að annars væru þeir bara hundsaðir, og fór svo að tala um kjósendurna í því sambandi, því að ef þeir sýndu ekki þessa frekju, þá var hann hræddur um, að framsóknarmenn tækju frá þeim kjósendurna. Ef ég hefi tíma til, þá mun ég ef til vill víkja ofurlítið að þessari stefnu sjálfstæðismanna, sem nú er upp tekin og greinilega játuð af hv. þm. Hafnf., en ég skal sleppa því að sinni.

Hv. þm. Vestm. var að tala um, hvort ástandið hefði batnað hin síðari ár, og vildi hann, að svarið við þeirri spurningu væri jafnframt svar við því, hvernig stj. hefði verið í landinu. Hæstv. fjmrh. skýrði þetta mál, og skal ég ekki fara langt út í það. Ég skal þegar taka það fram,

af því hv. þm. nefndi sérstaklega bændur í þessu sambandi, að þrátt fyrir það, þótt bændur eigi kannske verra með greiðslu en fyrir 10 árum og þeir skuldi meira en þá, þá verð ég að efa, að þeir séu yfirleitt fátækari. Ég býst við, að ef það mál er rannsakað gaumgæfilega, þá komi í ljós, að nýjar framkvæmdir bænda í byggingum og ræktun muni fyllilega vega upp á móti því, sem skuldir hafa aukizt. Og þótt það hafi kannske ekki orðið sambærileg framför á sviði sjávarútvegsins þessi síðustu ár, þá ímynda ég mér, að eitthvað í sömu átt hafi skeð þar. Annars vita það allir menn, að þessi þjóð hefir á síðari árum hlotið það áfall í atvinnu sinni og viðskiptum við aðrar þjóðir, að ég hugsa, að engin þjóð í heiminum hafi fengið sambærilegt áfall miðað við fólksfjölda og efnahag. Ég man það glöggt, og það muna sjálfsagt þeir, sem þá sátu á þingi, að fyrir 3 árum, þegar maður fór að sjá fram á, að markaðurinn á Spáni fyrir saltfisk gæti ef til vill alveg horfið, var litið svo á, og þingið tók að vissu leyti afleiðingunum af því, að ef markaðurinn hyrfi, þá væri þjóðarvoði fyrir hendi, sem menn yfirleitt ekki bjuggust við, að þjóðin myndi standast. Nú hefir það skeð, að markaðurinn á Spáni, aðalmarkaðslandi okkar, hefir algerlega tapazt og þjóðin hefir ekki komizt á vonarvöl þrátt fyrir það. Þetta álít ég, að sé sönnun fyrir því, að stjórnarfarið í landinu hafi ekki verið svo slæmt, þar sem þjóðin hefir þolað slíkt áfall. Ég hugsa t. d., að ef sambandsþjóð okkar, Danir, hefðu misst sinn markað fyrir landbúnaðarafurðir í Englandi, myndi ekki vera hátt risið á þeim núna.

Hv. þm. játaði, að ríkisstj., sem hér tók við völdum 1924, hefði hækkað stórlega skattana á þjóðinni og sá þingmeirihl., sem þá réð. Ég skal taka það fram, að Framsfl. var þá svo drenglyndur stjórnarandstöðuflokkur, að hann studdi stj. í því, af því að hann taldi það nauðsynlegt. Hv. þm. sagði, að tekjuaukningunni, sem kom samkv. þessum l., hafi allri verið varið til að borga skuldir. Það er rétt, að á næstu árum á eftir voru borgaðar skuldir. En það er dálítið annað, sem þarna kemur til greina. Kreppan frá 1920 var nýafstaðin, en upp úr 1924 komu góðæri, eins og allir kannast við, og tekjur ríkissjóðs árið 1924 eða 1925 — ég man ekki hvort árið það var — urðu hvorki meira né minna en 8 millj. kr. hærri heldur en áætlað hafði verið á fjárl. Þegar svo ber að, þá er sannarlega hægt að borga niður skuldir.

Það hefir verið minnzt á samvinnuna, sem var um það að lækka útgjöldin á fjárl. 1935, bæði af hv. þm. og öðrum. Það er alveg rétt, að sú samvinna átti sér stað 1935, en sjálfstæðismenn tala eins og það samkomulag hafi verið svikið. Ég kannast ekki við það. Það voru samþ. þá á þinginu fjölmargar lækkunartill. við fjárl. samkv. till. fjvn. Svo hækkuðu að vísu fjárl. samkv. sérstökum l., sem samþ. voru á þinginu, en slíkt hefir oft komið fyrir áður og síðan.

Það hefir kennt margra grasa í þessum umr. Það hefir verið talað um stefnu stjórnarflokkanna í höfuðatriðum og mjög margt annað, sem ekki er hægt að segja, að beinlínis komi þessu lagafrv. við. Ég hafði eitthvað vikið að því, að Sjálfstfl. hefði breytt um stefnu nokkurnveginn samhliða því, sem hann breytti nafni og kallaði sig Sjálfstfl. Hv. 9. landsk. (MG) talaði um, að minir flokksbræður kölluðu hann og hans flokksmenn íhaldsmenn. Ég segi fyrir mig, að ég kalla þá aldrei íhaldsflokk. Ég skal játa, að það er ekki af eintómri kurteisi. Það er meðfram af því, að ég finn ekki, að Sjálfstfl. inni skyldu sína af hendi sem íhaldsflokkur með tilliti til sparnaðar og gætni í fjármálum, en um það ber fundargerðin úr Vestmannaeyjum greinilega vott, enda er það líka játað af hv. þm. Hafnf. Ef ég kærði mig um að fara að nefna Sjálfstfl. öðru nafni en því, sem hann sjálfur hefir valið, þá myndi ég ekki kalla hann íhaldsflokk, heldur lýðskrumsflokk.

Forseti (EÁrna): Hv. þm. Vestm. hefir talað það, sem þingsköp leyfa, en hann getur fengið stutta aths.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki tillit til þess, að ég hefi talsverðu að svara. Ég vil aðeins víkja að því örfáum orðum, sem hefir verið drepið á hér undir þessum umr., þótt ég geti það ekki nægilega. Ein af undirstöðunum hjá hæstv. fjmrh. fyrir því, að þessa nýju skatta og álögur þurfi, var sú, að hann benti til vissra liðinna ára og hélt því fram, að verðtollurinn og vörutollurinn hefðu minnkað svo og svo mikið samanborið við þessi ár, sem hann nefndi. Hann nefndi árið 1936 og tók til samanburðar árið 1925, þegar þessir tollar voru samanlagðir 4262000 kr. árið 1930, þegar þeir voru 4287000 kr., og 1934, þegar þeir voru 3397000 kr. Með þessu hefir hann tekið út úr þau ár, sem sýna langhæstar tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni. Þessi málfærsla virðist mér mundi sæma „prokúrator", en fer áreiðanlega ekki vel fjmrh., vegna þess að sú mynd, sem hann fær þannig fram, gefur alls ekki rétta hugmynd um þetta, ef litið er á öll árin. Sú tekjurýrnun, sem um er að ræða, ef öll árin eru lögð til grundvallar, er ekki, eins og hæstv. fjmrh. vildi halda fram, 1millj. eða meira en það, heldur að meðaltali 350 þús. kr. Ég skal svo ekki vegna tímans fara fleiri orðum um þetta, sem ég tók fram áðan, að þegar hæstv. ráðh. er að undirbyggja ástæðuna fyrir þessum sköttum, þá hagar hann sér í þessu máli eins og „prókúrator", en ekki eins og maður, sem á að líta nokkuð hlutlægt á hlutina.

Hv. 1. þm. Eyf. hefi ég litlu að svara. Hann tók fram það, sem ég hefi sagt, að 1935 unnu sjálfstæðismenn með framsóknarmönnum að lækkun á útgjöldum fjárl., en þeir voru sviknir í tryggðum. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að vitna í það, að komið hafi ný mál með 2 millj. kr. útgjöldum, því að starf fjvn. var hafið í því skyni að lækka útgjaldaliði fjárl. í heild og koma fram sparnaði á ríkisbúskapnum. Það er dálítið skrítin aðferð, ef á að spara, að lækka þá um 1 millj., en hækka svo aftur um 2 millj. kr. En reyndin varð sú 1935.

Þá kem ég að hv. 10. landsk. (JBald). Hann talaði óvenjumikið á reiki um þetta mál. Hann

sýndist hafa komizt í taugaóstyrk út af þeirri ádeilu, sem ég flutti áðan, svo að ég hefi sjaldan heyrt hv. 10. landsk. vaða svo mikið í villu og svima með sín rök. Mér virðist hann vera í innsta eðli sínu þakklátur fyrir að mega eyða ræðutíma sínum í þetta, í stað þess að gera grein fyrir hinum einstæða stefnumun, sem orðið hefir hjá honum og hans flokki í tolla- og skattamálum. Það hefir þó einhverntíma kveðið við annan tón. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. og hv. 10. landsk., hvort þeir séu svo mikil börn að halda, að ómögulegt sé að koma hér á hraðfrystingu fiskjar, dragnótaveiðum, herðingu á fiski og fleiri þess háttar breyttum aðferðum í veiði og verkun fiskjar án þess að róta á 2. millj. kr. í nefnd, sem Héðinn Valdimarsson stjórnar, maður sem aldrei áður hefir komið nálægt þessum málum. En þeir eru engin börn, og þeir mega heldur ekki halda, að hv. þdm. eða aðrir, sem láta sig þessi mál skipta, séu það. Það hefði verið hægt að koma þessum málum í framkvæmd, enda var bent á flest í þessum l., áður en nefndin var sett á stofn, og m. a. af okkur, sem áttum sæti í mþn. í sjávarútvegsmálum.

Hv. 10. landsk. var með dylgjur í minn garð viðvíkjandi því, að síldarútvegsnefnd hefði slakað til á síldarverðinu við útlenda kaupendur. Ef eitthvað er að vefjast fyrir hv. þm. í þessu efni, þá vil ég mælast til þess, að hann, vegna stöðu sinnar innan þings og utan, komi með það á þeim vettvangi og í því formi, að mér gefist kostur á að svara réttilega. Ég vil mælast til þess við hann, að hann komi framan að mér í þessu efni. Það er hlægilegt að halda því fram, að ég hafi átt að eiga þátt í því, að útlendir kaupendur í Ameríku, Póllandi og Þýzkalandi hafi heimtað og fengið hjá síldarútvegsnefnd stórkostlegan afslátt á gerðum samningum, án þess að síldarútvegsnefnd hafi reynt að reka réttar síns á þessum mönnum. Það er barnalegt að halda því fram, að ég hafi átt þátt í þessu. Og ég vil skora á hv. þm., að hann komi beint framan að mér á þeim vettvangi, þar sem ég get svarað eins og við á.

Hann minntist á líruverðfallið á Ítalíu. Það er nú helzt að fara að kenna Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda um það, hvernig fór með innstæður okkar á Ítalíu, þegar það er skjallega staðfest í fundarbók S. Í. F., að margar munnlegar tilraunir, og áreiðanlega ein skrifleg, voru gerðar þetta sama sumar sem líran féll til að benda ríkisstj. á, að það væri hættulegt að hafa svona miklar inneignir á Ítalíu, og reynt að fá ríkisstj. til að auka innflutninginn þaðan. En ríkisstj. anzaði þessu ekki. Hv. 10. landsk. hefir víst verið henni samþykkur í þessu og getur því nú kallast samsekur vegna þess að líran datt niður. Þá var hlaupið út um allt land til þess að fá menn til þess að kaupa líruna með gamla verðinu og þannig velta þessu á alla þjóðina, sem aldrei hefði þurft að koma á hana. Það er skrítið að bera mig eða stjórn S. Í. F. sökum fyrir það, sem er hans og ríkisstj. sök, að svona fór. Eins og ég hefi þegar sagt, þá er það skriflega sannað, að við vöruðum við þessu í tíma. (Forseti (**EÁrna**): Tíminn er búinn). Ég skal þá ekki hafa þessi orð fleiri, en aðeins verð ég að lýsa undrun minni yfir því, hvað hv. 10. landsk. breiddi sig út yfir, að það væri hin mesta fjarstæða að vitna til þess, hvað Danir gerðu í gjaldeyrismálunum, Danmörk væri svo voðalega langt í burtu, eins dönsk og hún er, og við eins íslenzkir og við erum. Ég hélt satt að segja, að það væri ein helzta þrá þessa hv. þm. að vera eins líkur vissum dönskum stjórnmálamanni eins og unnt er í allri framkomu, gjörðum og jafnvel hugarfari. En það má segja, að því valdi Kolur og Kroppinskeggi, að þetta hefir ekki tekizt. En hugarfar hans í þessu efni vissi ég ekki allt.

Að síðustu vil ég minnast á síldarsöluna. Ég benti á það undir þessum umræðum, að mér virtist að stefna síldarútvegsnefndar í þessu máli, að framleiða litla síld og selja hana á þröngum markaði og halda henni í háu verði, væri röng, vegna þess að við ættum við keppinauta að stríða, sem hefðu allt aðra stefnu. Ég get bætt því við, að hv. 10. landsk. er sem privatmaður samþykkur þessu.

Um fiskimálanefnd er það að segja, að það lá við borð, að framkvæmdarstjórinn stykki í burtu. Þetta er sú nefnd, sem hv. 10. landsk. álítur, að ein geti staðið fyrir dragnótaveiðum, komið upp hraðfrystihúsum og ein látið herða fisk o. s. frv. Þessi nefnd er sjálfri sér svo sundurþykk, að eini hæfi maðurinn þar, og sá, sem er vanur þessum viðskiptum, var rétt að segja genginn í burtu.

Ég er nú dauður í þessu máli og búinn að fara fram yfir tímann og bið ég hæstv. forseta afsökunar á því. Ég hefi aðeins drepið á þau atriði, sem mér þótti mestu varða, en orðið að sleppa mjög mörgum, sem snerta þetta mál. En það kemur mál á eftir, sem er skylt þessu, og þá verður tækifæri til þess að taka upp sumt af því, sem ég lét nú ósvarað.

***Magnús Guðmundsson**: Það er lítill tími til að svara bæði hv. 10. landsk. og hæstv. fjmrh. En ég skal byrja með því, að ég var alveg hissa á, hvað hv. 10. landsk. var skapillur í sinni ræðu. Ég held, að hann hafi haldið, að hann væri á flokksfundi hjá sjálfum sér, því að sagt er, að öldurnar gangi þar nokkuð hátt. Ég held, að hann hafi gleymt því, að hann var kominn inn á Alþ.

Hann sagði um mig eða okkur sjálfstæðismenn, að við mundum aldrei stinga upp á neinu. Öðruvísi mér áður brá. Hann og fleiri hafa talað um, hvað margar till. við höfum borið fram. Það, sem hann á við, er, að við viljum ekki, samtímis og við stingum upp á útgjaldatill., bera fram tekjuaukatill. Það er rétt, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að við sjáum ekki ástæðu til þess, fyrr en við sjáum, hvernig útgjaldatill. er tekið. Og það er eðlilegt. Ég benti á það á laugardaginn, að sömu aðferð hefir hæstv. fjmrh. Hann ber fram frv. til fjárl. fyrir árið 1938, sem er með 900 þús. kr. greiðsluhalla, og benti ekki á tekjur til að mæta honum, fyrr en 5—6 vikur voru liðnar. Það er ekki enn farið að bóla á því, að nein af þessum till. Sjálfstfl.

hafi verið samþ. Og það þarf ekki að sjá fyrir tekjum þeirra vegna, á meðan svo er. Hitt er annað mál, að sumt úr þessum till. er tekið upp í skældu og skemmdu formi af stjórnarflokkunum.

Hv. þm. var að tala um það, að ég vildi fara að í gjaldeyrismálum eins og gert væri í Danmörku. Ég sagði það ekki, heldur nefndi ég Danmörk sem dæmi um það, að ástandið væri alstaðar að batna, nema hér. Og það stendur alveg óhrakið í því sambandi.

Þá sneri hv. þm. mjög út úr því, sem ég sagði viðvíkjandi Spánarmarkaðinum. Ég sagði, að ríkisstj. hefði fengið meiri gjaldeyri til umráða á yfirstandandi ári en nokkru sinni fyrr síðan 1930. Það þýðir því ekki í því sambandi að tala um minni Spánarmarkað. En hitt þarf hv. 10. landsk. ekki að segja mér, að það hefði verið betra, ef hægt hefði verið að selja líka fisk til Spánar. En mér er ekki betur kunnugt en að það hafi verið seldur um áramótin því nær allur fiskur, sem fékkst úr sjó.

Þá kem ég að hæstv. fjmrh. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvort vænta mætti, að hægt væri að komast að samkomulagi um breyt. á þessu frv. Hann sagði, að það mætti takast, ef þeir yrðu fyrst sannfærðir um, að þær breyt. væru til bóta, og það át hv. 10. landsk. upp eftir honum. Ég sé ekki, að það sé beint þakkavert. En það, sem ég átti við, var, að mér finnst það ekki sanngjarnt, þó að þeir hafi meiri hl., að þeir ráði öllu. Geta þeir ekki tekið eitthvert tillit til óska minni hl. á þingi, sem hefir að baki sér allt að helmingi þjóðarinnar. Ég álít það heppilegt fyrir þingræðið, að stjórnarflokkarnir beiti ekki út í yztu æsar því afli, sem þeir hafa. Ég álít, að þeir hafi gott af því og það sé rétt þingræðislega séð, að taka eitthvert tillit til minni hl.

Ég hirði svo ekki um að fara frekar út í það, sem verið er að deila um, að við bentum ekki á tekjur fyrir þeim útgjöldum, sem væru samfara okkar till. Það kemur ekki til að benda á tekjur fyrir útgjöldum, sem kveða á niður. Og það er alveg ósæmilegt af stjórnarflokkunum að gera þá kröfu til minni hl., þegar þeir gera ekki þá kröfu til sjálfra sín.

Hæstv. ráðh. fór ekki rétt með það, sem ég sagði viðvíkjandi sjávarútveginum. Þegar ég talaði um, að hann fengi meira en áður, þá átti ég eingöngu við afnám útflutningsgjaldsins af saltfiski, en ekki þetta fé, sem veitt er til fiskimálanefndar.

Þá gerði hæstv. ráðh. samanburð á sköttum í öðrum Norðurlöndum og hér. Og mér skildist, að hæstv. fjmrh. hefði búið hann til sjálfur. Þessi samanburður er villandi. Hann sagði, að okkar gjöld væru 14 millj. í sköttum og tollum. En þau eru meiri. Hann telur ekki með tekjurnar af vín- og tóbakseinkasölunni. (**Fjmrh.**: Tek þær ekki með hjá hinum heldur.) En getur ekki hæstv. ráðh. skilið, að ef ekki væri einkasala á þessum vörum, þá væri tollurinn á þeim miklu hærri. Ef tekið er tillit til þessa, þá hækkaði skatturinn um 20 kr. á hvern mann hér á landi, og þá væri hann orðinn hærri en í nokkru öðru Norðurlandanna. Það mun engum blandast hugur um, að það væri aldrei látið nægja að tolla vínið eins og nú, ef það væri selt í frjálsri sölu, eins og í Danmörku. Það mundi hækka svo gífurlega, að það hefðist eins mikið upp úr því og einkasölunni. Og alveg sama er að segja um einkasöluna á tóbaki, bifreiðum og rafmagnstækjum, sem settar eru á stofn til að afla ríkinu tekna, eins og lýst hefir verið yfir af hæstv. fjmrh. og hans flokksmönnum. Þess vegna er skylt að taka þetta með, þegar verið er að tala um það, hvaða gjöld hvíla á landsmönnum. Samanburðurinn um íbúatölu og meðaltekjur er líka villandi. Annars staðar eru stóreignamenn, sem borga hundrað sinnum meira en nokkur maður gerir hér á landi, og kannske miklu meira en það. Þess vegna er þessi samanburður ekki réttur og gefur mjög litlar upplýsingar.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi það, sem ég benti á, að tolltekjur hlytu að verða talsvert meiri yfirstandandi ár en síðastl. ár, og það er náttúrlega gleðilegt að heyra. En samt skal ég segja hæstv. ráðh. það, að ég mun ekki koma með neina brtt. til að lækka þessa skatta, því að ég er búinn að reka mig á það, að þessi stj. þarf svo mikla peninga, að ég efast um að þetta nægi, þótt það sé mikið á pappírnum og eigi að vera nóg.

Þá er það viðvíkjandi sköttunum í bæjunum, sem hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um. Tók hann sérstaklega Reykjavík til samanburðar í því sambandi og sagði, að þar hefðu hækkað skattar síðastl. ár. Þetta er rétt. En fyrir hvað hafa þeir hækkað? M. a. fyrir aðgerðir Alþingis. Fátækraframfærslan hér hefir hækkað um hundruð þús., kannske upp undir ½ millj., vegna nýju framfærslulaganna, og þá er ekki að furða, þótt það þurfi líka að hækka útsvörin.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að atvinnubótafé létti undir með Reykjavík. Mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hann fer að halda þessu fram, þar sem tilskilið er í fjárlögum, að það komi tvöfalt framlag frá bænum á móti. Og ég þori að fullyrða, að það er ekki alstaðar heimtað tvöfalt framlag, þótt það sé gert hér.

Hæstv. ráðh. sagði, að við ættum að segja til um það, hvað við vildum fella burt úr fjárlfrv. Nei, það hvílir engin skylda á okkur til þess. Frv. hefir hæstv. ráðh. borið fram sjálfur og samið, og vill hann nú ekki segja til um, hvað á að fella niður? Því hefir hann ekki strikað eitthvað út sjálfur, ef hægt er, en kemur með frv., sem á er 900 þús. kr. tekjuhalli.

Brynjólfur Bjarnason: Hr. forseti! Mér hefir ekki gefizt tækifæri til að taka þátt í þessum umr. og hefi nú ekki nema tíu mínútur til umráða. Og þegar ég þarf að gera grein fyrir afstöðu minni og míns flokks, þá verð ég að stikla á mjög stóru.

Það er rétt hjá hv. flm. þessa máls, að ríkisstj. þarf á þessari tekjuaukningu að halda, sem frv. gerir ráð fyrir. En hitt mun mörgum koma á óvart, að þessara tekna er aflað með því að skattleggja hvern bita og sopa, ef svo mætti að orði komast, sem hinir fátæku neyta, og hverja spjör, sem þeir klæðast. Og enn undarlegra

verður þetta, þegar þess er gætt, að þetta er borið fram af fulltrúum alþýðunnar og bændanna, Framsfl. og Alþfl. Það er enginn smáskattur, sem hér er um að ræða, hátt á 3. millj. kr. Ofurlitlu af þessari upphæð á að visu að verja til styrktar sjávarútveginum, og er ekki nema gott eitt við því að segja. En þó að við drögum þetta frá, sem á að fara til sjávarútvegsins, þá er óhætt að segja, að alþýðan í landinu yrði röskum 2 millj. kr. fátækari en áður, þegar búið er að samþ. þetta frv. og það komið í framkvæmd. Ef þessari upphæð væri skipt niður á landsbúa, þá koma á annað hundrað kr. á hvert fimm manna heimili. Og allt þetta kemur til viðbótar við þá gífurlegu tolla á nauðsynjavöru, sem lagðir hafa verið á að miklu leyti á síðustu árum.

Það hefir verið svo í hvert skipti, sem nauðsynjavörur hafa verið tollaðar, að það hafa verið kallaðir bráðabirgðatollar. Það hefir aðeins átt að tjalda til einnar nætur, og oft hefir því verið hátíðlega lofað, að þetta yrði afnumið að ári liðnu. Verðtollurinn átti aðeins að vera til bráðabirgða, þegar hann var settur á. Gengisviðaukinn átti að vera til bráðabirgða. Viðskiptagjaldið og allar hækkanir, sem síðan hafa verið gerðar á þessum tollum, áttu aðeins að vera til bráðabirgða. Og alltaf á hverju ári hafa þessir tollar verið framlengdir og nýjum bætt við. Og enn er þetta kölluð bráðabirgðatekjuöflun. Mér finnst mál til komið, að Alþingi hætti við þessa hræsni. Allur almenningur í landinu spyr: Hvers vegna eru ekki þessi gjöld tekin af þeim ríku? Hvers vegna heldur Alþ. áfram að taka af þeim, sem ekkert eiga, en hlífa hinum, sem allt eiga?

Hv. flm. þessa frv. afsaka sig með því, að beinu skattarnir séu orðnir svo háir, að ekki sé hægt að hækka tollana ótakmarkað? Vita hv. flm. ekki, að hér í Rvík eru um 1000 menn, sem hafa yfir 6 þús. kr. í árstekjur. (PZ: 750 í ár). E. t. v. hefir tala þessara manna lækkað, en heildartekjur Reykvíkinga hafa hækkað. Og þessir menn í heild hafa, samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hefi hér stuðzt við, upplýsingum frá launamálanefnd —, um 12 millj kr. í árslaun og sumir um 100 þús. kr. Og veit hv. flm. ekki, að hér eru um 10—20 millj. kr., sem enginn skattur er greiddur af, en komið er undan skatti? Vita þeir ekki líka, að hér eru þúsundir manna, sem hafa 1—2 þús. kr. í árslaun? Vita þeir þetta allt saman og halda þó fram, að þegar þeir þurfa að sækja á 3. millj. kr. í vasa skattþegnanna, þá sé helzt ráð að taka af þeim, sem hafa 1—2 þús. kr. í tekjur á ári, en hlífa hinum, sem hafa frá 6—100 þús.? 700 þús. kr. af þessu fé eiga að ganga til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Það þýðir, að hægt er að lækka útsvörin. Það þýðir, að tollarnir eru hækkaðir til þess að lækka beina skatta.

Fátæku bæjarfélögin þurfa á hjálp að halda. Það er rétt. En er þetta rétta leiðin? Hún er sú að hjálpa þeim bæjarfélögum, sem fátækasta hafa skattþegnana, á kostnað þeirra bæjarfélaga, sem hafa bezt stæða gjaldþegna. Við kommúnistar munum bera fram frv. í þessa átt, um framfærslulög, þar sem allt landið er gert að einu framfærsluhéraði. Þá höfum við lagt fram frv. um bæjarrekstur upp- og útskipunar og kvikmyndahúsa. Þetta eru ráðstafanir, sem rétt er að gera. Hvað tekjuöflun snertir, munum við bera fram á þinginu frv. um stighækkandi fasteignaskatt, stóríbúðaskatt, lúxusbifreiðaskatt, verðhækkunarskatt og vaxtaskatt. Þetta mundi nema um einni millj. kr. Ennfremur munum við taka til athugunar till. um sparnað á starfsmannahaldi ríkisins, og þar mun hægt að spara um eina millj. Þetta er allt í samræmi við till., sem stjórnarflokkarnir hafa flutt hér fyrr á þingi. Árið 1932 lagði Framsfl. fram frv. um stóríbúðarskatt og háleiguskatt, og 1933 báru nokkrir alþýðuflokksmenn, og einnig hv. þm. S.-Þ., fram frv. um sama efni. Og 1935 var borið fram af framsóknarmanni frv. um starfsmannahald ríkisins, sem hafði mjög mikinn sparnað í för með sér. Þetta virðist hafa gleymzt, þegar ríkið þarf á þessu að halda og hægt er að koma því fram. Af þessu dregur sauðsvartur almúginn þá ályktun, að flm. hafi ekkert meint með þessu. Afstaða Sjálfstfl. í þessum málum er enn þáttur út af fyrir sig. Þeir hafa á þessu þingi krafizt nýrra útgjalda fyrir ríkissjóð og jafnframt kveinað um það, hvað beinu skattarnir væru háir. Og nú þykjast þeir vera að þvo hendur sínar af tollafrv. Það þarf ekki mikla skarpskyggni til að sjá það, að ef þeir hefðu völdin, þá mundu þeir lækka beinu skattana og hækka tollana, enda er það í samræmi við þá stefnu, sem þeir hafa fylgt, er þeir hafa haft völdin.

Vitaskuld er öll þessi alþýðufjandsamlega skattstefna til komin fyrir áhrif auðvaldsins og afturhaldsins í Framsfl. Og látum vera, að vinstri menn í Framsfl. og Alþfl. telja sig tilneydda að láta undan afturhaldinu í skattamálum, en að þeir skuli ganga svo langt að taka upp skoðanir og rök afturhaldsins í þessu máli, það er það raunalegasta.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það voru aðeins fáein orð. — Hæstv. fjmrh. talaði um það m. a., að tekjur almennings væru ekki minni hér en annarsstaðar. Það má vel vera, að svo sé í þeim löndum, sem hann minntist á. En þar er því til að svara, að dýrtíðin er hvergi í þessum löndum sambærileg við það, sem hér er, og sýnir það m. a., að langt er gengið í þeirri eyðslupólitík, sem stjórnarflokkarnir hafa rekið á síðustu árum.

Einnig minntist hæstv. ráðh. á það, að útsvörin hefðu hækkað í Reykjavík um 108%, á móti því að tekjur í ríkissjóð hefðu hækkað um 58%. Ég vil í þessu sambandi minna á það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það voru einmitt aðgerðir Alþingis, sem gerðu það að verkum, að útsvörin hækkuðu. Ég tók dæmi af Hafnarfirði, þar sem undanfarið hafa verið greiddar 90 þús. kr. til utanbæjarþurfalinga á ári. Þetta fé fékkst endurgreitt í bæjarsjóð að allverulegu leyti áður fyrr, þar sem ekkert kemur nú. Og þó að ekki sé farið út í nema þetta eina atriði, ætti hæstv. fjmrh. að skilja, að það eru gerðir Alþ., sem hafa gert þetta að verkum.

Þá er það hv. 10. landsk. Ég verð að segja,

að þetta fór mjög í taugarnar á honum, og sennilega af því, að hann skammast sín fyrir að flytja þetta frv. eins og það er til komið, vegna þess að það er á móti því, sem hann var að halda fram, þann tíma, sem ég átti sæti á þingi. Þá var ætið söngurinn sá, að ekki mætti hækka tollana, en nú er hann kominn á aðra skoðun.

Hv. þm. minntist á, að ég væri fullur úlfúðar gegn mínu bæjarfélagi. Þetta eru ósannindi. Ég er fullur úlfúðar í garð meiri hl. bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, en það er ekki bæjarfélagið í heild sinni. Og það mun koma fram innan skamms, að meiri hl. bæjarstj. er ekki sama og meiri hl. bæjarfélagsins.

Þá minntist hv. þm. á ríkissjóð og að ég hefði sagt, að hann væri búinn að níðast svo á bæjarfélögunum, að þau ættu sér tæplega uppreisnar von. Það er rétt. Með þessari eyðslupólitík er búið að níðast svo á bæjarfélögunum, að þau geta ekki náð inn þeim tekjum, sem þau þurfa að hafa. Ég sýndi fram á, hvernig hefði verið farið með þá bæjarþegna, sem bæjarfélögin ættu helzt að fá tekjur af, og hvernig það væri með því gert ókleift fyrir bæjarstj. að jafna niður þeim útsvörum, sem þær þarfnast. Þetta er „facta", sem ekki er hægt í móti að mæla, hvorki af hv. 10. landsk. né öðrum.

Það hefir verið á það minnzt, bæði af hv. 10. landsk. og öðrum, að Sjálfstfl. færi ekki í sparnaðaráttina upp á síðkastið, heldur í hina áttina, og sérstaklega minnist hv. 10. landsk. á afstöðu hv. þm. Vestm. Ég verð að segja það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, þótt þeim finnist það einkennileg játning af mér, sérstaklega hv. 1. þm. Eyf., að það er svo komið nú á þessum tímum, að það er ekki til neins að koma fram með nokkurn sparnað í sjálfu sér, því að það er notað sem grima á þann, sem kemur með það. En ef komið er með eitthvað í eyðsluáttina, þá er ekki nema sjálfsagt að taka á móti því. Og þegar Sjálfstfl. hefir borið fram slík frv., hefir enginn viljað taka undir þau. Og það er ekki satt, að það hafi engin nýtileg frv. komið frá sjálfstæðismönnum, því að einmitt allt það nýtilega er frá þeim, sérstaklega í sjávarútvegsmálum, en það hefir verið þannig með það farið af stjórnarflokkunum, að úr því hafa orðið krypplingar.

Þessar tekjur, sem sveitar- og bæjarfélögin eiga að fá, eru ekki nema lítill hluti af því, sem þau þurfa, og mætti sýna fram á þetta, a. m. k. hvað mitt kjördæmi snertir, ef tími væri til.

Þá minntist hv. 10. landsk. á fiskimálanefnd og S. Í. F. og þau hlutverk, sem þessar tvær skrifstofur hafa. Mér er spurn: Væri það slæm ráðstöfun að sameina þessar tvær skrifstofur? Og heldur hv. 10. landsk. ekki, að skrifstofa S. Í. F. væri miklu færari um að framkvæma þetta verk en hin skrifstofan? Ég er viss um, að hann heldur það. En hann vildi ekki viðurkenna þetta hér á þingi vegna pólitiskra skoðana sinna, en sem bankastjóri er ég viss um, að hann hefir aðra skoðun.

Ég ætla svo ekki að hafa orð mín fleiri að þessu sinni. En mér þótti það dálítið einkennilegt orðatiltæki hjá fulltrúa kommúnista hér í hv. d., mér fannst það ekki beint virðingarorð, sem hann notaði um sína kjósendur, þegar hann talaði um „sauðsvartan almúgann". (**BrB**: Ég taldi mig þar með sjálfan). Vanalega er það orð haft í niðrunarskyni.

Að lokum vil ég biðja þá n., sem fær þetta frv. til athugunar, að athuga, hvort ekki muni vera hægt að færa til í flokkum það, sem sett er í 5. fl. með 30% tolli, taka þar undan grænmeti og ávexti og ýmislegt annað, sem þar kemur til greina, sem nauðsynlegt er hreint og beint að hafa ódýrara heldur en það er nú, en ekki fara að hækka það margfalt. Það er öllum hv. þdm. vitanlegt, að það verður að lækka toll á þessu, vegna þess að eins og nú stendur getur ekki almenningur í landinu notfært sér þetta, og einmitt sízt þeir, sem mest þurfa þess með, sem eru hinir fátæku. Þeir geta alls ekki notfært sér þessar vörur. Ég veit ekki, hversu miklar tekjur munu koma af þessu í ríkissjóð eftir frv. En ég býst ekki við, að þær séu svo miklar, að ekki mætti færa þessar vörur t. d. yfir í 2. fl.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Aðeins örstutt aths. Ég vil ekki fara langt út í að ræða málið frekar, vegna þess að ég hefi áhuga á að málið fari að komast til n.

Því var haldið fram af hv. þm. Vestm. og hv. 9. landsk. (MG), að til þess að sýna fram á, að verðtollur hefði hækkað sem tekjur fyrir ríkissjóð, væri ósanngjarnt að bera þetta ár, sem nú er að líða, saman við árin 1924 og 1925. Ég játa, að það, að bera yfirstandandi tíma saman við árið 1925, gefur ekki fullnægjandi mynd af því, hvað tímarnir hafa breytzt í þessu efni. En ég hefi borið yfirstandandi tíma í þessu efni saman við árið 1924 einnig. Og þá kemur í ljós, að tekjur ríkissjóðs af þessum tveimur tollum eru nær tveim millj. kr. minni nú á ári en það ár, og 750000 kr. lægri heldur en þeir voru að meðaltali síðustu 12 árin. Síðan 1934 hefir svo verið sett í l. viðskiptagjald og önnur gjöld til ríkissjóðs, sem gert hefir það að verkum, að heildartekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum hafa orðið svipaðar árin 1936 eins og 1935 og 1934, og dálítið hærri en árið 1933. Hefði þessi þróun ekki orðið um vörutollinn o. fl. tolla, þá hefði ekki þurft að leggja á hina ýmsu aðra tolla og skatta, sem orðið hefir að leggja á til þess að vinna upp tekjurýrnunina af vörutollinum og verðtollinum. Þá hefði heldur ekki þurft að bera fram þá gífurlegu tollahækkun, sem verið er að setja. Ef ekki þyrfti innflutningshöft hér, þá hefði verið hægt að halda uppi útgjöldunum á fjárl. án þess að hækka nokkurn skatt nú eða nokkurn toll. Þetta er meginatriðið í þeim röksemdum, að vegna þess að tolltekjur hafa lækkað, þarf að leggja á nýjar tolla- og skattahækkanir. En mér hefir aldrei dottið í hug að halda því fram, að þessar tekjur ríkissjóðs hafi í heild sinni lækkað. Þær hafa a. m. k. ekki lækkað síðan 1934. En greiðslur úr ríkissjóði, sem verða samþ. nú, eins og t. d. greiðslur vegna mæðiveikinnar og greiðslur til styrktar sjávarútveginum, gera það að verkum, að ekki er hægt að komast af með sömu tekjur og áður nægðu til ríkissjóðs. En sem sagt, hefði

ekki orðið svo stórkostlegur niðurskurður á innflutningnum, þá hefði verið hægt að ná nógum tekjum í ríkissjóð með þeim tollum og sköttum, sem giltu árið 1934.

Hv. 6. landsk. talaði hér nokkur orð áðan um frv. og var allillskeyttur í minn garð. Hann sagði, að ég hefði lofað, að engar umframgreiðslur skyldu verða fram yfir gjaldaáætlun fjárl. í minni ráðherratíð. Þetta ætla ég ekkert að pexa um nú, þó að vitanlega eigi þessi fullyrðing hans enga stoð í veruleikanum. En aðalatriðið í ræðu þessa hv. þm. var það, að kjördæmi þau, sem kosið hefðu sjálfstæðismenn á þing, hefðu verið mjög illa leikin, að því er snertir fjárframlög úr ríkissjóði, og því væri eðlilegt, að þau kjördæmi og þm. þeirra væru nú nokkuð á móti tekjuaukningu til ríkissjóðs, sem þessi stj. legði á, sem nú situr. Þetta er að langmestu leyti rangt hjá þessum hv. þm. Það skal að vísu játað, að haustið 1934 var nokkuð sterkt tekið á þessu, þannig að það gekk minna af framlögum úr ríkissjóði til þeirra kjördæma, sem þessir hv. þm. voru fyrir. En vegna aðgerða stjórnarfl. árin 1935, 1936 og 1937 í þessu efni þurfa ekki þessir hv. þm. að kvarta um þetta. Vitanlega er ekki hægt að fullnægja öllum beiðnum um fjárframlög úr ríkissjóði til hinna ýmsu héraða landsins, og það jafnvel þó að um sé að ræða að styrkja ýms þau mál, sem í sjálfu sér eru mjög góð. En það eru ekki kjördæmin, sem kjósa sjálfstæðismenn á þing, sem verða ein fyrir þessu, heldur öll kjördæmi landsins. Þetta vita sjálfstæðisþingmenn vel og játa sumir, og það við sína eigin kjósendur.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að það sæti ekki á okkur í stjórnarflokkunum að deila á S. Í. F., því að við hefðum ekki gert það, sem bar að gera og hægt var að gera til þess að komast hjá tapi vegna verðfalls lírunnar. Ég upplýsti, að þetta er rangt, af þeirri ástæðu, að andvirði fisksins, sem seldur var rétt áður en verðfall lírunnar skall yfir, kom ekki inn fyrr en í nóvember og desember um haustið. En sölurnar voru gerðar í september, og líran féll í september. Verðfallið hlaut því að skella á þeim, sem áttu eftir að fá greiddan fiskinn, þegar verðfall lírunnar skall yfir. (JJós: Það var hægt að vera búinn að festa kaup á vörum á Ítalíu í lírum, þótt ekki væri búið að borga þær). Í fyrsta lagi er því til að svara, að ekkert var fyrirfram vitað um það, hvenær fiskurinn mundi fara. Í öðru lagi hefði, þótt búið hefði verið að festa slík kaup fyrirfram, áður en gengi lírunnar féll, tapið samt sem áður skollið á S. Í. F. — Annars finnst mér frekar lítilmannlegt fyrir hv. þm. að vera að deila hvor á annan fyrir að sjá ekki fyrir verðfall á peningum. Ef maður t. d. gerði ráð fyrir, að líran hefði alls ekki fallið, en S. Í. F. hefði orðið af sölu, vegna þess að það hefði ekki fengið að selja fyrir þann tíma, er líran í reyndinni féll, þá hefði líklega heldur betur sungið í tálknunum á hv. þm. Vestm. Sannleikurinn er sá, að ríkisstj., þegar hún er beðin um ríkisábyrgð fyrir útflutningi, verður að láta S. Í. F. ráða því, hvenær sölurnar eiga að framkvæmast, því að okkur í ríkisstj. skortir skilyrði til þess að meta, hvenær rétta augnablikið sé til þess að selja. Það verður því í aðalatriðum að fara eftir till. þeirra, sem með fisksöluna hafa að gera. Þess vegna finnst mér lítilmannlegt af þeim í stjórn S. Í. F. að vera að kenna okkur, sem með stj. landsins förum um það, að tap af völdum gengisfalls lírunnar átti sér stað á fisksölunni, og álasa okkur fyrir að hafa ekki séð gengisfallið fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. des. var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 219).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Fjhn. hefir athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi lagaákvæði, en eins og segir í nál. á þskj. 219 var einn nm., hv. 1. þm. Reykv., ekki viðstaddur á þeim tveim fundum, sem n. fjallaði um málið, og hefir hann því ekki skrifað undir nál. Við hinir nm. lítum svo á, að eigi sé fært annað en að samþ. frv. og sjá ríkissjóði þannig fyrir þeim tekjum, sem gert er ráð fyrir í því, og ennfremur jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sem á að fá 700 þús. kr.

Út af orðum, sem féllu við 1. umr. þessa máls um skattstigann, skal ég geta þess, að sá skattstigi, sem ákveðinn er í þessu frv., er samhlj. skattstiganum í gildandi l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, en að sjálfsögðu leggst svo á hann viðauki sá, sem frv. gerir ráð fyrir, að lagður verði á öll gjöld til ríkissjóðs.

Það urðu svo miklar umr. um þetta mál við 1. umr. þess, að ég tel það nægilega rætt frá almennu sjónarmiði, og mun ég því ekki hafa þessi orð fleiri.

N. flytur eina brtt., sem er aðeins leiðrétting og þarf ekki skýringar við.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi aðeins beina þeirri ósk til hæstv. forseta, þar sem svo stendur á, að hv. 1. þm. Reykv., sem er minni hl. n., er veikur, hvort hæstv. forseti sér sér ekki fært að taka þetta mál af dagskrá í þetta sinn. Ég fer aðeins fram á, að málið verði ekki tekið fyrir í dag.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vildi láta það koma fram, að ef umr. yrði frestað nú, en það er í raun og veru ekki nema sanngjarnt að gera, yrði málið ekki tafið síðar, því að afgreiðsla fjárl. er komin undir afgreiðslu þessa máls, en mjög orðið áliðið þingtímans. Ég vil því beina því til hv. andstæðinga, að þeir tefji málið ekki síðar.

Forseti (EÁrna): Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, er tíminn mjög naumur, en hinsvegar mörg mál, sem þurfa að ganga fram. Það liggja engar brtt. fyrir við þetta frv., nema lítilsháttar brtt. frá fjhn., og það hefir því ekki mikla þýðingu að fresta umr. Ef brtt. hefðu legið fyrir

frá hv. 1. þm. Reykv., væri öðru máli að gegna. En þar sem ég heyri, að hæstv. fjmrh. er þessu meðmæltur, í þeirri von, að málið verði ekki tafið síðar, mun ég ekki verða á móti því, að það sé tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Páll Zóphóníasson: Úr því að fresta á umr., vil ég vekja athygli á einu atriði í 2. gr. frv., þar sem ræðir um þann skattauka, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir, að hann á að skiptast að hálfu á milli ríkissjóðs og viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags. Nú er hér á ferðinni annað frv. um að auka tekjustofna bæjar- og sveitarfél., og eiga þau þar að fá 700 þús. kr. Þess vegna finnst mér það vera til athugunar, hvort skattur sá, sem um ræðir hér, eigi ekki að renna óskiptur í ríkissjóð. Það vil ég biðja hv. n. að athuga vel.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 142, n. 219, 235).

***Jóhann Jósefsson:** Við 1. umr. urðu dálitlar umr. um þetta mál á víð og dreif, og í sambandi við þær var komið inn á atriði, sem mér virðist ekki vera nægilega upplýst við þær umr. Var það aðallega vegna þess, að ég hafði ekki tækifæri til að svara hæstv. fjmrh. Undir þeim umr. bar það við, að 9. landsk. (JBald) hélt því fram, að stjórn S. Í. F. hefði borið ábyrgð á því, að gengisfall varð á peningum, sem fengust fyrir seldan fisk á Ítalíu. Ég svaraði þessu og benti á, að ég teldi höfuðorsökina fyrir því, að nokkurt tjón hlauzt af þessu, liggja í aðgerðarleysi ríkisstj. og gjaldeyrisnefndar. Þessu andsvaraði svo hæstv. fjmrh. og taldi ríkisstj. og gjaldeyrisn. sýkna saka í þessu efni. Hinsvegar vildi hann halda því fram, að þetta hefði verið óviðráðanlegt, og væri lítilmannlegt fyrir okkur, sem sæti eigum í stjórn S. Í F., að minnast á þetta mál. Vegna þeirra, sem kunna að lesa þingtíðindin, kann ég ekki við, að þetta sé látið standa ómótmælt, vegna þess að nokkuð skýr gögn liggja fyrir í þessu máli, sem sýna, að stjórn S. Í. F. átti ekki sök á því tjóni, sem af þessu hlauzt. Það er vitanlegt, að það var bent á það af trúnaðarmönnum landsins, að það væri nauðsynlegt að hraða kaupum á vörum frá Ítalíu, aðallega af 3 ástæðum. Í 1. lagi væri gengisfall hugsanlegt, í 2. lagi að verðlagið færi hækkandi þar, og í 3. lagi að búast mætti við, að vörurnar gengju til þurrðar. Eins og kunnugt er, átti Ítalía í ófriði um þessar mundir. Það var síður en svo, að áherzla væri lögð á að selja fisk til Ítalíu, eins og sést bezt á því, að þetta sumar voru ekki seld nema rúm 8000 tonn af fiski þangað, eða helmingi minna en venjulega. Þ. 16. júní var þetta rætt mikið í stjórn S. Í. F., þ. e. a. s. að það mundi farnar að safnast miklar inneignir á Ítalíu og að það gæti farið svo, að það tefðist fyrir notkun þessa markaðar, ef innieignirnar héldu áfram að safnast. Það var samþ. till. í stjórn S. Í. F., sem gekk í þá átt að benda ríkisstj. á þá hættu, sem hér vofði yfir. Stj. afgr. svo þessa ályktun með bréfi til ríkisstj. þ. 25. júní, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rvík. 25. júní 1936.

Á stjórnarfundi þ. 16. þ. m. var eftirfarandi till. samþ.:

„Til þess að ekki sé hætta á, að niður falli sölur til Ítalíu eða dragist úr hófi fram til óhagstæðis fiskieigendum, felur stjórnin framkvæmdarstjórunum að ná samkomulagi við ríkisstj. og gjaldeyrisnefnd um, að greitt verði fyrir því, að innieignir fyrir fisk á Ítalíu séu notaðar að því leyti sem unnt er og eftir því, sem þær skapast, þannig að ekki sé hætta á því, að tafið verði fyrir útflutningi á fiski til Ítalíu sökum of mikilla innieigna vorra þar. Í þessu sambandi þætti oss vænt um að mega fá leyfi til þess að ræða málið við yður og að þér tilkynnið oss, nær þér hefðuð tíma til þess.

Virðingarfyllst.

(Undirskriftir).

Til ríkisstjórnarinnar, Reykjavík."

Þetta bréf var sent til þess að benda ríkisstj. á, hvaða afstöðu S. Í. F. tæki í þessu máli, og jafnframt ósk um það, að fá að ræða málið við hana. Svar við bréfi þessu hefir aldrei borizt, og S. Í. F. var aldrei gefinn kostur á að ræða málið við ríkisstj. Það er að vísu rétt hjá hæstv. ráðh., að það gat enginn séð það fyrir með vissu, að gengisfall mundi verða, en hitt veit hæstv. ráðh. náttúrlega vel, að slíkt vofir alltaf yfir í landi, sem á í ófriði. Staðreyndin í þessu máli er sú, að ríkisstj. gerði ekkert til að varna þeirri hættu, sem yfir vofði, og afleiðingarnar eru svo þær, að 6—700 þús. kr., sem gengisfallið kom niður á, voru lagðar á herðar þjóðarinnar með hækkuðu vöruverði.

Forseti (EÁrna): Ég vil benda á, að þetta mál er óviðkomandi málinu, sem til umr. er, og getur ekki orðið rætt í því sambandi, nema hvað fjmrh. svarar síðasta ræðumanni.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hafði ekki búizt við, að fram færu umr. um þetta mál í dag, þó að það bæri á góma við 1. umr. þessa máls. En út af ræðu hv. þm. Vestm. verð ég að segja nokkur orð. Hann vill ásaka ríkisstj. stórlega fyrir að hafa ekki farið eftir óskum stjórnar S. Í. F. í bréfi 16. júní um að eyða innieignum, sem safnazt höfðu fyrir á Ítalíu. Hv. þm. verður að athuga það, að tapið kom ekki fram á allri líruinnieigninni á Ítalíu. Ég man því miður ekki, hvað há upphæð það var, en get séð það. En það er þess vegna ekki rétt, að það hafi ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að eyða innieigninni jöfnum höndum. Það, sem tapið kom niður á, var að langmestu leyti lírur, sem S. Í. F. seldi fyrir í sept. og lágu því alls ekki fyrir til ráðstöfunar um það leyti, sem stjórn S. Í. F. ásakar ríkisstj. fyrir að hafa engar ráðstafanir gert. Það má náttúrlega deila um það, hvort ekki hefði verið rétt að vera búið að eyða þessum lírum fyrirfram, en við því er það að segja, að bankarnir höfðu þá ekki útvegað sér þannig sambönd á Ítalíu, að þeir hefðu nokkra möguleika til að stofna þar til skulda, og þar að auki vissu menn ekki þá,

hvað þangað þyrfti að fara mikið af „Labrador"-fiski. Ég vil bara segja, að það er sjáanlegt á þeim sölusamningum, sem stjórn S. Í. F. gerði í sept., að hún hefir þá verið í alveg jafnmikilli óvissu og við um þetta. Ég vil ennfremur benda hv. þm. Vestm. á það, að ef búið hefði verið að selja líruna fyrirfram, þá hefði það þó ekki komið í veg fyrir, að Sölusamlagið hefði tapað eins og það gerði, en hitt skal viðurkennt, að þjóðin í heild hefði ekki tapað á því, ef slíkir sölusamningar hefðu farið fram. — Ég ætla svo ekki að fara lengra út í þetta mál; ég varð að taka þetta fram, til þess að það stæði í þingtíðindunum við hliðina á ummælum hv. þm. Vestm. (**JJós**: Ég var aðeins að bera hönd fyrir höfuð sölusamlagsins). Ég var aðeins að svara óviðeigandi árás hv. þm. á *mig* út af þessu atriði.

***Magnús Jónsson**: Eins og nál. ber með sér, var ég ekki viðstaddur, þegar málið var afgr. í fjhn. Ég hafði þó hugsað mér að gera grein fyrir sérstöðu minni gagnvart frv. við þessa umr., en vegna tafa frá störfum mun ég geyma mér þá grg. til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 235 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Brtt. 219 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.
3. gr. samþ. með 9:3 atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 42., 43., 44. og 46. fundi í Ed., 4., 6., 8. 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Ed., 11. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 243, 235, 239, 244, 257, 262, 274, 291).

***Jóhann Jósefsson**: Herra forseti! Þegar benzínskatturinn var fyrst lagður á, var um leið gerð sú ráðstöfun í sjálfu frv., að þeim tekjuauka, *sem leiddi af þeirri hækkun innflutningsgjalds á benzíni frá því*, sem það var eftir lögum frá 1936, skyldi varið til að greiða kostnað við lagningu *akvega og malbikaðra þjóðvega*, eins og þar segir, og kom svo heilmikil upptalning af vegum viðsvegar á landinu, sem skyldu njóta góðs af *þessari skattaálagningu* á benzínið. Það er ekki óalgengt nú í seinni tíð að setja það í lög, sem ég tel þó óviðkunnanlegt, hvernig skuli verja þessum og þessum skattinum. En úr því að það er nú einu sinni svo, þá er að ræða málið á þeim grundvelli. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi vakað fyrir stj., þegar hún hækkaði benzínskattinn, að almenningur myndi líta mildari augum á þetta mál, ef þá yrði um leið gerð ráðstöfun til þess að bæta vegi landsins og þannig að gera ökutækjunum greiðfærara. Ég flutti þá við þetta mál brtt. í Ed., sem byggðist á því, að mitt kjördæmi, eins og allir vita, hefir algerlega sérstöðu í þessu máli, þar sem það er umflotið sævi á alla vegu. Frá Vestmannaeyjum koma bílar svo að segja ekki til meginlandsins, heldur eru þeir notaðir á Vestmannaeyjavegunum eingöngu. Brtt. fór í þá átt, að þetta kjördæmi, sem hefir alveg sérstaka aðstöðu, fengi að nota þetta gjald til vegalagningar með jafnrétti við aðra landsmenn, þannig að upphæðin af benzínskattshækkuninni gengi til að bæta vegi í þessu kjördæmi. Var hún nokkuð nákvæmlega reiknuð út 5 þús. kr., eftir því sem olíufélögin gáfu mér upp, að þau hefðu selt til Vestmannaeyja af benzíni. Það ætti að sjálfsögðu ekki að þurfa að eyða mörgum orðum um þetta, því að það er ekki annað en blátt áfram sjálfsagt réttlætismál, að þetta kjördæmi, sem hefir sitt vegakerfi fyrir sig og sína bíla fyrir sig og ber sinn benzínskatt fyrir sig, fái að nota fyrir sig samskonar friðindi í sambandi við skattaálagninguna eins og aðrir landshlutar. Af einhverjum misskilningi hafa sumir menn — það *kom fram þannig strax í byrjun* — talið sér skylt að leggjast á móti þessu, og settu það í samband við þá fjárveitingu, sem lögð er fram *til Vestmannaeyja til ræktunarvega*. Því var þá haldið fram af hv. þm. Mýr. til að byrja með, að þetta væri hliðstætt, að þar sem við fengjum til ræktunarvegarins, ættum við ekki tilkall til að fá okkar hluta af þessum benzínskatti. En ég sýndi hv. þm. fram á, og meiri hl. n. féllst alveg á það, að þetta væri hvort öðru alveg óskylt. Í fyrsta lagi er framlagið til Vestmannaeyja hreinn og beinn ágóði fyrir ríkissjóð, því að með ræktunarveginum er ríkissjóður að gera þessa sína eign verðmætari, og hver spotti ræktunarvegarins, sem lagður er í Vestmannaeyjum, býr til nýjar lendur og lóðir til afgjalda fyrir ríkissjóð. Þetta veit umboðsstjórnin vel, vegna þess að umboð kemur alltaf með nýjum og nýjum ræktuðum löndum, sem ríkissjóður fær tekjur af fyrir lagningu ræktunarvegarins. Og það má segja, að það sé gert fyrir Vestmannaeyjar, því að slíkir vegir hafa verið til margra hluta nytsamlegir og bætt mjög aðstöðu fólksins, en ríkissjóður á þetta land og gerir það vitaskuld fyrir sig líka, og fær eftir því meiri tekjur af því, sem hann leggur meira fé til ræktunarvegarins, eins og líka maklegt er. Samt sem áður er það svo, að framlagið til ræktunarvegarins er því skilyrði bundið, að bærinn leggi alltaf fé á móti. Og þessi ræktunarvegalagning, sem framkvæmd hefir verið í Vestmannaeyjum *síðan 1926, hefir verið framkvæmd bæði fyrir* fé úr ríkissjóði og bæjarsjóði. Þetta á því ekkert skylt við þessa fjárveitingu til vegalagninga, *sem veitt er í sambandi við benzínskattinn* — það vonast ég til, að menn skilji —, heldur eru þær fjárveitingar beinar og alveg án þess, að *nokkurt framlag komi frá hrepps- eða sýslufélaginu* á móti. Þess vegna eiga Vestmannaeyjar fyllsta rétt og tilkall til benzínskattsins. Ég vil þess vegna mega vænta þess, að fallizt verði á þessar röksemdir og að hv. d. sjái, að hér er ekki farið fram á annað en jafnrétti við aðra landshluta. Það verður ekki út skafið, að

þótt benda megi á kaupstaði viðsvegar á landinu, hafa Vestmannaeyjar alveg landfræðilega sérstöðu, sem enginn kaupstaður á landinu hefir. Ég vil minnast þess, að það hafa fleiri þm. tekið upp þessa hugmynd en ég, því að ég minnist þess, að ég sá á ferðinni brtt. frá hv. 9. landsk. þm. (JBald), sem fór í sömu átt, á síðasta eða næstsíðasta þingi, og vitaskuld er hún fram komin af því, að hv. 9. landsk. þm. hefir séð, að þetta var ekki annað en réttlátt og sanngjarnt, að þessi kaupstaður yrði ekki útundan, þegar hann verður hvort sem er að bera sinn hluta af benzínskattinum.

Ég á hér aðra brtt., en ég ætlast til, að hinn flm. mæli með henni.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla aðeins að ræða þá hlið málsins, er snertir úthlutun vegafjárins, sem fæst með benzínskattinum samkv. frv. Þetta frv. er að því leyti ólíkt tekjuöflunarfrv., sem hér hefir verið borið fram, að það er tekið fram í sjálfu frv., til hvers skuli varið tekjunum — benzínskattinum. Og það er gert til þess að tryggja það, að skatturinn verði ekki notaður til annars en lagningar á vegum.

Mér finnst nú í raun og veru, að mátt hefði hafa þetta svo, að sundurliðun hefði ekki verið í þessum lögum sjálfum, heldur í fjárlfrv. En þessi regla hefir nú verið upp tekin, og heyri ég, að margir eru á móti því, að frá henni verði horfið. Nú bið ég menn að taka vel eftir því, að fjvn. hefir í samráði við mig lagt mjög mikla vinnu í að reyna að samræma óskir manna um framlagið til vegaframkvæmda og annara framkvæmda í fjárlögum. Og innan n. hefir verið allra bezta samvinna með öllum stjórnmálaflokkum. Nú hlýtur það að vera þannig, að skipting á benzínvegafénu færi nokkuð eftir fjárveitingu til vega almennt. Og ég fyrir mitt leyti hefi þá skoðun, að það sé langsamlega eðlilegast að breyta ákvæði þessa frv. á sínum tíma eftir því sem réttlátast þykir við afgreiðslu fjárlaganna. Því í sambandi við það, fæst bezt yfirlit yfir þessi mál. Og nefndin vill eindregið framhald góðrar samvinnu á milli flokkanna um fjárveitingu til hvers einasta héraðs. Ég óska, að þeir, sem hafa flutt till. um breyt. á ákvæðum í frv., um niðurröðun benzínskattsins, fallist á að taka þær till. til baka, og mál allt verði tekið upp í sambandi við afgreiðslu fjárl. við 3. umr. Ég held, að allir hljóti að sjá, þegar svona gífurleg vinna er lögð í að samræma þessar kröfur, þá sé ákaflega erfitt að fara í deildum þingsins að slíta úr samhengi einstakar fjárveitingar. Ég fyrir mitt leyti hefði persónulega vel getað fallizt á að taka alveg ákvæðin um niðurskiptingu benzínskattsins út úr frv. En af þeirri ástæðu, að ýmsir eru því mótfallnir, mun ég ekki gera þetta að neinu kappsmáli, en vænti á móti, að sá skilningur eigi sér stað, og menn fallist á og taki þessu máli vel og verði samhentir við niðurröðunina í sambandi við fjárlögin. Það mun ekki vera nema einn maður úr stjórnarandstöðu, sem hér á sæti og líka á sæti í fjvn., og hann getur borið vitni um, hvort það er ekki rétt, að reynt hafi verið í n. og í samráði við mig að gera allt, sem hægt var til að samræma óskir manna að þessu leyti. Og ég efast ekki um, að hann er mér sammála um, hversu það yrði örðugt, ef hver einasti þm. í d. flytti brtt. við benzínskattinn, að ég segi ekki handahóf, en hætt við, að það, sem gert er hér, ræki sig á þá tilraun, sem við erum að gera í fjvn. (JBald: Hún er ekki alvitur). Ég veit, að hún er ekki alvitur, en það veit hv. 9. landsk., að í sambandi við störf fjvn. fæst bezt yfirlit yfir þessi mál. Og það vitum við, að fjvn. leggur sig í líma með viðtali við flesta þingmenn. En það er aldrei hægt að gera menn ánægða, því að allir fá minni fjárveitingu í sitt hérað en þeir hafa óskað. Með skírskotun til þess, sem ég hefi hér að framan sagt um það samkomulag, sem verið hefir og ég vona, að verði, um frágang á einstökum till. í fjvn., þá vona ég, að menn fallist á þessar röksemdir og taki till. til baka.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég var hér með 2 brtt. við þetta frv. Aðra flutti ég með hv. þm. Vestm. Fer önnur brtt. mín, á þskj. 235, fram á að breyta til um toll á ávöxtum, þurrkuðum og nýjum, og grænmeti. En af því að önnur brtt. kom fram á þskj. 239 sama efnis, frá hv. 2. landsk., hefi ég hugsað mér að taka mína brtt. til baka og fylgja d-lið hinnar brtt. Þar er það skýlaust, að það sé nýir ávextir og þurrkaðir, og nýtt og þurrkað grænmeti. Ég þarf ekki að fjölyrða mikið um brtt. Öllum þm. ætti að vera það vel ljóst, hversu það er afarnauðsynlegt að bæta úr því á viðunandi hátt, hve lítið við getum ræktað hér af ávöxtum. En það er ekki nóg, að innflutningur fáist á þessari vöru til landsins og hún verði aðeins fyrir hina efnuðu, heldur verður hún að vera það ódýr, að allur almenningur, og þá ekki síst sjúklingar, geti notið hennar. Þess vegna er ég þessu fylgjandi, að skipt verði í flokka, þannig að það, sem er stimplað með 30% gjaldi, verði eftirleiðis stimplað með 7% gjaldi. — Þá er hin brtt., sem ég flutti með hv. þm. Vestm., á þskj. 291. Fer hún fram á að taka úr 1. tölul. 1. málsgr 3. gr. ýmsar vörur, sem ætlaðar eru til útgerðar, og gera þær tollfrjálsar, eða réttara sagt, að undanþiggja þær stimpilgjaldi því, sem frv. ákveður. Það eru eingöngu vörur, sem ætlaðar eru til útgerðar, eins og ég minntist á. Og eins og öllum hv. þdm. er ljóst, hafa bæði komið frá útgerðarmönnum skýrslur um, hve hagur útgerðarinnar er slæmur, og einnig spannst þetta inn í umr. í gær, þegar talað var um síldarverksmiðjurnar. Þó að þetta í sjálfu sér sé ekki sú fúlga, sem hjálpi sjávarútveginum gegnum örðugleikana, þá álít ég a. m. k. skyldu þingsins að koma ekki fram einmitt á þessum erfiðleikatímum neinum álögum á útgerðarmenn, um leið og útgerðarmenn vonast til þess, að Alþingi geri eitthvað til þess að bæta þeirra hag frá því sem nú er. Það verður að vera sjálfsögð krafa til Alþingis, að það íþyngi ekki þeim atvinnuvegi, sem er orðin eins illa staddur og hann er orðinn og má segja um, að sé lífakkeri þjóðarbúskaparins. Ég vona þess vegna, að hv.

þd. samþ. þessar brtt. mína, því að þær fara ekki fram á annað en fulla sanngirni bæði til hinna fátæku í landinu, sem eiga erfitt með að ná í þær vörur, sem þeim er nauðsyn á til að halda hreysti, og svo að öðru leyti að taka tillit til þeirra erfiðu ástæðna, sem sjávarútvegurinn á nú við að búa.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég á hér eina brtt. á þskj. 274, um niðurskiptingu á benzínskatti. Ég gat þess hér við umr. þessa máls, að það væri sjálfsagt og rétt að skipta benzínskattinum til vega í samræmi við það, sem kæmi af benzínskattinum úr hverjum fjórðungi. En það hefir tekizt þannig til, að einum fjórðungi landsins hefir ekki verið ætlaður einn einasti eyrir af þessu fé. Hæstv. fjmrh. tók fram, að hann vildi skipta þessu sanngjarnlega, og ég vænti þess, að svo verði. En nú horfir þannig málum, að vegur í Vestfirðingafjórðungi, sem greinist frá meginbrautinni í Borgarfirði, Vesturlandsveginum, er nú, þegar kemur inn fyrir Bröttubrekku, þannig farið, að það þarf 11—12 þús. kr. til að gera hann þannig færan, að ekki þurfi að fara yfir stórt vatnsfall á leiðinni. Bílar hafa iðulega orðið fastir á sumrin, að heita má daglega í Miðá. Ég veit, að hæstv. vegamálaráðh. er vel kunnugt um þetta, þar sem hann hefir oft átt þar leið um. Nú fékkst í þennan veg í fjárl. 8 þús. kr., en þá vantar töluvert fé í hann enn. Nú fara nær allir Vestfirðingar, sem úr fjórðungnum fara landleiðina eða heim til sín, þennan veg, og því réðst ég í að reyna fyrir mér, hvort hv. d. vildi ekki sýna þá sanngirni að miðla í veg þennan nokkru af þessu fé. En yfirleitt horfir málið þannig fyrir mér, að ég legg ekki kapp á að fá þetta beinlínis sem benzínskatt til vegarins. Og ég segi fyrir mig, að í því trausti, að hæstv. fjmrh. fylgi nú fram þeim ásetningi sínum, sem hann virðist láta í ljós hér, að hann mundi stuðla að því, að fjvn. reyndi að gera skiptinguna á þessu fé enn sanngjarnari en áður, mundi ég geta tekið þessa brtt. mína aftur. — Ég vænti þess, að það verði litið á þetta mál rétt og sanngjarnlega, því að það varðar alla þá menn, sem ferðast landleiðina til Vestfjarða, þar sem það er eina leiðin, sem þangað liggur og bílfær á að heita. Ég ætla ekki að svo stöddu máli að ræða hin önnur atriði þessa frv., og læt því þetta nægja að sinni.

***Magnús Jónsson:** Ég á hér eina brtt., sem ég lýsti að nokkru í sambandi við brtt. við annað mál, sem var til umr. og atkvgr. fyrir nokkru síðan. Hún er á þskj. 262 og fer fram á, að nokkru meira af þeim skattauka, sem hér er um að ræða, verði látið ganga til bæjarfélaga og sveitarfélaga heldur en verið hefir. Þessi till. var í sambandi við till. frá mér um að lækka tillag ríkissjóðs til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, og ætlaðist ég til, að þessi tvö tillög vægju salt nokkurnveginn, þannig að ekki sé um annað að ræða en tilfærslu. Hin till. var felld, svo að það gæti legið nokkuð nærri að taka þessa till. aftur, með því að þessi till. fer fram á, eftir að hin er felld, nokkuð aukna byrði fyrir ríkissjóð. En þessi áætlun um það, hvað frv. þetta gefur af sér, er mjög lausleg. Hér er um svo gífurlega fjárhæð að ræða, þar sem er meira en hálf þriðja millj. kr. í nýjum skattauka, að 200 þús. kr. til eða frá — þó að það sé stór upphæð — gerir þar lítið strik í reikninginn, og getur meira að segja áætluninni skakkað um sem svarar þeirri upphæð. Þó hefir mér sýnzt, án þess að ég hafi getað prófað, svo að úr skeri, áætlunin frekar varleg, svo að ég get vel trúað, að ef allt gengur eins og von er til, að það gangi, og þessi skattur næðist inn t. d. samkv. 2. gr., að frv. gæfi af sér nokkuð fram yfir áætlun. Ég mun ekki að svo komnu taka þessa brtt. aftur, og sérstaklega vegna þess, að það liggur fyrir önnur brtt. um þennan sama lið frv., sem gengur út á það að láta þann hluta, sem runnið hefir til bæjar- og sveitarsjóða af þessum tekjustofni, falla alveg niður. Mér þykir rétt, að þessar till. vegi salt meðan frv. er í ferð, en það getur orðið samningaleið, hvort þær verða báðar teknar aftur, — ég býst við, að þær verði báðar felldar hvort sem er. Fleiri brtt. hefi ég ekki, og var ekki á fundi, þegar málið var afgr. frá fjhn., og hefi ekki hirt um að gefa sérstakt álit um það. Ég get þó sagt lauslega, að ég er ákaflega hræddur um, að þetta frv. verði þjóðinni allþungt. Ég get getið um það, þó að það skipti ekki máli, að það er frekar villandi í grg. (það vill svo til að það er svo villandi, að það sér það hver maður), þar sem talað er um að hækka aðflutningsgjaldið um 5% af þeim vörum, sem það er greitt af samkv. núgildandi l. Þetta er ákaflega fjarri sanni. Það er hækkað um 20 til 250%. Það er lagt á nýtt 5% gjald. (**Fjmrh:** Þetta er hártogun). Þetta er rangt í grg.; það er lagt nýtt 5% gjald á allar þessar vörur. En þetta lítur ósköp meinleisislega út, að hækka bara um 5%, það munar svo litlu. Hæstv. fjmrh. þýðir ekkert að hrista höfuðið yfir því. Þetta getur verið óvart skrifað, en það er gersamlega rangt orðað. Að hækka um 5% getur ekki þýtt annað en að hækkunin miðist við gjaldið sjálft. Og slík hækkun á viðskiptagjaldinu, sem þótti allmikið fyrir, er frá 20 og upp í 250%, og er alveg gífurlegt, — ofan á hinn geysilega hækkaða tekjuskatt, sem flestum mun hafa ofboðið, ofan á þessi 10%, það er að segja 10% ofan á 10%, sem farið var fram á í öðru frv., sem liggur fyrir. Ég fyrir mitt leyti læt í ljós mjög mikinn efa, að þetta innheimtist, nema með svo miklum herkjubrögðum, að tvísýnt sé fyrir ríkið að stefna út í. Ég geri ráð fyrir, að megi ná því af mörgum miðlungstekjumönnum eitt ár með því að selja innbú þeirra og annað, en það innheimtist ekki nema með slíkum herkjubrögðum, eins og nú er orðið víðast hvar með útsvörin.

Um frv. í heild sinni og þess verkanir, sérstaklega 3. gr., þar sem 20 til 250% hækkun á viðskiptagjaldinu er, og viðbótin, 2% nýtt gjald á flest af því, sem áður var frjálst, og svo 10% viðauki á alla skatta og þennan þar með, þarf engum getum að leiða, að verður stórkostlega til þess að hækka dýrtíðina í landinu. Og ég veit ekki, hvort menn eru eiginlega við þeim afleiðingum búnir, sem verða í aukinni dýrtíð í land-

inu með þessum hætti. Dýrtíðin fer nú vaxandi. Og það eru ákaflega sterkar kröfur uppi hjá verkamönnum og sjómönnum og fleirum um það, að kjör þeirra séu bætt. Ég veit ekki, hver treystir sér til þess að telja kröfur þessara manna ósanngjarnar; en hvernig á að verða við þeim kröfum, ef dýrtíðin er aukin með þessu gífurlega gjaldi. Verkamenn og sjómenn í Reykjavík eiga að lifa með sínar fjölskyldur á svona 3 og e. t. v. upp í 5 þús. kr., eftir því sem hverjum lánast að afla sér. Ég veit ekki, hvernig á að leysa þetta dæmi. En samtímis því, að þeir eiga réttlætiskröfu til umbóta á kjörum sínum, þá mæðir þessi skattur á þeim, sem eiga að gjalda þetta kaup. Ég held þess vegna, að með því að stofna til svona gífurlegra hækkana og þungra byrða á landsmenn sé stefnt út í þá mestu ófæru, sem við höfum átt við að kljást um okkar daga. Það þarf engum getum að því að leiða, að þetta eykur stórkostlega á erfiðleika okkar í viðskiptum við önnur lönd, kippir okkar gjaldeyri ennþá lengra úr tengslum við gjaldeyri annara landa, þar sem um leið eru svo harðvítugar ráðstafanir gerðar, að allt samband við gjaldeyri annara þjóða er slitið, þá verður mismunur á þessu ennþá meiri, og þar með ennþá meiri og áleitnari allar þær tilraunir, sem menn gera til þess að ná í þetta mikla verðmæti, sem er hinn erlendi gjaldeyrir. Ég er ákaflega hræddur um, að það viðfangsefni, að halda þarna aftur af, verði mjög erfitt, og erfiðara og erfiðara eftir því sem dýrtíðin í landinu eykst og okkar gjaldeyrir er settur lengra úr öllu sannvirði móts við þann erlenda.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. muni nú segja við mig, hvort ég sé vikinn frá þeirri góðu og heilbrigðu reglu, sem ég alltaf hefi haldið fram, að ætti að fylgja, að fjárlög verði að afgreiða greiðsluhallalaus. Og þá verða að vást þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, og meira að segja heldur meira. Ég held vitaskuld fast við þá reglu. Það er óhjákvæmilegt að fjárl. séu afgr. greiðsluhallalaus. Og ef ég ekki treysti mér til þess að fylgja svona mikið auknum byrðum á landsmenn og auka með því dýrtíðina í landinu svo gífurlega, sem hér er stofnað til, þá er ekki nema ein leið til, og hún er sú, að draga úr gjöldum fjárl. Og það verður fyrr eða síðar, sem að því kemur; það þarf engan spámann til að sjá það, að þjóðin verður að neita sér um eitthvað af því, sem hún nú hlýtur með slíkri afgreiðslu fjárl. Hún verður að leggja minna af mörkum til þeirra hluta, sem í sjálfu sér eru nauðsynlegir og mjög þarfir, a. m. k. flestir. Hún verður bara að neita sér um þá, alveg eins og einstaklingar verða iðulega að neita sér um margt af því, sem í sjálfu sér er þarft og gott, af því að peningar eru ekki til. Bóndi verður oft að neita sér um að reisa hús, sem í sjálfu sér er þörf á, eða gera aðrar umbætur á sinni jörð, af því að tekjur hans hrökkva ekki til. Alveg það sama er ég sannfærður um, að bíður þjóðarbúsins, að það verður að taka miklu fastari tökum á afgreiðslu fjárl. en hingað til. Það er kannske gott, að þetta frv. kemur fram, til þess með sínum 2 millj. og 600 og eitthvað þús. kr. skatti að sýna alveg svart á hvítu, að hér er komið á leiðarenda og verður að „ganga niður stigann", eins og einn góður þm. sagði hér nýlega. Það má náttúrlega færa það fram, að það eigi að létta á sjávarútveginum, t. d. útflutningsgjaldi af saltfiski. En það er ákaflega mikið blandað eitri í þann bikar þegar um leið þarf að hækka þær álögur, sem lenda beinlínis eða óbeinlínis ákaflega þungt á sjávarútveginum, svo að dálitill vafi er á, hvort ekki er lagt á með annari hendinni, sem létt er af með hinni um þær nokkur hundruð þús. kr., sem á að verja sjávarútveginum til hagsbóta. Ég gæti meira að segja trúað, að þessum 400 þús. kr. mætti verja þannig, að sjávarútvegi landsins, sem fyrir er, yrði mjög lítill léttir að. Ég mun þess vegna fyrir mitt leyti ekki treysta mér til að fylgja þessu frv. A. m. k. get ég greitt atkv. á móti því, á meðan ekki er endanlega gengið frá fjárl. og þar af leiðandi enn opin leið til þess að láta greiðslujöfnuð nást á einhverri annari fjárhæð. Hitt er annað mál, að ef meiri hl. þingsins er staðráðinn í að afgr. fjárl. í þeirri geipihæð, sem frv. er nú, þá má náttúrlega segja, að ekki sé um annað að gera en að afgreiða þær tekjur, sem þarf til að standast útgjöldin. En það er vissulega ekki langan tíma hægt að halda áfram á þeirri braut.

Guðrún Lárusdóttir: Ég á hér fáeinar brtt., fyrst við stafl. a, um kol og steinolíu. Hún er tekin aftur, en ég sé, að hún er komin fram á öðru þskj. Þó að ég máske geri mér ekki miklar vonir um, að brtt. mínar finni náð fyrir augum meiri hl. hv. þd., þá flyt ég þær samt, sökum þess að ég tel í raun og veru skyldu mína að hreyfa þó ekki sé nema lítils háttar mótmælum gegn hinni stóru íþyngingu, sem stöðugt er verið að fara fram á á þessu þingi. Og ég geri það með sérstöku tilliti til þeirra mörgu húsmæðra, sem ég fyrst og fremst tel mig fulltrúa fyrir hér á þingi. Þær vörur, sem ég hefi tilgreint og lagt til að lina toll á, eru einmitt vörur, sem engin einasta húsmóðir eða nokkurt heimili í öllu landinu getur án verið. Það er ekki hægt að segja annað, þegar litið er yfir þetta frv., en að það er sannkölluð hryggðarmynd af ástandi íslenzku þjóðarinnar, að það skuli æ ofan í æ vera íþyngt þeim fátæka almenningi, þeim atvinnulausa almenningi landsins, með sífelldum nýjum sköttum og tollum. Og nú á að fara að hlaða tolli á hvern einasta bráðarspotta og hvern einasta metra af fataefni, sem til landsins flyzt og menn þurfa sér til daglegs klæðnaðar. Ég skil ekki, hvað er lengi hægt að höggva í sama knérunn með slíku háttalagi.

Ég hefi með þessum till. reynt að gera lítils háttar tilraun til að benda á, hve hættulegt það er að íþyngja mönnum svona. Það kann að þykja lítilfjörlegt að minnast á kaffi, en ein brtt. mín fer fram á það að hækka ekki toll á kaffi. Sumir halda því fram, að kaffi sé enginn hollustudrykkur, en hvað sem líður skiptum skoðunum um það, þá er hitt vitað, að kaffið er nokkurskonar alþjóðadrykkur, og einnig okkar Íslendinga. Og ég fyrir mitt leyti tel fólkinu í landinu ekkert of gott að eiga þennan hress-

andi drykk nokkurn veginn með því verði, sem viðráðanlegt er að kaupa hann fyrir. Auðvitað er það margt fleira, sem mig langar til að fara fram á að létta tolli á. En það þýðir ekki neitt. Ég vildi þó leggja áherzlu á þetta, að því er snertir skófatnað og vefnaðarvörur allskonar. Það er talað um það í frv. að stimpla með 15% tolli allan skófatnað nema gúmmiskófatnað. Ég veit ekki, hvað heppilegt það er að undanþiggja aðeins slíkan skófatnað. Það er viðurkennt, að gúmmískófatnaður er með óhollari skófatnaði, sem fólk notar, enda þótt það verði fegið að grípa til hans, af því hann er ódýrari. Ég heyri glöggt og eftirtektarsamt fólk halda fram, að skófatnaður sá haldi raka að fætinum, og geti áhrif af slíku til langs tíma haft áhrif á sjónina til skemmda. Hvað hæft er í þessu, get ég ekki persónulega dæmt um, en ég hygg það eigi við einhver rök að styðjast.

Um vefnaðarvörur og allskonar vefnað er það að segja, að þær vörur eru svo dýrar hér í verzlunum, að lengra verður tæplega gengið. Auðvitað má segja, að við Íslendingar gætum komizt af án þess að kaupa eins mikið af erlendum vefnaðarvörum og við gerum, sökum þess að íslenzkar verksmiðjur eru farnar að framleiða allgóða vöru, og úr íslenzkri ull mætti t. d. búa til góð nærföt, prjónaföt, en þar er sá galli á gjöf Njarðar, að íslenzka varan er svo geysilega dýr, að fátækt fólk á óhægt með að kaupa hana. Ég hugsa að verðmunurinn t. d. á erlendum nærfötum og innlendum prjónanærfötum geti jafnvel verið ⅓ í mörgum tilfellum. Atvinnulitlir og fátækir menn, sem berjast í bökkum, kjósa heldur að kaupa það, sem er ódýrara, til þess að bæta úr brýnustu þörfinni í svipinn, heldur en að leggja í hitt, sem þeim er ókleift að kaupa, enda þótt ég skuli játa, að íslenzku prjónavörurnar séu miklu endingarbetri heldur en útlendu prjónafötin, sem hægt hefir verið að fá hér miklum mun ódýrari.

Hv. þm. Hafnf. hefir nú talað um, hver vandræði það eru að fá ekki ávexti til almennrar neyzlu. Hann er læknir og getur miklu betur en ég skilgreint hollustuhætti þessarar vörutegundar, en svo mikið er mér ljóst, og það vita allir, sem eitthvað hugsa um þessi mál, að ávextir eru einhver sú næringarbezta og hollasta neyzluvara, sem menn yfirleitt leggja sér til munns. Ég vil geta þess hv. þdm. til fróðleiks, að á hinni norrænu barnaverndarráðstefnu, sem haldin var í Kaupmannahöfn í fyrra sumar, þar sem mættir voru fulltrúar frá öllum norðurlöndum, var mikið rætt um næringarefni bæði fyrir börn og fullorðna, sérstaklega þó börnin, og þar létu danskir og sænskir læknar í ljós álit og umsögn um það, á hverju ætti fyrst og fremst að næra börn, og tilnefndu epli sérstaklega sem bezta næringarefni handa börnum, og lögðu mikla áherzlu á að börn á öllum aldri væru látin borða epli, og nóg af eplum. Hvað gerum við Íslendingar nú fyrir börnin okkar í þessu efni? og hvað getum við gert? Fyrst og fremst hefir verið svo torvelt að fá epli og aðra ávexti, að þeir hafa oft verið ófáanlegir, en þegar þeir hafa fengizt, þá hafa þeir verið svo gífurlega dýrir, að það hefir ekki verið nokkur leið fyrir fátækan almenning að kaupa þá. Fyrir fáum dögum gekk ég fyrir búðarglugga. Þar var skál, full af fallegum rauðum eplum. Það var verðmiði á skálinni, og á honum stóð 3 kr. kg. Hvað halda hv. þm., að verkamenn bæjarins t. d. og aðrir, sem lítil auraráð hafa, geti veitt börnum sínum mikið af þessu hnossgæti, sem þeirra börn ekki síður en önnur börn hafa gott af að borða? Á sama tíma sem epli voru annaðhvort ófáanleg eða ókaupandi sökum þess, hvað þau voru dýr, t. d. í október í haust, þá er búið að eyða í þessu landi svo tugum þúsunda skiptir fyrir tóbak og áfengi. Það eru engar hömlur á því, en ávextir, sem ættu að vera á hvers manns borði, eru á einskis manns borði, nema þá hjá þeim, sem afla sér þeirra á einhvern þann hátt, sem allur almenningur hefir ekki ráð á, því að það hefir svo sem flogið fyrir, að einstakir menn gætu fengið undanþágu á eplum inn í landið fyrir sinn reikning, kassa og kassa í einu. Hvað hæft er í því, veit ég ekki, en eitthvað mun vera til í því. Og víst er um það, að almenningur fær ekkert af þessu góðgæti. Sama er að segja um grænmetið. Við lifum í landi, þar sem ekki er hlaupið að því að rækta grænmeti, og þó að við getum á okkar stutta sumri framleitt nokkuð af ýmsu grænmeti, þá eigum við svo erfitt með að geyma það, því að svo tekur við langur, sólarlaus vetur, skammdegi og myrkur, og þá er ekki um annað að ræða en kartöflur og rófur, sem auðvitað er gott til næringar og heilnæmt, þegar það er ekki skemmt, eins og oft vill verða, og t. d. nú, þegar skemmd er í kartöflum mjög víða. Fæða okkar Íslendinga er ekki svo margbreytileg, að okkur veiti af að flytja inn í landið nokkurnveginn kvaðalaust og við viðráðanlegu verði ávexti og grænmeti almenningi til matar. Ég vil benda á tvær tegundir ávaxta, sem allar húsmæður telja eins nauðsynlega og brauð og smjör, en það eru sveskjur og rúsínur. Hvað er langt síðan húsmæður Reykjavíkur hafa bætt sér og heimilisfólki sínu í munni með þessari ágætu vöru? Þeir munu tæplega hafa fengizt nokkursstaðar á þessu ári, og er það illa farið, því að auk þess sem rúsínur eru með allra ljúffengustu ávöxtum, þá er hér um að ræða hreinasta heilsulyf. Sveskjur hafa þau efni inni að halda, að sjúklingar geta alls ekki komizt af án þeirra. Sjúkrahús hafa að vísu fengið þessa ávexti að einhverju leyti á árinu, en almenningur alls ekki, og þó er það með almennings hag fyrir augum, sem Alþ. á fyrst og fremst að starfa. Hvað sem um brtt. minar verður, sem ég tel nauðsynlegt, að verði samþ., þá vil ég samt leggja aðaláherzluna á síðustu brtt., sem er um það, að hinn geysilegi tollur, sem á ávöxtum er, mætti niður falla og að hægt væri að fá meiri gjaldeyri en fengizt hefir fyrir þessar vörur, sökum þess að þetta er stórnauðsynlegt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, og ég vil segja, að það sé engu síður stórnauðsyn frá menningarlegu sjónarmiði, því að ég veit, að það þykir einkennilegt afspurnar, þegar það berst út til annara þjóða, að fólkinu

á Íslandi sé bannað að neyta ávaxta, neyzluvöru, sem er á hvers manns borði, þegar komið er út fyrir pollinn. Ég skil ekki heldur, að það velti svo þungu hlassi í þjóðarbúskapnum, þó að þessi vörutegund *fengist flutt til landsins* með nokkuð hægara móti en verið hefir og við því verði, sem almenningur getur ráðið við. Hv. þdm. mega vera þess fullvissir, að hér mæli ég fyrir munn allra húsmæðra í landinu, og ef þeim er nokkuð annt um, hvað húsmæður leggja til málanna, og virða starf þeirra nokkurs, þá vil ég skora á þá að samþ. þessa till., því að hún á fyllsta rétt á sér.

***Jóhann Jósefsson:** Það var sérstaklega út af tilmælum hæstv. fjmrh., sem ég ætla að svara nokkrum orðum. Hann taldi, að hv. fjvn. hefði lagt sig ákaflega mikið í líma til þess að skipta vegafénu, bæði því, sem stendur í sambandi við benzínskattinn, og öðru vegafé, og fór fram á, að menn tækju aftur þær brtt., sem hér eru fluttar við þetta frv. Það má vel vera, að hv. fjvn. hafi lagt sig fram í þessum efnum, en ég verð að segja það, að ég get ómögulega fellt mig við það, að skiptingin á vegafénu sé eins og hún hefir farið fram að því er snertir mitt kjördæmi. Með þeirri hækkun, sem varð á vegafénu við 2. umr. fjárl., mun það vera nálægt 400 þús. kr., sem ætlazt er til, að fari til nýrra vega, til fjallvega og sýsluvega, fyrir utan það, sem lagt er til sýsluvegasjóða, sem er 60 þús. kr. Ef tekin er lægri talan, þá eru mínu kjördæmi ætlaðar af þessu fé einar 6000 kr., en þó ekki skilyrðislaust, heldur því aðeins, að íbúar kjördæmisins leggi fé á móti, og þó er þannig ástatt um þetta kjördæmi, að ríkið á þar hvern lóðarblett, að einni einustu verzlunarlóð undanskilinni. Ég vonast til, að hv. þdm. skilji, að ég get ekki verið ánægður með þessa skiptingu hv. fjvn. og að till. mín um, að réttmætt tillit sé tekið til okkar Vestmannaeyinga við skiptingu benzínskattsins, er á miklum rökum reist, eins og ég sýndi fram á í minni fyrri ræðu; svo að það er óþarft að endurtaka það. Af reikningi ríkisins fyrir 1935, sem hér er lagður fram, sést, að af hér um bil 13688000 kr. heildartekjum ríkisins fara 550 þús. kr. til Vestmannaeyinga, og ef þátttaka þeirra í því að afla tekna í ríkissjóð er borin saman við það, sem við berum úr býtum til allra hluta, þó að ég tali ekki beinlínis um vegaféð út af fyrir sig, þá er það sýnilegt, að þetta kjördæmi er ákaflega mikið afskipt. Hér við bætist svo, að Vestmannaeyjar hafa hingað til ekkert fengið til fátækrajöfnunar og þær hafa setið við mjög skarðan hlut við úthlutun atvinnubótafjárins. Ég treysti mér ekki sem fulltrúi kjördæmisins að slaka þannig til á réttlætiskröfunum fyrir byggðarlagið. Ef hæstv. ráðh. hefði látið hv. n. koma með brtt. um að taka út úr frv. gersamlega alla niðurskiptingu, þá skyldi ég ekki hafa haldið því til streitu, að mín till. væri borin upp, en þar sem nú er þannig komið, að í þessu frv. er komin niðurskipting á benzínskattinum, og hæstv. ráðh. ætlast til, að það haldi áfram og frv. fari þannig til hv. Nd., þá sé ég ekki, að það geri neinn principsmun, þó að sú till., sem ég flyt vegna Vestmannaeyja, kæmi þarna inn í. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. skilji, að það er ekki af óliðlegheitum eða þrjózku af minni hálfu, að ég vil ekki taka *till. aftur, heldur* vegna þess að ég ber ábyrgð á því fyrir mínum kjósendum, að haldið sé fram réttmætri kröfu þeirra, og ég er sannfærður um, að þeir mundu alls ekki fella sig við þá afgreiðslu, sem á þessu yrði, ef ekkert tillit yrði tekið til Eyjanna að því er benzínskattinn snertir.

Hér hefir verið talað um frv. á víð og dreif. Ég vil ekki fara út í þær umr. eða endurtaka það, sem aðrir hafa sagt. Ég er því mjög samþykkur, að þetta muni í reyndinni verða mjög þungur skattur á þjóðinni, og þó að nauðsynlegt sé, eins og fjárl. eru úr garði gerð, að ná inn peningum í ríkissjóð — það viðurkenni ég —, þá eru víst allir nokkuð sammála um það, að þær byrðar, sem hér er um að ræða í heild sinni, fari að verða nokkuð þungbærar, en einkum og sér í lagi vekur þetta þó óánægju, ef ekki er leitazt við að sýna lit á því að taka hæfilegt tillit til þarfa hinna ýmsu kjördæma. Hér er um að ræða skatt að upphæð hátt á 3. millj. kr., og ég sé ekki, að það ætti að geta verið *miklar deilur um það, hvort þessi litla brtt.* mín geti fengið samþykki.

Það var nokkuð minnzt á ávexti af hv. 2. landsk. Ég er samþykkur því, að þessi nýi skattur verði ekki lagður á ávexti, en annars eru ávextir orðnir svo tollaðir og skattlagðir, ég vil ekki segja, að það muni nú minnstu, þó að þessi hækkun bætist við, því að ávextir eru sem sagt ókaupandi í þessu landi, vegna þess hvað þeir eru dýrir, enda er það von, því að samanlagður þungatollur og verðtollur á ávöxtum nemur hér um bil 33% af verði vörunnar. Í l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkisins frá 1935 hefir ávallt verið heimild fyrir fjmrh. til að undanþiggja ávexti þeim 25% tolli, sem þá var á þá lagður, en sú heimild hefir því miður ekki verið notuð, og þó getur þetta ekki verið stórt atriði fyrir ríkissjóð, vegna þess að innflutningur ávaxta hefir verið ákaflega mikið torveldaður, þar sem hann er nær bannaður, og hefði ríkissjóður því aldrei getað orðið fyrir neinum stórum halla af því, þó að hæstv. ráðh. hefði notað þá heimild, sem hann hefir í l. til að undanþiggja ávexti frá skatti, og þá heimild hefir hann enn þann dag í dag. Hæstv. ráðh. hefði verið innan handar að gera þetta og með dálítilli verðbreyt. á áfengi ná inn mismuninum í ríkissjóð, en réttara væri að hafa áfengið dýrara, en gera ávextina ódýrari.

Ég sé, að hér er till. frá hv. fjhn. um að undanskilja steinolíu, kol og salt frá þessum nýju skattaálögum, og að vísu má segja, að það sé spor í rétta átt að hækka ekki toll á þessum vörum, en hitt vita menn, að það eru fyrir gjöld á öllum þessum vörutegundum, og þau allþung. Samt sem áður er það vel til fallið, að ekki á nú að þyngja skattinn á þessum nauðsynjavörum.

Ég skal svo ekki að þessu sinni fjölyrða meira um þetta mál, en ég vænti þess, að menn sýni Vestmannaeyingum sanngirni með því að sam-

þ. till., sem ég hefi lagt fram um skiptingu benzínskattsins.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að tala fyrr en búið er að mæla fyrir brtt. á þskj. 326, frá hv. meiri hl. fjhn.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hafði ætlað mér að koma fram með brtt., þar sem ákveðið yrði að leggja nokkurn hluta af benzínskattinum í veg, sem liggur frá Hólmavík og vestur til Nauteyrar, en eins og menn hafa sennilega veitt athygli, er engu af þessum benzínskatti, sem nú er mikið deilt um, ætlað að renna í vegi í Vestfirðingafjórðungi, og ég verð að segja það, að ef meta á, í hvaða vegi benzínskatturinn yfirleitt eigi að renna, þá tel ég hiklaust réttlátara, að nokkur hluti hans renni þangað heldur en til Vestmannaeyja, þar sem vegaþörfin er óneitanlega ekki mjög mikil og vegalengdir svo stuttar, að þörf fyrir bílvegi er yfirleitt ekki aðkallandi. Þess vegna álít ég það meira ranglæti, ef skilja á eftir heilan fjórðung, sem ekkert á að fá af benzínskattinum, heldur en þó að Vestmannaeyjar verði látnar sitja á hakanum, þar sem verulegur hluti benzínskattsins rann einmitt til Vestmannaeyja á síðasta ári, en þá fékk Vestfirðingafjórðungur heldur ekkert. Hinsvegar mun ég verða við þeirri ósk hæstv. fjmrh. að koma ekki fram með þessa till. í sambandi við þetta frv., því að ég er í raun og veru þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að vera ákvæði um það í þessum l., hvert benzínskatturinn skuli renna, og það er fyrirsjáanlegt, að slík ákvæði munu leiða til þess, að um þetta verði stöðugur reipdráttur utan við fjvn., sem endar á þann hátt, sem nú horfir. Annars vil ég segja það um vegina yfirleitt, að ég sé ekki betur en að það sé búið að leggja það mikið í vegi í þessum fjárl., að yfirleitt sé ekki hægt að ganga lengra heldur en gert hefir verið. Ég hygg, að framlög til nýrra vega séu hærri heldur en þau hafa verið um margra ára skeið.

Viðvíkjandi benzínskattinum er það að segja, að það er auðséð, þó að það ætti ekki að ræða um það í þessu sambandi, að það er ekki hægt að komast hjá því að taka upp þá reglu, og verður að gera innan skamms, að hækka benzínskattinn og nota hann eingöngu til vegaviðhalds. Það er það eina rökrétta, og það er eðlilegt að láta benzínskattinn og vegaviðhaldið standast á, en að ríkið leggi fram fé til nýrra vega. Ég ætla þess vegna að lýsa yfir því, að ég mun hætta við að koma fram með þessa brtt., sem ég ætlaði að koma með, og ég sé ekki betur en það sé sjálfsagt að fella þær brtt., sem hafa komið fram í sambandi við þetta frv.

Það er eitt atriði enn, sem ég get ekki komizt hjá að minnast á, fyrst ég fór að ræða um þetta. Það er búið að ræða svo oft um það án þess að því hafi verið svarað. Það er þessi söngur um ávextina, sem hefir endurtekið sig hér í hv. d. Það er ekki hægt að neita því, að það er í sjálfu sér þarft og gott, að hægt væri að flytja ávexti til landsins til neyzlu, en þær fullyrðingar, sem fram komu í sambandi við þetta mál, eru þannig vaxnar, að það er ekki hægt að komast hjá að svara þeim. Ég hygg, að síðasta árið, sem ávextir voru fluttir til landsins, þannig að leyfi voru veitt nokkurn veginn óhindrað, hafi verið fluttir inn ávextir fyrir um ½ millj. kr. Mikið af þessum ávöxtum var skemmd og óhollt vara, og sumu af því, sem flutt var inn, varð beinlínis að kasta, og það í stórum stíl. Það er því tvímælalaust, að þessi vara, sem þannig var keypt inn í landið, þegar ávextirnir voru fluttir nokkurn veginn óhindrað til landsins, var einhver dýrasta vara, sem hingað flyzt, og mikið af henni einhver sú óhollasta vara, sem hingað kemur, en þessi vara er alltaf dýr í höndum þeirra, sem með hana verzla, svo að almenningur getur ekki keypt hana og kemur aldrei til með að nota hana neitt að ráði. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. upplýsi það, hvað tollurinn er mikill hluti af verði ávaxtanna, sem fluttir eru til landsins. Þegar verið er að staðhæfa, að krafa komi fram frá miklum hluta húsmæðra landsins um, að þessi vara sé almennt á borðum allra manna í landinu, þá getur ekki annað verið en að talað sé á móti betri vitund. Það er vitanlegt, að nú um áratug hafa ávextir svo að segja ekki sézt á flestum sveitaheimilum landsins, nema á hátíðum og tyllidögum, ef þeir hafa þá sézt þar.

Af því að svo mikið hefir verið rætt um ávexti í þessu sambandi, sem hér hefir verið gert, talaði ég við dr. Skúla Guðjónsson, sem mikið hefir rannsakað, hvaða matarhæfi sé hollast og nauðsynlegast fyrir okkur. Ég spurði hann, hvort það væri ekki nauðsynlegt fyrir okkur að flytja inn ávexti. Svar hans var: Að vísu er mjög gott að geta flutt inn sítrónur. Líka væri gott að fá aprikósur. En þegar væri verið að tala um innflutning ávaxta yfirleitt við fólkið, þá væri bezt að líta til okkar jafnaldra, sem aldir væru upp í sveit, hvernig heilsa þeirra væri. Þeir sáu svo að kalla aldrei ávexti fyrr en þeir komust á fullorðins ár. Dr. Skúli Guðjónsson hefir verið að rannsaka m. a. fæði Færeyinga, og munu líklega koma bráðlega út eftir hann skýrslur, sem sýna það, að okkar gömlu fæðutegundir, sem notaðar hafa verið hér á landi um aldir, eru margar alveg eins ríkar að vítamínefnum eins og ávextir þeir, sem hér er verið að flytja inn. Það er vitað mál, að 90% af öllum unglingum, sem aldir hafa verið upp á þessu landi, hafa alls ekki neytt ávaxta, þó að þeir hafi verið fluttir inn hindrunarlaust, hvað þá heldur nú, þegar dýrtíð er og fólkið verður að spara. Nánari rannsóknir munu eiga eftir að leiða í ljós, að við eigum svo margar góðar fæðutegundir, að fólkið geti lifað á þeim án ávaxta bezta lífi, eins og það hefir um margar aldir komizt vel af með. Þess vegna er þessi stöðugi söngur um, að ávextir eigi að vera á hvers manns borði, ekkert annað en bláber blekking. Sömuleiðis er verið að koma því hér að, sem notað hefir verið til áróðurs og rógs í einstökum blöðum, að það hafi, eins og hv. 2. landsk. kastaði hér fram, verið til handa einstökum mönnum leyfður innflutningur á kassa og kassa af ávöxtum. Það eru vitanlega einstakir menn hér á landi, sem hafa fengið læknisvottorð um — og það öllu meira

þó þeir menn, sem þessum rógi hefir ekki verið haldið að —, að vegna heilsunnar þyrftu þeir að neyta ávaxta. Það eru nokkrir þekktir menn af flokki hv. 2. landsk. Er ekkert um það að segja. En t. d. um þann róg, sem ég gat um, get ég þess hér, að ég fékk kassa frá útlöndum í sumar. Vitanlega var það undir eins komið í blöðin hér í Rvík, að ég hefði fengið ávaxtakassa sendan mér privat. (**JBald:** Hvað var í kassanum?). Síðan hefir það orðið að orðtaki: „Hvað var í kassanum?“ En í honum voru niðursuðuvörur, sem Halfdan Henriksen sendi mér, vegna þess að hann vissi, að við vorum að vinna að því að setja upp niðursuðuverksmiðju hér heima. En þetta var samstundis gert að ávöxtum, til þess að halda uppi rógi. Þau skrif og ræður, sem haldið hefir verið uppi um ávaxtainnflutninginn, eru algerlega óforsvaranlegur og óheiðarlegur málflutningur. Og ef einhverjar ráðstafanir ætti að gera í þessu máli, þannig að hægt væri að flytja inn ávexti, þá ættu þessir hv. þm., sem mest tala um nauðsyn ávaxtanna, að setja upp innflutningsstofnun, sem seldi þá ódýrar en kaupmenn hér gera nú. Hér í Rvík er nú selt á 3 kr. hvert kg. af eplum. Tollurinn á þeim er 22 aurar á kg. Þannig er okrað á þeim af þeim, sem selja þau. Þetta vildi ég láta sjást í Alþt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég á hér eina brtt., á þskj. 244, í þá átt að fella niður síðustu málsgr. 2. gr. frv. Enda þótt hv. 1. þm. Reykv. sé búinn að mæla fyrir henni að nokkru leyti, finn ég ástæðu til að bæta við það nokkrum orðum.

Eins og mönnum er kunnugt, er það tekið fram, að sá tekjuauki, sem í 2. gr. getur, frá þeim mönnum, sem hafa hærri tekjur en 7 þús. kr., skiptist til helminga á milli þess bæjarfélags, sem maðurinn er búsettur í, og ríkissjóðs. Þeir menn, sem komast yfir 7 þús. kr. tekjur, eru í raun og veru í mjög fáum bæjar- eða sveitarfélögum í landinu, og flestir hér í Reykjavík. Það er gert ráð fyrir því í fjárlfrv., að um 200 þús. kr. komi inn á þennan hátt og annan álíka, sem þessi sveitar- og bæjarfélög fái, og þá fyrst og fremst Reykjavík. Nú er hér úr þessari hv. d. afgr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að jöfnun komi til milli bæjar- og sveitarfélaga, svo að mér virðist, að sú ástæða til að hafa þetta svo, sem kannske hefir verið til staðar, þegar þetta var samþ. á sínum tíma, yrði ekki lengur til, að þessu þingi loknu, og þess vegna vil ég láta fella þetta niður. Ég þykist líka sjá fram á, að annarsstaðar verði auknar tekjur ríkissjóðs, til þess að fjárl. verði afgr. tekjuhallalaus. Og það kvaðst hv. 1. þm. Reykv. vilja gera, eða þá skera einhversstaðar niður af fjárl. Og þá finnst mér handhægt, þar sem ekki er hægt að finna nein gild rök fyrir að þau bæjarfélög, þar sem þessi gjöld eiga að greiðast, fái þennan skatt, að fella niður ákvæðið um, að helmingurinn renni til bæjar- eða sveitarfélaga, heldur sé hann látinn renna til ríkissjóðs óskiptur til að jafna hallann á fjárl.

Þá talaði hv. 1. þm. Reykv. um, að ef frv. þetta yrði samþ., mundi slíkt auka dýrtíð í landinu að miklum mun Ég geri nú ráð fyrir, að eitthvað sé til í þessu. En hvernig er þetta hér í Reykjavík? Er ekki hátt upp í það sama upphæð og ætlazt er til að ná í ríkissjóð á þennan hátt, tekin, ekki með útsvörum á venjulega borgara hér í bænum, heldur með álagi á vörur, sem þeir neyta, með því að leggja það sem rekstrargjald á þá menn, sem verzla hér í bænum? Ég held því, ef hv. 1. þm. Reykv. vill hafa áhrif til þess að draga úr dýrtíð hér í Rvík, gæti hann gert kjósendum sínum töluverðan greiða með því að eiga þarna hlut að máli og láta þennan hluta dýrtíðarinnar hverfa með því að leggjast beint á þá menn, sem gjaldþolið hafa, en leggjast ekki á alla, sem vörunnar neyta. Það er heilbrigðara að leggja skatta á þá, sem bezta hafa getu til að borga. Þess vegna finnst mér ástæðulaust að halda í þessa gr. eftir að bæjarfél. og sveitarfél. fá jöfnun eftir l., sem voru afgr. frá þessu þingi nú fyrir nokkrum dögum.

Ég geng ekki að nokkru samkomulagi við hv. 1. þm. Reykv. um, að báðar brtt. verði teknar aftur. Ég vil þá heldur láta þær báðar falla, ef svo vill verkast. En samt vona ég, að mín till. verði samþ., en hans felld.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það hefir nú ekki komizt á, að fjhn. hafi tekið þær brtt., sem fyrir liggja, til meðferðar í heild sinni, með fram vegna forfalla form. n. nú undanfarið. Ég get því ekki beinlínis sagt um afstöðu n. til allra þeirra brtt., sem fyrir liggja um málið. En ég vil taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að eðlilegast væri, að skiptingin á þessu benzínfé færi fram í hv. fjvn. og sameinuðu Alþ., samkv. till. þeirrar n. En af því leiðir, að ég hefði talið langeðlilegast að hafa ekki þessa skiptingu í frv. Það er hinsvegar ekki nema eðlilegt, úr því að þessi skipting á benzínfénu er í frv., að hv. þdm. beri fram brtt. við það um þessa skiptingu, eftir því sem þeir óska.

Yfirleitt er búið að taka upp þá tilhögun, að fjárveitingar eru samþ. í sameinuðu Alþ., og mér finnst, að það ætti að vera svo um þetta, en að þetta benzínfé skiptist ekki með þessum sérstöku l. Ég hefi skrifað brtt. um það, að skiptingin á benzínfénu fari eftir ákvæðum fjárl. En það hefir nú ekki náðst samkomulag um þetta í fjhn., að bera þessa brtt. fram, og þess vegna hefi ég nú ekki afhent hana enn. En það getur vel farið svo, að ég afhendi hana áður en þessari umr. lýkur. Og ég vildi skjóta því til hæstv. ráðh., einmitt út af hans ummælum, hvort hann vildi ekki rannsaka möguleika á því, hvort brtt., sem ég hefi skrifað og ég gat um, gæti ekki orðið samþ. Ég verð að segja það, eins og ég reyndar gat um við 1. umr. þessa máls, að ég er óánægður með það, hvernig skiptingin er á benzínpeningum í frv. Og ég hefði flutt brtt. við það, ef ég hefði ekki einmitt verið að hugsa um þessa leið, að taka skiptinguna á þessu fé algerlega út úr frv. og berjast svo um þetta framlag á öðrum vettvangi, sem ég tel vera réttari til þess.

Annars finnst mér það vera rangt, sem hér hefir komið fram út af þessu, að ekkert fari

til Vesturlands af þessum peningum. Það getur kannske verið, að Vesturland hafi litið gagn af veginum yfir Holtavörðuheiði. En á Vesturlandi er nú samt sá vegur (ÞÞ: Sá vegur er ekki nema að nokkru leyti í Vestfirðingafjórðungi). Ég hélt, að hann miðaði við Hrútafjarðará. (ÞÞ: Hann nær nú aðeins stutt norður fyrir sýslumörkin).

Út af brtt. á þskj. 262, frá hv. 1. þm. Reykv. vil ég benda á það, sem hann reyndar benti á sjálfur, að þessi brtt. var borin fram í beinu sambandi við aðra brtt. frá honum við annað frv. Sú brtt. hans var felld, og þar af leiðandi kemur ekki til neinna mála, að þessi brtt. hans nú verði samþ. Undrast ég næstum, að hann skuli ekki hafa tekið hana aftur, þar sem þessar brtt. voru í svo beinu sambandi hvor við aðra.

Þessi hv. þm. og fleiri hafa verið að tala um, að það væru há gjöldin, sem lögð væru á þjóðina samkv. þessu frv. Má það að vísu að nokkru leyti til sanns vegar færa. Þessi hv. þm. var einnig að tala um, að það væri réttara að lækka útgjöldin á fjárl. heldur en að bera fram nýjar till. um aukna skatta á þjóðina. Ég fyrir mitt leyti er nú ekki svo mjög ósammála þessu. En ég hefi bara ekki orðið þess var, t. d. frá hans flokki, að neinar sparnaðartill. svo nokkru nemi hafi fram komið. Og það virðist ganga litið með það, þó að hann og hans flokksmenn hafi talað um þennan sparnað á ríkisfé, að það þurfi að skera niður útgjöld á fjárl. o. þ. h. Þetta er talað um með svona almennum orðum, en ekki bent á, hvað hægt sé að spara og skera niður. Og meðan svo er, er ekki um annað að gera en að reyna að útvega tekjur, til þess að ríkissjóður standist þau útgjöld, sem menn eru nokkuð sammála um að hafa á fjárl. og þjóðin krefst. Ég vil, að þeir sömu hv. þm., sem bera fram till., sem kosta fé, og það ekki svo litið, komi einnig með till. til að standast útgjöldin. — Það er hreint ekki svo gott að samríma tal og till. hv. sjálfstæðismanna í þessum efnum.

Meiri hl. fjhn. ber hér fram brtt. á þskj. 326. Það hefir mikið verið talað um það hér í sambandi við þetta mál, að það væri nú ekki fært að auka gjöld á þeim vörum, sem sérstaklega þyrfti að kaupa til útgerðarinnar; sjávarútvegurinn stæði ekki svo vel að vígi nú, að það væri fært. Meiri hl. fjhn. hefir fallizt á það, í samráði við hæstv. fjmrh., að leggja til, að felldur sé niður þessi skattur af þeim vörum til útgerðarinnar, sem mestu máli skiptir, af kolum, salti og steinolíu. Og n. hefir þá talið rétt, að þar fylgdu einnig með beinar framleiðsluvörur til landbúnaðarins, svo sem áburðarefni og girðingarefni. En því er nú miður að fjvn. sá ekki annað fært en að leggja til, að tveir aðrir liðir yrðu hækkaðir til þess að standast þetta, og ennfremur til þess, að frv. í heild sinni gæti orðið til þess að jafna þann halla, sem þegar er orðinn á fjárlfrv. Þess vegna ber n. einnig fram till. um, að 7% fl. verði hækkaður upp í 8% og að hinn almenni viðauki í frv. verði hækkaður úr 10% upp í 11%. Þessir tveir liðir gera að vísu eftir áætlun heldur betur en að vega upp á móti niðurfellingu tollsins á útgerðarvörum og framleiðsluvörum til landbúnaðarins, sem nefndar eru í brtt. á þskj. 326,I,1,a-c. En það veitir ekki af því, eftir því sem nú lítur út með fjárl.

Hér hefir nú verið borin fram brtt. á þskj. 291 um það, að undanþiggja miklu fleiri vörur þessu gjaldi heldur en við leggjum til, vörur, sem ætlaðar eru til útgerðarinnar. En meiri hl. n. getur ekki fallizt á þá brtt., ekki fyrir það, að þetta mundi í raun og veru muna svo miklu, heldur meira sökum hins, að þegar farið væri að telja upp svo margar vörur, sem ættu að vera undanþegnar tolli, þá er nú hætt við, að það kæmu fleiri till. í sömu átt; og yrði þá erfiðara að standa á móti þeim, ef þessar brtt. yrðu samþ. Auk þess sýndist mér, að þetta mundi verða erfitt í framkvæmd, t. d. að hafa þetta gjald á kolum, sem ekki eru ætluð til útgerðar, en undanþiggja kol til útgerðarinnar o. s. frv. Ég er ákaflega hræddur um, að þetta mundi verða erfitt í framkvæmd. En með því að samþ. brtt. okkar meiri hl. fjhn. hygg ég, að fyrir því sé séð, að þessi nýi gjaldaauki verði ekki sérlega tilfinnanlegur fyrir útgerðina sérstaklega.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég tel, að ekki verði hjá því komizt að svara nokkuð sumu af því, sem komið hefir fram við umr. um þetta mál. Vil ég þó sem minnst lengja umr.

Ég vil þakka hv. 6. landsk. (ÞÞ) fyrir það, að hann hefir lýst því yfir, að hann taki aftur till. sína um niðurskiptingu benzinskattsins, og sömuleiðis þakka ég öðrum hv. þm., sem hafa haft í hyggju að flytja slíkar till., að þeir hafa fallizt á að láta þær ekki koma fram. En ég varð fyrir vonbrigðum, að hv. þm. Vestm. vildi ekki taka aftur sína till. Vil ég þess vegna skora á hv. þdm. að fella hans till., til þess að þetta geti komið allt til athugunar í heild, eins og ég lagði til. Því að ég legg mikla áherzlu á, að ekki verði spillt því samkomulagi, sem reynt hefir verið að hafa um afgreiðslu þessara fjárveitinga yfirleitt, þó aldrei nema þessi vegur verði settur inn í l. um tekjuöflunina. Þar að auki lít ég svo á um Vestmannaeyjakaupstað, ef hann hefir 6 þús. kr. fjárveitingu til vega, þó að kallað sé til ræktunarvega, að hann, miðað við aðra kaupstaði og enda líka önnur kjördæmi, megi vel við una. Þetta er mín persónulega skoðun.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á það, að þó að sínar till. yrðu samþ., þá myndi ekki þurfa að kvíða því, að tekjur samkv. frv. reyndust ekki eins og áætlað er. Ég skal upplýsa það, sem hann kannske ekki veit, af því að hann var ekki viðstaddur á fjhnfundi, — kannske mín vanræksla —, að áætlunin í frv. er miðuð við innflutning 1936, og við höfum alveg miðað við, hvernig viðskiptagjaldið er sundurliðað það ár í flokka, og eigum því að geta gert nákvæmar áætlanir, miðað við næsta árs verð eins og 1936. Það er ekki gott að segja, hvort meira eða minna verður innflutt. En árið 1936 var töluverður innflutningur, þar sem allmikið var framkvæmt í mörgum greinum, og fyrst er varlegra að tefla

á tæpara vaðið en miða áætlanirnar við það. Ég mun ekki fara almennt út í að ræða það, sem hann hélt fram um málið, sérstaklega atriði, sem við margoft höfum rætt um hér áður í sambandi við önnur mál, og mun ég þess vegna ekki segja neitt um hans sjónarmið yfirleitt.

Þá er það um brtt. á þskj. 239; þær hafa verið aðaltilefni til aths. frá minni hálfu. Forsrh. hefir tekið af mér ómakið að verulegu leyti, er snertir umr. um ávaxtainnflutning og ávaxtatoll. En ég vil þó endurtaka það, sem hann sagði, sem er aðalatriði málsins, að ávextir eru seldir hér nú á 3 kr. kg. Ég hygg heppilegt, að af þessum 3 kr. — menn taki vel eftir — er viðskiptagjaldið 22 aurar, þannig að það kemur úr hörðustu átt, þegar því er haldið fram, að sú vöntun sem sé á ávöxtum, sé fyrst og fremst að kenna tollinum. Ég hefi fengið upplýsingar frá Kaupfélagi Reykjavíkur, að innkaupsverð sé tæplega 1 króna kg. og viðskiptagjaldið 22 aurar á kg., og sú hækkun, sem farið er fram á, er 5 aurar á kg. Ég held, að hv. 2. landsk. hefði ekki kippt sér upp við það, þó ávextir hækkuðu um 5 aura á kg., ef það hefði runnið í vasa kaupmanna, en það er allt annað, þegar það á að renna í sameiginlegan sjóð landsmanna. Hv. þm. Vestm. sagðist vilja ámæla mér fyrir það, að ég hefði ekki viljað gefa eftir tollinn af ávöxtunum, eins og heimilt er samkv. gildandi lögum. Viðskiptagjaldið á nú að skýla. Ég skal segja þessum hv. þm. það alveg hiklaust, hvernig sú eftirgjöf hefði farið, ef ég hefði notað þá heimild, — ekki til neytenda, heldur til þeirra, sem selja ávextina, því sú verðálagning, sem þeir hafa á þessari vörutegund, sýnir, að þeir fara eins langt og þeir komast, og þeir komast þá vitanlega það langt eða skammt um leið og tollurinn hefði verið felldur, enda er það þannig, að tollurinn mun þá renna í þeirra eigin vasa, jafntakmarkaður og innflutningurinn er og sjaldan flutt inn. Kaupmenn leggja svo á í skjóli þess, að tollarnir séu svo háir, alveg án þess að taka nokkurt tillit til, hvað tollurinn er lítill eða mikill, og svo eru gamlir vörutollar frá gömlum tíma. Stjórnarandstæðingar bera mikinn kvíðboga fyrir því, að af þessu frv. leiði aukna dýrtíð, og því er ekki hægt að neita, að tollurinn, þó að hann sé ekki hærri en samkv. frv., mun sennilega hafa þann árangur í för með sér að hækka nokkuð vöruverðið. En ég vil bara benda þessum þm. á, ekki síst 2. landsk., að hér undanfarið hefir verið gerð í þessum bæ ráðstöfun í verzlunarmálum, sem hefir sparað bæjarbúum áreiðanlega meira heldur en nemur allri tollaálagningu síðustu árin samtals. Það eru þær ráðstafanir, sem bæjarbúar framkvæmdu sjálfir, og síðan framkvæmt með stuðningi stj. að stofna Kaupfélag Reykjavíkur. Verðlagið er nú álika hátt eins og meðalverðlag hjá kaupmönnum var 1934. Nú vita allir, að vörur eru í innkaupi mun hærri nú en þá. Þetta þýðir því stórkostlegan sparnað fyrir bæjarbúa í þessu efni. Nú skildi maður hafa haldið, að það hefði komið fram mikill áhugi frá þeim aðiljum, sem hv. 2. landsk. hefir nú mest samband við, að þessu máli yrði framgengt, og fólkinu yrði þannig forðað frá verðhækkun, — ekki verðhækkun, sem rennur til ríkissjóðs og þarflegra fyrirtækja, heldur til einstakra manna. En það er svo fjarri því, að svo sé. Á mig persónulega hefir ekki verið deilt meir í flokksblöðum hv. 2. landsk. heldur en einmitt fyrir það, að þetta kaupfélag, sem hefir lækkað verðlagið, skyldi geta fengið innflutningsleyfi. Þannig er þá í framkvæmdinni þessi mikli áhugi hjá hv. 2. landsk. og hans flokki að forða fólkinu við aukinni dýrtíð. Þá vil ég ennfremur benda á það í tilefni af till. á þskj. 239, að undanþiggja kaffið þeirri hækkun, sem farið er fram á og svo er talað fyrir af miklum fjálgleik af 2. landsk., og skildist mér helzt að flutt væri fram sem réttlætismál húsmæðra þessa lands. Ég vil minna hv. þm. á það, að ef þessi tollhækkun á kaffi, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., verður samþ., verður tollurinn jafnhár og þegar núv. stj. tók við völdum, og ég vil benda þm. á, að á því herrans ári 1933 — frekar en 1932 — hjálpaði þessi þm. til þess, eða a. m. k. hennar flokkur, að leggja á 25% gengisviðauka á kaffitollinn, sem við afnámum 1934, en þær hækkanir, sem nú verða vega hann upp þannig, að nú er tollurinn eins og hann var. (**MJ**: Er hann ekki heldur hærri?). Munar kannske einum eyri. (**ÞÞ**: Ekki meira?). Það hygg ég ekki. Ég hefi látið reikna það út í ráðuneytinu, en það eru nærfellt nákvæmlega sömu tollar, þannig, að ég fyrir mitt leyti tek það ekki alvarlega, þó að hv. 2. landsk. deildi nú á okkur fyrir það, að við leggjum á þessa nauðsynjavöru húsmæðra. Við vitum allir, að það væri æskilegt að geta komizt hjá slíkri hækkun, þó að mér sé ósárara að hækka tollinn á kaffinu fremur en mörgu öðru.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að mér finnst það ekki réttlátt, þegar stjórnarandstæðingar tala um hækkun tolla til ríkissjóðs um 2 millj. og 600 þús. kr., og það er vegna þess, að um 400—500 þús. kr. fara beint til sveitar- og bæjarfélaga, sem allir eru sammála um, að þurfi að taka þann toll einhversstaðar. Og eins hitt, að ekkert tillit er tekið til þessa við umr. málsins, að um leið og við samþ. frv., höfum við afhent sjávarútveginum nær því allt útflutningsgjaldið, fellt niður af saltfiskinum, og meiri hl. af því, sem þá er eftir, fer til nauðsynlegra framkvæmda fyrir þennan atvinnurekstur.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)**: Ég vil að þessu sinni aðeins gera að umræðuefni brtt. frá meiri hl. fjhn., en í henni er lagt til, að viðskiptagjald á áburðarefni, girðingarefni, salti, kolum og olíu verði fellt niður. Þessu get ég verið sammála og ég get lýst ánægju minni yfir því, að þessi till. er komin fram. Ég álít þetta með öllu óréttmæta tolla. En ég hefi vænzt þess, að fjhn. athugaði, hvort ekki væri hægt að ganga lengra í þessu efni, t. d. með því að heimila endurgreiðslu á kolatolli til veiðiskipa. Ég veit, að einstakir menn í n. hafa athugað þetta. Ég tel sem sagt fulla ástæðu til, að þetta yrði tekið til athugunar, en get þó sætt mig við, að það verði látið bíða þangað til málið kemur til Nd. Þetta mundi að vísu valda nokkurri tekjurýrnun, en mér virðist sá tekjuauki, sem

gert er ráð fyrir í frv., mundi fara langt með að hrökkva fyrir þeirri tekjurýrnun.

*Jón Baldvinsson: Við höfum meiri hl. fjhn. komið fram með till. til þess að undanþiggja nokkrar vörur þeim viðaukatolli, sem annars hafði verið hugsað að leggja á þær. Hefir frsm. gert grein fyrir þessum till. af okkar hálfu. Í þessum till. er t. d. sýndur litur á því að hækka ekki tolla á nauðsynjavörum til útgerðarinnar. Það er nú mál manna, að útgerðin standi sig illa. Þetta er rétt. Og það hefir af hálfu þessa þings verið sýnd nokkur viðleitni til að létta undir með útgerðinni. Menn minnast þess, að um daginn voru afgr. l. frá Alþingi um niðurfelling útflutningsgjalds á saltfiski, og ýmislegt er það fleira í löggjöf þessa þings, sem miðar í þá átt að létta undir með útgerðinni og gera tilraunir til breyt. á þessum atvinnuvegi, sem horfa í lífvænlegri átt fyrir þá, sem hann stunda. Nú mega menn ekki heldur líta eins svart á þennan atvinnuveg og framtíð hans eins og sumir gera. Það er að vísu rétt, að þorskveiðarnar brugðust algerlega í fyrravetur, en hinsvegar var í sumar ágætt aflaár á síldveiðum, og mun það hafa unnið nokkuð á móti því tapi, sem varð á þorskveiðunum. En það er rangt að miða hag útgerðarinnar við lakasta árið hvað afla og verðlag snerti. Það er sem betur fer, að þó að þetta síðasta ár hafi orðið bæði aflabrestur og verðfall, þá eru ekki líkur til, að það verði frekar þannig næsta ár. Mér er t. d. sagt, að það muni í vetur verða hægt að selja saltfisk betur en undanfarið, þó að vitanlega sé erfitt að sjá fram í tímann í þessu efni. Fjhn. hefir sem sagt viljað reyna að mæta erfiðleikum útgerðarinnar með því að undanþiggja þessar vörur hinu nýja viðskiptagjaldi, en n. taldi sér ekki fært að ganga lengra en hún hefir gert í þessu efni. Það verður þá að bíða Nd. að athuga, hvort frekar megi fara í ívilnunum. Við víkjandi hækkunum þeim, sem gerðar eru í till. okkar, er það að segja, að þar er farið eins varlega og hægt er, úr því að farið er að hækka á annað borð. Það er varla hægt að telja það hækkun, hvað það er minna en 1%, en það er það, sem við leggjum til að hækkunin nemi. Það er nú svo, að það verður vart gengið lengra í tollaálagningu. En menn verða að athuga það, þegar menn tala um tollana til ríkissjóðs, að þessar hækkanir stafa ekki af öðru en því, að á síðustu árum hefir ekki verið hægt gjaldeyrisins vegna að leyfa innflutning á þeim vörum, sem mestar tolltekjur hafa gefið í ríkissjóðinn. Við höfum ekki haft efni á að kaupa ónauðsynlegar vörur, en af þeim hefir verið mestur tollur. Það er af þessum ástæðum, sem við höfum neyðzt til að hækka tollana á nauðsynjavörur. Ég skal játa það, að ég er engan veginn ánægður með þá skiptingu á benzínskattinum, sem gerður er í 4. gr., og ég hefi mikla tilhneigingu til þess að koma með brtt. um það, að lagt yrði fé til þess að koma Vestfjörðum í samband við vegakerfi landsins, en það mætti gera með því að leggja 10 þús. kr. veg í N-Ísafjarðarsýslu og 10 þús. kr. veg í Strandasýslu. Það er vert að geta þess, að þessi hluti landsins hefir á undanförnum árum aldrei fengið neitt til vegagerðar, sem verulegu máli skiptir. Kemur þar til, að mjög er erfitt að leggja þar vegi. En nú er það sýnt, að hægt er að leggja vegi yfir margar torfærur, sem áður voru taldar óbrúandi. Ég vil þess vegna láta koma hér skýrt fram, að ég vil verja af benzínskatti eigi minna en 20 þús. kr. til þess að tengja Vestfirði við vegakerfi landsins. Það mætti taka þetta fé af framlaginu til Holtavörðuheiðarvegar og Austurlandsvegar. Ég vil einnig taka undir með hv. 1. þm. Eyf. um það, að til vega út frá Akureyri er mikil þörf fyrir aukið framlag. Akureyri er miðstöð samgangnanna við Norðurland, alveg eins og Reykjavík fyrir Suðurland, og hún virðist eiga fullan rétt á þessu. Annars skal ég taka það fram, að ég mun yfirleitt halda mér við till. fjvn. og samþ. þar, en greiða atkv. móti till., sem fram hafa komið frá öðrum hv. þm.

Ég vil að lokum lýsa því yfir fyrir hönd Alþfl., að við teljum rétt, að tekin verði til athugunar skipting benzínskattsins milli héraða. En sennilega verður ekki tími til þess fyrr en í Nd. — Læt ég svo útrætt um þetta, en mun að öðru leyti sýna með atkv. mínu, hvernig ég snýst við brtt. einstakra þm.

Jóhann Jósefsson: Ég tók eftir því í ræðu hv. 9. landsk. eins og hæstv. forsrh., að þeir töldu að einn landsfjórðungur væri afskiptur um framlög til vega. Ég skal ekki hafa á móti því, að svo geti verið, og ekki skal ég heldur mæla því í gegn, að þeir fái hluta af benzínskatti. Það er einmitt samkv. þeirri stefnu, sem ég hefi haldið hér fram, að hann eigi að koma þar til nota, sem hann er greiddur í réttum hlutföllum. En mér virðist það koma fram hjá hv. þm., að Vestmannaeyjar gætu vel misst þetta í bili. Þetta er náttúrlega svo stór upphæð, að ef til vill mætti eitthvað endurskoða af þeim tölum. Ég segi það eins og það er, að þó að ég hafi farið fram á 5 þús. kr. af benzínskatti til handa Vestm., þá er ég fús til að ganga inn á eitthvað lægri upphæð, með það fyrir augum, að sá partur landsins, sem sérstaklega er talinn afskiptur, fái eitthvað rétt sinn hlut. Ég vil, af því að hv. 9. landsk. (JBald) viðurkenndi samt sem áður, að það sé rétt að Vestmannaeyjar eigi þarna tilkall til, beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann og hans flokkur vilji styðja að því við skiptingu á þessu fé í Sþ., að Vestmannaeyjar fái einhvern hluta af því, þó minni verði en það, sem ég hér hefi farið fram á. Ef hv. 9. landsk. lýsir því yfir, þá mun ég verða fúsari til að taka mína till. aftur heldur en ég hefi verið að þessu, þar sem hæstv. fjmrh. hefir verið svo ærið ósanngjarn í garð Vestmannaeyja í þessu máli, og þar hefir ekki verið um neitt annað að ræða en að varpa öllum sínum áhyggjum á fjvn. og eiga allt undir hennar náð og miskunn, samtímis því, sem hæstv. ráðh. situr á henni og passar hana og heldur því fram, að Vestmannaeyjar geti verið ánægðar með 6 þús. kr. af því fé, sem látið er til vega. (**Forseti:** Þetta var aðeins aths.). Ég var satt að segja búinn að gleyma því, að þetta var aðeins aths., og bið ég hæstv. forseta af-

sökunar á því. Hér er í sjálfu sér um mjög þýðingarmikið atriði að ræða fyrir mitt byggðarlag, og ég vil leita allra löglegra bragða til þess að hlutur minna kjósenda sé ekki fyrir borð borinn.

Ég hefi ekki tíma til að koma inn á ræðu hæstv. fjmrh. nema með örfáum orðum. Hann fór að tala um kostnaðinn við að lifa í Reykjavík og verð á vörum. Hann hélt því fram, að eftirgjöf á tolli á ávöxtum yrði bara til þess að fylla vasa kaupmannanna. Ég held, að hæstv. ráðh. segi þetta nokkuð mikið út í bláinn; a. m. k. *vill hann tæplega halda því fram*, að eftirgjöf á tolli af ávöxtum til kaupfélaga yrði til þess að fylla vasa kaupmannana.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, sem er útúrsnúningur á okkar orðum, að hann hefði orðið fyrir árásum af hendi okkar sjálfstæðismanna fyrir, að kaupfélögunum væri veitt innflutningsleyfi. Þetta er ekki rétt með farið. En hæstv. ráðh. og blað hans hér í bænum, hefir ávallt snúið öllum aðfinnslum í þessu efni vísvitandi inn á þessa braut, og hygg ég það sé gert til þess að villa fólki sýn. Sú gagnrýni, sem við höfum komið með, og þá sérstaklega verzlunarstétt landsins, á gerðum hæstv. ráðh. í þessu sambandi eða að því, er snertir innflutningsleyfi, hefir farið í þá átt að við höfum sagt, að við *teldum kaupmenn og kaupfélög eiga* að hafa jafnrétti. Við höfum aldrei sagt, að við teldum, að kaupfélögin ættu engan innflutning að fá, en hinu höfum við haldið fram, að þessir aðiljar ættu að vera jafnréttháir. Sú regla, sem hæstv. ráðh. hefir innleitt við veitingu innflutningsleyfa, höfðatölureglan, gerir upp á milli kaupfélaga eða neytendafélaga annarsvegar og kaupmanna hinsvegar, þar sem annar aðilinn hefir eftir þeirri reglu greiðan aðgang að því að auka innflutninginn eftir því, sem viðskiptamönnunum fjölgar, en hinn aðilinn, kaupmennirnir, engan aðgang að því að auka innflutn*inginn, þó viðskiptin aukist*. Það var þetta, sem við vorum að tala um, en ekki það, sem hæstv. ráðh. sagði.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég sagði í fyrri ræðu minni, að Vestfirðingafjórðungur hefði orðið afskiptur af benzínskattinum til vega. En hv. 1. þm. Eyf. fór að tala um, að benzínvegur hafi verið lagður um Vestfirðingafjórðung. Þetta er að vísu rétt, en mér fannst satt að segja í því tilfelli, að þar mætti segja, að það væri lítið, sem hans tunga fyndi ekki, þar sem þessi vegur, sem hann átti við, er lagður yfir eyðiheiði *3 til 4 km. frá Norðlendingafjórðungi*, þar sem áður var almenn braut, og hann verður ekki til nytja fyrir Vestfirðingafjórðung, nema einn hrepp í Strandasýslu, svo ég verð að segja, það er ekki mikið gagn að því fé fyrir fjórðunginn. Ég verð að segja, eins og ég hefi áður haldið fram, að sá fjórðungur er fyrir borð borinn að því er snertir fé af benzínskatti til vega.

Ég get tekið undir það, sem hv. 9. landsk. sagði, að það væri æskilegt, að fé til vega af benzínskatti væri skipt þannig, að þessi fjórðungur væri ekki afskiptur. Ég vil þó ekki hanga í þeirri hreppapólitík, sem hann virðist vera með, að Vestfirðir yrðu aðeins þessa aðnjótandi, heldur vil ég taka fjórðunginn í heild, svo Vestfirðingar þurfi ekki að fara yfir ófærur til þess að komast á vegarspotta, sem lagðir kunna að verða í fjórðum vestur fyrir benzínskattinn. Það er miklu heppilegra að færa sig smátt og smátt vestur landið heldur en að grípa niður hér og þar, sem oft verður að litlu liði. Það hefir yfirleitt skaðað mjög mikið vegagerð hér á landi, hvernig gripið hefir verið niður hér og þar, án þess það hafi verið verulega kerfað niður, *hvernig vegir ættu að liggja í landinu*. Það hefir oft verið þannig, að þeir umbjóðendur kjördæma, sem hafa verið aðgangsfrekastir og bezta aðstöðu hafa haft til að ná í fé, hafa fengið mest til sinna kjördæma. En það hefir ekki verið heppilegast fyrir landið í heild sinni. Ég teldi sjálfsagt að fara þá leið að leggja fyrst vegina út frá sjálfum vegastofnum og fara svo áleiðis með vegina eins og greinar út um landið. En ég er búinn að taka till. mína um benzínskattinn aftur, og ég ætla því ekki að fara lengra út í þetta mál.

En ég ætla aðeins að minnast á aðra hlið frv., *og það er viðskiptagjaldið*. Ég verð að segja, að mér þykir það orðið ægilegt. Nú er svo komið, að þetta leiða gjald hefir frá því, sem það var áður, hækkað um 7% á sumum almestu nauðsynjavörum, af innkaupsverði vörunnar. Á hveiti t. d. hefir viðskiptagjaldið hækkað um 7% af innkaupsverði, og sama er að segja um byggingarefni, eins og t. d. sement og timbur. Það hefir hækkað úr 2% af innkaupsverði upp í 8%, og svo leggst þar á 11% í ofanálag, svo það verður 9% alls, eða eins og ég tók áður fram, þá er hækkunin 7%. Þetta er ákaflega mikið álag á nauðsynlega þurftarvöru manna, og það er mjög leitt að þurfa að leggja slíka skatta á fólk í þessu árferði. En ég skal játa, að það er þörf á fé og nauðsynlegt að fá það *inn í ríkissjóðinn*. Við vitum það bezt, sem fengizt höfum við samningu fjárl., að það verður einhverstaðar að fá fé í ríkissjóðinn, svo fjárl. verði nokkurveginn tekjuhallalítil. Og eins og sakir standa nú, þá geri ég ráð fyrir, að ekki sé hægt að ná samkomulagi meðal stjórnarfl. um tekjuauka á annan hátt en þennan, því ekki fæst gerður stórkostlegur niðurskurður á fjárl., og er ekki heldur hægt úr þessu. En ánægður er maður ekki með að þurfa að horfa á þessa hækkun á mestu nauðsynjavörum. Þar eru að vísu með aðrar miður nauðsynlegar vörur, sem ekkert gerir til, þó að hækki, og það jafnvel *meira en gert er*.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það hefir verið ögn rætt um þá brtt., sem við hv. þm. Vestm. flytjum, og mér hefir skilizt bæði undir umr. og eins fyrir utan þær, að það myndi verða erfitt að koma henni í framkvæmd eins og hún er nú orðuð. En þar sem svo virðist, að flestir hv. þm. séu á því, að það sé full ástæða til að hjálpa útgerðinni, eins og hag hennar er nú komið, og þar sem það hefir komið beint fram hjá hv. 1. þm. Eyf., að það væri erfitt að framkvæma þetta, þá höfum við leyft okkur að koma

fram með skriflega brtt. við 3. gr., um að aftan við 1. tölulið 1. málsgr. bætist: „Endurgreiða skal þó þennan skattauka af öllum vörum, sem hér eru nefndar og ætlaðar eru til útgerðar". Þar með er sagt, að hægt sé að endurgreiða hann aftur, og þá ætti þetta að vera auðveldara í framkvæmdinni fyrir ríkisstj. heldur en með hinni till. Ég vona, þegar málið er komið inn á þessa braut, að það gæti fengið samþykki hv. d.

Svo langar mig til að segja nokkur orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði viðvíkjandi 2. brtt., sem er um það, að lækka tolla á ávöxtum og grænmeti. Hann vildi halda því fram, og beitti þar fyrir sig ekki minni manni en dr. Skúla Guðjónssyni, að það væri óþarfi að flytja inn ávexti vegna þess, að þeir hefðu ekki verið fluttir inn áður, og fjöldi Íslendinga hefði þó komizt vel til manns og verið hraustir menn, þó þeir hafi ekki notið ávaxta í sínum uppvexti. Ég vil samt ekki láta þessu ómótmælt, þar sem svo á að heita, að sérfróður maður um þessi efni eigi sæti í þessari hv. d.

Þegar maður ræðir um ávexti og grænmeti yfirleitt, þá eru það tvö viðhorf, sem ávallt verður að hafa fyrir augum. Annað þetta viðhorf, sem snertir bætiefni, minntist hæstv. forsrh. á. Rannsóknum á þeim hefir farið mjög fram á síðari árum, og það er ekki hægt að mótmæla þeim rökum, sem þar hafa fram komið. Svo er hitt atriðið, sem snertir næringargildi þeirra fæðutegunda, sem neytt er. Þetta tvennt verður maður að taka með, þegar rætt er um þetta. Hæstv. forsrh. sagði eitthvað á þá leið, að þær vörutegundir, sem við höfum hér á landi, væru eins auðugar af fjörefnum og vörur annara þjóða. Það má segja, að þetta sé rétt að svo miklu leyti, sem við höfum þær vörur, sem aðrar þjóðir hafa. Bætiefnin eru t. d. svo mismunandi eftir því, hvaða vörutegundir um er að ræða. Það eru t. d. sérstök bætiefni í smjöri, mjólk, lýsi, og önnur bætiefni í grænmeti og ávöxtum. Það er vitanlegt, að við höfum nægilegt af þeim bætiefnum, sem eru í mjólk og smjöri, þó það sé oft erfitt fyrir almenning að fá þessar vörutegundir vegna dýrleika. En það eru ýmsir sjúkdómar, sem orsakast af skorti á bætiefnum, sem ekki eru til í þessum vörutegundum. Þessir sjúkdómar stafa einmitt af skorti á þeim bætiefnum, sem eru í ávöxtum og grænmeti, hinu svokallaða C-bætiefni. Skortur á því orsakaði sjúkdóma, sem voru algengir í gamla daga hér á landi, en þeir þekkjast hér miklu minna á síðari árum. Einn af þessum sjúkdómum var skyrbjúgur. En auk þess eru margir aðrir sjúkdómar, þó ég minnist sérstaklega á þennan sjúkdóm, vegna þess að hann er sá alvarlegasti. Þó maður geti sagt t. d., að einn maður hafi hraustar og góðar tennur, þá er ekki þar með sagt að hann hafi fengið það, sem hann þarf af öllum bætiefnum. Sérstaklega á þetta við í seinni tíð, þar sem mataræði fólksins hefir breytzt svo mikið. Það má líka taka tillit til þess, að á síðari árum hefir fólksdauði, og þá sérstaklega ungbarnadauði, minnkað að verulegum mun. Það gefur auga leið, að þetta hefir orðið af því, að margir, sem áður dóu af vesöld og skorti, hafa nú komizt yfir þann þröskuld, en eru að einhverju leyti veikari en þeir væru, ef þeir hefðu verið hraustir, þegar þeir voru ungir. Það er því ekki hægt að gera samanburð á því sem áður var, og því, sem nú er, hvað þetta snertir, nema að taka svo margt til greina. Það er áreiðanlegur hlutur, að ef þessi frægi landi okkar og vísindamaður, Skúli Guðjónsson, þekkti aðstöðuna hér, þá myndi hann líka mótmæla því, að ekki væri full þörf á því fyrir Íslendinga að neyta meiri ávaxta og meira grænmetis en gert hefir verið.

Það má kannske segja, að hægt sé að rækta þetta í landinu sjálfu, en við vitum allir, að það er allmiklum erfiðleikum bundið að gera það. Og þó við höfum nýlega haldið sýningu á grænmeti, ávöxtum og ýmsu þess háttar í Kaupmannahöfn, þá held ég, að það hafi verið meira til þess að sýnast en að það geti komið að hagkvæmum notum fyrir Íslendinga vegna dýrleika. Þó við höfum t. d. sýnt, að hægt sé að rækta þrúgur hér á landi, þá dettur engum í hug, að hægt sé að rækta slíka vöru til þess að selja hana, því hún yrði svo dýr, að hún gæti ekki keppt við innflutta vöru, ef innflutningur væri leyfður. Það má víst yfirleitt segja, að ekki sé hægt að rækta ávexti hér á landi. Það er eingöngu ein tegund, sem hægt er að rækta hér, en það eru tómatar, en þeir eru svo dýrir, að þeir eru illkaupandi.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að það hefir verið minnzt á það, að ávextir þeir, sem hingað kæmu, væru dýrir og skemmdir. Mér er kunnugt um, að Þjóðverjar flytja inn ódýra ávexti frá Austur- og Vestur-Afríku. Það kemur til af því, að Þjóðverjar eru að hugsa um sínar nýlendur og reyna að hlynna að fólkinu þar og gera það sér vinveitt. Þeir flytja því þaðan mjög mikið af ódýrum ávöxtum. Nú höfum við til skamms tíma ekki tekið út allan þann þýzkan gjaldeyri, sem við höfum fengið fyrir útfluttar afurðir okkar, og þess vegna álít ég, að það væri ólíkt skynsamlegra að kaupa dálítið meira af ávöxtum og grænmeti þaðan heldur en að kaupa það dýru verði frá öðrum löndum, eins og t. d. Portúgal. Ég er sannfærður um, að það er hægt að fá ódýrari ávexti frá Þýzkalandi heldur en frá Portúgal. Ég tek þetta fram til athugunar fyrir hæstv. ríkisstj.

Það er annað í þessu sambandi, sem ég vil minnast á og er byggt á misskilningi hjá framsóknarmönnum yfirleitt. Þeir hafa yfirleitt verið á móti því, að grænmeti væri innflutt og ýmislegt þess háttar, vegna þess að þeir álíta, að það spilli fyrir því, að keypt sé kjöt og mjólk og aðrar landbúnaðarafurðir, sbr. Nýja dagbl., þar sem talað var um, að sjálfstæðismenn ættu að fara á Austurvöll og bíta þar gras. Þetta var í mjólkurstríðinu, þegar verið var að tala um grænmetisnotkun. Þetta er misskilningur, því eftir því, sem grænmetisneyzla vex, þá vex að sama skapi kjötneyzlan. Það er ekki hægt að borða þetta eitt út af fyrir sig. Það verður að hafa hitt líka.

Ég ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta. Ég vildi aðeins gera þessa aths., til þess að

láta því ekki ómótmælt, að við hefðum nógar fæðutegundir, sem nauðsynlegar væru vegna þess að fólk vantaði bætiefni.

Svo vil ég líka minna á það, sem ég gat um í upphafi, að það er líka næringargildi fæðutegundanna, sem kemur þarna til greina. Við læknarnir erum oft í vandræðum með sjúklinga, sem þurfa bókstaflega á grænmeti að halda vegna sjúkdóma sinna. Það eru líka ýmsir menn, sem í sjálfu sér eru taldir friskir dags daglega, en hafa þó meltingarkvilla, sem nauðsynlegt er að lækna með grænmeti og ávöxtum. Það er ólíkt skynsamlegri ráðstöfun að leyfa innflutning á slíkum fæðutegundum og lækka tolla á þeim heldur en láta skrifa lyfseðla á lyfjabúðir, sem aldrei getur verið eins gott eins og að fá vörutegundirnar sjálfar með öllu því næringargildi, sem þær hafa.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. við frv. um bráðabirðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga frá hv. þm. Hafnf. og hv. þm. Vestm. Brtt. er við 3. gr., að aftan við 1. tölul. bætist: „Endurgreiða skal þó þennan skattauka af öllum vörum, sem hér eru nefndar og ætlaðar eru til útgerðar".

Það þarf tvennskonar afbrigði til þess að brtt. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 338) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Guðrún Lárusdóttir: Ég gæti fallið frá orðinu, vegna þess, að hv. þm. Hafnf. tók allt það fram, sem ég hafði hugsað mér að segja um þetta mál. Þó var eitt atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem ég vildi drepa lítið eitt á. Mér heyrðist á hæstv. forsrh., að hann eins og hálfvegis drótta því að mér, að ég væri að fara með róg um einstaka menn hér í þessari hv. d. Tilefnið til þessara ummæla hæstv. ráðh. mun hafa verið það, að ég mun hafa komizt þannig að orði í ræðu minni áðan, þegar ég var að benda á, hversu óheppileg höftin á innflutningi ávaxta væru, að ég áliti miklu eðlilegra, að slík vara fengist í frjálsri verzlun heldur en einstaka menn neyddust til þess að fá undanþágu og flytja inn kassa og kassa. Þegar hæstv. ráðh. fór að tala um þetta, þá fyrst flaug mér í hug saga, sönn eða login, sem flaug um bæinn um vissan mann og vissan kassa, en fyrr ekki, svo grandalaus var ég í þessum málum. Hitt er mér kunnugt um, að það eru ýmsir menn, sem hafa reynt að fá slíkt leyfi — og jafnvel fengið. Og ég er ekki að vita það. Það er ofur eðlilegt, þegar menn telja sig þurfa að fá slíka vöru, að þeir leiti fyrir sér um það. Hvað viðvíkur dósakassanum, sem hæstv. ráðh. fékk að gjöf frá Danmörku, þá hefi ég ekki heyrt á hann minnzt, svo að í orðum mínum fólust engar aðdróttanir í þessu efni.

Mér þótti leitt að heyra það í ræðu hæstv. ráðh., að það hefði verið eytt ½ millj. kr. í skemmd epli eða að miklu leyti ónýt. En ég vildi í því sambandi spyrja, hvernig ástatt er með þau epli, sem nú er verið að flytja inn í landið. Þau koma frá Portúgal og eru uppskorin í júlí, fyrir allt að hálfu ári síðan. Það er því ekki nema eðlilegt, að þau séu farin að skemmast, þegar þau eru komin til Íslands. Kaupmenn hafa sagt mér, að það megi ganga út frá því sem gefnu, að mikill hluti eplanna í hverjum kassa sé skemmdur. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. var að segja, að þegar miklu er dyngt saman af þessum ávöxtum, vilja þeir skemmast. Þetta þekkjum við bezt húsmæðurnar, ef við viljum geyma eitthvað slíkt og höfum ekki því betri geymslu. Svo þetta er það, sem er að gerast enn þann dag í dag, þó að lítið sé innflutt.

Viðvíkjandi verðinu, sem var lögð mikil áherzla á hér við umr. að væri hátt, — og sannarlega þræti ég ekki fyrir það —, þá er það að segja, að kaupfélagið, sem áður hefir verið talað svo um hér, að væri hin mesta bjargarráðstöfun fyrir Reykjavík, hefir ekki heldur getað selt epli fyrir minna verð en 3 kr. kg.

Annars ætla ég ekki að fara að deila um þetta. Eins og ég sagði áðan, þá hefir læknirinn, sem hér á sæti í d., sýnt mjög vel fram á þá hollustuhætti, sem ávextir hafa að geyma fram yfir ýmsa aðra vöru, t. d. okkar ágæta sveitamat, sem mörg okkar hafa alizt upp á, en mjög margir, a. m. k. kaupstaðafólkið, hafa tæplega ráð á að veita sér, sökum þess hve hann er dýr.

Annars er sagt, að fæðið í sveitinni sé ekki orðið nærri eins kjarngott og það var fyrr á árum, síðan nýmjólkin er seld að mestu leyti frá heimilunum, smjörið hverfur þá um leið, og smjörlíkið kemur í staðinn, og bezta kjötið fer í kaupstaðinn. Þegar svo er komið, virðist ekki allur munur á fæði sveitafólksins og okkar kaupstaðabúa, svo að þörfin fyrir bætiefni ávaxtanna og grænmetis verður alstaðar jafnbrýn. Ég mun svo ekki orðlengja meira um þetta efni, og læt máli mínu lokið.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þessar umr. gefa ekki tilefni til að fara að hefja hér langar umr. um þetta mál, þó að það væru 2—3 atriði, sem mér þykir rétt að svara, sem komu fram í ræðum beggja þeirra hv. þm., sem standa að þeirri till., sem ég minntist á áðan. Í raun og veru eru hér til í landinu þau vitamín, sem við höfum í ávöxtum, ef þeir eru óskemmdir og ekki gamlir, eins og og þeir eru oft á vorin. Og þó að ég sé enginn sérfræðingur í þessum efnum, þá er það víst nokkurn veginn vitanlegt hverjum leikmanni, að í ýmsum garðávöxtum, sem hér eru ræktaðir á seinni árum, eru samskonar bætiefni, og meira að segja betri og meiri heldur en í aðfluttum ávöxtum, af því að það er hægt að fá þessa ávexti nýja seinni part sumars og halda þeim óskemmdum fram eftir vetrinum. Það, sem mér finnst hafa upplýstst í þessum umr. og komið hefir fram hjá báðum þessum aðiljum, er það, að mataræði okkar hafi breytzt í seinni tíð á þann hátt, að ekki sé notuð eins mikið þessi innlenda fæða og ætti að vera. Og þar sem því er þannig varið, eins og ég hefi bent á með rökum, að almenningur í landinu getur aldrei náð til þessara innfluttu ávaxta og að þessi matvara kemur ekki inn á

nema eitt heimili af hverjum 100 eða kannske 200 meðal fátækra borgara í þessum bæ, þá finnst mér, að læknarnir ættu, í stað þess að reka þessa „agitation“ fyrir ávaxtakaupum, að leggja sig meira fram en þeir hafa gert til þess að örva fólk til að rækta meiri garðávexti og bæta mataræðið á þann hátt. Og ef þessir menn vilja vel með því, sem þeir eru að tala um, ætti þeirra „agitation“ fyrst og fremst að beinast í þessa átt, því þetta er það, sem getur komið að gagni öllum almenningi í landinu, en hitt ekki. Hinsvegar held ég því fram, að þótt ákjósanlegt væri að flytja inn útlenda ávexti, þá sé þetta mál af sumum læknum og sumum öðrum rekið í agitationsaugnamiði, en að hægt sé að færa sönnur fyrir því, að það geti aldrei gripið út til alls almennings í landinu. Ég álít það líka vera sterka sönnun fyrir þessu, að ekki skuli vera reynt af þessum sömu mönnum að beina fólki inn á almennari og heilbrigðari braut í þessum málum. Það finnst mér, að þeir ættu að gera, því þetta er stórt mál, og er mikil skömm að því, hvað lítið hefir verið gert í þessum efnum hér á landi, samanborið við það, sem erlendir læknar hafa gert. T. d. eru Danir að koma af stað rannsókn á sínu mataræði, sem kostar fleiri hundruð þús. og kannske millj. kr., til þess að fá það upplýst, hvaða fæðutegundir, sem þeir hafa yfir að ráða, eru heppilegastar. Þetta er sú vinna, sem læknar á Íslandi ættu að leggja fram, en ekki „agitation“ fyrir innflutningi suðrænna ávaxta, sem almenningur getur aldrei veitt sér, og gera þannig sumt af fólki hálf-„hysteriskt“ yfir þessari fæðutegund.

Viðvíkjandi þeim ummælum, sem ég hafði eftir dr. Skúla Guðjónssyni, er það að segja, að þau geta ekki farið milli mála hjá mér, því þau eru í samræmi við það, sem kom fram hjá honum í samtali við Morgunbl., að okkur væri á mörgu meiri þörf en að flytja inn ávexti; það væri að vísu gott að hafa appelsínur, en við þyrftum þó sérstaklega sítrónur. Og ég get bætt því við, að það, sem sérstaklega vakti athygli þessa sérfræðings, var umtalið um þetta og áhugaleysi fyrir mataræði almennt, sem hann taldi miklu meira máli skipta.

Það hefir verið minnzt á það af þeim lækni, sem hér á sæti í d., að það væri erfitt að hafa ekki ávexti handa sjúkum mönnum. Nú hefir verið gerð sú undanþága, að þeir, sem hafa læknisvottorð um, að þeim sé nauðsynlegt að hafa ávexti, geti fengið þá innflutta. Ég minnist á þetta í sambandi við það, sem hv. 2. landsk. þm. sagði um þá menn, sem notuðu sér aðstöðu sína til þess að fá flutta inn ávexti, og það, sem sagt hefir verið í sambandi við „agitationina“ viðvíkjandi innflutningi á ávöxtum, sem alls ekki er rétt að láta liggja á milli hluta og vitanlega hefir verið tekið allt of vægt á af þeim, sem henni hefir verið beint gegn, en það eru stjórnarflokkarnir. En ég hefi aldrei séð ástæðu til þess, þó að ég gæti talið upp heila runu af andstæðingum minum í stjórnmálum, sem hafa talið sér nauðsyn á að hafa ávexti og fengið læknisvottorð, að gera það og ég mun ekki ótilneyddur fara að nefna nöfn í því sambandi; en ég fullyrði, að það eru aðallega þeir, sem hafa fengið þessi leyfi. En þetta hefir ekki verið sparað af okkar andstæðingum. Hvað mig snertir, þá munar mig vitanlega ekki svo mikið um einn kepp í sláturtíðinni, eins og það er orðað í sveitinni. En þessum rógi er haldið uppi almennt. Það var m. a. gert að stóru blaðamáli, að einum framsóknarmanni, Runólfi Sigurðssyni, sem giftur er enskri konu, var sendur hingað upp einn kassi, án þess að spyrja hann um það. Þetta var gert að rógsmáli af þeim sömu mönnum, sem hafa fengið undanþágu vegna lasleika.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál. Viðvíkjandi kaupfélaginu er það að segja, að það selur venjulega vörur nálægt því, sem þær eru seldar á almennum markaði, og gefur svo afslátt af vöruverði til sinna félagsmanna, eftir því sem ágóðinn verður. Það er almenn skoðun hjá þeim, sem standa undir þessu fyrirtæki, að ekki sé hægt að gera ávexti að vöru fyrir almenning í landinu.

Það væri óskandi, að ef þessi orðaskipti gætu borið einhvern árangur, sem ekki er líklegt, þá væri það sá árangur, að það vaknaði meiri áhugi meðal læknastéttarinnar, ekki fyrir meiri innflutningi ávaxta, heldur fyrir því, að beina almenningi inn á þá braut, að nota þær fæðutegundir, sem til eru í landinu og venjulega eru góðar. Það væri mál, sem snerti meir allan almenning en þessi „agitation“ fyrir innflutningi ávaxta, sem aldrei getur orðið almenningi að gagni.

ATKVGR.

Brtt. 235, 274 og 291 teknar aftur.
— 244 felld með 11:1 atkv.
— 262 og 239,a teknar aftur.
— 338 felld með 9:6 atkv.
— 326,I. 1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 326,I. 2 samþ. með 9:4 atkv.
— 239,b felld með 9:6 atkv.
— 239,c felld með 9:7 atkv.
— 239,d felld með 9:5 atkv.
— 326,I.3 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 257 tekin aftur.
— 326,II samþ. með 9:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 342).

Á 49. fundi í Nd., 14. des. var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta mál er kunnugt orðið hv. þm. í þessari hv. d., vegna þess að það snertir mjög önnur mál, sem hér hafa verið á ferð. Í frv. þessu er gert ráð fyrir tekjuauka til ríkissjóðs til þess að standast ýmsar greiðslur, sem gert er ráð fyrir í öðrum frv. og þáltill., og til þess að jafna mismun þann, sem var á fjárl., þegar þau voru lögð fyrir þingið.

Af tekjum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir nýjum, á nokkur hl. að renna til þess að vega á móti útflutningsgjaldinu af sjávarafurðum, sem ýmist er fellt niður eða lagt til fiskiveiðasjóðs samkv. sérstökum l. En nokkur hl. af þessum tekjum á að ganga til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Það, sem þá er eftir, á að renna til ríkissjóðs. Það, sem þá gengur til ríkissjóðs af þessum tekjum, mun vera kringum 1400000 kr. og á að vega upp á móti halla þeim á fjárl., sem var á þeim, þegar þau voru lögð fram, og ennfremur til að mæta ýmsum greiðslum ríkissjóðs, sem Alþ. hefir samþ. síðan, svo sem t. d. til ráðstafana vegna fjárpestarinnar o. fl.

Vil ég svo mælast til, að frv. verði að lokinn þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

*Einar Olgeirsson: Mér finnst óviðkunnanlegt, að þetta frv. fari svo gegnum þessa umr., að enginn minnist á það utan hæstv. fjmrh. Í þessu frv. kemur fram sú stefna, sem hæstv. ríkisstjórn og þeir flokkar, sem hana styðja, vilja fylgja í tekjuöflun til ríkissjóðs. Ég vil, að hv. þm. taki til athugunar í sambandi við þetta frv., hvort þeir vilji styðja þá stefnu, sem kemur fram svo greinilega í þessu frv., og hvort þeir geti bent á aðrar leiðir heldur en þær, sem hér eru farnar.

Það, sem sérstaklega er nýmæli í sambandi við þetta frv., eru þeir nýju tollar, sem lagðir eru á, með 3. gr. þess sérstaklega. Það er í fyrsta skipti í íslenzkri löggjöf, að fjöldi af vörum, sem hingað til hefir ekki þurft að borga toll af, er þar tollaður, þannig að nú eru varla nokkrar vörur eftir, sem ekki eru tollaðar. Og það er tekið fram í grg. frv., að það sé eðlilegt, að þarna sé um nauðsynjavörur að ræða, m. a. vegna þess, að innflutningur á ónauðsynlegum vörum hafi verið takmarkaður svo gífurlega, að ekki sé um annað að ræða en að tolla nauðsynjavörurnar.

Það er ekki vafi á því, að mjög þungt hefir verið að stíga það spor að tolla vörur, sem aldrei hafa áður verið tollaðar, og að þyngja tollinn á vörum, sem þegar voru áður tollaðar. Það var nógu slæmt, þegar það spor var stigið að leggja toll á vörur eins og hveiti, og það er þungt að þurfa að hækka hann úr 2% upp í 8%. Og ekki batnar það, þegar farið er að leggja toll á vöru eins og rúgmjöl, að ég nú ekki tali um sjávarútvegsvörur, þannig að á þessari braut svíkjast stjórnarflokkarnir frá yfirlýstri stefnu sinni í skattamálum. Bæði Framsfl. og Alþfl. hafa lýst yfir þeirri stefnu sinni að vera á móti tollum á nauðsynjavörum. Og einmitt við þær kosningar, sem fram fóru á síðasta sumri, var þetta eitt þeirra mála á stefnuskrá þessara flokka að þyngja ekki tollana á þjóðinni, heldur að svo miklu leyti, sem þyrfti að bæta við tekjur ríkissjóðs, þá yrðu þær teknar af þeim efnaðri, en ekki af þeim fátækari. Stefna þessa frv. veldur því mjög miklum vonbrigðum hjá þeim kjósendum, sem styðja þessa flokka og höfðu búizt við öðru eftir síðustu kosningar. Sú stefna, sem leggur þannig tolla á nauðsynjavörur almennings, er stefna, sem fyrst og fremst er kennd við íhaldið. Það er íhaldsstefnan í fjármálum og skattamálum þjóðarinnar. Það hefir alltaf verið stefna allra íhaldsflokka að vilja alltaf leggja fyrst og fremst tolla og skatta á hinar fátækari stéttir í landinu, en hlífa þeim efnaðri. Ég heyri sagt, að í umr. í hv. Ed. hafi það verið borið fram, að svo mikil gjöld í sköttum og tollum sé nú búið að leggja á þá ríku, að nú verði þeir fátækari að fara að borga. En ég held, að þessu megi nú snúa við og segja með sanni, að nú sé búið að leggja svo mikla tollabyrði á þá fátækari, að þeir ríkari verði nú að fara að borga.

Mér virðist, eftir þeirri stefnu, sem kemur fram hjá ríkisstj. í þessu frv., að það sé hennar álit, að nú verði enn að þyngja þær álögur, sem á alþýðunni hvíla. Ég sé ekki betur en stjórnarflokkarnir hafi stigið hér spor í þá íhaldsátt, sem íhaldið hefir orðið alræmdast fyrir hér á landi. Og stjórnarflokkarnir hafa unnið sitt fylgi meðal þjóðarinnar að mjög verulegu leyti vegna þess, að þeir hafa ráðizt á þessar aðferðir í skattamálum og fjármálum í landinu. Það er því mjög slæmt, að þessir stjórnarfl. gerast sekir um það nú á þessu þingi að taka upp þessa aðferð í fjármálum landsins.

Við kommúnistar höfum borið fram á þessu þingi nokkur tekjuöflunarfrv., sem miða öll að því að ná í peninga til tekna fyrir ríkissjóð þar, sem þeir eru til, hjá þeim efnuðu í landinu. Því hefir ekki verið mótmælt, að hægt væri þannig að ná inn þó nokkrum tekjum fyrir ríkissjóð, eða um 1 millj. kr. Stjórnarfl. hafa þó ekki sinnt þessum frv. Samt er hvert einasta af þeim frv., sem við kommúnistar höfum borið fram, meira og minna samkv. yfirlýstum stefnuskrám stjórnarfl. eða meiri og minni uppsuða á þeim frv., sem stjórnarfl. hafa borið fram á þingunum fyrir árið 1934. Við kommúnistar höfum ekki gerzt svo djarfir á þessu þingi að bera fram álíka frumvörp og ýms þau, sem núv. stjórnarfl. báru fram, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, t. d. það, sem Alþfl. bar fram á Alþ. 1931 um 11 millj. kr. til atvinnubóta. Við höfum ekki farið lengra heldur en það, að bera fram frv., sem þýddi 1 millj. kr., sem teknar væru frá þeim ríku í landinu og notaðar væru til þess að létta sköttum af þeim, sem fátækari eru, og auka atvinnubótavinnu. Þessar hóflegu till. hafa ekki fundið þá náð fyrir augum stjórnarflokkanna, að þær hafi svo mikið sem verið athugaðar í n. þingsins. Það er nú hart, ef það er ekki einu sinni lengur hægt að koma fram með frumvörp um nýja skatta á þjóðinni hér á Alþ. þannig, að þau verði athuguð í n. og að verða að horfa á þau þöguð í hel, bara vegna þess, að stefna þeirra miðar að því, að hinir ríku í landinu eigi að borga í stað þeirra fátæku, þó að þau séu í samræmi við þá stefnu, sem meiri hl. hinnar íslenzku þjóðar lýsti sig fylgjandi við síðustu kosningar. Mér virðist því eðlilegt, þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir og ég hefi nokkuð lýst, kemur til 1. umr. hér í hv. d., að við kommúnistar hljótum að mótmæla þeirri skoðun, sem liggur á bak við það, að stjórnarfl. leggja slíkt frv. sem þetta fyrir þetta hæstv. Alþ. Óskir þeirra manna, sem stóðu á bak við þá fram-

sóknarmenn og alþýðuflokksmenn, sem kosningu hlutu til Alþ. nú síðast, og óskir kommúnista eru og hafa verið þær, að skarpari barátta yrði tekin upp á móti tollum á nauðsynjavörum þeirra fátæku, en ekki þær, að auka slíka tolla eins og hér er stefnt að. Og þessir menn eru meiri hl. þjóðarinnar. Meiri hl. þjóðarinnar hefir vænzt þess, að reynt verði að framkvæma þær stefnur, sem vinstri flokkarnir í landinu hafa lýst sig fylgjandi, en sem eru andvígar frv. Spurningin er þess vegna sú, sem leggja verður fram með tilliti til aðgerða stjórnarfl., hvort þeir treysti sér til þess að framkvæma sína eigin stefnu og að reynast trúir sinni eigin stefnuskrá eða ekki.

Það er ekki vafi á því, að sú leið, sem farin er í þessu frv., að leggja á tolla, er tiltölulega auðfarin leið fyrir alla stjórnmálaflokka. Það er ákaflega auðvelt að slengja þessu á alþýðuna með því að láta innheimta þessi gjöld um leið og vörurnar koma til landsins. Og venjulega er hægara að dylja fyrir fólkinu, að það er að greiða gjöld í ríkissjóð, með því móti heldur en þegar beinum sköttum er beitt. Það var líka ein röksemdin, sem notuð var af andstæðingum íhaldsins á fyrri þingum, til þess að sýna, hversu ósvífin tollastefnan væri, þar sem með tollunum væri seilzt í vasa almennings til þess að ná af honum peningum, án þess svo að segja, að hann yrði var við. Ég man eftir mörgum yfirlýsingum framsóknarmanna á þingi og í blöðum frá árunum 1924—1926 um það, hvað tollafarganið væri svívirðilegt. Ég álít, að gjarnan væri rétt fyrir þá hv. þm., sem nú fylgja þessu frv., að rifja þau ummæli upp. Nú hafa þeir völdin. Þeir geta gert það, sem þjóðin ætlast til af þeim. Stjórnarfl. hafa nú ekki aðeins þingræðismeirihluta, heldur hafa þeir einnig lýðræðislegan meiri hl. þjóðarinnar á bak við sig um að framkvæma sína stefnuskrá í skattamálum. Því að Kommfl. mun fyllilega vera með þeirri stefnuskrá og þeim loforðum, sem stjórnarfl. hafa gefið viðkomandi þessum málum áður fyrr. Það, sem því nú reynir á, er, hvort stjórnarfl. og stjórnin hafa kjark í sér til þess að framkvæma þá stefnu, sem þeir hafa lofað þjóðinni, að þeir skildu vinna eftir.

Hér er að vísu við harðvítug öfl að etja, sem eru auðmannastéttin hér í Reykjavík, sem berst á móti því með öllum aðferðum, sem til áhrifa eru líklegar, og öllu móti, hvernig sem því verður við komið, að sú skattastefna komist í framkvæmd, að taka peningana af þeim ríku, sem geta greitt þá, en ekki af hinum fátæku. Þessu berst auðmannastéttin á móti. Það hefir þess vegna reynt á það meðal stjórnarflokkanna og í þeirra afstöðu til tekjuöflunar nú, hvort þeir þyrðu að fara þessa leið, að setja þyngri skatta á þá ríku. Við kommúnistar höfum bent á leiðina til þess. Því hefir ekki verið mótmælt, að hún væri fær. Því hefir ekki heldur verið mótmælt, að það væri í samræmi við það, sem framsóknarmenn hafa áður borið fram; og ekki heldur mótmælt, að við komumst með þeim frv. ekki þar með tærnar, sem Alþfl. hafði hælana meðan hann var í stjórnarandstöðu. Við höfum farið hóflega í sakirnar. Við höfum borið fram þau frv. í því augnamiði að benda stjórnarflokkunum á og rifja upp fyrir þeim þær leiðir, sem þeir sjálfir töldu færar áður, — benda þeim á, að þessar leiðir eru færar enn. Ég þykist vita, að Alþfl. hafi ekki gert það með glöðu geði að ganga inn á þá aðferð að ná tekjum ríkissjóðs á þann hátt, sem hér er farið fram á í frv. Ég þykist einnig vita, að ekki aðeins fylgjendur Framsfl., heldur einnig ýmsir þm. flokksins muni vera mjög óánægðir með þá leið, sem farin er í þessu frv. Ég leyfi mér að fullyrða, að það, að þessi leið skuli vera farin, er eingöngu í samræmi við vilja afturhaldssömustu klíkunnar hægra megin í Framsfl., mannanna, sem standa í nánustu sambandinu við auðmannastéttina hér í Reykjavík og eru undir hennar valdi. Í því sambandi vil ég segja það, að aðferðin til að knýja það fram, að meiri hl. þjóðarinnar fái að ráða í þessu efni, hún er ekki sú af hendi Alþfl. og þeirra framsóknarmanna, sem í hjarta sínu eru andvígir þessari tollastefnu, að sitja aðeins undir og þola það, að þeir flokkar séu bendlaðir við annað eins og þessa tollahækkun, sem hér er farið fram á. Þeirra aðferð til þess að berjast á móti þessu ætti að vera sú, að þeir færu til þjóðarinnar og segðu henni, að þeir væru á móti þessu og að þeir vildu ekki bera í bætifláka fyrir þessa íhaldsstefnu, sem þar með er kennd við núv. stjórnarflokka og ríkisstj. Þeir eiga að segja við þjóðina: Við höfum ekki getað annað en verið á móti þessu og viljum berjast gegn því. Það er aðferð til að knýja þetta mál fram. Sú aðferð er að tryggja meiri áhrif fólksins sjálfs á þingið og á flokkana heldur en nú er gert. Það er nú kosið hér til þessa þings fjórðahvert ár. Og rétt fyrir kosningar koma þingmenn, sem þá eru bara frambjóðendur, fram fyrir kjósendur með mjög fögrum loforðum um allt mögulegt og segjast vera auðmjúkir þjónar fólksins og fulltrúar, sem framkvæmi vilja þess. En þegar þeir koma hingað, eru þeir herrar þjóðarinnar. Þá eru það þeir, sem segja fyrir verkum, og þjóðarinnar að hlýða. Það er þetta, sem þarf að breytast; og það er þetta, sem við kommúnistar göngum út frá, að bæði Alþfl. og meginhluti Framsfl. ætti að vera fylgjandi að breyta, að tryggð væru áhrif þessa fólks, sem fær að láta í ljós sína skoðun fjórðahvert ár, tryggð áhrif þess líka milli þessara kosninga. Það fengist með því, að sjálfir flokkarnir og stjórnir þeirra stæðu í meira sambandi við kjósendurna, og að kjósendurnir skipulegðu sig sameiginlega til þess að hafa áhrif á stjórnarflokkana. Núv. stjórnarsamsteypa á að vera vinstri stj. í landinu. En þó beitir hún þeirri aðferð, að það er samið af þingflokkunum á bak við tjöldin, aðeins kosnar þriggja manna nefndir af hálfu flokkanna og miðstjórnanna til þess að semja um, hvað gera skuli. Og svo koma þær nefndir fram með annað eins og þessa bráðabirgðatekjuöflun og segja síðan sínum flokki: Nú er annaðhvort að ganga að þessu eða ekki. En það er ekki á þennan hátt, sem lýðræðisflokkar eiga að vinna að málunum, sem þeim eru falin. Ef farið væri að á þann hátt að láta kjósendurna sjálfa ráða málunum, ef þeir legðu þau fyrir

fólkið, Framsfl. og Alþfl., svo að menn gætu rætt þau í verklýðsfélögunum og samvinnufélögunum og látið kjósa nefndir á hverjum stað til þess að ræða málin, þá yrði útkoman öðruvísi; ef séð yrði um, að fólkið sjálft fengi að segja til um stefnuna í þessum stórmálum. Ef skipulögð væri virkileg þjóðfylking í landinu, þá yrði ekki svona pólitík rekin sem nú er, og þá ættu þessir flokkar ekki heldur á hættu að hljóta fordóm hjá meiri hl. fylgjenda sinna sem óhjákvæmilega afleiðingu af þeirra pólitík.

Ég vil því í sambandi við þetta frv. vekja eftirtekt stjórnarflokkanna á því, þó að ég búist við, að þeir hafi séð það áður, að það er ekki hægt að halda áfram í þessa átt. Ég þykist alveg sérstaklega vita, að Alþfl. sjái þetta, og ég býst við, að menn í þeim flokki séu ákveðnir í því að beygja sig ekki aftur fyrir svona tollaálagningu, sem hér á fram að ganga. En ég álít, að samvinnumenn landsins, og sérstaklega sá flokkur, sem kennir sig við samvinnu, ætti líka að athuga alvarlega sinn gang. Flokkur, sem berst á móti dýrtíð í landinu, flokkur, sem berst á móti því, að hækkað sé verð á nauðsynjavörum til almennings í landinu og berst fyrir, að verð lækki eins og hægt er, hann ætti að athuga, hvílíkt hróplegt ósamræmi það er við stefnu hans og fortíð að fara inn á að leggja á nýja tolla. Við kommúnistar höfum staðið með því, að vinstri stjórn sé í þessu landi og vinstri flokkarnir skipi ríkisstj. í krafti síns þingmeirihl. og þjóðarmeirihl., en álítum ekki, að eigi að reka íhaldspólitík, heldur vinstri pólitík, pólitík í samræmi við sína stefnuskrá. Það er þetta, sem þarf að vera, svo framarlega sem slík vinstri stjórn á ekki að verða sjálfri sér og lýðræðinu að fótakefli. Ég álít þess vegna, að í sambandi við þetta frv., sem liggur fyrir, sé að miklu leyti verið að taka ákvörðun um framtíðarpólitík vinstri flokkanna í landinu. Ég býst við, að báðir vinstri flokkarnir séu sammála um, að það sé neyðarúrræði, sem þeir grípa nú til, og slíkt muni ekki ske aftur. En það hefðu þeir átt að athuga fyrr, eftir kosningarnar í sumar, eftir að sýnt var, hver var vilji fólksins, — að gera þá ráðstafanir til að reyna að framkvæma þann vilja. Það er ekki orðið of seint ennþá. Það er hægt fyrir næsta þing að knýja slíkt fram, að það verði skipuð þjóðfylking milli vinstri flokkanna og tekin upp pólitík af hálfu ríkisstj., sem virkilega berst gegn auðmannastéttinni í landinu og sýnir í verkinu vilja sinn til að hlífa alþýðunni við aukinni dýrtíð og til að bæta hennar kjör, — sem ekki vill taka úr einum vasanum og láta í annan, heldur taka frá þeim auðugustu til þess að láta til þeirra fátækustu.

Ég álít þess vegna, að með þessu frv. brjóti ríkisstj. og núv. stjórnarflokkar í bága við þeirra eigin stefnu og stígi óheillaspor. Ég ætla strax að taka fram, að það er enginn efi á því, að þetta frv. hefir bæði verið og verður alveg sérstaklega notað af hálfu Sjálfstfl. til þess að sýna fram á, hve fjandsamleg núv. stj. sé alþýðunni í landinu. Ég held nú, að þeir þm. Sjálfstfl. ættu ekki að tala freklega í þessu máli. Það eru einmitt þeir, sem hafa innleitt þessa stefnu fyrst og fremst hér á landi. Þeir hafa lagt á þyngstu tollana. Og þeirra tal nú stafar eingöngu af því, að þeir taka aðra afstöðu nú í stjórnarandstöðunni, að þeir eru að reyna í umboði þeirrar stéttar, sem þeir starfa fyrir, auðmannastéttarinnar í Reykjavík, að slá tvær flugur í einu höggi: Annarsvegar með áhrifum auðmannastéttarinnar á stjórnarflokkana, að fá þá til að framkvæma íhaldspólitík og hinsvegar láta líta svo út á þingi og Morgunbl., að Sjálfstfl. sé orðinn svo róttækur, að hann sé orðinn á móti álögum og tollapólitík. Það er þess vegna slæmt, að núv. stjórnarflokkar skuli með þessari íhaldspólitík gefa Sjálfstfl. þannig undir fótinn, gefa honum tilefni til lýðskrums í þessu sambandi. Hinsvegar kann að vera, að Sjálfstfl. sé að þykjast taka upp þá baráttu, sem Kommfl. einn flokka hefir barizt fyrir, og skreyta sig þannig með stolnum fjöðrum. En ég verð að segja, að engar fjaðrir fara flokknum eins illa og þær.

Ég vonast þess vegna til þess, og vil bera fram þá ósk í sambandi við þessar umr. um tollafrv. þetta, sem nú er til umr., að þetta verði í síðasta skipti, sem slík till. komi fram frá stjórnarflokkunum. Að næst þegar Alþingi kemur saman til þess að ákveða sín fjárl., þá verði öfl vinnandi stéttanna í vinstri flokkunum nægilega sterk til þess, að þau óheillaöfl, sem nú valda því, að þetta frv. liggur hér fyrir okkur, verði sigrað, og að alþýðan í þessu landi, sem stendur bak við þessa flokka og hefir ráðin og hefir meiri hl., geti komið vilja sínum fram, og að það verði ekki sú tálmun, sem nú hefir reynzt fyrir vilja hennar. Að það verði til þess, að næst þegar vinstri flokkarnir leggja sína stefnu í fjármálum og skattamálum þjóðarinnar fyrir þetta þing, þá verði þeir ríku látnir borga, og að það spyrjist ekki lengur, að flokkar alþýðunnar í þessu landi slengi þyngri tollum á alþýðuna en áður voru og láti íhaldið berja sér á brjóst eins og fariseinn og þykjast alsaklaust.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég býst ekki við, að það sé nokkur maður hér inni — ekki einu sinni hv. 5. þm. Reykv. —, sem lætur sér detta í hug, að hægt sé að taka öll gjöld til ríkissjóðs, 12—14 millj., með beinum sköttum einum saman, án þess að snerta nokkra aðra en þá, sem hann kallar þá ríku. Og spurningin er vitanlega sú, hvað langt eigi að ganga í því að leggja tekju- og eignarskatt og skatta á þær vörur, sem taldar eru miður þarfar, áður en menn neyðast til að leggja á almennar vörur. Þetta er spurningin, en ekki það, hvort hægt sé ekki einfaldlega að leggja öll gjöld til ríkissjóðs á sem beina skatta. Ég býst ekki við, að nokkur haldi því fram.

Hv. 5. þm. Reykv. segir, að það hafi verið eitt af kosningamálunum í vor, að létta jafnvel af tollum og sköttum frá því, sem þeir hafa verið fyrir þær kosningar, — a. m. k. ekki þyngja þá. Ég mótmæli þessu algerlega hreint. Um þetta var engin yfirlýsing gerð í kosningunum í vor. Þvert á móti var almennt litið

svo á, að ekki væri hægt að lækka tolla eins og sakir stæðu. Þetta er þess vegna alger uppfinding hjá hv. þm. Þvert á móti kom fram hjá flokkunum áður en þeir lögðu út í síðustu kosningar, að það væri komið svo langt áleiðis fyrir þeirra atbeina að skipta álagningunni eftir efnum og ástæðum, að erfitt væri að ganga miklu lengra eftir þeirri leið einni saman. Ég skal nefna tvö óræk dæmi. Annað, að fulltrúar allra flokka samþ. í þinginu að leggja á almennt vörugjald til bæjar- og sveitarfélaga. Af hverju? Af því að það var álit þeirra manna, sem aðallega töldu sig fulltrúa fyrir kaupstaðina, að með því að hækka tekju- og eignarskattinn eins og lagt var til, þá væri gengið um of á möguleika til að leggja á útsvör. Það er ekkert annað en blekking hjá hv. 5. þm. Reykv., þegar hann er að halda fram, að sú stefna, sem er í þessu frv., komi nokkrum á óvart. Það var viðurkennt alstaðar, nema bara hjá kommúnistum, af því að þeir þurfa nú að tala eins og hv. 5. þm. Reykv. talaði áðan. Hitt er annað mál, að ef borið hefði að höndum góðæri, svo að tolltekjur ríkissjóðs hefðu farið fram úr áætlun, og hægt hefði verið að létta tolla og skatta, þá var sjálfsagt að nota tækifærið til að lækka tolla á nauðsynjavörum. Eins og aðkreppt er nú og áður en lagt var í síðustu kosningar, þá vita allir, hvernig málið stóð, og hv. 5. þm. Reykv. líka. Ef tekin eru útsvör og tekjuskattur á Íslandi á hinum stærri stofnunum, þá er það svo, að álagning á „hina ríku", eins og hv. þm. orðaði það, og þeir eru þó nokkrir til, og á þá, sem hafa háar tekjur, er eftir beinum leiðum orðin hærri en í nokkru öðru nálægu landi. Og í þessum nálægu löndum fara með völd vinstri flokkar. Og ég vil upplýsa hv. 5. þm. Reykv. um það, að ef hann ekki veit það áður, að þessir vinstri flokkar hafa gripið til þeirra tekjuöflunarleiða, sem við förum nú, áður en þeir voru búnir að auka eins mikið gjöldin á efnamönnunum eins og við höfum gert. Og líka vil ég benda hv. 5. þm. Reykv. á það, að í því eina landi, sem ég veit um, að þrír vinstri flokkar fara með völd, Frakklandi, hafa þeir sett tolla- og skattamálalöggjöf, sem áreiðanlega snertir ekki minna hag almennings í landinu heldur en sú tolla- og skattamálalöggjöf, sem hér er á ferð. Og áður en þeir gera þetta, eru þeir ekki búnir að leggja á með beinum sköttum neitt álíka fjárhæð eins og búið er hér á þessu landi. Ég ætla að segja hv. þm. það, sem hann veit áður, að einn af þeim flokkum, sem stendur að þessum ráðstöfunum, er kommúnistaflokkurinn í Frakklandi. En þessi hv. þm. og kommúnisti getur talað hér gleiðgosalega í deildinni og sagt, að mannlegra sé að þora að tala við kjósendurna. Hann er nú að tala til að afla fylgis, en ég held það væri nær fyrir hann að þora að viðurkenna staðreyndir, sem fyrir liggja, eins og flokksbræður hans í Frakklandi þora að gera. Það er enginn manndómur í því lýðskrumi, sem hann flytur hér. Það er meiri manndómur að viðurkenna staðreyndina um þá nauðsyn, sem fyrir hendi er um fjáröflun. Því að það vita allir, sem kunnugir eru málum, að ræðan, sem hann flutti áðan, getur engu öðru áorkað en að efla fasisma. Þetta hafa flokksbræður þessa hv. þm. séð, og þeir hafa tekið afleiðingunum af því og þorað að viðurkenna staðreyndirnar og standa við þær í framkvæmdinni. En það er það, sem þennan hv. þm. brestur kjark til.

*Einar Olgeirsson: Hæstv. fjmrh. byrjaði ræðu sína með því að tala um, að fyrir síðustu kosningar hefðu ekki verið gefnar neinar yfirlýsingar í Framsfl. og stjórnarflokkunum um, að þeir væru andvígir því, að meiri tollar væru lagðir á þjóðina. Ég vildi gjarnan mega spyrja hæstv. fjmrh., hvort stefnuskrá Framsfl. hafi ekki gilt við síðustu kosningar, hvort hún hafi verið numin úr gildi sérstaklega fyrir kosningarnar. Ég fyrir mitt leyti veit ekki betur en að stefnuskrá Framsfl. standi alveg eins óhögguð jafnt við síðustu kosningar eins og hún stendur ennþá, og Framsfl. sé í henni, eins og hann hefir alltaf verið, á móti tollum á nauðsynjavörum almennings. Og ég veit ekki til þess, að neinar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess, að kosningarnar síðustu færu fram undir einhverri annari stefnuskrá en þeirri, sem Framsfl. hefir búið til og barizt undir og unnið sína sigra undir.

Hæstv. fjmrh. byrjaði ennfremur með því að tala um, að það væri spurningin, hvað langt mætti ganga í að leggja skatta á þá ríku áður en gripið er til hins, að leggja á nauðsynja vörur þjóðarinnar. Ég verð að segja það, að ef spurningunni hefði verið stillt þannig í upphafi við samningu fjárl., þá hefði ekki verið gengið sérstaklega langt. Eins og allir vita, þá eru þær tekjur, sem fást með beinum sköttum, ekki nema rúmar 2 millj., ef ég man rétt. Síðan koma óbeinir skattar og tollar. Annars var það ekki þannig, sem ég tók spurninguna, heldur hvort nauðsynlegt sé að hækka tollana frá því, sem var á síðasta þingi. Ég var ekki að tala um hitt, að það hefði átt á þessu þingi að afnema alla tolla, sem fyrir voru, eða þvílíkt. Svona harðar voru ekki kröfur minar. Spursmálið, sem lá fyrir, var að þyngja ekki þá bagga, sem voru bundnir áður. Og það er í þessu, sem ég álít, að stjórnarflokkarnir hafi hagað sér ranglega.

Hæstv. fjmrh. kom í þessu sambandi ofurlítið inn á pólitík í löndunum hér í kring, m. a. í Frakklandi. Ég vildi óska þess, að fjmrh. vildi taka upp að berjast fyrir því að fylgja öðrum hliðum af stefnu frönsku alþýðufylkingarinnar heldur en bara í tollamálum. (**Fjmrh.**: En sú hlið?) Það er nú það eina, sem hæstv. fjmrh. virðist finna til fyrirmyndar í því, sem þessi ríkisstj. í Frakklandi hefir gert. Hann hefir tvisvar sinnum á þessu þingi minnzt á það. Ég vil upplýsa hæstv. fjmrh. í þessu sambandi, ef hann ekki skyldi vita það áður, að fjármálapólitík frönsku ríkisstj. hefir einmitt sætt skarpri gagnrýni af hálfu kommúnista í Frakklandi. Kommfl. franski hefir barizt fyrir því, að öllu innheimtukerfi Frakklands yrði breytt og skipulagi fjármála gerbreytt. Ég veit, að hæstv. fjmrh. er alveg sérstaklega klókur maður í öllum innheimtuaðferðum og kann vel að koma lagi á ýmislegt, sem snertir ríkisrekstur. Ég

vildi þess vegna mælast til þess, að hann kynnti sér núv. fyrirkomulag það, sem er á innheimtu skatta og tolla í Frakklandi. Það er svo úrelt og óþolandi vitlaust, sem frekast er hægt að hugsa sér. Það er svo langsamlega miklu verra en hér, þegar hann tók að sér að endurbæta það. Kommúnistar í Frakklandi hafa krafizt þess, að einmitt þarna væri gersamlega breytt um og allri innheimtu í Frakklandi á tollum og sköttum komið inn á allt aðra braut, og um leið þeir ríku látnir borga. Franska stj. hefir ekki orðið við þessari kröfu. Hún hefir ekki þorað að láta til skarar skríða. Það er alveg rétt, að þrátt fyrir það, þótt franska alþýðufylkingin hafi sýnt sig þetta lina í þessu efni, hafa kommúnistar ekki viljað fella hana. Og ég hygg að þeir hafi gert rétt í því. En það er allt annað en að þeir styðji þá fjármálapólitík, sem hún nú rekur. Hitt vil ég benda hæstv. fjmrh. á, að frönsk alþýða og franskur verkalýður hefir fengið ýmislegt fram með sínum áhrifum á núv. ríkisstj.; og væri það framkvæmt á Íslandi, mundi bæði Alþfl. og Framsfl. — a. m. k. fylgjendur hans — líta allt öðrum augum á þá stjórn. M. a. eru þær stórfenglegu þjóðfélagslegu tryggingar, stytting vinnudagsins, 40 stunda vinnuvika. Og það er fjöldinn allur af réttindum, sem frönsk alþýða hefir orðið aðnjótandi einmitt vegna þess, að alþýðufylkingarstjórn hefir setið að völdum, en Íslendingar hafa farið á mis við hjá núv. ríkisstj. Það er því vert fyrir hæstv. fjmrh. að athuga einmitt þessi spursmál, þegar hann er að vitna í það, hvað franski kommúnistaflokkurinn og ríkisstj. gera. — Ennfremur vil ég benda á það í þessu sambandi, að franska ríkisstj. hefir tekið mjög skarplega á því, sem nú hefir verið undirbúið á móti lýðræðinu í Frakklandi, þeim samsærum og uppreisnum, sem þar hafa farið fram. Og ég vil aðeins, úr því franska ríkisstj. hefir borizt í tal, benda hæstv. fjmrh. á, að þess væri ekki vanþörf, að hin íslenzka ríkisstj. tæki hana sér ofurlítið til fyrirmyndar hvað það snertir.

Svo að ég víki nú að því frv., sem fyrir liggur, þá kom ekki eitt einasta atriði fram í ræðu hæstv. fjmrh., sem benti til þess, að hann eða þeir, sem standa að samningu þessa frv., hafi reynt að fara aðrar leiðir til þess að afla tekna í ríkissjóð heldur en þessar leiðir, sem hér er um að ræða.

Út af þeim orðum, sem hæstv. fjmrh. lét sér um munn fara, að ég væri hér með lýðskrum, vil ég skjóta þeirri spurningu fram, hvort það hafi verið lýðskrum af hálfu þm. Framsfl., þegar þeir á tveim þingum í röð báru fram frv. um stóríbúðaskatt, — og var það lýðskrum af hálfu alþýðuflokksmanna, þegar þeir 1931 báru fram sitt mikla frv. um 11 millj. kr. til atvinnuaukningar í landinu? Ég held, að hæstv. fjmrh. ætti því að stinga hendinni í sinn eigin barm áður en hann fer að tala um lýðskrum hjá okkur kommúnistum. Það er hart, ef það, sem form. Framsfl. bar hér fram á þingi fyrir nokkrum árum, telst lýðskrum, þegar það kemur frá kommúnistum. Hæstv. fjmrh. og hans flokkur mega ekki skipta svona fljótt um frá því þeir eru í stjórnarandstöðu og eru að berjast rétt fyrir kosningar og þangað til þeir eru komnir í stjórnarsess. Og ég held, að hæstv. fjmrh. verði að sætta sig við það, að það, sem hann og hans flokksmenn gerðu í stjórnarandstöðu, sé öðrum leyfilegt líka, og að hann verði því að hætta að kvarta yfir því, þó að við kommúnistar hreyfum hér á Alþ. samskonar baráttu og Framsfl. og Alþfl. hafa háð hér áratugum saman, sem ég vænti, að hæstv. ráðh. vilji ekki meina, að hafi verið lýðskrum eitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 21. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 342, n. 423 og 424, 432, 445).

*__Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)__: Það þarf ekki miklar skýringar við till. n. Sumpart eru þær gerðar til þess að samræma þetta frv. fjárl., og kemur það af sjálfu sér, að sú till. verður samþ. Þá er stj. og gefin heimild til þess að létta útflutningsgjaldi af salti og kolum, og er ætlazt til, að stj. noti þetta þegar á næsta ári. Aftur á móti er ekki lagt til að létta tolli af olíu, enda mun það skipta svo litlu máli, að olían mundi ekki lækka þrátt fyrir það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira um þessar till., en þær eru fluttar af n. í sameiningu.

*__Frsm. minni hl. (Ólafur Thors)__: Minni hl. viðurkennir, að ekki verði hjá því komizt að afla ríkinu tekna, en hefir þó ekki getað orðið sammála hv. meiri hl. um að mæla með, að frv. verði samþ., og ástæðurnar fyrir því eru greindar í nál., og hirði ég ekki að endurtaka það.

Þetta er eitt af stærstu málum þingsins, og ég fyrir mitt leyti hefi lýst því máli, eftir því sem ég tel ástæðu til, við almennar umr. á eldhúsdaginn, og tel ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér, en get vísað til þess og látið það nægja.

Ég tel, að þær breyt., sem gerðar hafa verið á frv. í meðferð þingsins, séu til bóta. Hinsvegar hefi ég tilhneigingu til að bera fram ýtarlegri breyt., en veit, að þær verða ekki samþ., og hefi þá ekki séð ástæðu til að tefja störf þingsins með því að koma með till., sem fyrirsjáanlegt er, að ná ekki fram að ganga.

*__Ísleifur Högnason__: Við 1. umr. þessa máls, tók flokksbróðir minn, hv. 5. þm. Reykv., þetta frv. til rækilegrar athugunar, og get ég þar ekkert um bætt. Ég mun því nú aðeins ræða einstakar gr. frv., um leið og ég get ekki látið hjá líða að mótmæla frv. í heild.

Það er þá fyrst og fremst að athuga við skattstigann, að breyt., sem er ráðgerð hér, á ekki að ná lengra en upp í 28 þús. kr. tekjur, en í l., sem er ætlazt til, að breytt verði, á hann að enda á 50 þús. kr. Sem sagt, það á ekki

að hækka skatt af tekjum, sem eru frá 28 þús. og upp í 50 þús. kr., heldur á hann að haldast. Ég vil gjarnan heyra frá hv. meiri hl. n. orsökina fyrir því, hvers vegna ekki er haldið þarna áfram, því að ég þykist vita, að á árinu, sem er að líða, hafa fleiri fyrirtæki haft tekjur yfir 28 þús. kr. Virðist mér líka, að andinn í þessu frv. beri að sama brunni að því er það snertir, að þessi skattur eigi að leggjast á alþýðu manna, sem sízt getur borgað, en þeim, sem helzt geta borgað, er hlift. Þessi kostnaður nemur, eins og hann er nú áætlaður, röskleg 2½ millj. kr., eða um 90 kr. á hverja 4 manna fjölskyldu í landinu. Þetta er vitanlega aðallega skattur á fólki, sem hefir úr litlu að spila, kannske ekki nema 1000—1500 kr. árstekjur, og það hlýtur að leiða af þessu almennan skort meðal atvinnuleysingja.

Þá vil ég taka til athugunar niðurlag 3. gr., sem hljóðar svo:

„Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölul. hér á undan, skal einnig greiða af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af, er lög þessi öðlast gildi, þótt vörurnar hafi verið fluttar til landsins fyrir gildistöku laga þesara".

Þetta mun vera nýmæli, og ef til framkvæmda kemur — en mér þykir ótrúlegt, að hæstv. ríkisstj. láti tollgæzluna á hverjum stað annast vörukönnun og taka skatt af erlendum vörum, sem fluttar eru inn til landsins fyrir áramót —, þá mun þetta nema drjúgum skilding. Ef ekki á að hækka þennan tolllið til hálfs, þá finnst mér ástæða fyrir hv. fjhn. að gæta að því, hvort hún getur ekki fallizt á að fella þetta ákvæði niður, því að frv. hlýtur að fara fram úr áætlun um tekjur, ef þessa er ekki gætt. Vegna þess, hve áliðið er þingtímann, vil ég ekki fjölyrða um þetta, en ég óska eftir, að hv. n. taki þessa tvo liði til athugunar, og ef hún getur fallizt á að hækka skattstigann upp í 50000 kr., hvort þá er ekki hægt að afnema tolla á nauðsynjavörum, eins og t. d. rúgmjöli, hveiti og öðrum nauðsynjavörum, sem hafa hækkað.

Fyrir hönd míns flokks og allrar alþýðu í landinu mótmæli ég þessu frv. og tek það fram um leið, að við kommúnistar höfum bent á leið hér í þinginu til þess að ná a. m. k. helmingnum af þeim tekjum, sem farið er fram á, með vaxtaskatti, lúxusbílaskatti, lúxusíbúðarskatti og skatti á lóðum og löndum, sem notuð eru í brask.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, skal ég upplýsa það, að skattstiginn í 2. gr. frv. er nákvæmlega eins og hann er nú í gildandi l. um þetta efni. Misskilningur hans mun liggja í því, að hann bar saman við skattstigann í l. frá 1935, en honum var breytt með l. 1936, þegar hátekjuskatturinn var lögleiddur, og þá var stighækkunin orðin svo mikil, að ekki var hægt að hækka hana. Ennfremur vil ég upplýsa í sambandi við niðurlag 3. gr., sem hv. þm. gerði aths. við og sagði, að samkv. því ætti að innheimta toll af vörubirgðum, sem fluttar eru inn fyrir áramót. Þetta er misskilningur, því það stendur í frv., að einnig skuli greiða gjöld af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af, þó að þær séu komnar til landsins. Það er ekki gert ráð fyrir, að gjöld séu tekin af vörum, sem búið er að borga, heldur þeim vörum, sem liggja á afgreiðslum og ekki hafa verið teknar. Þetta er gert til þess að fyrirbyggja það, sem oft hefir verið leikið undanfarið, þegar tollal. hafa verið til meðferðar í þinginu, að menn flyttu vörur til landsins til þess að losna við tollgreiðslu. Þetta er ekki hægt að fyrirbyggja með öllu með innflutningshöftunum, því að menn geta fengið vörur settar á skipaafgreiðslurnar, þó að þeir hafi ekki innflutningsleyfi. Það er sanngjarnt að sekta alla, sem þetta gera, og þess vegna hefir þetta ráð verið tekið.

***Ísleifur Högnason:** Ég verð að afsaka mig með því, að við kommúnistar höfum engan mann í þessari n., en í 2. gr. þessa frv. er skírskotað til. l. nr. 6 9. jan. 1935, en þar nær skattstiginn upp í 50000 kr. Hvort þetta er misritað í frv., veit ég ekki.

Um annan liðinn vil ég líka geta þess, að ég tek þá skýringu til greina, sem hæstv. fjmrh. gaf, en það er ekki getið um, hvort það eru þessi aðflutningsgjöld, sem taka eigi af þeim vörum, sem eru til í landinu, en mér finnst rétt að taka skýrt fram, að það væri átt við það, en ekki að búið væri að greiða önnur aðflutningsgjöld af þeim en þessi, sem hér er farið fram á.

***Einar Olgeirsson:** Það er örstutt aths. út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við 3. gr. frv. Ég vil gera þá fyrirspurn, hvort þetta eigi að gilda undir öllum kringumstæðum, líka þó að auðséð sé, að þeir, sem flytja vörur til landsins, hafi alls ekki gert það með það fyrir augum að losna við tollgreiðslu, heldur orðið að láta vörurnar liggja vegna þess, að þó að þeir hafi fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þær, þá hafa þeir, bankanna vegna, ekki getað fengið þær út fyrr. Við vitum, að það er algengt, einnig um samvinnufélögin, að það hefir orðið að bíða lengi eftir vörum, sem búið var að panta og gjaldeyris- og innflutningsleyfi hefir fengizt út á, dagsett á réttum mánuði, vegna bankanna. Það er mjög hart undir slíkum kringumstæðum fyrir samvinnufélögin, sem auðvitað setja sér það sem mark og mið að reyna að komast sem mest hjá því að þurfa að setja óþarflega álagningu á vörurnar, að verða af slíkum ástæðum að láta vörurnar bíða fram yfir þann tíma, sem tollurinn er miðaður við, en hefðu getað komizt undan, ef vörurnar hefðu fengizt út á réttum tíma. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á þessu, og mér finnst, að þetta ákvæði þurfi að vera svo rúmt, að hægt væri að veita undanþágu, ef hæstv. fjmrh. er sjálfur sannfærður um, að þarna sé alls ekki alltaf um það að ræða, að menn reyni að svíkjast undan tollgreiðslunni, heldur séu að verki óviðráðanleg atvik fyrir viðkomandi innflytjanda, svo sem ráðstafanir banka eða annað slíkt.

Ég ræddi um þetta við 1. umr. og þarf því ekki að fara frekar út í það nú. Það fór eins og mig grunaði, að sjálfstæðismenn mundu ekki vera eins mótfallnir þessum tollal., þegar þeir

ræddu við okkur í þinginu eins og í útvarpsumr., þegar verið var að ræða um þau þar.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Auðvitað verður þetta ákvæði að gilda jafnt fyrir alla. Hjá því verður ekki komizt. Það er ekki hægt að láta rannsókn fara fram í hverju tilfelli á ástæðum fyrir því, að vörurnar hafa ekki verið teknar fyrir 1. jan., og það getur verið, að einhver lendi undir þessu ákvæði, sem ekki hefir getað tekið vörurnar fyrr af óviðráðanlegum ástæðum, en það er ekki hægt að girða fyrir það. Það er miklu minni hætta á, að menn svíkist undan því að greiða toll með því að hafa þetta ákvæði heldur en eins og þetta var áður. Ég tel því, að þetta ákvæði sé til bóta og engin ástæða sé til að breyta því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17:2 atkv.
Brtt. 445 felld með 21:1 atkv.
— 432,I samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 432,II (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 22:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Á 57. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 466).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að á þskj. 466 er prentvilla í 4. gr. frv. Þar stendur: 260 þús., en á að vera 275 þús., því að þannig var það samþ. við 2. umr. hér í deildinni.

Forseti (JörB): Þetta er rétt athugað hjá hv. þm. V.-Húnv., og ég skal sjá til þess, að það verði leiðrétt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:2 atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 466).

Á 56. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12. shlj. atkv.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Frv. hefir tekið þeim breyt. frá því það fór úr þessari hv. d., að 4. gr. er færð til samræmis við tilsvarandi ákvæði fjárl. Þar eru taldir þeir vegir, sem í fjárl. er áætlað fé til af benzínskatti. — Þá var sett í frv. ný gr., 6. gr., þar sem ríkisstj. er heimilað að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt, og að falla frá innheimtu aðflutningsgjalds af salti, þó ekki nema hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélög veiti slíkar undanþágur. Ef ríkisstj. notar þessa heimild, þá er henni heimilt að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. l., úr 11% í 12%. Ég geri ráð fyrir, að það gefi þá því sem næst sömu upphæð og þegar það kom frá d.

Ég vil mælast til þess, að d. fallist á að samþ. frv. svona breytt, þar sem nú er komið að þinglokum og málið búið að fara milli d., eins og kunnugt er.

*Jóhann Jósefsson: Þegar þetta mál var hér á ferð síðast, þá flutti ég brtt. um, að Vestmannaeyjar væru þarna gerðar jafnréttháar öðrum þeim héruðum, sem njóta góðs af benzínskatti til vega. Ég bjóst þá við, að þetta bæri öðruvísi að í Sþ. og það yrði tækifæri til þess að bera fram um þetta till. við afgreiðslu fjárl. í Sþ. En þetta kom ekki fram þar í því formi, sem ég hafði búizt við, en hefði ég vitað það, þá hefði ég ekki tekið brtt. mína aftur við 3. umr. hér í þessari d. Ég get ekki varið það að falla frá þeirri kröfu, að benzínskattur sá, sem fellur til í Vestmannaeyjum, sé að mestu leyti látinn ganga til þess að bæta vegina þar, af þeim ástæðum, sem ég hefi áður lýst og skal því ekki fara frekar út í hér. Og þó það sé að vísu leitt að fara fram á það, að málið fari aftur til Nd., horfir það þannig við frá mínu kjördæmi, og ég veit, að kjósendur mínir búast áreiðanlega við, að ég haldi fast við þessa kröfu.

Ég sé því ekki annan kost en leggja fram skriflega brtt. við frv., þegar það kemur hingað nú, sem er shlj. þeirri brtt., sem ég tók aftur á sínum tíma. En ég tók hana aftur af þeim ástæðum, sem ég hefi þegar lýst. Ég vona svo, að hv. d. sjái, að ég flyt hér rétt mál, og geri sitt til þess að sætta líka þennan hluta landsmanna, sem hér um ræðir, við benzínskattinn, með því að samþ. þessa till., sem ég nú afhendi hæstv. forseta.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent skrifl. brtt. frá hv. þm. Vestm. Hún er við 4. gr. 2. lið, að þar komi nýr liður: Til Vestmannaeyjavega 5000 kr. — Þessi brtt. er skrifleg og kom fram á fundinum, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 488) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 488 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSn, BrB, GL, JJós, MJ, ÁJ.
nei: BSt, HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.
ÞÞ greiddi ekki atkv.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 491).

Við nafnakallið um brtt. 488 gerðu fimm þm. grein fyrir atkv. sínum á þessa leið:

Bernharð Stefánsson: Ég tel ómögulegt að hrekja málið milli deilda nú og segi því nei.

Brynjólfur Bjarnason: Ég hefi ekkert á móti því að hrekja málið milli d. og segi því já.

Jón Baldvinsson: Þó ég sé ekki ánægður með þá skiptingu, sem er í frv. á benzínskattinum, og ég veit, að margir fleiri eru óánægðir með hana og þar á meðal hæstv. forsrh., en við ætluðumst til, að tillit væri tekið til óska okkar í hv. Nd., en það hefir því miður ekki orðið, og þar sem Vestmannaeyingar fá stóran skammt af benzínvegafénu nú, og með því að ég vil láta sitja við það, sem komið er, en hygg á hefndir síðar, þá segi ég nei.

Jónas Jónsson: Með því að Vestmannaeyjar hafa haft nokkra tilhneigingu til þess að vera konungsríki út af fyrir sig móti föðurlandinu, og ég hefi haft þá ánægju að hjálpa við sérstöku máli þeirra vegna í dag, þá finnst mér það vera einskonar aðskilnaðarpólitík, að samþ. tvö mál fyrir Vestmannaeyjar sama daginn, og segi því nei.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þar sem í hinni nýju samþ. fjárl. er gert ráð fyrir þeim tekjuöflunum, sem farið er fram á í þessu frv., og ég tel mjög hæpið, að málið nái fram að ganga, ef það er nú látið fara til Nd., og þó ég hafi nokkra löngun til þess, vegna aðfara þeirra, sem eru að ske í Nd. gegn síldarverksmiðjunum, að tefja þetta mál, þá segi ég samt af þeim ástæðum sem ég hefi tekið fram, nei.

45. Alþýðutryggingar (frv. VJ o. fl.).

Á 39. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þmfrv., A. 218).

Á 40. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þetta frv. um breyt. alþýðutryggingarl. er flutt fyrir tilmæli hæstv. ríkisstj., eins og frá er skýrt í grg. Um efni þess er samkomulag í öllum höfuðatriðum milli stjfl. beggja, og vil ég strax, til þess að fyrirbyggja misskilning, lýsa yfir því f. h. Alþfl., að því fer fjarri, að þeim kröfum, sem sá flokkur vildi gera til endurbóta á tryggingunum og hann býst við að vinna að, sé fullnægt með þessu frv. Hinsvegar telur flokkurinn, að svo mikið hafi þó á unnizt, að það horfi til verulegra bóta, svo verulegra bóta, að það megi ekki setja það fyrir sig, þó að ekki fáist meira fram að svo stöddu. Frv. er nokkuð síðbúið, og ég legg því verulega áherzlu á, að það fái að ganga sem allra skjótast til 2. umr. og meðferðar n. Þess vegna mun ég að þessu sinni ekki gefa tilefni til þess að tefja fyrir frv. með því að fara um það mörgum orðum. Kemst ég þó ekki hjá að gera lauslega grein fyrir höfuðatriðum þeirra breyt. á tryggingarlöggjöfinni, sem farið er fram á með frv. og eru aðallega þrennskonar.

Í fyrsta lagi eru breyt. fólgnar í því, að fyrirkomulagi tryggingarnna er að sumu leyti breytt, sérstaklega stjórn þeirra og öðru skipulagi. Í öðru lagi eru með breyt. þessum aukin hlunnindi þeirra tryggðu að talsvert miklu leyti. Í þriðja lagi er leitazt við að breyta tryggingal. þannig, að fjárhagsafkoma tryggingarnna, þ. e. sérstakl. sjúkrasamlaganna, verði öruggari eftir en áður.

Um skipulagsbreyt. er það að segja, að verksvið tryggingarráðs, sem er mjög takmarkað eða þá ónákvæmlega afmarkað í l. eins og þau eru nú, er gert ákveðnara og víðtækara. Nú er hlutverk þess aðallega í því fólgið að úrskurða vafaatriði um iðgjöld og bætur. En framkvæmdin hefir engu að síður orðið sú, að tryggingarráð hefir aðstoðað framkvæmdarstjóra tryggingastofnunarinnar við störf hans. Hér er farið fram á, að það verði lögfest, að svo skuli vera, auk þess sem tryggingarráð hafi sama úrskurðarvald um vafaatriði viðvíkjandi iðgjöldum og bótum eftir sem áður.

Þá er farið fram á, að tryggingarstofnun ríkisins skipi alla formenn sjúkrasamlaga. Nú eru þeir kosnir. Þetta ákvæði er sett eftir kröfum frá sjúkrasamlögum sjálfum, og stendur auk þess í nánu sambandi við það, að í frv. er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlögin verði undir nánara eftirliti tryggingarstofnunarinnar heldur en verið hefir, þannig að tryggingarstofnunin geti betur litið eftir öllum rekstri þeirra og ráðstöfunum, og þar á meðal mannaráðningum og launakjörum við samlögin. Er til þess ætlazt, að með reglugerð verði þetta nánar ákveðið.

Um þá aukningu hlunninda til handa þeim tryggðu, sem í frv. felst, er þetta að segja:

Við slysatryggingarnar er bætt tveimur nýjum tryggingarskyldum starfsgreinum: Þvotta- og ræstivinnu og sendisveinastörfum, en þó því aðeins, að slík störf séu stunduð sem regluleg atvinna. Þannig er þvotta- og ræstivinna ekki tryggingarskyld, ef hún er stunduð sem algerð aukavinna, og nefni ég t. d. ræstun skóla til sveita. Líka er sendisveinn ekki tryggður, þó að gripið sé til hans, ef hann er ekki ráðinn til starfsins svo sem títt er við verzlanir og aðrar stofnanir. Eftir ósk tryggingarstofnunarinnar eru hér líka tekin upp ákvæði um, að slysatryggingunni sé heimilt að tryggja fólk frjálsri tryggingu. Menn óska stundum eftir því að fá að tryggja sig á þann hátt gegn hæfilegum iðgjöldum. Líka kemur það fyrir, að þeir, sem eru skyldutryggðir, vilja gjarna kaupa sér hærri tryggingu með því að borga viðbótariðgjald. En það yrði þá einnig heimilt.

Borið hefir á óánægju yfir því, að foreldrar geta misst börn sín, sem hafa verið slysatryggð, án þess þar fyrir að eiga kröfu á nokkrum dánarbótum. Með breyt. frv. er farið fram á, að allir foreldrar fái dánarbætur eftir slysatryggð börn sín, þannig, að þeim verði, hvernig sem á stendur, tryggð sem minnsta upphæð 500 kr.

Þá er ætlazt til, að tvímælalaust verði, að útgerðarmenn skuli greiða iðgjöld til slysatryggingarinnar einnig fyrir þá háseta, sem eru ráðnir upp á hlut. En um þetta mun hafa verið nokkur ágreiningur.

Gamalt fólk er samkv. frv. leyst undan tryggingarskyldu í sjúkrasamlögum, það, sem er 67 ára og eldra. En hinsvegar er óskertur réttur þess til að tryggja sig þar, ef það vill, og nýtur það þá alveg sömu hlunninda sem aðrir, án tillits til aldurs. Hefir allmikið borið á því, að gömlu fólki, sem ekki hefir þekkt neitt til tryggginga og veitist erfiðara en yngra fólki að átta sig á nýmælum, hefir þótt hart að vera skyldað til að kaupa sér tryggingu, líka með fram vegna þess, að margt af því er ekki kvillasamt, með því að það er yfirleitt búið að ljúka sér af með fjölda sótta, sem ungt fólk er móttækilegt fyrir.

Þá er farið fram á, að fullnægt sé þeirri kröfu, sem komið hefir fram frá sjúkrasamlögum, að mönnum sé heimilt að kaupa sér tryggingu í sjúkrasamlögum án tillits til efnahags, þannig að þeir, sem hafa hærri tekjur en svo, að þeir eftir núgildandi l. fái notið hlunninda sjúkrasamlaga, geta eftir frv. með viðbótariðgjaldi fengið rétt til hlunninda. Þennan rétt eiga þeir að geta fengið með því að greiða a. m. k. 100% hærra iðgjald en aðrir samlagsmenn.

Almennri óánægju hefir það valdið, að sjúkrahjálp, sem látin er í té utan sjúkrahúsa, hefir yfirleitt ekki verið greidd öll af sjúkrasamlögunum, heldur af flestum þeirra, samkv. heimild laganna, aðeins að þrem fjórðu hl. Einn fjórða hl. hefir viðkomandi tryggður orðið að greiða sjálfur. Þetta ákvæði komst upphaflega inn í lögin fyrir kröfur læknastéttarinnar og átti að miða til þess að draga úr því, að fólk yrði um of heimtufrekt og ónærgætið í kröfum til lækna um læknishjálp. Nokkru kann að hafa valdið um þessa óánægju, að sumir læknar hafi verið um of óbilgjarnir í kröfum sínum um greiðslu þessa fjórða hluta. Óánægja almennings með þetta atriði hefir verið svo rík, að ég geri ráð fyrir, að þessum breyt. frv. verði mjög fagnað.

Dagpeningatrygging er í frv. gerð frjáls. En heimilt er sjúkrasamlögum að gera hana að skyldu. Þetta er eftir ósk sjúkrasamlaganna sjálfra, eða trúnaðarmanna þeirra, með því að í ljós hefir komið, að engin leið er að viðhalda dagpeningatryggingu að gagni, nema með svo háum iðgjöldum, að öllum þorra fólks verða þau um megn.

Þá er og gert ráð fyrir, að hinn svonefnda biðtíma (sbr. 30. gr. sjúkratryggingarl.) megi draga saman, ef svo er ákveðið í samþykktum, þannig, að fólk, sem flyzt inn á samlagssvæði og út af því aftur, ef til vill oftar en einu sinni, en greiðir samlaginu samanlagt í fleiri en einni dvöl það, sem svarar til fulls biðtíma eftir núgildandi tryggingal. fái, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í samþykktunum, sömu réttindi sem eftir samfelldan biðtíma. Þetta er einkum gert með tilliti til fólks, sem er í vetrarvistum í kaupstöðum, en flyzt burtu áður en það hefir náð fullum biðtíma að núgildandi l. Kemur slíkt einkum illa við vetrarstúlkur í Rvík, sem eru e. t. v. 6 mánuði í vist hér vetur eftir vetur, en ná aldrei tryggingarréttindum eftir því sem ákvæði l. eru nú.

Enn er gert ráð fyrir því í frv., að meiri áherzla verði lögð á það en í núgildandi l., að unglingar, sem ekki hafa fastar tekjur, fái afslátt af sjúkrasamlagsiðgjöldum sínum, eftir nánar settum reglum í samþykktum. Sama er að segja um þurfamenn, að ætlazt er til, að ríkari áherzla verði lögð á, að bæjar- og sveitarsjóðir greiði iðgjöld þeirra manna, sem fyrir fátæktar sakir geta ekki staðið í skilum með iðgjöld sín, og sé bæjar- og sveitarstjórnum skylt að setja um þetta fastar reglur, er ráðherra staðfestir. Þessum ákvæðum viðvíkjandi sveitar- og bæjarfél. var hagað þannig, vegna þess að ekki þótti fært að binda í l. fastar allsherjar reglur um þetta atriði.

Undan því hefir verið mjög kvartað, einkum af þeim, sem fengið hafa úthlutaða atvinnubótavinnu hér í Rvík, að hart væri gengið að með innheimtu iðgjalda til sjúkrasamlagsins. Að sjálfsögðu verður ekki komizt hjá því að heimila almennt, að iðgjöldum til sjúkrasamlaga megi halda eftir af kaupi. En þá er of langt gengið, þegar þeir, sem á atvinnubótavinnu eiga að lifa, og fá með höppum og glöppum örfáar krónur í kaup, sem illa geta nægt þeim til að fullnægja sárustu þörfum, verða að sætta sig við, að öllu eða því nær öllu sé haldið eftir upp í sjúkrasamlagsiðgjöld. Samkomulag hefir orðið um, að á þessu þyrfti að ráða bót, sem ætlazt er til, að gert verði með því að heimila að vísu áfram að halda megi eftir iðgjöldum af launum alls fólks, en aldrei meira en nemi 10% af ógoldnu kaupi. Að þessu ætti að vera allmikil réttarbót fyrir þá, sem minnst vinna sér inn.

Eftir óskum ýmissa þeirra manna, einkum hér í Rvík, sem eiga sér sérstaka tryggingarsjóði, t. d. starfsfólks við Landsbankann og við aðrar slíkar stofnanir og fyrirtæki, er hér gert ráð fyrir, að lögfest verði, að þeir, sem hafa keypt sér elli- og örorkulífeyri í slíkum einkasjóðum, fái tilsvarandi endurgreiðslu á iðgjöldum sínum til lífeyrissjóðs með nánar tilgreindum skilyrðum.

Þá er lagt til, að vextir ellistyrktarsjóðanna gömlu verði afhentir sveitarfélögunum til eigin úthlutunar ellistyrkja. Um þetta hafa borizt almennar kröfur úr sveitum landsins. En um úthlutun ellistyrkja eða ellilífeyris, svo og örorkubóta, eru settar miklu nánari reglur en áður, til aukinnar tryggingar því, að sú styrktarstarfsemi nái hinum eiginlega tilgangi sínum, sem er sá, að með þessum styrkjum geti gamalt fólk og öryrkjar fleytt sér fram án þess jafnframt að leita á náðir hins opinbera sem þurfamenn. Þessar reglur eru nokkuð flóknar, og verða óhjákvæmilega að vera það, ef þær eiga að endast til þess, sem þeim er ætlað, sem er að koma í veg fyrir, að greiðslur úr lífeyrissjóði og vextir ellistyrktarsjóðanna verði einkum notað til þess að ala önn fyrir eiginlegum þurfamönnum á kostnað gamalmennanna og lækka þannig framfærslukostnað sveitarfélaganna. Á þessari misnotkun hefir mikið þótt bera hér í Rvík, og raunar víðar, en verður erfitt við að koma, ef þessar breyt. verða samþ., sem ég vona að verði.

Þá er loks að geta þess, að bráðabirgðal. voru gefin út um það, að menn yngri en 67 ára, er áður nutu ellistyrks, skyldu áfram fá að njóta slíks styrks, og eru ákvæði um það tekin upp í frv. til endursamþykktar.

Nú er ég kominn að þriðja meginatriði breyt. þeirra, sem frv. fer fram á, að gerðar verði á tryggingarl., þ. e. þeim kafla frv., sem miðar að því að bæta fjárhagsafkomu sjúkrasamlaganna.

Gert er ráð fyrir, að í þá átt miði drjúgum nánara eftirlit af hálfu Trygginarstofnunar ríkisins með rekstri allra samlaga, einkum varðandi mannahald, launagreiðslur og samninga við lækna, sjúkrahús og lyfjabúðir, sem þau eiga mest undir um afkomu sína. Sjúkrasamlögunum var í upphafi ætluð fullkomin sjálfsstjórn í trausti þess, að þannig fyndu þau til mestrar ábyrgðar og gættu bezt hagsmuna sinna. En þeir, sem þessu treystu, verða að játa, að hér hafa þeir orðið fyrir nokkrum vonbrigðum. Sum sjúkrasamlög hafa af ótrúlegri léttúð tekið á sig þær kvaðir, sem vitað er, að þau fá ekki risið undir. Er eftir á séð, að öruggara hefði verið, að Tryggingarstofnunin hefði frá því fyrsta haft nánari afskipti af og eftirlit með rekstri samlaganna heldur en hún var látin hafa.

Þá er jafnframt bætt aðstaða sjúkrasamlaga til að ná hagkvæmum samningum við lækna, sjúkrahús og lyfjabúðir. Og fyrst og fremst með því, að sá varnagli er sleginn, að ef kröfur þessara aðilja til sjúkrasamlaganna verða slíkar, að þau geti fyrirsjáanlega ekki risið undir þeim, eru samlögin jafnframt því, sem þau láta ósamið, losuð við skylduna til að greiða fullan sjúkrakostnað meðlima sinna til lækna, sjúkrahúsa og lyfjabúða, og verða þá hinir tryggðu að láta sér nægja minni greiðslur, eftir getu viðkomandi samlags, upp í áfallinn kostnað, og læknar, sjúkrahús og lyfjabúðir að skipta við hvern einstakan án milligöngu samlagsins. Vonast er þó til, að til þessa þurfi ekki að koma. Svo eftirsóknarverðir eru fastir samningar við sjúkrasamlög læknum, sjúkrahúsum og lyfjabúðum, að takast ætti að halda þessum aðiljum til fyllstu sanngirni, ef við liggur, að annars verði engir samningar gerðir.

Það, sem þó mestu kynni að muna um fjárhagslega afkomu sjúkrasamlaganna, er það, að gert er ráð fyrir, að ekki sé skylt að tryggja þá, sem þegar hafa tekið mjög alvarlega langvarandi, virka sjúkdóma, þ. e. a. s. með tilliti til þeirra sjúkdóma. Þetta er rétt tryggingarregla og hliðstæð því, að menn brunatryggja ekki hús sitt eftir að það er brunnið. Hér má til nefna sjúkdóma eins og berklaveiki, holdsveiki, geðveiki og aðra slíka langvarandi sjúkdóma, sem falla undir l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Um þetta verður nánar ákveðið í reglugerð. Þó ber að skilja ákvæði frv. svo, að ef maður einu sinni er kominn í tryggingu og tekur slíkan alvarlegan, langvarandi sjúkdóm, þá er tryggingunni skylt að annast hann án tillits til þess, hver sjúkdómurinn er, í allt að 26 vikur, nema fyrir liggi, að hann hafi áður notið sjúkrahús- eða hælisvistar vegna þess sjúkdóms, sem þá fellur þegar undir ríkisframfærsluna, að svo miklu leyti, sem fullnægt er skilyrðum laga þar að lútandi.

Ákvæði viðvíkjandi beinum fjárframlögum ríkissjóðs eða hins opinbera til sjúkratrygginganna eru tvenn. Hámark framlags ríkis og bæjar- og sveitarfélaga er hækkað úr 9 kr. upp í 10 kr. á hvern tryggðan. Einnig er ætlazt til, að í stað 150000 kr. verði 200000 kr. veittar á ári úr ríkissjóði til lífeyrissjóðs. Þetta er miðað við, að bætt verði upp það, sem lífeyrissjóður tapar við, að vextir ellistyrktarsjóðanna eru afhentir bæjar- og sveitarfélögunum til úthlutunar.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé ljóst, að í frv. þessu er um breyt. að ræða, sem líklegar eru til að megna nokkurs um að gera rekstur trygginganna öruggari og betri bæði að því er snertir hina tryggðu og einnig fjárhagshlið trygginganna sjálfra. Ég treystist þó ekki til fyrir hönd trygginganna að taka alls hugar glaður og öruggur við þessum endurbótum, því að eflaust verður eftir sem áður erfitt fyrir tryggingarnar að fá staðizt fjárhagslega. Stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins, sem sérstaklega hefir kynnt sér þessa hlið málsins, efast mikið um, að þær endurbætur, sem frv. felur í sér að þessu leyti, séu fullnægjandi. En þess er því miður engin von, eins og nú hagar til hér á Alþ., að frekari endurbótum sé hægt að koma á um þetta að þessu sinni. Og þá geri ég ráð fyrir, að þeir, sem unna tryggingunum vaxtar og viðgangs, vilji þó heldur taka þetta, sem býðst, en ekkert.

Vil ég svo óska, að málið gangi til 2. umr. og allshn.

Einar Olgeirsson: Hv. flm. óskar þess, að frv. gangi með sem allra minnstum töfum til 2. umr. og allshn. Ég geymi mér því til 2. umr. að gera þær aths., sem ég þarf að gera við frv. Vil ég ekki tefja málið nú, en mun koma með till. til breyt. á frv. við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 218, 248, n. 304 og 305).

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir klofnað um málið og skilað tveimur nál., á þskj. 304 frá meiri hl., en þskj. 305 frá minni hl. Meiri hl., sem er skipaður fulltrúa Alþfl. og fulltrúum Framsfl. í n., leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem getið er um í nál. Skal ég leyfa mér að gera grein fyrir þeim að svo miklu leyti sem þörf er á. Raunar er aðeins ein brtt. efnisbreyt., hinar mega heita aðeins orðabreyt.

Till., sem felur í sér efnisbreyt., er við 1. gr. frv. og á þá leið, að ráðh. skipi tryggingarráð eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, en það hefir verið svo, að ráðh. hefir skipað þetta ráð án þess að til slíkrar tilnefningar kæmi. Að ekki var ákveðið upphaflega, að tryggingarráð væri kosið af Sþ., sem eðlilegast mundi vera, mun hafa komið til af því, að nauðsynlegt þótti, að svo væri kveðið á, að í tryggingarráði ættu sæti menn með sérþekkingu, tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og lögfræðingur, en nú hefir þessi millileið verið valin og jafnframt gert ráð fyrir því, að þótt ráðh. skipi tryggingarráð eftir tilnefningu þingflokkanna, þá leit-

ist hann við að ná samkomulagi um, að tilnefningu sé hagað þannig, að tryggingarráð þurfi ekki að vera án þessara sérfróðu manna.

2. brtt. er aðeins orðabreyt. við 2. gr. frv., þar sem talað er um frjálsa tryggingu. En hún á að vera bæði fyrir þá, sem eru ekki tryggðir skyldutryggingu, og líka þá, sem eru skyldutryggðir, en vilja hækka trygginguna með því að bæta við frjálsri tryggingu. Er þá óviðkunnanlega til orða tekið, þar sem talað er um bæði hærri og lægri bætur en ákveðið er í l., því að *ef einhver er skyldutryggður og bætir* við frjálsri tryggingu, þá getur ekki verið um annað að ræða en viðbótarupphæð, þ. e. hærri bætur. Þetta liggur í hlutarins eðli, og er því lagt til, að þessi orð séu felld niður.

3. brtt. er við 9. gr. frv., þar sem talað er um þá, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlagi samkv. l. Gr. er orðuð um í því skyni að gera hana auðskildari, án þess að ætlunin sé að breyta efni hennar á nokkurn hátt. Tryggingarskylda og réttindi nær yfir 16—67 ára aldur, enda séu menn ekki haldnir alvarlegum langvinnum virkum sjúkdómum. Þó skulu þeir, sem slíkum sjúkdómum eru haldnir, hafa rétt til að tryggja sig gegn öðrum sjúkdómum, sem ekki koma þessum við. Gamalt fólk, eldra en 67 ára, er ekki tryggingarskylt, en hefir sama rétt til tryggingar og aðrir, enda uppfylli það sömu skilyrði. Þessi gr. hefir valdið misskilningi, en brtt. n. miðar ekki til annars en að ekki orki tvímælis það, er ég nú hefi greint, og ætla ég, að það hafi nú komið skilmerkilega fram.

4. brtt. er við 19. gr. frv. og er aðeins um það, að í 36. gr. l. skuli vitnað til 31. gr., en í þeirri gr. l. er gert ráð fyrir því öryggisákvæði, að ef sjúkrasamlag stendur frammi fyrir því, að eiga að gera samninga við lækna og aðra, sem það telur sér fyrirsjáanlega um megn að fullnægja, þá er jafnframt því sem það lætur ósamið, dregið úr hinni almennu skyldu þess til að fullnægja öllum þeim skyldum við hina tryggðu, sem í 30. gr. l. getur. Í 36. gr. þarf aðeins að vitna til þessa öryggisákvæðis, ef ákvæði þessara tveggja gr. eiga ekki að stangast á.

Þá er brtt. við 26. gr. frv., sem er um ellitryggingar, og er hún á þá leið, að þeir, sem tryggðir eru í lífeyrissjóði, öðrum en lífeyrissjóði ríkisins, en viðurkenndur af honum, eigi rétt á endurgreiðslu á iðgjöldum sínum, sem nemur meðaliðgjaldi til lífeyrissjóðs ríkisins, en þeir, sem borga minna en meðaliðgjald, eigi auðvitað aldrei að fá meira endurgreitt en þeir hafa greitt. Vera kann. að þetta hafi legið í hlutarins eðli, en þó þótti viðkunnanlegra að taka það greinilega fram, og þess vegna er þessi brtt. *fram borin*: „*þó aldrei hærri upphæð en* nemur greiddum iðgjöldum þeirra".

Með 6. brtt., sem er við 36. gr. frv., er lagt til, að gr. verði orðuð um, en efnisbreyt. er ekki önnur en sú, að niður er fellt ákvæðið um að halda sérstökum iðgjöldum til lífeyrissjóðs frá kaupstöðum, frá þorpum með yfir 300 íbúa og frá sveitum. Var samkomulag um það í n., að þetta ákvæði skyldi fellt niður, og raunar líka við tryggingarstofnunina, sem vann með n. að þessum breyt. Er ekki gert ráð fyrir, að þetta hafi *nein áhrif til breyt. á úthlutun ellilaunanna* frá því, sem nú er í frv. Að öðru leyti hefir gr. verið lagfærð að orðalagi, og engan veginn horfið frá höfuðtilgangi frv., að tryggt sé betur en áður, að því fé, sem verja á til ellitrygginga, verði ekki á kostnað gamalmennanna úthlutað eins og hreinu þurfamannafé.

Minni hl. n. hefir skilað nál. á þskj. 305, eins og ég gat um, og gerir hann það að till. sinni, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá á þá leið, að skipuð verði 3 manna n. til þess að gera heildarendurskoðun á tryggingarlöggjöfinni, og fái málið ekki aðra afgreiðslu á þessu þingi. Það liggur í hlutarins eðli, að meiri hl. leggur á móti þessari dagskrá, og nægir að vísa til þess, að þetta mál var eitt af þeim málum, sem stjórnarflokkarnir sömdu um sín á milli, er samkomulag var um stuðning við ríkisstjórnina, að fram skyldi ganga á þessu þingi.

Minni hl. styður till. sína með því, að málið sé ekki nægilega undirbúið. Nú er það svo, að hér er að flestu leyti um algerða byrjunarstarfsemi að ræða, og hlýtur því svo að fara fyrstu árin, að breyta verður þessari löggjöf aftur og aftur, eftir því sem reynsla sýnir, að þörf krefur. Má búast við því, að fyrstu árin verði jafnvel á hverju þingi að lagfæra l. á einn eða annan hátt. Það er því ekki enn kominn sá tími, að heildarendurskoðun geti farið fram á þessari löggjöf, sem ætla megi, að síðan geti staðið óbreytt um langan aldur. Þessar breyt., sem hér er farið fram á, eru í raun og veru ekki mjög miklar, og þær eru sæmilega undirbúnar. Málið lá fyrir síðasta Alþingi. Það hefir verið athugað vel af tryggingarstofnuninni, og einnig hefir um öll hin þýðingarmestu atriði mjög verið stuðzt við till., sem fram komu frá fulltrúafundi allra sjúkrasamlaga á landinu, er haldinn var á Akureyri á síðastl. sumri. Ég ætla því, að þessar breyt. séu mjög sæmilega undirbúnar, eftir því sem gerist um slíkar lagabreyt.

Önnur ástæða, sem minni hl. ber fram fyrir hinni rökst. dagskrá, virðist vera sú, að honum þykir frv. stefna að því að taka stj. sjúkrasamlaganna af bæjar- og sveitarfélögunum, en það sé lýðræðisbrot gegn þeim. Ég vil nú raunar, að bæjar- og sveitarfélögin séu sem allra sjálfstæðust gagnvart ríkinu, og víst hefði ég kosið, að þau hefðu sýnt sig þess trausts makleg, sem til þeirra var borið, er þeim var falin sjálfstj. yfir sjúkrasamlögunum. En stj. þeirra og ráðsmennska að þessu leyti hefir því miður sætt rökstuddri gagnrýni. Það hefir farið svo, að þegar stj. sjúkrasamlaganna hafa verið skipaðar, hefir pólitísk afstaða flokkanna innan bæjarstj. yfirleitt ráðið *ein* öllu. Og *áhuginn á því* að gera samlögin fjárhagslega trygg hefir ekki verið nægilegur. Sum samlögin hafa kastað öllum áhyggjum sínum á Tryggingarstofnun ríkisins, en þeim, sem reynt hafa að leysa þessi mál sjálf, hefir flestum tekizt fremur illa.

Fulltrúafundur sá, sem haldinn var á Akureyri, og ég nefndi, sá þetta og krafðist þess, að Tryggingarstofnun ríkisins væru fengin meiri yfirráð yfir samlögunum með því að hún væri látin hafa hlutdeild í stj. þeirra. Hér er nú farið

fram á, að tryggingarstofnunin hafi miklu meira eftirlit en áður var með rekstri samlaganna. En þá er líka eðlilegt, að hún hafi meira samband við stj. samlaganna, sem bezt verður með því, að hún ráði formönnum þeirra, hvers um sig, og eigi þannig þeirra trúnað.

Þó að hér skorti nokkuð á fullan umráðarétt bæjar- og sveitarfélaga, er það engan veginn lýðræðisbrot gagnvart þeim, því að samlögin eru sjálfstæðar fjárhagslegar stofnanir, og bæjarfélögin leggja ekki meira fram til þeirra en ríkið. Verður því ekki talið ósanngjarnt, að bæjar- og sveitarfélögin hafi ekki aðeins jafna hlutdeild á við ríkið um stj. þeirra, heldur miklu meira. Og ef menn óttast pólitík með þeirri tilhögun, sem gert er ráð fyrir í frv., má benda á, að reynslan hefir sýnt, að ef bæjar- og sveitarfélögin eiga ein að ráða stj. samlaganna, þá er fyrst og fremst ef ekki eingöngu farið eftir pólitískum viðhorfum. Ég vona, að hlutdeild sú, sem tryggingarstofnuninni yrði á þennan hátt fengin í stj. samlaganna verði einmitt ekki eins einhliða pólitísk, meðal annars fyrir það, að í stj. hennar er gert ráð fyrir 3 mönnum, skipuðum af 3 stærstu þingflokkunum. — Þegar ég tala um, að bæjar- og sveitarfélögum hafi yfirsézt um skipun samlagsstjórnanna, þá er ég ekki að ásaka neinn flokk sérstaklega. Ég geri ráð fyrir, að allir flokkar hafi syndgað þar nokkurn veginn jafnt.

Þessi tilhögun á stj. slíkra fyrirtækja sem samlögin eru ekkert einsdæmi. Það má kalla reglu, að í fyrirtækjum, þar sem ríki annarsvegar, en bæjar- og sveitarfélög hinsvegar eiga hlut að máli, sé stj. skipuð af báðum þessum aðiljum. Svo er t. d. í skólanefndum, þar sem bæjar- eða sveitarfélögin kjósa alla, nema formanninn, sem fræðslumálastj. skipar. Meðan byggingarsjóðir verkamanna voru í umsjá bæjarfélaganna, voru tveir stjórnarmeðlimir skipaðir af bæjarstj., en formaður af atvinnumálaráðuneytinu.

Ég skal geta þess, að þótt minni hl. n. hafi skilað sérstöku nál. og leggi til, að málinu verði frestað og það afgr. með rökst. dagskrá, þá er það ekki svo að skilja, að ágreiningur hafi orðið í n. um brtt., svo langt sem þær ná.

Út af brtt. á þskj. 248 vil ég beina þeirri spurningu til hv. flm., hvort þeir hafi athugað málið nógu vandlega. Mér virðist, sem till. séu fluttar af nokkrum misskilningi á frv. Þegar menn búa sig undir að flytja slíkar brtt., ættu þeir að gera sér að reglu að ræða um þær við n., sem getur orðið til þess, að þeir losni við að gera sig bera að e. t. v. veigamiklum misskilningi. Vera má þó, að misskilningur hv. flm. sé ekki alveg eins mikill og mér sýnist, og bíð ég eftir því að heyra þá tala fyrir þessum till. sínum.

N. hefir ekki tekið afstöðu til brtt. á þskj. 320, þar sem farið er fram á, að meistarar greiði iðgjöld fyrir iðnnema, og hafa nm. óbundnar hendur um hana. En ég er hræddur um, að ef þetta ákvæði er sett í l., verði að breyta l. á öðrum stað jafnframt, þar sem tekið er fram, að meistarar eigi endurkröfurétt á þeim iðgjöldum, er þeir hafi lagt fram fyrir iðnnema.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Eins og hv. þm. N.-Ísf. tók fram, hefir allshn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Þó hefir verið góð samvinna í n. um rannsókn málsins, en tími hefir verið svo naumur, að málið var ekki hægt að ræða nema á 4 eða 5 stuttum fundum. Það hefir ekki heldur verið unnt að leita umsagnar ýmsra aðilja um málið, eins og við hv. 8. landsk. töldum nauðsynlegt. Það hefði t. d. verið æskilegt, að bæjarstjórnir og sjúkrasamlög í kaupstöðum hefðu getað fjallað nokkuð um það. En til þess hefir tími verið of naumur. Málið kemur ekki fyrir hv. d. fyrr en 2. des., en þá er orðið alláliðið þingtímans. Ég vil þó geta þess, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist raunar á, að í allshn. stóðum við með hv. meiri hl. að brtt. á þskj. 304. Eru þær allar til bóta og sumar fram komnar fyrir okkar tilstilli. En vegna þess, hve rannsókn málsins er ábótavant, getum við ekki borið ábyrgð á því, að þetta frv. rekist ekki einhverstaðar á sjálfa löggjöfina. Við höfum því borið fram rökst. dagskrá á þskj. 205 um að skipa 3 manna n., þar sem einn sé skipaður af hverjum stærstu þingflokkanna, til þess að framkvæma alhliða athugun á málinu og leggja fram till. fyrir næsta þing.

Um málið má segja, að það hafi í fyrstu ekki sætt þeim undirbúningi, sem hæfði slíku stórmáli. En á þingi 1934 bárum við sjálfstæðismenn fram till. hér. í d. um að skipa n. allra þingflokkanna til að undirbúa þetta mál fyrir næsta þing. Till. náði ekki fram að ganga, og með því höfnuðu stjórnarflokkarnir samvinnu við okkur um þetta mál. Þeir skipuðu n., þar sem áttu sæti aðeins þeirra flokksmenn, en hún varð þó að leita út fyrir þessa flokka til að afla sérþekkingar. En á þinginu 1935 var málið svo seint fram borið, að það gat ekki fengið rækilegan undirbúning. Var þá reynt í Nd. að fá málinu frestað, til þess að hægt væri að fá umsögn sveitarstjórnanna. Það hefði ekki þurft að tefja málið mikið, þar sem þing átti að koma saman aftur í febrúar 1936. En það mátti ekki verða, og þegar málið kemur til Ed., er eftir um vika af þingtímanum, og allshn. þar gat aðeins haldið einn fund um það. Fulltrúar Sjálfstfl. sáu, að þýðingarlaust myndi að bera fram brtt., því að sýnilegt var, að málinu var ætlað að ná framgangi í þeirri mynd, sem það hafði, er það kom til Ed. Var þó á það bent af Magnúsi heitnum Guðmundssyni, að nokkur atriði rækjust þar á og gætu ekki staðizt. Og þessi mæti þm., sem skilaði sérstöku nál., segir í ræðu um málið:

„Ég er þess fullviss, að bráðlega verður að taka þennan bálk til endurskoðunar, þótt hann verði að lögum nú".

Og ennfremur segir hann:

„Þá er ekki hægt annað en að benda á þessa einkennilegu aðferð, að semja um frágang máls, sem ekki er búið að setja svo í letur, að víst sé, að það muni verða frambærilegt sem lög".

Það hefir nú komið á daginn, hve réttmæt þessi ummæli voru, því að ekki var liðin meira en ein vika, þegar grípa varð til þess að breyta l. Svo var þeim aftur breytt með bráðabirgðal. að 8 mánuðum liðnum. Enn var þeim breytt

með l. frá 1. apríl 1937, er löggjöfin var ársgömul. Síðan hafa á hverju þingi komið fram till. um breytingar, enda hafa víða heyrzt óánægjuraddir út af þessum l. Nú liggja hér fyrir þinginu þrjú frv. um breyt. á l. og ein þáltill., en það hefir verið lagzt á málið í n. og beðið eftir hinu spámannlega orði frá hæstv. stj. Um þetta átti að semja milli stjórnarflokkanna, en það varð ekki fyrr en svo seint, að sagan virðist ætla að endurtaka sig um óvandaðan undirbúning málsins.

Ég ætla ekki nú, eins og hæfir við 2. umr., að rekja nokkuð einstakar gr. frv., þó að ég muni leggja aðaláherzluna á, að okkar rökst. dagskrá verði samþ.

Við 1. gr. frv., sem lýtur að I. kafla l., er brtt. á þskj. 304, sem öll allshn. stendur að. Hún er til þess ætluð að tryggja það, að tryggingarráð sé skipað á lýðræðisgrundvelli, að þingflokkarnir eigi þar fulltrúa, en þurfi ekki að eiga allt undir stj. Alþfl. eins, sem þykist vera hinn sanni lýðræðisflokkur hér á landi. Það má vera, að hæstv. atvmrh. hafi ekki athugað, að allir þeir menn, sem hann hefir skipað í ráðið, eru úr sama flokki, en það er ekki til þess fallið að auka vinsældir þess eða bægja burtu tortryggni gagnvart því. Þessu er nauðsynlegt að breyta, og höfum við hv. 8. landsk. áður borið fram í n. till. um slíkar breyt., og að lokum hafa nú andstæðingar okkar í n. getað átt samleið með okkur um þetta. (BJ: Við urðum löngu á undan ykkur með þetta). Það stóð að vísu í blaði Framsfl., að þetta stæði til, en fyrir því höfðum við enga tryggingu, að það kæmi til framkvæmda.

Við II. kafla l. eru nokkrar brtt., sem fólgnar eru í 2. og 8. gr. frv. Það eru ekki veigamikil ákvæði, enda hygg ég, að ákvæðin um slysatryggingar séu þau bezt undirbúnu í löggjöfinni.

Við III. kafla l., sjúkratryggingarnar, eru nokkrar brtt., sem felast í 9.—25. gr. frv. Hv. frsm. meiri hl. hefir tekið það fram, að ekki sé rétt, að hlutur gamals fólks, sem komið er yfir 67 ára aldur, sé gerður verri en verið hefir. Þarna öðlast það rétt til að losa sig frá tryggingunum, ef það æskir þess, og margt gamalt fólk hefir einmitt óskað þessa.

10. gr. frv. fjallar um atriði, sem mikið hefir verið um deilt, sem sé það, að þeir, sem hafa tekjur yfir ákveðnu lágmarki, gjaldi til tryggingarinnar, en hafi þó ekki réttindi. Hvað sem annars má um málið segja, er augljóst, að hér er um atriði að ræða, sem er óskylt tryggingum. Þetta er skattálag á vissa menn, sem ég tel, að ekki eigi heima í löggjöf um tryggingar. Það er lagt til, að þessir menn fái rétt til að tryggja sig, ef þeir greiða 100% hærri gjöld en aðrir. Með þessu getur skapazt áberandi ranglæti, eins og t. d. ef maður hefir 4500 kr. skattskyldar tekjur, greiðir hann venjulegt gjald, en hafi hann hundrað krónum meira í tekjur, verður hann að greiða helmingi hærra gjald til að tryggja sér sömu hlunnindi. Skal ég svo ekki fara lengra út í þennan lið að sinni; ég geri ráð fyrir, að tækifæri gefist til að ræða það aftur við 3. umr. En ekki er hægt að segja annað en það sé sanngjarnt, að þessir menn eigi kost á að njóta hlunninda l., þar sem þeir standa sjálfir undir sinni eigin tryggingu, þannig, að þeir greiða helmingi meira en aðrir, en það er sama upphæð og ríki og bæjar- og sveitarfélög leggja til sjúkratrygginganna.

Hv. 8. landsk. og ég viljum algerlega mótmæla þeim ákvæðum, sem koma fram í 11.—13. gr. frv., um að svipta sveitar- og bæjarstjórnir yfirráðunum yfir sjúkrasamlögunum. Hv. frsm. meiri hl. n. gat þess í ræðu sinni, að hann teldi þarna ekki vera bæjarmálefni um að ræða, en ég verð að halda því fram, að hér sé fyrst og fremst um bæjarmálefni að ræða, þar sem bæjarfélögin leggja að mestu leyti fram fé til þessara mála, og þar að auki eru sjúkrasamlögin mikilsvarðandi mál fyrir bæjarfélögin að því er við kemur fátækraframfærinu. Ég þykist vita, að það hafi vakað fyrir stjórnarflokkunum þegar þeir gengu frá l., að það væri rétt, að bæjarstjórnirnar hefðu að öðru leyti með framkvæmd þessara mála að gera, og þurfa þar ekki að koma neinir sérstakir flokkshagsmunir til greina, þar sem stjórn samlaganna skal kjósa með hlutfallskosningu af bæjarstjórn. Ég álít það mjög til óhagræðis framgangi málsins, ef bæjarfélögin hafa ekki sérstaka skyldu til að sjá um farsælar framkvæmdir trygginganna. Það verður aldrei til góðs, að meiri hl. bæjarstjórnar sé í beinni andstöðu við stjórn sjúkrasamlags, það getur skapað ósamkomulag, sem verður málinu einungis til tjóns. Vona ég, að mér gefist tækifæri til að ræða þetta atriði frekar við meðnm. mína, ef okkar rökst. dagskrá verður felld.

Því hefir verið haldið fram, að ákvæði 15. gr. væru mjög til hagsbóta fyrir hina tryggðu, þar sem fellt er niður, að hinir tryggðu greiði læknum smáþóknun fyrir aðgerðir og viðtöl. Ég veit, að það hefir þótt hvimleitt að þurfa að greiða þetta gjald, en ég álít samt vafamál, hvort það komi ekki þyngra niður á þeim tryggðu, ef samlögin eiga að taka það að sér. Þá má búast við, að læknar segi upp þeim samningum, sem nú hafa verið gerðir við þá af sjúkrasamlögunum. Munu þeir þá heimta ¼ hækkun frá því, sem sjúkrasamlögin greiða nú fyrir hvern mann, þ. e. a. s. 16 kr. á ári fyrir mann, í staðinn fyrir 12 kr., sem er núv. gjald. Þessi hækkun mundi koma niður á samlaginu í heild, og gæti fyrr eða síðar orðið til að draga úr hlunnindum þeirra tryggðu á einn eða annan hátt. Næðist ekki samkomulag við læknana, yrði farið með þetta mál eins og segir í 16. gr. l. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti, sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlima samlagsins eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr.“. M. ö. o., tryggingarstofnunin getur ákveðið að greiða læknum sem svarar vissum hluta af því, sem læknarnir setja upp; mismuninn verða hinir tryggðu þá að greiða samkv. núgildandi l., og sé ég ekki að svo stöddu, að þetta sé þeim tryggðu til nokkurra hagsbóta. Enda ber að athuga, hvort ekki er rétt að hafa í lög-

gjöfinni einhver ákvæði, sem hamli því, að þeir tryggðu misnoti aðstoð læknanna, því það er engum til góðs, en leiðir aðeins til þess, að læknar verða að krefjast hærri greiðslu fyrir vinnu sína. Ef máli þessu væri frestað til næsta þings, mætti m. a. leita nýrra samninga við læknana, sem tryggðu, að hlutur þeirra tryggðu versnaði ekki frá því, sem nú er, jafnvel þótt framlög þeirra lækkuðu eitthvað.

Í 17. gr. frv. geta falizt nokkrar réttarbætur, þar sem gert er ráð fyrir vægri innheimtu iðgjalda unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalítilla foreldra og hafa engar sjálfstæðar tekjur, en þetta ákvæði má að líkindum framkvæma með ákvæði í gömlu l., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

Nú eru börn eldri en 16 ára og yngri en 21 árs á heimili fátækra foreldra sinna án þess að hafa sjálfstæðar tekjur, og er þá heimilt að ákveða í samþykkt sjúkrasamlags, að stjórn þess hafi heimild til að gefa eftir iðgjöld barnanna að nokkru eða öllu leyti, án skerðingar á rétti barnsins til sjúkrahjálpar, annara en dagpeninga".

Þarna segir, að framkvæma megi þetta atriði með ákvæði í samþykkt sjúkrasamlags. Þar að auki veit ég, að hjá sjúkrasamlagi Reykjavíkur a. m. k. er ekki gengið hart eftir þessum iðgjöldum. Hygg ég því, að vegna þessarar réttarbótar geti afgreiðsla málsins beðið til næsta þings.

Sama er að segja um 24. gr., þar sem atvinnurekendum er ekki heimilað að halda eftir nema 10% af launum til greiðslu iðgjalda. Einnig þetta gæti beðið næsta þings, þar sem þetta er aðeins til hagsbóta fyrir fáeina efnalitla menn.

Þá eru nokkrar breyt. við 4. kafla l., elli- og örorkutryggingar, sem felast í 46—63. gr. l., í frv. í 26.—31. gr. Um þær get ég verið fáorður, og geri ég ráð fyrir, að við 26. gr. frv. komi brtt. við 3. umr. Gr. er um ýmsar stofnanir, sem hafa sérstaka ellitryggingarsjóði fyrir starfsfólk sitt og óska eftir að fá að starfa áfram; a m. k. gera sumir sjóðir það, sem stofnaðir eru samkv. ákvæðum löggjafarinnar. Um 31. gr., sem er við 62. gr. l., geta verið skiptar skoðanir; ýmsir, sem eru tryggðir í sérstökum sjóðum, óska eftir að fá iðgjöld sín endurgreidd og leggja sjóðina niður, eins og leyft hefir verið einstöku stéttum, eins og t. d. póstmönnum hér í Reykjavík. Aðrir vilja mega velja um, hvort þeir skipta við sérstaka tryggingarsjóði einstakra stétta eða hvort þeir tryggja sig í lífeyrissjóði Íslands.

Um 5. kafla l., atvinnuleysistryggingar, get ég verið fáorður. Sjálfstfl. hefir skýra afstöðu til þessa kafla, þar sem hann vill afnema hann með öllu og að þessum málum verði hagað á allt annan hátt. Við þennan kafla l. er fram komin 1 brtt. Við athugun á þingtíðindum sé ég, að þetta ákvæði, sem nú á að afnema, var komið inn í l. fyrir harðfylgi Framsfl., þar sem þetta er eitt af stefnumálum hans.

Við 6. kaflann eru margar brtt. Er hann um ellilaun og örorkubætur, og eru brtt. í 32.—40. gr. frv. Ég tel það vera til mikilla bóta að leiðrétta ranglæti það, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa orðið fyrir í þessu efni, þar sem þau framvegis eiga að fá vextina af ellistyrktarsjóðum sínum, enda hafa komið margar umsóknir um það viðsvegar af landinu. En þar sem svo ákveðinn þingvilji er fyrir þessu, tel ég, að lögfesting mætti bíða næsta þings, þar eð haga mætti framkvæmdum í samræmi við vilja Alþ. Væri vilji fyrir hendi hjá tryggingarstofnuninni til að haga því svo, mætti a. m. k. veita þetta nú sem bráðabirgðalán, sem yrði svo gefið eftir. Ég er því sammála, að rétt sé að fyrirbyggja, að ellistyrkurinn verði notaður til að létta fátækraframfæri eins og kvað hafa borið á, að gert væri, þar sem ellilaun eru fyrst og fremst hugsuð til að gera hlut gamla fólksins í landinu betri en verið hefir.

Ég hefi rakið innihald þessa frv. til að sýna, að þær réttarbætur, sem í því felast, eru ekki svo stórar eða aðkallandi, að þær þoli ekki bið til næsta þings. Till. okkar sjálfstæðismanna í n. eru á því byggðar, að málið sé ekki nægilega rannsakað og geti ekki fengið þá þinglegu meðferð á þessu þingi, sem við álítum, að það þurfi, sökum þess, svo að sagan endurtaki sig ekki um flausturslegan frágang þessa máls, sem hefir orðið til að vekja vantraust á því.

Ég vil mega vænta þess, að hv. andstæðingar mínir athugi, að það getur aðeins orðið málinu til góðs, að það sé rannsakað svo, að afgreiðsla þess megi verða til frambúðar, og það er það, sem við höfum farið fram á með okkar rökst. dagskrá.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Alþýðutryggingarnar eru eitthvert mesta velferðarmál fyrir þjóðina, sem fyrir þessu þingi liggur, en ég álít mikla þörf á að endurbæta þær, og rétta sporið sé að athuga þær sem bezt. Mitt álit er, að of fljótt hafi verið farið af stað með tryggingarnar, samtök fólksins um sjúkrasamlög og slíkt hafi ekki verið orðin nægilega þroskuð, svo það skildi ekki gildi alþýðutryggingalaganna, þegar þau voru sett. Lögin voru ekki heldur nægilega vel undirbúin, og því hefir skapazt það álit á þeim, að gjöld til þeirra væru aðeins skattar, sem betra væri að losna við. Því ber fyrst og fremst að reyna að skapa skilning fólksins fyrir því, hvílíkt velferðarmál þetta er fyrir allt landið, en ekki að draga úr óánægjunni með því að veikja tryggingarnar eða rýra á nokkurn hátt. Við kommúnistar erum fylgjandi alþýðutryggingalögunum, og þess vegna viljum við gagnrýna það, sem aflaga hefir farið í þeim. Því hefir hv. 1. landsk. borið fram frv. í Ed. fyrir okkar hönd, sem felur í sér þær breyt., sem við teljum, að þurfi fyrst og fremst að gera, breyt., sem allar miða áfram, miða að því að auka hlunnindi og láta tryggingarnar ná til fleiri manna. Í sambandi við það vil ég segja, að ég álít nauðsynlegt að efla þekkingu fólksins á l., svo það skilji, að ef það greiðir þessi gjöld, fær það mikil hlunnindi í staðinn.

Ein helzta brtt., sem hv. 1. landsk. flytur,

er sú, að sjá sjúkrasamlögunum fyrir meiri tekjum með því að skipta iðgjöldunum réttlátar niður, um leið og hlunnindin eru aukin, og er eitt aðalmarkmið alþýðutrygginga. Aðrar brtt., sem fyrir liggja, fara yfirleitt í þá átt að minnka hlunnindin og lækka gjöldin til tryggingannna, og miða að því að reyna að afla tryggingunum vinsælda á þann hátt, en það álít ég rangt og mun síðar verða að tjóni.

Skal ég nú athuga frv. það, sem hér liggur fyrir, lið fyrir lið. Í því eru aðeins smærri endurbætur. Till. í 1., 2. og 3. gr. eru yfirleitt til bóta, og þarf ég ekki að fara frekar út í þær. 4. gr. gengur út á það, að þrengja það svið, sem 3. tölul. gr. á við, því í 1. segir, í 11. gr. l.: „Barn, sem ekki er svo ástatt um, sem í 2. lið segir, — þ. e. sem var á framfæri eftirlifandi foreldris, — hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára". En í brtt. stendur: „Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera 16 ára", og miðar því brtt. að því að draga úr, að börn, sem ekki voru á framfæri hins látna, fái dánarbætur.

B-liður 4. gr. er út af fyrir sig góður, þ. e. að tryggja foreldrum, sem missa barn sitt, að þau geti fengið dánarbætur, þótt þau hafi ekki verið á framfæri hins látna, en áður var það svo, að foreldri fengu alltaf 1500 kr. dánarbætur, en nú geta þau fengið 5—15 hundr. kr., og mundi það verða til að minnka rétt foreldra yfirleitt til dánarbóta, en gr. er góð að því leyti, að foreldrar, sem ekki voru á framfæri hins látna, geta fengið bætur. Ég vildi leggja til, að gr. væri breytt þannig, að hámarkið yrði 2000 krónur.

Viðvíkjandi næstu gr. frv. hefi ég ekkert sérstakt að athuga, fyrr en kemur að 9. gr. frv., en það er breyt. á 23. gr. sjúkratryggingalaganna. Ein af aðalbrtt. okkar er einmitt við þessa gr. Greinin fjallar um það, að gamalmennin, sem áður hafa verið tryggingarskyld, skuli ekki vera það lengur. Í sambandi við þetta ákvæði kemur upp þýðingarmikil spurning: Er það kostur eða böl að vera með í sjúkratryggingunni? Enginn efast um það, að séu sjúkratryggingarnar vel úr garði gerðar, þá er það réttindi að vera í þeim. En vegna þess, hvernig sjúkratryggingarnar hafa verið framkvæmdar, hefir skapazt sá hugsunarháttur, að það væri böl. Hvað á nú að gera til að breyta þessum hugsunarhætti? Á að gera það með því að leysa menn frá skyldum, eða með því að gera sjúkratryggingarnar svo góðar, að allir sjái, að það er hagnaður að vera með í þeim? Ég álít, að sjálfsagt sé að fara síðari leiðina. Eftir áliti hv. flm. og Alþýðublaðsins er verið að auka réttindi gamalmennanna með þessu frv., með því að leysa þau úr skyldutryggingunni. Mitt álit er það, að rétt sé að halda þeim skyldutryggingum, en vinna að því að gera sjúkratryggingarnar svo vel úr garði, að enginn líti á það sem aukin réttindi að þurfa ekki að vera með í þeim. Vegna þessarar afstöðu berum við þm. Kommfl. fram brtt. um, að þetta ákvæði frv. um gamla fólkið falli burt.

Eins og 9. gr. frv. var upphaflega, var þar ákvæði um, að gamla fólkið, sem vildi vera með í tryggingunum, yrði að sanna það með læknisvottorði, að það væri tryggingarhæft. Þetta er ófært ákvæði. Meiri hl. hv. allshn. hefir lagt til, að ákvæði þetta falli burt, og er það gott.

Í sambandi við þessa grein þarf einnig að athuga, hvort gamalmennin missa ekki réttindi þau, er um getur í 27. gr. frv., ef þau eru ekki með í skyldutryggingunni. Í 27. gr. segir svo: „Bæjar- og sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem vegna fátæktar eru þess ekki megnugir". Þarna er vafalaust gert ráð fyrir því, að gamalmennin séu skyldutryggð. Þetta er sjálfsagt að athuga, ef ákvæði 9. gr. um gamalmennin verða samþ., sem ég vona, að ekki verði. Ég tel það tvímælalaust spor aftur á bak að fella gamalmennin undan skyldutryggingunni, og mæli eindregið með brtt. okkar hv. 5. landsk.

Viðvíkjandi 10., 11. og 12. gr. frv. er það að segja, að ég er sammála þeim breyt. á stjórnarkosningu sjúkrasamlaganna, sem þar er farið fram á. Tryggingarstofnun ríkisins á að hafa betra eftirlit með sjúkrasamlögunum. En jafnframt vildi ég benda á, hvort ekki væri rétt að hafa betra eftirlit með sjálfri tryggingarstofnun ríkisins en nú er gert. Ef það er rétt, sem hv. frsm. fjvn. sagði við 2. umr., að meðallaun við stofnun þessa væru 7900 kr., er ég hræddur um, að þar sé ekki viðhafður sá sparnaður, sem vera ætti. Eigi tryggingarstofnunin að hafa eftirlit með því, að sjúkrasamlögin gæti sparnaðar, verður hún auðvitað að gæta sparnaðar sjálf.

Í 15. gr. þykir mér takmörkunin við vinnutíma samlagslæknisins varasöm, og væri betra, ef hægt væri að koma því öðruvísi fyrir.

Þá kem ég að spurningunni um dagpeningana. Þetta er mjög erfitt atriði. Eins og þetta er nú framkvæmt í Reykjavík, fá menn ekki greidda dagpeninga fyrr en menn hafa verið veikir í 16 vikur, en fyrir flesta verkamenn þýða svo löng veikindi það, að þeir lenda á sveitinni. Það er von, að menn sætti sig ekki vel við það, að eiga að borga há iðgjöld, og svo komi dagpeningarnir ekki betur að notum en það, að menn verða að leita til sveitarinnar hvort sem er. Eins og nú er, eru dagpeningarnir byrði á sjúkrasamlögunum, en næstum því enginn kostur fyrir meðlimi þeirra. Þetta ástand er svo slæmt, að það er von, að menn athugi, hvort ekki sé jafngott að afnema dagpeningana, eins og hér er gert. Það rétta væri þó, að láta greiða dagpeningana svo fljótt, að þeir kæmu að verulegu haldi, eins og gert er sumstaðar úti á landi.

Við höfum lagt til í brtt., að 16. gr. frv. falli niður. Sú grein þarf nákvæmrar athugunar. Í 31. gr. laganna er ákveðið, að geti tryggingarstofnun ríkisins ekki náð samkomulagi við tryggingarlækna um greiðslur, megi stjórnin greiða læknunum eftir reglum, sem tryggingarstofnunin setur. En í 16. gr. frv. er svo ákveðið, að náist ekki samkomulag við lækna, sé stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlima samlagsins eftir reglum, sem tryggingarstofn-

un ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr. Ég sé ekki betur en að með þessu móti geti sjúkrasamlögin undir vissum kringumstæðum losað sig að meira eða minna leyti undan þeim skyldum, sem þau hafa gagnvart hinum tryggðu. Ef sjúkrahúsin heimta 8 kr. á dag, getur tryggingarstofnunin ákveðið, að samlögin skuli ekki borga nema 6 kr. Það þýðir aftur, að þegar maður leggst á sjúkrahús, er heimtuð trygging fyrir því, að það, sem umfram er greiðslu samlagsins, verði borgað. Oft og tíðum getur sjúklingurinn það ekki af eigin ramleik og verður að leita til bæjarins, og á ekki einu sinni víst að fá þar nokkra úrlausn. Með þessari 16. gr. frv. er verið að svipta menn rétti, sem menn tvímælalaust hafa samkv. 2. gr. laganna. Það er náttúrlega mjög slæmt, ef tryggingarstofnun ríkisins getur ekki komizt að samkomulagi við sjúkrahús og lyfjabúðir, en ég sé ekki nema eina leið til að hindra það, að sjúkrahús setji okurverð á hjálp sína, og hún er sú, að tryggingarstofnunin sjálf fái umráð yfir sjúkrahúsum og lyfjabúðum. Ef tryggingarstofnunin neitar að borga meira en 6 kr. fyrir sjúkling á dag, þá hlýtur það að byggjast á því, að tryggingarstofnunin álítur, að hægt sé að reka spítala með því móti, að ekki sé greitt meira fyrir dvöl sjúklinganna. Hitt er ófært, að menn, sem tryggðir eru í sjúkrasamlagi, geti ef til vill ekki lagzt inn á spítala, vegna deilu milli samlagsins og sjúkrahúsanna. Samþykkt 16. gr. yrði til þess að staðfesta þá óreiðu, sem nú er á þessum málum, og erum við því á móti gr. Ég viðurkenni fúslega, að ástand það, sem nú ríkir, er óþolandi, en ég vil ekki, að sú leið sé farin að lögfesta þetta óþolandi ástand, heldur tryggja samlögunum völd yfir sjúkrahúsum og lyfjabúðum, svo að þeir tryggðu geti notið þess réttar, sem þeir eiga. Okkar till. á því tvímælalaust rétt á sér. Það á ekki að gefast upp fyrir þeim erfiðleikum, sem stafa af því, að flestir spítalarnir í Reykjavík eru einkastofnanir.

Næstu gr., 17., 19. og 24. gr., eru til bóta. Í 24. gr. er ákveðið, að ekki megi halda eftir nema 10% af kaupi manna til greiðslu á iðgjöldum. Þegar tryggingarnar hófust, var það eitt af þeim atriðum, er gerðu þær óvinsælar hjá verkamönnum, að stundum var tekið mestallt kaup þeirra upp í iðgjöld, ef þeir fengu atvinnubótavinnu upp á einar 50 krónur. Þetta atriði frv. er því mjög til bóta. Ákvæði 25. gr., um 6 mánaða frestinn í stað eins mánaðar, er einnig mjög til bóta. Ég mun svo ekki orðlengja um næstu gr. frv., en snúa mér að 36. gr., en í henni liggur aðaldeilumál okkar hv. flm.

Í sambandi við ellitryggingarnar og úthlutun ellistyrks, vil ég láta þess getið, að þar er stefna Kommfl. sú, að sem mest verði greitt til gamalmennanna nú þegar, og til þess notað sem mest af því fé, sem fæst í þessu skyni. Við erum á móti þeirri stefnu að safna í sjóði til þess að gera þennan hluta tryggginganna fullkominn eftir fimmtíu ár, og leggjum áherzlu á, að tryggingarnar sé gerðar sem bezt úr garði strax. Aðalreglan á að vera sú, að varðveita rétt allra gamalmenna, líka þeirra, sem þiggja af sveit, til ellilauna. Ég játa, að þessi 80. gr., sem verður, ef frv. verður samþ., er mjög torskilin, hreinasta torf. Eins og hún er frá hendi hv. flm., er hún í beinni mótsögn við greinargerð þeirra. Ég býst við, að þyrfti að skrifa alla greinina að nýju, á máli, sem skiljanlegt væri öllum Íslendingum. Það, sem þessi gr. fer fram á, eftir mínum skilningi, — vel getur verið, að hv. flm. leggi allt annan skilning í hana, — er það, að flokka á gamalmennin í þrjá flokka. Til greina við úthlutun samkv. fyrsta lið gr. komi þau gamalmenni og öryrkjar, sem komizt geta af með styrk, sem nemur minna en hálfum ellilífeyri, án þess að leita framfærslustyrks að auki. Tilgangurinn með þessu er sá, að tryggingarnar verði misnotaðar af bæjar- og sveitarfélögum, þannig að þau noti ellistyrkinn í stað framfærslustyrks. En með orðalagi till. er það ekki tryggt, að þessi tilgangur náist.

Um annan flokk gamalmennanna segir í frv.: „Nú er hlut hvers kaupstaðar skipt á milli einstakra gamalmenna og öryrkja kaupstaðarins. annara en þeirra, sem styrks njóta samkv. 1. tölul. og ekki hafa næsta ár á undan notið almenns framfærslustyrks, jafnframt ellilaunum eða örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði". Til þessa á að verja ¾ hlutum af framlagi lífeyrissjóðs. Eins og þessi gr. liggur nú fyrir, er ekki hægt að skilja hana öðruvísi en svo, að þau gamalmenni, sem fengið hafa framfærslustyrk árið áður, geti ekki orðið aðnjótandi styrks samkv. þessum 2. tölul., og þá ekki heldur samkv. 1. tölulið. Ég sé ekki, að hægt sé að leggja annan skilning í þetta. En ég hefi tekið eftir því, að blað hv. aðalflm. leggur allt annan skilning í þetta ákvæði. Svo framarlega sem þess skilningur er réttur, þarf að orða gr. öðruvísi, svo að það komi greinilega fram í frv., hvað hv. flm. hefir átt við. Ég álít algerlega ófært að samþ. þessa gr. eins og hún er orðuð nú. Ef á að verða í henni sú meining, sem Alþýðublaðið leggur í hana, ætti að orða till. eitthvað á þessa leið: „Nú er hlut hvers kaupstaðar skipt á milli einstakra gamalmenna og öryrkja kaupstaðarins, annara en þeirra, sem styrks njóta samkv. 1. tölul., og komi þeir ekki síðar til greina, sem næsta ár á undan hafa notið almenns framfærslustyrks, jafnframt ellilaunum eða örorkubótum úr bæjar- eða sveitarsjóði og lífeyrissjóði". En það eru engin undur, þó að mönnum finnist þessi grein torskilin; ef maður les annan kafla hennar og ber hann saman við greinargerð frv., þá er þar um greinilega mótsögn að ræða. Ég hefi spurt marga hv. þm. að því, hvað þessi ákvæði 36. gr. ættu að þýða, og enginn þeirra veit það almennilega. Og verði þetta samþ. óbreytt, er ábyggilegt, að hver sýslumaður kemur til með að leggja sinn eigin skilning í þessi ákvæði, en slíkt er auðvitað óþolandi. Eigi að samþ. þessa grein, verður að orða hana öðruvísi. Við leggjum til, að gr. falli burtu, og er það í samræmi við þann skilning okkar, að með henni sé verið að stíga spor aftur á bak.

Svo er hér komin fram brtt. á þskj. 320 viðvíkjandi því, að iðnmeistarar greiði iðgjöld fyr-

ir nemendur sína, og álít ég það góða og nauðsynlega till.

Þá vil ég vikja að brtt. meiri hl. n., og þá fyrst og fremst vekja athygli á 4. brtt., sem er á þá leið, að aftan við 36. gr. l. bætist: (sbr. þó 31. gr.) — 36. gr. l. endar þannig: „... Þó má aldrei skerða lágmarksréttindi þau, sem um getur í 30. gr.“ — Þetta er afarmikilvægt ákvæði fyrir þá tryggðu, og það eina í l., sem tekur það fram, að aldrei megi skerða lágmarksréttindi þeirra tryggðu. En nú á samkv. 4. brtt., eins og ég sagði áðan, að bæta aftan við þessa gr.: (sbr. þó 31. gr.), og það er einmitt gr., sem ég var að tala um, að undir vissum kringumstæðum gerði þessi réttindi að engu. Ég álít, að þarna komi fram hjá meiri hl., að fyrst og fremst sé verið að hugsa um tryggingarstofnun ríkisins og hennar hagsmuni, en að hinir tryggðu, fólkið sjálft, eigi að koma í öðru lagi. Þetta álít ég ófært. Ég álít, að tryggingarstofnun ríkisins sé fyrst og fremst til handa fólkinu og að það sé þess heill, sem eigi að miða við. — Þá hefi ég minnzt á þær helztu brtt., sem fyrir liggja.

Hvað okkar brtt. snertir, þá álít ég, að með samþykkt þeirra verði brott numdir verstu agnúarnir á þessu frv., og að það, sem eftir er skilið, miði þá virkilega til bóta og muni gera tryggingarnar vinsælli. — Ég álít þess vegna afaræskilegt, að þetta frv. verði afgr. einmitt með okkar brtt. Hins vegar er það vitanlegt, að til þess að gera alþýðutryggingarnar að góðu gagni, er langt frá því, að þetta dugi. Til þess þarf að gera gagngerðar breyt. Við kommúnistar höfum nú flutt breyt. við sjúkratryggingarkaflann, sem var 24. mál þingsins, en er ennþá ekki komið úr n. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er nú 124. mál. Og er þó komið úr n. Það er náttúrlega alltaf munur að vera nátengdur ríkisstj.

Ég álít sem sagt, að okkar till. miði að því að gera tryggingarnar virkilega vel úr garði, og vil því mælast til þess við n., að hún taki eitthvert tillit til þeirra.

***Emil Jónsson:** Ég skal ekki blanda mér inn í þær almennu umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Það hefir verið rætt frá ýmsum hliðum, og verður sjálfsagt gert betur, bæði með og móti. En ég hefi borið hér fram brtt. á þskj. 320, sem ég vildi fara nokkrum orðum um. Ég hefi lagt það til, að aftan við 20. gr. frv. komi nýr stafl., sem kveði á um það, að sjúkrasamlagsiðgjöld iðnnema skuli greidd af meisturum þeirra. — Þetta er vitanlega smávægileg breyt., sem ekki tekur að tala langt mál um, en ég skal þó geta þess, að í l. um iðnnám er svo kveðið á um, að meistarar skuli greiða sjúkra- og framfærslukostnað nemenda sinna meðan á veikindum þeirra standi. Þegar iðnnámslögin voru sett, voru alþýðutryggingalögin ekki til. Annars hefði náttúrlega verið sett um leið það ákvæði inn í tryggingarlögin, að sjúkrasamlagsgjöld nemenda skyldu greidd af meisturum þeirra, sem þá friðust við þau útgjöld, sem tryggingarnar tækju að sér. — En þar sem ég hafði búizt við því, að n., sem fjallaði um alþýðutryggingarnar, tæki þetta atriði upp í sitt frv., þá flutti ég ekki brtt. við iðnnámslögin og ekki heldur við þessi l. fyrr en nú, þar sem n. sá sér ekki fært að gera það.

Þetta atriði hefir valdið árekstri milli nemenda og meistara, og hefir fulltrúi lögmanns hér í Reykjavík tjáð mér, að þetta mál hafi komið til þeirra kasta í þó nokkrum tilfellum. Andi iðnnámslaganna er ótvírætt sá, að sjúkrakostnaður nemenda sé greiddur af meisturum, og er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að tryggingarkostnaðurinn sé einnig greiddur af þeim. Ég hefi hér í höndum fjölmargar undirskriftir frá iðnnemum, þar sem þeir óska eindregið eftir því, að þessi breyt. verði gerð. Þá munar mikið um að borga þessar 4 kr. á mánuði af sínu 50—60 kr. kaupi.

Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en óska eftir því, að brtt. verði tekin til greina í sambandi við aðrar brtt., sem fyrir liggja.

***Bergur Jónsson:** Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um greinar þessa frv. eða brtt., því að hv. frsm. meiri hl. n. mun vitanlega svara þar fyrir — En það, sem kom mér til þess að standa upp, voru ummæli hv. frsm. minni hl. viðvíkjandi 1. brtt. okkar meirihl.-manna á þskj. 304, þar sem það er lagt til að breyta þannig til um skipun tryggingarráðsins, að ráðh. skipi það eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Ég veit satt að segja ekki, hvaða ástæða hefir legið til grundvallar fyrir því, að hv. frsm. lét svo um mælt, að frá sjálfst.-mönnum væri kominn þessi löngun til að breyta tryggingarlögunum að þessu leyti. Hv. þm. hlýtur að muna eftir því, að á fyrsta fundinum, sem rætt var um þetta frv., tók ég það fram viðvíkjandi 7. gr. tryggingarlaganna, að við framsóknarmenn vildum láta breyta henni í þá átt, að stærstu þingflokkarnir hefðu menn í tryggingarráðinu. En það, sem var því til fyrirstöðu, að hægt væri að ganga frá því atriði til fullnustu, var eingöngu það, sem nú virðast allir vera sammála um, að nauðsynlega beri að tryggja það, að í tryggingarráðinu sé einn meðlimur tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Þetta var eina framkvæmdaratriðið, sem stóð í veginum fyrir því, að þá þegar væri gengið frá þessari breyt. Og ég verð að segja það, að mér finnst það undarlegt af hv. þm. Snæf. að vilja endilega gefa það í skyn, að við höfum verið reknir til þess að gera þessa breyt. nú, sem við höfðum fyrirfram ákveðið að gera, eins og hv. þm. sjálfum er vel kunnugt um. Ég býst ekki við, að það undirstriki neitt sterkar hinn einlæga vilja sjálfstæðismanna til þess að fylgja lýðræðisreglum, þó að hv. þm. geri tilraun til þess að draga úr vilja okkar framsóknarmanna um að gera slíkt.

Hv. frsm. minni hl. minntist einnig á breyt. þær, sem í frv. eru á kaflanum um atvinnuleysistryggingarnar, og tók það fram, að sjálfstæðismenn væru yfirleitt andvígir þeim kafla. Hann lét einnig svo um mælt, að það væri auðsjáanlega fyrir harðfylgi jafnaðarmanna, að þessi smávægilega breyt. er gerð á einum lið einnar gr. í þessum kafla. En ef hv. þm. at-

hugar liðinn, eins og líka var gert í n., þá sér hann, að hér er alls ekki um neina efnisbreyt. að ræða frá því, sem áður var, heldur eingöngu það orðað betur, sem áður var dálítið klaufalega orðað.

Að lokum vil ég svo taka það fram, að enda þótt við stöndum fast á því að vilja koma fram þeim réttarbótum, sem í frv. felast, og munum þess vegna ekki samþ. hina rökst. dagskrá sjálfstæðismanna, þá höfum við allir í meiri hl. áskilið okkur að bera fram frekari brtt. við 3. umr., því að það má vel vera, að við nánari athugun komi fram ýms atriði í frv., sem ástæða er til að breyta.

Fundi frestað.

Er fundur var settur á ný, mælti

Jakob Möller: Það er í raun og veru þýðingarlítið að tala hér yfir auðum stólum fyrir þingtíðindin, en fyrst hæstv. forseti gerir þá undantekningu að halda fund á laugardagskvöldi, þá mun vera réttast að ræða hér um málið.

Forseti (JörB): Ég boðaði til þessa fundar auðvitað í því skyni, að hv. þm. mættu. En nú er auðséð, að mikið vantar á, að hv. dm. séu allir mættir, en mér er þó ekki kunnugt um forföll. Ég viðurkenni, að svo sem ástatt er um fundarsókn manna, er til lítils að halda fund og þreyta langar umr. Mun ég því slíta fundi og fresta umr., en gefa hv. 2. þm. Reykv. (JakM) orðið næst, er málið verður tekið á dagskrá.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 218, 248, n. 304 og 305, 320).

***Jakob Möller:** Ég hallast að till. hv. minni hl. um það, að það myndi réttara að fresta afgreiðslu þessa máls að þessu sinni. Bæði er það, að mér virðist ekki svo aðkallandi að lögfesta þær breyt., sem hér er um að ræða, þó að sumar séu að vissu leyti nauðsynlegar, að ekki mætti bíða næsta þings. Og sérstaklega er það eitt atriði í þessu frv., sem ég er myrkfælinn við, að það gæti orðið til þess að koma sjúkratryggingunum í nokkra óvissu og ringulreið. Það segir í innganginum að grg. frv., að frv. hafi inni að halda ýmsar lagfæringar, sem reynslan hefir leitt í ljós, að þörf er á og miði til að koma tryggingunum í öruggara horf. En það er nú svo, að þannig var gengið frá tryggingal. í upphafi, að þau þurftu töluverðra skýringa og hefir að ýmsu leyti orðið að laga þau í framkvæmdinni, eftir því sem reynslan sýndi, að bezt hentaði. Á það sérstaklega við sjúkratryggingarnar, sem ég er kunnugastur og mun aðallega gera að umtalsefni. Hér í Reykjavík var það kannske happ fyrir sjúkratryggingarnar í upphafi, að það var athugað, að með lögunum voru sjúkrasamlaginu lagðar svo miklar skyldur á herðar, að það þótti ekki viðlit að framkvæma eins og bókstafur laganna í raun og veru vísaði til. Þess vegna varð þegar í upphafi samkomulag milli sjúkrasamlagsstj. og stj. tryggingarstofnunarinnar að takmarka framkvæmdina við það, sem fært þætti að leggja á samlögin, miðað við ekki allt of hátt iðgjald af hálfu þeirra tryggðu. Og það var þá alveg sérstaklega afstaðan til meðlima með langvarandi sjúkdóma, sem kom til greina. Samkv. l. eins og þau voru í upphafi virtist tilgangurinn, að sjúkratryggingin sæi þeim, sem haldnir eru af langvarandi sjúkdómum, en lágu ekki á spítala þegar tryggingin tók til starfa, fyrir læknishjálp og sjúkrakostnaði eins og l. ákveða fyrir alla. Og það tók til þeirra, sem haldnir eru ellisjúkdómum og öðrum langvarandi sjúkdómum. Tryggingin var ótakmörkuð að því er gamalmenni snertir, og það svo, að jafnvel mætti halda því fram, þó að aldrei hafi reynt á, hvernig á það yrði litið fyrir dómstólunum, að gamalmenni ættu heimting á dagpeningum samkv. l. En í framkvæmdinni hefir það verið þannig, með samþ. tryggingarstj., að gamalmenni óvinnufæru hefir verið neitað um dagpeninga, þó að mjög sé vafasamur réttur sjúkrasamlagsins að neita slíku. En neitunin er byggð á því, að ef slíka kvöð ætti að leggja á, yrði dagpeningagjaldið að vera allmiklu hærra en það er nú, þrátt fyrir það, þótt biðtíminn sé svo langur sem kunnugt er. Og í rauninni eru dagpeningarnir miklu lítilvægari hluti tryggingaanna heldur en menn gerðu sér hugmynd um í upphafi.

Þetta frv. fer nú fram á það, að l. verði breytt þannig, að þau verði að þessu leyti í samræmi við framkvæmdina, eins og hún hefir verið í Reykjavík. Um framkvæmdina annarsstaðar á landinu er mér ekki vel kunnugt. Ég veit að vísu, að viðvíkjandi langvarandi sjúkdómum er þetta nokkuð á annan veg, að sum samlög hafa tekið jafnvel samkv. l. á sig kostnað af öllum langvarandi sjúkdómum, þó að meðlimur hafi verið búinn að taka sjúkdóminn áður en tryggingin kom til framkvæmda. Þessa lagfæringu er nauðsynlegt að hafa á framkvæmd laganna í þá átt, sem gert hefir verið í Reykjavík. En mér virðist þó ekki svo aðkallandi að gera breyt. á l. þess vegna. Því að þótt það dragist að lagfæra l. til næsta þings, geri ég ekki ráð fyrir, að mikill skaði sé skeður.

En það er nú svo um þessar lagfæringar um þetta efni, að þær miða allar í þá átt að auka skyldur samlaganna frá því, sem er í framkvæmdinni. Og þó þannig, að mér virðist, að eftir frv. sjálfu sé það nokkuð vafasamt. Um langvarandi sjúkdóma er ákveðið í 9. gr. frv., og skilst mér, að eftir orðalagi hennar séu sjúklingar haldnir langvarandi sjúkdómum í raun og veru útilokaðir frá tryggingu með öllu að því er þá sjúkdóma snertir, hafi þeir tekið sjúkdóminn áður en þeir komu í tryggingu. Og samkv. síðustu málsgr. 15. gr., þar sem stendur, að sjúkrasamlagið greiði ekki sjúklingum, sem falla undir sóttvarnarl. eða önnur sérstök l., þá virðist mér nokkuð vafasamt, hvort hægt sé að segja, að lögin leggi yfirleitt sjúkrasamlögunum nokkra skyldu á herðar gagnvart vissum langvarandi sjúkd., sem sérstök lög gilda um,

t. d. geðveiki, húðsjúkdóma og hvað það er nú fleira, sem samkv. lögum hefir verið staðinn straumur af á kostnað ríkissjóðs. Að vísu er þetta skýrt í grg., svo að það er auðsætt, að til þess hefir verið ætlazt, að sjúkrasamlag stæði straum af fyrstu legu, allt að 6 vikum, vegna slíkra sjúkdóma. Það er náttúrlega óviðkunnanlegt að setja slík ákvæði í grg., því að grg. er í sjálfu sér ekki lög og hefir ekki lagagildi. Og þó að svo slík ákvæði séu sett í reglugerð, þá hefir reglugerðin ekki heldur lagagildi, nema að því leyti sem hún er í samræmi við lög.

Ég hefi orðið þess var, að mönnum hefir skilizt, að með þessum breyt., sem hér eru á ferð, fengist því framgengt, að iðgjald sjúkratryggginga gæti lækkað, og það allverulega. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að ef dagpeningatryggingin er skilin frá sjúkratryggingunni og ekki gerð að skyldutryggingu, þá getur iðgjaldið lækkað sem því svarar, og þá hér í Reykjavík um 6 kr. á ári. Annarsstaðar er ekki dagpeningatrygging fastákveðin, og má því gera ráð fyrir að þessi breyt. hefði engin áhrif á iðgjöld annarsstaðar. En hinsvegar fer frv. í þá átt að öðru leyti, að mér skilst, að miklu fremur mætti búast við hækkun á iðgjöldum en lækkun. Og þetta stafar m. a. af því, að með breyt. á þeim hluta, sem sjúkrasamlaginu er ætlað að greiða af sjúkrakostnaði, — þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlag greiði allan lækniskostnað fyrir sjúklinga hjá heimilislækni, sem sjúklingur hefir valið sér, — í stað þess að samkv. gildandi l. er það aðeins þrír fjórðu utan sjúkrahúsa, þá má búast við, að miklu erfiðara verði að ná samningum við lækna, og að þeir geri kröfur til hærra fasts gjalds eða gerbreyt. á samningum um það, hvernig þeim skuli greitt fyrir þeirra starf. Þessi niðurfelling á fjórðungsgjaldinu, sem að vísu er lítið rætt um, hefir verið talsvert sterk krafa af hálfu almennings, en það er að mínu viti ákaflega vafasamt mál, og gæti orðið til þess að gera tryggingarnar dýrari heldur en þær annars væru. Í rauninni er sjálfsagt að gera ráð fyrir því í frv., að svo gæti farið, og að það verði í fullkominni óvissu, hvað sjúklingar verða að borga að lokum, ef samningar ekki takast. Það er í 16. gr. frv. tekið fram, að tryggingarstofnun ríkisins sé heimilt að setja reglur um, hvað undir þeim kringumstæðum eigi að greiða mikinn hluta kostnaðar, og er þó gert ráð fyrir því, að ekki sé greitt lækni, heldur sjúkling sjálfum, sem standa skil til læknis. En þetta hvorutveggja mundi verða til þess, að kröfur læknanna yrðu væntanlega hærri. Ef til þessa kæmi, yrði tryggingin óvissari og vafasamari en æskilegt væri.

Það hefir verið slegið mjög á þann streng, að krafa læknanna, að sjúklingar sjálfir greiði nokkurn hluta læknishjálparinnar, væri í mesta máta ósanngjörn og stafaði meðfram a. m. k. af ágengni, að þeir hefðu tilhneigingu til að hafa sem mest upp úr sínu starfi, sem um flesta er nú talið eðlilegt. Og það er talað um, að læknar hafi í framkvæmd brugðizt þeim vonum, sem þeir höfðu gefið um það, að þeir mundu ekki ganga ríkt eftir þessu aukagjaldi af hálfu sjúklinganna. Því að þeir hefðu upphaflega byggt kröfu sína um heimild til að leggja aukagjald á sjúklinga á því, að þeim væri þetta nauðsynlegt til að takmarka ásóknina, draga úr óþarfa kvabbi og ánauð manna, sem alltaf finnst þeir þurfa að vitja læknis, þó að ekkert sé við þá að gera — og oft og einatt mest um ímyndun að ræða, en ekki raunverulegan sjúkdóm. Og það er alveg auðsætt, að ef l. verður breytt í það horf, að sjúklingar þurfi ekkert að greiða lækni, þá verða bókstaflega engar hömlur á slíka ánauð á læknana. Það er ekki nema eðlilegt, að læknar krefjist hærri greiðslu af hálfu samlagsins fyrir það, að þeim er aukið mjög erfiði og tími þeirra tekinn í óþarfa kvabb, og þeir gætu þá síður sinnt öðrum sjúklingum, sem virkilega lægi á hjálp. Nú er t. d. í Reykjavík árgjald samlagsins til lækna fyrir hvern samlagsmeðlim á læknisvegum 12 kr. Og með því að fella niður fjórðungsgreiðslu samlagsmanna virðist eiginlega liggja beint við, að læknar færðu sínar kröfur upp í 16 kr., sem ekki mun vera of mikil greiðsla fyrir þá auknu ánauð á læknana, sem af þessu mundi leiða. Er því í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að læknar geri enn frekari kröfur til greiðslu en sem svarar þessu fjórðungsgjaldi, sem þeir höfðu rétt til að krefja sjúklinga um. En af þessu er auðsætt, að það verður að gera ráð fyrir, að kostnaður út af þessu aukist að mjög verulegum mun. Og ef samlög hafa hingað til verið rekin þannig, að lítill eða enginn afgangur hefir verið, eða jafnvel tap á rekstrinum, þá er bersýnilegt, að það verður óhjákvæmilegt af þessum ástæðum að hækka iðgjaldið. Ef gert er ráð fyrir því, að gripið yrði til ákvæðis 16. gr. viðkomandi samningum við læknana, þá er ekki víst, hvaða greiði samlagsmönnum er gerður, því að þá er ekkert samið um gjald þeirra, og yrðu þeir að greiða þann taxta, sem læknar kynnu að setja. Í öðru lagi, ef ákvæði um langvarandi sjúkdóma eru þannig, að kostnaður af þeim mun vaxa að ekki óverulegu leyti frá því, sem verið hefir í framkvæmd í Reykjavík, þar sem samkv. skýringum grg. er gert ráð fyrir því, að á bak sjúkrasamlagsins komi kostnaður af fyrstu legu hvers einasta sjúklings eftir að hann er kominn í sjúkrasamlagið. Í framkvæmdinni hefir þetta verið þannig, að samlagið hefir ekki greitt neinn kostnað af sjúkleika þeirra, sem hafa haft langvarandi sjúkdóma, eins og t. d. berkla, áður en þeir komust í tryggingu, og sjúkdómurinn tekur sig upp síðar. Það eru aðeins þeir, sem taka slíka sjúkdóma í fyrsta sinn eftir að þeir koma í samlagið, sem fá slíka greiðslu. Hinir hafa verið á vegum ríkissjóðs, og tekur það aðallega til berklasjúklinga, sem eru á hælum undir berklavarnal. En mér skilst, að samkv. grg. sé gert ráð fyrir því, að slíkir gamlir berklasjúklingar komi einnig með sína fyrstu legu eftir að þeir koma í samlagið. Þetta verður óhjákvæmilega til að auka kostnað samlagsins og gefa líkur fyrir því, að lagabreyt. þessi verði frekar til að hækka iðgjaldið en lækka það. Nú er að vísu gert ráð fyrir því, að gamalmenni 67 ára og eldri séu undanþegin skyldutryggingu, og mætti

því í fljótu bragði ætla, að það verði til þess að létta nokkuð á samlaginu. En þegar hinsvegar er gert samlaginu að skyldu að taka gamalmenni í tryggingu, séu þau tryggingarhæf, þá dregur það að allverulegu leyti úr þeim létti, sem annars yrði. Og sannleikurinn er sá, að þegar ekki er nú um að ræða, að samlagið standi straum af sjúkrahúsvist gamalmenna vegna ellilasleika sem langvarandi sjúkdóms og af því að það eru ekki sjúkrarúm til, þá er náttúrlega þessi léttir samlagsins miklu minni en ella mætti. Svo er þar við að bæta, að hert er á skyldu samlagsins til þess að lækka eða jafnvel alveg fella niður iðgjald unglinga á aldrinum 16—21 árs, og haldi þeim þó í tryggingu og sjái fyrir læknishjálp. En í framkvæmdinni hefir þetta verið þannig, að fjöldi af þessum unglingum, sem ekki hafa tekjur og eru á vegum foreldra, eru sem stendur ótryggðir og ekki gengið fast eftir, að iðgjöld fyrir þá séu greidd. Það er æskilegt, að þeir kæmu allir í tryggingu. En það er augljóst, að það verður ekki gert með öðrum hætti en að af því leiði allverulega íþyngingu fyrir afkomu samlagsins, ef á að ívilna þeim eða sleppa þeim við iðgjald. Þannig virðist mér, að það liggi nokkurn veginn bert fyrir, að þessi breyt. verður, þegar allt kemur til alls, ekki til þess að bæta afkomu samlagsins og skapa möguleika fyrir lækkun iðgjalda, eins og virðist hafa vakað fyrir mönnum, heldur muni niðurstaðan verða það gagnstæða. Ég held það hefði verið ráð, áður en farið var út í að ákveða með l., að samlagið sæi sjúklingum fyrir læknishjálp að fullu, að reynt hefði verið að leita samkomulags við lækna um einhverja lausn þessa máls. Mér er t. d. sagt, að hjá nágrönnum okkar, Hafnfirðingum, hafi komizt á samkomulag um niðurfærslu þessa gjalds. Og mér þykir ekki ósennilegt og hefi töluverða ástæðu til að ætla, að það hefði einnig getað tekizt hér, án þess að læknar hefðu gert frekari kröfu um greiðslu. Ég held það væri miklu tryggara fyrir öruggu og ótrufluðu starfi samlaganna, að þessi leið yrði athuguð og málið í heild sinni undirbúið nánar til næsta þings, sem heyja skal nú eftir rúma tvo mánuði.

Það þarf nú varla að vekja athygli á því, að þar sem í 19. gr. er gert ráð fyrir því, að opinbert framlag til samlaga sé hækkað að hámarki úr 9 kr. í 10 kr., að það er vafasamur léttir fyrir samlögin. Og eins og tekið hefir verið fram, tekur það ekki til neins annars samlags en Reykjavíkur, vegna þess að iðgjald annara samlaga er lægra en svo, að þau geti notið þessarar hækkunar hámarksins, vegna þess að opinbert framlag má samkv. ákvæðum l. aldrei nema meiru en einum fjórða af iðgjaldinu. Og í þessu felst mikill léttir fyrir rekstur samlaganna, en hinsvegar virðist hafa vakað fyrir þeim, sem frv. sömdu, að það væri eðlileg afleiðing af þessari lagasetningu, að það þyrfti að leggja samlögunum meiri styrk heldur en nú er gert, og það er enginn vafi á, að þess virðist, að undanteknu sjúkrasamlagi Reykjavikur, vera mjög mikil þörf, því að eftir því, sem ég bezt veit, munu flest sjúkrasamlög utan Rvíkur vera komin alveg að þrotum, og mun verða að gera sérstakar ráðstafanir til þess að rétta þau við, ef þau eiga að geta haldið áfram að starfa, en þau hafa ekki gagn af hækkuninni úr 9 í 10 kr., því að þau uppfylla ekki skilyrðin, sem þarf til þess að verða þessa aðnjótandi.

Svo ætla ég að segja örfá orð út af því, sem hv. frsm. meiri hl. n. lét orð falla til réttlætingar á því, sem farið er fram á í þessu frv., að ráðin verði tekin af sveitarfélögunum um að ráða stj. samlaganna að öllu leyti og fela tryggingarstofnuninni að skipa formenn samlaganna. Hv. frsm. talaði eitthvað í þá átt, að starfsemi samlaganna ætti að geta orðið tryggari með þessum hætti. Þetta kynni náttúrlega að bregða ákaflega mikið til beggja vona, og ég veit í rauninni ekki, hvaða ástæður er hægt að færa fram fyrir því, að pólitísk stj. tryggingarstofnunarinnar sjái betur og hlutlausar fyrir skipun þessara stj., heldur en pólitiskar stj. sveitar- og bæjarfélaga. Mér virðist mega gera ráð fyrir, að hvor aðilinn sem er mundi telja sér skylt að sjá fyrir því, að stj. samlaganna væri sæmilega skipuð, að það mætti trúa henni fyrir framkvæmd þessara mála, en tryggingin fyrir því er lítið aukin við þessa breyt. Hv. frsm. var að tala um, að samlagsstj. hefðu ekki réttlætt það traust, sem borið hefði verið til sveitarstj. í því að skipa stj. samlaganna tryggilega, og vildi engar undantekningar um það gera, og vísaði hann til þess, að mörg samlögin væru illa á vegi stödd og þeim hefði verið stefnt í fjárhagslegt öngþveiti, og það er rétt, en ég vil vekja athygli hv. frsm. á því, að þessi skylda hvílir ekki aðeins á samlagsstj., hún hvílir engu síður og miklu fremur á stj. tryggingarstofnunar ríkisins, því að þótt hún skipi ekki samlagsstj., þá á hún að hafa eftirlit með því, að samlagsstj. reistu sér ekki hurðarás um öxl með þeim hlunnindum, sem þau veita meðlimum sínum, og það er það eina, sem hefir komið þeim á vonarvöl, svo að af þessari ástæðu get ég ekki séð, að þessi trygging mundi neitt aukast með því að fela tryggingarstofnuninni þennan vanda. Og alveg að gefnu tilefni skal ég upplýsa það, að hér í stj. sjúkrasamlags Reykjavíkur var ég miklu meira var við tilhneigingu hjá stj. tryggingarstofnunarinnar til þess að hafa hlunnindin mikil og iðgjöldin lág heldur en að tryggja afkomu sjúkrasamlagsins sem bezt, og ég gæti trúað, að þessa hafi gætt einnig nokkuð gagnvart samlögunum úti um land, sem nú eru komin í þröng. Það má segja, að sjúkrasamlag Rvíkur hafi að mörgu leyti verið heppið, þegar það tók til starfa, að það skyldi geta verið í náinni samvinnu við tryggingarstofnunina og hafa aðgang að því að tala dags daglega við hana um vandræðamál, sem úr þurfti að leysa, og að því leyti stóð sjúkrasamlag Rvíkur miklu betur að vígi heldur en sjúkrasamlögin úti um land. Hitt er rétt hjá hv. frsm., að stj. tryggingarstofnunarinnar samdi að lokum fyrir samlagið bæði við lækna og sjúkrahús, og mér skildist hv. frsm. vilja átelja stj. samlagsins fyrir að hafa velt af sér þeirri kvöð yfir á tryggingarstofnunina, en þá ber þess að gæta, að þegar svo er ástatt um afstöðu

samningsaðilja, að annar samningsaðiljinn veit, að sá, sem hann ætlar að semja við, er ekki seinasti aðilinn, heldur er annar settur yfir hann, þá er erfitt fyrir hann að semja, því að hann veit, að að lokum kemur til kasta síðasta aðiljans, sem í þessu tilfelli er stj. tryggingarstofnunarinnar. Hann vill þess vegna eðlilega hafa vaðið fyrir neðan sig og ekki ganga að þeim ýtrustu kröfum, sem eru gerðar, vegna þess að hann má búast við, að hann verði að lokum að slá af til samkomulags við síðasta samningsaðilja, svo að þetta var þannig í haginn búið, að stj. sjúkrasamlagsins var í raun og veru gert ómögulegt með því fyrirkomulagi, sem á þessu er, að binda enda á þessa samninga. Hinsvegar er það engan veginn rétt, að stj. samlagsins hafi velt þessu af sér. Hún undirbjó samningana við læknana þannig, að það stóð í rauninni ekki á öðru en að fá samþykki tryggingarstofnunarinnar til þess að þeir gengju í gildi, en þá tók tryggingarstofnunin samningana í sínar hendur ótilkvödd af sjúkrasamlagsstj. Ég segi ekki, að þetta hafi orðið sjúkrasamlaginu til ógagns, en það sýnir, að þetta er eðlilegur gangur slíkra samninga, þegar svona stendur á. Það liggur í augum uppi, að það er ekki nema töf að því, að tveir aðiljar standi að samningaumleitunum, þegar aðeins einn aðili á að binda enda á þær. Ég get ekki f. h. stj. sjúkrasamlags Rvíkur tekið á móti neinum ákúrum af neinum aðilja um að hún hafi í þessu efni velt af sér skyldu, sem á henni hvílir. Um samninga við lyfjabúðirnar er það að segja, að tryggingarstofnunin óskaði þegar í upphafi eftir að fara með þá samninga fyrir hönd allra samlaga á landinu í einu lagi við Lyfsalafélag Íslands, svo að það kom alls ekki til kasta sjúkrasamlagsstj. að eiga nokkuð við þá samninga.

Ég hefi svo ekki fleiru við að bæta að þessu sinni. Ég vildi aðeins færa nokkrar ástæður fyrir þeirri skoðun minni, að það væri réttara að fresta endanlegri afgreiðslu þessa máls og athuga það betur en gert hefir verið, með því líka að ekki mun vera nein hætta á ferðum, þó að þeirri endanlegu afgreiðslu sé frestað um sinn.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Jónsson): Ég get byrjað á að svara hv. 2. þm. Reykv. nokkrum orðum, og það því fremur sem hv. frsm. minni hl. er ekki viðstaddur í hv. d., en honum vildi ég líka að sjálfsögðu svara.

Mér virðist rök þessa hv. ræðumanns hníga að allt öðru en hann hugði sjálfur, með því að hann heldur því fram, að sú kvöð, sem hvílir á sjúkrasamlögunum nú eftir gildandi l., að standast kostnað af langvarandi sjúkdómum, þar á meðal fyrst og fremst berklaveiki, sé þeim algerlega um megn, og að það sé eingöngu fyrir það, að þessu ákvæði hefir ekki verið fylgt, að a. m. k. sjúkrasamlag Rvíkur stendur þó ekki verr heldur en það stendur. Nú er það svo, að þó að l. hafi verið framkvæmd á þessa lund í Rvík og e. t. v. víðar, en það veit ég ekki um fyrir víst, leikur fullur vafi á því, að sú framkvæmd eigi rétt á sér, enda tæplega viðurkennt af þeim, sem æðstu ráð hafa í þessum málum, en það er hæstv. atvmrh. Og það veit ég fyrir víst, að ef ekki verður lögfest á þessu þingi ákvæði, sem beinlínis heimila þessa framkvæmd, þ. e. léttir að miklu leyti kostnaði af alvarlegum, langvarandi sjúkdómum af samlögunum, þá mun hæstv. fjmrh. ekki treysta sér til að inna greiðslur af hendi til þeirra framkvæmdar eftirleiðis. Svo að ef hv. þm. lítur svo á, að sjúkrasamlagið í Rvík, og þá ekki síður önnur samlög, geti ekki staðizt öðruvísi en að sú framkvæmd sé höfð áfram um þetta atriði, sem höfð hefir verið í Rvík a. m. k., þá er þegar af þeirri ástæðu algerlega nauðsynlegt að fá slíka breyt. samþ. á þessu þingi.

Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. meti ekki rétt þann létti, sem samlögunum er boðinn með samþ. þeirra breyt., sem í frv. felast, því að það er ekki eingöngu, að létt sé að miklu leyti af þeim þeirri kvöð að standast kostnað af mönnum með langvarandi sjúkdóma, heldur er ekki lítilsvert um ýms önnur atriði, sem hníga í sömu átt. Er t. d. mikill ávinningur að því, að eftir að þessar lagabreyt. hafa verið gerðar, verður enginn tekinn í sjúkrasamlagið nema hann leggi fram læknisvottorð um heilsu sína, svo að það sé fyrirfram vitað, að sá sem tryggir sig, sé ekki haldinn af einhverjum þeim sjúkdómum, sem eru sjúkrasamlögunum lang kostnaðarsamastir, þegar leita þarf læknishjálpar við þeim. Þetta nær til allra, sem í samlögin ganga, og þar með að sjálfsögðu líka til gamalmenna. En það veit hv. þm., að reynsla samlaganna víða um land hefir orðið sú, að af gamalmennum hefir orðið mikill kostnaður fyrir það, að reynt hefir verið og tekizt hefir að koma á samlögin, að vísu óréttilega, kostnaðinum við framfærslu gamalmenna, sem þurfa á hælisvist að halda eða nákvæmri umönnun, eingöngu fyrir elli sakir.

Þá er ekki lítið gerandi úr því, sem hv. þm. að vísu viðurkenndi, að sjúkrasamlagið í Rvík er losað við þá skyldu að tryggja menn gegn dagpeningum. En ef það tekur upp dagpeningatryggingu, sem því er heimilt, þá er því í sjálfsvald sett að halda sér skaðlausu af þeirri tryggingu.

Enn vil ég geta um það, sem hv. þm. raunar játaði óbeinlínis, að afkoma samlaganna tryggist að sjálfsögðu við það að vera sett undir náið eftirlit og umráð tryggingarstofnunarinnar. Hv. þm. gat þess sem sé, að það hefði verið mikil hlunnindi fyrir sjúkrasamlag Rvíkur að vera svo nálægt tryggingarstofnuninni að geta sífellt leitað ráða hennar og leiðbeininga. Þetta samstarf verður að tryggja enn betur, og ekki aðeins sjúkrasamlagi Rvíkur, heldur einnig sjúkrasamlögunum á öllu landinu. Ég er viss um, að sjúkrasamlögin úti um landið mundu ekki á eftir gera slíka vandræðasamninga við lækna, sem mörg þeirra hafa nú gert upp á eigið eindæmi. Mundu þau áreiðanlega komast hjá að reisa sér hurðarás um öxl, ef tryggingarstofnunin hefði þau afskipti af ráðstöfunum þeirra, sem hún hlýtur að hafa samkv. l., eftir að þessar breyt. hafa náð samþykki.

Seinast er svo þess að geta, sem mest er um vert í þessu sambandi og eitt getur tryggt, að

sjúkrasamlögin þurfi aldrei að verða gjaldþrota, en það er, að nú er ætlazt til, að sett verði inn í l. fyrirmæli um öryggisráðstöfun gegn því, að samlögin þurfi nokkurntíma að ganga að slíkum samningum sem fyrirsjáanlegt er, að þau fá ekki staðizt kostnaðinn af. Ég er sannfærður um, að sú öryggisráðstöfun þarf, ef rétt er á haldið, aldrei að koma til annara framkvæmda en þeirra, að tryggja miklu betur en nokkuð annað getur gert, samlögin gegn því að neyðast til að ganga að kröfum þess aðiljans, sem mestar og hættulegastar kröfur gerir á þau, en það eru læknarnir.

Annars vekur það sérstaka eftirtekt mína, og það ætti raunar að vekja eftirtekt fleiri, hve áberandi það er, að form. sjúkrasamlags Rvíkur, hv. 2. þm. Reykv., talar svo í þessu máli, að manni mundi frekar detta í hug, að hann væri umboðsmaður læknafélagsins heldur en sjúkrasamlags Rvíkur. Þetta er því eftirtektarverðara fyrir mig fyrir það, að ég varð var við hið sama í fyrra, að því leyti sem ég var kvaddur til ráða af tryggingarstofnun ríkisins, en hún átti í samningum f. h. sjúkrasamlags Rvíkur við læknana í bænum. Það var ekki lítill trafali, sem tryggingarstofnunin hafði af því, að meiri hl. stjórnar sjúkrasamlags Rvíkur virtist taka upp — beinlínis að óþörfu, því að læknar hafa *sannarlega góða talsmenn — hlut læknanna gagnvart* sínu eigin sjúkrasamlagi. En það var auðvitað í beinu áframhaldi af því, sem vakti sérstaka athygli á sínum tíma, að einn fyrsti maðurinn, sem bæjarstjórn Rvíkur snýr sér til, þegar sjúkrasamlagið átti að setja á laggirnar, er formaður Læknafélags Rvíkur. Ég er ekki að segja, að þetta hafi komið að sök. M. a. fór svo, að þessi læknir, sem ég vil ekkert misjafnt um segja, taldi skyldu sína að segja af sér formannsstörfum í Læknafélagi Rvíkur. Ég hygg ekki fyrir það, að um það hafi komið krafa frá bæjarstj. Rvíkur. Þetta sætti mikilli gagnrýni, annarsstaðar frá, og það hefir e. t. v. verið vegna þeirrar gagnrýni, sem hann sá skyldu sína.

En í beinu áframhaldi af þessu er svo það, að þegar talað er um að verða við þeirri kröfu almennings að létta hinu illa þokkaða fjórðungsgjaldi af meðlimum sjúkratryggingana, þá stendur form. stj. sjúkrasamlags Rvíkur upp hér á Alþ. og heldur uppi stífustu kröfum — miklu einbeittari heldur en nokkur meðlimur Læknafélags Rvíkur myndi gera — fyrir hönd læknanna um, að hækka þyrfti þá ekki eingöngu árgjöldin til þeirra sem þessum fjórðungi nemur, heldur helzt miklu meira. Það er erfitt fyrir sjúkrasamlag, sem hefir slíka stjórnarforustu, að semja við svo öflugan félagsskap sem læknafélagsskapurinn er æfinlega. Það er í rauninni skylda þessa hv. þm. að fara heldur dulara með þessa afstöðu sína en hann hefir nú gert.

Um þetta fjórðungsgjald er það að segja, að upphaflega er það komið inn í l. fyrir beinar kröfur Læknafélags Rvíkur, og það er algert nýmæli í þessu landi, að því er ég veit bezt. Það tíðkast ekki í tryggingum á Norðurlöndum né heldur annarsstaðar, svo að ég viti. Þessu fengu læknarnir framgengt undir því yfirskini, ef yfirskin hefir verið af hálfu þeirra, er fluttu, að þetta ákvæði yrði alls ekki notað þeim til fjárhagslegs ávinnings. Það ætti aðeins að vera í l. til þess, að hægt væri að grípa til þess í undantekningartilfellum, sem allir læknar að vísu kannast við, ef einstakir tryggðir meðlimir gera mikið að því að misnota læknana með óþörfum kvaðningum og hverskonar rétti. Ef ég ætti að mæla sem samningsaðili gagnvart læknunum, þyrði ég óhræddur að halda því mjög ákveðið fram, að þó að fjórðungsgjaldið falli niður, þá beri þeim engin hækkun á föstum árgjöldum í notum þess. Það var alls ekki hugsað þannig og ekki borið fram af læknastéttinni í því skyni að hafa af því tekjur, að því er læknarnir sjálfir hafa sagt. Það er ósatt og ósamboðið form. stj. sjúkrasamlags Rvíkur að segja, að engin öryggisráðstöfun sé til verndar læknum gegn misnotkun af hendi hinna tryggðu, ef þessu fjórðungsgjaldi til læknanna er sleppt niður. Það væri líka skárra. Það er svo sem auðvitað, að þessi misnotkunarhætta þekkist annarsstaðar, enda hefir verið reynt að setja skorður við henni með hinu sama ákvæði og hér er í l., og auk fjórðungsgjaldsins, sem sé þá að láta sjúklingana ætíð borga verulegan hlut af lyfjum, er þeim eru ráðlögð utan sjúkrahúsa, sem út af fyrir sig er margfalt meira aðhald fyrir sjúklingana langflesta heldur en fjórðungsgjaldið til læknanna.

Ég vil leiðrétta, þó að ekki skipti miklu máli, misskilning hv. þm. á gildandi sjúkrasamlagsl., þar sem hann hyggur, að tryggingarstofnun ríkisins sé seinasti aðili að samningum milli sjúkrasamlaga og lækna. Það er alls ekki svo. Þvert á móti er hinum einstöku bæjar- og sveitarfélögum sýnt svo mikið traust í l., að þeim er ætlað að geta samið algerlega upp á eigið eindæmi. (**JakM**: Þarf ekki að staðfesta samningana?). Nei, það er í fyrsta skipti gert ráð fyrir því nú í þessu frv. Það eina sem stendur í l. um afskipti tryggingarstofnunarinnar af slíkum samningum, ef ég á að lesa það upp er þetta: „Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um greiðslur til tryggingarlækna.“ Að eins heimild, ef sjúkrasamlögin óska sérstaklega eftir slíkri aðstoð. (**JakM**: Það þarf að fá staðfestingu á samningunum). Hvar stendur það? (**JakM**: Það stendur í l.). Það stendur í frv., en alls ekki í l. Í l. stendur: „Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti, sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlagsins heimilt að greiða tryggingarlæknum eftir reglum, sem tryggingarstofnun ríkisins setur“. Annað stendur ekki í l. að því er þetta snertir, og því er einmitt komið sem komið er, að sjúkrasamlög hingað og þangað, t. d. bæði á Siglufirði og Akureyri, hafa gert vandræða samninga án þess að leita nokkurrar aðstoðar tryggingarstofnunarinnar. Það hefir því miður sýnt sig, að slíkt er í mörgum tilfellum glapræði, og því er sú ráðstöfun mjög mikils virði, sem ákveðin er í þessu frv., að leitað skuli staðfestingar tryggingarstofnunarinnar á öllum samningum sjúkrasamlaga. Ég er viss um, að margir samningar sjúkrasamlaga

hefðu aldrei verið gerðir, ef þetta ákvæði hefði verið í l.

Það er ekki heldur rétt, að tryggingarstofnunin hafi óskað eftir að fá að semja í einu lagi við lyfsalafélagið. Það var lyfsalafélagið, sem óskaði eftir að fá að gera slíkan samning í einu lagi. (JakM: Það kom ósk um þetta frá tryggingarstofnuninni til sjúkrasamlagsins). Það má vera rétt.

Ég sé, að hv. frsm. minni hl. er kominn hér á vettvang. Við hann vil ég segja það, að við höfum haft svo gott tækifæri til að tala saman um þetta mál, að það er óþarft að vera að eyða dýrmætum tíma hér með því að leiða hesta okkar saman um það, sem á milli ber, enda er mér meira áhugaefni, að þetta mál fái framgang, heldur en að eyða miklum tíma í óþarft karp. Þó kemst ég ekki hjá því að minnast á örfá atriði af því, sem fram kom í ræðu hans á laugardaginn.

Mér skildist hann halda því fram, að af því að l. hefðu verið upphaflega fremur illa undirbúin, þá væri síður ástæða til þess að hrapa að breyt. á þeim nú. Ég held þvert á móti, að því gallaðri sem l. hafa verið í upphafi, því meiri ástæða sé til að laga mestu ágallana, og það fljótlega. Hitt minntist hann á líka, að flokksmenn hans, sjálfstæðismenn, hefðu litt verið kvaddir til ráða, þegar þessi l. voru upphaflega sett. Það mun vera alveg rétt. En ég ætla líka, að þó nokkuð gild ástæða hafi verið til þess, þar sem ekki var hægt að álíta annað þá en að flokksmenn hv. frsm. minni hl. væru fullkomnir fjandmenn hugmyndarinnar um almennar tryggingar. Ég veit ekki betur en að það hafi verið glansnúmer í flestum erindum þeirra, sem talað hafa á þingfundum máli alþýðutrygginganna við almenning, að lesa upp úr ræðum hv. sjálfstæðismanna hér á Alþ. ummæli um tryggingarnar, þar sem þeir (sjálfstæðismenn) tala um þær eins og einhvern voða, hið allra, allra versta af öllu illu, sem sósialistar berjast fyrir, jafnvel hættulegar almennri heilbrigði í landinu, ef á kæmust. Þau eru víðsvegar um Alþtíð. slík ummæli sjálfstæðismanna. Ég játa hitt fúslega, að þessi löggjöf hefði mátt vera miklu betur undirbúin. En þetta var algert nýsmíði, og það hefir æfinlega farið svo, hvernig sem reynt hefir verið að undirbúa löggjöf um yfirgripsmikla nýja starfsemi, þá hefir komið í ljós ýmislegt, sem valdið hefir því, að löggjöfinni hefir orðið að breyta aftur og aftur, og er slíkt ekki tiltöku mál. Má einnig viðurkenna, að vinnubrögð hér á Alþ. mættu í mörgum tilfellum vera betri. Vil ég í því sambandi minna á, að jafnvel réttarfarslöggjöfin, ekkert eiginlegt nýmæli, sem undirbúin var af lærðustu mönnum með ærnum kostnaði — og sérfræðingar jafnvel sendir til útlanda til enn betri tryggingar undirbúningi hennar —, jafnvel á þeirri löggjöf koma fram ágallar fyrsta daginn, sem hún gilti, svo að setja varð bráðabirgðal. til breyt. á henni. Það hefir líka komið fyrir, að mikil fyrirhöfn hefir farið í það hér á Alþ. að nema úr gildi l., sem höfðu verið numin úr gildi fyrir mörgum árum, o. fl. o. fl. þessu líkt, þó að skömm sé frá að segja.

Það mætti og eflaust undirbúa þessar lagabreyt. miklu betur en gert hefir verið. Þær hafa þó verið allrækilega undirbúnar og sérstaklega nákvæmlega athugaðar af þeirri stofnun, sem hefir með höndum framkvæmd þessarar löggjafar. En hvernig þessi löggjöf yrði undirbúin, myndi enn langt í land til þeirrar fullkomnunar, að hún mætti kyrr liggja. Ég þori nærri að ábyrgjast, að ef ekki á næsta þingi, þá á næstnæsta, koma enn fram till. um breyt. á tryggingarl. Það þarf ekki annað en tryggingarstofnunin taki upp ný starfssvið, t. d. að framkvæmd sjúkratrygginganna færðist út í sveitirnar. Ég efast ekki um, að þegar að því kemur, koma í ljós einhverjir ágallar á löggjöfinni, sem krefjast lagfæringar.

Hv. frsm. minni hl. talaði um það og átaldi stjórnina fyrir, skildist mér, að aðeins einn flokkur hefði haft með höndum yfirstjórn trygginganna, og hæddist að því. Þessi ummæli hans eru ákaflega óréttmæt fyrir það, að höfuðmaðurinn í stjórn alþýðutrygginganna og hinn eiginlegi stjórnandi þeirra er framkvæmdarstjóri tryggingarstofnunar ríkisins, og ég veit, að hv. frsm. minni hl. heldur því ekki fram, að hann hafi verið valinn eftir pólitískum lit. Tryggingarráðið hefir að lögum ákaflega lítið með stjórn trygginganna að sýsla. Starf þess liggur mest í að úrskurða um skaðabætur slysatryggingarinnar og iðgjöld til hennar.

Þá má í þessu sambandi ekki gleyma því, að eins og ég gat um voru sjúkrasamlögin, hinn merkasti og stærsti þáttur alþýðutrygginganna, falin bæjar- og sveitarfélögunum til fullra yfirráða, alveg án tillits til þess, þó að á stærstu stöðunum á landinu væri vitað, að þar með voru yfirráðin yfir þeim fengin flokksmönnum hv. frsm. minni hl. Ég hygg því, að þeim hafi verið a. m. k. sýnt það traust, sem þeir áttu skilið, og því miður er ég hræddur um, að segja megi með nokkrum rétti, jafnvel eitthvað dálítið meira.

Það er eftirtektarvert, að hv. frsm. minni hl., sem dró það í efa, eins og hv. 2. þm. Reykv., að fyrirhuguð breyt. á tryggingarl. mundi styrkja fjárhag sjúkrasamlaganna, gerir mjög sterkar kröfur um, að öllum hátekjumönnum verði gert sem auðveldast að tryggja sig í samlögunum. Og hv. 2. þm. Reykv. talaði jafnvel ekkert um neina hættu við það gagnvart læknum. Nú er ég alveg viss um það, þó að ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, að læknar komi fram með kröfur um hækkaðar greiðslur til sín vegna þess að fjórðungsgjaldið sé afnumið, að þá verði þær kröfur sem ekkert að meta á móts við þær, líka miklu réttlátari, kröfur um hækkun á greiðslum, ef niður verður látið falla að bægja tekjuhæstu mönnunum frá að verða hluttækir meðlimir í sjúkrasamlögunum.

Það á sér fordæmi annarsstaðar, að tekjuhæstu menn hafi ekki aðgang að hlunnindum almennra trygginga, þó að þeir greiði til þeirra. Í Danmörku, sem er eitt hið mesta tryggingarland, eru þeim ekki heimiluð hlunnindi, sem hafa fyrir ofan visst hámark tekna, og að vísu er þetta gert aðallega, ef ekki eingöngu, með tilliti til læknanna. Því að ef læknar gætu

ekki búizt við að fá vel borgaða vinnu hjá tekjuhæsta fólkinu, mundu þeir gera miklu hærri kröfur um greiðslur hjá tryggingunum í staðinn. Hið sama mundi áreiðanlega verða reyndin hér. Þess vegna álít ég vel farið, að það sé aðeins gert heimilt sjúkrasamlögum að veita slíku fólki fullan tryggingarrétt gegn auknu gjaldi, enda því ekki heldur skilyrðislaust gert að skyldu að tryggja sér slík hlunnindi. Ég býst við, að mörgum samlagsstjórnum verði fyrir að skoða huga sinn vel um, hvort fara eigi inn á þá braut, að hið tekjuhæsta fólk fái að tryggja sér hlunnindi, og að þeim gefist einmitt sérstakt tilefni til þess, þegar farið verður að semja við læknana.

Bæði hv. frsm. minni hl. og hv. 2. þm. Reykv, töluðu mikið um, að með þessum breyt. ætti að svipta bæjar- og sveitarstjórnir umráðum yfir sjúkratryggingunum. Þetta er fjarstæða. Hér er ekki farið fram á neitt annað en að tryggingastofnunin skipi formann í hverju samlagi. 4 menn mega bæjarstjórnir skipa eftir sem áður, og sveitarstjórnir 2—4. M. ö. o. bæjar- og sveitarstjórnirnar hafa eftir sem áður tögl og hagldir um þessi mál. En hver nauðsyn er til þess, að tryggingarstofnunin geti haft nokkra hlutdeild í stjórn samlaganna, má sjá af því, að ókleift hefi reynzt tryggingarstofnuninni, með einni undantekningu þó, að fá þær skýrslur. sem hún hefir krafizt af samlögunum. Það er aðeins samlagið á Ísafirði, sem hefir látið þessar skýrslur í té. Ég geri ráð fyrir, að vanræksla í þessu mundi ekki koma fyrir, ef formaður í hverju samlagi væri skipaður af tryggingarstofnun ríkisins og sjúkrasamlögin þannig vissu, að tryggingarstofnunin á slíka hlutdeild í stjórn þeirra, líka gerandi ráð fyrir því, að varla yrði sá maður skipaður af tryggingarstofnuninni í stjórn sjúkrasamlagsins, sem ekki mundi sýna tryggingarstofnuninni a. m. k. almenna kurteisi.

Hv. frsm. minni hl. hefir talað um, án þess vitanlega að meina nokkurn hlut með því, að þessi till. um formannsvalið sé á móti öllu lýðræði. Vitanlega er sjúkrasamlag Rvíkur hér fyrst og fremst haft í huga. Ég hefi margbent á það, að sjúkrasamlagið í Rvík er sjálfstæð stofnun, sem ríki og bæjarfélag eiga sömu hagsmuna að gæta við. Og það er ekki hallað á bæinn með því að láta hann velja 4 menn í stjórn samlagsins á móti því, að tryggingarstofnunin tilnefni einn.

Ég vil í þessu sambandi minna hv. frsm. minni hl. á það, er við fyrir nokkrum árum deildum fastast um það lýðræðismál hér í hv. deild, hvort kjósa skyldi alla meðlimi kjörstjórna eða einn þeirra að vera sjálfkjörinn. Um þetta fékk ég, sem talaði máli lýðræðisins, engu þokað, og það er enn blettur á kosningal., að í sumum undirkjörstjórnum og flestum yfirkjörstjórnum er formaður sjálfkjörinn, sem í mörgum tilfellum kemur í veg fyrir, að fleiri flokkar en einn geti átt fulltrúa í kjörstjórn. Þetta fór svo vegna þess, að þeir, sem synjuðu um þessa lýðræðiskröfu, aðallega hv. sjálfstæðismenn, bjuggust við að sýslumenn og hreppstjórar í landinu, sem fengu hin sjálfkjörnu sæti í kjörstjórnunum, væru oftar en hitt þeim hlynntir. Nú er svo komið, að sumir sjálfstæðismenn eru farnir að kvarta undan þessu ákvæði kosningal., sem sé á þeim stöðum, þar sem hallar á þá, og mun litlu muna, að þeir fari nú að tala um það hér á hv. Alþingi, að betur þurfi að sinna lýðræðinu í vali kjörstjórna.

Þessi hv. þm. og málsvari lýðræðisins hefir líka nýlega rétt mér frv., sem hann ber fyrir brjósti og er um að taka bókstaflega af bæjarstjórn Reykjavíkur valdið til þess að skipa ákveðna n., sem hér hefir starfað á vegum bæjarins lengst allra n., sem sé byggingarn. Rvíkur. Þetta er eitt hið mesta vantraust, sem hægt er að sýna Reykjavíkurbæ. Hv. frsm. minni hl. hefir lagt að mér að gerast meðflm. að þessu frv. Hv. þm. telur þetta ekki brot á lýðræðinu, sem liggur í hinum sérstaka skilningi hans á lýðræði. Hann álítur sem sé, að þó að þessi völd verði tekin af bæjarstj. Rvíkur, þá séu þau ekki þar með tekin af Sjálfstfl.

Þá vil ég víkja örlítið nánar heldur en ég gerði í fyrradag að þeim brtt., sem hv. 5. þm. Reykv. flytur á þskj. 248. Ég var svo varkár að geta þess til, að meiri hl. þessara till. væri byggður á misskilningi. En ég var svo varkár að vilja ekki fullyrða neitt um það, fyrr en ég hefði heyrt ræðu hv. flm. Nú, eftir að ég hefi heyrt ræðu hans, hefi ég sannfærzt um, að þessa var rétt til getið. Ég held, að brtt. hans séu undantekningarlaust byggðar á misskilningi, þannig, að ef þessi hv. þm. hefði haft samvizkusemi til að setja sig inn í frv., eða ef honum hefði reynzt það um megn, þá leitað sér nauðsynlegra upplýsinga þar, sem þær er að fá, og þar sem þær eru veittar af fúsu geði, þá hefði hann komizt að því rétta í þessu efni og ekki flutt þessar till. Ég er t. d. manna fúsastur og þolinmóðastur við að koma mönnum í skilning um það, sem ég skil, en þeir ekki skilja. Hv. 5. þm. Reykv. hefði líka getað snúið sér til tryggingarstofnunar ríkisins, sem hefði getað komið honum í réttan skilning um þetta á stuttum tíma. Skal ég nefna t. d. 1. brtt. á þskj. 248, sem er um að niður falli úr 4. gr. frv. þessi málsgr. (með leyfi hæstv. forseta): „Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára".

En þá stendur áfram þessi málsgr. í núgildandi l.: „Barn, sem ekki er svo ástatt um, sem í 2. lið segir„ (þ. e. barn, sem ekki er á framfæri eftirlifandi foreldris) „hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára".

Nú spyr ég hv. þm.: Hverju hyggst hann að breyta með þessari till.? Hann breytir ekki neinu. Ef hann hefði farið til tryggingarstofnunar ríkisins, þá hefði hann komizt í allan sannleikann um, að þessi 3. liður 11. gr. tryggingarl. hefir verið framkvæmdur nákvæml. á þann hátt, sem í frv. er farið fram á að hann hljóði, og þeim, sem um þetta hafa átt að fjalla, hefir ekki hugsazt, að hægt væri að framkvæma þetta ákvæði öðruvísi. Og áreiðanlega myndi þessi hv. þm., sem vissul. gengur ekki annað en gott til með brtt. sínum, framkvæma þetta ná-

kvæmlega á sama hátt og tryggingarstofnun ríkisins gerir.

Ef fátæk hjón eiga tvö börn. Annað barnið er tekið af þeim af ríku fólki til eignar og uppfósturs, hitt er alið upp í fátækt heima hjá foreldrum sínum. Nú deyr faðir barnsins og konan er eftir skilin með þetta barn. Hún á meira en fullt í fangi með að ala önn fyrir því. Meinar nú hv. 5. þm. Reykv., að það barn, sem tekið hefir verið af ríka fólkinu og var ekki á framfæri hins látna, eigi að fá 200 kr., en barnið, sem var hjá ekkjunni, aðeins 100 kr.? Meinar hann það? Ég veit, að hann meinar það ekki. En ef hann með brtt. sinni vill breyta einhverju um framkvæmd 3. liðs 11. gr. alþýðutryggingal., sem farið er fram á að lögfesta með því orðalagi, sem í frv. segir, þá getur naumast verið um aðra breyt. að ræða en þessa.

Líkt er að segja um það, hvernig hann hefir skilið 9. gr. frv., þar sem um ákvæði um sjúkratryggingu gamals fólks er að ræða. Ég tók það fram á laugardaginn (11. des.) að sú brtt., sem meiri hl. n. flytur við þá gr., breytir efni gr. ekki að neinu leyti, og geta menn sannfærzt um það við athugun frv. og brtt.

Þá er komið að því, sem virðist hafa verið allra þungskildast fyrir hv. 5. þm. Reykv., og líklega fullkomin ofraun. Það er 36 gr. frv. Ég hafði fyrir því sem sjálfboðaliði, utan fundar, að reyna að koma þessum hv. þm. í skilning um þetta atriði. Ég er ekki viss um, að mér hafi tekizt það. Nú er ekki hægt að afsaka þetta skilningsleysi með því, að þetta sé í sjálfu sér þungskilið. Að vísu er engin leið að skilja þessi ákvæði frv., ef núgildandi l. eru ekki lesin jafnhliða. En sé það gert, er þrautin leyst. Það standa sem sé margar gr. eftir í núgildandi l. um alþýðutryggingar, þó að þetta frv. verði samþ., og verður að líta á allt í heild. Að öðru leyti er allur galdurinn við að skilja ákvæði 36. gr. frv. og sérstaklega hámarksákvæði hennar, fólginn í því að hafa það hugfast, að hér er ekki verið að tala um öll ellilaun og örorkubætur, sem ekki á eingöngu að veita af því fé, sem lífeyrissjóður leggur fram, heldur einnig af því fé, sem bæjar- og sveitarsjóðir verja í því skyni. Þessi ákvæði eru í tveim liðum í frvgr.: Fyrri tölul. fjallar um það, sem bæjar -og sveitarstjórnum verður árlega greitt úr lífeyrissjóði til úthlutunar heima í héruðunum. En það eru vextir af ellistyrktarsjóðunum og 100 þús. kr. viðbót, sem greidd er með því skilyrði, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarsjóður leggi fram jafna upphæð á móti og hann fær í sinn hluta. Þá eru bæjar- og sveitarstj. settar reglur um það, hvernig þær skuli úthluta þessu fé á meðal gamalmennanna og hvaða flokkur gamalmenna skuli njóta þess.

Seinni liðurinn fjallar aftur á móti um þann hluta framlags lífeyrissjóðs, sem veittur er á móti því, er bæjar- og sveitarsjóðir hafa á árinu þegar úthlutað til ellilauna og örorkubóta. Þessum hluta framlagsins skiptir lífeyrissjóður á milli gamalmennanna og öryrkjanna og greiðir hverjum einstökum allt að því til jafns við það, sem bæjar- og sveitarsjóðir hafa úthlutað honum af sínu framlagi. Það hámark, sem um ræðir í þessum tölul. gr. og suma hefir villt, á aðeins við framlagshluta lífeyrissjóðs sjálfs, en ekki við hluta bæjar- eða sveitarfélagsins, sem engin takmörk eru sett, heldur miklu fremur ýtt undir, að verði sem hæstur. Upphaflega stóð í þessum tölulið, að hámarkið skyldi m. a. vera hálfur áætlaður ellilífeyrir. Tryggingarstofnun ríkisins, sem upphaflega orðaði þessa gr., hafði óskað eftir, að þetta ákvæði yrði tekið út og frvgr. eins og hún er nú. Ég sagði í gær, að þetta myndi hafa verið prentvilla. En starfsmenn tryggingarstofnunarinnar hafa beðið mig að leiðrétta það, að svo hafi ekki verið. Að vísu hafi verið um óþarft ákvæði að ræða, þar sem hitt hámarksákvæðið hefði nægt, en alls ekki um hugsunarvillu. Þetta mundi ekki heldur hafa takmarkað heildarupphæð ellilaunanna, því að bæjar- og sveitarfélögin máttu án tillits til þess, jafnt og að því slepptu, leggja svo mikið fram í þessu skyni úr sínum sjóðum og greiða hverjum einstökum sem þau vildu. Þau gátu aðeins ekki fengið framlag úr lífeyrissjóði á móti, nema að vissu marki.

Ég get ekki verið að eyða tíma í að endurtaka þetta frekar. Ef hv. flm. brtt. á þskj. 248 skilja þetta ekki enn, er ég boðinn og búinn til þess að hjálpa þeim enn betur. Það er vissulega engin frágangssök að skilja þetta, ef menn taka málið réttum tökum og vaða ekki á einhverju hundavaði. Og ég er sannfærður um, að ef hv. 5. þm. Reykv. hirðir um að setja sig inn í þetta og tekst að skilja til hlítar, þá muni hann ekki óska eftir að hafa þessi ákvæði öðruvísi, nema ef hann kynni að óska þess, að miklu meira fé væri hægt að leggja fram til þessara ellilauna, og það mundu fleiri kjósa.

Mér virtist ræða hv. 5. þm. Reykv. bera vott um heldur lítinn skilning á málum og vera grautarkennd. Hann talaði um það, sem vel má til sanns vegar færa, að nokkuð stórt spor hefði verið stigið í einu með því að rétta að almenningi þessar tryggingar. Fólk hefði verið óvant slíkum tryggingum, sem er alveg rétt, því að tæp 5% af Íslendingum voru í sjúkrasamlögum áður en alþýðutryggingal. komu til, og er afarmikill munur á því og þegar tryggingarl. í Danmörku voru sett. Þar voru þá 60—70% þjóðarinnar í frjálsri tryggingu. Það er alveg rétt, hér var mikið rétt að fólkinu, og ekki nema eðlilegt, að það ætti bágt með að átta sig á. En hversu gott mál þetta er, verður e. t. v. bezt séð af því, að á þessum stutta tíma, sem tryggingarnar hafa staðið, hafa þær náð mikilli hylli, jafnvel svo mikilli, að hjöfuðfjandmenn þeirra, sjálfstæðismenn, tala nú með mikilli virðingu um þær, og myndi enginn þeirra leyfa sér nú að tala þannig um opinberar tryggingar sem aðalmenn þeirra leyfðu sér að gera fyrir örfáum árum. Er sízt að undra, þó að gamalt fólk eigi bágt með að skilja þess nýbreytni og vilji helzt vera sjálfrátt um það, hvort það tryggir sig eða ekki. Annað mál er það, að við álítum, að einnig því sé betra að tryggja sig heldur en að láta það ógert. En rökrétt ályktun af þessum hugleiðingum hv. þm. væri sú, þar sem hann álítur sporið hafa verið of stórt í upphafi, að þá ætti nú að nema staðar um sinn og treysta

hag tryggingarnna sem bezt í því formi, sem þær eru. Og jafnvel væri ekki tiltökumál, þó að einhverju leyti væri hopað til baka til að búa sig því betur undir næsta skref. Nei, svo rökrétt er ekki hugsað! Þegar eitthvert spor hefir verið stigið glannalega stórt, þá á að stíga enn stærra spor. Öll ræða hv. þm. gekk út á það, að misfellurnar mætti laga með því að gera tryggingarnar ennþá víðtækari og kostnaðarsamari. Og þó að sjúkrasamlögunum sé yfirleitt þannig stjórnað, að þau séu í voða með það litla, sem þau hafa nú um að sýsla, þá eigi bara að fela þessum sömu stjórnum að reka öll sjúkrahús, allar lyfjabúðir í landinu o. s. frv. Ég geri ráð fyrir, að við lifum það e. t. v. að stíga spor í þessa átt. En ég ætla, að sá maður, sem gagnrýnir alþýðutryggingarnar á þeim grundvelli, að með þeim hafi verið of glæfralegt spor stigið, eigi ekki að ráða til að stíga ennþá glæfralegra spor til viðbótar þegar á næsta ári. Til marks um það, hve óljóst er hugsað af þessum hv. þm. og ýmsum öðrum, er það, að þegar þeir ræða um alþýðutryggingarnar, gera þeir engan mun á þrennskonar löggjöf: tryggingarlöggjöf, framfærslulöggjöf og skattalöggjöf. Þeir vilja hræra þessu skilst mér í einn graut og gera tryggingarlöggjöfina ekki einungis tryggingarlöggjöf, heldur jafnframt skattalöggjöf og framfærslulöggjöf. Nú hefi ég fyrir mitt leyti sízt á móti því, að tryggingarlögin séu gerð enn meiri tryggingarlög en þau eru. En ég vil, að það sé umfram allt tryggingarlög. Og fjarri sé mér að hafa á móti því að skatta þyngst þá, sem breiðust hafa bökin til að bera skattana. En ég vil helzt ekki setja ákvæði um slíkt í tryggingarlög, heldur í skattalög. Þá hefi ég síður en svo á móti því, að lagðar verði enn þyngri byrðar á þá, sem geta borið þær, til þess að sjá þeim farborða, sem ekki geta séð fyrir sér sjálfir. En ég vil ekki setja það í tryggingarl., heldur í framfærslul., þar sem slíkt á heima. Ef menn meina nokkuð með því varafleipri, að tryggingarl. eigi að verða vinsæl, þá ætla ég, að ráðið sé að láta þau umfram allt vera sem allra mest tryggingarl. Og ef nokkuð er sérstaklega hættulegt fyrir vinsældir tryggingarlaga, þá er það áreiðanlega það, að breyta þeim í skattalög.

*Jakob Möller: Sumir menn eru svo gerðir, að þeir eru ákaflega útausandi á það, sem þeir eiga ekki til. Og mér skilst, að hv. frsm. meiri hl. n. sé einn af þeim mönnum, og vissi ég það raunar áður um þann flokk manna. Hv. þm. hélt nú víst, að það, sem hann var mest útausandi á í sinni ræðu nú, það ætti hann í ríkum mæli, en það er skilningur á því, sem hann fer með. En það brestur mjög á, að hann skilji og viti yfirleitt, hvað hann er að tala um. Hv. frsm. bauð hv. 5. þm. Reykv., að ef hann vildi koma til sín í einrúmi, þá myndi hann leiða hann í réttan skilning á öllum þessum hlutum, en mjög vantreysti ég honum í því efni. En það virðist bresta mjög á, að hann þekki þessi l. og þetta frv., og er það hastarlegt um mann, sem ekki aðeins er flm. að frv., heldur hefir líka haft það til meðferðar sem nefndarformaður og frsm., að verða uppvís að því að vita ekki, hvað er í frv., og túlka það á annan veg en efni standa til. En það er ekki aðeins á þessu frv. og l., sem hv. þm. brestur allan skilning, heldur líka á hinu, hvað tryggingar eru og þeirra ætlunarverk. Svo setur hann sig á háan hest og þykist fara að kenna hv. 5. þm. Reykv. til dæmis; og mér vildi hann gera upp skoðun og tilgang, sem ég ekki á neinn hátt kannast við. Hann sagði, að mín rök væru mjög í aðra átt en niðurstaðan hefði verið, sem sé, að ég hefði leitt rök að því, að bráð nauðsyn bæri til að breyta l., og tók sérstaklega til ákvæðin að því er snertir framkvæmd sjúkratrygginga gagnvart langvarandi sjúkdómum. Hann bar það fyrir sig, að fjmrh. mundi ekki sætta sig við framvegis, að lögin yrðu framkvæmd eins og gert hefir verið. Nú veit ég, að framkvæmd á sjúkratryggingum hefir að þessu leyti verið framkvæmd í fullu samræmi við tryggingarstofnunina og ráðh. Ég skal ekki fullyrða, að það hafi verið í samráði við fjmrh., en ég veit, að það var í fullu samráði við ráðh., sem tryggingarmálunum stjórnar. Og þá þykir mér furðulegt, ef ríkisstj. hefir breytt um afstöðu nú, að því er snertir ríkisframfærslu þeirra sjúklinga, sem hér eiga hlut að máli, sem eru aðallega berklasjúklingar og geðveikissjúklingar, þannig að ef þeir yrðu ekki verndaðir með lagasetningu, mætti óttast, að breytt yrði frá því, sem verið hefir. Ég mótmæli því, að nokkur hætta sé á slíkum hringlandaskap.

Fljótfærni og flumbruskapur hv. frsm. kemur átakanlega fram í ummælum hans yfirleitt um breyt. á þessari lagasetningu, sem hann telur mikinn létti að, án þess að hann líti á það, hvernig framkvæmdin hefir verið hingað til. Hann kvað mikinn létti að því, að framvegis yrði enginn tekinn í sjúkratryggingu nema fyrir lægi læknisvottorð, og svo að ég lesi ofurlítið í málið fyrir honum, hefir hann meint, að enginn yrði tekinn í samlagið, sem haldinn er af langvarandi sjúkdómi, skv. 9. gr. frv. En gallinn á þessu er bara sá, að hann hefir ekki lesið 9. gr. til enda, þó að hann sé flm. og hafi haft málið til meðferðar og sé formaður og frsm. málsins frá n. hér í deildinni. Því að það fer svo fjarri, að þeir séu ekki tryggingarskyldir og hafi ekki rétt. Það eru aðeins langvarandi sjúkdómar, sem um er að ræða, að þeir geti ekki tryggt sig gegn. En það er ekki heldur eins og nú er. Og þá verður léttirinn enginn, samkv. því, sem lögin eru nú framkvæmd. Get ég þar um vísað til grg., sem ég veit, að á að vera lagasetning, eða svo ætlast þeir til. Þar er þetta skýrt nánar og tekið fram, að þetta gildi alveg sérstaklega um þá sjúkdóma, sem ríkið eigi að standa straum af kostnaði við, að sjúklingar séu ekki tryggðir gagnvart þeim, en öllum öðrum. M. ö. o., þetta er óbreytt í framkvæmdinni frá því, sem verið hefir, þó að þessi lög verði sett.

Hv. þm. kann að hafa lesið frv., en hann hefir farið á hundavaði yfir lögin, því að hann sagði, að samningar sjúkrasamlagsins við læknana og sjúkrahúsin þyrftu ekkert að koma tryggingarstofnuninni við; það væri fyrst nú í þessu frv., sem liggur fyrir, sem ráðstafanir væru gerðar til

þess, að tryggingarstofnanir hefðu nokkur afskipti af slíkum samningum, nema aðeins væri heimilað í lögum, að tryggingarstofnanir semdu fyrir sjúkrasamlög. Ég skal lesa upp 29. gr. tryggingarl. fyrir hv. þm. 2. málsgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sjúkrasamlögin lúta öll yfirstjórn tryggingarstofnunar ríkisins". Hvað er sú yfirstjórn? Hvað heldur þm., að hún hafi að þýða, ef ekki það, að tryggingarstofnunin getur tekið fram fyrir hendurnar á sjúkrasamlögunum, ef tilefni er vegna samninga þeirra við lækna og sjúkrahús, og skorizt í leikinn og ónýtt slíka samninga? Það er beinlínis lagt fyrir hér í Reykjavík a. m. k. að senda þá samninga til tryggingarstofnunarinnar til að fá staðfestingu á þeim. Þetta er líka alveg sjálfsögð afleiðing af því ákvæði, að tryggingarstofnunin hefir yfirstjórn samlaganna.

Hv. þm. lá nokkuð mikið á að koma því inn hjá mönnum, að stj. sjúkrasamlags Reykjavíkur væri óholl tryggingunum og bæri einhverja aðara hagsmuni fyrir brjósti en hagsmuni tryggjinganna. Þetta á náttúrlega að vera til að réttlæta það, að honum og hans flokki er svo mikið áhugamál að ná yfirráðum yfir sjúkrasamlagi Reykjavíkur úr höndum þess meiri hl., sem hún er í nú, — meiri hl., sem ég skal taka fram, að hefir unnið í fullkominni samvinnu við minni hl., af því að sá minni hl., sem er í stjórn sjúkrasamlagsins, lítur nákvæmlega sömu augum á, hvernig beri að framkvæma lögin eins og meiri hl. gerir. Þar greinir ekkert á. Fyrir þeim vakir hvorutveggja, að meðlimir geti haft tryggjinganna sem mest not og að rekstur tryggjinganna sé fullkomlega tryggur. Og þetta samstarf hefir leitt til þess, að sjúkrasamlag Reykjavíkur er eina samlagið á landinu, sem stendur virkilega tryggum fótum. Ég veit ekki, hvort það er þetta, sem hv. frsm. og flokksmenn hans sjá ofsjónum yfir og vilja ekki láta standa til frambúðar. En ég er viss um það, að ef litið er á þessa breyt. eins og hv. frsm. gerir, að hennar vegna megi lækka iðgjöldin stórkostlega, þá verður sjúkrasamlagið komið á hausinn innan skamms tíma, — og kynni það að vera höfuðtilgangurinn. Því að hann og hans flokksmenn hafa verið með alþýðutryggingarmálunum í því skyni að slá flokki sínum upp og uppskera pólitiskan hagnað, en minna hugsað um hitt, hvað er framkvæmanlegt. Þess vegna var líka mjög mikil andstaða gegn því, að iðgjöld væru sett eins há í sjúkrasamlagi Reykjavíkur eins og gert var. En samlagið naut þess m. a., að flokksmenn þessa hv. þm., sem sæti áttu í stj. sjúkrasamlagsins, voru alveg sammála öðrum meðlimum stj. um það, hvað gera yrði til þess að tryggja afkomuna.

Það, að ég vakti athygli á þeim vandkvæðum, sem ég tel á því að létta alveg greiðslum af sjúklingum til lækna, var nú kærkomið tilefni fyrir hv. frsm. til að reyna að sannfæra menn um, hvað óhollur ég væri tryggingunum og þeirra tilgangi. En þetta sýnir eitt m. a., hversu óskiljanlega skammsýnn og þröngsýnn þessi hv. þm. er í þessu máli. Hann ætti að vita það, að svið tryggjinganna er ekki svo vítt, að það vantar stórkostlega mikið á, að þær geti tekið á sig alla þá hjálp, sem æskilegt væri. En það er hægt að bæta þetta nokkuð upp með því að veita þeim víðtækari tryggingar en verið hefir. Það eru vissir sjúkdómar, sem meðlimum er engin hjálp veitt til að standast kostnað af, og njóta þeir sjúklingar sama sem einskis góðs af tryggingunum. Væri ekki sanngjarnara að gera þeim mönnum, sem njóta almennt hjálpar, að greiða eitthvað af þeirri hjálp, til þess að ennþá fleiri geti notið einhverrar fjárhagslegrar hjálpar við því, sem þá þjakar? Á það ekki að vera tilgangurinn að færa tryggingarnar inn á sem víðast svið, til þess að sem allra flestir geti orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag getur veitt?

Þessi hv. þm. er nú í óþægilegri mótsögn við sjálfan sig í þessu sambandi. Hann hefir borið fram frv. um ríkisframfærslu sjúkra og örkumla, þar sem — þó undarlegt sé — sjúklingum er gert að greiða nokkurn hluta framfærslukostnaðar. Þar er aðeins undanskilinn viss fjöldi, sem á að fara eftir mati, þeir, sem talið er að geti staðið straum af sínum sjúkdómum sjálfir. (VJ: Hver bar það fram?). Alþfl. bar það fram; þessi hv. þm. átti víst ekki sæti á þingi þá. En ég geri þó ráð fyrir, að hann hafi ekki lítið verið við riðinn samningu frv., og sennilega grg. líka. Í þeim tryggingum skulu allir, þó að þeir eigi ekki neitt, greiða einn fimmta kostnaðar. Og hvers vegna? Jú það er sagt í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Þetta verður nokkur trygging gegn misnotkun". Og ef þarf nú að tryggja gegn misnotkun í þessu sambandi, að sjúklingar leggist í opinber sjúkrahús undir læknishendi, við hverju má þá búast um misnotkun í sambandi við ánauð á læknum í almennum sjúkratryggingum? En það er einmitt þessi misnotkun, sem hætt er við, m. a. vegna þess, hve tryggingarnar er nýjar hér. Hv. þm. lagði mikla áherzlu á, að t. d. á Norðurlöndum væri ekkert fjórðapartsgjald til lækna. En þess er bara að gæta, að þar er tryggingarkerfið orðið tuga ára gamalt og fólk vant tryggingum og vant því að nota þær hóflega. Og það er ekki af því, að ég dragi taum læknanna, heldur af því, að ég óttast, að tryggingunum verði íþyngt með því að létta gjaldinu af, með því að þá náist verri samningar við lækna. Þetta geri ég mér ljóst, þó að þessi hv. þm. loki augunum fyrir því. Hann segist óhræddur vilja standa í samningum við læknana. Mér er kunnugt, að honum er ekkert á móti skapi að standa nokkuð fjandsamlega gagnvart þessum „kollegum" sínum, og hefir hann sýnt það fyrr. En það skiptir engu í þessu sambandi, hvað getur verið honum til skemmtunar eða ekki. Það, sem skiptir máli, er, hvernig þetta kemur við tryggingarnar. Og ég hefi leitt rök að því, að eðlilegt er, að þetta verði til þess, að krafa lækna komi fram um það, að gjald af hálfu sjúkrasamlagsins verði fært upp, og þannig verði samlögunum íþyngt. Að vísu njóta þeir tryggðu þessa, en á kostnað þeirra, sem ættu að fá tryggingu, en ekki er hægt nú, vegna þess að ástæður ekki leyfa. Ég held fram, að það væri miklu nær að færa út verksviðið og veita heldur sjúklingum í fleiri tilfellum aðstöðu

til að fá nokkurn hluta greiddan af sínum sjúkrakostnaði.

Hvers vegna er það, að samlögum er gert að greiða aðeins hluta af læknislyfjum? Er það ekki að sjálfsögðu til að vera hemill á óþarfa eyðslu? Ég held, að hv. frsm. hafi viðurkennt það berum orðum. Hver er þá munurinn á þessu tvennu? Munurinn er sá einn, að sá sjúklingur, sem kemur með meðalaávísun frá lækni, hefir nokkurt sönnunargagn fyrir því, að hann hafi þurft á lækni að halda og aðstoð sjúkrasamlags. En sjúklingar, sem fara til læknis og kvabba án þess að læknir sjái nokkra ástæðu til að gera neitt, sýna engin skilríki fyrir því, að þeir hafi til læknis að fara. En er hægt að gera ráð fyrir, að læknar sætti sig við slíka misnotkun, sem gengur eingöngu út yfir þá? Hv. frsm. hefir svarað því með ákvæðum 16. gr. um það, að ef ekki náist samningar, þá skuli setja reglur um, að greiða verði aðeins nokkurn hluta læknishjálparinnar. M. ö. o., hann kemur tryggingunum alveg út á kviksyndi, þannig að maður getur ekkert vitað, hvernig þær koma til með að standa. Ég held fram, að það væri að leita fyrst samninga, áður en lagt er út í þessa hættu, sérstaklega vegna þess, að það sem vantar á, að sjúklingar fái sjúkrahjálp, er hægt að bæta þeim upp á öðrum sviðum, með því að veita þeim frekari og víðtækari hlunnindi gagnvart sjúkdómum, sem nú er sjúkrasamlaginu ekki fært fjárhagslega.

Hv. þm. sagði, að mjög væri áberandi, að stjórn sjúkrasamlagsins hefði dregið taum læknanna í samningum við læknafélagið. Ég lýsi þetta alveg tilhæfulausan uppspuna, sem hv. getur ekki heldur fært nokkur rök fyrir. Ég vildi út af þessu öllu saman spyrja hv. frsm. að því — af því að mér heyrðist hann vera svo fús að miðla mönnum af sinni ríku skilningsgáfu —, á hverju það byggist, sem ákveðið er í 9. gr., þar sem sett eru ákveðin skilyrði fyrir því, að menn geti verið tryggingarhæfir. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára og búsettur á samlagssvæðinu eða stundar þar atvinnu lengur en 6 mánuði, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn af alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð". Mér nægir að spyrja hv. frsm. að því, hvort sama nái yfir í báðum tilfellum. (VJ: Já). Mér er það ekki ljóst, hvers vegna þessi munur var gerður á upphaflega. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í einstök atriði frv. Það er að vísu einnig atriði í þessari sömu gr. um það, að tryggingarskyldan er þar færð yfir á ekki aðeins þá, sem búsettir eru á tryggingarsvæðinu, heldur líka þá, sem stunda þar atvinnu a. m. k. 6 mánuði. Ég sé ekki, að þetta sé til bóta, og mætti þarna láta nægja að hafa rétt til tryggingar þessum mönnum. Það er vitanlega ómögulegt að framkvæma þetta. Svo er það annað, sem ber að athuga í þessu sambandi, og það er, að ef til vill er sjúkratryggingunum með þessu stefnt í hættu vegna þess að fólk, sem veit sig haldið af einhverjum sjúkdómi, getur þá auðveldlega safnað sér upp biðtíma annarsstaðar en það á heima, og svo ef eitthvað bjátar á, þá getur það komið og heimtað sjúkrastyrk. Þetta er ekki alveg út í bláinn sagt, því að þess eru dæmi, að einstaklingar hafa reynt að koma sér í hlunnindi hjá sjúkrasamlögunum, og þarna er heldur greitt fyrir þeim möguleika. — Ég verð svo að láta þetta nægja að þessu sinni.

*Einar Olgeirsson: Ég ber mikla virðingu fyrir rökvísi hv. frsm., þm. N.-Ísf., og mér þykir vænt um að heyra, að hann gerir það sömuleiðis sjálfur. En ég vildi óska, að hann vildi beita þessu betur en hann gerði, þegar hann var að tala um brtt., sem við kommúnistar berum fram hér við þetta frv. Viðvíkjandi dánarbótum til barna er það að segja, að samkv. l. á barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, rétt á að fá í dánarbætur 100 kr. fyrir hvert ár, sem það á eftir til að verða 16 ára. Í annan stað er það svo tekið fram, að barn, sem ekki sé þannig ástatt um, skuli fá 200 kr. Nú vildi hv. frsm. láta breyta þessu í þá átt, að til þess að öðlast þennan rétt þyrfti barn ekki aðeins að missa báða foreldra sína, heldur þarf það að hafa verið á framfæri hinna látnu eða annars þeirra. Hv. frsm. tók dæmi, að nú gæti svo verið og það væri oft svo, að barn væri tekið af fátækum foreldrum til ríkra fósturforeldra. Í þessu sambandi spurði hv. þm.: Er þetta barn, sem hefir verið tekið til ríkra fósturforeldra, rétthærra heldur en barn, sem er á framfæri fátækrar ekkju? Ég vil nú segja þessum hv. þm. það, að það er ekki síður algengt, að fátæka fólkið hjálpi hvort öðru heldur en þeir ríku. Það er ekki óalgengara, að fátæk verkamannahjón taki fósturbörn en rík hjón. Og það er þá ekki rétt, að barn, sem er á framfæri fátækra fósturforeldra, fái samt sem áður þessar 200 kr.? Það er eins og venjulega, að þegar þessir háu herrar eru að setja l., þá eru þau miðuð við þá ríku, en ekki þá fátæku.

Viðvíkjandi 9. gr. skal ég játa það, að ég hefi farið of sterkum orðum um breyt. n. á henni, þar sem ég sagði, að hún væri heldur til bóta. Ég sé það núna, að hún er alveg jafnslæm.

Þá talaði hv. frsm. mikið um aðalgr., sem rifizt er um, en það er 80. gr. Hann talaði mikið um það, hver ofraun það væri að fá okkur til að skilja. Ég verð að segja það, að það er undarlegur misskilningur hjá hv. þm. í sambandi við þessa gr. Það, sem ég sagði, var það, að það væri ómögulegt að skilja gr. öðruvísi en við skildum hana. Blað þessa hv. þm. hefir verið að halda fram allt öðrum skilningi á þessari gr. En ég verð nú að segja það, að mér finnst, að hv. þm. N.-Ísf. farist ekki að tala með slíkum gorgeir um þessa gr., þar sem allt bendir til, að hann hafi alls ekki skilið hana sjálfur.

Þá kemur hv. þm. að því, sem var aðalatriðið, þar sem hann er að tala um, hvað það sé furðuleg aðferð, sem við kommúnistar viljum beita við þetta mál. Við viljum stíga eitt stórt spor til þess að gera tryggingarnar fullkomnar, um leið og við finnum að því, að fólkið hafi

ekki verið nægilega undirbúið undir að taka á móti tryggingunum. En nú talar þessi hv. þm. um það eins og eitthvert glæfraspor, sem við viljum stíga í þessu máli. Ég verð að segja það, að ég vil bara reyna að hressa upp á kjarkinn hjá hv. þm., það dugir ekki að missa nú kjarkinn, þó að einhverjir erfiðleikar komi fram. Það eru engar líkur til, að fólkið sé verr undir það búið núna að stíga stór spor heldur en þegar l. voru sett. Það spor, sem knýjandi nauðsyn er á, að verði stigið viðvíkjandi 16. gr., er það, að hið opinbera reki sjúkrahúsin, en að þau séu ekki í höndum einstaklinga. Þetta höfum við kommúnistar hvað eftir annað bent á. Það liggur í loftinu hjá öllum, sem vilja, að haldið sé áfram á þeirri braut, sem gengið var inn á með setningu l. um alþýðutryggingar, að þessi stóru spor séu stigin. Það eru engin glæfraspor. Ég hefi orðið var við það hjá þessum hv. þm., að hann hefir sterka tilhneigingu til að virða að vettugi samtök fólksins og fara sínar eigin götur. En fólkið vill, að haldið sé þarna áfram.

Hv. þm. talaði um, að við kommúnistar rugluðum saman alþýðutryggingum og framfærslu. Þess vegna segir hann, að okkar till. séu vitlausar og að till., sem fram koma til að tryggja framfærslu, eigi ekki heima í tryggingarlögunum, heldur framfærslulögunum. Flm. lítur skakkt á þetta mál. Þessar tryggingar, sem hér er um að ræða, eru fyrir alþýðuna. Það eru ekki venjulegar vátryggingar. Og það er óhjákvæmilegt, að þær fari nærri löggjöf eins og t. d. framfærslulöggjöfinni. Ég veit ekki betur en við viljum stefna að því, að þessar tryggingar komi í staðinn fyrir framfærslulöggjöf. Við kommúnistar viljum, að það sé beitt stighækkandi gjöldum. Hv. frsm. álítur, að stighækkandi gjöld eigi ekki heima í tryggingarlöggjöf, heldur skattalöggjöf. En verkalýðurinn yfirleitt og Alþfl. raunar líka er með stighækkandi gjöldum. Skal því til sönnunar vitna í samþykktir, sem gerðar voru á fjölmennum fundi í fulltrúaráði verkalýðsfélaganna. Fulltrúaráðið samþ. ályktun þess efnis, að það vildi hafa mismunandi iðgjöld eftir efnahag manna. Viðvíkjandi því, sem flm. var að segja, að við blönduðum saman tryggingum og framfærslu, þá skal ég benda honum á það, að í sjálfum l. um elli- og örorkutryggingar er tekið fram, að ellilaunin skuli vera svo rífleg, að það nægi til árs framfærslu. Mér finnst yfirleitt, að það gæta nokkuð annars sjónarmiðs hjá hv. þm. N.-Ísf. en okkur kommúnistum og verkamönnum yfirleitt. Mér finnst, að hjá honum gæti mest sjónarmiðs þeirra, sem eiga fyrst og fremst að sjá um rekstur sjúkrasamlaganna, en að hann hugsi minna um hagsmuni alþýðunnar. Það er heldur enginn efi á því, að gallar þessara l., eins og þau voru upphaflega sett, stafa af þessu sama, að það hefir ekki verið tekið tillit til þeirra, sem við tryggingarnar eiga að búa. Þetta hefir m. a. valdið því, að einn aðalkafli l. er gagnslaus, en það er kaflinn um atvinnuleysistryggingarnar. Ég álít, að viðvíkjandi þeim kafla hefði Alþ. getað lært mikið á að taka tillit til þess, sem verkamenn hugsa og tala. Ég skal fúslega játa, að hv. flm. sé ákaflega gáfaður og skilningsgóður, en það er bara ekki nóg.

Að lokum vil ég segja nokkur orð viðvíkjandi 16. gr. Það koma fram í 16. gr. öryggisráðstafanir fyrir því, að sjúkrasamlögin verði ekki gjaldþrota. Þarna kemur aftur fram þetta sama, að það skiptir engu máli hjá hv. flm., þó að þeir tryggðu séu sviptir sínum réttindum, bara ef það er hægt að tryggja það, að sjúkrasamlögin sýna sinn rétta „ballans". Sem sagt, flm. vilja fara þá leið, að ef réttindin eru það mikil, að sjúkrasamlögin bera þau ekki uppi, þá séu réttindin minnkuð. En við kommúnistar viljum fara hina leiðina, að ef réttindin eru of mikil til að sjúkrasamlögin geti borið sig, þá verði að auka tekjur samlaganna. En ég veit ósköp vel, hver meiningin er hjá hv. flm. Hún er sú, að reyna að lokka bæjarstj. til að greiða heldur ellilaun en framfærslustyrk. En þetta dugir bara ekki, í fyrsta lagi vegna þess, að það er takmarkað, sem lífeyrissjóður borgar, og í öðru lagi, að það er sterk tilhneiging hjá íhaldsmeirihl. í bæjarstj. Rvíkur til að halda áfram með framfærslustyrkinn, til þess þannig í gegnum hann að geta haft yfirráð yfir gamalmennunum. Það er þess vegna ekki hægt að tryggja það, að öllum gamalmennum verði borguð ellilaun, nema að setja það beinlínis í l.

Ég ætla svo ekki að hafa mál mitt lengra, enda er komið að því, að fundartími sé á enda. [Fundarhlé.]

*Ísleifur Högnason: Það eru nú fáir í deildinni, eins og í fyrradag um þetta leyti, er fundur var settur, en ég ætla samt að taka til máls og gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv.

Ég vil fyrst minnast á brtt. okkar hv. 5. þm. Reykv. við 16. gr. frv. Hv. frsm. meiri hl. hefir ekki andmælt því, að þessi brtt. sé réttmæt. En 16. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

31. gr. laganna orðist svo: Leita skal staðfestingar Tryggingarstofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 30. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlimum samlagsins, eftir reglum, sem Tryggingarstofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 30. gr.".

Með þessu er tryggingarstofnuninni í fyrsta lagi gefið einræðisvald til að ákveða hámark þess, er greiða má til lækna og sjúkrahúsa og fyrir lyf. Nú hefir í ýmsum kaupstöðum orðið ágreiningur milli sjúkrasamlags og sjúkrahúsa um það, hvað greiða beri fyrir sjúklinga í dagpeninga. Hér í Reykjavík á bærinn ekkert sjúkrahús, og er enginn vafi á því, að til slíks ágreinings kemur einnig hér. Og ef ekki nær saman,

er tryggingarstofnuninni gefið einræðisvald til að ákveða dagpeningaupphæðina. Hver á svo að greiða mismuninn, sjúklingurinn eða framfærslusveit hans? Hugsum okkur, að maðurinn sé öreigi eða sveitarþegi. Bæjarsjóður mun þá eflaust svara kröfum um greiðslu því, að maðurinn sé tryggður, og því beri sjúkrasamlaginu að greiða upphæðina. En færist það undan, og eigi maðurinn ekki fé, hvernig fer þá, ef leggja þarf hann inn í spítala, segjum, að gera þurfi á honum holskurð? Sjúkrahúsið neitar að taka við honum, nema trygging sé sett fyrir greiðslunni, en bærinn neitar að gefa þessa tryggingu. Þetta þarf auðsjáanlega að taka til athugunar.

Það er enginn vafi á því, að með þessu ákvæði er tryggingarstofnuninni í öllu borgið, og það virðist vaka fyrir hv. meiri hl. n. að sjá borgið hagsmunum hennar, hvað sem hinum tryggðu líður. Dagpeningar í sjúkrahúsum nema venjulega 6—7 kr. á dag, en tryggingarstofnunin vill t. d. ekki greiða meira en 4—5 kr. Sjúkrasamlagið má þannig nota þessa stofnun til að raka saman peningum.

Þessi grein er til þess fallin að gera tryggingarnar enn óvinsælli en þær eru nú, og jafnvel líkleg til að eyðileggja þær að miklu leyti. Ég leyfi mér því að leggja til, að hv. d. felli 16. gr. frv.

Þá er 9. gr. frv. Í henni er svo fyrir mælt, að það, sem þar um fjallar, skuli fara eftir nánari ákvæðum í reglugerð. En það er ekki tekið fram, hver eigi að setja þá reglugerð, hvort það eigi að vera ráðuneytið eða tryggingarstofnunin. Að gefa tryggingarstofnuninni vald til þessa, væri að gera henni mögulegt að haga þessum ákvæðum svo, að margir menn yrðu undanskildir tryggingunum, sem annars ættu að njóta þeirra.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði, að við kommúnistar vildum rugla saman skattal., tryggingarl. og framfærslul., vil ég benda á, að lífeyrissjóðsgjöld eru innheimt á þann hátt, sem við höfum í Ed. lagt til, að notaður yrði við innheimtu tryggingariðgjalda. Lífeyrissjóðsgjaldið er ákveðin krónutala og 1% af skattskyldum tekjum. Þetta er því vindhögg hjá hv. flm., þar sem löggjöfin sjálf ákveður fyrirkomulag, er beinlínis blandar saman skattalöggjöf og tryggingarlöggjöf á þennan hátt.

Ég hefi ekki kynnt mér þessi l. sem skyldi, m. a. af því, að við kommúnistar eigum engan mann í n. En svipað mun vera að segja um ýmsa aðra hv. dm., og verða þeir því í ýmsu að treysta á álit samflokksmanna sinna í n. En að því er snertir brtt. þær, sem við höfum flutt, er ég ekki í vafa um, að þær eru réttmætar, enda eru gallarnir á frv. í því efni svo augljósir, að ekki verður um villzt.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Það er þýðingarlítið að ræða þetta mál nákvæmlega, þar sem svo fáir hv. þm. eru viðstaddir í d.

Ég mun ekki fara sérstaklega út í ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hv. frsm. meiri hl. hefir svarað honum fyrir hönd n., og get ég verið honum sammála að mestu leyti. Annars furðar mig, að hv. 5. þm. Reykv. skuli vera andvígur óskum okkar um, að bæjarstjórnir fái að ráða meiri hl. stjórna sjúkrasamlaga út frá þeirri röksemd hans, að eðlilegt væri, að tryggingarstofnunin hefði eftirlit með sjúkrasamlögunum. Hv. þm. sýnir hér, að hann hefir ekki kynnt sér málið nógsamlega, því að í 14. gr. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„b. Á eftir 2. málsgr. sömu gr., sem verður 1. málsgr., komi: sem hefir eftirlit með því, að sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra, og er heimilt að setja reglur þar að lútandi, þar á meðal um starfsmannahald og launagreiðslur þeirra, að fengnum tillögum hvers samlags".

Hér er tryggingarstofnuninni fengið fullt eftirlit með sjúkrasamlögum, og því er óþarfi að hafa ákvæðið um, að tryggingarstofnunin skipi einnig formenn sjúkrasamlaganna.

Hv. þm. Barð. virðist hafa fyrzt út af ummælum mínum, er ég sagði frá því, að við sjálfstæðismenn hefðum æskt þess, að tryggingarráðið yrði skipað af þingflokkunum. Ég hafði séð það í blaði flokks hans, að tryggingarráð skyldi skipað þannig, en ég hafði enga tryggingu fyrir því, að framsóknarmenn myndu standa við þetta. Það var ekki óhugsandi, að þetta færi eins og hjá hv. 1. þm. Rang., sem flutti hér um daginn frv., er hann sagði vera flutt fyrir hönd Framsfl. Og hvað er orðið um það frv.? Hví skyldi ég hafa tekið hitt loforðið alvarlegar en ástæða var til að taka þetta? Hv. þm. Barð. veit, að við sjálfstæðismenn í n. rákum sérstaklega hart eftir því, að þingflokkarnir réðu í tryggingarráðinu. Á síðasta fundi í allshn. gat ég þess, að það væri aðalskilyrði okkar, að þetta yrði svo.

Þá vildi hv. þm. gera lítið úr þeirri breyt., sem hér væri gerð á atvinnuleysistryggingunum. Við sjálfstæðismenn látum okkur þær till. litlu skipta. En framsóknarmenn höfðu um þetta atriði sterk ummæli á þingi 1935, og ég hefi gert það að gamni mínu að fletta upp í þingtíðindunum ýmsum ummælum hv. þm. Barð. um það atriði, er hér liggur fyrir. Ég hafði verið að egna hann í umr. með því, hve lítið hefði kveðið að framsóknarmönnum í þessu máli. Þá spratt hann upp og talaði um það, hve mikil áhrif framsóknarmenn hefðu á þessi mál. Þeir höfðu flutt þá brtt., að maður skyldi leita fyrir sér um atvinnu í sveit, áður en hann fengi atvinnuleysisstyrk. Í þingtíðindum, B-deild 1935, bls. 1555, standa þessi ummæli hv. þm.:

„Þá er önnur brtt. við sömu gr., að þeir, sem hafa fyrir öðrum að sjá, en býðst vinna í sveit gegn greiðslu, er nægir þeim til fulls lífsframfæris, skuli ekki hafa rétt til atvinnuleysisstyrkja". Og svo segir hann: „Ég vil taka það fram, af því ég er eini framsóknarmaðurinn í allshn., að við göngum að þessu frv. eingöngu með því skilyrði, að fallizt verði á þessar brtt.".

Þá var þetta atriði svo mikilsvert fyrir Framsfl., að það var skilyrði fyrir fylgi hans við málið í heild sinni.

Í þingtíðindum (B-deild 1935, bls. 1598) standa ennfremur þessi ummæli hv. þm.:

„Þá er það ekki rétt hjá hv. þm., að till. þær

til breytinga á frv., sem við framsóknarmenn höfum gert að skilyrði fyrir fylgi okkar við alþýðutryggingarnar, séu þýðingarlausar". Og síðan: „Það er ekki heldur lítið atriði, sem bætt verður inn í frv., að hver sá einhleypingur, sem býðst vinna í sveit eða annarsstaðar, gegn greiðslu, er nægi þeim til fulls lífsframfæris þann tíma eða hluta af þeim tíma, er gera má ráð fyrir, að hann verði atvinnulaus, skuli ekki heldur fá atvinnuleysisstyrk".

Þessar tilvitnanir sýna, hve mikla áherzlu Framsókn lagði á þetta atriði 1935, er frv. var afgr. á þingi. En nú lætur hv. þm. sem þetta sé lítið atriði og finnst hégómlegt af okkur sjálfstæðismönnum að vera að hreyfa andmælum gegn brtt. Það sýnir, eins og margt annað, hvernig sósialistar, þrátt fyrir lítinn styrk á þingi, geta teymt þennan flokk eftir geðþótta sínum.

Hv. frsm. meiri hl. lét hér af mikilli vizku og mannviti ljós sitt skína yfir þessa hv. d. Við óbreyttir þm. megum vera þakklátir fyrir fræðslu hans, sem við munum kunna að meta næstum því eins vel og hann sjálfur. Hann taldi mig hafa sagt, að ekki væri ástæða til að breyta l. um alþýðutryggingar, af því að þau hefðu verið svo illa undirbúin í upphafi. Ég tók það hinsvegar fram, að af því að l. hefðu verið illa undirbúin, væri nauðsyn á alhliða rannsókn og undirbúningi, og á því byggist okkar rökst. dagskrá. Við viljum ekki láta söguna endurtaka sig um flaustrið í þessu máli. Það er ljóst, að ef frv. á fram að ganga nú, kemur það svo seint til Ed., að útilokað er, að hún geti gert verulegar breyt. á því. Þannig var líka, þegar frv. kom þangað fyrst. En það er meðferð, sem ekki hæfir svo miklu og vandasömu máli.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ekki væri ástæða til að hafa sjálfstæðismenn með í ráðum um setningu þessarar löggjafar, því að þeir hefðu frá upphafi verið fjandmenn málsins. En hv. þm. veit þó, að í blöðum flokksins og á fundum hans hefir oft verið talað um nauðsyn tryggginganna. 1934 fluttum við nokkrir sjálfstæðismenn í Nd. þáltill. um skipun milliþn. til að rannsaka löggjöfina um fátækramál og tryggingar. Ég var þá frsm. og tók það fram, að þál. bæri að skoða sem tilboð sjálfstæðismanna um samvinnu í þeim málum. Af því að þessi hv. þm. er svo ókunnugur þessu máli, þá vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur ummæli, sem ég hafði um þetta mál. Þar kemur einmitt greinilega fram, að við vorum fúsir til samvinnu um afgreiðslu þessa máls og undirbúning. Þar segir svo.:

„Mér er það ljóst, að núverandi stjfl. ætla sér að endurbæta þessa löggjöf. Þessi till., sem við sjálfstæðismenn berum hér fram, má því skoðast sem tilboð frá okkar hendi til þess að leggja drög að þeirri löggjöf, ef það gæti orðið til þess að flýta fyrir þessu máli síðar á þingi og fleyta því framhjá þeim öldugangi flokkastreitunnar, sem svo mjög ber á í hverju máli nú á þingi og oftsinnis áður".

Hér réttum við fram höndina til að leysa þetta mál. Stjflokkarnir sáu ekki ástæðu til að taka í þá útréttu hönd, og þess vegna hefir afgreiðslu málsins verið eins ábótavant og raun hefir á orðið. Þess vegna hefir þessi löggjöf verið eins óvinsæl og raun hefir á orðið. Fyrir harðfylgi stj.flokkanna, og þá sérstaklega sósialista, var þetta mál komið fram. Það vakti þegar tortryggni, og það hefir vissulega orðið til þess að skapa því óverðskuldaðar óvinsældir. Það er vissulega algerlega óréttmætt, eins og þessi framkoma sjálfstæðismanna greinilega sýnir, að tala um okkur eins og einhverja fjandmenn tryggingarmálanna.

Þá vildi hv. þm. draga úr þeim ummælum mínum, að ég hefði sagt, að aðeins einn flokkur hefði haft framkvæmd alþýðutryggingarl. Hann hefir þó vitanlega viðurkennt, að allir 3 menn irnir í tryggingarráðinu, sem flokksbróðir hans, hæstv. atvmrh., skipaði, voru sósialistar. En hann bendir á það, að framkvæmdastjóri tryggginganna sé ekki sósialisti. Það er alveg rétt, en framkvæmdarstjóri tryggginganna er fyrst og fremst ópólitískur maður, og hann er tekinn inn í þetta mál vegna þess, að hann er, að ég hygg, eini sérfróði maðurinn hér á landi um þessi mál, og sósialistar voru það skynibornir, að þeir vissu, að þeim var þörf á nokkurri fræðslu og reynslu í þessum málum, áður en þeir tækju þau endanlega í sínar hendur. En þessi maður, tryggingarstjórinn, sem ég geri ráð fyrir, að sé sjálfstæðismaður, er vitanlega ekki þangað kominn sem neinn umboðsmaður fyrir Sjálfstfl., og Sjálfstfl. hefir engan aðgang að honum sem slíkum, svo hann getur ekki heitið neinn trúnaðarmaður þess flokks.

Þá taldi hv. frsm. meiri hl., að við gerðum háar kröfur um réttindi hátekjumanna hjá þessari stofnun. En svo þegar hann greip til þess að svara hv. 5. þm. Reykv., átaldi hann mjög þann grautarlega hugsunarhátt, sem kæmi fram hjá honum, þar sem hann blandaði saman skattafrv., framfærslulöggjöf og tryggingarfrv. Það er einmitt það, sem ég er að gagnrýna í þessu máli, að þetta er ekki tryggingarfrv., því það er að því, er snertir þessa ákveðnu menn, hreint skattafrv., og ég er hv. þm. algerlega sammála um það, að ekki sé rétt að blanda þessum málum saman. Þetta málefni á að vera tryggingarmál, en það á ekkert að eiga skylt við skattalöggjöf. Þetta er atriði, sem við getum tekið til umr. við önnur tækifæri, en það á bókstaflega ekki heima í l., sem heita l. um alþýðutryggingar. Hvað kemur það þessari löggjöf við, að leggja talsvert háan skatt á marga menn, sem engra hlunninda njóta samkv. löggjöfinni? Ég vil undirstrika þau réttmætu ummæli hv. þm., að það eigi ekki að blanda saman skattal. og tryggingarfrv.

Þá var hv. þm. af tiltölulega veikum mætti að reyna að verja það lýðræðisbrot, sem verið er að fremja með því að taka stjórn sjúkrasamlaganna frá bæjar- og sveitarstjórnum. Ég veit, að hv. þm. gerir þetta að nokkru leyti gegn betri vitund. Hv. þm. átti sinn hlut í því, að svo var skipað í öndverðu, að meiri hl. bæjarstjórna réð framkvæmd þessa máls, og hann var einmitt nægilega hygginn maður þá, þótt honum hafi nú farið aftur, til þess að sjá, hversu mjög það miðaði að því að tryggja vinsældir

þessa máls, að meiri hl. bæjarstjórna yrði að nokkru leyti ábyrgur um framkvæmd sjúkratrygginganna. Nú vill hv. þm. mótmæla því, að þetta sé lýðræðisbrot, af því að hér leggi ríkið fram nokkurn styrk. Hann veit þó, að þetta málefni byggist fyrst og fremst á framlögum *bæjarmanna, og þetta er ennfremur málefni*, sem er mjög nátengt öðrum framkvæmdum bæjarfélaganna. Og sérstaklega á þetta mjög skylt við fátækraframfærslu í bæjunum. Þetta er fyrst og fremst bæjarmálefni, og þess vegna er ekkert réttmætara og eðlilegra heldur en að bæjarstjórnir, eða bæði meiri hl. og minni hl. í bæjarstjórnum fái með hlutfallskosningu að ráða, hverjir hafi þessar framkvæmdir með *höndum. Það er ekki hægt að finna neina fram*bærilega ástæðu til þess að breyta þessu ákvæði, nema þá einu, sem er flokkspólitík. Hv. þm. veit það alveg eins vel og ég, þegar hann stendur hér og ver þetta mál, að hann er að verja flokkspólitískt mál. Hann veit, að það, sem liggur til grundvallar, er það, að sósialista langar til þess að ná meiri hl. yfir framkvæmd þessa máls hér í Reykjavík. Það er eina ástæðan, og hún er *óréttmæt og fátækleg og á engan rétt á sér*, nema of rika pólitíska hneigð hjá sósialistum. Það liggur líka í hlutarins eðli, að það er það eina réttmæta, að bæjarstjórnir fari með þessi málefni. Þær eru háðar gagnrýni borgaranna í bæjum, og þeir eiga beinan aðgang að bæjarstjórnunum um það, hvernig tekst með framkvæmd þessa máls. Þeir geta á hverjum tíma, sem þeim er gefinn réttur til að kjósa í bæjarstjórnir, *gert þetta mál upp við þær. Borgar*arnir hafa hinsvegar engan aðgang að einhverjum embættismönnum, sem tryggingarstofnunin skipar til þess að ráða þessu máli.

Hv. þm. vildi færa þetta til jafns við það, þegar við höfðum við setningu kosningal. ákveðið, að hreppsstjórar og sýslumenn væru sjálfkjörnir formenn í viðeigandi kjörstjórnum. Hv. þm. þarf ekki að saka mig einan um þetta. Að *vísu stóð ég með því, en hann getur líka* ásakað framsóknarmennina, sem voru okkur samhuga um þetta mál. Við töldum það til hagræðis fyrir kjósendur að geta alltaf vitað, hver kjörstjórnin væri og til hvers ætti að snúa sér. Ef hv. þm. álítur þetta svo hróplegt ranglæti, sem virðist vera, hvers vegna vill hann þá endurtaka það? Hvers vegna vill hann þá lögfesta samskonar ranglæti? Hverskonar réttlætispostuli er þetta, *má ég spyrja? Vill hann nú réttlæta eitt rang*lætissporið með því, að annað samskonar spor hafi verið stigið? Því vill hann ekki láta lýðræðið í landinu haldast í þessari löggjöf, og koma þá heldur með brtt. við kosningal. til þess að afturkalla það ranglæti, sem þar er að hans hyggju?

Þá talaði hv. þm. mjög mikið um frv., sem er víst geymt í vasa hans og ég hefi ekki fengið að *sjá í nokkra daga, um breyt. á byggingar*nefndinni hér í Reykjavík. Hann hefir frv., sem ég bað hann um, ásamt öðrum nm. í allshn., að flytja með mér, sem er þess efnis, að binda hendur bæjarstj. í Reykjavík nokkuð um skipun byggingarnefndar. Þetta ákvæði um byggingarnefnd byggist á reglugerð frá 1872, svo hún er orðin nokkuð gömul. Það ákvæði byggist eins og þetta frv. á því, að tryggð sé sérþekking í þessari nefnd. En sú sérþekking, sem reglugerðin frá 1872 heimtar í þessa nefnd, er sú sérþekking, sem þá var helzt til hér á landi. Nú veit hv. þm. vel, hversu mikil breyting hefir orðið á *þessu sviði eins og öðrum í okkar þjóðfélagi á* þessum langa tíma, og það frv., sem ég ætla að flytja um þetta mál, er ekki neitt annað en að breyta sérfræðslunni yfir í það tímamót, sem við nú lifum á. Þeir helztu sérfræðingar, sem þá voru til í byggingarmálum, voru trésmiðir og aðrir iðnaðarmenn. Nú höfum við á því tímabili, sem liðið er síðan, eignazt fjölmenna stétt verkfræðinga og húsameistara, og *það frv., sem hv. þm.* var að tala um, miðar einmitt að því að nota þessa nýju sérfræðinga í þessum málum, alveg eins og þeir, sem réðu reglugerðinni frá 1872, vildu nota þá sérfræði, sem þá var helzt til.

Það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að þetta sé eitthvert vantraust á bæjarstj. Reykjavíkur. Bæjarstj. í Rvík á að ákveða, hvaða starfssvið þessi nefnd hefir. Hún á að *setja henni starfsreglur, og hún ræður í einu* og öllu, hversu víðtækt starfssvið þessarar byggingarnefndar er. En það þarf engan að undra, og allra sízt þennan hv. þm., sem hefir beinlínis látið í ljós fylgi sitt við þá hugmynd, sem felst í frv., að þessir nýju menn, nútímamennirnir, séu fengnir til þess að fjalla um og taka ákvarðanir í þessum málum.

Þá vildi hv. þm. hæðast að þeim ummælum *minum og taldi það einkennilega lögspeki*, að framkvæmd þessa máls mætti að einhverju leyti haga eftir því, sem vilji löggjafans hefði sýnt sig nú á þessu þingi. Okkar þáltill. miðar að því að fresta ákvörðun um þetta fram til næsta þings, en ég verð að telja, að það sé alveg opin leið fyrir stjórn tryggingarstofnunarinnar að haga að einhverju leyti framkvæmd málsins fram til næsta þings eftir því, sem löggjafinn *hefir sýnt sig að vilja ákveða á næsta þingi*. Það er vitanlegt, að mörg ákvæði í löggjöfinni eru þannig, að þau eru háð lögskýringu um það, hversu hún verði framkvæmd, og ein leið getur verið eins opin og önnur í því máli. Þess vegna held ég, að sá vilji, sem fram hefir komið á Alþ. í einstökum atriðum þessa máls, geti mjög orðið til leiðbeiningar og eftirbreytni fyrir stjórn tryggingarnna. Hv. þm. þarf ekki að gera sér *neinn leik að því að snúa út úr þessu og spyrja*, hvort óskir á þingi og einstök frv. eigi að vera framkvæmd og vera löggjafaratriði í landinu. Slíkt eru ummæli, sem illa hæfa honum og eiga ekki við. En þar sem um framkvæmd máls er að ræða, sem mjög byggist á vilja löggjafans, þá hljóta alltaf að vera veruleg skýringaratriði um framkvæmd málsins, og það var það, sem ég hélt fram.

Ég held, að það séu ekki fleiri atriði, sem ég þarf að taka fram út af ræðu hv. frsm. meiri hl. Fari svo, að okkar rökst. dagskrá nái ekki samþykki við þessa umr., þá geri ég ráð fyrir, að við fáum tækifæri til þess að tala frekar saman um málið áður en það kemur fyrir 3. umr.

Forseti (JörB): Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 355 og 357. Þar sem þessar brtt. eru of seint fram komnar, þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að þær megi koma fyrir.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Jónsson): Ég hefi að mestu leyti svarað því fyrirfram, sem til mín hefir verið beint síðan ég síðast tók til máls. Hv. 2. þm. Reykv. talaði til mín nokkrum óstillingarorðum, og bjóst ég við, að í þeirri viðleitni að hnekkja rökum mínum myndi honum vinnast betur en raun varð á.

Hann nefndi nokkur atriði, sem áttu að vera til vitnis um það, að ég bæri lítið skyn á frv. og l., sem farið er fram á að breyta með því. Ég hafði upplýst það, að svo mikið lægi á einni aðalbreyt., sem farið er fram á með frv., að létta langvinnum, alvarlegum, virkum sjúkdómum af sjúkrasamlögunum, að ef sú breyt. fengist ekki fram nú um áramótin, þá myndi fjmrh. ekki treystast til að leyfa lengur þá framkvæmd á þessu, sem verið hefir í Reykjavík og víðar og hv. ræðum. hafði játað, að sjúkrasamlögin stæðu og féllu með. Þetta vildi hann hrekja með því, að atvmrh. hefði fyrir sitt leyti viljað framkvæma þetta á þessa leið. En það er ekki að hrekja það, sem ég sagði. Ég sagði, að fjmrh., sem vitanlega hefir æðsta vald í þessu, treystist ekki til að heimila áfram greiðslur til slíkrar framkvæmdar nema l. yrði breytt í þá átt. Ég hefi síðan rætt um þetta við hann og hann sagði, að ég mætti bera sig fyrir því, að þetta væri rétt eftir haft. Þá er því slegið föstu, eftir því sem hv. 2. þm. Reykv., form. stjórnar sjúkrasamlags Reykjavíkur, sagði hér í hv. d., að það er hvorki meira né minna en lífsspursmál fyrir sjúkrasamlögin í landinu og þar með sjúkrasamlag Reykjavíkur, að þetta ákvæði frv. a. m. k. verði lögfest.

Annað, sem hann vildi telja fram til þess að sanna kunnáttuleysi mitt um þessa löggjöf, var af því tilefni, að ég hafði leiðrétt það, sem honum hafði yfirsézt, að ekki er ætlazt til í alþýðutryggingarl. nú, að leitað sé staðfestingar tryggingarstofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlögin gera við lækna, sjúkrahús og lyfjabúðir. Það er í fyrsta skipti farið fram á það í þessu frv., að þessarar staðfestingar sé leitað. Hann leitaði gegnum öll tryggingarl. og ætlaði að finna þarna stað, sem stóð öfugur í höfði hans, að krafizt væri staðfestingar af tryggingarstofnuninni á slíkum samningum, en hann fann ekki staðinn, af því hann er ekki til. En hann las upp, að sjúkrasamlögin lytu öll yfirstjórn tryggingarstofnunar ríkisins. Vill hann telja það svo, að þó tryggingarstofnunin hafi yfirstjórn yfir sjúkrasamlögunum, þá ráði tryggingarstofnunin í framkvæmdinni öllu um sjúkrasamlögin. Nei, það er ekki ætlazt til þess. Það var ekki vilji löggjafans, og það hefir ekki heldur verið framkvæmt þannig. Mér er kunnugt um, að hingað og þangað úti um landið hafa samningar verið gerðir af sjúkrasamlögunum, mjög hættulegir samningar, sem bersýnilega stefna sjúkrasamlögunum í voða, án þess að leitað hafi verið nokkurrar ráðleggingar hjá tryggingarstofnuninni, hvað þá leitað staðfestingar á þeim samningum. Eina leiðin fyrir tryggingarstofnunina til þess að hafa afskipti af starfi og rekstri sjúkrasamlaganna, er með áhrifum sínum á samþykktir, sem þau eiga að gera og leita ber staðfestingar á. En það var ekki gert ráð fyrir því þá, enda óframkvæmanlegt, að samningar við lækna, sjúkrahús og lyfjabúðir væru í hvert skipti teknir upp í samþykktir samlaganna, fyrir utan það, að eftir því sem ég veit bezt, þá hafa þessar samþykktir verið mjög óvíða gerðar. Þannig mun t. d. enn ekki hafa unnizt tími til hjá sjúkrasamlagi Reykjavíkur að ganga svo frá sinni samþykkt, að unnt væri að staðfesta hana. Hún mun ekki hafa verið lögð fram fyrr en mjög nýlega, og það í því formi, að ekki voru nein tiltök að staðfesta hana.

Enn talaði þessi hv. þm. um það, að mér hefði yfirsézt í skýringu minni á 9. gr. frv., þar sem hann áleit, að með henni væri engin breyt. gerð á því, hvernig menn ná tryggingu í sjúkrasamlögunum eða hafa náð til þessa. En mér skilst enn, að það sé hann, sem misskilur, en ekki ég. Eftir því, sem sú gr. er orðuð, og eftir þeim kröfum, sem hún gerir, liggur í hlutarins eðli, að hver einasti maður, sem leitar tryggingar í samlögunum, verður að sanna það, að hann sé ekki haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og það verður ekki sannað með öðru móti en því, að láta lækni skoða sig og leggja fram læknisvottorð um, að svo sé ekki ástatt um hann. Nú hefir það aftur á móti verið svo, að hver maður hefir getað tryggt sig í sjúkrasamlögunum án þess að leggja fram slíkt læknisvottorð, og það er jafnvel nokkur ástæða til að halda, að einmitt þeir hafi flýtt sér að tryggja sig, sem höfðu ástæðu til að gruna, að slíkur sjúkdómur byggi í þeim. Fyrir vikið koma undir l., eins og þau eru nú, miklu fleiri og hættulegri menn fyrir samlögin heldur en ef þessi breyt. verður staðfest. Það er svo nú gert hér í hv. d. Ég fæ ekki betur séð en að kostnað, hina fyrstu sjúkrahúslegu þegar tryggðra manna, sem taka alvarlegan, langvinnan, virkan sjúkdóm, verða samlögin að bera. En vissulega síast margir úr fyrir það, að læknisvottorðs er krafizt áður en menn fá réttindi, og það einmitt þeir, sem hefðu orðið samlögunum ákaflega kostnaðarsamir.

Allt það, sem hv. þm. sagði um hættuna af því fyrir sjúkrasamlögin að afnema hið svokallaða fjórðungsgjald, var, svo sem ég áður hefi sagt, eins og talað fyrir munn læknanna. Ég þykist alveg vita, að læknarnir, sem eðlilega halda fram sínum málstað, krefjast, eins og allir gera, sem tryggastrar afkomu. Þeir eiga vitanlega mjög mikið undir því, hvernig samningar takast milli þeirra og sjúkrasamlaga um launagreiðslur til þeirra, og náttúrlega telja þeir það fram til stuðnings sínum kröfum, að nú séu þeir sviptir nokkrum tekjum, þar sem þetta fjórðungsgjald er. Ég hefi áður sagt, hvaða röksemdir eru þar á móti. Og ég get upplýst, að ég hefi rætt þetta mál við lækna, en aldrei

heyrt nokkurn þeirra flytja til líka svo einstrengingslega kröfu fyrir hönd læknanna af þessu tilefni eins og hv. 2. þm. Reykv., sem er form. stjórnar sjúkrasamlags Reykjavíkur, hefir nú gert hér í hv. d. Ég fæ ekki betur séð en að hann sé að gera sig algerlega óhæfan til að semja við læknana fyrir hönd sjúkrasamlagsins með þeirri afstöðu, sem hann hefir tekið í málinu. Hann leyfir sér að segja, að það sé ekki einungis sanngirnistill. að hækka fastar launagreiðslur til læknanna sem nemur fjórðungsgjaldinu, heldur beri þeim raunar miklu meira. Hvernig ætlar hann svo að mæta læknunum við samningaborð eftir nokkrar vikur? Þó er eitt, sem er enn eftirtektarverðara, og það er, að þessi sami þm. hleypur í þessu sambandi yfir annað ákvæði í frv., sem er læknunum miklu þýðingarmeira frá þeirra hagsmunasjónarmiði, og það er ákvæðið í 10. gr. um að veita hátekjumönnum rétt til hlunninda í sjúkrasamlögunum, ef þeir greiði a. m. k. helmingi hærra iðgjald en aðrir samlagsmenn. Ég er viss um, að ef það væri borið undir lækna, *hvort þeir vildu heldur, að samþ. yrði ákvæðin* um að fella niður fjórðungsgjaldið eða að hátekjumönnunum yrði á þennan hátt hleypt að sjúkrasamlögunum, þá myndu þeir allir kjósa að missa heldur af fjórðungsgjaldinu. En þessu sleppir hv. þm., vegna þess, — ja, ég vona, að ekki verði sagt, að þetta séu getsakir, mér er ómögulegt að skilja það öðruvísi —, að hann, form. sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem að vísu hlýtur að bera hag hinna tryggðu að einhverju leyti fyrir brjósti, þó að hann láti sér enn annara um hag læknanna, gleymir ekki þar fyrir þeim hóp manna, sem hann virðist bera langmesta umhyggju fyrir, og það eru hátekjumennirnir í Rvík. Þar verða jafnvel læknarnir að lúta í lægra haldi.

Af því að ég minntist á þetta ákvæði, vil ég út af ræðu hv. frsm. minni hl. upplýsa betur en ég hefi líklega gert, hvernig þetta ákvæði, sem er, eins og hann sagði, skattaákvæði, er komið inn í tryggingarl. hér og líka annarsstaðar, eins og t. d. í Danmörku. Það er alls ekki hugsað sem skattaákvæði. Það mun eingöngu vera tilkomið vegna læknanna, sem hvarvetna eru svo ríkur aðili í þessum málum, að orðið hefir að bægja hinu efnaðasta fólki á þennan hátt frá hlunnindum trygginganna. Ef þeir hefðu ekki möguleika til að hafa atvinnu hjá þessu gjaldsterka fólki, mundu þeir verða svo harðir í kröfum sínum til samlaganna, að þau gætu illa staðið undir því. Þetta tel ég vera grundvallarástæðuna. En í rauninni er þetta ákvæði að öðru leyti einnig réttmætt frá trygginganna sjónarmiði. Það getur oft komið fyrir, að fólk, sem í langan tíma hefir kosið að vera fyrir utan samlögin, fyrir það, að það hefir haft háar tekjur, missir skyndilega tekjurnar, — kannske fyrst heilsuna, — og verður á þann hátt skyldutryggt í samlögunum. Verða þau þá oft og tíðum fyrir ærnum kostnaði, án þess að þetta fólk hafi unnið fyrir tryggingu sinni með langri veru í samlagi, eins og aðrir hafa til uppjafnaðar gert, sem lægri tekjur hafa.

Ég held, að ég geti sparað mér að mestu að svara hv. 5. þm. Reykv. Ég hygg, að það eigi frekast við um hann, að honum hafi verið svarað fyrirfram. Þó vil ég geta þess, að mér láðist í fyrri ræðu minni að leiðrétta það, sem hann bar á tryggingarstofnun ríkisins um launagreiðslur þar, og hefði raunar hv. stjórn átt að leiðrétta þetta sjálf, en hún er nú ekki hér viðstödd. Um þetta er ekki hægt að segja annað en það, að það er algerlega tilhæfulaust. Hv. þm. sagði, að launagreiðslur væru þarna svo háar, að þær næmu 7900 kr. á mann að meðaltali. Mér þykir rétt, af því að slík ummæli sem þetta eru oft vön að fjúka viða, og jafnvel því fremur, því óréttmætari sem þau eru, að lesa hér upp úr fylgiriti fjárl. skrá yfir launagreiðslur þessarar stofnunar, og þá má sjá, hversu fjarri lagi þessar upplýsingar hv. þm. eru, ef upplýsingar skyldi kalla. Svo að ég sleppi tryggingarráðinu, þar sem í eru 3 menn, sem varla geta talizt fastir starfsmenn og aðeins hafa lítla þóknun, eru launagreiðslur tryggingarstofnunarinnar svo sem hér segir:

Forstjóri 10000 kr. Yfirlæknir ½ laun, 6000 kr. Endurskoðandi, ½ laun, 2700 kr. Deildarstjóri slysatr. 6000 kr. Gjaldkeri 5000 kr. Bókari sjúkratr. 4800 kr. Skrifstofumaður 4200 kr. Skrifstofustúlkur, 3, 4500 kr. Símastúlka 1260 kr. Sendisveinn 1260 kr. Ef meðaltal er tekið af þessu, er það sem næst 4200 kr., og skakkar nokkuð frá 7900 kr.

Það er rétt að geta þess, að ekki er hægt að fá yfirlækni til stofnunarinnar fyrir 6 þús. kr. laun. Honum er því leyft að hafa önnur störf á hendi, og vinnur hann einnig hjá sjúkrasamlagi Reykjavíkur. Hann reiknast því sem hálfur maður, og sama er að segja um endurskoðandann, og eru þetta sparnaðarráðstafanir af hendi tryggingarstofnunarinnar. Þetta ætla ég, að sé nægilegt um þetta atriði.

Ég skal játa á mig það, sem þessi hv. þm. bar á mig og þótti auðsjáanlega mikill galli, að ég er honum sjálfsagt miklu síðri í því, að geta hugsað eftir fundarsamþykktum. Hann er þar mér vitanlega miklu æfðari og klókari. Ég hugsa ekki eftir fundarsamþykktum. Og mér er sama, hvar þær samþykktir eru gerðar, hvort þær eru innan míns flokks eða utan, ef þær rekast, eftir því sem mér finnst, á óbrjálaða hugsun, þá læt ég þá óbrjáluðu hugsun ráða. Ég veit, að þetta mun hljóma sem öfugmæli fyrir þessum hv. þm., en svo verður það að vera. Ef til vill skýrir þessi mismunur í hugsunarhætti okkar ýmislegt, sem okkur ber á milli, og mér finnst hann vera svo mikill, að það væri líklega bezt fyrir okkur að tala sem minnst saman, bæði um þessa hluti og aðra. Jafnvel þó að fulltrúaráð verkalýðsfélaganna hafi gert einhverja fundarsamþykkt um, að það áliti, að hag trygginganna ætti að sjá borgið með stighækkandi iðgjöldum, þá er engin skylda á mér að vera á sama máli, enda er ég það ekki. Ég ætla, að slíkar samþykktir á fjölmennum fundum séu ekki mikils virði, hvar sem þær eru gerðar, enda ráði því oft mikil hending, hvað borið er upp og hvað ekki.

Það, sem tryggingarnar hafa mesta þörf fyrir, er aukinn fjárstyrkur. En það getur verið á-

litamál, hvernig á að ná því fé saman. Ég held, að það sé óklókt fyrir tryggingarnar að ætla að ná því með stighækkandi iðgjöldum. Ég hefi margar uppástungur að gera um aukin framlög þjóðfélagsins til tryggingganna, sem eru ákaflega miklu eðlilegri. Það er búið að þaulreyna annarsstaðar, hvernig þessu verður bezt fyrir komið, og það er ekki með stighækkandi iðgjöldum. Okkur kemur saman um, hv. þm. og mér, að mikið sé undir því komið, að tryggingarnar séu vinsælar. En ef það er nokkuð, sem er öruggt um að gera þær óvinsælar, þá er það áreiðanlega það, að gera þær að skattastofnun, því að skattastofnanir eru óvinsælastar allra stofnana. Ég vil benda á, hvað það væri miklu eðlilegri krafa, að þjóðfélagið styrkti tryggingarnar á sama hátt og tíðkast annarsstaðar á Norðurlöndum, sem sé með því, að sjúkrahúsin séu rekin af þjóðfélaginu og það sé rétt til málamynda, að tryggingarnar borgi nokkuð fyrir sjúklinga sína á þeim. Ég verð að segja, að það er e. t. v. allra svartasti bletturinn á heilbrigðismálum okkar þjóðfélags, hvernig sjúkrahúsin eru rekin. Þau eru rekin þannig, að þau komist sem næst því að bera sig. En þau á vitanlega að reka eins og sjálfsagða ráðstöfun hins opinbera, til þess að berjast á móti hinu almenna böli sjúkdómanna. Þess vegna ætti að halda þeim uppi að mestu leyti á almenningskostnað, og að sjálfsögðu ættu tryggingarnar að fá þar aukin hlunnindi.

Þessu líkt er það, sem okkur ber á milli um framfærslu og tryggingu. Ég vil halda þessu sem mest aðskildu. Og ég hefi ástæðu til að ætla, eftir því sem þessi hv. þm. segir í öðru orðinu, að í raun og veru vilji hann það líka. Hann segist helzt vilja afmá alla framfærslu og koma henni á tryggingagrundvöll. Ég er sammála honum um þetta. En hvernig ætlar hann að afmá framfærsluna með tryggingum, ef hann ætlar fyrst að breyta tryggingunum í framfærslu?

Hv. þm. gat þess, að það sæi ekki á Alþfl. hér á þingi, að hann vildi hafa skattana þannig, að þeir, sem í raun og veru geta borgað skatta, bæru byrðarnar fyrir hina. Ég ætla, að það hafi oft sýnt sig í störfum Alþfl., hvað hann vill í þessum málum, en hitt er rétt, að við eigum hér á hv. Alþingi við þá erfiðu aðstöðu að búa, að við getum ekki komið öllu því fram, sem við óskum. Og ekki væri til mikils mælzt, eftir því sem þessi hv. þm. talaði um Þjóðabandalagið hér á dögunum, að hann vildi sýna okkur nokkra vorkunn í þessum efnum. Þjóðabandalagið var að hans dómi alls ekki forkastanlegt eftir meðferðina á Abessiníu, af því að hún gat án afskipta þess orðið enn verri. Við fáum ekki ráðið miklu um skattastefnu stj., þar sem við erum ekki nema 8 saman, og þó má telja víst, að hún gæti verið enn verri, ef okkar áhrifa gætti ekki neitt.

Ég veit, að það er skömm af mér að mælast til þess af þessum hv. þm., að hann sýni okkur sömu nærgætni og Þjóðabandalaginu, því að vitanlega elskar hann miklu meira Þjóðabandalagið en Alþfl. og á hægara með að sýna því sanngirni.

Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín fyrirspurn viðvíkjandi 16. gr. frv., sem ég heyrði reyndar ekki rétt vel, en mér skildist, að hún væri í sambandi við það, að ég hefði engu svarað þeirri brtt., sem hann og hv. 5. þm. Reykv. bera fram við þá gr. Vildi hv. þm. krefja mig til reikningsskapar um það, skildist mér, hver ætti að borga mismuninn, ef sjúkrasamlag gæti ekki gengið að samningum við sjúkrahús um fullar greiðslur. Ég á bágt með að svara þessu. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þó að þessi 16. gr. sé felld niður, er engu svarað með því. Samkv. 30. gr. l. taka sjúkrasamlögin ekki á sig skyldur til þess að greiða fyrir sjúklinga sína í öðrum sjúkrahúsum en þeim, sem samningar hafa náðst við. Og þetta er vitanlega nauðsynlegt. Hvernig ætli þau kjör yrðu, sem sjúkrahúsin, a. m. k. sum þeirra, byðu sjúkrasamlögunum, ef þau vissu, að samlögin yrðu að ganga að hverju því, sem þau — sjúkrahúsin — krefðust? Það gæti ekki gengið. Hér verða að koma til samningar. Samskonar ákvæði var sett inn í berklavarnalögin fyrir mitt tilstilli, og gafst svo vel, að á mörgum undanförnum árum hefir kostnaður orðið miklu skaplegri, vegna þessa ákvæðis, heldur en áður, þegar svo gálauslega var að farið, að borgað var það, sem upp var sett, og í mörgum tilfellum var alveg stjórnlaust. Hafði sumum dottið í hug að fyrirskipa sjúkrahúsunum ákveðin daggjöld, en því hefðu þau að sjálfsögðu unað mjög illa. Meðalvegurinn, sem ég stakk hér upp á og fékk samþ., var, að samið yrði um þetta milli sjúkrahúsanna og ríkisstj. Og á þann hátt hefir tekizt að komast að sanngjarnri niðurstöðu fyrir báða aðilja. Þetta hefir því gefizt vel fyrir ríkissjóð, og svo hagkvæm og sjálfsögð sem þessi tilhögun er fyrir hann, mun hún þó vera enn nauðsynlegri fyrir sjúkrasamlögin, ef þau eiga að fá staðizt fjárhagslega.

Úr því að verið var að spyrja mig, er ekki úr vegi, að ég spyrji þennan hv. þm.: Hvernig eiga sjúkrasamlögin, sem svo mikið eiga að gera fyrir fátæklingana, að geta gert nokkuð, þegar þau eru orðin að gjaldþrotafyrirtækjum? Mér er sagt, að þessi hv. þm. sé duglegur kaupfélagsstjóri í Vestmannaeyjum. Ég geri ráð fyrir, að hann reki kaupfélagið ekki sízt fyrir fátæka fólkið þar, en þó eftir allt öðrum grundvallarreglum en hann vill láta reka sjúkrasamlögin. Kaupfélagið hans verður fyrst og fremst að bera sig, ef það á að geta gert eitthvað fyrir fátæklingana. Ég geri meira að segja ráð fyrir, að þessi hv. þm. sé sem kaupfélagsstjóri svo hlálegur böðull á fátæklingana í Vestmannaeyjum, að hann selji þeim sama verði hvert hveitipund og hinum efnaðri, en láti þá alls ekki borga eftir skattstiga.

Svo að ég láti ekki algerlega ósvarað spurningu hv. þm. um greiðslu á halla sjúkrahúsa, sem meðfram kann að verða fyrir það, að sjúkrasamlögin treysta sér ekki til að greiða að fullu það, sem sjúkrahúsin þurfa til þess að geta staðið undir rekstrinum, þá skilst mér, að sá eðlilegi gangur á því, t. d. í Vestmannaeyjum, hljóti að vera sá, að bærinn beri þann halla, eins og ef ríkið fær ekki það, sem það þarf til

þess að láta ríkissjúkrahúsin bera sig — sem það að vísu ekki fær — þá lendir sá halli vitanlega á ríkinu. Það er talinn sjálfsagður hlutur erlendis, að sjúkrahús hins opinbera séu rekin með stórum halla, og er allra sízt séð eftir því, þar sem almennar tryggingar eru annars vegar.

Ég vil undirstrika það og árétta, að ef till. þessa hv. þm. og hv. 5. þm. Reykv. um að fella niður 16. gr. frv. verður samþ., þá er kippt grundvellinum undan því, að nokkur sjúkrasamlög í landinu fái staðizt til lengdar, að vísu ekki fyrst og fremst vegna afstöðu þeirra til sjúkrahúsanna, sem 30. gr. l. tryggir nægilega, heldur til læknanna.

Læt ég það nú vera, að til séu þm., sem hirða ekki um slíka smámuni og það, að lögfest verði, að tryggingarstofnun ríkisins skuli staðfesta alla samninga sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús. Hitt er alvarlegra, að sjá ekki nauðsyn þess, að sjúkrasamlögin geti bent á það, þegar þau semja við þessa aðilja, að svo háar kröfur geti þeir gert, að sjúkrasamlögin treysti sér ekki til að standast þær, verði því að draga úr hlunnindum meðlima sinna og láta ósamið. En það fullvissa ég hv. þm. um, að læknar, lyfsalar og sjúkrahús vilja ekki lítið til vinna að fá náð og haldið samningum við sjúkrasamlögin, ekki sízt eftir að þau viðskipti hafa einu sinni komizt á.

Ég geri ráð fyrir, að hið sama gildi um sjúkrasamlög og önnur fyrirtæki, að það varði við l., ef þau taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar, sem fyrirsjáanlegt er, að þau geta ekki staðið við. Víst mun hv. 5. landsk. gæta þessa f. h. kaupfélags síns, hvað sem svo líður þeim, sem kaupfélagið á að vinna fyrir í Vestmannaeyjum og raunar gætu lítið grætt á slíkum lögbrotum, þar sem þau mundu óhjákvæmilega leiða til þess, sem þeir að sjálfsögðu telja, að umfram alla muni verði að varast, að félagið verði gjaldþrota.

Samnm. mínum, hv. þm. Snæf., þarf ég naumast að svara, og sízt miklu. Hann las okkur upp til gamans úr þingtíðindum eitthvað frá árinu 1934 um afstöðu Sjálfstfl. til trygginganna og taldi sér heldur til gildis, að það hefði verið ekki óvingjarnlega mælt. Ég verð, því miður, að hryggja hv. þm. með því, að þetta hefir ekki vakið mikla eftirtekt, fyrir því að það hefir látið hærra í meir áberandi mönnum innan Sjálfstfl. um tryggingarnar og ummæli þeirra farið í aðra átt. Frægust ætla ég að séu ummæli hv. 1. þm. Reykv. frá árinu 1930 — lengra er ekki síðan — um afstöðu hans, og að því er manni skildist þá, afstöðu Sjálfstfl. yfirleitt til þessara mála. Hann er að svara hv. núv. atvmrh., en þá þm. Ísaf., og svarar honum heldur í skopi um það, að hann, þm. Ísaf., hafði sagt, að þetta mál væri eitt af þeim nútímamálum, sem við Íslendingar værum lengst á eftir í. Segir hv. 1. þm. Reykv.: „Aumingja Ísland!“ Og heldur áfram: „Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvaða aðferð sósialistar beita til þess að berjast fyrir málum sínum, meðan þeir koma ekki fram höfuðáhugamálum sínum, eins og er t. d. þjóðnýting. Þeir hafa búið sér til ákveðna starfskrá um það, hvernig þeir eigi að herja inn á hið kapitalistiska þjóðskipulag, til þess að gera atvinnufyrirtækin sem ótryggust og eignaréttinn að nafninu tómu. Þessi starfskrá er eins í öllum löndum“. — Tryggingarnar eru „eitt af þeim málum ,sem sósialistar nota til agitatíóna“, og til þess að ríða um koll öll atvinnufyrirtæki, — sem maður hefði haldið, að hv. þm. Snæf. léti sér ekki standa á sama um. — „Eftir því sem sósialistar eru sterkari í löndum“, heldur hann áfram, „eftir því er meira um allskonar tryggingar. Og í þeim löndum, sem sósialistar hafa farið lengi með völd, eins og t. d. Þýzkalandi, má segja, að allt sé fjötrað og flækt í eintómum tryggingum“. Hann segir, að tryggingarnar séu „demóraliserandi“, og klykkir út með því að geta þess, hvað þær séu hættulegar fyrir heilbrigði manna. „Þeim tryggðu batnar verr og seinna en þeim ótryggðu. Það tekur helmingi lengri tíma að græða fótbrot á tryggðum manni en þeim, sem er ótryggður fóturinn“, og fjölmörg dæmi telur hann mega færa þessu til sönnunar. — Ef hv. þm. Snæf., sem er ungur maður, hefir mælt eitt hvað af vinsemd um tryggingalögin fyrir þrem árum síðan, hefir hann þá verið nokkuð einstæður í flokki sínum. En nú er málið orðið það vinsælt, að það er skemmtilegra fyrir hann að rifja upp þessi vinsamlegu orð heldur en ummælin, sem ég las upp. En þessi afstaða sjálfstæðismanna veit ég, að réð því, að þeir munu fáir hafa verið kvaddir til ráða um alþýðutryggingarnar. Og er ég ekki að segja, að lögin hafi tapað neinu við það, sérstaklega þegar það er vitað — og játað af hv. frsm. minni hl. —, að sá maður, sem vann að undirbúningi laganna og lagði tryggingunum til starfskrafta sína og þekkingu, var eini sérfræðingurinn, sem til var hér á landi, en það er núv. framkvæmdarstjóri tryggingarstofnunarinnar, herra Brynjólfur Stefánsson, og mun teljast til Sjálfstfl. Ég verð að segja, að það er heldur lítið „kompliment“ um þennan flokksmann hv. frsm. minni hl. og eina sérfræðing í tryggingarmálum, að halda því fram, eins og hv. þm. gerði, að þessi löggjöf hafi verið svo hraksmánarlega undirbúin, að þess vegna þurfi að stórbreyta henni. Ég neita því. Þær breyt., sem nú er farið fram á að gera á l., eru ekki stórvægilegar og ekkert tiltökumál. Það hefir orðið að breyta svo að segja hverjum meiri háttar lögum frá Alþ. meira og minna, enda reyndi hv. frsm. minni hl. ekki að hrekja neitt af þeim dæmum, sem ég nefndi um það. Vantaði þó ekki að þau lög, er ég tók til dæmis, væru undirbúin fyrirfram, og sízt, að heldri menn Sjálfstfl. væru þar ekki til kvaddir.

Ég nenni ekki að karpa lengur um það, hvort það sé lýðræðisbrot, að tryggingarstofnunin eigi rétt á að kveðja til einn manninn af 3 eða 5 í stjórn sjúkrasamlaganna. Það er bara fjarstæða. Hver hefir talað um, að það væri lýðræðisbrot, að stjórnin skipi formenn skólanefnda. Það þykir sjálfsagt, að yfirstjórn fræðslumálanna skipi einn manninn í hverja skólanefnd, m. a. af því, að hið opinbera leggur fé til fræðslumála. Og þar sem ríkið leggur al-

þýðutryggingunum fé á líkan hátt, er sjálfsagt, að tryggingarstofnun ríkisins hafi þar svipað eftirlit og velji mann í samlagsstjórn. Reynslan er líka farin að sýna nauðsynina á þessu, eins ég hefi nefnt mjög áberandi dæmi um, þegar brýnar skýrslur hafa t. d. ekki fengizt þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni tryggingarstofnunarinnar, nema frá einu samlagi.

Ég vil svo að lokum geta um tvær brtt. Önnur er á þskj. 355, flutt af allshn., og er við brtt. á þskj. 320, að síðasta málsgr. 23. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Samskonar ákvæði gilda að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum samkv. hjúalögum og meistara gagnvart iðnnemum samkv. lögum um iðnaðarnám". — Persónulega taldi ég brtt. 320 að efni til rétta og sanngjarna. En um hana náðist ekki samkomulag í n., og að vísu get ég ekki neitað, að það er dálítið hjáleitt, að samþykkja hana sem breyt. við alþýðutryggingalögin. Það er ákvæði, sem að réttu lagi á heima í lögum um iðnaðarnám. Allshn. gat hinsvegar fallizt á, að iðnnemar fengju aukin réttindi, sem samsvaraði því, er hjú njóta nú hjá húsbændum, um endurgreiðslu á iðgjöldum miðað við þann tíma, sem þau eru í tryggingu hjá þeim. Til þess að mönnum skiljist þetta betur, skal ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp 23. gr., eða þann viðauka, sem samkv. henni á að koma með 40. gr. tryggingarlaganna: „Ef heimild þessi" (um sérstakan samning útgerðarmanna við sjúkrasamlagið) „er ekki notuð, á samlagið endurkröfurétt á útgerðarmann á þeim kostnaði, sem það kann að hafa greitt vegna veikinda skipverja fyrir þann tíma, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á, en skipverjar greiða aðeins, meðan ráðningartíminn stendur, iðgjöld, sem svara til þeirrar áhættu, sem samlagið ber vegna skipverjanna, eftir að ábyrgð útgerðarmanns er lokið.

Samskonar ákvæði gilda að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum samkvæmt hjúalögum".

Við þetta bætist svo brtt. allshn. á þskj. 355 um, að iðnnemar fái þennan rétt. Ég vonast til, að hv. deild geti fallizt á það.

Loks vil ég geta þess, að hv. 1. þm. Rang. hefir farið fram á það við mig sem frsm., að tekið væri til athugunar að lengja tilkynningarfrest vegna sjúkrasamlaga, sem stofnuð kynnu að verða í sveitum. En hann hefir fyrstur manna haft forgöngu um, að slíkt samlag verði stofnað. Það er hætt við, að í sveitum geti atkvgr. um stofnun samlags ekki farið fram fyrr en seint á ári. Og koma sér þá illa ákvæði 35. gr. tryggingarl., sem mæla svo fyrir, að sjúkrasamlög, sem stofnuð verða í hreppum, skuli hafa tilkynnt ráðh. stofnunina fyrir 1. apríl, ella fái þau ekki rétt til framlags úr ríkissjóði og sveitarsjóði á því ári, og verða þá að bíða eftir því ár í viðbót. — Þetta ákvæði um 1. apríl er sett vegna fjárl., svo að kunnugt verði um öll samlög, sem styrks eiga að njóta, áður en fullgengið er frá fjárlögunum. En ekki mundi mikið á hættunni, þó að fresturinn væri eitthvað lengdur fram yfir 1. apríl, eða ráðh. leyft að víkja frá um þetta atriði. Þó að eitt eða tvö ný samlög á ári leituðu eftir styrk nokkuð seint, yrðu það smáupphæðir. Meiri hl. n. flytur till. um þetta á þskj. 357.

Ýmislegt fleira mætti athuga, en það getur dregizt til 3. umr.

*Jakob Möller: Herra forseti! Raunar var tæplega ástæða til að mæta ósk minni nú um að fá orðið, því að sízt var um persónulega áreitni að ræða í síðustu tölu hv. flm. Þó vildi ég ræða nokkur atriði.

Fyrst var það, að þar sem ég hafði sagt frá því, að framkvæmdir sjúkrasamlagsins hér í Reykjavík í sambandi við langvarandi sjúkdóma hefðu verið ráðnar í samráði við tryggingarstofnun ríkisins og hæstv. atvmrh., og þar sem upplýst var, að um verulegt fjárhagsatriði var að ræða fyrir ríkissjóð, þá lá í augum uppi, að þetta hafði einnig orðið að vera í samráði við hæstv. fjmrh. Þess vegna er ég sannfærður um það, hvað sem hæstv. fjmrh. segir nú, að engin ákvörðun hefir verið tekin um þetta án vitundar hans og a. m. k. þegjandi samþykkis. Þetta er fyrirsláttur, þegar hann segist ekki una við framkvæmd tryggingarlaganna, nema ákvæðunum verði breytt í þá átt, sem hann kýs, og mundi aldrei til þess koma, að hann gerði alvöru úr. Hann gæti unað þessu alveg eins hér eftir og hingað til.

Hv. flm. sagði, að þess væri hvergi krafizt í tryggingarlögunum, að yfirstjórn þeirra stæði fyrir samningum við lækna og sjúkrahús og lyfjabúðir — samlögin yrðu að gera það sjálf. Hvað á slík yfirstjórn þá að gera? — verður manni að spyrja. Mér er líka hitt kunnugt, hvernig þetta hefir verið í framkvæmdinni, eins ég drap á í ræðu minni. Og í því, sem ég las upp, er það berum orðum fram tekið, að samlögin lúta öll yfirstjórn tryggingarstofnunarinnar. Og það er augljóst, að það, sem hér er deilt um, er einfalt reglugerðaratriði. Yfirstjórn tryggingarmálanna getur fengið sér slíka heimild með reglugerðarákvæði. Ég hefi ekki núgildandi reglugerð við hendina, en hitt veit ég, að yfirstjórn tryggingarnna hefir lagt svo fyrir, að sjúkrasamlag Reykjavíkur skuli senda sér alla reikninga til staðfestingar, og það var auðvitað talið sjálfsagt.

Okkur semur sjálfsagt ekki betur framvegis en hingað til um ákvæði 9. gr. frv. Ég er hissa, að hv. frsm. skuli ekki sjá, að læknisvottorð eiga aðeins að taka fram ástand mannsins. Og ég mótmæli öllum sérskilningi hans á þessum umdeildu atriðum.

Hæstv. forseti stendur upp. En nú var ég einmitt kominn að því, sem ég hafði helzt ástæðu til að ræða, þar sem hv. flm. talaði um málsfærslu mína fyrir hagsmunum læknanna, sem hann taldi af meiri eldmóði flutta heldur en ef ég talaði fyrir hagsmunum hátekjumanna í bænum. — Mér finnst afarvarhugavert að ganga svo frá lögunum, að um of sé gengið á hagsmuni lækna. Mér er kunnugt um, hve læknar héldu ákaflega fast á fjórðungsgjaldinu, og það svo, að tryggingarstofnunin varð að fara fram á það í samráði hv. frsm., Vilmund Jónsson landlækni sjálfan, að setja fjórðungsgjaldið. Hv.

flm. sá sér þá ekki fært annað en að láta undan kröfunni. Á því má sjá, hversu varhugavert er að afnema það með lagaákvæði. (VJ: Hversu nauðsynlegt er að setja ákvæði gegn því í lögin). Þar að auki gilda samningar lækna við sjúkrasamlögin fyrst um sinn, eða allan fyrri helming næsta árs, býst ég við. En á meðan fellur á samlögin, að því er mér skilst, allur kostnaður af fjórðungsgjaldinu. Það er líka alveg stefnt í óvissu um það, hvort samningar geti tekizt. — Ég skal fúslega játa, að ég vildi miklu heldur eiga að semja við læknana um tilslökun á gjaldi samlaganna og er viss um, að það yrði stórum auðsóttara mál heldur en að fá þá til að falla frá fjórðungsgjaldinu. Því teldi ég það miklu heppilegra og almenningi væntanlega að meira gagni. Því að þá yrði hægt að færa tryggingarnar á víðara svið og veita fé til fleiri þarfa en nú er gert. Það er líka bezt fyrir vinsældir samlaganna að veita sem mesta hjálp og ná sem víðast.

Mér er fullkomlega ljóst, að það gerir samninga við læknana erfiðari, ef mönnum fyrir ofan ákveðið hámark skattskyldra tekna er leyft og gert kleift að tryggja sig. En það styrkir eiginlega minn málstað. Ég álít það réttlátt og raunar sjálfsagt að leyfa þá tryggingu. Ef setja verður hámark, ætti að setja það miklu hærra en nú. Því að mér er kunnugt um það, að af þeim, sem eru fyrir ofan markið, er fjöldi manna engu betur staður heldur en margir þeir, sem nú njóta sjúkrahjálpar. Það er ýmislegt, sem veldur því, að afkoman fer oft ekki eftir því, hvað menn hafa í skattskyldar tekjur. — Ég get nú látið undan endurtekinni ósk hæstv. forseta.

*Bergur Jónsson: Eins og áður í þessu máli er það hv. þm. Snæf., sem gefur mér tilefnið til að grípa í strenginn. Hann talaði um það með miklum gorgeir í fyrri ræðu sinni, að við framsóknarmenn hefðum gert brtt. okkar vegna einhverrar pressu frá meðnm. úr Sjálfstfl. Ég gæti kannske skilið, að hann langaði til að eigna sér og sínum eitthvað af tillögunum. En hann virðist aftur fallinn frá þessu. Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Snæf., hvort honum dettur það í hug, að hv. þm. N.-Ísf., sem er alþýðuflokksmaður, sæki eftir fylgi úr öðrum flokkum til þess að koma fram þeirri breyt. á tryggingarráðinu, að í það verði valinn sinn maðurinn fyrir hvern af þremur stærstu þingflokkunum, þegar svo er háttað, að tryggingarráðið er skipað eingöngu mönnum úr hans flokki. Þetta sannar, að það er algerlega rangt hjá hv. þm. Snæf., að við höfum fyrir þrýsting frá sjálfstæðismönnum í allshn. orðið sammála um þessa breytingu. Annars sé ég ekki ástæðu til að karpa meira um þetta við hv. þm., þó ég skilji ekki, af hvaða ástæðu hann er með þennan siendurtekna meting um það, hverjir hafi átt upptök að þessari sjálfsögðu breytingu. Í fyrri ræðum mínum hefi ég lýst þeim tilfellum, þar sem menn geta ekki fengið atvinnuleysisstyrk, þótt þeir hafi skilyrði til þess eftir l. og atvinnuleysissjóðir hafi verið stofnaðir. Hv. þm. Snæf. sagði um þetta atriði frv., að þar kæmi fram gamli undirlægjuhátturinn hjá Framsfl. við Alþfl. Nú vill svo vel til, að þegar breytingin var rædd í allshn., mótmæltu báðir fulltrúar Framsfl. í n. henni, sérstaklega hv. þm. N.-Þ., en það gerðu aftur á móti ekki hv. þm. Snæf. og samflokksmaður hans. Það má vera, að þessi hv. þm. hafi verið breyt. andstæðir, en þeir létu það ekki í ljós eins og fulltrúar Framsfl. Hitt er annað mál, að það er ekki ástæða fyrir þá hv. nm., sem ekki gerðu aths. við þennan lið, að ásaka þá, sem aths. gerðu, fyrir að hafa ekki verið á móti þessum lið. Ég vil benda hv. þm. á, eins og ég gerði í fyrri ræðu minni, að nefndarmenn meiri hl. áskilja sér rétt til þess að koma fram með brtt. við 3. umr., og ég býst við, að við tökum þá til athugunar, hvort orðalagsbreyting þurfi að gera á 32. gr. og 6. lið 72. gr.

Meiri hl. allshn. vill svara aths. hv. þm. Snæf. og samflokksmanns hans við frv., þar sem þeir fullyrða, að tryggingarlöggjöfin sé svo illa úr garði gerð, af því hún hafi verið svo illa undirbúin, að þess vegna sé sjálfsagt að skipa mþn. til að endurskoða löggjöfina. Ég vil benda þessum hv. þm. á það, að tryggingarlöggjöfin var undirbúin af 5 manna mþn., eins og hv. þm. N.-Ísf. benti á, og sú n. vann með aðstoð þess eina tryggingarfræðings, sem til er í landinu. Auk þess var frv. mikið athugað í báðum allshn. þingsins, svo það er rangt, að tryggingarlöggjöfin hafi ekki verið undirbúin eins vel og önnur mál, og betur. Þess vegna sé ég enga ástæðu til að bíða eftir mþn. með þær breyt., sem hér er farið fram á.

Að því er snertir ræðu hv. 5. þm. Reykv., þá er það aðalkjarni skoðana hans, að tryggingarnar eigi viðskiptalega að borga sig fyrir hvern einstakling. Hann lítur þannig á tryggingarnar frá alveg sérstökum sjónarhól, án þess að hugsa nokkuð um það, á hvern hátt fé fáist til tryggingarinna. Þannig hugsar hann aðeins um aðra hlið tryggingarinna, hvaða fríðindi þær eigi að veita hinum tryggðu. Aftur og aftur hamrar hann á þessu, án þess að virðast athuga nokkuð, hvernig þær kröfur, er hann gerir, verði bornar uppi. Auðvitað er tryggingarlöggjöfin sett til að bæta úr fjölda þeirra erfiðleika, sem hún er gerð fyrir, sjúkdómum, slysum, elli og atvinnuleysi. En fyrsta skilyrðið til þess að löggjöfin komi að gagni, er auðvitað það, að samræmi sé milli þess, sem tryggingin þarf að greiða, og þess, sem hún fær greitt. Því hvaðan á sjúkrahjálpin að koma, ef sjúkrasamlag fer á höfuðið, og hvernig á lífeyrissjóður að geta annazt sín lagalegu útgjöld, ef á að ausa úr honum til gamalmenna, sem eiga alls ekki að fá greiðslu úr þeim sjóði, í staðinn fyrir að nota sjóðinn til þess, sem hann er ætlaður? Annars er ástæðulaust að eiga orðastað við þennan hv. þm. fyrr en hann reynir að sýna fram á það, að eitthvert vit sé í því, sem hann þykist sjá af þessum sjónarhól, sem hann er á. Ég skal aðeins benda honum á út af 1. brtt. þeirra kommúnista á þskj. 248, um að fella niður a-lið 4. gr., að það er sýnilegt, að þeir hafa ekki tekið eftir því, að fósturforeldrar og fósturbörn geta verið sama og foreldrar og

börn í þessu tilfelli. Ef hv. þm. les gr. til enda, sér hann, að mótmælin í brtt. hans hafa ekki við rök að styðjast.

Það hefir verið á það minnzt, hvort rétt væri að hafa tryggingarlöggjöfina að einhverju leyti skattalöggjöf. Það er auðvitað sjálfsagt að fara svo langt eftir tryggingarreglunni, sem hægt er, en til þess að fá nóg fé verður líka að fara inn á skattagrundvöll, eins og sjúkrasamlögin gera, bæði með því að láta hina tekjuhæstu aðeins borga, en ekki njóta hlunnindanna af sjúkratryggingunum og í öðru lagi þar sem sjúkrasamlag Reykjavíkur leggur 1% á skattskyldar tekjur manna. Það er ekki stighækkandi skattur, eins og einn hv. þm. hélt fram, ekki 1% af fyrsta þúsundi, 2% af öðru o. s. frv., heldur aðeins 1% af öllum skattskyldum tekjum.

Ég læt svo hér staðar numið og eftirlæt frsm. það, sem eftir er að tala um.

*__Einar Olgeirsson:__ Það er rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að 7900 kr. eru ekki meðaltalslaun hjá tryggingarstofnun ríkisins; ég ætlaði að leiðrétta þessa missögn mína sjálfur, en ég glæptist á að trúa form. fjvn. um þetta.

Þá eru það tryggingarlögin og framfærslulögin, sem ég vildi minnast á. Hvorutveggja þessi lög eru náskyld, þeim er báðum ætlað að ráða bót á hinu sama böli, fátæktinni, og eru sett vegna þess, að fólkið hefir ekki næga peninga til að sjá sér farborða hvað sem í skerst.

Hv. þm. N.-Ísf. var að tala um það, að ég færi eftir flokkssamþykktum kommúnista, en sér væri alveg sama um flokkssamþykktir, eins þó þær væru frá hans eigin flokki. Þetta sýnir bara, hvernig hann lítur á sig hér á Alþingi. Hann skoðar sig sem herra þjóðarinnar, sem herra kjósendanna, en ekki þjón þeirra. Ef allir hv. þm. hugsuðu svo, þá sé ég ekki, hvað þingræði og almennur kosningarréttur hefir að þýða, ef þingmenn láta sér alveg á sama standa um vilja kjósendanna.

Hv. þm. sagði, að við mundum báðir vera sammála um það, að alþýðutryggingarnar ættu að vera vinsælar. Ég vil í því sambandi leyfa mér að upplýsa hann um það, hver aðstaða fólksins er gagnvart álögum hins opinbera: Fólkið er sérstaklega mjög mikið á móti einum ákveðnum skatti, og það er nefskattur. Ég verð að biðja afsökunar fólksins vegna, að það skuli vera svona lágt hugsandi, samanborið við hv. þm. N.-Ísf. En þetta er staðreynd, að fólkið telur nefskattinn ranglátan, og þess vegna er hann óvinsæll, en stighækkandi skatta telur það réttláta og er fúst til að greiða þá. Það er ekkert annað en þvaður, að alþýðutryggingarnar séu ekki skattamál alveg eins og framfærslan, að þetta sé eitthvað alveg óskylt því. Í eðli sínu er þetta nákvæmlega hið sama.

Þá var hv. þm. að segja, að það færi dálaglega, ef kaupfélögin færu að haga sér eins og sjúkrasamlögin. Ef þau tækju borgun af hinum efnaðri án þess að þeir fengju nokkuð í staðinn. Fólk hefir nú einu sinni leyft sér að líta á alþýðutryggingarnar sem raunabætur, en ekki sem verzlun. Það er allt annað „princip“, sem liggur þar til grundvallar, og hv. þm. hefir einmitt sjálfur viðurkennt eða gengið inn á það, að ef sjúkrasamlag bæri sig ekki, þá yrði hið opinbera, sveitarfélagið, framfærslan, að taka hallann. — Við viljum, kommúnistar, að sjúkrasamlögin sjálf eigi og reki sjúkrahúsin og að gjöldin fyrir sjúklingana verði höfð sem lægst, jafnvel þó það kosti taprekstur, því okkar princip er ekki verzlunarprincip.

Viðvíkjandi 16. gr. frv. vil ég segja það, að við teljum þá afgreiðslu óviðunandi fyrir sjúklingana, sem geta komið til með að þurfa að greiða einhvern óákveðinn hluta af læknishjálp eða sjúkrahúsvist, ef samningar hafa ekki tekizt við þessa aðilja.

*__Ísleifur Högnason:__ Ég get fallizt á, að kaupfélög og tryggingarstofnanir séu skyld fyrirbrigði að því leyti, að báðum beri að stefna að því að vinna fyrir hagsmuni fólksins. Hinsvegar nær ekki nokkurri átt að samlíkja þessum stofnunum eins og flm. frv. gera, því tryggingarstofnanir eins og t. d. sjúkrasamlag eru einráð um það, hvaða gjöld þau leggja á sína félagsmenn, en um það eru kaupfélögin aftur á móti ekki einráð. Í 16. gr. er tryggingarstofnuninni í sjálfsvald sett, hve mikinn gróða hún hefir, og það er auðheyrt á öllu tali og bollaleggingum þessara hv. þm., að þeir ætlast til, að tryggingarstofnunin græði á tryggingarstarfseminni.

Það er svartur blettur á okkar heilbrigðismálum, að sjúkrahús skuli vera gróðastarfsemi. Hér í Reykjavík eru tvö sjúkrahús, sem eru einstakra manna eign, rekin með stórgróða, sökum þess að sjúkrasamlag Reykjavíkur á sjálft ekkert sjúkrahús. Ég er alveg sammála hv. þm. N.-Ísf. um það, að bæirnir sjálfir eigi að vera önnur hlið sjúkratryggninganna, þar sem bæjarfélögin leggi svo ríflega fé til þessara sjúkrahúsa, að daggjöldin yrðu smámunir einir, og ég vildi því, að sett væru lög, er skylduðu bæjarfélögin til að eiga og reka sjúkrahús. Það eru 6 til 7 ár síðan ég átti frumkvæði að því, að daggjöld á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum voru mjög færð niður, og á þann hátt var komið á eins konar sjúkratryggingu fyrir fátækt fólk.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að enda þótt hvergi væri fram tekið, að bæjar- og sveitarfélög ættu að borga mismuninn til sjúkrahúsanna, sem getur átt sér stað samkv. 16. gr. frv., þá væri sjálfsagt, að sveitarfélögin gerðu það, en þetta þyrfti að komast í l., því það er enginn efi á því, að bæjarstjórnir vilja skjóta sér hjá að borga þennan mismun. Þær munu segja: Úr því sjúklingurinn er tryggður, þá verður tryggingin að greiða allan kostnað. — Það er því enginn vafi á því, að hér er stórgalli á l., ef ekki verður úr bætt.

Ég vil geta þess, að nú sitja ekki nema 7 til 8 hv. þdm. þennan fund, svo það sýnist þýðingarlítið að flytja hér ræður, en ég tel rétt, að komi fram í þingtíðindum, hve vel hv. þdm. rækja skyldu sína, þegar stórmál eru rædd.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það tekur því varla að flytja ræður á svo fásóttum fundi; ég ætla þó að víkja fáeinum orðum að ræðum hv. þm., sem talað hafa.

Hv. frsm. meiri hl. vildi gera lítið úr þáltill. sjálfstæðimanna 1934 um alþýðutryggingarnar, og hann vildi sömuleiðis gera lítið úr þeirri dagskrártill., sem við flytjum nú, af því, að því að mér skildist, að það væru svo lítið áberandi menn í Sjálfstfl., sem bæru till. fram. Ég var nú ekki einn um þessa till. Að henni stóðu ekki færri en 6 sjálfstæðismenn, eða fullur helmingur þess flokks hér í hv. þd., svo það var fullkomin ástæða fyrir hv. stjórnarsinna að taka till. til greina þess vegna, ef þeir á annað borð vildu nokkuð sinna okkar óskum.

Hv. þm. N.-Ísf. fór hér að lesa upp gamla ræðu, sem hann sagði, að væri eitt sitt bezta glansnúmer á stjórnmálafundum. Mér er sem ég sjái hann á stjórnmálafundum lesa og leika þessa ræðu, því hann er góður leikari og fer vel að vera með leikaraskap. Þessi ræða Magnúsar Jónssonar, sem hann var að tala um, var flutt gegn þeirri hugmynd hæstv. núv. atvmrh., að allar alþýðutryggingar ættu að hvíla á atvinnurekendum. Hv. þm. veit, að þegar hv. Alþfl. flutti þetta mál í fyrsta sinn, þá stóð hann í sömu sporum og kommúnistar nú. Hann flutti þá málið í lýðskrumsástandi. Það var ekki alþýðan, sem átti að borga tryggingarnar, heldur atvinnurekendur. **(VJ:** Batnar mönnum mismunandi vel eftir því, hvort alþýðan eða atvinnurekendur borga?). Nei, en þetta sýnir mismunandi aðstöðu Alþfl. þá og nú, og ég verð að telja það framför, að flokkurinn hefir nú gert þetta mál að tryggingamáli, í stað þess að túlka það sem skattamál, eins og flokkurinn gerði þá. Hv. 1. þm. Reykv. var að mótmæla lýðskrumshlið þessa máls með þeirri ræðu, sem hv. þm. N.-Ísf. vitnar í.

Hv. þm. taldi, að það væri lítið lof, sem ég tileinkaði forstjóra tryggingarstofnunar ríkisins, sem alltaf hefði verið í ráðum um samningu alþýðutryggingarlaganna og breytinga á þeim. Ég tók það fram, að allt nýtilegt, sem í þessum l. væri, væri komið frá þeim manni, en sá mæti maður getur vitanlega ekki að því gert, þó flokkarnir síðan víki út frá hans till. eftir sínum hagsmunum.

Þá kom það einkennilega fram hjá þessum hv. þm., sem jafnan lætur þess getið, hve mjög hann gerhugsi öll mál, að hann vill láta taka ráðin af sjúkrasamlögunum, af því að yfirstjórn fræðslumála skipaði formenn skólanefnda. Hér er ekki um sambærileg málefni að ræða, þar sem hér er um svo miklu stærra og þýðingarmeira atriði að ræða. En það er svo einkennilegt, að þegar þessi hv. þm. er að verja það, sem hann í hjarta sínu er á móti — það veit ég —, þá vill hann rökstyðja mál sitt með því, að það sé til önnur vitleysa fyrir í löggjöfinni. Það sýnir aðeins, hversu lítilfjörlegur málstaður þessa hv. þm. er, og hversu augljóst rökþrot hans er orðið.

Ég skal ekki karpa lengur við hv. þm. Barð., hann vill eindregið, að Framsfl. eigi heiðurinn af því að hafa komið á breyt. á skipun tryggingarráðs. Það getur vel hafa vakað fyrir Framsfl., en ég staðhæfi, að þetta er framkomið innan n. frá hálfu okkar sjálfstæðismanna. Við erum sammála um þetta atriði, og ég vænti þess, að þessi brtt. verði samþ.

Þá vildi hv. þm. Barð. átelja það, að við hefðum ekki vakið máls á því, hversu óréttmætar brtt. við atvinnuleysistryggingarnar eru. Ég lét þess getið þegar í n., að við skiptum okkur ekki af þessu máli, sjálfstæðismenn. Við værum í heild á móti atvinnuleysistryggingum og þetta væri einskonar heimilismál á milli stjfl. En út frá því, sem þm. Barð. taldi, að þessar brtt. væru vafasamar, — það er og í fullu samræmi við það, sem hann áður hefir haldið fram hér á Alþingi um atvinnuleysistryggingar —, þá mun ég leyfa mér að vænta þess, að hann greiði atkv. á móti þessari gr. — Ég held, að það séu ekki fleiri atriði, sem ég þurfi að svara, enda nokkuð þýðingarlaust að vera að karpa um málið.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Jónsson): Um leið og við fellum þessar umr. af þakka ég fyrir viðskiptin. En vil þó um leið ekki láta því ómótmælt við hv. samnm. minn, er hann henti sú leiðinlega skyssa, að fullyrða, að sú ræða, sem ég las upp úr Alþtíð. eftir hv. 1. þm. Reykv., hafi verið flutt gegn einhverju sérstöku formi á tryggingum. Hún er flutt af því tilefni, að núv. hæstv. atvmrh. flutti till. til þál. um að skipa mþn. til að athuga og undirbúa tryggingarlöggjöfina. Og ræða hv. 1. þm. Reykv snerist öll um það, að mótmæla tryggingum yfirleitt, í hvaða formi sem þær væru. Sérstaklega lagði hann áherzlu á það, hvað hættulegar þær væru heilbrigði manna, og eins og ég greip fram í fyrir hv. þm., þá virðist það þó torskilið, að það hafi áhrif á bata tryggðra manna, hverjir greiða iðgjöldin. **(TT:** Sagði ekki formaður Framsfl., að Ítölum batnaði aldrei?).

Þá vil ég líka geta þess, að fyrir skömmu var hér staddur í hliðarherbergi yfirlæknir trygginganna, sem er málum þeirra allra manna kunnugastur, sérstaklega sjúkrasamlögunum. Hann óskaði eftir, að þess yrði getið hér í hv. deild, að það væri ósk sjúkrasamlaganna sjálfra, án tillits til allrar afstöðu til stjórnmála, að einn maður væri skipaður í hverja samlagsstjórn af tryggingarstofnuninni, og hann gat þess, eins og ég er áður búinn að upplýsa, að þetta hefði verið einróma samþ. á fulltrúafundi sjúkrasamlaganna, sem haldinn var á Akureyri síðastl. sumar. Og eftir því, sem mér skildist, þá mun þetta ekki síður hafa verið áhugamál sjálfstæðismanna, sem margir voru þarna samankomnir: Páll Þormar kaupmaður á Norðfirði, Sigtryggur Þorsteinsson á Akureyri **(SEH:** Hann er framsóknarmaður) og frá Siglufirði Jón Jónasson, sem mun þó vera sjálfstæðismaður. Nauðsyn þessa rökstyðja menn ekki síst með því, segir yfirlæknirinn, og er sjálfur á sama máli, að koma þurfi í veg fyrir, að einar bæjarstjórnarkosningar geti orðið þess valdandi, að hrundið sé e. t. v. hverjum einasta manni úr stjórn sjúkrasamlags og settir þar

inn menn, sem aldrei hafa komið nálægt þeim málum áður. Það megi ekki minna vera en tryggingarstofnunin hafi hönd í bagga um það, að alltaf sé tryggt, að einn maður eigi sæti í stjórn hvers samlags, sem málum þess sé kunnugur, og hæfur til að leiða stjórnina. M. ö. o., við hvert samlag á a. m. k. að vera einn maður, sem er valinn án þess að pólitísk afstaða hans sé ein látin ráða öllu um valið.

Loks vil ég geta þess, og skal það verða það síðasta, að það greinir líka á milli skilnings míns á sjúkrasamlögum og öðrum tryggingum, og þess skilnings hv. 5. þm. Reykv. á þeim málum, sem komið hefir fram hér í hv. deild, þar sem hann skoðar iðgjöld til tryggingа sem nefskatt. Ég er þar á öðru máli; ég skoða þau blátt áfram sem greiðslu fyrir keypt friðindi, alveg á samsvarandi hátt og þegar maður kaupir nauðsynjar í búð.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá minni hl. allshn., á þskj. 305, feld með 17:6 atkv.

Brtt. 304,1 samþ. með 19:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 304,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 248,1.a felld með 15:2 atkv.

— 248,1.b felld með 15:2 atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt 304,3 (ný 9 gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 248.2 felld með 16:2 atkv.

10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 15:6 atkv.

12.—15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 248,3 felld með 16:2 atkv.

16. gr. samþ. með 18:2 atkv.

17.—18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 357 samþ. með 16:2 atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 304,4 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 355 samþ. með 15:6 atkv.

20.—22. gr. (verða 21.—23. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 320 (samkv. breyt. á þskj. 355) samþ. með 20 shlj. atkv.

23. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

24.—25. gr. (verða 25.—26. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 304,5 samþ. með 19 shlj. atkv.

26. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

27.—35. gr. (verða 28.—36. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 248,4 felld með 16:2 atkv.

— 304,6 (ný 36. gr., verður 37. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

37.—43. gr. (verða 38.—44. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 359, 370, 372, 379, 380, 381, 382).

Of skammt var liðið frá útbýtingu allra brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Ég hefði óskað þess, að þetta mál fengi svo þinglega meðferð, að það hefði verið tekið fyrir í þeirri n., sem hefir fjallað um málið hér í d. á milli 2. og 3. umr. En þess hefir ekki verið kostur, og virðist því sem þessa máls biði sömu örlög í meðferð þingsins eins og þegar sjálf löggjöfin var sett. Það á að flaustra því af á síðustu dögum þingsins og þess ekki gætt, hvort brtt., sem fram eru bornar og samþykki ná, geti samræmzt löggjöfinni í heild. Slík meðferð verður vitanlega að vera á ábyrgð þeirra, sem einkum beita sér fyrir að knýja málið rannsóknarlaust gegnum þingið.

Minni hl. allshn., hv. 8. landsk. og ég, ber fram við þessa umr. nokkrar brtt. við frv.; við neyddumst til þess, þar sem meiri hl. gat ekki fallizt á okkar dagskrá við 2. umr. Ég vil þá leyfa mér að gera lítilsháttar grein fyrir þessum brtt.

1. brtt. á þskj. 370 er við 10. gr., um það, að þeir menn, sem hafa yfir visst tekjuhámark, skuli eiga kost á að tryggja sig í sjúkrasamlögunum, ef þeir greiða allt að helmingi hærra gjald. Í gr. er svo ákveðið nú, að þeir skuli greiða a. m. k. helmingi hærra iðgjald. Frsm. meiri hl. lét þess getið, að þetta helmingi hærra táknaði 100% hærra. Nú er það svo, að samkv. 35. gr. l. eiga ríki og bæjarfélög að leggja fram 50% af iðgjöldum hinna tryggðu. Ég hefði talið nægilegt, að þessir menn væru látnir standa sjálfir undir sínum tryggingum, þannig að þeir greiddu 50% hærra gjald en aðrir samlagsmenn og að stjórn sjúkrasamlaganna væri gefin heimild til að ákveða, að þeir gætu öðlazt rétt til hlunninda með þessu móti. Þeir yrðu þeim mun verr settir en aðrir, að þeir þyrftu að greiða 50% hærra gjald, og það væri undir stjórn sjúkrasamlagsins komið, hvort hún léti þar við sitja eða hvort hún teldi nauðsynlegt að láta greiða allt að helmingi hærra gjald en aðra. En það er vitanlegt, að ákvæðið um þetta eins og það er nú í l. getur orðið til þess að útiloka þessa menn alveg frá tryggingu.

2. brtt. er við 11. gr., og í sambandi við hana eru í raun og veru líka 3. og 4. brtt., sem miða allar í þá átt að láta það skipulag haldast um stjórn sjúkrasamlaganna, sem löggjafanum þótti í upphafi rétt að hafa. Það var enginn ágreiningur um það, þegar l. voru sett 1935, að framkvæmd sjúkratrygginganna skyldi vera í höndum bæjarstjórnanna. Og ég fann ekki, að við 2. umr. þessa máls kæmu fram neinar frambærilegar ástæður til að breyta þessu. Það er vitað, að eini tilgangurinn með þessu er sá, að koma óréttmætri pólitík inn í þetta mál. Mér er engin launung á því, að þetta ákvæði er sett beinlínis í þeim tilgangi að bola framkvæmd sjúkratrygginganna í hendur jafnaðarmanna í Reykjavík og hafa framkvæmd þeirra þar með ranglega af meiri hl. bæjarstj. í Reykjavík. Það sjá allir, sem vilja líta á málið með skynsemi,

að það er ekki til að auka vinsældir málsins að breyta þessu þannig, að láta minni hl. í bæjarfélaginu fá í hendur framkvæmd þessara mála, heldur verður það einungis til að auka á deilurnar og óvinsældir málefnis, sem er jafnnauðsynlegt að friður sé um. Mig skyldi ekki undra þá, að uppskeran af þessu yrði í hlutfalli við þann höfuðtilgang, sem á bak við liggur. En eigi veldur sá, er varir.

Þá er 5. brtt. við 32. gr. þessa frv. Við höfum að vísu borið fram aðra till. við sömu gr., en þar sem hv. þm. Mýr. og hv. þm. Barð. hafa borið fram samskonar till., þá mun ég athuga undir umr., hvort ekki verði fallið frá okkar till. Ég þarf að ræða það við hæstv. forseta, hvernig málið verður borið upp, áður en við ákveðum það. Við höfum ætlazt til þess, að þau réttindi, sem ákveðin eru í 62. gr. l. til handa einstökum starfsmannastéttum, skyldu haldast. Það er svo samkv. gildandi l., að starfsmenn ríkisins hafa mátt velja um það, hvort þeir vilja vera tryggingarskyldir hjá lífeyrissjóði Íslands eða vera áfram í einstökum tryggingarsjóðum starfsmannastéttanna. Það hafa iðulega komið fram ákveðin tilmæli um að mega njóta þeirra réttinda áfram. Það hafa t. d. tvisvar komið um það tilmæli frá símamannastéttinni, að mega hætta hinni sérstöku tryggingu stéttarinnar, en verða tryggingarskyldir hjá lífeyrissjóðnum. Þetta mál hefir fengið allsæmilegan byr, en ekki náð fram. Ég geri ráð fyrir, að ég þurfi að taka til athugunar ýmsar af brtt. annara hv. þm., en geri það að sjálfsögðu ekki fyrr en þeir hafa mælt fyrir þeim. Ég skal geta þess, að brtt. á þskj. 379 kemur frá allshn. allri.

***Einar Olgeirsson:** Ég get verið stuttorður um þær brtt., sem ég flyt hér, enda eru þær nokkuð ljósar fyrir þá, sem á annað borð hafa fylgzt með umr., sérstaklega því, sem fram fór við 2. umr. — 1. brtt. gengur í þá átt að tryggja það, að þeir, sem nú yrðu útilokaðir frá tryggingu samkvæmt þessu frv., hefðu réttindi til hlunninda samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. — 2. brtt. gengur út á það, að tryggingarstofnunin hafi einhver tök þarna gagnvart læknunum, þannig að ef ekki náist hagkvæmir samningar við þá, þá sé hægt að beita þessu ákvæði. Gagnvart sjúkrahúsunum væri hinsvegar ekki hægt að beita því, vegna þess, að þá mundi það einungis koma niður á sjúklingunum. — 3. brtt. miðar að því að reyna að tryggja það, að gamalmennum verði borguð út ellilaun. Það verði stefnt að því, að í stað framfærslustyrks komi ellilaun án alls réttindamissis. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þessar brtt., en það verður sem sagt okkar lokaúrræði að reyna að koma þessum till. í gegn til þess að reyna að afmá verstu annmarka á frv.

***Bergur Jónsson:** Auk þess sem ég er meðflm. að brtt., sem allshn. flytur hér öll í einu lagi og meiri hl. hennar, ber ég hér fram brtt. ásamt hv. þm. Mýr. um breyt. á 32. gr. Þessi brtt. fer fram á það, að starfsmenn Landsbankans fái undanþágu frá því að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands, vegna þess að þeir eru með sérstökum l. frá 1928 skyldir til að koma sér upp tryggingarsjóði fyrir alla starfsmenn bankans. Það er rétt, sem fram hefir komið í umr. innan n., að það eru vitanlega fleiri, sem líkt stendur á um, eins og t. d. starfsmenn Útvegsbanka Íslands, en munurinn er sá, að starfsmenn Landsbankans hafa neyðzt til þess að stofna sjóðinn samkv. fyrirmælum í l., en hinir ekki. Mér finnst þess vegna ekki ástæða til að líta á till. sem fordæmi, sem dragi dilk á eftir sér. Ég ætla rétt að geta þess viðvíkjandi brtt. þeirra hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk., að hún er vitanlega borin fram til þess að símafólk fái fram sinn vilja, að komast undir lífeyrissjóð Íslands, en losna við að greiða í lífeyrissjóð embættismanna. Ég vildi gjarnan í sjálfu sér geta tekið undir þetta, vegna þess að mér finnst þetta sanngjarnt með tilliti til þess, að pósturinn hefir fengið endurgreitt úr lífeyrissjóði embættismanna. En eftir því sem mér er tjáð, þá mun sjóðurinn ekki vera fær um að endurgreiða það, sem þyrfti til símafólksins, ef þetta yrði samþ. Ég get af þessum ástæðum ekki fylgt þessum brtt. að þessu sinni. En ég vil vekja athygli á því, að þessi brtt. gengur í öfuga átt við brtt. okkar um starfsmenn Landsbankans.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Það hefir farið svo með þeim flausturslega undirbúningi, sem þetta mál hefir fengið, að ekki hefir orðið tími til að reyna að koma sér niður á samkomulag um þetta mál. Það hefði verið ástæða til, að n. hefði verið fáanleg til að fella eitthvað burt af þeim ákvæðum, sem miður fara í frv., og bæta þá öðrum inn í, þar á meðal ýmsum breyt., sem ráðgert var, að gæti komizt hér inn með frv., sem ég o. fl. bárum fram á öndverðu þingi. Það er mikið mein, að þetta mál hefir sætt þeirri meðferð í þinginu, að það hefir ekki gefizt ráðrúm til þess að flokkarnir gætu gert nokkurt samkomulag um þetta mál, sem mætti telja varanlegt. Hv. frsm. sagði, að Sjálfstfl. hefði alla tíð og alstaðar verið á móti öllum tryggingum. Ég býst við, að hv. þm. gangi illa að sanna þessi orð sín. En hitt er sannleikur, að sjálfstæðismenn hafa viljað fara þá leið að undirbúa þetta mál betur í samræmi við vilja fólksins, sem við tryggingarnar eiga að búa, en það vildu flokksmenn hv. þm. ekki. Þessi hv. þm. var að vísu ekki þá á þingi, en það hefir komið fram hjá honum nú, að hann vildi þá, að málinu yrði flaustrað gegnum þingið án þess að aðiljar úti um land fengju að segja sitt álit á því. Hv. þm. sagði, að málið hefði verið undirbúið í n. Það er rétt, en sú n. var þannig skipuð, að það var ekki óeðlilegt, að sá flokkur hér á þingi, sem hafði meiri hl. þjóðarinnar að baki sér, vildi fá að segja sitt orð um málið, en það fékkst nú ekki. Nú er um það verið að ræða að breyta þessum l., og það er sannast að segja, að það virðist ekki eiga að breyta til um afgreiðslu málsins. Það virðist eiga að hafa sömu aðferðina og þegar l. voru sett, að flaustra því af athugunarlaust.

Sumar breyt. eru lítilsverðar, en aðrar eru

þó þannig, að þær eru mjög meinlegar, einmitt að sumu leyti fyrir almenning, og að öðru leyti fyrir þá stofnun, sem verður að ráða miklu um framkvæmdirnar. Nú býst ég við, að þetta verði samt sem áður samþ. í höfuðatriðum, sem meiri hl. hefir komið sér saman um, og við það verður ekki ráðið. En það verður ekki til ánægju og ekki til frambúðar. Það sannast, að þegar á næsta þingi verður að gera frekari gangskör í þessu máli, og þá mun koma betur í ljós, að það ríkir ekki heldur ánægja með þær breytingar, sem eru í þessu frv. og eiga að verða að lögum.

Ég vil gera aths. við nokkur atriði, þó ég hafi ekki komið fram með brtt., samhljóða því, sem er að finna í frv., sem sjálfstæðismenn hafa borið fram áður, með því að þær myndu verða felldar, án þess að gengið væri inn á samkomulag um þær. Ég vil meina það, að t. d. þær 2 brtt., sem að nokkru leyti er að finna í frv. mínu og fleiri og teknar eru upp í þetta frv., séu til bóta. Í fyrsta lagi er það, sem snertir ellistyrktarsjóðina eða vextina af ellistyrktarsjóðunum, en eins og kunnugt er, þá var það ekki aðeins að margra dómi ólöglegt að taka umráðin af héruðunum, heldur var það líka svo óvinsælt, að allir menn, þm. úr hvaða flokki sem var, urðu að játa, að það var gálaust verk að fara þessa leið. Það var gálaus leið að ráðast í þetta ofan á allt annað, sem tekið var af þeim og fært inn undir þennan sjóð, að taka líka vextina af ellistyrktarsjóðum sveitanna, sem þeir sjálfir höfðu stofnað, og telja þá með í þeim tillögum, sem sjálfur lífeyrissjóður Íslands átti að leggja fram. Nú er verið að ráða nokkra bót á því, þó ekki eins gagngert að orðalagi eins og í frv. því, sem ég minntist á. Ég vil leggja þann skilning í þetta yfirleitt, og slá því föstu fyrir mitt leyti, þangað til því verður mótmælt af meiri hl. n. og hv. flm., að með þessu sé tilgangurinn sá, að leggja meðferð vaxta ellistyrktarsjóðanna aftur í hendur sveitanna og sveitastjórnanna að fullu og öllu, svo að þetta verði framkvæmt þannig, að sveitirnar geti lagt vextina til sem hluta af sínum framlögum, og þannig beri að skilja þessi ákvæði, sem þetta frv., sem hér liggur fyrir, inniheldur.

Í öðru lagi er þarna að finna nokkra endurbót í samræmi við það, sem áður hefir komið fram frá mér og öðrum á ákvæðum slysatryggingarl. Það er þó ekki full réttarbót frá því, sem áður var. Þetta er í því atriði, að foreldrar, sem missa afkomendur sína af slysum, eiga að fá frekari bætur og meir í áttina til þess, sem áður var, heldur en l. gera ráð fyrir. Það er bót að þessu, og það er enginn vafi á því, að þetta ákvæði er tekið upp í l. vegna hinnar almennu óánægju og þeirrar almennu réttlætiskröfu, sem fram hefir komið um þetta frá fólkinu sjálfu.

Þessu vil ég slá föstu, en um leið og það er gert og þess vænzt, að það verði framkvæmt í samræmi við þetta, þá er ekki hægt að leyna því, að það þarf miklu fleira til þess að þessi löggjöf verði sanngjörn fyrir sjálfan almenning, og mun næsta þing sanna það og hv. þm. þá, að það verður að gera frekari gangskör í þessu máli, og tel ég ekki þörf á að tína upp þau atriði, sem till. eru um breyt. á og sýna þetta.

En ég vil aðeins geta þess viðvíkjandi þeim till., sem hér hafa komið fram sem brtt., og að sumu leyti viðvíkjandi því, sem samþ. hefir verið við 2. umr. málsins, að með 62. gr., sem eins og kunnugt er hefir nokkuð verið deilt um, sem ekki er að undra, er mynduð að fjármagni til önnur höfuðstoð þess sjóðs, sem kallaður er lífeyrissjóður Íslands. Þar er tekinn hinn stærsti sjóður, sem til var, sem verður brátt 2 millj. kr., sem embættismenn landsins eiga og hafa lagt allt til, nema það, sem l. hafa skyldað hið opinbera til að leggja á móti, og færður inn á þetta svið. Stétt sú, sem stóð að þessum sjóði var mjög óánægð með þetta, og því bárum við fram till. til bóta á þessu frá því, sem er í frv., um það, að þessi gr. yrði felld úr l., svo þessi sjóður, sem búið er að koma upp með of miklum gjöldum, sem þessi stétt hefir mátt bera í öll þessi ár, fái að halda sér.

Þetta er aðalbreyt., sem ekki er tekin til greina af þeim, sem mynda meiri hl. um þetta mál. En það er ekki nóg með það, heldur var farið fram á og samþ. við 2. umr. að gera þessa miklu breyt., sem gerð var með 62. gr., enn verri en hún var í l., eða m. ö. o. að loka öllum sundum fyrir þessari stétt um það, að fá nokkra aðhlynningu um leið og fé hennar væri rænt.

Eins og kunnugt er, þá segir 1. málsgr. 62. gr. fyrir um það, að lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara skuli lagðir undir stjórn tryggingarstofnunar ríkisins, þó með þeirri undantekningu, að þeir embættismenn og barnakennarar, sem enn greiða iðgjöld í sjóði þessa, skuli gera það framvegis eftir sömu reglum og áður, og eru þeir þá ekki tryggingarskyldir annarsstaðar. En 2. og 3. málsgr. gera frekari heimildir og undantekningar, sem sannarlega ekki veitti af.

Það hefir nú komið fram, að ýmsar stéttir hafa viljað nota þessar heimildir, og það er vafalaust, að fleiri munu á eftir fara, þó aðalkröfurnar séu frá þessum stéttum, sem eiga þessa miklu sjóði, um að fá að halda þeim. Þó mun svo fara, þegar þar að kemur, að þetta er allt komið undir einn hatt, að stéttirnar vilji nota þessar heimildir, sem málsgr. veita, en nú stendur til að afnema með frv., ef þær eru þeim gefnar í hendur.

Nú liggur fyrir brtt. frá minni hl. allshn. um það, að þessi gr. frv., sem í er ákvæði um burtfellingu þessarar málsgr. í 62. gr., falli niður, eða m. ö. o., að málsgr. fái að halda sér eins og þær eru í l., og það má ekki minna vera en að það verði látið eftir.

Nú kemur hér ýmislegt fram, eins og kunnugt er. Það er ekki aðeins þannig, að á ókomnum tímum verði það svo, að ýmsir óski eftir að nota þessar heimildir, heldur liggja fyrir ákveðnar kröfur og hafa legið fyrir undanförnum þingum um það, að mega strax fá þessa heimild, frá starfsfólki landssímans. En eins og kunnugt er, þá hefir þessari heimild verið frestað nú þessi árin, og það kemur af því,

sem hv. þm. Barð. gat um, og það sýnir eitt með öðru, hversu óðagotslega hefir verið að málinu gengið og hversu lítið það hefir verið hugsað, þar sem sjálf stofnunin getur ekki staðið við þær skuldbindingar, sem hún með lagasetningu hefir tekið að sér. Fyrir því hefir þessari heimild verið frestað. Starfsmenn landsímans óska að fara þegar inn í lífeyrissjóð Íslands, ekki vegna þess, að þeir vilji í sjálfu sér sleppa sínum sjóði, heldur af því, að þeir sleppa betur með sín gjöld, og í annan stað og sér í lagi af því, að þeir geta fengið sitt fé aftur úr sínum eigin sjóði. En ef þessar heimildir eru burtu teknar, þá eru þeir algerlega á klakann settir, þar sem þeir eru skyldir til hins, en fá enga heimild til að bjarga neinu af sínu. Í þessu er engin mótsögn, því þegar lagasetningin er komin, þá verða menn að lifa undir henni á þann hæfilegasta hátt, sem hún gefur í hendur. En það er ósvinna í löggjöf að ráðast inn á svið stofnana og einstaklinga og gefa í skyn og jafnvel lögsetja um heimildir, svo menn geti bjargað sínu, ef svo á að taka það frá þeim á eftir.

Það hefir komið fram till., að því er virðist frá allri n., vegna starfsmanna Landsbanka Íslands. Það er síður en svo, að ég sé á móti þeirri till. Hún fer í þá átt að gefa þessu fólki nokkuð í aðra hönd, eða heimild til að ráða nokkru um sitt eigið fé eða sína eigin sjóði um leið og það verður að skilja við þá. En það getur vitanlega komið til greina, að fleiri geti fengið slíkan rétt. Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þm. Barð., að þetta fólk við Landsbankann var skyldað til þess með l. að stofna sinn lífeyrissjóð, sem heitir eftirlaunasjóður. Þetta er gert í landsbankalögunum, að skylda þá til þess. En hvað segir hv. þm. þá um embættismenn og barnakennara og aðra, sem ekki eru skyldaðir til þess með einni lagagr., heldur með heilli löggjöf, að vera undir þetta skyldaðir og beygðir, sem í raun og veru á ekki að vera nein neyð, að stofna lífeyrissjóð, þó ég hafi það á vitundinni að það sé alltof mikill baggi á þessari stétt, með því iðgjaldi, sem mönnum er gert að greiða í þennan stóra lífeyrissjóð.

Þó að það sé ekki nema á þessu eina sviði, þá er það réttmætt, en fleiri ættu þá að geta komið til greina, því aðrar stéttir eru í sama plani, ef svo má segja. Ég mun fylgja þessari brtt., af því að hún er sanngjörn, eins og ég mun fylgja öllum brtt., sem koma inn á sama svið, og vilja létta undir með fólki að komast í gegnum það millirúm, sem orðið hefir í framkvæmdinni á milli þess nýja og hins eldra.

Ég tel ekki þörf á því að fjölyrða meira um þetta. Eins og ég gat um, þá verða engin tök á því á þessu þingi, þó vafalaust komi að því á næsta þingi, að gera frekari bragarbót á málinu.

Gísli Guðmundsson: Það hefir verið sagt af sumum hv. þm., sem hér hafa talað, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé ekki nægilega undirbúið og sérstaklega að þingið hafi heldur lítinn tíma til þess að athuga það og gera á því þær endurbætur, sem kann að þurfa. Það er vitanlega æskilegt í hverju tilfelli, að sú löggjöf, sem kemur frá þinginu, sé undirbúin sem bezt og þingið geti athugað hana sem bezt. En ég hygg, að það, sem hv. þm. hafa sagt í sambandi við þetta mál, sé nokkuð ofmælt, því eins og upplýst hefir verið, þá er þetta mál að nokkru leyti undirbúið af tryggingarstofnun ríkisins, sem hefir á að skipa þeim sérfræðingi, sem færastur er í þessari grein, svo það verður ekki annað sagt en það hafi verið vel undirbúið viðvíkjandi hinum teknisku atriðum.

Ég vil leyfa mér að benda á, að það er engan veginn ótítt, að mál komi seint inn á þing og séu afgr. á skömmum tíma, ef þau eru þannig vaxin og undirbúin, að það sé fært. Í þessu sambandi vil ég minna á eitt mjög stórt mál, sem kom í fyrsta sinn til umr. í dag, en það er hið þýðingarmikla frv. um aðstoð við bændur á mæðiveikisvæðinu, og þó hygg ég, að menn séu sammála um það í öllum flokkum að afgr. þetta mál frá þinginu, þó þingið hafi ekki haft það til meðferðar lengur. Ég held því, að það, sem hv. þm. hafa sagt um, að ekki sé fært að samþ. þetta mál sökum undirbúningsleysis, sé ekki á fullum rökum reist.

Ég vil telja, að það frv., sem hér liggur fyrir, feli í sér verulegar endurbætur á alþýðutryggingarl., og eru það sérstaklega 2 brtt., sem ég legg mest upp úr. Ég vil þá í fyrsta lagi nefna þá breyt., sem gerð er í sambandi við vextina af ellistyrktarsjóðum bæjar- og sveitarfélaga. Við hv. þm. Barð. fluttum á þinginu í fyrra frv. um þetta efni, sem var ekki samþ. þá, en nú felur þetta frv. í sér þá breyt., sem við fórum fram á. Annars er það svo, að viðvíkjandi ákvæðum alþýðutryggingarl., eins og þau eru nú, þá hefir frá upphafi verið nokkur ágreiningur um, hvernig skilja bæri þetta efni. Sumir litu þannig á, og þar á meðal merkir lögfræðingar, að l. hefðu ekki verið rétt skýrð eins og þau voru skýrð af tryggingarstofnun ríkisins. Ég fyrir mitt leyti, sem ekki er sérfræðingur í lögskýringum, leit þannig á og ég er þeirrar skoðunar enn. Eigi að síður taldi ég sjálfsagt bæði í fyrra og eins nú, að skýrt væri fram tekið um þetta í breyt. á l., svo ekki væri um deilt. Ég vil ekki láta hjá líða að geta þess, að ég hefi þennan skilning enn, sem ég hafði, hvort sem hann mun vera réttur eða ekki.

Ég vil leggja áherzlu á það í þessu sambandi, þó um það sé að vísu ekki nein deila, að í þessu frv., eins og í l. eins og þau voru upphaflega afgr., er slegið föstu einu mikilsverðu atriði, sem er það, að ekki er í þessu frv. fremur en í l. sjálfum gerður neinn munur í kaflanum um ellitryggingar á ellilaunum eða elligreiðslum til manna eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Ég tel í þessu sambandi, að þá sé það einmitt mjög mikið réttlætismál, að ekki sé gerður munur á mönnum í þessu efni eftir því, hvar þeir búa á landinu, og það er vel farið, að þessu hefir verið ráðst. þannig, bæði í l. eins og þau voru upphaflega sett og eins í þessu frv.

Ég skal svo ekki frekar ræða um aðalatriði þessa frv., sem hér liggur fyrir. En hér eru komnar fram 2 brtt., sem að nokkru leyti eru sama efnis. Þessar brtt. eru á þskj. 380 og 382. Ég ætla að minnast á brtt. á þskj. 380 í

þessu sambandi. En þessi brtt., frá hv. þm. Barð. og hv. þm. Mýr., fer fram á þá breyt. á kaflanum um ellitryggingar, að um sjóðfélaga í eftirlaunasjóði Landsbanka Íslands skuli gilda þau ákvæði, að þeir séu undanþegnir iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs Íslands. Þessi till. byggist á því, eins og hv. 1. flm. tók fram í sinni ræðu, að starfsmenn Landsbankans hafa sjálfir sinn lífeyrissjóð, eftirlaunasjóðinn, sem er þannig myndaður, að þeir greiða 3% af launum sínum og þar á móti greiðir bankinn 3%, og með þeim greiðslum er sjóðurinn myndaður. Nú er það svo, að það munu hafa verið uppi fyrir nokkru síðan óskir um það frá þessum mönnum, að þessu væri breytt í þessa átt, en til þess að mæta þeim óskum, þá hefir við undirbúning þessa frv., sem hér liggur fyrir, verið gengið frá nýjum ákvæðum, sem eru á þá leið, að þessir menn og aðrir, sem líkt stendur á um, geti fengið endurgreiðslu á hluta af því iðgjaldi, sem þeir greiða í lífeyrissjóð Íslands, og endurgreiðslur þessar eru ákveðnar með því móti, að greidd er meðalupphæð iðgjalda, sem inn koma á því svæði, sem sjóðurinn er starfandi á. Ég gerði ekki ráð fyrir að bera fram sérstaka brtt. við þetta, af því ég leit svo á, að nokkuð væri komið á móts við óskir manna í þessu efni. En fyrst hér er komin fram brtt. um að leysa þessa menn frá skyldu til þess að greiða í lífeyrissjóð Íslands, þá get ég ekki látið hjá líða að benda á, að það er önnur stofnun, sem nákvæmlega stendur eins á með, en það er Útvegsbanki Íslands. Starfsmenn þeirrar stofnunar hafa myndað slíkan eftirlaunasjóð með reglugerð, sem samþ. er af fulltrúafundi bankans, og staðfest af bankaráði, og á sínum tíma gerð með samþykki þáverandi fjmrh. Þessi reglugerð er í öllum aðalatriðum sniðin eftir þeirri reglugerð, sem eftirlaunasjóður Landsbanka Íslands lýtur, og iðgjöld þau, sem starfsmenn Útvegsbankans greiða í þennan sjóð, eru jafnhá og þau iðgjöld, sem starfsmenn Landsbankans greiða í sinn sjóð. Frá bankans hálfu er það beint skilyrði fyrir starfsmenn bankans, að þeir tryggi sig í þessum sjóði, svo fyrir þá er þetta sama sem lög.

Nú hefir frá starfsmönnum Útvegsbankans borizt erindi til þingsins, og fylgja því meðmæli frá stjórn bankans. Og af því ég lít svo á, að hér sé að ræða um samskonar stofnanir og hér standi nákvæmlega eins á um tryggingar, þá vil ég leyfa mér að bera fram við brtt. á þskj. 380 skriflega brtt. þess efnis, að sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands falli undir sömu ákvæði og þessi brtt. gerir ráð fyrir, og vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta hana.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Þ. við brtt. á þskj. 380, að á eftir orðunum „nr. 10 15. apríl 1928“ komi: og sjóðfélagar í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands. Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, svo það þarf tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá A. 391) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sigurður Kristjánsson: Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að rekja sögu þessa máls, hvers vegna þeir fáu menn, sem tryggðir voru hér á landi áður en þessi lög gengu í gildi, hafa verið látnir sæta sérstökum bráðabirgðaskyldum. Á því er enginn vafi, að tilgangur alþýðutryggingaganna hlýtur að hafa verið sá, að allir menn yrðu tryggðir á einhvern hagkvæman hátt. Þá er það merkilegt, að löggjafinn skuli hafa seilzt til þeirra manna, sem þegar voru tryggðir, og ennþá merkilegra, ef löggjafinn gerir sér leik að því að finna út, hvað illa sé hægt að fara með þá menn.

Ég ætla ekki að fara langt út í málið almennt, því að þetta hefir verið rætt nokkuð af öðrum hv. þm. Ég sný máli mínu að 32. gr. þessa frv., en hún er breyt. á 62. gr. tryggingarlaganna. Þessi 62. gr., 2.—3. málsgr., mælir svo fyrir, að hver embættismaður eða barnakennari, sem var yngri en fertugur, þegar lögin öðluðust gildi, skuli hafa rétt til að hætta greiðslum til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, en taka sér í stað þess tryggingu í lífeyrissjóði Íslands og fá þá endurgreidd iðgjöld sín úr lífeyrissjóði embættismanna og barnakennara. — Það er alviðurkennt, að þessir sjóðir eru eign hinna tryggðu. Iðgjöld þeirra voru lögákveðin nokkuð há, — eiginlega eftir ágizkun út í loftið, því að þá var lítil þekking á slíku fengin —, 7% af launum öllum. Óhætt er að fullyrða, að þetta gjald reyndist lágtekjumönnunum ákaflega erfitt. Það er ekki létt fyir menn, sem varla hafa vitað, hvernig þeir eiga að draga fram lífið, t. d. margra kennara, símamenn, póstmenn, o. fl. Undan þessu var líka mjög mikið kvartað. En líkur bentu til þess, að þó nokkur lagfæring hefði orðið, þótt ekki hefðu komið lög um alþýðutryggingar, því að sjóðir þessara stétta uxu mjög ört. Iðgjaldið virtist hafa verið ákveðið ríflegra en þörf varð fyrir. Ég geri ráð fyrir, að þetta hafi þeir þm. skilið, sem samþykktu 2.—3. lið 62. gr. tryggingarlaganna.

En á framkvæmdinni hafa orðið þau mistök, sem mönnum eru kunnug. Þessari ráðstöfun, að heimila útborgun iðgjalda, var tekið ákaflega vel af flestum starfsmönnum, sem það mál snerti. — Að sjálfsögðu var það ekki nema tiltölulega lítill hluti þeirra, sem kærði sig um að nota heimildina. Því að þeir, sem vel voru efnum búnir eða höfðu góðar tekjur, hafa vafalaust viljað halda áfram að tryggja sig hærri tryggingunni. Heimildin hefði aðeins haft „praktiska“ þýðingu fyrir þá efnalitlu eða tekjulágu. Nú vil ég ekki gera ráð fyrir, að 62. gr. hafi verið sett að óyfirlögðu ráði, heldur til að tryggja, að þeir, sem lagt höfðu fé sitt í hina eldri lífeyrissjóði, fengju rétt sinn. En framkvæmd 2.—3. málsgr. greinarinnar hefir verið frestað, og nú hefir verið lagt til að fella þá liði niður, afnema heimildina, líklega af því að hún væri erfið í framkvæmd sem stendur.

Þar kemur að því undarlega. Var það ekki athugað nógu vel, að þessir sjóðir yrðu að varðveitast þannig, að hægt væri fyrirvaralaust að greiða þeim eign sína, sem áttu? — Enginn efast um, hverjir eiga sjóðina. Ég geng út frá því, þangað til ég veit annað, að þetta sé hugsað

alveg prettalaust af hálfu löggjafans og þeirra, sem nú hafa sjóðina í sínu valdi. Gerum jafnvel ráð fyrir, að stjórnin fengi frestinn lengdan enn til þess að búa sig undir að fullnægja skuldbindingum 62. gr. tryggingarlaganna, 2.—3. málsgr. Það yrði ekkert stórfé, miðað við vöxt sjóðanna, sem hún þyrfti að snara út, því að ég geri ekki ráð fyrir, að krafan kæmi nema frá lágtekjumönnum. En ef það er ekki hægt, ef sjóðurinn er þannig varðveittur, að hann geti ekki leyst af hendi skuldbindingar sínar, þá er það mjög vítavert.

Nú urðu þau mistök á setning bráðabirgðaákvæðanna um frestun 62. gr., sem mér finnst tæplega sæmandi. Þau voru ekki samþ. fyrr en nokkru eftir að alþýðutryggingalögin gengu í gildi. Þess vegna varð örstutt tímabil, er hlutaðeigendur höfðu tækifæri til að breyta um trygging sína, eins og 62. gr. heimilar, og fá útborgað fé sitt, vaxtalaust. Um þetta vissu sárfáir, og sjálfsagt engir utan Reykjavíkur. Þessu mun hafa verið stungið að nokkrum mönnum, að þarna væri opin leið, en mundi brátt verða lokað. Því sættu nokkrir því færi, t. d. póstmenn hér í Reykjavík og nokkrir aðrir. Nú er alveg þersýnilegt, að þarna hefir skapazt ákaflega mikið misrétti, þar sem fáum mönnum er veitt tækifæri að ná rétti sínum, en lokað leið fyrir öðrum. — Nú eiga bráðabirgðalögin bráðl. að falla úr gildi, og ef það verður áður en lagabreytingarnar, sem hér eru til umr., geta komið til framkvæmda, mundi opnast nýtt tækifæri til hins sama. En það er víst ætlazt til, að frv. verði orðið að lögum áður en tækifærið gefst, svo að hægt sé að loka sjóðum þessara manna fyrir þeim sjálfum. Það er auðséð, að mikið þykir við liggja, ef það tekst ekki með samþykkt 32. gr. frv. að losna við 2.—3. málsgr. 62. gr. í tryggingarlögunum.

Það mátti heyra á ræðu hv. nefndarformanns (BJ), að honum þótti það sanngjarnt og í alla staði réttmætt, að menn fengju greidda eign sína og væri heimilað að tryggja sig í hinum almenna lífeyrissjóði. En þm. sagði, að því er mér skildist, að hann ætlaði samt ekki að vera með því, sem hann taldi rétt og skylt. Og hver var ástæðan? Hún var sú, að sjóðirnir væru ekki færir um að borga. — Það er nokkuð skrítið, ef sjóður, sem maður á, getur ekki greitt innieignina, þó að sæmilegur frestur hafi verið gefinn. Því aðeins er sjóðurinn ekki fær um það, að hann sé festur eða tapaður.

Það var kunnugt, að þessir sjóðir voru orðnir geysilega fésterkir; þeir munu hafa verið komnir nokkuð á 3. milljón. Og þó að nú komi kröfur um 100—200 þús. kr. endurgreiðslur á iðgjöldum, sýnist ekki til afskaplega mikils mælzt. En sjóðirnir eru ekki sagðir færir um að greiða það. Hvers vegna? Ég ætlazt til, að yfirstjórn þessara sjóða svari til þess. Að öðrum kosti verður að skilja ummæli hv. form. svo, að fé sjóðanna muni vera glatað. Ég vil fá að heyra það af vörum þeirra, sem ættu að vita þetta bezt, hvar sjóðirnir eru geymdir eða hvort þeir eru til. Það er í meira lagi óviðkunnanlegt, að geta ekki losnað við þann grun, að fé, sem ríkisstj. geymir, sé ekki vel geymt. Ég krefst svars, undandráttarlaust, í nafni þessa fólks, sem sjóðina á og margt er kjósendur mínir, um það, hvort sú aðdróttun, sem fólst í orðum hv. þm. Barð., er á rökum byggð.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Jónsson): Ég tek fyrst nú til máls, þó að ég hafi framsögu fyrir meiri hl. n., og dró það svo til þess, að takast mætti að stytta þessar umr.

Auk brtt. á þskj. 379, sem allshn. flytur öll og fer í þá átt að heimila skipun þriggja varamanna í tryggingarráð flytur meiri hl. tvær litlar brtt. á þskj. 381. Þær eiga við 11. og 13. gr. frv. og fara báðar í þá átt að skýra nánar, hvernig formenn samlaganna skuli skipaðir. Eins og frv. er nú, er þar svo á kveðið, að tryggingarstofnun ríkisins skipi formennina. Það er nokkuð óglöggt orðalag, þegar til framkvæmda kemur, og þykir réttara að taka skýrt fram, að ráðherra skipi formenn eftir tillögum tryggingarráðs. Ráðið gerir fyrst till. sínar um, hvernig skipa skuli formann, en ráðherra framkvæmir skipunina. Meiri hl. n. mælir með þessum till., að þær nái samþykki, en hinsvegar, að aðrar framkomnar brtt. verði felldar. Einstakir nm. hafa þó óbundnar hendur um brtt. á þskj. 380, sem form. n. flytur með öðrum þm., um það, að sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans skuli undanþegnir iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs Íslands, eins og hv. flm. hefir þegar lýst og talað fyrir. Sama gildir um skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Þ. um að gera samsvarandi undanþágu fyrir samsvarandi sjóð í Útvegsbankanum. Öllum öðrum brtt. er meiri hl. n. algerlega mótfallinn.

Ég verð að mótmæla hv. þm. Snæf., þegar hann segir um fyrirhugaða skipun á formönnum samlagsstjórnanna, að þar sé með frv. reynt að koma að óréttmætri pólitík. Þetta er röng getsök hjá hv. þm. Óréttmæti hennar má þegar sjá á því, að fyrsta krafan um þessa breytinğ kom frá sjúkrasamlögunum sjálfum. Á fundi á Akureyri í sumar, þar sem fulltrúar allra samlaga og af öllum stjórnmálaflokkum komu saman, þar á meðal margir samflokksmenn hv. þm., var einmitt samþ. þessi krafa með almennu fylgi fulltrúanna. Í öðru lagi er þetta nauðsynleg ráðstöfun til að tryggja, að í stjórn hvers samlags sé a. m. k. einn maður, sem vissa sé fyrir, að hafi þekkingu og áhuga á starfinu. Ég verð að lýsa yfir því, að ég teldi mjög illa farið, ef í framkvæmd þessa mannavals réðu pólitískar ástæður. Ég þykist mega fullyrða og treysti því, að það verði fyrst og fremst leitazt við að fá þá hæfustu menn, sem völ er á, og algerlega ástæðulaust að vantreysta hinu, að sjúkrasamlögum bæjar- og sveitarfélaga sé það alveg nóg, að hinir menn-irnir, 2 eða 4, í stjórn þeirra verði valdir með tilliti til pólitíkur fyrst og fremst.

Um brtt. á þskj. 372, frá hv. 5. þm. Reykv., vil ég segja það: Þar sem því er lýst yfir í ræðu hans, þegar hann mælti fyrir þeim brtt., að með þeim mundu aðalagnúarnir á frv. falla burt, „séð frá okkar sjónarmiði“, eins og hann sagði um sig og hv. samflokksmann sinn hér

í d. (ÍslH), þá er hreint ekki orðið mikið eftir af þeirri hatrömu gagnrýni, sem þessir hv. þm. hafa beint að frv. Því að þessar umbætur, sem þeir ætla nú að gera á frv., eru ákaflega lítils virði. Ég fæ ekki betur séð en að með því að flytja þær séu þeir að biðjast fyrirgefningar á öllu níði sínu um þetta frv.

Við 9. gr. á aðeins að bæta því, samkv. brtt. 372,1, að á eftir orðunum: „haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi“ í 1. málsl. gr. komi: „og eigi rétt til hlunninda samkv. l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla“.— En eftir sjálfum lögunum um þessa ríkisframfærslu eiga allir slíkir menn þann rétt. Það er jafnvel ekki tekið fram, að sjúkdómurinn þurfi að vera virkur. Að vísu eru þar skilyrði, t. d. um efnahag. En ég vil ekki gera ráð fyrir, að hv. 5. þm. Reykv. setji sig móti því að efnafólk greiði sjúkrakostnað sinn sjálft. Þessi brtt. bætir engu við það, sem áður er í lögum. Hún er þess vegna alveg óþörf.

Sama gildir um brtt. 372,2, við 16. gr. Ég þakka fyrir það, að hann hefir sansast á það, sem ég var að skýra fyrir honum, að það er ekki þýðingarlítið í samningum við læknana að hafa heimild 16. gr. frv. í bakhöndinni. Brtt. hv. þm. gengur aðeins í þá átt að fella burt heimildina til að greiða á þann takmarkaða hátt, er í gr. getur, lyf og sjúkrahúskostnað. Það, sem hv. þm. hyggst að ná með þessu, tekst ekki. Því að sjúkrasamlögin taka eftir sem áður ekki að sér að greiða sjúkrahúsum kostnað nema þeim, sem samið hefir verið við, eins og tekið er fram á öðrum stað í lögunum, í 30. gr. þeirra. Þá eru lyfsalarnir einir eftir, sem langminnsta, ef nokkra, þýðingu hafa í þessu sambandi, þar sem þeir eru bundnir af gjaldskrá, sem hið opinbera setur og ræður öllu um. Er lítil og engin ástæða til að gera ráð fyrir, að algerl. samningar náist ekki við þá. Þessi brtt. hv. 5. þm. Reykv. gerir því ekkert strik í þessa reikninga, ekki fremur en 1. brtt. hans,

3. brtt. er þó allra skemmtilegust fyrir það, að með henni játar hv. þm., að gagnrýni hans á þeirri gr., sem hann áður átaldi harðast, sé ekki á rökum byggð. Þessi gr., sem hann gagnrýndi svo ákaflega og fann allt til foráttu, inniheldur reglur um úthlutun úr lífeyrissjóði til gamalmenna og öryrkja. Taldi hann ákvæði þessarar gr. ofsókn á hendur öllum gamalmennum í landinu. Samkv. ákvæðum hennar væri ekki hægt að úthluta nema 200—300 kr. til hvers gamalmennis á ári. Nú vill hv. þm. samt ekki breyta þessari gr., heldur orðalagi á næstu g. á eftir og á þann hátt, að hver maður sér, hvernig hann nú skilur hina áður fordæmdu gr. og úthlutunarreglur hennar. Með brtt. sinni vill hann gera ákvæði 39. gr. frv. þannig, að ellilaun skuli ákveðin svo há með hliðsjón af framfærslukostnaði í byggðarlaginu, að þau séu nægilegur lífeyrir. En ef margumtalaðar reglur einnar gr. frv. útiloka það, að ellilaun geti nokkurntíma orðið nema 200—300 kr., þá væri ekkert vit í og algerlega tilgangslaust að setja slík ákvæði í frvgr. Með þessu er því játað af hv. 5. þm. Reykv., að honum hefir nú ekki einungis alveg réttilega skilizt merking þeirrar gr., sem hann átaldi áður harðlegast, heldur hefir hann fallizt á ákvæði hennar, og kemur því brtt. hans mér fyrir sjónir sem auðmjúk fyrirgefningarbeiðni á þeim ásökunum, sem hann bar fram á hendur mér, og þeim misskilningi á merkingu þessarar gr., sem lá þar á bak við. Og að sjálfsögðu fyrirgef ég honum af fúsu geði. Það er drengilegt af hv. þm. að kannast við þetta svo opinberlega.

Um aðrar brtt. skal ég ekki fara mörgum orðum. Vil þó geta þess um brtt. á þskj. 380, frá hv. þm., Barð., og hv. þm. Mýr., að ég álít ekki aðkallandi að samþ. þá brtt. Það er að vísu svo, að sjóðfélagar í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans eru skyldaðir með l. til þess að tryggja sig þar. En með þeim ákvæðum, sem þegar eru fyrir í frv., ætla ég, að þessum mönnum sé sýnd full sanngirni. Og naumast mundi þessi breyt. verka öðruvísi en svo, að allir mest launuðu starfsmenn Landsbankans fengju að ástæðulausu verulega ívilnun á iðgjöldum sínum. Allir lægst launuðu starfsmennirnir fengju hinsvegar sín iðgjöld endurgreidd sér að skaðlausu. En svo sem það er að mínum dómi óþarft að samþ. þessa brtt., álít ég þó, að hin skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Þ. sé heinlínis hættuleg fyrir viðgang lífeyrissjóðs Íslands. Því að ef nokkursstaðar á að nema staðar með slíkar undanþágur fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóða einstakra manna, þá get ég ekki séð, að finna megi neina markalínu, sem hægt sé að staðnæmast við, aðra en þá, að undanþágurnar veitist aðeins fyrir þá sjóði, sem stofnaðir eru með lögum og sem þó á sér stað um lífeyrissjóð Landsbankans, en hinsvegar ekki um lífeyrissjóð Útvegsbankans. Það er t. d. ekki sanngjarnt, eftir að slík undanþága hefir verið veitt til handa starfsmönnum Útvegsbankans, að neita um samskonar undanþágu til handa starfsfólki Eimskipafélags Íslands, sem líka á sér lífeyrissjóð. Það yrði því næsta hættulegt fjárhag lífeyrissjóðs að fara út á þá braut, sem hv. þm. N.-Þ. leggur til, og er ómögulegt að vita, hvar staðar ætti að nema. Þessa sjóði má stofna endalaust, og einkum freistandi fyrir hátekjufólk, sem lífeyrissjóður Íslands hefir tiltölul. mestar tekjur af.

Ég ætla, að ekki sé þörf á að svara hv. þm. V.-Sk. (GSv) né hv. 6. þm. Reykv. (SK), því að n. hefir með till. sínum tekið afstöðu til þess, sem þeir hv. þm. ræddu um. Ég vil þó aðeins mótmæla því, sem hv. þm. V.-Sk. hélt fram, og vara hann við að halda slíkum kenningum að kjósendum sínum eystra, að ef honum sjálfum þóknist að halda fram skýringum á l., sem fara þvert ofan í bókstaf l., þá eigi að fara eftir hans skýringum. Ég hygg varlegra að fara eftir bókstaf l. En túlkun hv. þm. á því, með hvaða skilyrðum vextir ellistyrktarsjóðanna eru fengnir í hendur einstökum sveitarfélögum samkv. ákvæðum frv., var nákvæml. þvert ofan í skýran bókstaf frv.

Likt vil ég segja um hinn sérstaka skilning hv. þm. N.-Þ. á því, hvernig rétt sé að reikna lífeyri í sveitum og þorpum, sem hafa yfir 300 íbúa. Sá skilningur stendur aðeins fyrir hans reikning.

Vonast ég til, að mér hafi tekizt að orða þessa ræðu mína svo áreitnislaust, að óþarfar deilur þurfi ekki að vekjast upp út af því, sem ég hefi nú sagt. Enda vildi ég mjög mælast til þess, að hraðað verði afgreiðslu þessa máls. Það er satt, að frv. er leiðinlega seint á ferð og því gefst leiðinlega stuttur tími til athugunar í hv. Ed. Má afgreiðsla þess því að sjálfsögðu ekki dragast neitt úr þessu hér í hv. deild.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Það er furðulegt, hve sú trú er sterk hjá hv. þm. N.-Ísf. og mönnum, sem nálægt honum standa í hans flokki, að hvernig svo sem staðreyndirnar séu í þann og þann svipinn, þá geti gorgeirinn alltaf borgið þeim. Ég er alveg hissa, að eins gáfaður og sjálfstætt hugsandi maður og þessi hv. þm. er skuli ekki leita meir að staðreyndum og halda sífellt áfram í sama tóninum, hvenær sem maður reynir að sýna honum og hans flokki undanlátssemi í einhverju deilumáli. Ég vil vona, að það fari nú ekki að verða langt þangað til þessi hv. þm. hættir að beita þeim aðferðum, að líta svo á sem ekkert sé til utan þess, sem hann sjálfur túlkar eða vill vera láta; að það sé nóg að segja að þetta sé svona og svona, og þá sé það þannig. Þessi stefna, þessi trú á hrokann er á allan hátt hættuleg fyrir Alþfl., og ég hélt, að hann hefði rekið sig á það, að það er ekki heppilegt að halda þeim upptekna hætti áfram.

Hv. þm. gerði tilraun til þess að snúa út úr till. okkar kommúnista og um leið að setja sig á háan hest, eins og honum finnst fara sér svo vel, og þykir honum hann vera mikill sigurvegari í okkar deilum.

Ég ætla nú, í eins stuttu máli og hægt er, að sýna hv. þm. fram á, hvernig við hugsum okkur að afmá með þessum till. verstu agnúana á þessu frv.

Það er þá í fyrsta lagi viðvíkjandi varanlegum sjúkdómum. Í þeirri gr., sem þar er um að ræða, vakir sérstaklega fyrir okkur að tryggja rétt gamalmennanna gagnvart sjúkrasamlögunum. Er reynt að sjá til þess, að þau séu tryggingarhæf, en að svo miklu leyti, sem þau eru það ekki, að koma þeim undir l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Ég ræddi um það við 2. umr. þessa máls, hvað gert yrði, ef þetta frv. næði fram að ganga. Gamalmennunum yrði skipt í þrennt, þau, sem fengju að vera í sjúkrasamlögunum, sem fengju ríkisstyrk sjúkra manna og örkumla, og loks þau, sem beinlínis yrðu að fara á sveitina. Og hv. þm. hefir ekkert haft við þá skiptingu að athuga. Það, sem í okkar till. er verið að gera, er að tryggja það, að þau gamalmenni, sem ekki kæmust með þessu móti undir sjúkrasamlögin, kæmust undir ríkisstyrk sjúkra manna og örkumla, og yrðu þannig ekki nema þessir tveir flokkar. Þetta hélt ég, að myndi vera nokkuð skýrt eftir orðalaginu á okkar till.

Í öðru lagi er það viðvíkjandi 16. gr. — Mér er fullkunnugt um ákvæði 30. gr. um það, að sjúkrasamlög séu ekki skuldbundin til þess að greiða öðrum læknum eða sjúkrahúsum fyrir sjúklinga en þeim, sem samningar ná til. Og mér er líka kunnugt um það, hvernig sjúkrasamlag Reykjavíkur hefir reynt að koma sér undan skyldum sínum við þá tryggðu með skírskotun til þessa. En hinir tryggðu eiga að geta komizt að á sjúkrahúsi, og þær ákvarðanir, sem hindra slíkt, eru skerðing á rétti þeirra. Og það, sem ég vildi fyrirbyggja með brtt., er það, að þessi réttarskerðing verði svo að segja lögfest, því það er meiningin með 16. gr. eins og hún er orðuð.

Hv. þm. N.-Ísf. var að reyna að láta líta svo út sem við hefðum breytt um skoðun á 37. gr. Það er eins og hann sé búinn að gleyma því, sem um er deilt. Við höfum haldið því fram, að með 2. tölul. 37. gr. sé verið að undanþiggja þau gamalmenni og setja þau í sérstakan hóp, sem þegið hafa sveitarstyrk árið áður, og bæjarstjórnunum er ekki úthlutað ellilaunum út á þessi gamalmenni. Og þar með er gamalmennunum skipt í þrennt. Og það er þessi skipting, sem við erum að berjast á móti.

Hv. þm. fór allt í einu að tala um upphæð ellilaunanna í sambandi við okkar brtt. og sagði, að ég hefði talað um 200—300 kr. Það hefir aldrei verið minnzt á þetta hér. Það, sem um er að ræða í þessari gr., er ekki upphæðin, heldur rétturinn. Brtt. okkar fer fram á að veita öllum gamalmennum ellilaun, svo að ekkert þeirra þurfi sveitarstyrk. Með þessu móti er gamalmennunum ekki skipt í neina flokka, eins og gert er samkv. frv. Og þetta tók ég skýrt og greinilega fram.

Hinsvegar ætla ég mér ekki þá dul að sannfæra þennan hv. þm. Það er mér vafalaust ofvaxið. Og mér þætti vænt um, ef hann vildi halda sínum skilningi og standa við það, sem hann hefir sagt, sem sé að þessar brtt. okkar séu einskis virði og að það gerði hvorki til eða frá, þótt þær yrðu samþ. Ég vil skora á hann, svo framarlega sem hann heldur þessum skilningi, að samþ. brtt. Ef hv. þm. hefir það álit, sem hann sagði áðan, held ég, að hann ætti að fylgja þeirri skoðun, ekki sízt vegna þess, að þá mundi hann um leið vera í samræmi við vilja síns eigin flokks, og því hefir hvað eftir annað verið lýst yfir, hvernig sá vilji væri.

Ég vil mega vænta þess, að hv. þm., þrátt fyrir hrokann í ræðu sinni áðan, fari að venja sig af því að tala með þessari takmarkalausu fyrirlitningu, — ekki á kommúnistum, en hans eigin flokki. Hv. þm. vill koma hér fram sem lærifaðir og setur upp spekingssvip í hvert skipti, sem hann talar til okkar kommúnista. Ég held, að hann ætti einu sinni að gerast lærisveinn, — ekki minn, en fólksins, sem hefir treyst honum og hans flokki. Og ég held, að hann ætti fyrst og fremst að temja sér þetta við þær umr., sem hér fara fram. Ég held, að það geri ekkert til, þó að þessi hv. þm. lagaði sig öðruhverju eftir því, sem fólkið í hans flokki hugsar. Það er svo, að við erum kosnir á þetta þing, — ekki til að framkvæma okkar vilja, heldur þess fólks, sem við erum umboðsmenn fyrir. Og þegar kosningar fara fram, reynist það ekki heppilegt að hirða ekkert um þann vilja.

Frsm. minni hl. (Thor Thors): Ég þarf ekki að vera langorður.

Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Barð. lagði áherzlu á í sinni ræðu, að það væri aðalatriðið fyrir símafólkið að fá endurgreiðslu úr þeim sjóði, sem það hefir áður lagt fé í, og að það hefði eins og aðrir gert sér vonir um, þegar þetta mál var ákveðið með l., að það fengi þarna fé til ráðstöfunar og hafi því orðið fyrir vonbrigðum, þegar framkvæmd þessa máls var frestað. Það telur sig eiga réttlætiskröfu til þess að njóta í þessum efnum sömu réttinda og ýmsum öðrum hafa verið veitt.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi, að undirbúningur þessa máls væri í bezta lagi. Það má minna hv. þm. á það, að þetta er nokkurn veginn samhljóða því, sem hann og flokksbræður hans héldu fram, þegar l. um alþýðutryggingarnar voru sett. Dásömuðu þeir þá mjög, hvað vel væri frá þessum málum gengið og hvað þau væru gaumgæfilega undirbúin og rannsökuð. Reynslan hefir hrakið það, sem þessir hv. þm. fullyrtu þá, og ég geri ráð fyrir, að hún eigi eftir að hrekja staðhæfingar þessa hv. þm. í sambandi við þetta mál. Hv. þm. taldi réttmætt að samþ. þetta mál, svona lítið rannsakað. Í dag hefði t. d. verið lagt fyrir þingið stórfellt frv. um ýmsar aðgerðir í sambandi við mæðiveikina og ekki hefir það fengið meiri undirbúning. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir athugað það, en ég hugsa, að aðrir hafi gert það, að þetta frv. hefir verið í undirbúningi í allt haust. Allir þeir þm., sem eru fulltrúar fyrir þau héruð, þar sem mæðiveikin hefir breiðzt út, hafa verið hvað eftir annað á fundum um það í allt haust, hvernig eigi að snúast við þessum voða. Frv., sem að vísu kemur ekki fram fyrr en í dag, er ávöxturinn af starfi allra þeirra aðilja, sem hér eiga hlut að máli. Málið sjálft er ágreiningslaust flutt af þeim mönnum þessarar hv. d., sem hún hefir sérstaklega trúað fyrir því að fara með málefni landbúnaðarins á þinginu. Og ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. séu sammála um, að nauðsyn beri til þess að bregðast skjótt við og veita þeim mönnum, sem fyrir mestu tjóni hafa orðið, einhverja hjálp. Hér er ólíku saman að jafna. Þetta mál, sem ég gat síðast um, þolir enga bið, en frv. um alþýðutryggingarnar, sem hér er um að ræða, er ekki svo veigamikið og hefir ekki slíkar réttarbætur í för með sér, að það þoli ekki, að það sé gaumgæfilega undirbúið og rannsakað til næsta þings.

Þá taldi hv. þm. N.-Þ., að starfsmenn Útvegsbankans ættu sama rétt hvað snertir endurgreiðslu og starfsmenn Landsbankans. Þetta er ekki rétt, vegna þess, að starfsmenn Landsbankans eru skyldaðir til þess samkv. l. að leggja fram ákveðna fjárhæð af launum sínum í eftirlaunasjóð og verða ekki leystir undan þeirri skyldu nema með lagabreyt. Starfsmenn Útvegsbankans hafa hinsvegar tekið upp þetta mál á frjálsum grundvelli eða a. m. k. án afskipta Alþingis. Og bankinn sem stofnun er sjálfráður um að leggja niður þennan sjóð þegar hann óskar. Það getur Landsbankinn aftur á móti ekki, nema eftir breyt. frá Alþingi á landsbankalögunum. Þess vegna er það rangt hjá hv. þm., að það standi nákvæmlega eins á fyrir Útvegsbankanum og Landsbankanum í þessum efnum.

Ég get skilið, að þessi hv. þm. vilji þóknast starfsmönnum Útvegsbankans, af því að hann á sæti í bankaráði þess banka. Og þess vegna er það, að hann flytur þetta mál, en ekki af því, að það sé réttlætiskrafa.

Hv. frsm. meiri hl. taldi, að sú breyt., sem meiri hl. n. stefnir að, þess efnis, að það skuli vera tryggingarráðið, sem ræður formenn sjúkrasamlaganna, en ekki tryggingarstofnunin, sé aðeins skýring á því, hvernig þetta mál sé hugsað. Ég hygg, að þetta sé ekki rétt skýring. Þessi till. er veruleg efnisbreyt. og er að mestu leyti fram komin fyrir óskir frsm. í n., óskir, sem ég hygg, að séu ekki að öllu leyti í samræmi við það sem þessi hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa hugsað sér í þessu máli. Hann talaði um það af miklum skilningi, hversu leitt það væri, ef óréttmæt pólitík kæmist inn í framkvæmd sjúkratrygginganna. Ég get tekið undir allt, sem hann sagði um það, en þetta ákvæði, sem hér er smeygt inn í þetta frv., um að taka meðferð þessa máls úr höndum hins ábyrga meiri hl. bæjarstj., er einmitt flutt til þess að koma óréttmætri pólitík inn í málið. Hv. þm. vill afsaka þetta með því að segja, að þessi till. hafi verið flutt á fundi sjúkrasamlaganna, sm haldinn var síðasta sumar, en hv. þm. veit það alveg eins vel og ég, að þessi till. er komin frá tryggingarráði sósialista, sem nú á að reka burt frá stjórn þessarar stofnunar. Þar var hið pólitíska frumkvæði að þessu atriði. Það var tryggingarráðið, sem samanstendur af þremur sósíalistum, sem fann upp þetta snjallræði til þess að sölsa undir sig framkvæmd sjúkratrygginganna, sem samkv. réttum lýðræðisreglum eiga að heyra undir bæjar- og sveitarstjórnir. Ég veit, að hv. þm. er ekki það einfaldur, að hann viti ekki ofur vel, hvað liggur á bak við þessa brtt. og hver hennar raunverulegi tilgangur er. Ég skal hinsvegar geta þess, að mér þykir brtt. hv. meiri hl. n. um það, að tryggingarráð ákveði formennina, en ekki tryggingarstofnunin, nokkur bót í máli, en hún fyrirbyggir ekki það, sem tilgangurinn var upphaflega með breyt. á þessu skipulagi, að réttmæt pólitík komi inn í málið, og það er, eins og ég hefi margsinnis getið um við þessar umr., algerlega að þarflausu, að slíkt er gert, og það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir framkvæmd sjúkratrygginganna. Það getur orðið til þess að spilla framkvæmd þeirra og vinsældum, eða réttara sagt væntanlegum vinsældum, því að vinsældir hafa hingað til litlar verið hjá meiri hl. bæjarbúa, þar sem þessu ákvæði verður beitt til þess að draga stj. sjúkrasamlaganna úr höndum fulltrúa þeirra.

***Bergur Jónsson:** Þegar ég talaði hér í kvöld, þóttist ég vera svo óádeilinn við aðra og gerði aðeins grein fyrir brtt., sem ég hafði borið fram hér, og afstöðu minni til annara brtt., að ég bjóst ekki við, að ég þyrfti að taka til máls aftur, en svo skeður það undarlega, að einn hv. þm. hér í hv. d. leyfir sér að standa upp

og snúa út úr orðum minum á mjög óviðeigandi hátt. Viðvíkjandi afstöðu minni gagnvart kröfu símamanna um að fá að komast undir lífeyrissjóð Íslands og losna undan lífeyrissjóði embættismanna og fá þaðan endurgreitt það, sem þeir hafa greitt þangað, sagði ég, að það væri talsvert óhagræði samfara því fyrir lífeyrissjóð embættismanna að þurfa að greiða allri þessari fjölmennu stétt í einu lagi iðgjöldin, sem hún hefir greitt í sjóðinn. Hv. 6. þm. Reykv. leyfir sér að leggja þann skilning í þessi ummæli mín, að lífeyrissjóður embættismanna sé ekki fyrir hendi á þann hátt, sem hann á að vera l. samkvæmt, og er hér með dylgjur út af þessum ummælum mínum í garð hæstv. stj. um það, hvort það sé meiningin samkv. orðum minum, að þessi sjóður sé ekki fyrir hendi, honum ætti að vera eytt í annað; ég veit ekki, hvað hann meinar, að annað hafi getað orðið af honum. Ég skil ekki, hvernig þessi hv. þm. leyfir sér að snúa út úr máli þm. Hann veit vel að það lá ekkert í minum orðum, sem gaf í skyn, að ég áliti, að lífeyrissjóður embættismanna væri ekki fullkomlega fyrir hendi, eins og hann á að vera, enda munum við hvorugur efast um það, og ekki heldur hv. 6. þm. Reykv., þrátt fyrir allt hans pólitíska offors, og ég vil segja þessum hv. þm. það, að ef hann hefði með einhverja sjóði að gera, þá mundi hann ekki kæra sig um að fá svona dylgjur, eins og hann leyfir sér að viðhafa í garð hæstv. ríkisstj. og þeirra, sem eiga að hafa umráð yfir opinberum sjóðum í landinu.

Viðvíkjandi því, hvort rétt sé að fella niður 2. málsgr. 62. gr. alþýðutryggingarl., eins og lagt er til í þessu frv., þá vil ég endurtaka það, að ég sé ekki neina hættu bundna við það, þó að þetta væri gert að þessu sinni með tilliti til þess, að það er þegar fyrir lagaákvæði, sem frestar framkvæmd þessara lagaákvæða til 1. apríl á næsta ári, ef ég man rétt. Þess vegna er nægur tími á næsta þingi til að taka til yfirvegunar óskir og kröfur símamanna í þessu máli, og ég fyrir mitt leyti vil gjarnan vinna að góðri lausn þessa máls, þannig, að símamenn fái óskir sínar uppfylltar, en því hagar þannig til, að það er ekki mikið óhagræði fyrir lífeyrissjóðinn að greiða iðgjöld, ef greiðslunni er t. d. dreift á nokkur ár. Hv. 6. þm. Reykv. vil ég benda á það, að það mun engin sú tryggingarstofnun vera til, að það sé ekki óhagræði fyrir hana, ef stór hópur af þeim mönnum, sem greitt hafa til hennar iðgjöld um langt árabil, vilja á einum og sama degi fá útborgað allt, sem þeir hafa greitt, með vöxtum og vaxtavöxtum. Ummæli hv. þm. eru því ekkert annað en óeðlilegur útúrsnúningur, þegar hann leggur þá merkingu í orð mín, að ég hafi gefið í skyn, að sjóðurinn hafi gefizt upp; annars vona ég, að hæstv. stj. svari hv. þm. út af þessu, því að það má ekki ómótmælt vera.

***Sigurður Kristjánsson:** Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. þm. Barð. sagði um þau orð, sem ég hafði í sambandi við lífeyrissjóð embættismanna og barnakennara, og að ég hefði snúið út úr orðum hans. Ég sagði, að sjóðunum bæri að standa við skuldbindingar sínar, ef þeim hefði ekki verið komið óforsvaranlega fyrir og ef þeir væru ekki tapaðir, og það er hægt að sanna þetta. Ég gerði það með því að sýna fram á, að kæmu miklar kröfur, þá væri hægt að fresta greiðslunni, eins og gert hefir verið 2 þing, en hv. þm. sagði blátt áfram, að sjóðirnir væru ekki færir um að greiða þetta. Hann sagði, að hann teldi kröfur símamanna réttmætar og sanngjarnar, en hann ætlar samt eftir því sem mér skilst, að vera á móti því, af því að sjóðurinn er ekki fær um að greiða þetta. Ég hefi því á engan hátt snúið út úr orðum hans. Ég krafðist þess bara, að stj. sjóðanna gerði grein fyrir því, hvers vegna sjóðirnir eru ekki færir um að greiða fé, sem þeim ber að greiða samkv. l., og það þýðir ekki að vera að hafa nein undanbrögð í þessu máli. Það er vitanlegt, að þó að sjóðina kynni að skorta reiðufé, þá hafa þeir átt að koma eignum sínum í verðbréf eða annað þess háttar, og greiða með hæfilegum fresti, og það er nákvæmlega sami möguleiki fyrir hendi nú eins og verið hefir að fresta þessum greiðslum, þannig að sjóðurinn geti innt þær af hendi. Hv. þm. hefir þess vegna á engan hátt ennþá gert grein fyrir þessum orðum sínum, hvernig á því stendur, að sjóðirnir eru ekki færir um að standa við skuldbindingar sínar. Ég bið eftir því, að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir, hvort þetta er rétt, eða ef það er ekki rétt, hvort hún viðurkenni þá, að það sé beinlínis tilgangur hennar að loka þessum sjóðum að óþörfu, þessum sjóðum, sem eru eign embættismanna og barnakennara, loka þeim fyrir eigendunum með einskonar ofbeldi.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég verð að segja, að ég skil hvorki upp né niður í því, sem hv. 6. þm. Reykv. er að tala um. Hann spyr, hvernig á því standi, að lífeyrissjóðirnir séu ekki færir um að standa við skuldbindingar sínar. Ég veit ekki betur en að þeir hafi gert það. Hvaðan hv. þm. kemur þessi vitneskja, veit ég ekki. Ég ætla, að hann sjálfur eða einhver af flokksmönnum hans hafi tekið svo til orða, að það væri lagt hærra gjald en eðlilegt væri á menn til þess að safna í lífeyrissjóðina, hærra gjald en eðlilegt væri eftir þeim fríðindum, sem sjóðirnir ættu að inna af hendi. Ég skal ekki fullyrða, hvort svo er, en hitt vil ég fullyrða, að sjóðirnir hafa staðið við allar sínar skuldbindingar, og það er engin minnsta ástæða til að efa, að þeir geri það. Sjóðunum eru engar slíkar skuldbindingar bundnar á hendur sem þær, að greiða t. d. á annað hundrað manns í einu allt, sem þeir hafa greitt í sjóðina, en þó að það yrði gert, þá efa ég ekki, að sjóðirnir gætu mætt því, en það væri betra fyrir sjóðina að greiða þetta á annan hátt. Hv. þm. má ekki halda, að það, hvort heimiluð er endurgreiðsla úr sjóðunum, fari eftir því, hvort sjóðirnir geti greitt eða ekki. Sjóðirnir hafa þá tapað núna seinustu dagana, ef um tap ætti að vera að ræða. Ég hefi ekki athugað reikninga sjóðanna frá því um síðustu áramót, en fé sjóðanna er að langmestu leyti í skuldabréfum og að nokkru leyti í reiðufé.

Ég vil ekki taka það alvarlega hjá hv. þm., þegar hann er með dylgjur um það, að fé sjóðanna sé tapað fyrir óráðvendnislegar eða mjög heimskulegar ráðstafanir á fé þeirra. Ég tortryggi ekki þann mann, sem hefir stjórnað sjóðunum síðustu ár, Brynjólf Stefánsson, sem hefir haft yfirstjórn tryggínganna. Ég skil ekki, hvað þessi orðaflaumur hjá hv. þm. á að þýða. Ég tel engan vafa á því, að sjóðirnir geti mætt sínum skuldbindingum. Ef ég man rétt, þá notuðu nokkrir síma- og póstmenn tækifærið til þess að fá greiddar innstæður sínar í sjóði þeirra þá fáu daga, sem voru á milli þess að nýju l. gengu í gildi 1936 þangað til búið var að fá staðfestingu á bráðabirgðal. frá 1936. En ég tel, að jafnvel þótt póst- og símamönnum, sem ekki fengu endurgreitt úr sjóðnum, yrði greidd innstæða þeirra, þá sé ekki ástæða til að bera kvíðboga fyrir því, að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, en hinsvegar tel ég betra að dreifa útborguninni á 2—3 ár, og það kæmi ekki í bága við starfsemi sjóðsins.

Fyrst ég fór að taka til máls, vil ég minnast á brtt. á þskj. 380, um að undanþiggja þá menn, sem eru meðlimir í eftirlaunasjóði Landsbankans, frá tryggingarskyldu til hins almenna lífeyrissjóðs Íslands. Ég vil mjög mæla gegn þessari brtt., því að ef hún yrði samþ., þá mundi verða farið fram á undanþágu fyrir aðra eftirlaunasjóði. Þá hefir komið erindi frá Útvegsbanka Íslands, Eimskipafélagi Íslands og nokkrum fleiri stofnunum, sem hafa gert slíkt hið sama. Afleiðingin af þessu yrði sú, að tekjuhæsta fólkið í landinu vel flest mundi skapa sér sérstaka ellitryggingu með sérstökum iðgjöldum, en eftir yrði í hinum almenna lífeyrissjóði tekjulægsta fólkið. Nú er persónugjaldið til sjóðsins 7 kr. og 5 kr., og með 1% álagningu á skattskyldar tekjur er gert ráð fyrir, að meðalgreiðslurnar í sjóðinn séu 15,50 kr., og við það er áætlunin um væntanlegan ellistyrk miðuð. Ef tekjuhæsta fólkið hefir sértryggingu, þá hlýtur meðalgreiðslan til sjóðsins að lækka, og möguleikar hans til lífeyrisgreiðslu hljóta einnig að minnka, en lífeyrissjóðsl. byggjast einmitt á því, að þau verði sem víðtækust, nái til sem flestra og einn hjálpi öðrum, að menn standi saman, þeir, sem betur mega, og hinir, sem minna eiga. Af þessari ástæðu er ég á móti því, að undanþágu verði gerð fyrir þá menn, sem tryggðir eru í sérstökum sjóðum, ekki síst þegar þess er gætt, að þær tryggingar, sem starfsfólk Landsbankans nýtur, eru því mjög hagstæðar. Ég held, að Landsbankinn greiði helminginn af iðgjöldum til sjóðsins, og starfsmenn sjálfir 2½%. Hinsvegar er í frv., sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir — sem ég tel rétt og eðlilegt —, að þeir, sem hafa tryggt sig í öðrum sjóðum, fái þá ívilnun, að þeir greiði aðeins það, sem er umfram meðalgreiðsluna til sjóðsins, 12,50 kr. Ef maður hefir t. d. 3000 kr. skattskyldar tekjur og greiðir 1% af þeim og 14 kr. viðbót fyrir sig og konu sína, þá verður hann að greiða til jafnaðar 44 kr., en ef starfsmenn Landsbankans fá frádrátt á 25 kr., þá greiða þeir ekki nema 19 kr. Með þessari till., sem er í frv. sjálfu, tel ég vera svo langt gengið til móts við óskir þessara manna sem hægt er, án þess að rýra mjög alvarlega hlut lífeyrissjóðs Íslands. Ég vil mæla með, að sú till. verði samþ.

Gísli Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. Snæf. var hér áðan að fetta fingur út í það, sem ég hafði sagt viðvíkjandi undirbúningi þessa máls, og lét hann þess getið í því sambandi, að eitthvað, sem ég hefði sagt viðvíkjandi undirbúningi alþýðutrygginganna 1935, hefði ekki staðizt. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. kemur þessi vizka. (TT: Úr þingtíðindunum). Ég veit ekki til, að ég hafi í umr. 1935 gert annað en að skýra frá staðreyndum um undirbúning þessa máls, og ég veit ekki betur en að það hafi fullkomlega staðizt, sem ég sagði, enda benti hv. þm. ekki á neitt máli sínu til sönnunar um það. Annarsvegar sneri hann út úr orðum mínum í kvöld, þar sem hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að undirbúningur þessa máls væri í bezta lagi. Ég sagði það ekki, heldur nefndi ég staðreyndir um það, hvernig málið var undirbúið, og benti á, að það væri ofmælt, sem sumir hv. þm. hefðu sagt um, að undirbúningi málsins væri sérstaklega áfátt. Í öðru lagi hafði hv. þm. fundið sér það til í sambandi við málið, að það væri búið að liggja svo skamman tíma fyrir þinginu, og til þess að nefna hliðstætt dæmi um, að ekki væri ótítt, að mál lægju skamman tíma fyrir þinginu, nefndi ég mál, sem ég mundi bezt eftir og var til umr. í dag. Hv. þm. gat ekki neitað, að það var rétt dæmi, sem ég tók þar. Hinsvegar sagði ég ekkert um það, hvort þetta mál hefði verið undirbúið utanþings. Ég sé ekki betur en að þau orð, sem hv. þm. lét falla í þeim tilgangi að fetta fingur út í ummæli mín, séu úr lausu lofti gripin. Þá minntist hv. þm. á þá brtt., sem ég hefi flutt við aðra brtt., sem fram hefir komið, þar sem ég fer fram á, að starfsmönnum Útvegsbankans verði gert jafnhátt undir höfði eins og starfsmönnum Landsbankans, sem nokkrir hv. þm. hafa flutt till. um að undanþiggja undan því að greiða til lífeyrissjóðs Íslands. Hv. þm. var eitthvað að tala um, að ég mundi flytja till. af því að ég væri í bankaráði Útvegsbankans. Það rýrir ekki út af fyrir sig gildi þessarar till., og yfirleitt hefi ég ekki verið að brjóta heilann um, hvaða hvatir væru á bak við till., sem hv. þm. flytur viðvíkjandi Landsbankanum um þetta efni. Mér finnst það yfirleitt ekki skipta neinu máli, en það, sem ég hefi farið fram á, er það, að ef starfsmönnum Landsbankans verða veitt þessi hlunnindi, sem hér er farið fram á, þá gangi það sama yfir menn, sem vinna við samskonar stofnun, sem nákvæmlega eins stendur á um, og það er vitanlega engin sérstaða fyrir starfsmenn Landsbankans fram yfir starfsmenn Útvegsbankans, þó að tryggingarsjóður Landsbankans sé ákveðinn með l., vegna þess að starfsmenn Útvegsbankans hafa ekki í sínu valdi að afnema sinn sjóð. Samþykkt um þann sjóð er gerð af fulltrúafundi bankans og bankaráðs, og það er engin trygging fyrir því,

þó að starfsmennirnir vildu losna við þessa tryggingu, að þeir aðiljar, sem hér eiga um að fjalla, muni falla frá sinni samþykkt.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég stóð upp aðeins af þessu gefna tilefni, vegna þeirra orða, sem hv. þm. Snæf. lét falla um undirbúning málsins, og viðvíkjandi þeirri brtt., sem ég flyt hér og mér virðist hafa sætt óréttmætum andmælum.

***Sigurður Kristjánsson:** Ræða hæstv. atvmrh. var fremur vesældarleg og vandræðaleg og ekki illa samboðin málstaðnum. Hann lézt ekkert skilja, hvað ég meinti með minni fyrirspurn. Hann velti yfir höfuð ákaflega vandræðalega vöngum yfir þessu öllu saman, þó að hann segðist fullyrða, að lífeyrissjóður embættismanna og barnakennara væri fullkomlega fær um að standa við skuldbindingar sínar og hefði alltaf verið. Nú er þetta dálítið einkennilegt, þegar þessir sjóðir voru af honum sjálfum ekki taldir *færir um að standa við skuldbindingar sínar* samkv. l. um alþýðutryggingar, og það varð að afgreiða hér bráðabirgðal. til þess að losa sjóðina undan þeim skuldbindingum, sem þeim voru bundnar með 62. gr. alþýðutryggingarl. Það er þess vegna ekki einungis vandræðalegt, heldur einnig mjög skoplegt að heyra þessa vörn, ef vörn skyldi kalla, því að það er sjálfur þessi hv. ráðh., sem hefir fengið þingið til þess að losa sjóðina undan skuldbindingum þeirra, af því að þeir voru ekki taldir færir um að fullnægja þeim. Það er líka dálítið skoplegt að *heyra þessar dýrðlnu fullyrðingar rétt eftir* að hv. þm. Barð. hefir sagt, að afstaða hans til þessa atriðis skapaðist af því, eins og hann komst að orði, að sjóðirnir gætu ekki greitt þetta fé. Hann álítur, að þessir tryggingarsjóðir séu í framtíðinni ekki færir um að standa við skuldbindingar sínar, og verði því með lagabreyt. að losa þá frá þeim skuldbindingum, sem alþýðutryggingarl. sköpuðu þeim, en hitt vita allir, að sjóðirnir voru ekki taldir færir um það til þessa tíma. Ég hygg, að það sé alveg ljóst mál, að sjóðirnir geti verið færir um þetta, *ef stj. þeirra vill*, en að *hér sé á ferðinni* ofbeldisfull aðferð til þess að taka þann rétt af embættismönnum og barnakennurum, sem þeim var fenginn með alþýðutryggingarl. og öllum þótti þá vera sanngjarn, og vissulega er sanngjarn. Ég veit það persónulega, að ýmsir framsóknarmenn, og þar með hv. þm. Barð., álíta þetta vera hart að gengið og finnst það vera bæði rétt og skylt að láta þetta fólk njóta þessa réttar, sem því var áskilinn með 62. gr. alþýðutryggingarl. Og ég álít, að það sé bæði rétt og skylt að láta þetta fólk njóta þess réttar, sem því var áskilinn í 62. gr. l. þessara. En það er í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, að þm. Alþfl. ráða og hv. þm. Framsfl. gerast einskonar bandingjar hjá þeim og verða nauðugir viljugir að láta að vilja Alþfl.-þm.

***Bergur Jónsson:** Það er eins og að berja höfðinu við steininn að tala við þann hv. þm., sem síðast talaði. Hann segir það ósatt, að ég segði, að lífeyrissjóður væri ekki fær um að greiða þetta. En ég sagði, að það væri óhagræði fyrir lífeyrissjóð að greiða þetta í einu lagi. Ég lýsti því yfir, að ég vildi gjarnan láta lífeyrissjóð endurgreiða þetta, en ég taldi heppilegra fyrir sjóðinn, að greiðslunum yrði dreift á lengri tíma. Þá leggur hv. 6. þm. Reykv. þann skilning í orð mín, að ég haldi fram, að sjóðurinn sé ekki fær um að greiða þetta. Annars veit hv. þm., að þetta er ekki skylt að greiða út fyrr en 1. apríl 1938, svo það er nægur tími á næsta þingi að ganga frá þessu atriði. Hv. þm. hefir því ekki undan neinu að kvarta um þetta.

En þessari gömlu tuggu íhaldsmanna dettur mér ekki í hug að svara, að við framsóknarmenn séum bandingjar hjá sósialistum. Það hefir sungið nokkuð sitt á hvað í tálknum íhaldsmanna um það, hvort alþýðuflokksmenn væru bandingjar framsóknarmanna eða framsóknarmenn algerlega á valdi alþýðuflokksmanna, þannig að annar þessara flokka hefir verið búinn og gleypa hinn með húð og hári — *sitt á hvað — eftir orðum íhaldsmanna*, allt eftir því, við hvern er talað í það og það skiptið. En þegar samningur er gerður milli tveggja flokka, verða báðir að sveigja til.

Þessi hv. þm. hefir aldrei haft aðra ábyrgð með höndum en að skrifa ofsóknargreinar um andstæðinga í ákveðnum pólitískum tilgangi. Hann hefir lifað á því starfi frá fyrstu tíð. Það er því ekki von, að hann skilji, hvernig menn haga sér, þegar þeir gera samninga.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er alls ekki *mín meining* að ætla að *fara* að svara því, að ég hafi aldrei haft annað með höndum en að skrifa níðgreinar, því að menn vita, að ég hefi haft önnur störf með höndum frá barnsaldri heldur en það.

Hitt vildi ég segja við hv. þm. Barð., að það getur verið, að hlutverk okkar í pólitík sé nokkuð ólíkt. Ég hefi ekki skipt mér af henni nema af frjálsum vilja og haft hana í hjáverkum. En það er mælt, að hans stjórnmálaferill hafi mjög skapazt af því, að það hafi verið samið við hann og hans stjórnmálaskoðanir séu að *langmestu leyti samningaskoðanir*.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Jónsson): Ég ætla, að hv. 5. þm. Reykv. þurfi að strika æðimikið út úr ræðum sínum undanfarna daga, ef þar á ekki að sjást, að í 38. gr. (áður 37 gr.) þessa frv. séu ellilaun gamals fólks ákveðin svo lág, að ekki megi samkv. þeirri gr. veita þurfamönnum ellilaun, og í einu orði, að í þessari gr. frv. sé níðzt á gamalmennum. Þrátt fyrir þetta flytur hv. 5. þm. Reykv. enga brtt. við þessa voðalegu gr., heldur flytur hann brtt. við aðra gr., *sem gerir engar breyt. á hinni fyrri gr.* En um leið er það bara viðurkennt, sem hann áður hefir neitað. Það er þar með játað, að engin hæfa hafi verið í því, sem hann hefir haldið fram viðvíkjandi þessari 38. gr. Það má eftir ákvæðum þessarar gr. veita gömlu fólki fullnægjandi ellilaun sér til framfærslu. Og það má veita þurfamönnum ellilaun. En þessu hvorutveggja hafði hv. þm. neitað. Þessi gr. er því alls ekki til þess fallin að níðast á gömlu

fólki. Í l. eins og þau eru nú ræðir um ellilaun til þurfamanna í 81. gr., sem verður óbreytt, þó að þetta frv. verði samþ. Þar stendur berum orðum (með leyfi hæstv. forseta):

„Til greina við úthlutun koma öll gamalmenni sveitarinnar, sem náð hafa hinu tilskilda aldursmarki, og jafnt þau, sem áður hafa þegið sveitarstyrk, sem önnur". Þar stendur ennfremur þetta um fullnægjandi ellilífeyri: „Skal reynt að stilla svo til, að gamalmenni, sem ellilauna nýtur, þurfi ekki jafnframt að leita framfærslustyrks."

Svo hyggur hv. 5. þm. Reykv., að hann vinni eitthvert afrek með því að orða þessa grein um, svo að nú eigi fyrir hans tilstilli að veita öllu gömlu fólki svo há ellilaun sem það þarf sér til lífsframfæris. En fyrir hverjum á það að sanna þörf sína? Sveitarstjórnunum. Og hverjir eiga að ákveða hve mikið þetta fólk þurfi sér til lífsframfæris? Líka sveitarstjórnirnar. Hinar sömu sveitarstjórnir. Og svo er þessi hv. þm. svo barnalegur að halda því fram, að með hans till., ef samþ. verður, sé gömlu fólki tryggð ellilaun, og svo há ellilaun sem það þurfi sér til lífsframfæris. Ef hv. 5. þm. Reykv. kæmi því til leiðar, að settur væri upp einhver dómstóll til tryggingar því fyrir gamla fólkið, að það fengi ellilaun þegar það þyrfti, og svo mikið sem það þyrfti, þá mætti segja, að þessi hv. þm. hefði eitthvað fyrir gamla fólkið gert og bundið sveitarstjórnirnar í þessu efni, svo að við sleppum nú getu þeirra til að fullnægja slíkum úrskurðum. En hann bindur þær ekki með því að gera þær að dómurum yfir sjálfum sér í þessu hvorutveggja, því það eru þær nú. Það er sjálfsagt sælt að vera eins mikið barn og hv. 5. þm. Reykv. En gamla fólkið nýtur bara ekki fremur en aðrir góðs af slíkum barnaskap.

ATKGR.

Brtt. 379 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 372,1 felld með 18:3 atkv.
— 370,1 felld með 19:11 atkv.
— 370,2 felld með 18:10 atkv.
— 381,1 samþ. með 19:2 atkv.
— 370,3 tekin aftur.
— 381,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 370,4 kom ekki til atkv.
— 372,2 felld með 20:2 atkv.

Brtt. 382 felld með 18:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JPálm, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StSt, TT, ÞBr, EE, GÞ, GSv.

nei: HV, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BÁ,BjB,EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, JörB.

ÍslH, EOl greiddu ekki atkv.

Brtt. 370,5 tekin aftur.
— 391 samþ. með 19:10 atkv.
— 380,a, svo breytt, samþ. með 17:8 atkv.
— 380,b samþ. með 18 shlj. atkv.
—. 372,3 felld með 17:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A.392).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 392, n. 434).

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta er eitt af hinum mestu málum, sem legið hafa fyrir Alþingi að þessu sinni. Er stutt síðan það kom til þessarar hv. d. Allshn. hefir að vísu farið yfir frv. og borið það saman við l., eins og segir í nál. Skal ég gera grein fyrir því í stórum dráttum, hvaða breytingar á núgildandi l. frv. fer fram á. Þó vil ég geta þess áður, að minni hl. n., hv. 11. landsk., hefir ekki skilað nál., en mun gera grein fyrir sinni afstöðu hér. En hann mun ekki geta fylgt frv. án nokkurra breytinga. Hinsvegar er meiri hl. ljóst, að ef málið á að ná framgangi á þessu þingi, tjáir ekki að gera neinar breyt. á frv. En við teljum breyt. þær, sem frv. gerir á l., svo mikilvægar, að sjálfsagt sé að láta málið ná fram að ganga. Viljum við því hvetja menn til að brjóta odd af oflæti sínu og bera ekki fram brtt., svo að málið tefjist ekki.

Þá kem ég að helztu nýmælum, sem frv. flytur. Við 2. gr. hafa verið gerðar mestar breytingar. Að vísu er í 1. gr. gerð sú breyt., að tryggingaráð skuli tilnefnt af þrem stærstu þingflokkunum, en áður var það skipað af ráðh. Í b-lið sömu gr. eru svo skýrari ákvæði um starfssvið tryggingarráðs.

Með a-lið 2. gr. er bætt við nokkrum nýjum starfsflokkum. Ég skal játa, að það er alltaf varhugavert að gera slíkar upptalningar. Þær geta aldrei orðið tæmandi, og alltaf geta bætzt við nýir starfsflokkar, sem gera nauðsynlegar breyt. síðar meir. B-liður þessarar gr. kveður á um tryggingarskyldu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða. Er að þessu mikil bót, því að áður hefir ríkt nokkur misskilningur um það, hvort ákvæðisvinna skyldi vera tryggingarskyld eða ekki. Nú er þessu slegið föstu. C-liður fjallar um heimild til að tryggja einstaka menn, svo sem þá, er ferðast í einkabifreiðum, sem bifreiðal. ná ekki yfir.

Þá er 3. gr. Þar er það nýmæli, að í b-lið er útgerðarmanni gert skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, er bótaskyld eru samkvæmt l. Áður var heimild til þessa, en nú er það skylda. Auk þess er þarna tekið fram, að slysatryggingunni beri að greiða hinum slasaða, auk slysabóta, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi. Tel ég þetta mikla bót fyrir fiskimenn, því að þeim hefir oft gengið illa að fá þessar bætur.

Þá er 4. gr., sem kveður á um bætur við fráfall venzlamanna, og er þar gerð nokkur breyting á l., sem ég tel til bóta.

5. gr. kveður skýrt á um það, að skipverjar teljist í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir

fái hlut af afla, en ekki kaup, og teljast þeir þá líka í tryggingunum. — Næstu gr. eru svo ekki annað en afleiðing af þessu, sem komið er.

9. gr. er um aldurstakmark tryggingarskyldra. Samkv. gr. er þeim, sem eru yfir 67 ára að aldri, heimilt að láta tryggja sig, en ekki er það skylda. Hygg ég það heppilegt, að gamalmennum sé það í sjálfs vald sett, hvort þau greiða iðgjöld til trygginganna eða ekki.

Um 10. og 11. gr. þarf ég ekki að ræða. Þær skýra sig sjálfar.

Í 12. gr. eru nokkrar breyt. frá því, sem er í l., aðallega þó orðalagsbreytingar. Eru þar þó rýmri ákvæði um það, ef fólk í sveit óskar eftir að stofna sjúkrasamlag. Að vísu þarf eftir gr. meiri hl. atkv. hreppsbúa, eins og áður, til þess að sjúkrasamlag sé hægt að stofna, en ef ekki næst til meira en helmings atkvæðisbærra manna í hreppnum, skal fara fram ný atkvgr. innan 4 vikna, og ræður þá einfaldur meiri hl. greiddra atkv. úrslitum.

13. og 14. gr. skýra sig sjálfar.

Með 15. gr. er gerð allveruleg breyt. frá því, sem nú er. Þar er gert ráð fyrir, að niður falli gjald, er sjúkrasamlagsmeðlimi er skylt að greiða til lækna eða sjúkrahúsa, með þeim takmörkunum, er í gr. segir. Í þessari gr. eru auk þess fleiri réttarbætur.

16. gr. er að mestu afleiðing af því, sem áður er komið.

Í 17. gr. er skýrar en í l. kveðið á um iðgjaldagreiðslur unglinga á aldrinum 16—21 árs, er dvelja á heimilum efnalausra foreldra. Er heimilað að gefa eftir iðgjöld þessara unglinga, ef tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið skal í samþykktum sjúkrasamlaganna. Reynslan hefir sýnt, að það hefir oft verið óbærileg byrði fyrir barnmörg heimili að greiða þessi iðgjöld.

19. gr. kveður á um að hámark þess framlags, sem bæir og ríki greiða nú og má nema ¼ af gjöldum samlaganna, sé hækkað úr 9 kr. upp í 10 kr.

21. gr. er að efni eins og 37. gr. l., að öðru en því, að hér er skýrar að orði kveðið um það, hvernig fari um menn, sem vegna fátæktar geta ekki greitt iðgjöld sín. Er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstjórnir setji reglur um þetta, er samþ. séu af ráðh. Er þetta nauðsynleg lagfæring, því að oft hefir verið gengið nokkuð hart eftir iðgjöldum hjá fátæklingum. Er vonandi, að þetta skapi nokkru meira réttlæti en verið hefir.

Ég hleyp hér yfir nokkrar gr., sem eru aðallega orðabreytingar, og kem að 27. gr. Hún er breyt. á 49. gr. l. Hún er um ívilnanir, sem lífeyrissjóður Íslands getur veitt eftirlaunasjóðum, er einstakar stofnanir eða fyrirtæki kunna að stofna fyrir starfsfólk sitt eða meðlimi.

28. gr. bætir því við 50. gr. l., að bæjar- og sveitarsjóðir skuli greiða iðgjöld fyrir gamalmenni á aldrinum 60—70 ára, sem geta það ekki sjálf fyrir fátæktar sakir. Skulu slíkar greiðslur fara eftir reglugerð, sem bæjar- eða sveitarstjórnir setja, en ráðh. staðfestir.

Svo hleyp ég yfir þrjár gr., aftur að 32. gr. Hún er gerð að umtalsefni í nál. meiri hl. Í Nd. var því bætt inn í frv., að sjóðfélagar í eftirlaunasjóðum Landsbankans og Útvegsbankans skuli undanþegnir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs Íslands. Við lítum svo á, að ef hnigið verður að þessu ráði, muni margir eftirlaunasjóðir einstakra félaga og stofnana koma á eftir og æskja hins sama til handa sér. Ég hefi sérstaklega í huga þrjá allfjölmenna sjóði, er hér myndu koma til greina; sjóði starfsmanna Reykjavíkurbæjar og Eimskipafélagsins og svo ellilaunasjóð prentara. Kunna að vera til fleiri slíkir eftirlaunasjóðir, sem krefjast myndu þessara réttinda. Það hefði þau áhrif, að líkur væru til, að lífeyrissjóður Íslands geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, ef þessir sjóðir eru undanþegnir greiðslum til lífeyrissjóðs. Það eru yfirleitt fastlaunaðir menn, sem greiða í þessa sjóði, og eftir því, sem fleiri þeirra fá undanþágu, er meiri hætta á vanhöldum á greiðslum til lífeyrissjóðs Íslands, þar sem það verður þá aðallega efnaminna fólkið, sem greiðir til hans. Þótt ég sé óánægður með, að þetta sé komið inn í frv., þá bendir það til, að reynslan hafi leitt í ljós, að ákvæði 27. gr. séu nauðsynleg, og sé ég mér því ekki fært að leggja til, að þetta sé numið burt úr frv. Það er vafasamt, hvernig atkv. mundu falla um það hér í hv. d., og í Nd. mundi sennilega engin leiðrétting fást, enda enginn tími orðinn til að málið hrekist á milli deilda, þar sem þetta virðist vera mikið deilumál.

Skal ég minnast á 35. gr., sem er hvað veigamest og er um það, að ríkissjóði verði lögð sú skylda á herðar, að í stað 150 þús. kr. árlegrar greiðslu til lífeyrissjóðs Íslands verði hér eftir greiddar 200 þús. kr.

Svo er það 37. gr. Hún skapar skýrari og tvímælalaust öruggari reglur um, hvernig beri að úthluta úr lífeyrissjóði. Hefir það komið fram við reynsluna, að ekki þótti tryggt að láta l. standa óbreytt í þessu efni, þar sem það hefir sérstaklega orðið að ásteytingarsteini, að ýms bæjarfélög hafa notað þá upphæð, sem þau hafa fengið frá lífeyrissjóði, til ellilauna handa þeim, sem áður hafa verið á fátækraframfæri, og þeir, sem ekki nutu fátækrastyrks, fengu svo lítil ellilaun, að þeir urðu fyrir stórum vonbrigðum í þessu efni. Hefir það orðið til þess, að gamalmenni, sem eru að basla við að fara ekki á sveitina, fá mjög lítinn styrk, en það var tilgangurinn, að einmitt þau gamalmenni fengju hærri styrk en áður. En í stórum bæjarfélögum er ekki hægt að draga völdin úr höndum bæjarstjórnanna. Það er að lagfæringu á þessu, sem gr. miðar.

38. og 39. gr. miða að því sama, sem ég nú hefi gert að umtalsefni, og er sjálfsögð afleiðing af fyrri breyt.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra frekar þessar breyt. á alþýðutryggingarlögunum; þær miða efalaust allar að því að gera l. réttlátari. Eins og löggjöfin var, áleit almenningur, að henni væri mjög ábótavant, og það var líka mér og öðrum ljóst, þegar l. voru samþ., en þá stóð eins á nú, að hvorki var tími eða tækifæri til nauðsynlegra breyt., ef l. áttu að ganga fram, enda hefir reynslan sýnt, hvaða breyt. þurfti helzt.

Má vera, að fleira eigi eftir að koma í ljós, svo að menn finni ástæðu til á næsta þingi að gera frekari breyt., en ég hika ekki við að fullyrða, að svo miklar réttarbætur fyrir almenning felast í þeim breyt., sem nú hafa verið gerðar með þessu frv., að vafalaust beri að samþ. þær nú og að ekkert það eigi að gera, sem geti orsakað, að málið stöðvist á þessu þingi.

*Árni Jónsson: Ég verð að lýsa því yfir, að ég er mjög illa undir það búinn að tala í þessu máli. Það er skammt síðan málið kom til hv. d., og þótt það væri rétt, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að n. hefði athugað frv., var sú athugun allflaustursleg, þar sem tími vannst ekki til nákvæmrar athugunar. Ég hafði ekki búizt við, að þingfundur yrði í hv. d. í dag, en hv. þm. hafa verið mjög uppteknir undanfarið, bæði við nauðsynleg þingstörf og svo að hressa sig, sem hvorugt er að lasta, svo ég bjóst ekki við, að málið kæmi til umr. fyrr en í fyrsta lagi á morgun og hafði hugsað mér að nota þessa kvöldstund til að geta gert því nánari skil þegar þar að kæmi. En það er huggun fyrir mig, sem stend svo illa að vígi í þessu máli sem ég hefi lýst, að ég geri ekki ráð fyrir, að það hefði mikið að segja, þótt ég hefði meiri rök fram að bera en ég hefi nú á takteinunum. Hv. frsm. meiri hl. n. hefir lýst því yfir, að þetta væri vandasamt mál, og er ég honum sammála um það, og mér þykir raunalegt, hve flaustursleg meðferð það hefir fengið. Því var lýst á fundi í allshn. Nd., hverja meðferð það fékk í þeirri hv. d. Það kom þangað þegar langt var liðið á þingtíma og var afgr. þar með miklum flýti, sem jókst þó enn meir þegar hingað kom í þessa hv. d. Tel ég óafsakanlegt, að stórmál sem þetta, sem líklega er vandasamasta mál þingsins, hljóti slíka meðferð. Það má segja, að þegar eins stendur á og um þetta mál, þá hafi það ekkert að segja, hvort tækifæri gefst til að athuga það, þar sem ákveðið er, að engar brtt. skuli ná fram að ganga, jafnvel þótt það sé viðurkennt af frsm. meiri hl. allshn., að í frv. séu ákvæði, sem hann telur í nál. að séu varhugaverð, og að eina ástæðan til þess, að meiri hl. reyni ekki að bæta þessi ákvæði, sem þeir sjálfir lýsa yfir að séu varhugaverð, sé sú, að komið sé að þingslitum og málinu sé stofnað í hættu, verði farið að hrekja það milli deilda. Vitanlega er þetta engin afsökun. Það er engin afsökun fyrir því, að málið kemur fyrst fyrir þegar liðið er að þingslitum; það átti að undirbúa það svo snemma, að hægt væri að sinna því á þann hátt, sem Alþ. er sæmandi.

Ég gekk einu sinni inn í hv. Nd., þegar verið var að ræða frv. þar, og á þeim skamma tíma, sem ég var þar inni, varð ég þess áskynja, að málið var svo flókið, að þeir lögvitringar og sérfræðingar í þessum greinum, sem þar leiddu saman hesta sína, brigzluðu hver öðrum um fávizku. Er þá sýnilegt, að málið er mjög flókið, þar sem þeir, sem hafa lagt mikla vinnu í að kynna sér það og fylgzt með framkvæmd l., bera hver öðrum fákænsku á brýn. Er þá sýnilegt, að það er svo vandasamt, að það fær ekki viðunandi afgreiðslu á þennan hátt. Ég hefi það eftir lögfróðum mönnum, að þetta muni vera flóknasta löggjöf af nýrri l. vorum.

Hv. frsm. meiri hl. n. lýsti því yfir, að ekki mundi þýða að bera fram brtt., ekki einu sinni þær., sem þeir telja nauðsynlegar til að bæta úr helztu ágöllum frv., þó að gera megi auðvitað tilraun með það við 3. umr. og sjá þá, hvort hv. þm. viðurkenna að málið hafi ekki fengið viðunanlega afgreiðslu á þessu þingi. Ég mun bera fram nauðsynlegustu brtt. við 3. umr.

En áður en þessari umr. lýkur vil ég gera tilraun með, hvort hv. þm. er í raun og veru alvara með að hespa málið af eins og það er og ber því fram rökst. dagskrá, samhljóða þeirri, sem borin var fram í hv. Nd.

Aldrei hefir borið eins mikið á því og á þessu þingi, að menn gæfu sér ekki tíma til að athuga málin gaumgæfilega. Öllum er kunnugt, að fyrri hluta þings gekk tími og starf stjórnarflokkanna í allt annað en að afgreiða þau mál, sem fyrir hv. Alþ. lágu. Ég hefi engin rök heyrt fyrir því, hvers vegna þarf að hraða þessu máli svo mjög, að það megi ekki bíða þessa tæpa tvo mánuði til næsta þings. Því ætla ég að leyfa mér að bera fram þessa rökst. dagskrá, sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi hið fyrsta þriggja manna nefnd samkv. tilnefningu stærstu þingflokkanna, til að rannsaka ýtarlega og alhliða lögin um alþýðutryggingar og leggi till. sínar fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (EÁrna): Þessi till. til rökst. dagskrár, sem hv. 11. landsk. hefir afhent mér og hv. dm. hafa nú heyrt, liggur þá einnig fyrir til umræðu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég veit, að þeir hv. þingflokkar, sem skipa meiri hl. þingsins, eru búnir að koma sér saman um að afgr. þetta mál nú á þessu þingi eins og það er. Þess vegna tel ég það tilgangslaust að bera fram við það brtt., þar sem ég veit fyrirfram, að þær verða allar drepnar. Aftur á móti vil ég nota tækifærið til að lýsa því yfir, að þótt ég telji sum atriði í þessu frv. til bóta, þá vil ég segja fyrir mig og minn flokk, að við álítum, að á því séu stórir agnúar, sem við hefðum óskað eftir, að væri lagfærðir.

Ég er því sammála, að undirbúningur þessa máls sé slæmur og að ekki hafi verið leitað samvinnu við þá, sem með þarf, til að undirbúa málið. Hinsvegar hygg ég ekki, að málið muni fá viðunanlegri afgreiðslu þótt leitað verði samvinnu við Sjáfstfl., en það er það, sem þessi rökst. dagskrá fer fram á, og ekki annað. Það er ekki Sjálfstfl., sem þarf að hafa samvinnu við í þessu máli; það eru samtök fólksins sjálfs, svo sem verkalýðsfélög og önnur félög alþýðunnar, og er einkennilegt, að Alþfl. skuli ekki hafa haft samvinnu við sín eigin samtök, ekki sízt þar sem fram hefir komið eindreginn vilji ýmissa þessara samtaka í sambandi við framkvæmd l.

Ég tel tilgangslaust að ræða þetta mál frekar, þar sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér sam-

an um afgreiðslu þess, svo þýðingarlaust er að koma fram með brtt. við það.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er efalaust rétt, sem þeir hv. ræðumenn, sem hafa talað á undan mér, hafa sagt, að búið sé að ákveða, hvort frv. þetta skuli ná fram að ganga og að brtt. skuli ekki ná fram að ganga. Ég mun því ekki geta breytt sannfæringu hv. andstæðinga, og a. m. k. ekki ráðið um það, að breytingar verði á frv.

En það er einn kafli í þessum l., sem ég hefi borið fyrir brjósti og barizt fyrir að breytt verði frá því, sem hann var upphaflega, og það er kaflinn um ellitryggingar. Það er sagt, að svo séu lög, sem hafa tog, og það er víst, að svo hefir reynzt með þessi l. Mér finnst kaflinn um ellilaun vera mjög óskýrt orðaður um það, hvernig koma eigi við ellilaunagreiðslum á næstunni. Ég hefi jafnan haldið því fram, að ellistyrktarsjóðirnir væru í raun og veru eign bæjar- og hreppsfélaga og ættu að vera undir þeirra umsjá, og því væri í raun og veru rangt að taka þá undir lífeyrissjóðinn. Það er fyrst þegar þeirra hlutverki er lokið, að lífeyrissjóðurinn ætti að taka þá undir sína umsjá. Eins og stendur ætti það eingöngu að vera hreppanna sjálfra að sjá um þá og gefa reikninga yfir þá. En það er nú orðið auðséð, að meiningin er að draga þá undir þessa stofnun (lífeyrissjóð) og svipta hreppana alveg umráðaréttinum yfir þeim. Ég er líka sannfærður um, að vextir ellistyrktarsjóðanna eru tvímælalaust eign sveitar- og bæjarfélaga, og að þeir séu í raun og veru ekki annað en tillag frá hreppunum sjálfum og það ætti að leggja á móti þeim úr lífeyrissjóði eins og öðru tillagi hreppanna. Það er einmitt sagt, að ellistyrktarsjóðirnir eigi að vera til þess að hjálpa þeim, sem ekki vilja þiggja sveitarstyrk, sérstaklega handa þeim, sem vegna vanheilsu eða ómegðar eru að lenda á hreppnum eða eru ófærir til vinnu sökum elli. Gamlir menn eru búnir að greiða mikið í þessa sjóði og eiga því heimtingu á að fá hluta af þeim.

Ég verð að segja, að þegar svo skammur tími er ætlaður til að athuga jafnflókin lög og þessi, þá er ekki þægilegt að bera fram brtt. við þau, og ég tel langheppilegast, að svo verði gert sem stungið hefir verið upp á, að þessu máli verði frestað til næsta þings. Ég sé ekki, að neitt tapist við það.

Fyrir ellitryggingarnar sé ég ekki, að það hafi nokkra þýðingu að hraða frv. svo mjög, en það mundi verða miklu heppilegra, að hvor hv. d. hefði tíma til að athuga þetta vandlega. Eins og nú standa sakir kemur málið sjálfsagt til 3. umr. og til afgreiðslu úr þinginu strax á morgun, og á þeim tíma er ekkert hægt að athuga það frekar; en venjan er, að við þm. bíðum eftir áliti og röksemdum n. áður en við förum að gera okkar aths. um frv. Legg ég því til, að dagskráin, sem fram hefir komið, verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Ég hefi ekki mikið um mál þetta að segja, en ég vildi ekki láta því ómótmælt, sem hv. 11. landsk. sagði, að þm. hefðu lítið aðhafzt framan af þingi. Það sama hefir margsinnis verið sagt í blaði því, sem þessi hv. þm. stendur að. Ég vil því spyrja hann og aðra sjálfstæðismenn: Hvað voru þeir að gera framan af þinginu? Því komu þeir svo seint fram með sín mál, að þau þurfa afbrigði til að komast að? Ég get bent á 10—20 mál, sem sjálfstæðismenn hafa borið fram, svo seint að þurft hefir að leita afbrigða um þau. Það situr því ekki á þessum hv. þm. að víta þingmeirihlutann fyrir seinlæti með að bera fram frumvörp sín.

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Hv. 11. landsk. og hv. 1. landsk. kvörtuðu báðir yfir því, að mál þetta væri illa undirbúið. Ég veit, að þetta er alveg sagt út í loftið. Síðan alþýðutryggingarlögin voru samþ. munu fá mál hafa fengið eins mikla athugun. Lögin urðu fyrir óbilgjarnri gagnrýni, og varð hún til þess, að farið var að athuga um umbætur á lögunum. Ég get skýrt frá því, að mál þetta hefir mjög verið rætt innan Alþfl., í nefnd, sem sett var til að athuga málið, og aðalatriðið úr tillögum þeirrar nefndar er tekið upp í þetta frv. Auk þess hefir trúnaðarmannaráð Dagsbrúnar haft lögin til ýtarlegrar endurskoðunar. Þá vil ég geta þess, að í sumar var haldinn á Akureyri fundur, og sóttu hann fulltrúar sjúkrasamlaganna í umdæminu. Þar voru lögin ýtarlega rædd, og tillögur þess fundar lágu fyrir þeim, er sömdu þetta frv. Ennfremur er það ekkert launungarmál, að innan stjórnarflokkanna hafa menn verið að verki við athugun á öllum þeim till., sem fram hafa komið til breyt. á lögunum, frá Alþfl., hv. þm. N.Ísf. og líka skýrir menn frá Framsfl. Ég álít því, að þetta mál hafi verið betur undirbúið en flest önnur. Hinsvegar má vel vera, að finna megi galla á þessu frv., en þeir eru ekki svo stórvægilegir, að það borgi sig að fresta framkvæmdum þeirra vegna. Það á ekki að fresta þeim umbótum, sem verður að gera. Alþýðuna munar um minna en eitt ár. Hv. 1. landsk sagði, að hann teldi svo miklar umbætur á lögunum liggja í þessu frv., að hann teldi ekki rétt að stefna því í hættu. Það er viðurkennt, að í frv. felast engin ákvæði, sem gera lögin lakari, en mörg ákvæði, sem gera lögin betri og ljósari. Það dugar því ekki að fresta samþykkt þess. Hv. 11. landsk. leggur til, að málinu sé frestað með dagskrá og skipuð nefnd til að undirbúa það til næsta þings. En hvað getur slík nefnd gert á röskum mánuði? Ég er hræddur um, að hún gerði ekki mikið, og er því á móti þessari dagskrá.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég vil andmæla því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu ekki komið fram með mál sín fyrr en seint á þinginu. Það er furðulegt, að slík fullyrðing skuli koma fram, meira að segja þó að hv. 1. þm. N.-M. eigi í hlut. Það er öllum vitanlegt, að framan af þessu þingi lágu öll mál í salti, vegna þeirrar ástæðu, sem hv. 11. landsk. lýsti, — stjórnarflokkarnir voru að bíða eftir ákveðnum aðilja utan þingsins og

þorðu ekkert að gera. Ég skal til dæmis nefna málið um síldarverksmiðju á Raufarhöfn. Það fékk ekki afgreiðslu frá sjútvn. fyrr en seint og síðar meir, vegna þess að meiri hl. n. beið eftir ákvörðunum manna utan þingsins. Ummæli hv. 11. landsk. voru ekki svo hörð, að ég í sporum hv. 1. þm. N.-M. hefði farið að mana fram lýsingu á því hneyksli, sem vinnubrögð þessa þings voru fram eftir öllu. Málin voru send í nefndir, en engin mál komu þaðan aftur. Öll stærri málin, samkomulagsmálin, komu þegar mjög var liðið á þingtímann. Þannig hafa vinnubrögðin verið með alþýðutryggingarnar. — T. d. hefir sá hluti allshn., sem vill, að frv. verði samþ., eytt mestum tíma til að tala um agnúa á frv.; samt kemst þessi nefndarhluti að þeirri niðurstöðu, að frv. verði að ganga fram. Ég álít það skyldu hv. d. að nema burtu úr frv. þá agnúa, sem hv. þdm. finna á því, þó að þeir hafi komið inn í hv. Nd. Það er ekki til að auka álit og virðingu d., ef hún viðurkennir, að frv. hafi verið breytt á verri veg í hv. Nd., og samþykkir það samt. Og sízt ættu meðlimir d. að stuðla að slíku. Það kom heldur illa heim, sem hv. 3. landsk. sagði við yfirlýsingu hv. 1. landsk. um undirbúning þessa máls. Báðir telja þessir hv. þdm. sig fulltrúa verkalýðsfélaganna, en vitnisburðir þeirra um afstöðu verklýðshreyfingarinnar er algerlega andstæður. Hv. minni hl. allshn. hefir lýst því yfir, að í n. hafi málið alls ekki fengizt athugað. Þetta er ekki ósvipað þeirri aðferð, sem höfð var þegar sjálf tryggingarlögin voru sett. Þá var lögð áherzla á að berja allt tryggingarbáknið fram í einu. Allar mótbárur, allar tilraunir til lagfæringa voru kæfðar niður. Eins á að gera hér. Þó á þetta frv. að vera endurbót á lögunum. Afleiðingin verður sú sama og með tryggingarlögin. Þeim er flaustrað af, þó að á þeim séu þúsund og einn agnúi, og komi með hverjum deginum betur og betur í ljós. Þingið má ekki vera að því að gera lögin sæmilega úr garði. Flokkarnir hafa komið sér saman um hvert smáatriði. Alþ. má engu breyta, þó að sjálfir forsvarsmennirnir verði til þess að benda á hvern agnúann eftir annan. Ég tel þjóðinni betur borgið, þó að mál sem þessi yrðu að bíða til næsta þings, og fengju þá að sæta þinglegri meðferð. En meðferð þessarar hv. d. á frv. því, sem hér er til umr., er allt annað en þinglegt. Minni hl. allshn. hefir lýst því yfir, að hann ætli að bera fram rökst. dagskrá um að fresta málinu til næsta þings. Ég álít það ólíkt skynsamlegri leið en að flaustra því af. Þá vinnst þó alltaf tími til að sverfa af verstu agnúana. En það mun fyrirskipað af stjórnarflokkunum, að Ed. geri engar breyt. á frv., en samþykki það eins og það er til d. komið.

Brynjólfur Bjarnason: Fáein orð vegna ummæla hv. 3. landsk. Mér þykir vænt um, að hann skuli viðurkenna, að sú gagnrýni, sem *fram hefir komið á alþýðutryggingarlögunum*, hefði orðið til þess, að farið var að endurskoða lögin og koma fram með breytingartillögur við þau. Eins og ég hefi áður tekið fram, eru í þessu frv. ýmsar breyt. til bóta. og sumar þeirra allþýðingarmiklar, svo sem ákvæðið um ókeypis læknishjálp — Hv. þm. sagði, að í frv. þessu væru engar þær till., er gerðu lögin lakari. Ef það væri rétt, væri ekki mikill vandi að taka afstöðu til þess. En frá sjónarmiði alþýðunnar eru einmitt í þessu frv. ákvæði, sem gera lögin lakari, og vil ég nefna þar til dæmis ákvæðið um að undanþiggja gamalmenni skyldutryggingunni, ennfremur ákvæðið um, að sjúklingar yrðu að borga kostnaðarmismuninn, ef ekki semst með sjúkrasamlögum og sjúkrahúsum. Fleira er í frv., sem að mínu áliti stefnir ekki í rétta átt, svo sem afnám dagpeninga. Það má að vísu segja, að það sé skömminni skárra að afnema dagpeningana alveg, eins og hér er lagt til, en að láta núverandi ástand í þessum efnum haldast. En hér er gengið í öfuga átt, ef tilætlunin er sú, að lagfæra lögin. Með þessu eru hlunnindin gerð minni, í stað þess að átt hefði að auka þau. Þessi breyt. verður því til þess eins að gera lagfæringar á lögunum erfiðari.

Ég hélt því fram, að mál þetta væri illa undirbúið. Það má vera, að það sé skakkt. En það er verst fyrir hv. flm. sjálfa. Að mínu áliti er það eina afsökunin, sem hv. flm. þessa frv. gætu haft, að málið væri illa undirbúið. Ef málið er ekki illa undirbúið, þá hafa þeir enga afsökun, — þá verður að líta svo á, að þeir hafi ekki viljað hafa frv. öðruvísi. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. er allt öðruvísi og jafnvel andstætt þeim atriðum, sem samþ. hafa verið í samtökum alþýðunnar, víða. *Fulltrúaráðið samþykkti, að biðtími dagpeninga* megi ekki vera lengri en ein vika, en hann er nú 16 vikur hér í Reykjavík. En frv. leggur til, að dagpeningar verði afnumdir úr skyldutryggingunni. Samþykkt fulltrúaráðsins fól það auðvitað í sér, að dagpeningar ættu að haldast áfram í skyldutryggingunni. Fulltrúaráðið samþykkti, að iðgjöld skyldu vera stighækkandi. Til þess eru engin tillit tekin í frv. Fulltrúaráðið samþykkti, að öll gamalmenni skyldu fá nóg ellilaun til að geta lifað, ennfremur ýmsar endurbætur á slysatryggingunum, sem hér eru heldur ekki teknar upp. Ég get lesið þessa samþykkt fulltrúaráðsins upp, en þar sem ég hefi gert það áður, mun ég ekki endurtaka það. Verkamannafélagið Dagsbrún samþykkti enn víðtækari tillögur, sem ég veit, að hv. 3. landsk. þekkir. Annars hefi ég ekki séð ástæðu til að bera fram brtt. nú við þessa umr., þar sem samningar munu vera um að afgreiða frv. breytingalaust.

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Út af ummælum hv. 1. landsk. vil ég leiðrétta þann misskilning, að allar umbótatillögur okkar séu fram komnar vegna þeirrar gagnrýni, sem fram hefir komið á lögunum. Umbæturnar eru fram komnar vegna réttmætrar gagnrýni, en frá hv. 1. landsk. og félögum hans hefir auk þess komið *fram óvinsamleg og óréttmæt gagnrýni, og hefir* íhaldsflokkurinn mjög verið samhuga Kommfl. um þessa gagnrýni. Það var mjög blekkjandi, sem hv. þm. sagði um gamla fólkið. Vitanlega má tryggja gamalmenni, sem orðin eru meira

en 67 ára, með sömu kjörum og hina skyldutryggðu.

Þá tók hv. þm. sjúkrahúsin sem dæmi. Í þessu efni er engin breyt. frá því, sem nú er. Ef ekki tekst að semja við sjúkrahúsin fyrir það, sem samlögin sjá sér fært að greiða, þá verða einstaklingarnir nú að greiða mismuninn. Þetta er óbreytt enn, en þetta er eitt af því, sem veldur miklum örðugleikum, hvað sjúkrahúsin eru dýr, en hér er hvorki breytt til þess verra eða betra.

Þá vildi hann færa fram sannanir fyrir því, að breytt væri til hins verra, að nú væri dagpeningatryggingin skyldutrygging. Þetta er mjög mikill meiningarmunur milli alþýðunnar í þessum bæ. Þeir, sem búa við óákveðin laun, tímavinnumenn, og þeir, sem hafa stopula atvinnu, líta svo á, að þeim sé nauðsynlegt að tryggja sig fyrir sjúkdómum, og það sé meira um vert, að iðgjöldin geti verið lág, ef það er fært, en dagpeningagreiðslan undanskilin, en þeir, sem finna sig menn til að tryggja sig með dagpeningagreiðslum, geti það, en það sé engin skylda. Ég hygg, að ég þekki þetta eins vel og hv. þm., og ég veit, að þessi skoðun er ofarlega uppi. Þeir, sem tryggja sig fyrir dagpeningagreiðslu, hafa ekki nema vikufrest, því að það er ákveðið í brtt., að þegar á annað borð á að greiða dagpeninga, þá sé fresturinn ekki nema vika. Þetta er eitt af nýju ákvæðunum í frv., en ég skal játa, að ég var einn af þeim sem litu svo á, að eftir öllu því sem gerzt hefði í málinu, væri það meining löggjafans, að ekki væri nema vikubiðtími, en það hefir verið túlkað af öðrum, að hann sé lengri. Ég þykist því hafa sannað, að þessi dæmi, sem hann tók, séu ekki rétt sem ádeila á þessa brtt.

Við getum lengi karpað um undirbúning málsins, en ég hygg, að ekki verði annað talið en að málið hafi fengið góðan undirbúning, og þau atriði, sem mest áherzla var lögð á, eru nú komin inn í frv. Við vitum að þegar menn gera till. til breyt., þá detta fæstum í hug allar breyt., sem menn óska eftir að gangi fram, og svo mun hafa verið um þær till., sem hann vitnaði til, og fæstum mun hafa dottið í hug, að þær mundu geta orðið að veruleika.

Það er ekki heldur hægt að hrekja, að þetta mál hefir fengið betri undirbúning en flest önnur mál, sem komið hafa hér inn á Alþingi. Hinu megum við ekki heldur gleyma, að viðhorf manna til þess, hvernig þessi l. eigi að vera, eru mjög misjöfn. Ég hygg, að sá flokkur, sem Alþfl. vinnur með, muni að sjálfsögðu hafa önnur sjónarmið, og verður þar einnig að taka tillit til hans óska, en ég játa, að hann hefir mætt okkur með fullum skilningi á öllum þýðingarmestu atriðum málsins.

***Árni Jónsson:** Það eru örfá orð. Þeir hafa leitt hér saman hesta sína fulltrúar verkalýðsins, sem svo kalla sig, og kemur illa saman um, hvernig undirbúningur málsins hafi verið. Hv. 3. landsk. heldur fram, að þetta mál hafi verið mjög vel undirbúið í verklýðsfélögunum, en hv. 1. landsk. þvert á móti. Hann heldur fram, að Alþfl. hafi alls ekki borið þetta mál nægilega undir verkalýðinn, og meira að segja ekki leitað þar samvinnu við sína eigin flokksmenn um það. En ég vil spyrja hv. 1. landsk., sem hefir mælt á móti dagskránni, hvort honum finnist ekki meira samræmi í því, þegar hann heldur fram, að málið sé illa undirbúið, að láta það fá almennilegan undirbúning með því að skipa n. til að undirbúa það fyrir næsta þing.

Ég vil ekki skera úr um það, hvernig málið hafi verið undirbúið, því að ég tel mig bresta til þess kunnugleika. En hinu vil ég halda fram, að hér á þingi hefir málið ekki fengið þann undirbúning, sem nauðsynlegur er og samboðinn löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það er furðulegt, þegar hv. frsm. meiri hl. heldur því fram, að ekki sé nauðsynlegt að skipa mþn. í málið, af því að hún muni ekki hafa tíma til að undirbúa það fyrir næsta þing. Það er tilætlunin að n. sé skipuð samkv. tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, og auðvitað yrðu valdir til þess þeir menn, sem mesta þekkingu hafa á þessum efnum. Mér er spurn: Ef þeir, sem eru hæfastir á þessu sviði, geta ekki fundið botn í málinu á 2 mánuðum, hvernig er þá hægt að ætlazt til, að hv. 3. landsk. eða ég, sem litla þekkingu höfum á þessu máli, getum fengið sæmilegan botn í því á einum 2 dögum. Nei, ég vil halda mig við það, eins og hv. 6. landsk. og hv. þm. Vestm. hafa líka tekið undir, að þetta mál hafi ekki fengið þá meðferð í þinginu, sem samboðin er. Þess vegna væri það eina rétta að fresta því til næsta þings og undirbúa það betur, eins og lagt er til í þeirri rökst. dagskrá, sem ég hefi lagt hér fram.

Ég hefi ekki enn heyrt neinar frambærilegar ástæður fyrir því, að málið geti ekki tafizt þennan stutta tíma, því að það er fjarri því, sem hv. 3. landsk. sagði, að ef mþn. er skipuð í málinu, þá sé því þar með slegið á frest í eitt ár, af því að það eru aðeins 2—3 mán. þangað til hægt er að afgr. það frá Alþingi, ekki eins og nú með lítilli eða engri meðferð þingsins og slæmum undirbúningi, heldur með fyllsta undirbúningi, sem hægt er að krefjast.

Hv. 1. þm. N.-M. þarf ég engu að svara. Hann kom að nauðsynjalausu inn í umr. og var tekinn svo til bænar af hv. þm. Vestm., að ég þarf þar engu við að bæta.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. 3. landsk. var að tala um óvinsamlega gagnrýni, sem hefði komið fram hjá mér gagnvart alþýðutryggingunum. Ég veit ekki, hver hún er, og þætti vænt um, ef hann vildi benda á, í hverju hún liggur. Ennfremur sagði þessi hv. þm., að bæjarfélögin geti tryggt þau gamalmenni, sem þeim sýnist, vegna þess að þau geti komið inn í tryggingarnar. Það er nú svo. Bæjarfélögin geta það ekki, nema gamalmennin reynist tryggingarhæf, — og hvaða gamalmenni reynast tryggingarhæf? Ég hygg, að þau, sem helzt þurfa tryggingar með, reynist það ekki. Svo er ég ekki heldur viss um, að þótt maður haldi sér við þau gamalmenni, sem tryggingarhæf eru, að bæjarfélögin mundu halda þeim í tryggingu. A. m. k. bendir reynslan ekki í þá átt.

Þá sagði hv. þm., að iðgjaldagreiðslur hefðu

verið þungur baggi fyrir gamalmennin, en honum væri hér með létt af. Það fer að verða skrítið, ef það eru hlunnindi að vera ekki í sjúkrasamlagi, og sérstaklega er það undarlegt, þegar um er að ræða gamalmenni, sem manna mest hafa hagsmuni af að vera tryggð í sjúkrasamlögum. Hversu vel gamalmennin hafa ráð á að vera tryggð, fer eftir því, hvað há ellilaunin eru, og við leggjum til, og samtök Alþfl. líka, að ellilaunin séu svo há, að sómasamlegt sé fyrir öll gamalmenni. Þá vill hv. þm. halda því fram, að með þessum l. sé engu breytt að því er snertir skyldur sjúkrasamlaga um greiðslur fyrir sjúkrahúsvist. Það, sem gert er, er þá það, að lögfesta þann skilning á l., að ef ekki næst samningur við sjúkrahús, þá beri sjúklingi að greiða mismuninn, í stað þess að fara þá leið, sem ég tel sjálfsagða, að öllum sjúklingum sé tryggð ókeypis sjúkrahúsvist. Hér er því áreiðanlega stigið spor aftur á bak.

Þá sagði hv. þm. um dagpeningagreiðslurnar, að samkv. frv. skyldi biðtíminn ekki vera lengri en ein vika, eins og fulltrúaráðið hefði samþ. að skyldi verða. Þetta er ekki rétt. Ákvæði frv. eru þau sömu og í núgildandi l., og þar stendur, að biðtíminn megi ekki vera skemmri en ein vika, og er því ekki um neina breyt. að ræða. Hér er algerlega farið öfugt að við það, sem fulltrúaráð verklýðsfélaganna ætlaðist til með sínum samþykktum. Ég sé því ekki annað en að þessi aths., sem hv. 3. landsk. gerði við mína ræðu, falli um sjálfa sig.

Þá spurði hv. 11. landsk., hvort það væri ekki meira í samræmi við okkar vilja að samþ. hina rökst. dagskrá. Ég þarf þar ekki annað en að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að þótt þessi n. væri skipuð einum manni úr þremur stærstu þingflokkunum til þess að undirbúa þetta mál undir næsta þing, þá mundi við það engin breyt. fást til bóta á l., nema jafnvel síður sé, þannig að ég sé enga ástæðu til að greiða atkv. með þeirri till.

Þorsteinn Þorsteinsson: Því, sem ég hefi sagt um það frv., sem hér liggur fyrir, hefir ekki verið andmælt að neinu leyti. Get ég því sparað mér að tala mikið meira um það. En það, sem gefur mér tilefni til að standa upp, er það, að hv. 1. þm. N.-M. þaut eins og örskot upp úr sæti sínu og bar á okkur sjálfstæðismenn, að við hefðum unnið illa og slælega á þessu þingi. Þessu verð ég algerlega að mótmæla. Hv. þm. Vestm. hefir svarað þessu að miklu leyti, en ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég þykist hafa unnið nú að nefndarstörfum og öðrum störfum í þinginu fullkomlega á við flesta hv. þm. úr Framsfl. Ég vil minna þennan hv. þm. á, að ég hefi unnið nú í haust með honum í einni n., og er hann þar formaður. Ég minnist eins máls, sem kom þangað og lá hjá n. án þess að nokkur afgreiðsla fengist í mánaðartíma, þrátt fyrir endurteknar óskir mínar um afgreiðslu. Hv. þm. er ekki enn farinn að gefa út neitt nál. um það mál. Þetta er frv. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði. Ég býst því við, að svo fari, að málið verði ekki afgr. sem l. frá þessu þingi, vegna þess trafala, sem það hefir orðið fyrir undir hans stjórn. Svona voru vinnubrögð hv. þm. í þessu máli. Þeim er aldrei ráðlegt, sem í glerhúsi búa, að kasta grjóti.

Páll Zóphóníasson: Mér finnst, að þessir hv. þm. hafi misskilið það, sem ég sagði. Ég var ekki að tala um, að þeir hefðu unnið illa, en þeir voru að tala um, að framan af þingi hefði ekkert verið gert og ekkert verið að gera. Í því sambandi vil ég benda á, að þessir hv. þm. höfðu sjálfir svo mikið að gera og unnu svo vel eins og hv. 6. landsk. og aðrir, að þeir komu því ekki við að gera meira. Þess vegna var það svo t. d. með frumvarp til laga um breyt. á jarðræktarlögunum, að það tók allan fyrri part þingtímans fyrir flm. þess, þá hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. Snæf., að koma því inn í þingið. Þeir höfðu svona mikið að gera. Svona gætum við talið upp heilan hóp af málum, ekki af því, að þessir menn hafi unnið svo illa, heldur af því, að þeir höfðu svo mikið að gera. Þess vegna er ástæðulaust fyrir þá að segja, að framan af þingi hafi ekkert verið gert. Þeir hafa þar sjálfir borið vitni, því að þeir gátu ekki komið málum sínum inn í þingið á þeim tíma, sem þingsköp ætlast til.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 11. landsk. þm. felld með 9:6 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—43. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, SÁÓ, ÞÞ[1]), HermJ, IngP, JBald, JJ, PHerm, EÁrna.

ÁJ, BSn, BrB, GL, JJós, MJ[2]) greiddu ekki atkv.

1 þm. (BSt) fjarstaddur.

44. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 392, 457).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 457. — *Afbrigði leyfð og samþ.* um fyrra atriðið með 12:1 atkv. og um hið síðara með 10:1 atkv.

***Árni Jónsson:** Ég vildi aðeins gera grein fyrir brtt. á þskj. 457. Hún er við 10. gr. í frv., en 10. gr. er aftur breyt. á 24. gr. l. Í 24. gr. l. er það ákvæði, að það er sett að skilyrði fyrir hlunnindum, sem sjúkrasamlögin veita, að viðkomandi hafi ekki hærri skattskyldar tekjur en 4500 kr. Þessir menn eru hinsvegar greiðsluskyldir í samlögin án þess að hafa þar nokkur hlunnindi. Nú hefir þessu verið breytt á þann hátt, að þessir menn geti öðlazt sömu réttindi

1) **ÞÞ:** Þó að mér virðist gallar á þessum gr., tel ég kostina heldur meiri og segi því já.

2) **MJ:** Það er margt í þessum gr., og þar á meðal sumt, sem ég er með, og annað, sem ég er á móti, svo að ég held, að ég hafi fullkomna ástæðu til þess að greiða ekki atkv.

og aðrir samlagsmenn, en þó því aðeins, að þeir greiði a. m. k. helmingi hærra iðgjald. Það er þetta „að minnsta kosti", sem ég hefði viljað fella burt, en í stað þess kæmi allt að helmingi hærra o. s. frv.

Manni virðist, að það hljóti að vera nokkuð hart að gengið, þegar maður, sem hefir ekki nema 4600 kr. skattskyldar tekjur, verður til þess að öðlast réttindi í sjúkrasamlagi að greiða helmingi meira en sá, sem hefir 100 kr. minni tekjur. Með brtt. ætti að vera fyrir því séð, að stjórnir sjúkrasamlaganna geti nokkuð miðlað þarna málum, svo ákvæðið komi ekki eins ranglátlega niður eins og gert er ráð fyrir í gr., ef hún er óbreytt.

Næsta brtt. er við 11. gr. frv., en hún er aftur við 26. gr. l., en hún er um skipun stjórnar sjúkrasamlaganna. Eins og l. eru nú, þá kjósa bæjarstjórnir stjórnir sjúkrasamlaganna með hlutfallskosningu, og er gert ráð fyrir þremur, fimm, eða sjö mönnum, sem kosnir eru á sama tíma og fastanefndir eru kosnar. Þar er einnig ákvæði um, að bæjarstjórnir ákveði þóknun til þessara manna, sem greiðist af samlögunum. Í frv. er þessu breytt á þann hátt, að ráðh. skipar formenn samlaganna eftir till. tryggingarráðs, en bæjarstjórnirnar kjósa svo menn til viðbótar. Þá er og í þessari 11. gr. frv. sú breyt., að í stað þess, að bæjarstjórnir ákveða nú þóknun til stjórnarnefndarmanna, þá sé það tryggingarstofnun ríkisins, sem ákveði þessa þóknun. Um þessar breyt. er það að segja, að mér finnst og mörgum fleiri, að það sé miklu eðlilegra eins og það nú er, að þar sem bæjarstjórnirnar hafa jafnmikinn veg og vanda af sjúkrasamlögunum eins og þær hafa, þá hljóti það að vera eðlilegt, að bæjarfélögin hafi sem mesta íhlutun um stjórn þeirra. Einmitt það, að bæjarstjórnirnar kjósa sjálfar stjórnir samlaganna, skapar þeim þá ábyrgð, að þær hljóta alltaf að hafa áhuga fyrir því, að stjórn sjúkrasamlaganna fari sem bezt úr hendi. Ég held því, að það sé misráðið að draga völdin úr höndum bæjarstjórnanna, eins og gert er ráð fyrir með frv. eins og það liggur fyrir.

Hinar 2 brtt., við 13. og 14. gr. frv., eru í sambandi við brtt. við 11. gr. og það er í beinu áframhaldi af því, að þær hljóta að standa eða falla með hinum brtt. Ég sé því ekki ástæðu til að lýsa þeim sérstaklega.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Mér þykir rétt að geta þess áður en málið fær fullnaðarafgreiðslu, að við nánari athugun á þeim samningum, sem eru í gildi milli nokkurra sjúkrasamlaga og lækna, hefir það sýnt sig, að þessir samningar gilda í sumum tilfellum til 1. júlí næstkomandi. Af þessu leiðir, að einstök ákvæði í þessu frv. geta í rauninni ekki komið til framkvæmda fyrr en þá. Á ég þar sérstaklega við ákvæði 15. gr. a-liðar, sem tilskilur það, að sjúkrasamlögin greiði að fullu læknishjálp fyrir samlagsmenn hjá föstum samlagslæknum, en eftir þeim samningum, sem nú gilda, er gert ráð fyrir, að samlagsmenn greiði ¼ sjálfir, svo lengi sem þeir samningar eru í gildi, eða til 1. júlí næstkomandi.

Mér fannst rétt að láta þetta koma fram, áður en málið fær fullnaðarafgreiðslu í d., til þess að það sé sýnt, að d. hafi verið um þetta kunnugt. Ef svo skyldi fara, að þetta kæmi í einhvern bága, sem ég tel ekki líklegt, að þurfi að koma til, því það verður sennilega samkomulag um þetta milli beggja aðilja, þá verður að gera ráðstafanir til þess að mæta því, enda er skammt að bíða næsta þings, sem mun koma saman 15. febr.

***Árni Jónsson:** Það er náttúrlega dálítið einkennilegt, að það skuli koma fram nú, að þarna eru ákvæði í frv., sem rekast á gilda samninga milli sjúkrasamlaga og lækna. En ég stóð upp aðeins til þess að benda á, hvernig þetta sannar það, sem við héldum fram í gær um það, hvernig þessu máli er hroðað hér af í þinginu. Meiri hl. allshn. hefir lýst því yfir, að í frv. séu nú ákvæði, sem hann telur óskynsamleg. En samt hefir hann ekki komið með brtt. vegna þess, að hann treystir sér ekki til þess að láta frv. hrekjast milli d., og nú sýnir það sig, að atvmrh. lýsir því yfir við síðustu umr. málsins, að ekki sé betur gengið frá þessu en það, að þarna séu ákvæði, sem reki sig á gerða samninga. Ég álít þess vegna, eins og ég sagði í gær, að það sé sannað með því, sem fram hefir komið, að öll meðferð þessa máls sé svo flaustursleg og óhæfileg, að ég tel afgreiðslu þess Alþ. gersamlega ósamboðna.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (EÁrna): Mér hefir verið afhent svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hæstv. atvmrh.: [sjá þskj. 479.]

Það þarf afbrigði fyrir þessa till., bæði af því að hún er skrifl. og hefir komið fram á þessum fundi.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Þessi till., sem ég ber hér fram, er í beinu framhaldi af því, sem áður hefir verið sagt við þessa umr. Ástæðan til þess, að hún er fram borin, er sú, að samningar, sem einstaka sjúkrasamlög hafa gert, gilda fram til 1. júlí næstkomandi.

***Magnús Jónsson:** Af því að ég bar hér fram á öndverðu þingi frv. um breyt. á þessum l., sem gekk í svipaða átt og 1. brtt. á þskj. 457, vildi ég aðeins segja um þá brtt. örfá orð, þ.e. viðvíkjandi þeim, sem hafa yfir 4500 kr. skattskyldar tekjur. Ég bar fram frv. um það, að sjúkratryggingarnar skyldu ná jafnt til allra, allir skyldu eiga við sömu kjör að búa og njóta sömu réttinda. Rökstuddi ég þetta með því, að þetta er það eina eðlilega í málinu, og sömuleiðis með því, að það er ekkert sjúkrasamlag til á landinu, sem ekki mundi standast fullkomlega, þó að þetta ákvæði væri haft. Með því að undanþiggja þá, sem hafa yfir 4500 kr.

tekjur, er hafður í frammi óþarfa fjárdráttur handa sjúkrasamlögunum. Eina sjúkrasamlagið, sem þetta mundi muna nokkru, er sjúkrasamlagið í Reykjavík, því það er eini staðurinn, þar sem þessir menn eru svo margir, að þetta geti munað nokkru sem heitir. Ég hefi spurzt fyrir um það hjá sjúkrasamlagsstj. hér, hvort þetta gæti orðið skaðlegt fyrir sjúkrasamlögin, og fengið það svar, að það væri alveg óhætt að taka þessa menn inn í tryggingarnar án aukagjalds. Þetta er það eina eðlilega og er í fullu samræmi við aðrar tryggingar, t. d. líftryggingar, þar sem ekkert er farið eftir efnahag manna, heldur þeirri áhættu, sem tryggingarnar hafa af því að tryggja viðkomandi mann. Enda má benda á, að mjög verulegur hluti kostnaðarins er gersamlega greiddur af opinberu fé. Og þar kemur fram mismunurinn milli efnaðra manna og efnalausra, í því, hve mikinn skerf þeir leggja til þess hluta fjárins. En tryggingarnar sjálfar eiga að vera á hreinum *tryggingargrundvelli. Ég skal ganga inn á* það, að þeir, sem hafa yfir 4500 kr. í tekjur, greiði hærra gjald, ef á annað borð á að hafa tryggingarnar á stighækkandi skattagrundvelli. Hitt nær ekki nokkurri átt, að hafa þetta svo sem það nú er í frv. Hv. 11. landsk. hefir fært fyrir þessu skýr rök. Það getur komið fyrir, að af tveimur mönnum, sem ekki munar nema um 100 kr. á í tekjum, verði annar að greiða helmingi hærra gjald. Fjöldi manna úr hópi þeirra, er greiða ættu þetta háa gjald, mundi ekki sjá sér hag í því að vera tryggðir. Mestar líkur eru til þess, að einhleypir, hraustir menn, eða menn, sem ekki hafa stóra fjölskyldu, færu út í þá óheilbrigðu stefnu, að vera ótryggðir, og treysta á heppni sína og hamingju. Það eru helzt líkindi til þess, að menn með stórar fjölskyldur, — menn, sem eiga fyrir mörgum börnum að sjá, mundu verða í tryggingunum. Þetta er blettur á lögunum; það á að stefna að því, að allir taki þátt í tryggingunum.

Ég sé ekki betur en að brtt. hæstv. atvmrh. sé óþörf. — Hæstv. ráðh. sagði, að einn þm. í hv. Nd. hefði vakið máls á þessu í Nd., en því hefði þá enginn gaumur verið gefinn. Ég skil ekki í því, að ákvæði frv. þurfi að rekast á samningana við læknana, né að læknarnir þurfi nokkurs í að missa. Hér gæti í hæsta lagi verið um það að ræða, að sjúkrasamlögin yrðu að *greiða læknunum að fullu fram að þeim tíma*, sem samningarnir renna út. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera á móti till., en þykir hún óþörf.

***Árni Jónsson:** Ég fer að gera mér von um það, sem ég gerði ekki áður, að einhver af brtt. mínum á þskj. 457 nái samþykki, fyrst hæstv. ráðh. ætlar nú á annað borð að „opna“ frv. Bæði það, sem ég hefi sagt, og eins orð hv. 1. þm. Reykv. ætti að hafa fært hæstv. ráðh. heim sanninn um, að 1. brtt. mín er byggð á fullri sanngirni, og eigi á annað borð að fara að senda frv. milli deilda, þá vil ég treysta því, að sú till. verði samþ. Annars þykir mér undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli nú fara að opna frv. fyrir brtt. Það kemur illa heim við afstöðu samflokksmanna og samstarfsflokksmanna hæstv. ráðh. hér í hv. d. Þeir hafa lýst því yfir í nál., að þeir hafi rekið sig á galla í frv., er þeir telji varhugaverða, en þeir hafa ekki reynt að bæta úr þessum ágöllum, vegna þess, að þeir litu svo á, að allar brtt., sem yrðu samþ. úr þessu, gætu orðið til þess að stofna frv. í hættu. Alltaf hefir klingt við sú röksemd, að orðið væri svo áliðið, að ekki væri óhætt að senda frv. milli deilda. Þetta hefir orðið til þess, að ég og ýmsir aðrir, sem hefðu annars flutt brtt., hafa álitið þýðingarlaust að bera þær fram. En nú kemur hæstv. atvmrh. sjálfur og ætlar að opna frv. upp á gátt fyrir sjálfan sig, og það vegna atriðis, sem ekki skiptir neinu máli. Þetta sýnir bara það sama, sem kemur í ljós með önnur *mál, er svona er flaustrað af*, — það eru alltaf að finnast nýir og nýir gallar á frv., sem nauðsynlegt er að laga. Mér virðist því flest benda til þess, að frv. hefði haft gott af því að bíða til næsta þings.

***Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ástæðan til þess, að ég flutti þessa brtt., þó að svo væri orðið áliðið þingtímans, sem nú er, var sú, að ég þóttist viss um, að enginn ágreiningur yrði um hana milli deilda. Um aðrar þær brtt., sem fram hafa komið, er það að segja, að þær hefðu getað valdið ágreiningi milli deildanna. Um brtt. á þskj. 457 get ég verið stuttorður, en vil þó segja hv. 1. þm. Reykv. það, að ég álít það óeðlilegt, að menn, sem hafa yfir 4500 kr. árstekjur, njóti styrks af ríki og bæ á sama hátt og þeir, sem minni laun hafa. Um hinar aðrar brtt. hirði ég ekki að ræða. Ég verð þó að segja, að mér finnst það engin ágengni á bæjar- og sveitarstjórnir, þó að tryggingarstjórnin skipi einn mann í samlagsstjórn, þegar sveita- og bæjarstjórnirnar skipa ýmist 2 eða 4. Ég sé mig því neyddan til að mæla gegn brtt. á þskj. 457.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það er vitanlegt, að einkum tveir meginþættir sjúkrasamlagslaganna hafa orðið óvinsælir. Fyrst og fremst þetta, að *tryggingarnar hafa ekki verið hreinar* tryggingar, heldur líka skattur, sem lagður er á einstaklingana. Nú er aldrei lagður svo á nýr skattur, að hann verði ekki óvinsæll. Hitt atriðið, sem komið hefir samlögunum illa, er það, að *ekki skyldu allir í upphafi vera skyldugir* til að sýna læknisvottorð, er þeir gerðust meðlimir þeirra. Það hefir komið að því, sem hinn læknisfræðilegi ráðunautur samlagsins hefir alltaf haldið fram, að það væri ómögulegt fyrir samlögin að tryggja menn gegn sjúkdómum, sem þeir hafa gengið með áður en þeir gengu í samlögin. Mörg dæmi eru til þess, að menn, sem ganga með sjúkdóm, draga að láta gera við hann, þangað til þeir eru komnir í samlögin. Þetta sýnir sig m. a. í því, að útgjöld samlaganna urðu miklu meiri fyrsta mánuðinn, sem þau störfuðu, en síðar. Nú er svo ákveðið í frv. því, sem hér liggur fyrir, að til þess að gamalmenni, eldri en 67 ára, geti orðið tryggð, verði þau að hafa sýnt læknisvottorð um heilsu sína, — og menn, sem lengi hafa

legið á sjúkrahúsum og haldnir eru langvarandi sjúkdómum, eiga ekki að geta fengið sig tryggða. Þetta eru sjálfsögð ákvæði, en þau hefði átt að setja þegar í upphafi. Nú verka þau þannig, að þau gera lögin enn óvinsælli. Ýmislegt í frv. þessu er til bóta, en ég hefði heldur séð, að það væri látið bíða næsta þings. Það skaðar ekki. Ef hæstv. ráðh. er hræddur um, að hann nái ekki samkomulagi við læknana vegna fjórðahlutans, sem þeir áður fengu greiddan af sjúklingunum, vil ég benda á, að hægt er að segja samningunum upp nú um áramótin, en það kemur ekki til greina fyrr en 1. júlí næstk., og gerir því ekkert til, þó að málið biði afgreiðslu til næsta þings hvað þetta áhrærir. Þá væri hægt að athuga málið betur, og sníða af frv. þá smíðagalla, sem fundizt hafa á því nú þegar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Ég tók það fram í gær, að ég hefði ekki komið fram með brtt. nú, af því að ég áliti það tilgangslaust, þar sem samið hefði verið um það af meiri hl. þingsins að afgr. það óbreytt eins og það kom frá hv. Nd. En þar sem hæstv. atvmrh.sjálfur hefir nú komið með brtt., sé ég ekki ástæðu til að halda þeirri skoðun áfram. Ég hirði þó ekki um að koma með allar þær brtt., sem ég hefði kosið, en ber þó nokkrar fram og vil freista þess, hvort ekki sé hægt að fá smávegis lagfæringar á frv. enn. Stærsta brtt. er sú, að gamalmenni, eldri en 67 ára, verði áfram á skyldutryggingunni. Ég þarf ekki að færa frekari rök fyrir þessari till. en ég hefi þegar gert. — 2. brtt. er um það, að þeir sjúklingar, sem haldnir eru langvarandi sjúkdómum, og geta því ekki komizt í sjúkrasamlög, eigi rétt til hlunninda samkv. lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Það var sagt í hv. Nd. á dögunum, að þessi brtt. væri óþörf, því að allir þeir, sem haldnir væru langvarandi sjúkdómum og ekki komust inn í sjúkrasamlögin, nytu hlunninda samkv. þessum lögum. Ef svo er, því þá ekki að taka það skýrt fram í lögunum? Þessu er ekki trúað af almenningi, og sé þessu þannig varið, er rétt að setja skýlaust ákvæði um það, í sjálf lögin, svo að fólk sjái, að óhætt er að treysta þessu. Annars vita allir, sem til þekkja, að til þess að njóta hlunninda samkv. lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, þarf hver einstakingur að senda umsókn, og það er undir hælinn lagt, hvort sú umsókn verður tekin til greina. En mér skilst, að það sé sómi hv. Ed. að taka af öll tvímæli um þetta atriði, fyrst frv. á nú á annað borð að fara aftur til hv. Nd.

Þá er ákvæðið um sjúkrahúsin. Hér í frv. er svo ákveðið, að nái samlögin ekki samningum við sjúkrahúsin, verði sjúklingurinn sjálfur að greiða mismun þann, sem verður á dvalarkostnaðinum. Ég legg til, að þetta ákvæði falli niður, og þarf ekki að rökstyðja það nánar en ég gerði í gær. Ég tel skaðlegt að lögfesta slíkt ákvæði, og að heldur beri að stefna að því, sem tvímælalaust er í samræmi við anda laganna, að sjúkrahúsvist verði algerlega ókeypis. Verði þetta ákvæði samþ., má búast við, að víða rísi ágreiningur milli samlaga og sjúkrahúsa, og það ýtir undir samlögin með að fara svo lágt sem þeim sýnist, jafnvel lægra en sjúkrahúsin geta staðið sig við að samþykkja. Með þessu yrði það algerlega undir stjórn samlaganna komið, hvort meðlimir þeirra fá ókeypis sjúkrahúsvist eða ekki, þar sem þau geta látið samninga við sjúkrahúsin stranda, ef þeim sýnist svo.

Páll Hermannsson: Ég get ekki neitað því, að ég er í hópi þeirra manna, sem kunna því illa, er nú kemur fyrir hvað eftir annað, að stórmál geta enga athugun fengið í annari deildinni. Svo er með þetta mál. Hér er um að ræða lagasetningu, sem er tiltölulega ný hjá okkur, og frv. felur í sér allmiklar breyt. á lögunum. Lagabálkurinn sjálfur er í 90. gr., og breytingarnar í frv. í 44. gr., svo að nærri má geta, hvort hv. Ed. fær tóm til að athuga þessa lagasetningu á tilskildum tíma. Ég skil það vel, að nýir þm., sem ekki eru vanir þessu sleifarlagi, finni meira til þess en við hinir. Þó svona standi á, mun ég samt fylgja þessu frv., af því að í því eru ákvæði, sem breyta lögunum til bóta. Vil ég þar taka til ákvæði 38. gr. frv., sem gerir það loks tvímælalaust, að bæjar- og sveitarfélög fá að njóta vaxtanna af þeim ellistyrktarsjóðum, sem þau eiga sjálf. Það er nógu lengi búið að ganga svo, að sveitar- og bæjarfélögin hafa ekki fengið að njóta þessara vaxta óskorað. — Ég tel þýðingarlaust að fara að káka við brtt. úr því sem komið er. Það verða alltaf eftir ágallar á frv., sem næsta þing verður að taka til athugunar. Hv. 1. landsk. lýsti því yfir, að hann bæri ekki fram allar þær brtt., sem hann hefði hug á. Þannig mun það vera um fleiri; menn eru sammála um, að ef afgreiða á málið á þessu þingi, verður það að fara óbreytt héðan úr hv. d. — Ég mun ekki halda hér uppi neinu málþófi, en vildi ekki, skiljast svo við þetta mál, að ég vítti það ekki, að d. skuli vera otað að afgreiða stórmál án þess að hún fái tóm til að athuga það. En hinsvegar hefi ég bent á a. m. k. eitt atriði, sem ég tel þess virði, að ég geri mitt til þess, að frv. verði að lögum.

Forseti (EÁrna): Mér hafa borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk.: [Sjá þskj. 480].

Þessar brtt. þurfa að fá afbrigði til þess að mega komast að, vegna þess að þær eru skriflegar og komnar fram á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jónas Jónsson:** Ég var að vísu að hugsa um að geyma mér til næstu umr. — eftir eitt ár eða svo — að tala um tryggingarnar, en mér finnst þó rétt, af því að tíminn, sem d. hefir haft til þess að athuga þetta mál, er í stytzta lagi, að taka það fram, að sumir þeirra, sem greitt hafa atkv. með því, og þar á meðal ég, eru engan veginn ánægðir með framkvæmd

þessara laga og álítum, að heppilegra hefði verið að láta tryggingarnar vaxa hægar og með meiri undirbúningi og skilningi þess fólks, sem átti að gera gott og þegar hefir verið gert gott með þessum lögum. — Það má segja, að sú blessun, sem tryggingarnar veita, hafi komið mjög svipað eins og siðabótin. Við, sem nú lifum, álítum, að það hafi verið til bóta, er Kristján konungur III. neyddi menn til að kasta kaþólskri trú og taka þá trú, sem þeir ekki skildu, að væri betri heldur en sú gamla, heldur þvert á móti. Nokkuð svipað hefir farið með tryggingarnar, að allmiklum hluta af því fólki, sem tryggt er, finnst það verða miklu meira vart við óþægindin heldur en gagnið af tryggingunum.

Þetta vildi ég taka fram, ekki af því, að ég sjái eftir því, að þetta spor var stigið, heldur sem sönnun þess, að við, sem greiddum atkv. með frv. óbreyttu, erum undir það búnir, að lagfæra þurfi þetta frv. á hverju einasta ári í mörg ár. Það hefði kannske alltaf þurft með svona lög, en þess verður ennþá meiri þörf vegna þess, hvernig í pottinn er búið.

Ég ætla að segja hér eitt lítið dæmi, sem sýnir, hversu erfitt er að ná því fulla réttlæti, sem ætlazt er til, með tryggingunum. Hér í bænum er fátækur maður, sem er í þjónustu ríkisins. Hann er giftur heilsulítilli konu, sem oftast þarf að vera á spítala, og á eitthvað af börnum. Nú hitti hann mig, þegar verið var að ganga frá fjárl., og spurði, hvort ekki væri hugsanlegt, að hann gæti fengið einhverja bót á sínum launum, því að nú væri hann þannig settur, að konan ætti að fara á spítala upp á langa veru þar, en laun hans og aukatekjur væru nákvæmlega þannig, að hann tilheyrði ríku mönnunum, þ. e. a. s. þeim, sem hefðu of há laun til þess að fá tryggingu, en þyrftu samt sem áður að greiða til hennar skatt. Í stuttu máli, á þennan mann komu tryggingarnar, eins og þær voru, eins og stórkostlegt ólán. Það er að vísu leitazt við að bæta úr þessu, en það er engan veginn ennþá gert á þann rétta og eðlilega hátt. Þar er mikið eftir ógunnið.

Annað atriði, sem menn finna ákaflega tilfinnanlega til hér í bænum, er hin óhæfilega borgun, sem læknastéttin tekur í sambandi við þessar tryggingar. — Það er nú vitað, að t. d. sá maður, sem mestum ljóma varpar á hinn íslenzka háskóla, að öðrum ólöstuðum, Sigurður Nordal, hefir í laun rétt um það, að hann sé ekki tryggingarskyldur, og það er engin leið til annars en að svona maður, þó að hann sé frægur málfræðingur, sagnfræðingur og andans maður, sé alltaf peningalaus. En í skjóli við tryggingarnar getur meðallæknir, sem svo að segja ekki er þekktur utan við sína götu og enga þýðingu nokkru sinni hefir fyrir sitt land fram yfir heiðarlegan eyrarvinnumann og smábónda uppi til dala, komizt upp í 30 þús. kr. tekjur. Þetta fyrirkomulag er óhafandi í okkar þjóðskipulagi. Og hugsum til þess, að landið borgar óþekktum, hversdagslegum, þýðingarlausum þegn 30 þús. kr., en mundi búa þannig að Jónasi Hallgrímssyni, ef hann væri kominn aftur til okkar og hefði tekið við málinu eins og færeysku og gert það að því, sem það er nú, að hann mundi deyja úr hungri, því að slíkir menn eru ekki álitnir þurfa peninga með. — Og þó að ég greiði atkv. með frv., þá er það ekki af því, að ég ekki álíti, að þetta þurfi lagfæringar með. Ég álít að tryggingarnar séu ekki sómasamlegar fyrr en komið er nokkurt hóf á það, hvernig læknum landsins er borgað. Það er ekkert, sem mælir með því, að þessir menn, sem hafa fengið ókeypis skólagöngu í menntaskólanum, fengið styrk í okkar fátæka háskóla og hjálp til þess að læra utanlands, geti mokað saman peningum í skjóli við þessi snöggsoðnu lög.

Ég álít rétt að fletta ofan af þessu, þó að það hafi engin áhrif á meðferð málsins, vegna þess að ekki er verið að hugsa um þessa hliðina á því, og það er ekki nema rétt, að þjóðin viti það, og það komi fram á Alþ., að það ranglæti og þau vansmíði, sem eru á framkvæmd laganna að þessu leyti, eru óhafandi og óþolandi og verða að standa til bóta.

***Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég ætla ekki að svara hv. þm. S.-Þ. Það finnst mér öðrum skyldara að gera hér í þessari hv. d. — En það, sem kom mér til þess að standa upp, voru ummæli, sem féllu frá einstökum þm., og skal ég þá fyrst víkja að hv. 11. landsk., þar sem hann vitnaði til okkar nál. í þessu máli. Það er okkar skoðun, að málið sé komið svo í eindaga, að ekki sé hægt að gera á því neinar verulegar breyt., þó að menn vildu. En eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, þá hefði ég viljað gera breyt. við 31. gr., sem sett var inn í frv. í hv. Nd. Hinsvegar get ég vel skilið það, að einstaka þm. greini mjög á um það, hvað eigi að standa í þessum lögum og hvað ekki, því að hér er um svo mikið hagsmunamál að ræða. Og ég býst við, að hversu vel sem þetta mál hefði verið undirbúið, þá hefði alltaf mátt togast á um það, hvort þessa eða hina till. ætti að samþ. Undirbúning þessa máls hefi ég áður gert grein fyrir, og ég held fast við þá skoðun mína, að málið hafi fengið það góðan undirbúning, að fá mál hafi fengið hann betri.

Að vísu eru hér bornar fram brtt. af fleirum en einum, og hæstv. atvmrh. hefir séð sig knúðan til þess að bera fram brtt., sem hann trúir, að ekki muni valda neinum ágreiningi, og mun ég í sjálfu sér fylgja þeirri till., en mér var það fyllilega ljóst, að ef farið yrði að bera fram eina brtt., þá mundu margar koma á eftir; en sem sagt, það er líka sú eina brtt., sem ég get greitt atkv. með. Hún er þess eðlis, að það virðist óumflýjanlegt að samþ. hana. — Um brtt. þm. ætla ég ekki að fjölyrða hér, því að það hefir verið gert af hæstv. atvmrh., og hefi ég þar litlu við að bæta.

Þó vil ég víkja örfáum orðum að hv. þm. Hafnf. Hann var að gera grein fyrir því, af hverju lögin væru óvinsæl, og vildi hann gera mikið úr því, að skattur á þá menn, eins og hann orðaði það, sem ekki væru hluttækir í lögunum, hefði valdið mestu óánægjunni. En ég fullvissa hann um það, að hversu mikilli

óánægju það kann að hafa valdið hjá þeim fáu mönnum, sem þar áttu hlut að máli, þá hygg ég, að það hafi haft afarlitið að segja almennt meðal fólksins. Hér í Reykjavík eru yfir 20 þús. hluttækir menn, en aðeins 1700 manns, sem ekki gátu heyrt undir það að vera hluttækir, og ég hygg að allur sá fjöldi, sem er fyrir utan þá tölu, hafi látið sér á sama standa, hvort þeir væru hluttækir eða ekki. En hitt má vera, að þau blöð, sem að þessum mönnum standa, hafi gert mestan vindinn út af þessu. Að vísu skal ég játa, að ég hefi alltaf litið svo á, að rétt væri, að allir gætu verið hluttækir, og ég hefi orðið þess var af viðtölum við marga menn, að þeir væru fúsir til þess að leggja á sig helmingi hærri iðgjöld fyrir það eitt að njóta þeirra hlunninda, sem lögin ákveða, og það er einmitt það, sem gert er ráð fyrir í þeim brtt., sem fyrir liggja.

Hv. þm. Hafnf. vildi einnig halda því fram, að ákvæðið um fólk með langvarandi sjúkdóma, sem áður hefði verið tekið í tryggingarnar, en ekki verður það hér eftir, mundi valda mikilli óánægju. Þetta getur vel verið, en ég hygg, að svo verði um flest, að alltaf bóli á einhverri óánægju fyrst í stað, þegar breyt. eru gerðar. En í þessu tilfelli getur ekki orðið um neinn verulegan hóp að ræða, og eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, er ætlazt til, að þetta fólk, sem er með langvarandi sjúkdóma og ekki er talið tryggingahæft, fái styrk frá hinu opinbera á annan hátt, með lögunum um framfærslu sjúkra manna og örkumla og berklavarnalögunum.

Þá vildi hv. þm. meina, að gamalt fólk, sem ekki er skyldutryggt nú, þurfi að afla sér læknisvottorðs um, að það geti fengið tryggingu. En þetta stendur hvergi í þeim brtt., sem nú liggja fyrir, og þeir menn, sem mest hafa unnið að því að undirbúa lögin, hafa mótmælt þessum skilningi, þar sem hann hefir komið fram, og segja, að það sé ekki meiningin, að þetta fólk eigi að afla sér vottorðs, ef það vilji tryggja sig.

Þá vildi ég segja örfá orð við hv. 2. þm. N.-M. Hann mælti hér nokkur orð um þetta mál, og það af miklum skilningi, og ætla ég sízt af öllu að fara að ávíta hann á nokkurn hátt. — Ég get vel skilið, að bæði hann og sumir aðrir séu óánægðir með að geta ekki gert þessu máli svo rækileg skil sem þeir mundu óska, og ég er honum sammála um það, að slíkt eru hreinustu vandræði, þegar stórmál ber svo seint að í annari d., að hún geti ekki lagt fram þá vinnu, sem hún teldi æskilega, en á þessu eigum við enga sök í þessu tilfelli. En slík vinnubrögð og meðferð mála hér á Alþ. eru vitanlega með öllu óverjandi.

Hv. þm. sagði, og það með réttu, að þetta væri stórmál, og hann taldi — sem ég er honum þakklátur fyrir —, að í frv. væru svo miklar umbætur, að sjálfsagt væri, að málið gengi fram. Þetta er í samræmi við mína skoðun, að þær till., sem nú liggja fyrir við tryggingarlögin, séu það mikils virði, að ekki megi, alþýðu landsins vegna, slá þeim umbótum á frest um heilt ár, eins og óumflýjanlega mundi verða, ef málið ætti að bíða næsta þings. Hinsvegar er ég fullviss um það, að ekki verður hjá því komizt í svona merkilegri og þýðingarmikilli löggjöf, að á næstu árum komi í ljós ýmsir ágallar, sem lagfæringar þurfa við. Reynslan sker alltaf úr, og hvernig svo sem menn leggja sig alla fram um að finna það rétta, þá getur þeim alltaf yfirsézt. Og hv. þm. er vel kunnugt um það, að hans eigin flokksmenn voru með í undirbúningi málsins, og veit hann það ennfremur, að málið í þeirri mynd, sem það er nú, ber nokkurn svip af þeim undirbúningi, og get ég að vísu verið þeim þakklátur fyrir það, hvað þeir hafa viljað mæta okkur í ýmsum þeim umbótatill., sem nú liggja fyrir. Þeir gallar, sem menn kunna að finna á þessu, eru þess eðlis, að ef maður tekur till. þær, sem liggja fyrir frá hv. 11. landsk., þá sést, að þær eru allt annars eðlis heldur en till. frá hv. 1. landsk. Annar vill draga úr þeim kröfum, sem eru í frv., hinn vill auka þær. Við sjáum, hversu miklar andstæður koma fram í máli eins og þessu. Mér skilst, að hér sé í raun og veru farinn meðalvegurinn milli þessara tveggja andstæðna, og betur er ekki hægt að gera, eins og nú standa sakir. Ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með þeim till., sem fram eru komnar, utan þeirrar einu, sem hæstv. atvmrh. telur óumflýjanlega til þess að hægt sé að framkvæma lögin.

Að síðustu vil ég svo segja það, að mér er fyllilega ljós sá agnúi, sem hv. þm. S.-Þ. drap á, sem sé sú afstaða, sem sjúkasamlögin hafa til læknastéttarinnar, sérstaklega þó hér í Reykjavík, og það er alveg rétt, að læknarnir hafa verið þungir í skauti um samninga, þegar um laun fyrir störf þeirra hefir verið að ræða. Hitt er mér ekki kunnugt um, hvort þeir hafa aukið tekjur sínar á sjúkrasamlögunum. Mér hefir verið sagt af kunnugum mönnum, að þær hafi orðið jafnari á læknana heldur en áður en samlögin komu. Hvort laun lækna við sjúkrasamlögin eru óvenjulega há eða ekki, get ég ekki dæmt um, því að það liggja í rauninni ekki skýrar tölur fyrir um það, en ég býst við, að sú upphæð, sem hér var nefnd, sé í raun og veru ekki nettótekjur lækna, heldur brúttótekjur þeirra, en það vita allir, að það er mikill tilkostnaður í sambandi við starf lækna. Ef nettótekjur þeirra, miðað við laun annara þegna þjóðfélagsins, reynast of háar, þá fæ ég ekki séð, hvernig á að skipa þessu í l., ef ekki er hægt að koma þessu fyrir í frjálsum samningi við stéttina. Ég býst við, að þinginu mundi verða nokkuð þungt í vöfum að skipa það með l., að þessi stétt sé skyldug til að vinna fyrir ákveðið kaup. — Þessu vildi ég aðeins svara út af ræðu hv. þm. S.-Þ.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég vil segja örfá orð út af því, sem hv. 3. landsk. minntist á í sambandi við ummæli mín um, að það hefði gert þessi l. óvinsæl, að þau litu út eins og skattur fyrir suma menn. Ég ætla að gefa dálitla skýringu á því fyrst og fremst, að það voru ekki eingöngu þeir menn sjálfir, sem gátu ekki orðið aðnjótandi hlunninda sjúkrasamlaganna, sem voru óánægðir, heldur er mér kunnugt um,

að það voru fjölmargir aðrir, sem gátu notið réttindanna; þeir fundu ranglætið í þessu engu síður en tekjumennirnir, og svo að ég víki að því, sem ég minntist á í sambandi við ellitryggingarl., — hvers vegna var þeirri breyt. komið inn í frv. í Nd., að bankamenn, sem hafa sína sjóði, séu undanþegnir greiðslu á ellistyrktargjaldi? Það var einmitt af því, að áður en þessi l. komu, var lagður á þessa menn skattur, og þeir áttu ekkert að bera úr býtum frá ellistyrktarsjóðnum, þegar þeir væru komnir á gamals aldur, vegna þess að þeir fengu svo mikið úr sínum eigin sjóði. Þess vegna koma þeir með þessa kröfu, að þeir þurfi ekki að borga nema í einn sjóð. Sama er að segja um hina, sem eiga meiri eignir heldur en þeir mega eftir þessum l., þegar þeir eru orðnir 67 ára gamlir. Það felst sama hugsunin í því. Þetta er bara skattur á þeim. Þetta er ranglæti í tryggingarlöggjöfinni, sem í sjálfu sér er góð og ég er sizt að hallmæla.

Svo vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði. Hann var að tala um ósvífni læknanna og fór yfirleitt hinum hrottalegustu orðum um læknastéttina í heild. Þetta er ekki ný bóla. Þó að hann geti talað sæmilega rólega um eitthvert mál, þá hleypur þessi ofsi í hann, ef minnzt er á læknastéttina, eins og menn þekkja hér á þingi. Hv. þm. var að tala um þessar gríðarmiklu tekjur, sem læknarnir hefðu, og virtist mér hann halda því fram, að læknar hefðu yfirleitt um 30000 kr. tekjur og að þeir auðguðust af þessum samlögum. Hann sagði, að það væri ósvífni að láta hversdagslega, þýðingarlausa lækna hafa svo miklar tekjur. Nú er það vitanlegt, að þeir læknar, sem flest númer mega hafa í sjúkrasamlögunum, en það eru 1500 númer í Reykjavík, geta aldrei haft meira í fastatekjur heldur en 18000 kr., og það eru ekki nema örfáir menn, sem kynnu að hafa 12000 kr. aukatekjur í viðbót, og það er gefinn hlutur, sem hver heilbrigður maður hlýtur að skilja, að sá maður, sem hefir þetta háar tekjur í viðbót, er ekki hversdagslega þýðingarlaus læknir. Mér er nákvæmlega sama, hvað hv. þm. S.-Þ. segir um það. Það er einu sinni komið inn í hans merg og blóð að svívirða læknastéttina, eftir því sem hann getur, þó að hann sé guðs lifandi feginn, ef einhver læknir bætist í hans pólitíska flokk, svo að ég tali nú ekki um, ef hann verður þm., því að þá er sá læknir auðvitað ágætur í alla staði, en samt sem áður er ekki hægt að komast hjá því, að um leið og hann svívirðir læknastéttina, þá verður þessi þingbróðir hans og flokksbróðir að taka við sínum bróðurparti af svívirðingunum. En svo að ég víki aftur að launum læknanna, þá er það vitanlegt, og það hlýtur hann að vita jafnt og aðrir, að það er fjöldi af sjúkrasamlagslæknum hér í Reykjavík, sem hafa mjög lágar tekjur, og meira að segja svo lágar, að þeir eru ekki yfir því lágmarki skattskyldra tekna, sem sjúkratryggingin setur þeim, sem njóta réttinda samlaganna. Það má segja um hvaða lækni sem er, að svo framarlega sem hann getur safnað að sér fjölda af sjúklingum, þá hljóti hann um leið að vera dugandi læknir í sinni stétt, og það hlýtur líka að vera keppikefli hverrar þjóðar að hafa sem flesta dugandi lækna innan sinna vébanda. Ef læknarnir væru hversdagslega þýðingarlausir menn, þá hlyti það þó að koma fram í því, að við værum verr búnir að ýmsu í heilbrigðismálum heldur en við erum nú, því að það er viðurkennt, að læknastéttin íslenzka stendur á háu stigi og hefir gert miklar kröfur einmitt til sjálfrar sín, og það er fjöldi lækna, sem hafa aukið hróður hennar bæði út á við og inn á við, þó að þessi hv. þm. segi, að þeir þekkist ekki fyrir utan landsteinana.

Ég skal ekki bera brigður á, að það sé í sjálfu sér óafsakanlegt, að ýmsir af andans mönnum okkar bera eins lítið úr býtum og þeir gera, eins og þessi maður, sem hv. þm. minntist á, en það er þá fátækt okkar að kenna. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, að mér finnst það dálítið ósamræmi hjá hv. þm., sem hlýtur að hafa talsverð áhrif á núv. hæstv. stj., að vera að tala um þetta samtímis því, að tappatogarar í áfengisverzluninni, algerlega ómenntaðir menn, skuli hafa eins mikil laun og þessi andans maður, sem hv. þm. minntist á. Þetta vildi ég aðeins minna á og sýna fram á, að það er víðar ósamræmi í þessu efni en í því tilfelli, sem hv. þm. S.-Þ. drap á. Ef hv. þm. heldur, að hægt sé að kúga sjúklingana til þess að sækja ákveðinn lækni, sem þeir kæra sig ekki um að sækja, þá má hann vita, að þá fyrst verða sjúkrasamlögin að engu, því að engum dettur í hug að borga í samlögin, ef það á að neyða menn til að taka þá lækna, sem þessum hv. þm. líkar. Slíkan kúgunaranda álít ég ekki til frambúðar í þessu þjóðfélagi, a. m. k. ekki á meðan við lifum á þessari lýðræðisöld og meðan allir flokkar skreyta sig með lýðræðisnafni.

*__Jóhann Jósefsson:__ Úr því sumir af þeim, sem áður héldu því fram, að það mætti enga breyt. gera á þessu frv. og þess vegna yrði, þrátt fyrir galla þess, að samþ. það eins og það væri, hafa lýst yfir því, að þeir ætli að samþ. brtt. hæstv. ráðh., þá mælir öll sanngirni með því, að a. m. k. 1. brtt. á þskj. 457, við 10. gr., verði samþ., því að það sjá allir, hversu ósanngjarnt það er, þar sem hámarkið í l. er 4500 kr. skattskyldar tekjur, að þeir sem hafa meira en það, geta á engan hátt fengið að vera tryggðir. en nú er að vísu opnuð leið með 10. gr. frv., að þeir geti, ef stj. sjúkrasamlaganna vill, fengið tryggingu, en undireins og tekjurnar eru orðnar hærri en 4500 kr. skattskyldar tekjur eða komnar yfir þetta mark, þá verður iðgjaldið helmingi hærra, hvorki meira né minna. Nú fer brtt. fram á, að í staðinn fyrir að sagt er, að þeir greiði „a. m. k. helmingi hærri iðgjöld" komi: „allt að helmingi hærri iðgjöld en aðrir samlagsmenn". Mér finnst sanngirni mæla með því, að það sé einhver munur á því gerður, hvort viðkomandi maður hefir t. d. 100 eða 200 kr. hærri tekjur en hámarkið er, eða hann hefir 2000 kr. hærri tekjur, sem vel gæti verið og jafnvel meira, og væri sizt um að sakast, þó að iðgjöldin væru að því skapi hærri, en

það eru margir menn í landinu, sem hafa einmitt tekjur, sem fara ekki nema örlitið fram yfir þetta mark. Þessir menn eru skyldir til þess að greiða iðgjöldin en hafa engin réttindi. Þessi tvö orð, sem hér er lagt til, að sett verði inn í gr., skapa því möguleika til þess að ná miklu meira réttlæti í framkvæmd þessara l. heldur en ella, ef 10. gr. er samþ. alveg óbreytt. Mig furðar á því, ef hv. dm. geta ekki verið einhuga um þetta mál, þegar sú ástæða er burt fallin, að það megi ekki samþ. brtt. af því að það megi ekki tefja málið. Sú ástæða er burt fallin með yfirlýsingunni um, að brtt. hæstv. ráðh. verði samþ. (SÁÓ: Það er ekki víst, að dm. séu samþykkir hinu). Ég get vel skilið, að það sé ekki allir sammála um hina till., en mér finnst það liggja alveg opið fyrir, að menn hljóti að geta verið sammála um þessa till., og ég vil leggja áherzlu á, að menn athugi, að hér er um svo mikið sanngirnismál að ræða, að það er furðulegt, ef hv. dm. geta ekki fallizt á þessa breyt. Annars var það rétt fram tekið hjá hv. þm. S.-Þ., þó að ég vilji ekki taka undir allt í ræðu hans, að þetta mál er allt snöggsoðið og óliklegt annað en að það þurfi að fara fram mjög ýtarleg og gagngerð endurskoðun á allri tryggingarlöggjöfinni, þó að þetta frv. nái fram að ganga. Ég er hræddur um, að ýmislegt af því, sem nú er verið að lögleiða, komi til með að ganga í svipaða átt eins og t. d. sum ákvæði berklavarnal., að þó að hér sé um að ræða till., sem í eðli sínu geti verið réttmætar, þá sé hinsvegar og verði nokkuð opin leið fyrir því, að þær verði misnotaðar. Ég skal benda á 21. gr. frv., sem er breyt. á 3. málsl. 36. gr. l. Þar stendur svo í frv.: „*Einnig er rétt, að greidd séu úr bæjar- eða sveitarsjóði iðgjöld annara þeirra menna, sem fyrir fátæktar sakir hafa ekki getað staðið í skilum með iðgjöld sín*". Þetta er náttúrlega í sjálfu sér eðlilegt, en hver er mælikvarðinn á það, hvort það er ávallt fyrir fátæktar sakir, að menn *geta ekki staðið í skilum*, eða það er fyrir einhverjar aðrar sakir? (SÁÓ: Það á að skipa þessu með reglugerð). Það er sagt, en ég held, að nokkuð hliðstæð ákvæði í berklavarnal. hafi verið skipað með reglugerð, en þó dylst engum manni, að einmitt þess háttar ákvæði olli því, hvað berklavarnal. hlóðu miklum kostnaði á það opinbera, án þess svo að segja að nokkurn hemil hafi verið hægt að hafa á því. Það liggur engin brtt. fyrir um þetta atriði; ég vildi aðeins benda á það. Ég vil svo að lokum enn á ný beina því til hv. dm., að þeir samþ. a. m. k. þessa fyrstu brtt. á þskj. 457, því að hún er ábyggilega til stórra bóta.

***Jónas Jónsson:** Hv. þm. Hafnf. hefir nú, eins og eðlilegt er, séð nokkra nauðsyn til þess að reyna að leiða rök að því, að það væri leyfilegt að læknar þeir, sem hlut eiga að máli, gætu hlunnfarið landið og sjúklingana eins og ég hefi lýst. Það þarf hvorki hans játningu eða annara í þessu efni. Það er vitað eftir opinberum skýrslum, hvaða laun þeir hafa beint í sambandi við tryggingarnar, og það er ennfremur vitað, hvað þeir fá í aukaþóknun, og svo hafa þessir góðu herrar sumir 10—12 þús. kr. í viðbót, og sumir meira, og það er það, sem ég miða við. Hv. þm. er sjálfsagt ekki ókunnugt um, að sumir hafa meira. Ég vil ekki nefna þær upphæðir. Hv. þm. vill reyna að verja, að það sé eitthvert réttlæti í þessu, að það sé svo mikil vinna, sem þessir menn leggja á sig, og þeir hafi svo mikla tiltrú, að hann vildi leyfa sér að halda því fram, að það væri rangt hjá mér, þó að ég segði, eins og hann veit, að hann hefði 30000 kr. í tekjur í Hafnarfirði. Ég sé ekki, að það sé fjandskapur við læknastéttina; það er aðeins að lesa tölur í landshagsskýrslunum. Hvort hann telur þetta fram eða ekki, það er hann um, en hann veit sjálfur, hvernig þetta er hjá honum, og hann veit þá líka, hvernig það er hjá öðrum.

Nú ætla ég að segja það við hv. þm., að það er svo langt frá því, ef hann heldur, að hann hafi haft meiri áhrif á heilbrigðismál hér á landi að því leyti, er kemur til opinberra ráðstafana, heldur en ég. Ég get sagt hv. þm. ástæðuna fyrir því, hvað það dróst lengi að koma upp landsspítala. Hún var sú, að læknastéttin hér í Reykjavík beitti sér ekki fyrir því, þó að þar væru margir ágætir menn; þeir kærðu sig ekki um að fá spítala með föstum læknum. Þeir vildu hafa það eins og í Landakotsspítalanum, en þeir vildu ekki hafa þessa stofnun eins og landsspítalann. Þeir virtu meira sinn eigin þrönga hag en svo, að þeir vildu, að sett yrði upp nauðsynleg kennslustofnun fyrir læknanema. Eins og hv. þm. Hafnf. veit, voru það ekki læknarnir, sem beittu sér fyrir þessu, heldur var það fyrst og fremst kvenfólkið. Ég vil leyfa mér að biðja hv. þm. um að líta í þingtíðindin frá 1923, til þess að sjá, hvernig þessu máli leið þá. Hann getur séð, hvernig á stóð, þegar komin var fram áætlun um 3 millj. kr. og búið var að stinga málinu undir stól af fólki, sem stóð nær honum en mér, og hvernig málinu var þá komið á lífvænlegan grundvöll. Ég *vil segja hv. þm. Hafnf.* það, að hann á eftir að gera þýðingarmeira átak á sviði heilbrigðismála þessa lands heldur en þessi erkifjandi læknastéttarinnar, sem hann hyggur mig vera. Ég hygg, að ég hafi haft meiri áhrif á heilbrigðismál landsins en hann er nokkurn tíma líklegur til að hafa, eftir því sem mér lízt á hann. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að búast við því, að ég muni nokkurn tíma ná honum í því að hafa 30 þús. kr. í tekjur frá fátækum verkamönnum í Hafnarfirði. Mig hefir aldrei langað til þess.

Svo að ég víki aftur að hlutfallinu á milli andans manna, eins og Sigurðar Nordals, og þessara nafnlausu lækna, þá geta þeir verið góðir handverksmenn eins og ágætir menn niður á eyri, sem vinna meira en ég og hv. þm. Hafnf. og leggja meira á sig og verða að þola kulda og hættur meira en við, en þó að þeir séu góðir menn, þá hafa þeir ekki aðstöðu til þess að marka sérstök spor, og þess vegna segi ég, að læknar, sem ganga að sínu handverki og aldrei kemur nein ný hugsun fram hjá frekar en hjá eyrarvinnumanninum, séu bláttáfram handverksmenn.

Þessi hv. þm. hefir kannske einhvern tíma heyrt um tvo menn, sem lásu heimspeki. Og þegar þeir brutu heilann um rit snillinganna, fannst þeim þessir sterku andar fara í sig. Samlandar þeirra sögðu, að það hefði þurft að lemja þá öðruhverju, til þess að þeir héldu viti og kæmust að raun um, að þeir væru ekki ofurmenni. — Kannske getur þessi hv. þm. skilið það með hliðsjón af sjálfum sér, að með því að lemja þá var hægt að láta þá halda því viti, sem þeim var gefið.

Hv. þm. veit það sjálfur, að hann er enginn brautryðjandi í læknisfræði. Hann er alveg tilvalið dæmi um þessa hversdagslegu lækna, sem stundað hafa lækningar eins og hverja aðra iðn, en maður finnur ekkert, sem nokkurn tíma hafi legið eftir þá til framtíðarheilla. Það er rétt, að hann er sjálfsagt eljusamur maður við sitt handverk. En það er ákaflega gott fyrir þennan mann að athuga, hvar hann stendur og að það er ástæðulaust, að hann og hans líkar hafi 30 þús. kr. á ári, meðan t. d. Sigurður Nordal hefir ekki nema brot af þeirri upphæð. Þegar rætt var um dálitla launauppbót handa þessum vísindamanni, svo að við misstum hann ekki úr landinu, hefði íhaldið fellt það, ef ekki hefði tekizt að slysa tvo þm. út úr íhaldsflokknum. Þau Ingibjörg H. Bjarnason og Ágúst Flygenring höfðu þá ein þann stórhug að koma yfir til okkar hinna. Það er okkur að þakka, að þessi frægasti maður íslenzkra vísinda er hjá okkur, — af því að við sáum ekki eftir einum 2 þús. kr. með dýrtíðaruppbót til þess að halda honum hér.

Ég er þakklátur hv. þm. Hafnf. fyrir það, að hann gaf mér tilefni til að benda á þessi vansmíði á lögunum, til að sýna, hvað þetta er, sem hv. þm. heimtar í nafni frelsisins að fá að njóta áfram ásamt stétt sinni, — til að vekja á því athygli, hvers vegna við getum ekki borgað honum 30 þús. kr. á ári fremur en manninum, sem vinnur við uppskipun, hérna á hafnarbakkanum. Hann ætti að láta sannfærast af staðreyndunum og beiskri reynslu, og ef hann og stétt hans lætur sér ekki segjast, verður að tala til þeirra gegnum skattalögin.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það er nákvæmlega sama sagan og sumarið 1931, þegar hv. þm. S.-Þ. hellti sér yfir læknastéttina. Alltaf ef hann hyggur sig geta svívirt hana, þá gerir hann það. — Ég ætla ekki að gera honum þá ánægju að anza miklu af því, sem hann sagði um mig. Enda þykir mér ég hafa tekið talsverðum framförum í hans augum síðan 1931. Þá bar hann mér á brýn, að ég hefði ekki nennt að sækja um læknisembætti, en nú er ég orðinn eljumaður, segir hann. (JJ: Þrjátíu þúsundin sanna það). Þessi skilningsauki finnst mér góðs viti. En um leið dylst ekki, að nú er hann kominn á raupsaldurinn. Þegar svona mikið ber á karlagrobbinu, er það oftast af því, að mönnum finnst þeir ekki vera metnir af öðrum.

Hv. þm. virtist vera að drótta því að mér, að ég drægi undan við skattaframtal. Þá finnst mér skörin farin að færast upp í bekkinn. Ég skora á þingmanninn að endurtaka þessi ummæli sín utan þinghelginnar, svo að ég geti hrundið þeim með aðstoð dómstólanna. — Ég hefi reynt að koma heiðarlega fram, hvar sem er. Ég hélt, að hv. þm. gæti ekki haft ástæðu til slíks, ef hann hefir nokkra samvizku. — En náttúrlega segja menn sitthvað tilhæfulaust, þegar þeir komast í habít, og getur vel verið, að ég fyrirgefi honum það, því að ég er hversdagsgæfur maður, en þess krefst ég, að hann játi það þá opinberlega.

Hv. þm. kenndi það tryggingarlögunum, hvað margir vildu hafa mig fyrir lækni sinn og hve háar tekjur mínar væru. Ég get sjálfsagt aldrei komið honum til að trúa því, þó að ég gæti sannað það með tölum, að mínar tekjur hafa sízt hækkað síðan tryggingarnar komu í gildi.

Það var litið annað, sem ég þurfti að svara hv. þm. Ég hefi aldrei heyrt það fyrr, að læknar hafi verið á móti því, að landsspítalinn var reistur og kennslustofnanir bættar o. s. frv. Margir læknar hafa unnið mikið að því, a. m. k. hefði mátt nefna Guðmund Hannesson. Ýmsir aðrir mætir menn hafa unnið dyggilega, þó að þeir hafi ekki viljað hreykja sér eins hátt eða láta eins mikið á sér bera og hinir, sem hæst láta eftir á.

Hv. þm. lét á sér skilja, að við læknarnir værum ekkert meiri en mennirnir, sem vinna á eyrinni. Það er rétt, að báðir eru jafnnauðsynlegir í sínu þjóðfélagi. En það er ekki sambærilegt, hvað læknirinn hefir orðið að kosta meira til sín, bæði á löngum námsferli og síðan á starfsbraut sinni, áður en hann getur haft svo mikinn sjúklingafjölda og miklar tekjur.

Það er hart, að þessi hv. þm. skuli reyna að draga úr gildi læknismenntunar. (JJ: Vanmenntunar, skulum við segja). Það þarf ekki að vanþakka starf lækna, þó að þeir taki eitthvað fyrir það. — Mér dettur í hug, að ef hann hefði orðið læknir, væri hann einhver sá argasti „hómópati". Því að alla menntun og allt, sem læknar gera til að fullkomna sig, það virðir hann einskis að neinu leyti. Og það veit þm., þó að hann vilji ekkert úr því gera, að læknar hætta sér oft meir en aðrir við starf sitt, — bæði við slysum og smitandi sjúkdómum. Ef hann flettir upp í hagskýrslum um meðalaldur lækna, þá er hann lægri en annara stétta þjóðfélagsins.

Ekkert, sem kemur læknum við, getur hv. þm. S.-Þ. séð öðruvísi en umhverft eða á höfði, en sú glámskyggni stafar af því, að hann telur, að læknar hafi gert sér skráveifu áður fyrr og að það hafi meðfram orðið til þess, að hann hrökklaðist frá völdum. Það er það, sem hann getur ekki fyrirgefið.

***Jónas Jónsson:** Hv. þm. Hafnf. hefir játað það, sem um var deilt. Hann hefir játað, hvílíkar feikna tekjur sumir læknar hafi upp úr alþýðutryggingunum, — upp úr þessu fátæka fólki, sem verður að bera uppi tryggingarnar með iðgjöldum sínum. Hann gat ekki neitað því að þetta væri bæði ranglátt og óskynsamlegt fyrir þjóðfélagið. Hann gat engu neitað af því, sem ég dró fram til að sýna vansmíðin á alþýðutryggingarlögunum. Og honum dettur

náttúrlega ekki í hug með sjálfum sér, að hann muni nokkurn tíma verða annað en handverksmaður. Honum dettur ekki í hug, að hann sé skapaður til að verða nein hærri týpa eða fulltrúi fyrir menningu lands síns, — veit, að hann er þar fyrir neðan allan samanburð við mann eins og Sigurð Nordal. Hann er lægri týpa, og þó að launin verði hærri, lyftist hann ekkert.

Það má heyra, að skattaframtal hv. þm. hefir farið í taugarnar á honum. Ég minntist ekkert á skattskýrslurnar hjá þeim góða manni, heldur það, hvað hann hefði í tekjur, — a. m. k. ein 30 þús. Ég hefi alls ekki haldið því fram, að hann hafi dregið undan skattframtali vísvitandi. Ég heyri að hann trúir því sjálfur, að hann hafi talið hvern eyri fram. En maður verður að hugsa sér um svo fjölsóttan lækni, að það sé ekki alltaf nægði til að hlaupa í bækurnar og skrifa hverja borgun, og enginn bókhaldari við, þegar gömlu konurnar koma með aurana sína. Hv. þm. getur verið nokkuð lengi að afsanna, að hann hafi þessi 30 þús. Meira en þetta hefi ég aldrei sagt um tekjur þessa háttv. heiðursmanns.

Einmitt af því, að hann er svo mikill meðaltýpa, er gott að mæla gildi alþýðutrygginganna út frá honum. Sumt, sem hann sagði, sýndi líka, á hvaða skilningsstigi hann stendur í almennum málum. Það stafar líklega af tómri vanþekking, þegar hann talar t. d. um það, að læknar hafi gert eitthvað fyrir landsspítalann. Það var skylda þeirra að gera það. En einmitt maðurinn, sem hv. þm. nefndi, Guðmundur Hannesson, gerði meira til að hindra heppilega lausn málsins en að vinna að því í einingu við þá, sem hrundu því fram. Þegar það var lagt fyrir Alþingi 1923, tók íhaldsfl. því á sinn venjulega hátt og hafði alveg lagt það til hliðar, þegar við framsóknarmenn tókum að okkur að fylgja því fram til sigurs. Kannske hv. þm. gæti sagt, hvað „praktiserandi“ læknar í Reykjavík gerðu til að greiða fyrir landsspítalanum? Hvar eru gjafirnar frá læknunum, Hvar eru dagsverkin, sem þeir lögðu fram? Hvar er hægt að benda á nokkurn skapaðan hlut, sem þeir eiga sómann af í landspítalanum, — allt frá því, að plan Guðmundar Hannessonar frá 1923 var strandað? Það er ekki til neins fyrir þennan hv. þm. að komast á raupsaldurinn, hann hefir ekki af neinu að gorta. Ég skal vísa honum á þingtíðindin 1929—31 til að vita, hvað hann sér um háskólamálið þar. Hvað var það mikið, sem hann og hans líkar voru búnir að undirbúa það mál? Hvað höfðu þeir gert til þess, að háskólinn þyrfti ekki að búa líkast betlara í húsi annarar stofnunar? — Og þegar loks var búið að koma lögunum um háskólabygging gegnum þingið, þar sem Framsfl. hafði ráðin, þá kom það fyrir, að einn af þessum ágætu læknum, Niels Dungal, varð alveg veikur, þegar hann sá hina glæsilegu teikningu, hún samrýmdist ekki smæð hans, og hann gerði það heljarátak, sem hann gat, til að fá háskólann minnkaðan um helming og byggja hann annarsstaðar í bænum, þar sem lítið bæri á. Aðrir menn urðu til þess að bjarga málinu frá honum. Það voru aðrir, sem réðu, hver teiknaði húsið, og ráða því, að það verði þannig byggt, að sómi sé að.

Ég ætla bara að minna hv. þm. á, að þetta er nokkuð, sem hann skilur ekki og mun aldrei skilja. Það er utan við hans heim. Hans heimur er svið handverksmannsins, þar sem hann drottnar yfir meðulum og plástrum og nokkrum kringlóttum. Það er allt annað en heimur hinna stóru viðburða. Það er ekki til neins fyrir hann að koma nærri þeim, — hann hefir aldrei og mun aldrei koma nærri þeim. Hann hlýtur alltaf að standa við hliðina á þessum rólegu handverksmönnum, sem skynja ekkert af hinni miklu framtíð, — ekkert nema von um að nurla saman skildingum og heiðarlegu áliti til jarðarfararinnar og að í fylgd með þeim að gröfinni verði — kannske — fáeinir pípuhattar.

ATKVGR.
Brtt. 480,1 felld með 8:1 atkv.
— 457,1 felld með 9:6 atkv.
— 457,2 felld með 9:6 atkv.
— 457,3—4 tekin aftur.
— 480,2 felld með 9:1 atkv.
— 479 samþ. með 10:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 481).

Á 59. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

---

46. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 5. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (þmfrv., A. 26).

Á 9. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. er flutt af fjhn. eftir tilmælum hæstv. fjmrh. Það er í samræmi við núgildandi lög að öðru leyti en því, að hér er ekki sett hámark um fjárveitingu til verkfærakaupasjóðs, en þar kemur nýtt á-

kvæði í jarðræktarlögunum nýju. Hér er og talað um að fresta ýmsum fjárframlögum úr ríkissjóði, og er ekki ástæða til að rekja það nánar en gert er í frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 26, 72).

***Einar Olgeirsson:** Það er, eins og öllum þm. er kunnugt, ákveðið í hinum upprunalegu lögum um tóbakseinkasöluna, að tekjur af henni skuli renna til verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs. Nú um nokkur ár hefir þetta ákvæði verið burt numið með bráðabirgðabreyt. nokkurra laga, eins og enn á að gera samkv. 3. lið 1. gr. þessa frv. Ég hefi borið hér fram brtt. um, að sá liður falli burt, og við það fengju ákvæðin í einkasölulögunum gildi sitt.

Ég álít það mjög slæmt, ef lögin fá ekki að halda gildi sínu. Lögin um verkamannabústaði eru ein þau beztu og merkustu lög, sem Alþingi hefir sett. Það er ákaflega óheppileg aðferð fyrir ríkið að ná inn tekjum með því að svipta hinar vinnandi stéttir þeim rétti, sem löggjafarþing þjóðarinnar er búið að veita þeim. Það er bezt fyrir ríkið að varðveita þá hugmynd hjá alþýðu, að sá réttur, sem þannig er fenginn, standi nokkuð stöðugur. Fólkið þarf að finna til öryggis um það, að ekki verði strax farið að breyta til ills því, sem með mikilli og örðugri baráttu hefir komizt í gegn. Þetta hefir samt komið fyrir nokkuð oft. Það má minna á lögin um greiðslu verkakaups í peningum, lög, sem eru búin að standa í meira en þrjátíu ár, án þess að sérlega vel hafi gengið að fá þau framkvæmd.

Um leið og ég legg fram þessa brtt., sem mun þýða 600 þús. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð, vil ég lýsa yfir því, að ég mun bera fram frv. um tekjuöflun í ríkissjóð í þess stað: Í fyrsta lagi um stóríbúða- og háleiguskatt, — það er betra en að svipta alþýðu styrk til húsabóta. — Ef þessi brtt. verður samþ., legg ég til, að hinn nýi skattur, sem ég nefndi, renni í ríkissjóð, en renni til verkamannabústaða, ef hún verður felld. Ennfremur mun ég bera fram tillögur viðvíkjandi tekju- og eignarskatti og um skatt á „lúxus"-bifreiðar.

Ég álít það þess vegna langheppilegast að hætta þessari venju síðustu ára, að afla ríkissjóði tekna með bráðabirgðabreyt. laga, slíkum sem þessari, og framfylgja heldur þeim lagaákvæðum, sem miða að því að auka atvinnu í landinu.

***Héðinn Valdimarsson:** Þessar tekjur, sem verkamannabústöðunum eru ætlaðar frá tóbakseinkasölunni, nema eitthvað 100 þús. kr. á ári, minnir mig. Ákvæðið í l. er fyrst fengið fyrir tilbeina Alþfl. Og í sjálfu sér hefði flokkurinn vissulega viljað halda þessum tekjum óskertum handa verkamannabústöðunum. En þegar þessi bráðabirgðabreyt. laganna hefir verið samþ. á undanförnum þingum, þá er það ekki af því, að okkur fulltrúum hans hafi verið það ljúft. Það hefir verið gert í sambandi við afgreiðslu fjárl. og mjög margra annara mála, sem þurft hefir að semja um hér á Alþingi.

Nú hafa engir slíkir samningar verið gerðir hér enn af hálfu Alþfl., og því mun hann ekki telja sig bundinn við að framlengja þessar bráðabirgðabreyt., sem felast í frv. — Ég vil geta þess, að tryggt hefir verið, að ekki minnkuðu byggingar í landinu við þessa breytingu. Ríkisstj. hefir tryggt það, að lán fengjust í staðinn til þeirra framkvæmda. Eins yrði nú að sjá fyrir því, að ekki minnki atvinna fyrir þessa bráðabirgðabreyting.

Ég skal viðurkenna, að það er óþægilegt að þurfa að fresta framkvæmd laga á þennan hátt. Þetta sama mætti í rauninni segja um ýmsar fleiri breyt. í þessu frv. Það er á engan hátt æskilegt að hafa mörg lög, sem frestað er framkvæmdum á frá ári til árs. Þá væri auðvitað betra að hafa annað skipulag á tekjuöflun og sparnaðaraðferðum.

Ég hefði óskað, að þessi brtt. hefði ekki þurft að koma til fullnaðarafgreiðslu að sinni. Ég geri ráð fyrir, að málið verði aftur tekið fyrir í Ed., og greiði ekki atkv.

ATKVGR.
Brtt. 72 felld með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, ÍslH.
nei: VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, GG, HelgJ, JPálm, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, JörB.
GSv, HV, JakM, SEH greiddu ekki atkv.
10 þm. (EystJ, FJ, GÞ, HG, ÓTh, PHann PHalld, PO, SK, TT) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr þar.

Á 18. fundi í Ed., 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Engin tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, 371).

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þetta mál hefir samkv. minni beiðni verið látið bíða hér í hv. d., vegna þess að það þótti líklegt, að við afgreiðslu fjárl. í fjvn. kæmu fram till. um að lækka einhverja liði þar, og vegna þess, hvað margir liðir eru lögbundnir í fjárl., gat farið svo, að einhverju þyrfti að breyta í þessu frv.

Þær brtt., sem hér eru fluttar af mér, eru þrjár talsins, og ein í 2 stafl. Þær eru fluttar í

samráði við fjvn., og ég held, að það sé óhætt að segja, að allir nm. standi að baki mér í flutningi þeirra.

Fyrsta brtt. er um það, að hámarkið til greiðslu úr ríkissjóði á kostnaði samkv. búfjárræktarlögunum verði fært úr 56000 kr. upp í 62000 kr., og er þetta gert til þess, að hægt verði að styrkja þau fóðurbirgðafélög, sem bætzt hafa við síðan hámarkið var sett.

Önnur brtt. er um það, að lækka framlag úr ríkissjóði til móts við sýsluvegasjóðsframlagið, þannig að það sé aðeins lagt á móti 4½‰ í stað 5‰, sem átti að standa í frv. Þetta mundi þýða um 30000 kr. sparnað fyrir ríkissjóð, og er þessi till. fram komin vegna þess, að í frv., sem þegar liggur fyrir Nd. vegna mæðiveikinnar, er gert ráð fyrir stórkostlegum framlögum til þeirra svæða, þar sem veikin hefir geisað og þótti eðlilegt, að sá sparnaður, sem þessar ráðstafanir yrðu að hafa í för með sér á öðrum sviðum, kæmu niður á þeim sýslum, þar sem veikinnar hefir ekki gætt.

Um 3. brtt., a- og b-lið, er það að segja, að niðurfelling þeirra hefir einnig verið rædd í landbn. þingsins sameinuðum og fjvn., og hefir orðið samkomulag um að leggja til, að þessir liðir verði ýmist lækkaðir eða felldir niður, til þess að mæta að nokkru þeim kostnaði, sem verður vegna sauðfjárpestarinnar. Fyrri liðurinn er um það, að ríkið leggi fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs, í stað 80000 kr. Ég skal taka það fram, að þrátt fyrir þessa breyt. fær sjóðurinn eins mikið fé og undanfarin ár.

Um b-liðinn er það að segja, að gert er ráð fyrir, að niður falli styrkur til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., og er það gert til þess að vega upp á móti þeim vaxtastyrk, sem gert er ráð fyrir í frv. um stuðning til handa bændum á mæðiveikisvæðinu. Þótti ekki nema eðlilegt, þegar svo stórfelldar ráðstafanir þurfti að gera til stuðnings bændum á vissu svæði, að það yrði að láta falla niður vaxtagreiðslur almennt. Þar að auki er þess að gæta, að þetta ákvæði var sett þegar verðlag á landbúnaðarafurðum var allt annað en nú. Það hefir því orðið að samkomulagi, að þessi liður yrði lagður niður, og má af því vænta 80000 kr. sparnaðar. Þannig ættu að sparast samkv. 3. lið um 100000 kr. og samkv. 2. lið um 30000 kr.

Ég vænti þess, að þetta sé nóg til þess að skýra þessar brtt., og ég vænti þess einnig, að þessi hv. d. verði fjvn. og landbn., að svo miklu leyti sem þetta kom til þeirra kasta, sammála um nauðsyn þessa sparnaðar. Ég skal taka það fram, þótt það sé reyndar óþarfi, að vitanlega hefði verið bezt að þurfa ekkert niður að fella til þess að mæta þeim kostnaði, sem verður vegna mæðiveikinnar. En það er sennilegt, að þessi kostnaður verði allt að 400 þús. kr., svo allir sjá, að nauðsynlegt er að færa til eitthvað þar á móti.

Forseti (EÁrna): Útbýtt er í d. brtt. á þskj. 374, og þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að taka megi hana fyrir.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jón Baldvinsson:** Mál þetta er tekið á dagskrá án þess að það hafi hlotið þá meðferð, sem vant er í n., og hæstv. fjmrh. hefir skýrt frá orsökinni til þess, sem sé að það var bandormur í málinu. Eftir hans beiðni var það geymt hjá n., þar til séð var, hvað fjvn. gerði í till. til breyt. á fjárl. Nú liggur þetta ekki fyrir ennþá, svo fjhn. Ed. sé kunnugt um, því það mun ekki vera fyrr en í kvöld, að þessar till. koma fram fyrir sjónir þm., en hæstv. fjmrh. hefir vitanlega haft aðstöðu til að vita þetta fyrr en við úr fjhn., og því geri ég ráð fyrir, að málið hafi verið tekið á dagskrá.

Má segja, að það sé ekki sök n. í þessu máli, að ekki liggur fyrir nál.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það fram, að það ber ekki að líta á það sem ávítur til hv. fjhn., þótt þetta mál sé tekið á dagskrá án þess að nál. liggi fyrir. Ég talaði við form. n. í gær og spurði hann, hvort hann vildi halda fund um málið, áður en það yrði tekið á dagskrá. Mér skildist á honum, að það væri sama, þótt það yrði tekið fyrir, áður en fundur hefði verið haldinn. Annars er ég reiðubúinn til þess að taka allar aths. aftur til 3. umr., ef n. óskar.

Jón Baldvinsson: Ég æski þess ekki fyrir mitt leyti, að brtt. verði teknar aftur til 3. umr. N. mun athuga frv. og einstakir nm., þótt till. séu ekki teknar aftur. Og ef mönnum sýnist eitthvað athugavert við frv. munu þeir koma með brtt. við það.

***Magnús Jónsson:** Ég á eina litla brtt. við þetta frv., ekki af því að það séu ekki fleiri af þessum föngum í þessu sameiginlega fangelsi, sem ég hefði viljað frelsa, ef það hefði verið hægt, heldur af því, að ég sé ekki, að það megi hagga við fleiri af þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í þessu frv.

Þessi brtt. mín er um það, að 9. gr. frv. falli niður, en hún er um frestun á framkvæmd l. um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þessir sjóðir voru stofnaðir með löggjöf hér á þingi árið 1933, og var það gert út frá þeirri forsendu, að þegar löggjafarvaldið hefir ákveðið, hvað það telji hæfilegt starfsmannahald fyrir ákveðna starfsgrein, og álítur, að rétt sé að verja til þess einhverri ákveðinni fjárhæð, þá er eðlilegt, að þeir menn, sem hafa áhuga á því, að þessi starfsgrein sé rækt sem bezt, vilji helzt sjá um, að sem fæst skörð séu í þetta starfsmannalið. En það er kunnugt, að það kemur alltaf fyrir, að eitthvað af embættum er óveitt af ýmsum ástæðum. Læknishéruðin eru oft óveitt í langan tíma, af því að það fæst enginn til að sækja um þau. Prestaköllin sömuleiðis. Og það hefir komið fyrir, að það hefir jafnvel ekki verið um svo marga menn að ræða eins og hefir þurft. En það er, eins og allir skilja, mjög

mikill skaði fyrir þessar starfsgreinar að hafa ekki starfsmannaliðið fullskipað, og er ekki nema sjálfsagt, að löggjafarvaldið sjái til þess, að þetta skarð verði fyllt. Út af þessu hefir þessi löggjöf verið sett, og skal ég ekki fara neitt út í það, hvernig menn hugsa sér að bæta úr, ef einhverja starfsmenn vantar. En það er dálítið mismunandi með læknishéraðasjóði og prestakallasjóði. Kirkjuráði var ákveðinn ráðstöfunarréttur yfir því fé, sem rynni til prestakallasjóðs. Læknishéraðasjóður átti að renna til einstakra læknishéraða, til þess að gera þau tilgengilegri með því að byggja læknisbústaði, sjúkraskýli eða annað þess háttar. Sú ráðstöfun, sem gerð er með þessum l., getur því aðeins komið að gagni, að þetta fái að halda áfram. Þessu er eins varið og bókaútgáfu, sem kemur út í heftum, kannske í mörg ár, og vinnst bara fyrir það, að það er stöðugt áframhald.

Það hefir verið þarna um fjárhæð að ræða, sem ég hygg, að geti ekki varðað afkomu ríkissjóðs, þó ég skuli ekki gera lítið úr því, að margt smátt gerir eitt stórt. En það er ákaflega bagalegt fyrir þessar starfsgreinar, ef þetta tillag fellur niður um lengri tíma. Tökum t. d. prestakallasjóð. Það er í raun og veru vandræða ástand, að til ákveðins starfs sé fé veitt, sem svo allt í einu er kippt burt. Og kirkjuráðið hefir, síðan framkvæmd þessara l. var frestað, lent í fjárþröng með starfsemi sína, og að það hefir ekki orðið að hætta störfum, stafar af því, að fresturinn er ekki enn lengri en svo, að það hefir treint þessa aura, sem það hefir haft.

Ég vildi leggja til, að þessi l. yrðu leyst úr álögum aftur. Og það eru, eins og ég sagði áðan, fleiri liðir í þessu frv., sem ég og margir aðrir óskuðu eftir, að hægt væri að leysa úr þessari ánauð bandormsins, en ég hefi ekki viljað koma fram með till. um það, af því að ég viðurkenni fullkomlega þörf ríkissjóðs á því, ýmist að njóta tekna eða þurfa ekki að svara út fjárhæðum. En þetta mál er svo einfalt, að ég skal ekki tefja hv. þdm. með frekari ræðuhöldum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mig langaði bara til þess að fá frá hæstv. fjmrh. frekari útskýringar en komu fram í hans grg. á b. lið í 3. brtt. á þskj. 371. Þar er svo fyrir mælt, að falla skuli niður sú heimild, sem nú er í l. til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa o. s. frv., og skuli hún úr gildi felld fyrir árið 1938.

Nú er framkvæmdin á þessu sú, að menn, sem þessa dagana eru að borga vexti af fasteignaveðslánum sínum, t. d. í bankaútibúunum á Eskifirði, Seyðisfirði og Ísafirði, senda ekki þær bankakvittanir, sem þeir hafa fengið, hingað til Reykjavíkur fyrr en á árinu 1938, svo að úr ríkissjóði greiðist ekki styrkurinn fyrr en árið 1938, og það getur meira að segja verið trassað að senda þessar kvittanir fyrr en komið er langt fram á sumar 1938. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. meini ekki, að þessi vaxtagreiðsla falli niður, þar sem hún átti að fara fram á árinu 1937, heldur þykist ég vita, að hann eigi við, að það falli niður vaxtatillagið af því, sem mönnum ber að greiða 1938. Mér finnst þetta varla nægilega ljóst í till., og ég býst við því, að ef ekkert kæmi fram í umr. um þetta, þá mundi það ekki æfinlega ganga umtölulaust að fá endurgreidda vexti, sem ætti að greiða 1937, og vildi ég nú biðja hæstv. ráðh. að skýra hv. þdm. frá því, hvort skilningur minn á þessu atriði er ekki réttur.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði, vil ég taka það fram, að vitanlega gæti stafað mikið misrétti af því, ef vaxtatillagsbeiðni, sem kæmi eftir 1. jan. væri vísað frá, þótt hún hljóðaði upp á vexti, sem hefðu verið greiddir 1937. Ég vil lýsa því yfir, að sá skilningur er réttur, að þetta ákvæði yrði að miðast við vexti á gjalddögum 1938. En ég vil taka það fram, að það getur farið svo, að menn þreytist á því að greiða vaxtatillag frá löngu liðnum tímum, þótt það sé frá þeim tíma, að heimild var í l. til að greiða þennan styrk. Eftir því, sem ég hefi heyrt, eru sumir bændur nú fyrst að uppgötva þessa heimild og senda margra ára reikninga yfir vaxtatillög. Þetta getur haldið lengi áfram, og vil ég því áskilja mér rétt til þess að mæta slíku. En það er rétt skilið hjá hv. 1. þm. N.-M., að hér er átt við gjalddaga 1938.

Ég vil út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um sína till., taka það fram, að æskilegt væri, að hægt væri að greiða í þessa sjóði, sem hann gat um, og ég býst ekki við að því fé yrði varið til neins ónytsams. En við verðum að gá að því, að við verðum að gera upp á milli þeirra nytsömu hluta, sem fyrir liggur að veita fé til. Og þegar verið er að taka af bændum þann vaxtastyrk, sem þeir hafa haft, og lækka framlög til sýsluvega, og þegar frestað er ár eftir ár framlagi til bjargráðasjóðs o. fl., þá finnst mér ekkert óeðlilegt, þó að þetta sé tekið með.

Ég man ekki, hvað miklu þetta framlag nemur, en ég ætla, að það skipti tugum þús. í báða sjóðina. Það fer nokkuð eftir því, hvað mikið er af óskipuðum embættum.

Ég mun leggja á móti því, að þessi till. hv. þm. verði samþ. Ég veit ekki betur en framlag til bygginga á prestssetrum hafi verið aukið úr 12 þús. upp í 24 þús. kr., og ég veit ekki betur en það sé á leiðinni till. um að setja aðstoðarprest hér í Reykjavík, og mér finnst, að það verði því að fresta þessu nú í bili.

***Magnús Jónsson:** Ég legg þetta ekki til út frá því, að ég sé fyrir kirkjunnar hönd að vanþakka það, sem er gert vel til hennar. En það er dálítið sérkennilegt fyrir þessi l., að það framlag, sem rennur til þessara tveggja starfsgreina, fer algerlega eftir því, hvort það er lítið eða stórt skarð höggið í starfsmannahópinn, þannig að þessi tekjuvon,

sem ríkissjóður getur haft af þessum lið, getur orðið að engu, ef embættin eru veitt. Og ef þessar starfsgreinar leggja mikla áherzlu á að fá menn í þessi embætti, þá kemur ekkert til greiðslu í þessa sjóði, en hinsvegar get ég vel hugsað mér, að þeir, sem stunda þessar starfsgreinar, legðu minni áherzlu á þetta, ef nokkuð af fénu rynni til þessara starfsgreina. Ég álít, að það gæti vel borgað sig fyrir kirkjuna að hafa 2—3 embætti óveitt. (**Fjmrh.**: Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar fyrir þetta fé?). Ég er ekki kirkjuráðsmeðlimur og er því ekki vel kunnugt um þetta, en t. d. hafa ýmsir úrvals kennimenn farið um landið og reynt að vekja líf í prestaköllunum. Sömuleiðis hefir þessu fé verið varið til þess að styrkja útgáfu góðra rita og bóka um kristinsdómsmál, og er ýmislegt, sem má starfa fyrir þetta fé, fyrir eins víðtæka stofnun og kirkjan er; hinsvegar er þetta aldrei svo mikið fé, að um stórbrotna starfsemi geti verið að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 374 felld með 9:5 atkv.
— 371,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 371,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 371,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 52. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 417, 433).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 433. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þessi brtt. á þskj. 433 fer fram á það, að aftan við 17. lið frv. komi nýr liður, þar sem ákveðið er að fresta nú að kjósa í hin svokölluðu „ráð", sem gert er ráð fyrir, að kosin séu samkv. l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, og fresta þess vegna um eins árs skeið starfi þessara ráða. Það er litið svo á af mörgum, að enda þótt þessi ráð séu sjálfsagt nauðsynleg, þá sé starf þeirra ekki það mikilvægt, að ástæða sé til að leggja í þennan kostnað nú að þessu sinni, og þess vegna sé hægt að fresta framkvæmd laganna á árinu 1938. Við höfum nú verið í vandræðum með að láta tekjur og gjöld ríkissjóðs standast á og gripið fegins hendi hvert tækifæri, þar sem við höfum getað sparað svo að segja nokkrar krónur, og þarna þóttumst við flm. finna einn lið, þar sem hægt mundi að spara án þess að nokkur verulegur skaði yrði af. Þess vegna höfum við, ég og hv. 2. þm. Eyf., lagt þessa till. fram og óskum eftir því, að hún verði samþ.

***Magnús Jónsson**: Ég bar hér áður fram brtt. um það, að felldur yrði niður 9. liður þessa frv., þar sem ákveðið er að fresta framkvæmd l. um læknishéraða- og prestakallasjóði, en sú till. var felld. Ég hafði þá hugsað mér að bera fram brtt. um að takmarka mjög þá fjárhæð, sem varið yrði í þessu skyni, en af því að ég bjóst ekki við, að menn mundu fyrir svo smávægilega breyt. vilji hrekja frv. aftur til hinnar d., þá hefir það farizt fyrir hjá mér. En þegar brtt. er hvort sem er komin fram við frv., þá sé ég ekki ástæðu til að liggja á minni brtt. og hefi því skrifað hana og mun biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. Hún er mjög einföld og þarf því ekki mikillar athugunar við, er sem sé á þá leið, að 9. liður frv. orðist þannig: „Á árinu 1938 skal ekki greiða samkv. l. nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði, hærri fjárhæð en 3 þús. kr. til hvors. — M. ö. o., að loku er fyrir það skotið, að þessi lög geti haft kostnað í för með sér, er nokkru varði fyrir afkomu ríkisbúskaparins. Það má búast við því, að ef þessi takmörkun væri ekki sett, þá rynnu nú 12—13 þús. kr. til prestakallasjóðs, þar sem mörg embætti eru óveitt í svipinn, og það eru lítil takmörk fyrir því, hvað þessi upphæð getur orðið, ef mjög mörg embætti eru óveitt, en ef svona þröngt mark er sett, þá er ómögulegt að bera því við, að þetta varði nokkru fyrir hag ríkissjóðs.

Mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. er kominn inn, því hann styður væntanlega þessa sanngjörnu till. mína. — Þó að þarna sé ekki um nema 3 þús. kr. að ræða, þá er það samt nóg til þess, að kirkjuráðið geti haldið áfram þeirri starfsemi, sem það hefir tekið upp.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta till. með þeim tilmælum, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

***Jón Baldvinsson**: Fyrst farið er á annað borð að liða „bandorminn" í sundur, þá vildi ég gjarnan koma með einhverjar till. líka. Ég hefði t. d. gjarnan viljað fella burt 2. og 3. liðinn, en hefði hinsvegar getað sætt mig við það, að frv. færi óbreytt héðan, eins og fjhn. d. hefir lagt til, en úr því að farið er að gera breyt. í stórum stíl, þá sé ég ekki, að ég þurfi endilega að sitja hjá og láta frv. afskiptalaust. Ég mun því undir umr. athuga það, hvort ekki sé hægt að koma að skriflegri brtt., en mun hinsvegar láta það vera, ef þær brtt., sem fram eru komnar, verða teknar aftur, eða sú till., sem ég er meira á móti, á þskj. 433. Ég tel þá till. alveg óþarfa, og um svo litla fjárhæð að ræða, að það skiptir ríkissjóð ekki miklu. Og ef till. hv. 1. þm. Reykv. verður samþ., þá ézt sá sparnaður upp og meira til, svo að fjárhagslega fyrir ríkissjóð verður þetta alls ekki sparnaðaratriði. Ég mun sem sé í þessu atriði fara alveg eftir því, hvernig þm. hér í d. haga sínum till. Ef þær verða teknar aftur, mun ég ekki flytja neina till., en sé mig hinsvegar knúðan til þess, ef á annað borð verður farið að hrófla við frv. — Hv. fyrri flm. að till. á þskj. 433 minntist ekkert á þetta við okkur í fjhn. Ed., og það hefði hann vitanlega ekki þurft að gera, en

það hefði bara verið viðkunnanlegra, vegna þess hve mjög er liðið á þingtímann og að n. hefði þá kannske viljað athuga fleira í þessu sambandi. — Ég held því að rétt væri að fara þess á leit við hæstv. forseta að taka málið út að þessu sinni, til þess að finna fleiri höggstaði á „bandorminum".

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv.: [Sjá þskj. 442,II.] — Brtt. þarf afbrigði, þar sem hún bæði er skrifleg og of seint fram komin.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil taka það fram, að þessi „bandormur", sem kallaður er, stendur í nánu sambandi við fjárlfrv. sjálft, og fjvn. hefir miðað sínar brtt. við það, að „bandormurinn" væri að mestur leyti afgr. óbreyttur. Ég vildi því biðja menn að fara gætilega í það að breyta frv. úr því sem komið er vegna þess að ef farið yrði að gera breyt. á annað borð, þá gæti það raskað því samkomulagi, sem annars hefir orðið um þetta mál og kostað hefir töluverða vinnu að fá fram. Því vildi ég mælast til þess, að brtt. þær, sem fluttar hafa verið, verði dregnar til baka. Þær eru náttúrlega ekki stórvægilegar, en mundu þó geta valdið því, að fleiri till. kæmu á eftir.

Hvað viðvíkur till. hv. 1. þm. Reykv., þá skal ég viðurkenna, að þar er ekki um stóra upphæð að ræða, aðeins 6 þús. kr., en þegar við verðum að fara jafnsmásálarlega í þessa hluti eins og t. d. það að færa einn vegarspotta úr 3 þús. kr. niður í 2700 kr. og allt þar fram eftir götunum, þá munar þó dálítið um þessar 6 þús. kr., og mundu margir álíta, að þær ættu frekar að fara til annars. Þess vegna vildi ég eindregið skora á hv. þm. að reyna að sameinast um þennan „bandorm" eins og hann liggur fyrir eftir 2. umr. og taka sínar till. til baka.

***Magnús Jónsson:** Það stafaði af misminni hjá mér, er ég sagði í minni fyrri ræðu, að samþykkt þessara þrtt. mundi valda því, að frv. færi til hinnar d. Það þarf hvort sem er að fara þangað, vegna þess að það hefir þegar tekið breyt. í þessari d. eftir till. hæstv. fjmrh., sem samþ voru. Það er þannig ekki einu sinni sú ástæða, sem gæti legið til grundvallar fyrir því, að menn væru á móti minni brtt.

Hæstv. fjmrh. hafði það eitt á móti minni brtt., að þá mundu kannske fleiri till. koma á eftir. Hann hefði þá sjálfur átt að lifa eftir þessari reglu, en það gerði hann ekki. Hann leyfði sér einmitt sjálfur að bera fram brtt. og koma þannig röskun á þennan heilaga „bandorm". **(Fjmrh.:** Það var í samráði við fjvn.). Já, það var líka í samráði við góða nefnd, að ég bar fram mína brtt. Ég hygg, að kirkjuráðið sé engu síður góð stofnun en fjvn.

Hér er ekki einu sinni um 6 þús. kr. að ræða, heldur allt að 6 þús. kr. Eftir því sem landlæknir hefir tjáð mér, þá er ekkert læknishérað óveitt nú, svo að það eru ekki nema 3 þús. kr., sem til greina koma.

Ég viðurkenni, að það er mjög mikil viðleitni til sparnaðar að klípa 10% af því, sem veitt er til ýmsra framkvæmda, en ég er viss um, að engum þm. hefir dottið í hug að spara út af fyrir sig 300 kr. á einum vegarspotta, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., þó að sú verði að vísu oft raunin á, vegna þess að hér er um svo stórfelldar upphæðir að ræða, þegar til heildarinnar kemur.

Ég sé því ekki neina ástæðu til að draga þessa till. til baka. Ég óska, að hún komi til atkv. og að hv. þm. geti léð henni lið sitt, úr því að samþykkt hennar orsakar ekki einu sinni það, að frv. þurfi að hrekjast milli deilda.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég ætla að leyfa mér að bera fram enn eina brtt. við þetta frv., og hún hljóðar á þá leið, að 3. tölul. þess falli niður. Þar er um að ræða að fresta því ákvæði í lögunum um einkasölu á tóbaki, að tekjur einkasölunnar skuli renna til byggingar- og landnámssjóðs og til verkamannabústaða. Hér er því um afarmikið hagsmunamál að ræða, stórkostlegt atvinnuspursmál og þýðingarmikið að því er snertir híbýlakost bæði bænda og verkamanna. Þessi till. var flutt af flokksbróður mínum í Nd., og var þá þannig tekið undir þetta mál, að hv. 3. þm. Reykv. lýsti því yfir, að því er okkur skildist f. h. Alþfl., að þetta mál skyldi tekið til nánari athugunar og til nánari meðferðar í Ed. Ég hefi því verið að bíða eftir því að heyra eitthvað frá alþýðuflokksmönnum um þetta efni, og hefir nú hv. 9. landsk., form. flokksins, loksins látið uppi þá ósk, að þessi liður falli burt. — Ég sé því ekki ástæðu til annars en að taka nú aftur upp þessa till. og mun afhenda hana hæstv. forseta.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk.: [sjá þskj. 442, I.]

Brtt. er bæði skrifleg og of seint fram komin og þarf því að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Þó að fjvn. gæfi ekki út nál. um þetta frv., þá var það samkomulag meiri hl. n., að málið yrði tekið til 2. umr., og mér skildist, að hann mælti með frv. með þeim breyt. einum, sem bornar voru fram af hæstv. fjmrh. Mér kemur það því á óvart, að form. n. er hér að boða brtt., og vona ég, að hann falli frá þeim.

Annars vil ég benda á það, að ef þessu frv. verður breytt nokkuð sem heitir, þá hlýtur afleiðingin að verða sú, að taka verður fjárlfrv. út af dagskrá í Sþ. nú í dag og fjvn. að taka það til nýrrar athugunar og bera fram brtt. við það í samræmi við þetta frv., vegna þess að eins og hæstv. fjmrh. hefir tekið fram,

þá er þetta frv. og fjárlfrv., eins og það er nú og till. fjvn. í nánu sambandi hvað við annað.

Ég vil því sem fjhn.maður eindregið ráða d. til að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir, og geri ég það þrátt fyrir það, þó að ég í sjálfu sér sé meðmæltur þeirri brtt., sem borin er fram af hv. þm. N.-M. og samþm. mínum. Ég álít bara, að eins og nú er komið borgi sig ekki að fara að róta þessu frv., því að það getur dregið fleiri dilka á eftir sér.

***Jón Baldvinsson:** Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. segir, að við vorum sammála um að mæla með frv. eins og það lá fyrir með þeim breyt., sem hæstv. fjmrh. hafði borið fram, en um hitt hafði ekkert verið talað, hvað gert yrði, ef fleiri till. kæmu fram við frv.

Og þegar nú á síðustu stundu kemur fram brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. um að fresta framkvæmd vissra laga og ekki hefir gefizt tækifæri til að leita til flokkanna um það, hvernig þeir tækju í það mál, og þegar fjárhæðin, sem um er að ræða, er ekki hærri en um 5 þús. kr., þá er hér um svo lítilfjörlegt atriði að ræða, að ég er hissa á hv. þm. að koma með þetta svona á síðustu stundu, vitandi það, að ef hreyft væri við þessu frv., væri ómögulegt að vita, hvar numið væri staðar á þeirri braut. Enda hefir það sýnt sig, að þm. hafa ekki talið sig bundna við það samkomulag, sem gert var um frv., þegar jafnvel sérstakur stuðningsmaður hæstv. fjmrh. ber fram brtt., og það að manni skilst þvert ofan í hans vilja.

Ég vildi því, áður en ég tek afstöðu í þessu efni, heyra hvaða meðferð hv. 1. þm. N.-M. vill láta hafa um þetta mál. Það liggur í hans höndum að ákveða, hvort menn fara að róta liðum „bandormsins" í sundur eða ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Ed., 20. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Forseti (EÁrna): Ég vildi fara þess á leit við þá, sem flytja brtt. við frv., að þeir vildu taka þær aftur, því það getur stefnt frv. í vandræði, ef gerðar verða á því frekari breyt. en orðið er.

ATKVGR.
Brtt. 433 tekin aftur.
— 442,I felld með 9:1 atkv.
— 442,II felld með 8:6 atkv.

Frv. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, IngP, JBald, JJ, MJ, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.
nei: BrB.
BSn, GL, JJós, ÞÞ, ÁJ greiddu ekki atkv.
1. þm. (BSt) fjarstaddur.
Frv. endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., 21. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 417).

Á 59. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 493).

---

47. Gjaldeyrisverzlun o. fl.

Á 14. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl. (þmfrv., A. 74).

Á 16. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir því, að hve miklu leyti þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 74, er frábrugðið núgildandi l. um sama efni, sem eru frá 9. jan. 1935.

Í 1. gr. frv. er ákvæði um það, að óheimilt sé að flytja til og frá útlöndum íslenzkan gjaldeyri. Einnig er í sömu gr. heimild til að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til annara landa, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi á löglegan hátt aflað sér nægilegs erlends gjaldeyris til ferðarinnar. Og ennfremur er eigendum flutningatækja óheimilt að flytja fólk til annara landa, nema þessum skilyrðum sé fullnægt. Hér er um ný ákvæði að ræða, sem ekki eru í gildandi l., en reynslan hefir sýnt, að æskilegt er að fá til viðbótar.

Í 2. gr. er nýtt ákvæði um það, að við úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa á vörum sé farið eftir reglum, sem fjmrh. setur, að fengnum till. þeirra banka, sem fulltrúa eiga í gjaldeyris- og innflutningsnefnd. En í núgildandi l. er ákveðið, að reglurnar eigi að samþ. af bönkunum. Það þykir réttara og meira í samræmi við það, sem venjulega hefir tíðkazt, að það sé ráðh., sem setur þessar reglur, að fengnum till. bankanna, en vitanlega hljóta þær alltaf að vera samdar í samráði við bankana, eins og áður hefir verið.

Í 3. gr. frv. er tekið upp ákvæði um það, að til þess að standast kostnað við gjaldeyris- og innflutningsnefnd, skuli allir, sem gjaldeyrisleyfi fá, greiða 2‰ af upphæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Mundu við þetta sparast um 40 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð.

Í 5. gr. frv. er svo fyrir mælt, að skýrslur um inn- og útflutning skuli senda hagstofunni. Í núgildandi l. er svo ákveðið, að þær skuli senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd. En framkvæmdin á þessu hefir verið sú undanfarin tvö ár, að skýrslurnar hafa verið sendar hagstofunni, sem vinnur úr þeim, og er það því eðlilegast, að þær séu sendar þangað beint.

Í 6. gr. frv., sem fjallar um sektarákvæði, er því við bætt, að heimilt sé að gera upptækar vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem ólöglega er inn fluttur eða reynt er að flytja út á ólöglegan hátt.

Og í 7. gr. er það fram tekið, að upptækar vörur og gjaldeyrir verði eign ríkissjóðs, en um það eru engin fyrirmæli í núgildandi l.

Ég hefi þá gert grein fyrir því, að hverju leyti þetta frv. er frábrugðið núgildandi l., og eins og menn sjá við samanburðinn, þá er hér ekki um að ræða neinar breyt. í grundvallaratriðum á l. um gjaldeyrisverzlun. Það eru t. d. óbreytt ákvæðin um skipun gjaldeyris- og innflutningsnefndar og annað það, sem máli skiptir í því sambandi. Hér er aðeins um að ræða breyt., sem reynsla undanfarinna tveggja ára hefir sýnt, að æskilegt er að gera. Og þar sem hér er um lagafrv. að ræða, sem aðeins er í fáum gr., þótti okkur flm. réttara að semja nýtt frv. heldur en að bera fram brtt. við lögin.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 74, n. 91 og 114).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Meiri hl. fjhn. leggur til, samkv. nál. á þskj. 91, að þetta frv. um gjaldeyrisverzlun o. fl. verði samþ. óbreytt. Nú á þessum fundi hefir verið úthlutað nál. frá minni hl. n., hv. þm. G.-K. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í umr. um það að svo stöddu, meðan hann hefir ekki gert grein fyrir þeim breyt., sem hann telur æskilegar á frv.

***Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Nefndin hefir, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls, og hefi ég orðið einn í minni hl. Ég hefi leyft mér að gera grein fyrir minu áliti á málinu í nál. á þskj. 114. En af því að það er til þess að gera alveg nýlega búið að úthluta nál. í deildinni, og hæpið, að þdm. hafi kynnt sér það enn, ætla ég að leyfa mér að fara örfáum orðum um aðalatriði málsins.

Höfuðágreiningurinn milli mín og meiri hl. — að svo miklu leyti sem hann kemur fram í nál. hvors um sig — liggur í því, að ég fyrir mitt leyti hefi ekki getað sætt mig við þá breyt. á valdsviði ráðh. annarsvegar og bankanna hinsvegar, sem gerð er með ákvæðum 2. gr. frv. Til þessa hefir það verið í lögum, að ráðh. gefur út reglugerð um úthlutun gjaldeyris, en reglugerðin öðlast ekki gildi í framkvæmd nema því aðeins, að bankarnir, sem hafa gjaldeyrisverzlunina með höndum, samþ. hana. Nú er ætlunin með þessu nýja frv. að breyta þessu þannig, að ráðh. getur algerlega einn ráðið reglum fyrir úthlutun gjaldeyris, og er eingöngu tilskilið, að hann hafi leitað umsagnar bankanna áður en hann gefur út slíka reglugerð. Hinsvegar er ekkert lagafyrirmæli um það, að hann sé skyldur að fara eftir þeim till. í einu eða neinu, sem bankarnir gera.

Nú er það á almanna vitorði, að það er náttúrlega hægt með úthlutun gjaldeyris að svipta heilar stéttir þjóðfélagsins atvinnu, en gefa öðrum þegnum þjóðfélagsins sérréttindi til innflutnings. Það er þess vegna ákaflega mikið einræðisvald, sem ráðh. er selt í hendur með þessu ákvæði frv., ef að lögum verður, þar sem hann einn á að mega ráða þessum úthlutunarreglum. Ég hefi sem sagt á enga lund getað sætt mig við þetta. Og ég held, að ekki sé vonlaust, að hægt sé kannske á síðara stigi þessa máls að ná einhverju samkomulagi bæði við meiri hl. n. og fjmrh. um eitthvað annað fyrirkomulag á þessu, fyrirkomulag, sem ekki gefur ráðh. eins mikið einræðisvald í þessu máli eins og það ákvæði, sem hér er um að ræða í 2. gr. frv. Ég geri mér nokkra von um þetta samkomulag, enda þótt það hafi ekki náðst enn, því að mér hefir skilizt á umr. við meðnm. mína, að þeir séu reiðubúnir að athuga þetta. Mér hefir skilizt, að þeir telji það sérstaklega óviðfeldið ákvæði, að ráðh., sem á að setja reglugerð, getur enga reglugerð sett, ef bankanum þóknast að banna það.

Ég hefi nú gert grein fyrir því í nál., að annarsstaðar, þar sem ég hefi reynt að kynna mér slíka löggjöf, hefi ég hvergi orðið var við, að slíkt einræðisvald væri falið neinum ráðh. Ég hefi kannske átt einna beztan kost að kynna mér danska löggjöf. Þar var gefin út nýlega reglugerð á þriðja hundrað síður um gjaldeyrislöggjöf og framkvæmd hennar. Hefi ég sérstaklega reynt að kynna mér efni hennar í höfuðdráttum. Sýnist mér að vísu, að vald ráðh. sé þar nokkru meira en mér virðist í þeim öðrum löndum, sem ég hefi átt kost á að afla mér gagna frá. En þó er þetta vald mjög takmarkað, þannig að ráðh. verður fyrst að semja við þjóðbankann,sem í raun og veru er ætlazt til hér, að hann geri. En ákvæði dönsku laganna eru þannig, að ef þjóðbankinn loks ekki gengur inn á till. ráðh., þá hefir ráðh. enga aðstöðu til að sveigja þjóðbankann til hlýðni við sinn vilja í þessu efni. Hann hefir engin önnur ráð en þau, að svipta þjóðbankann undanþágu frá innlausnarskyldu seðla. En það er ákaflega örlagarík vopn að beita. Auk þess eru gjaldeyrisvöldin í Danmörku bæði hjá gjaldeyrisnefnd og gjaldeyrisráði, en í gjaldeyrisráði eiga höfuðatvinnugreinar þjóðfélagsins sína fulltrúa, sem bæði leggja á ráð og hafa auk þess heimild til að gagnrýna allar gerðir annara valdhafa í þessum málum. Jafnvel í þessu landi, þar sem vald ráðh. er meira en annarsstaðar, þar sem ég hefi rannsakað, þá er valdinu skipt á milli margra aðilja. Og ég held, að þessar reglur nágrannalandanna séu m. a. viðhafðar af því, að það er mjög hætt við, að slíkt einræðisvald í höndum stjórnmálamanna mundi leiða til misbeitingar á valdi. Okkur er sjálfsagt öllum stjórnmálamönnum nokkuð hætt við að líta einhliða á málið, og ég hygg, að almennt talað megi ganga út frá því, að svo örlagaríku valdi sem hér er um að ræða sé betur borgið í höndum bankastjórnar, sem er að gera skyldu sína gagnvart atvinnulífi þjóðarinnar og hefir ekki freistingu til að líta á annað en hag almennings og hag bankans, sem má gera ráð fyrir að fari saman. En einstakur stjórnmálamaður get-

ur oft og einatt verið nokkuð einsýnn. Og ég held, að þörf okkar Íslendinga fyrir gætni í þessu efni sé sízt minni en annara þjóða, því að hér er stjórnmálabaráttan heitari en annarsstaðar og persónulegri og misbeiting valdsins sjálfsagt fullt eins tíð — að ég ekki segi meira — eins og í nágrannalöndunum. Þetta er nú sú höfuðbreyt. á núgildandi l., sem ég er langandvígastur af öllum fyrirmælum frv., og sem ég leyfi mér í lengstu lög að vona, að náist samkomulag um á einhvern annan hátt en þennan.

Ég hefi leyft mér í nál. að vekja athygli á því, að á seinni árum hefir verið gengið lengra á þeirri braut að fela einstökum ráðherrum vald, sem á að liggja hjá Alþingi eða dómstólum; og slíkt er náttúrlega frekar fallið til að vekja einræðiskennd hjá mönnum heldur en glæða rétta tilfinningu fyrir lýðræði, og til að draga úr virðingu Alþingis.

Í 1. gr. frv. er bannaður útflutningur og innflutningur á seðlum. Þetta held ég, að hvergi sé gert annarsstaðar. Innflutningur á seðlum er a. m. k. leyfður í þeim löndum, þar sem ég hefi haft aðstöðu til að kynna mér slíka löggjöf, nema í Þýzkalandi. Í Danmörku er leyft að flytja inn seðla, jafnvel þó að þeim hafi verið smyglað úr landi. En ég sé ekki ástæðu til að beita mér gegn því, að banna megi útflutning á seðlum. Hinsvegar er annað atriði, sem ég er mjög andvígur. Það er það nýmæli, að enginn megi fara úr landi, nema hann geti sýnt skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd um það, að hann hafi aflað sér gjaldeyris á löglegan hátt. M. ö. o., gjaldeyrisnefnd hefir heimild til þess algerlega að ráða því, hverjir fara úr landi og hverjir ekki. Ég er nú ekki hræddur um það, að af þessu leiði það, að menn, sem þurfa að sigla vegna atvinnu sinnar, verði kyrrsettir. En þetta er ákaflega óviðfeldið, að enginn skuli mega fara út fyrir landsteinana nema með leyfi gjaldeyrisnefndar, og fjarska þýðingarlaust ákvæði. Og ég er sannfærður um það, að gjaldeyrissparnaður af þessu útflutningsbanni á fólki er ekki mikill. Ég er líka sannfærður um, að ekki verður með þessum hætti sett undir þann leka, sem ætlazt er til; en lekinn liggur aðallega þar í, að menn, sem fá leyfi gjaldeyrisnefndar til utanfarar, afla sér meiri gjaldeyris á ólöglegan hátt og eyða meiru en gjaldeyrisnefnd hefir ætlazt til. En hitt, þó að einstaka ungur maður eða stúlka, sem ætlar að sigla sér til frama heldur en gagns, verði kyrrsett, það leiðir ekki til neins teljandi sparnaðar. Og svona óviðfelldnar þvinganir á alls ekki að lögfesta nema í þjóðarnauðsyn. En hér er engin þjóðarnauðsyn. Miklu fremur gæti orðið þjóðartjón að þessu ákvæði, því að ef við beitum alveg sérstökum reglum,sem meina Íslendingum að sækja önnur lönd heim, má búast við, að önnur lönd beiti okkur samskonar aðferðum að einhverju leyti. Slíkt myndi draga mjög úr þeim auknu tekjum, sem menn gera sér von um af auknum ferðamannastraumi. Ákvæðið er því að mínum dómi gagnslaust, óviðfelldið og getur orðið skaðlegt, og mun ég bera fram brtt. um að fella það niður.

Ég leyfi mér einnig að bera fram tvær aðrar brtt. Önnur er um það, að meðal þeirra erlendu lána, sem ekki þarf sérstaklega að sækja um gjaldeyrisleyfi til að standa í skilum með (en þau, sem sérstaklega er talað um í frv., eru lán ríkissjóðs og sem ríkissjóður ber ábyrgð á), meðal þessara lána verði einnig lán sveitar- og bæjarsjóða, sem ríkissjóður hefir ekki tekið beina ábyrgð á. Ég held það sé rétt hjá mér, að slík lán sé ekki leyfilegt að taka nema með samþykki ríkisins, og þá er svipuð siðferðisskylda að standa í skilum út á við eins og væri á þeim ríkisábyrgð. Mér hefir skilizt á formanni n. og hv. 1. þm. Rang., að þeir væru reiðubúnir til að ganga inn á þetta.

Loks leyfi ég mér að bera fram þá brtt., að útgerðarmenn megi nota þann gjaldeyri, sem þeir fá fyrir útflutningsvörur sínar, að svo miklu leyti sem þeir þurfa á að halda til þess að kaupa til þarfa sinnar eigin útgerðar. Þetta er gamalt og þekkt mál hér í hv. deild. Það lá fyrir í fyrra og hefði þá orðið samþ., ef við flm. hefðum gengið inn á að hnýta aftan í það því, sem við vorum mótfallnir. Frv. dagaði uppi af þeim ástæðum, en hafði meirihluta þingfylgis. Ég vil benda á, að í lögum annara þjóða eru svipuð ákvæði. En í lögum Dana er heimild til þess að undanþiggja frá afhendingarskyldu þann aðilja, sem getur sannað, að hann getur þurft að nota gjaldeyririnn til eigin þarfa áður en langt líður.

Ég sé ekki ástæðu til að láta fleiri skýringar fylgja minni sérstöðu í þessu máli, en leyfi mér að vænta, að brtt., sem ég flyt, geti náð samþykki hv. deildar.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Út af ræðu hv. þm. G.-K. vil ég enn fara um þetta mál nokkrum orðum. Hann gerði grein fyrir þeim brtt. við frv., sem hann hefir lagt fram á þskj. 114, og ræddi fyrst um þá breyt., sem hann vill gera á 2. gr. frv., viðkomandi reglum þeim, sem settar verða um úthlutun gjaldeyris- og útflutningsleyfa. Hann vill, að fyrirmæli um þetta verði eins og í núgildandi lögum, þannig að fjmrh. setji þessar reglur og verði þær samþ. af bönkunum, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd. M. ö. o., fjmrh. getur ekki sett reglurnar, nema fá þær í öllum atriðum samþ. af báðum þessum bönkum. Í frv. er aftur á móti svo ákveðið, að ráðh. eigi að setja þessar reglur að fengnum till. þessara banka. Og út af því, að hv. þm. G.-K. sagðist vona, að hægt væri að ná samkomulagi við meiri hl. n. um þessar brtt., þá lýsi ég yfir því fyrir mitt leyti, að ég mun ekki fallast á þessa brtt. hans, hvað sem um hinar má segja. Mér finnst það mjög óeðlilegt, að úrslitavaldið um þetta sé hjá bönkunum, en ekki hjá ráðh., sem þessi mál heyra undir. Ég býst að vísu ekki við, að þetta hafi komið að sök enn. En mér finnst það að öllu leyti eðlilegra, að það sé ráðh., en ekki banki, sem á að ákveða þessar reglur. Hitt er annað mál, að hann mun vitanlega taka tillit til þeirra tillagna, sem bankarnir gera. Hv. frsm. minni hl. telur, að með þessu sé vald ráðh. aukið meira en góðu hófi gegnir, og vitnar hann í sínu nál. í dönsk lög. Ég hefi þessi

lög hér. Og við að athuga þau er það ljóst, að vald ráðh. þar yfir þessum málum er meira en það er nú hér. Gjaldeyrisnefnd og gjaldeyrisráð eru ráðgefandi stofnanir þar. Það er ákvæði í hinum dönsku lögum, að ráðh. ákveði endanlega í þessum málum. Og það er lengra gengið þar í því að veita ráðh. vald en gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir. Meira að segja, ef það sýnist nauðsyn að gera breyt. á úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa í Danmörku á einhverju tímabili, þá er það ekki hægt nema ráðh. samþ. Ég get því ekki fallizt á þá skoðun hv. þm. G.-K., að nokkur hætta geti stafað af þessum ákvæðum frv. Þvert á móti tel ég, að hér sé gert ráð fyrir þeirri skipun á þessum málum, sem verður að telja sjálfsagða.

Þá ræddi hann nokkuð um annað atriði, sem hann gerir brtt. um, þ. e. að útgerðarmönnum skuli heimilt að ráðstafa þeim erlenda gjaldeyri, sem fæst fyrir vörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar. Þessi breyt. er alveg óþörf, vegna þess, að þetta hefir verið þannig framkvæmt undanfarið, að útgerðarmenn hafa fengið að ráðstafa af andvirði útfluttra afurða því, sem þeir hafa þurft að nota til kaupa á nauðsynjum til útgerðarinnar. Og geri ég ráð fyrir, að þetta verði þannig framvegis. Býst ég ekki við því, að hv. þm. G.-K. viti dæmi þess, að útgerðarmönnum hafi verið meinað þetta.

Þá ræddi hann og nokkuð um eitt atriði enn í frv., þó að hann hafi ekki gert neinar brtt. um það. Það er bannið við inn- og útflutningi íslenzkra seðla. En till. hefir hann gert um það, að 3. málsgr. 1. gr. falli niður. En málsgr. fjallar um það, að heimilt sé að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt. Ég get upplýst það, að þetta ákvæði í frv. mun vera komið þar inn fyrir tilmæli frá bankaráði Landsbanka Íslands. Á fundi bankaráðs-Landsbankans þann 3. des. sl. var samþ. eftirfarandi till., og vil ég leyfa mér að lesa hana upp:

„Bankaráðið samþykkir að skora á fjármálaráðherra að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja útflutning íslenzkra seðla, með því meðal annars:

1) Að afgreiðslum skipa, sem halda uppi farþegaflutningi frá Íslandi til útlanda, sé gert að skyldu að selja ekki mönnum, búsettum á Íslandi, farseðla til útlanda nema þeir leggi fram skilríki fyrir því, að þeir hafi tryggt sér gjaldeyri til ferðarinnar.

2) Að láta alla, sem fara frá Íslandi til útlanda, gera grein fyrir því áður en skip leggja úr síðustu höfn til útlanda, hvað hver maður hafi mikið af íslenzkum seðlum meðferðis. Engum skal leyft að taka með sér til ferðarinnar meira en ætla má, að svari fæðis- og þjónustukostnaði með skipunum í ísl. seðlum.

3) Að banna innflutning á íslenzkum seðlum frá útlöndum umfram það, sem um getur í 2. lið".

Bankaráðið tilkynnti hæstv. fjmrh. samþykkt þessa, og var þess þá ekki getið, að nokkur ágreiningur hefði orðið um hana. En hv. þm. G.-K. á sæti í bankaráði Landsbankans. Mér virðist, að þessi ályktun feli í sér svo veigamikil rök fyrir þessu atriði frv., að ég þurfi ekki að fara um það fleiri orðum.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. G.-K. við 2. gr., að á eftir orðunum „af lánum ríkissjóðs" komi: *lánum bæjar- og sveitarfélaga, hefi ég ekkert sérstakt að segja, en tel ekki ástæðu til að amast sé við þeirri brtt.*

*Einar Olgeirsson: Það eru tvö atriði, sem ég vildi einkum gera að umtalsefni, og þá fyrst það atriði, sem hér hefir nú nokkuð verið rætt, um vald bankanna, hvort eigi að draga úr því, eða hvort það á að haldast óskert. Ég hefi skilið það svo, að það vald, sem bönkunum er gefið með gjaldeyrislögunum, sé fyrst og fremst til að tryggja það, að þau gjaldeyrisleyfi, sem *gjaldeyrisnefnd gefur, gildi í raun og veru.* Og bankarnir eru sá aðili, sem bezt getur tryggt, að gjaldeyrir fáist út á þau leyfi, sem gjaldeyrisnefnd úthlutar. Mælikvarði á það, hvort bankarnir reynast þessu starfi vaxnir, er einmitt þetta, hvort gjaldeyririnn fæst út á þau gjaldeyrisleyfi,sem gefin eru. Nú hefir þetta reynzt svo, að mikill hluti þeirra gjaldeyrisleyfa, sem gjaldeyrisnefnd hefir gefið út, hafa orðið ógild, vegna þess að gjaldeyrir hefir ekki fengist út á þau hjá bönkunum. Eftir að bankarnir — og þá einkum Landsbankinn — hafa leyft mönnum að samþ. víxla, eins og gjaldeyrisnefnd hefir áskilið, hafa menn ekki fengið að borga þá. Loforð bankanna hafa ekki verið haldin. Hvað eftir annað hefir það komið fyrir, að víxlar hafa verið afsagðir, sem bankarnir hafa leyft að samþ. og gjaldeyrisleyfi verið fyrir. Þetta hefir stuðlað að því að koma gjaldeyrismálunum í það öngþveiti sem þau eru nú.

Eftirlit bankanna á gjaldeyrismálunum og stjórn þeirra á þeim hefir reynzt ófær. Og mest brögð hafa orðið að þessu einmitt hjá Landsbankanum. Ég álít, að það ástand, sem nú ríkir í gjaldeyrismálunum, mæli sízt með því, að bönkunum verði áfram trúað fyrir því sama valdi og þeir hafa þar haft, og er ég því samþykkur,að vald fjmrh. í þessu efni verði aukið, eins og virðist vera tilgangur þessarar lagabreytingar. Ég fæ ekki séð, að sú nána þekking, sem hv. þm. G.-K. ætti að hafa af bankamálum, komi nokkursstaðar fram í umr. um þetta atriði. Landsbankinn hefir rækt þetta starf sitt hættulega illa, og því er engin ástæða til að láta hann eða bankana yfirleitt halda því valdi, er þeir hafa haft til þessa. Það hefir verið talað um, að með þessu væri fjmrh. fengið í hendur hættulegt vald, en ég álít enn hættulegra að hafa það vald hjá stofnun eins og Landsbankanum.

Hitt atriðið, sem ég vildi taka til athugunar, var ákvæði 1. gr. frv., sem nokkuð hefir verið rætt, — það ákvæði, að fólki sé bannað að fara til útlanda án þess að hafa til þess leyfi gjaldeyrisnefndar. Ég býst við, að þetta ákvæði, sem fer fram á það, að íslenzkir borgarar séu settir

á sama bekk og vörur sé runnið undan rifjum bankaráðs Landsbankans. Það er eftir þeim háu herrum, sem þar drottna, að láta sér ekki nægja það vald, sem þeir hafa yfir atvinnuvegunum og fjármálum landsins, heldur seilist nú líka inn á svið persónufrelsisins og vilja fá úrskurðarvald um það, hverjir fara utan. Ég álít, að það megi ná því sama, sem fyrir hv. flm. vakir, með öðrum og skemmtilegri aðferðum, t. d. með því að banna innflutning á íslenzkum seðlum. Með innflutningsbanni á íslenzkum seðlum væri það algerlega hindrað, að smyglað sé út miklu af íslenzkum seðlum. Þeir seldir þar með 20—40% afslætti og sendir svo til Íslands aftur í stórum pökkum. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að láta slíkt viðgangast. Ákvæði um innflutningsbann á íslenzkum seðlum væri bezta tryggingin fyrir því, að íslenzkur gjaldeyrir væri ekki notaður ólöglega í sambandi við ferðir til útlanda.

Ákvæði það, sem hér er farið fram á að sett verði í lög, er beinlínis skerðing á persónufrelsi manna. Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt að banna mönnum með lögum að ferðast til útlanda, nema menn fái til þess leyfi sérstakrar nefndar. — Hv. þm. V.-Húnv. taldi það sérstök meðmæli með þessu ákvæði, að bankaráð Landsbankans hefði mælt með því. Þetta er þveröfugt. Meðmæli bankaráðs Landsbankans eru í mínum augum sízt meðmæli með frv.

Hv. þm. G.-K. hefir borið fram brtt. viðvíkjandi gjaldeyrisleyfum til smáútvegsmanna. Ég hefi borið fram þáltill. um þetta mál, og mun ekki taka afstöðu til brtt. meðan ekki er séð, hvernig fer með þá þáltill., þó að ég sé í aðalatriðum sammála efni brtt.

*Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég mun ekki gera að umræðuefni fyrri hluta af ræðu hv. síðasta ræðumanns, þó að ég sé ósammála þeirri skoðun, er þar kom fram. Um annað aðalatriðið í brtt. mínum, um útflutningsbann á mönnum, er hann mér sammála, og læt ég mér það vel líka, þó að hann telji önnur rök sterkust gegn þessu ákvæði. Í sambandi við innflutningsbann á seðlum, þá mun það vera svo víðast hvar í öðrum löndum, að bannað er að flytja seðla út úr landinu, en ekki bannað að flytja þá inn. Ádeila hv. þm. á þjóðbankann er gripin úr lausu lofti, — maður er orðinn svo vanur slíkum ádeilum úr þeirri áttinni, að ekki er ástæða til að taka þær alvarlega.

Ég vil þá víkja að hv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum.

Hann taldi till. mína um að hafa þungamiðju valdsins í þessum málum óbreytta, óheppilega. Það má vera, að finna megi fyrirkomulag, sem er heppilegra en það, sem nú er í lögum. Þetta fyrirkomulag hefir þó verið í lögum lengi, og hv. frsm. hefir í mörg ár verið formaður þeirrar nefndar, sem mest hefir stjórnað framkvæmd laganna, og orðið að starfa eftir núgildandi reglum. Hv. þm. mun álíta það sjálfur, að þetta hafi gengið vel. Í mínum brtt. felst ekki annað en það, að þessu fyrirkomulagi verði haldið áfram.

Ég tel ekki þörf á því að endurtaka hér rök mín fyrir því, að hættulegt sé að gefa ráðherra einræðisvald í þessum efnum. En ég vil leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. Hann sagði, að samkv. dönskum lögum væri vald ráðh. í þessum málum meira en það væri hér nú. Þetta er rétt. En síðar í ræðu sinni sagði hv. frsm., að í Danmörku væri vald ráðh. meira en það yrði hér, ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Þetta er misskilningur. Í Danmörku er þetta vald svo bundið, að fyrst er ætlazt til, að viðkomandi ráðherra, verzlunar- og iðnaðarmálaráðherra, í samráði við fjármálaráðherra, geri samning við þjóðbankann. Í þeim samningi er þó að vísu skilið til, að þjóðbankinn verði að fara eftir till. þess embættismanns, sem með þessi mál fer og nefndur er „Kongelig Bankkommissær". En í Danmörku hefir ráðh. ekkert vald til þess að sveigja þjóðbankann inn á aðra stefnu en þjóðbankinn sjálfur vill halda. Í Danmörku er ráðh. þannig ekki fengið neitt einræðisvald í þessum efnum. Auk þess, sem þegar er sagt, kemur þarna til gjaldeyrisráðs, sem hefir mjög mikil völd, ennfremur „Valutacentralen" sem einnig hefir mikið vald. Löggjöfin sjálf hefir inni að halda ýmislegt af því, sem teljast mega grundvallaratriði í þessum efnum. Til dæmis á „Valutacentralen" að sjá um það, að samskonar atvinnurekendur skuli njóta jafnréttis, hvort sem það er einstaklingsfyrirtæki, samvinnufyrirtæki eða ríkisfyrirtæki. Svo sem sjá má af þessu, er valdinu dreift milli ráðherra, þjóðbankans og þeirra ýmsu stofnana, sem eiga fulltrúa í „Valutaraadet" og „Valutacentralen". Hér er aftur á móti gert ráð fyrir því, að ráðh. fái einræðisvald í þessum málum; ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, má heita að ráðh. geti gert það, sem honum sýnist. Núv. hæstv. fjmrh. getur gefið út reglugerð daginn eftir að nýju lögin ganga í gildi, og ákveðið þar, að kaupmenn skuli engin innflutningsleyfi fá, fyrr en búið sé að afgreiða allar beiðnir kaupfélaganna. Annar ráðh. gæti ákveðið það í reglugerð, að kaupfélögin fengju engin innflutningsleyfi fyrr en búið væri að verða við öllum beiðnum kaupmannanna. Slíkt einræðisvald er hættulegt, — ég lít svo á, algerlega án hliðsjónar til hæstv. núv. fjmrh. Alþingi á ekki að gefa neinum slíkt einræðisvald. Mér hefir ekki hugkvæmzt annað betra fyrirkomulag í þessum málum en verið hefir hingað til, en það er betra en fyrirkomulag frv. Það verður að dreifa þessu valdi; með því einu móti er það tryggt, að það verði ekki notað í pólitískum tilgangi á einn eða annan hátt. Það má vel vera, að breyta þurfi núgildandi lögum, en það á ekki að gefa ráðh. einræðisvald í þessum efnum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að brtt. mín um það, að útvegsmenn fengju full yfirráð yfir gjaldeyri sínum, væri óþörf, af því að þeir hefðu alltaf fengið þetta leyfi. Ég vil ekki fallast á að þetta sé rétt. Í meðvitund útgerðarmanna er það svo, sem þeim sé hvað eftir annað synjað um að mega nota sinn eigin gjaldeyri. Það getur komið þannig fram, að í því felist ráðstöfun til verndar innlendum iðnaði, og í fleiri myndum.

Hv. frsm. sagði, að ákvæðið um útflutningsbann á fólki væri sett að ráði bankaráðs Landsbankans, og ekki væri að sjá, að nokkur ágreiningur hefði orðið í bankaráðinu um samþykkt þá, er hann las upp. Gerðabók bankaráðsins mun þó sýna, að ég greiddi atkv. gegn þessu ákvæði. Ég vil ennfremur minna hv. frsm. á, að allmikið var deilt um þetta atriði á Alþingi í fyrra, og var það þá varið af hæstv. fjmrh. Þá var engin samþykkt komin frá bankaráði Landsbankans, svo að mér skilst, að fordæmið fari að verða vafasamt. — Ég tók eftir því, að hv. frsm. var mér sammála um seinni brtt. mína við 2. gr. frv., og ég mun halda áfram að reyna að komast að samkomulagi við nefndina, þó að brtt. mínar verði felldar að þessu sinni.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um ræðu hv. 5. þm. Reykv. Hann talaði um, að persónufrelsi manna væri skert, ef 1. gr. frv. yrði samþ. — Hv. þm. G.-K. hefir tekið í sama strenginn hvað þetta atriði snertir. En ég sé ekki, að þeir hafi fært nokkur rök fyrir þessari staðhæfingu. Í 1. gr. frv. er svo að orði komizt, að heimilt sé að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, og að eigendum flutningatækja sé óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda nema framangreindum skilyrðum sé fullnægt. Mér finnst, eftir ræðum þessara hv. þm. að dæma, sem þeim finnist ekkert athugavert við það, að menn eyði erlendum gjaldeyri á ólöglegan hátt. Ákvæðið nær aðeins til þeirra manna, er hafa löngun til að brjóta l., því að ég veit, að ef maður vill fara af landi burt og sannar n., að hann þurfi ekki gjaldeyrisyfirfærslu, t. d. af því, að hann sé boðinn, þá muni honum ekki vera meinað það. En ég get ekki skilið orð þessara hv. þm. öðruvísi en svo, að þeir vilji hjálpa mönnum til að brjóta lögin.

Hv. þm. G.-K. telur það misskilning, sem ég sagði um vald ráðh. í Danmörku yfir innflutnings- og gjaldeyrismálum. Ég hefi í höndum l. um þetta og get lánað honum þau. Í l. stendur, að eftir að gjaldeyrisn. hefir gert till. um innflutningsleyfi fyrir ákveðið tímabil, skuli þessar till. sendar ráðh., sem eftir að hafa rætt þær við þjóðbankann, gengur endanlega frá veitingu leyfanna. Valdið er því þarna allt í höndum ráðh. Leyfi er ekki hægt að fá, nema hann hafi samþ. till. n.

Ég held, að ótti hv. þm. um það, að ráðh. muni með þessu valdi útiloka vissar stéttir manna frá innflutningsleyfum, sé ástæðulaus. Og ég get ekki gengið inn á þær breytingar, sem hann vill gera. Hitt getur komið til athugunar, hvort setja skuli með samkomulagi inn í frv. einhver ákvæði um framkvæmd þessara fyrirmæla.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að útgerðarmönnum hafi verið neitað um gjaldeyri fyrir olíu, get ég sagt það, að ég held það hafi ekki komið fyrir, a.m.k. ekki síðastl. 2 árin.

***Einar Olgeirsson:** Að því er snertir leyfi manna til að fara af landi burt, þykir mér ekki líklegt, að menn kæri sig yfirleitt um að vera gefnir undir geðþótta gjaldeyris- og innflutningsn., jafnvel þótt hún lofi því að beita valdi sínu með vægð. Ég held, að engar slíkar hömlur við því að menn fari í ferðalög, nái tilgangi sínum. Það á aftur á móti að gera strangar ráðstafanir við gjaldeyrismissi af þessum ástæðum og fjárflótta. Mætti t. d. setja strangari reglur um það, að þegar menn flytja út vörur, þá skuli allur gjaldeyririnn koma til skila. Ég veit til þess, að eftirlit bankanna í þessu efni er lélegt. Það ætti þess vegna að fara lengra í eftirliti með verzluninni, í stað þess að grípa inn á svið persónufrelsis manna, eins og hér er ætlazt til. Yfirlýsing gjaldeyrisn. um, að hún muni ekki beita valdi sínu óvægilega, er ekki treystandi, því að reynslan hefir sýnt, að sjúklingar, sem orðið hafa að leita til útlanda, af því að þeir hafa ekki getað fengið bót meina sinna hér, hafa oft orðið að bíða mánuðum saman eftir lítilli gjaldeyrisupphæð frá n.

Þá vil ég snúa mér að hv. þm. G.-K út af því, sem hann sagði í sambandi við Landsbankann. Hann vildi láta líta svo út, sem lýsing mín á bankanum og gjaldeyrisástandinu ætti ekki við rök að styðjast og að þar kæmi einungis fram sérskoðun Kommfl. Ég get samt upplýst hann um það, sem hv. þm. þurfa yfirleitt að vita, að reiði almennings út af þessu ástandi er allt annað en lítil, og eru fylgjendur Sjálfstfl. þar engan veginn undanskildir. Bankarnir, og þá einkum Landsbankinn, bera höfuðábyrgðina á því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þessum málum, og vil ég, til að sanna það, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ofurlítinn kafla úr ræðu, sem samflokksmaður hv. þm. hélt hér í byrjun verzlunarþingsins. Ræðumaður var nú ekki bolsevistískari maður en Björn Ólafsson heildsali, og orð hans eru prentuð í Morgunblaðinu 26. okt. þ. á.:

„En gjaldeyrisástandið er nú verra en nokkru sinni fyrr. Daglega er synjað um yfirfærslur fyrir vörur, sem fluttar hafa verið inn samkv. leyfi nefndarinnar.

Fjöldi innflytjenda stendur nú í óbættri sök við erlenda viðskiptamenn, vegna þess, að vörurnar hafa verið fluttar inn og fengnar að láni í trausti þess, að þær fengjust greiddar. Víxlar á stofnanir ríkisins hafa umvörpum verið afsagðir og endursendir með þeim skilaboðum, að ekki sé unnt að greiða þá. Það þarf ekki að lýsa því, hvaða álit þetta skapar erlendis. Gagnvart útlöndum er þetta ríkisgjaldþrot í lítilli mynd, en af verstu tegund og sem fréttist fljótt.

Þetta ástand verður að gerbreytast nú þegar, því að öðrum kosti fá Íslendingar á sig stimpil skrælingja í fjármálum í augum erlendra þjóða".

Svona hljóða þá orð þessa samflokksmanns form. Sjálfstfl. Og ég verð að segja, að þetta er álit fjöldans af kaupsýslumönnum hér og einnig margra, er starfa að samvinnumálum, því að oft eru kaupfélögin látin sæta sömu kjörum af hálfu Landsbankans og einstakir kaupsýslumenn. En þessar aðfarir bankastjórnarinnar eru

óverjandi, og er ekki rétt að bera af henni blak í þessu efni. Hinsvegar veit ég, að hv. þm. G.-K. hefir sínar ástæður til að vilja hlífa stjórn Landsbankans. En þar er hann þó í andstöðu við meginhluta landsmanna og einnig margt sjálfstæðisflokksmanna. Það eru hans sérástæður, sem hér koma til greina.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég þarf ekki að svara hv. 5. þm. Reykv. En út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, vil ég endurtaka það, að vald ráðh. í Danmörku er í þessum efnum minna en hér er til ætlazt. Ég veit, að hv. frsm.játar, að sjálf l. setja þær skorður við því, að jafnvægisröskun geti orðið á sviði athafnalífsins. Það er margt í dönskum l. og danskri hefð, sem er til öryggis við því, að hægt sé að misbeita valdi því, sem ráðh. hefir. Þetta er það eina, sem ég vildi gera aths. við

Þá vil ég lýsa yfir því, að ég tek aftur til 3. umr. allar þessar brtt. Að vísu erum við sammála um eina þeirra, en ég ætla þó að taka þær allar aftur til 3. umr. og sjá, hvort ekki getur orðið samkomulag um þær í n.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. G.K. viðurkenndi í síðustu ræðu sinni, að vald ráðh. í Danmörku yfir úthlutun gjaldeyrisleyfa væri mjög mikið, eins og ég hafði haldið fram, þar sem hann verður að samþ. till. gjaldeyrisn., til þess að þær geti náð fram að ganga. Því er þess vegna slegið föstu, að þetta vald er þar raunverulega hjá ráðh. Ég tel nú, að ákvæði þessa frv. séu í góðu samræmi við dönsku lögin.

Hv. þm. kvaðst taka aftur til 3. umr. brtt. sínar, og sé ég því ekki ástæðu til að ræða þær frekar.

Ísleifur Högnason: Ég er því samþykkur, að 2. gr. frv. þurfi breytinga við, en ég er engan veginn samþykkur brtt. hv. þm. G.-K., sem vill, að völdin séu í höndum bankanna, eins og nú er. Það er að öllu leyti lýðræðissinnaðra, að völdin séu hjá ráðh., því að hann ber ábyrgð gagnvart Alþingi, en það gera bankastjórar ekki, og auk þess á almenningur betra með að fella dóm sinn á gerðir hans.

Mér er kunnugt um, að mikil óánægja ríkir út af ástandinu í gjaldeyrismálunum. Ég get nefnt það sem dæmi um þetta ástand, að verzlunarfyrirtæki það, sem ég stend fyrir, á nú á skipaafgreiðslu vörur fyrir 3—400 þús. kr., sem ekki fæst gjaldeyrir fyrir, og eru vörurnar búnar að liggja þarna í hálfan mánuð. En aftur er þarna í Vestmannaeyjum verið að reisa hús fyrir 250 þús. kr. Þetta er samkomuhús og alóþarft, því að þarna er nóg af samkomuhúsum til að fullnægja þörfinni, sem fyrir er. Hefir mikill lúxus verið fluttur inn í hús þetta, og virðist engin fyrirstaða hafa verið gegn þessu. En þó að flytja þurfi menn af landi burt til lækninga, fæst það oft og tíðum ekki.

Hv. frsm. gat um atriði, sem gæfi ríkisstj. 40 þús. kr. tekjur, sem sé 2‰ innflutningsgjaldið. Þetta virðist mjög sakleysislegt, en er það ekki, þegar litið er á það, að hér er gefið fordæmi um nýja tolla á allar vörur, án tillits til þess, hvort þær eru þarfar eða óþarfar. Ef ríkissjóður þarf tekjur, á ekki að taka þær á svona dulbúinn hátt, heldur verður slíkt að koma fram á fjárl. í mynd nýrra tekjustofna. Ég tel þetta hættulegt fordæmi. Hugsum okkur, að þetta gjald væri tífaldað. Þá væri kominn 400 þús. kr. tollur, sem lagður væri á án tillits til þess, hvort um væri að ræða þarfar vörur eða óþarfar.

ATKVGR.

Brtt. 114 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 74, 114, 132, 145).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Við 2. umr. þessa máls komu fram brtt. frá minni hl. fjhn., hv. þm. G.-K., en hann tók þær aftur til 3. umr. N. tók þessi atriði til athugunar og ber fram brtt. við frv. Brtt. 1.a, við 1. gr., er ekki breyting, heldur lagfæring á orðalagi. En brtt. 1.b er breyt. á 3. málsgr. 1. gr. Í frv. var ákvæði í þessari málsgr., að allir, sem ferðast til útlanda verði að fá sérstök skírteini frá gjaldeyirs- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér erlends gjaldeyris á löglegan hátt. Með brtt. 1.b er þessu breytt þannig, að *í staðinn fyrir slík skírteini skulu þeir,* sem ætla að ferðast til útlanda, gefa skýrslu fyrir lögreglustjóra um, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt, eða þeir geti séð sér farborða erlendis án þess að brjóta íslenzka gjaldeyrislöggjöf, og að eigendum eða forráðamönnum flutningstækja skuli óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda,*nema fyrir liggi vottorð frá lög*reglustjóra um, að nefnd skýrsla hafi verið gefin fyrir honum. — Meiri hl. n. telur þetta nauðsynlegt ákvæði til eftirlits með því, að lögin séu ekki brotin, og leggur áherzlu á, að slík ráðstöfun sé gerð í lögunum.

Þá er að síðustu smávegis viðbót við 3. gr., þar sem ákveðið er, að þeir, sem fá innflutningsleyfi, skuli greiða 2‰ af upphæð þeirra upp í kostnað við nefndarstörfin. Það sýnist rétt að setja eitthvert lágmark. Í Danmörku er lágmarksgjaldið 1 kr. Hér er lagt til, að það verði hálfu minna og bætt við 3. gr. orðunum: en þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi.

Ég skal drepa á brtt. á þskj. 132, frá hv. 5. landsk., þar sem lagt er til, að þessi greiðsla til gjaldeyrisnefndar falli niður. Nefndin sér ekki ástæðu til að hafa á móti því, að innflytjendur borgi þetta leyfisgjald, sem engan dregur, og létti þannig af ríkissjóði útgjöldum, sem nema 40 þúsundum kr. á ári.

Ísleifur Högnason: Ég endurtek það, að ég hefi borið fram þessa brtt. af því, að ég álít óbeina tolla og gjöld af innfluttum nauðsynjum ranga tekjuöflunarleið. Þetta er ekki svo lítil fjárhæð, að hún skipti engu, og líklegt að hún vaxi. Ef innflutningur er 20 millj. kr., eins og hér er reiknað með, gerir það 40 þús., skatt, en verði innflutningurinn 30—40 millj., eins og vænta má framvegis, hleypur skatturinn á 60—80 þús. krónum. Með því að ég geri ekki ráð fyrir, að stjórnarflokkarnir hafi samið fyrirfram um þennan nýja toll, sem stuðlar ekki að öðru en dýrtíðinni, sé ég ekki ástæðu til, að hann verði samþ. — nema það eigi að taka upp þá reglu, í trássi við hverja heilbrigða hugsun í skattakerfinu, að ná inn öllum kostnaði við hverja opinbera starfrækslu með sérstökum óbeinum álögum og tollum. — Ég mun ekki orðlengja um málið, en vona, að brtt. mín um að afnema gjaldið nái samþykki.

***Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Ég hefi ekki getað náð samkomulagi við meiri hl. n. um þær brtt., sem ég flutti við 2. umr. og prentaðar eru á þskj. 114. Ég gerði grein fyrir þeim till. þá og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem ég lagði til grundvallar flutningi þeirra, en vil aðeins til viðbótar því, sem ég þá sagði, láta falla nokkur orð til frekari skýringar þeirri till., sem ég lagði mesta áherzlu á, en það var brtt. 2.a við 2. gr. Ég gat um það við 2. umr., að ég væri andvígur þeirri tilfærslu valdsins yfir í hendur fjmrh., sem ætlazt er til, að gert verði með 2. gr. frv. Ég gat um það, að í því af nágrannalöndunum, sem valdið er mest í þessum efnum, þá væri það þar miklu minna en ætlazt er til að það verði samkv. þessu frv. Þetta var að einhverju leyti vefengt af hálfu frsm. meiri hl., þm. V.-Húnv. En ég hygg, að röksemdir hans, sérstaklega hvað snertir tilvitnun hans í danskt blað þessu viðvíkjandi, hafi verið á misskilningi byggt, og hefi ég bent á þetta í umr. um þetta mál í fjhn. Mér þykir rétt að upplýsa það, að einmitt nú um þessar mundir eru Danir að breyta sinni löggjöf um þetta í þá átt að minnka vald ráðh. um þessi efni. Mér þykir þess vegna skjóta skökku við, að þegar nágrannalönd okkar eru að slaka til í þessum efnum, þá skuli hér vera verið að herða á. Ég skal skýra frá því hér, af því að ég held, að það mundi fáum hv. þm. kunnugt, að í Danmörku hefir það verið svo, að vissar vörutegundir hafa þar verið á sérstökum lista, og um þær vörur hafa gilt þau ákvæði, að heimilt væri að flytja þær inn án þess að hafa til þess nokkurt leyfi eða um það að spyrja. Á þessum lista hefir verið vörumagn að andvirði um 80 millj. kr. á ári fram til þessa, en nú er verið að gera þær breyt. á, að í stað þessara 80 millj. kr., sem hafa staðið á þessum lista, eiga framvegis að standa á honum vörur fyrir a. m. k. 460 millj., en sennilega verður það vörumagn, sem nemur um 610 millj. kr. Það vörumagn, sem frjáls innflutningur er leyfður á í Danmörku, verður því, eftir að þessar breyt. hafa verið gerðar, framt að því sexfaldað, og sennilega þó áttfaldað. Þar við bætist svo, að á öðrum lista, þar sem eru vörur, sem er leyfður innflutningur á með mjög frjálsum takmörkunum, eru vörur fyrir 700 millj. kr., en vörur, sem verulegar takmarkanir hvíla á, eru að innflutningsandvirði ekki nema 300 millj. kr. Þannig eru nú gjaldeyrishömlurnar í því landi, sem hefir markað sér þrengstar skorður um frjálsræði til innflutnings. Með þessu móti hafa Danir treyst sér að fullnægja þrennskonar tilliti, sem þeir vilja hafa í þessum efnum. Í fyrsta lagi tillit til þess gjaldeyris, sem þeir hafa, í öðru lagi tillit til þess, af hvaða þjóðum þeir verða að kaupa sínar vörur, og í þriðja lagi til iðnaðar og annara atvinnuþega. Ég vildi aðeins bæta þessu við þau rök, sem ég bar fram við 2. umr., en skal að öðru leyti ekki þreyta menn með að endurtaka það, sem ég sagði, enda tel ég það óþarft.

***Einar Olgeirsson:** Mig langar, í sambandi við brtt., sem hv. þm. G.-K. hefir flutt við 1. gr. þessa frv., um heimild fyrir útgerðarmenn til að ráðstafa sjálfir erlendum gjaldeyri til innkaupa til útgerðarinnar, að gera þá fyrirspurn, hvort meiningin sé, að úthlutað yrði gjaldeyrisleyfum fyrir þessu, eða hvort þeir ættu að fá sjálfir yfirráð yfir gjaldeyrinum alveg eftirlitslaust. Mig langar að heyra hans skoðun á þessu. Ég hefi flutt ásamt fleirum till. einmitt í þá átt, að útgerðarmönnum sé veitt gjaldeyrisleyfi til þess að þeir geti keypt útgerðarvörurnar óháðir hringunum. Ég mundi greiða atkv. með þessari till., ef meiningin væri, að úthlutað yrði leyfunum til útgerðarmanna sjálfra. Það er af þeim ástæðum, að mig langar að fá að heyra um það frá hv. þm. G.-K., hvor leiðin hann ætlazt til, að farin verði.

***Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv. verð ég að segja það, að ég álít, að það skipti ekki neinu máli, hvor leiðin verður farin. Fyrir mér vakir að fara þá leið, sem tryggir útgerðarmönnum þann fyllsta rétt, sem þeir geta öðlazt. Ég hygg, að það vaki það sama fyrir okkur báðum í þessu efni, sem sé það, að koma því til leiðar, að útgerðarmenn geti sjálfir keypt vöruna þar, sem þeim er það hagkvæmast og ódýrast.

***Einar Olgeirsson:** Munurinn, sem mér virðist vera á þessum tveimur aðferðum, er sá, að ef útgerðarmenn fengju sjálfir yfiráð yfir gjaldeyrinum án þess að gjaldeyrisnefnd hefði þar neitt með að gera, þá er hættan á fjárflótta út úr landinu miklu meiri. En ef útgerðarmenn afhentu sinn gjaldeyri og fengju síðan sín gjaldeyrisleyfi til kaupa á útgerðarvörum, þá mundi þessi möguleiki vera útilokaður. Það er af þessum ástæðum, sem ég álít sjálfsagt, að síðari leiðin sé farin. Nú hafa 2 hv. samflokksmenn hv. þm. G.-K. lagt fram brtt. við þáltill., sem þeir bera sjálfir fram, og þar er tekið fram í 4. brtt., að framvegis verði engin leyfi veitt til einstaklinga, sem engan verzlunarrekstur hafa. Ef þetta ákvæði næði fram að ganga, þá mundi það náttúrlega tákna

það, að smáútgerðarmennirnir mundu verða útilokaðir gersamlega frá því að geta notað sinn gjaldeyri, því að þeir hafa engan verzlunarrekstur. Ég vildi taka þetta fram til þess að koma í veg fyrir misskilning. Mér finnst kenna mótsagnar í framkomu sjálfstæðismanna í þessu máli.

*Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég geri ráð fyrir, að það geti átt við rök að styðjast, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að fullt eftirlit þyrfti að hafa með framkvæmd þessa ákvæðis, þannig að fyrirbyggja fjárflótta út úr landinu. En hvað viðvíkur till. 2 hv. þm. úr tölu Sjálfstfl., sem hv. þm. minntist á, þá skal ég taka það fram, að ég efast ekki um, að það gæti fengizt samkomulag við þá um hana, ef slíkt ákvæði sem þetta yrði samþ. hér nú.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Þó það væri ekki rætt um það í fjhn., þá hafði ég búizt við, að hv. þm. G.-K. mundi taka eitthvað af brtt. á þskj. 114 aftur. Ég hefi gert grein fyrir því viðvíkjandi 1. brtt. hans, að það, sem hv. þm. fer þar fram á, að verði sett í l., það er þegar framkvæmt og hefir verið framkvæmt eins og brtt. hans fer fram á. Útgerðarmenn hafa fengið slík leyfi sem þar er um að ræða, þegar þeir hafa þurft á að halda. Það hefir ekki verið vefengt, að útgerðarmenn, og aðrir þeir, er framleiða útflutningsvörur, fái heimild til að verja andvirði hinna útfluttu afurða til greiðslu á vörum, sem þeir óhjákvæmilega þurfa til rekstrar sins, og því er sú brtt. hv. minni hl. um þetta atriði algerlega óþörf. En ég vil benda á það, að ýmislegt gæti komið á eftir, ef þessi brtt. yrði samþ. Það má lengi deila um það, hvað útgerðarmenn þurfi nauðsynlega til útgerðarinnar. Það getur verið mjög teygjanlegt. Ef þetta verður samþ., þá er ekki heldur hægt að standa á móti kröfum framleiðenda landbúnaðarvara, sem færu í sömu átt. Hitt er sjálfsagt, og hefir verið svo í framkvæmd, að þeir hafa fengið að ráðstafa þeim hluta af andvirði afurða sinna, er þeir hafa nauðsynlega þurft til rekstrar sins, og þannig verður það framvegis. Ég vil því mælast til þess, að hv. þm. G.-K. taki þessa brtt. sína aftur, en geri hann það ekki, legg ég til, að hún verði felld.

Hv. frsm. minni hl. og hv. 5. þm. Reykv. hafa báðir talað um hættuna á fjárflótta. Það er hægt að fyrirbyggja með nógu góðu eftirliti, sem verður þó erfiðara, ef brtt. minni hl. verður samþ., og ég vil benda á eitt atriði, sem getur í mörgum tilfellum gert það ófullnægjandi, þó að útgerðarmenn fái leyfi til að ráðstafa andvirði útflutningsins til greiðslu á vörum, sem þeir þurfa, þar sem mikið af framleiðsluvörunum okkar er selt löndum, sem við höfum „clearing"-samninga við, og þurfum að kaupa vörur í staðinn fyrir útflutningsvörur okkar. Og frá þessum löndum er oft ekki hægt að fá þær vörur, sem nauðsynlegar eru til útgerðarinnar, t. d. frá Ítalíu og Portúgal. Það er því útgerðarmönnum að litlu liði, þó að þeir fái slíka heimild. Sem betur fer hefir okkur þó tekizt að selja mikinn hluta af framleiðsluvörum okkar til landa með frjálsum gjaldeyri, og þann gjaldeyri hafa útgerðarmenn notað til að kaupa kol, olíu og aðrar nauðsynjar sjávarútvegsins.

Viðvíkjandi þriðju brtt. hv. þm. G.-K., við 1. gr., um að 3. málsgr. 1. gr. falli niður, þá hefir nú hv. flm. till. lýst því yfir, að hann felli sig betur við þessi ákvæði eins og þau eru nú orðuð í brtt. meiri hl. n., sem væntanlega verður samþ. Ef hv. flm. vill ekki taka þessa brtt. aftur, þá vil ég vænta þess, að hún verði felld. Það er tvímælalaust nauðsynlegt að setja ákveðnar skorður við því, að þessi lagafyrirmæli séu brotin. Hér eru engin ákvæði um það, að banna fólki að fara til útlanda.

Um brtt. hv. þm. G.-K. við 2. gr., en það er sú brtt., sem hann leggur aðaláherzluna á, varð ekkert samkomulag í n. Till. hans er á þá leið, að fjmrh. setji reglugerð um framkvæmd laganna, að fengnu samþykki bankanna. En meiri hl. n. vill ekki láta bankana binda hendur ráðherrans. Úrskurðarvaldið á að vera hjá ráðh., sem með þessi mál fer.

*Jakob Möller: Hv. þm. G.-K. hefir tekið af mér ómakið með að leiðrétta misskilning þann, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv. með brtt. okkar hv. þm. Vestm. við gjaldeyrislögin. Með þeirri brtt. er að nokkru takmarkaður réttur framleiðenda til að ráða yfir þeim gjaldeyri, er þeir afla sér. En komi sú till. á nokkurn hátt í bága við þá till., sem hér er flutt, erum við flm. fúsir að breyta henni til samræmis.

*Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég get ekki orðið við þeim tilmælum hv. frsm. meiri hl. að taka aftur brtt. mína um gjaldeyrisleyfin handa útgerðarmönnum. Ég hefi ekki haft aðstæður til að rannsaka, hvort þeir í raun og veru hafa notið þessa réttar, eins og hv. þm. heldur fram. Ég hefi víða orðið var við óskir útgerðarmanna um að öðlast þennan rétt, og sú ósk hlýtur að vera af því sprottin, að þeim finnst, að þeir hafi hann ekki nú.

Ég sé ekki ástæðu til að óttast kröfu landbúnaðarvöruframleiðenda í þessu sambandi. Innflutningur er stendur í beinu sambandi við atvinnurekstur þeirra, er mjög lítill, — það væri þá helzt matvara til heimilisþarfa —, en það er ekki meining mín, að heimildin til útgerðarmannanna gangi svo langt. Hvað smærri útvegsmönnum viðvíkur, hefði þetta aðallega þýðingu um kaup á olíu, veiðarfærum og salti.

Út af því, sem hv. þm. sagði um aðalbrtt. mína, finnst mér engin þörf á að færa ný rök fyrir því, að valdið eigi að liggja hjá bönkunum, eða að það sé a. m. k. ekki neitt óeðlilegt, að svo sé.

Ég er ekki að fara fram á annað en það, að fyrirkomulagið, sem gilt hefir undir þeirri ríkisstj., sem þessi hv. þm. styður, og framkvæmt hefir verið undir stjórn hans sjálfs undanfarin ár, megi haldast áfram. Það eru þannig ekki nein ósköp, sem ég er að fara fram á. Nú er eins og það sé orðinn glæpur að mælast til þess, að bankarnir haldi þeim rétti, sem þeir hafa haft fram að þessu. En það er hægt að færa mörg

rök og skynsamleg að því, að valdið er betur komið hjá bönkunum en ráðherranum. Ég hefi flutt þau fyrr við umr. um þetta mál og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau núna.

ATKVGR.
Brtt. 114,1.a samþ. með 16:11 atkv.
— 145,1.a samþ. án atkvgr.
— 114.1.b samþ. án atkvgr.
— 114,1.c felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TT, EOl, EE, FJ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SEH, SK.
nei: StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, GG, HelgJ, PHann, SkG, JörB.
PO, StSt greiddu ekki atkv.
3 þm. (BjB, EmJ, HG) fjarstaddir.
Brtt. 145,1.b samþ. með 18:3 atkv.
— 114,2.a felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, FJ, GÞ, GSv, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, PO, SEH, SK, TT, ÞBr.
nei: ÁÁ, BJ, BÁ, EOl, EystJ, GG, HelgJ, ÍslH, PHann, SKG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, JörB.
5 þm. (BjB, EmJ, HG, HV, StSt) fjarstaddir.
Brtt. 114,2,b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 132 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: TT, VJ, EOl, FJ, GÞ, ÍslH, JakM, JGM, PO, SEH, SK.
nei: ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, EystJ, GG, HelgJ, JPálm, PHann, SKG, StgrSt, SvbH, JörB.
EE, GSv greiddu ekki atkv.
6 þm. (BjB, EmJ, HG, HV, ÓTh, StSt) fjarstaddir.
Brtt. 145,2 samþ. með 18:3 atkv.
Frv. svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 167).
Á 34. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, 185, 208, n. 221, 222, 223).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 223. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Það er eins ástatt um þetta mál að því er snertir hv. 1. þm. Reykv. eins og um málið næst á undan, að því við bættu, að hér liggur fyrir brtt. við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun frá þessum þm., sem hefir orðið viðskila við meiri hl. n. Ég leyfi mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta að fresta þessu máli líka, þar sem svo stendur á. Að vísu veit ég ekki, hvernig veikindum hv. þm. er háttað, en ég geri ráð fyrir, að hann geti e. t. v. verið viðstaddur umr. strax á morgun, en hann verður að teljast sérstakur n.hluti, þar sem hann hefir lagt fram brtt. við frv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég verð að segja, að þótt ég fyrir mitt leyti vilji teygja mig langt til samkomulags um þetta atriði, finnst mér mikið að taka mestan hluta hinna áríðandi mála út af dagskrá. Ég sé ekki annað en að það megi koma því þannig fyrir með þetta mál, að aðrar brtt. en brtt. hv. 1. þm. Reykvíkinga verði ræddar og umr. verði ekki lokið fyrr en hann kemur. En ég álít, að mikill tímasparnaður geti orðið að því að ljúka málinu að öðru leyti.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Mér fannst kenna misskilnings hjá hv. þm. Vestm. Mér fannst hann álíta, að n. hefði klofnað um þetta mál og að hv. 1. þm. Reykv. sé sérstakur n.hluti, en svo er ekki. N. hefir öll skrifað undir nál. fyrirvaralaust, en nm. hafa allir áskilið sér rétt til að bera fram brtt., og það hefir hv. 1. þm. Reykv. gert, en það liggur ekkert fyrir um afstöðu hinna nm. til þeirra brtt. Álít ég því, að ekki sé hægt að líta á hann sem sérstakan n.hluta. — Ég ætla ekki að fara að skipta mér af, hvort málið verður tekið út af dagskrá, eða nokkur hluti umr. verður látinn fara fram. Það fer auðvitað eftir því, sem hæstv. forseti ákveður.

Jóhann Jósefsson: Mér virðist mega skoða hv. 1. þm. Reykv. sem sérstakan nefndarhluta, þar sem hann skrifar undir skilorðsbundið og þar síðan fram brtt., svo um misskilning er ekki að ræða af minni hendi. Ég ætla ekki að gera neitt kappsmál úr þessu, og auðvitað ræður hæstv. forseti, hvað gert verður. Mér finnst ekki, að uppástunga hæstv. fjmrh. muni flýta meir fyrir málinu en þótt því væri alveg frestað til morguns.

Forseti (EÁrna): Það er líkt ástatt um þetta mál og málið næst á undan. Að vísu er hér um óklofna n. að ræða, þótt till. hafi komið fram frá einum nm., en þó er á að líta, að t. d. einn af hinum nm., hv. 9. landsk., er heldur ekki hér viðstaddur, en hann hefir skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að hann muni e. t. v. flytja brtt. eða geti verið með öðrum brtt. Ég tek þetta fram af því, að tveir nm. eru ekki mættir; þeir hafa báðir boðað forföll vegna lasleika. Þar sem ég er ekki viss um, þótt byrjað verði á umr., að það flýti verulega fyrir, mun ég gera hið sama og við fyrra málið, taka það af dagskrá í dag, en taka það aftur á dagskrá á morgun, og þá væntanlega ekki sjá mér fært að fresta því lengur.

Umr. frestað.
Á 41. fundi í Ed., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég var búinn að geta þess í gær í umr. um dagskrá, að fjhn.

hefir tekið mál þetta til meðferðar og mælir með því, að það sé samþ. eins og nál. 221 ber með sér, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að koma fram með brtt. við frv. hver í sínu lagi eða að vera með þeim brtt., er fram kunna að koma.

Nú eru ýmsar brtt. komnar fram við frv., þar á meðal frá einum nm., hv. 1. þm. Reykv., en n. sem slík hefir ekki athugað hana, og hefi ég því ekkert um hana að segja fyrir n. hönd. Ég vil geta þess, að ein till. á þskj. 223, sem er aðeins leiðrétting, er eiginlega frá n., þó n. hafi ekki borið hana fram.

*Magnús Jónsson: Tilraunir þær, sem gerðar hafa verið á síðari árum til þess að halda uppi óeðlilegu og tilbúnu gengi á íslenzkri krónu með því að slíta hana úr öllu eðlilegu sambandi við gjaldeyri annara landa með ströngum gjaldeyrisráðstöfunum, eru líkar tilraun Molbúanna til þess að bera sólskinið inn í kofann sinn.

Það eru alltaf að koma fram frv., sem eiga að gera það mögulegt, að slíta okkar gjaldeyri alveg úr tengslum við gjaldeyri annara þjóða, án þess allt fari á ringulreið. Ég ætla ekki hér við 2. umr. að fara að ræða það, hvernig þetta hefir tekizt, en ég vildi minnast nokkuð á þá erfiðleika, sem koma fram og lýsa sér í öllum þeim mörgu ákvæðum, sem sett hafa verið, til þess að girðingin utan um gjaldeyrinn geti orðið nógu sterk. Í þessu frv. eru víst ein 4 til 5 ný ákvæði, sem sýna, að tilgangurinn er sá, að herða nú enn meir á gjaldeyrisráðstöfununum. Ég var með því í fjhn., að þetta frv. gengi áfram, því eins og komið er, er enginn vegur að losna við þessar hömlur á gjaldeyrinum, án þess í stað þeirra kæmu aðrar víðtækar ráðstafanir. Það má raunar teljast virðingarvert, að reynt er að gera þessar hömlur smugulausar, úr því verið er að burðast með þær á annað borð, svo ekki verði svindlað á þeim nema sem minnst. Ég er þó sérstaklega ósammála einu ákvæði frv., sem er breytt frá því, sem er í gildandi l., og er í síðari brtt. minni á þskj. 222 lagt til, að það sé fellt í sama form og er nú. En áður en ég fer út í að ræða þá brtt., skal ég lýsa fyrri brtt., sem er flutt vegna viðauka, sem komst inn í frv. í hv. Nd. um að útgerðarmenn skuli fá heimild til að ráðstafa gjaldeyri fyrir sínar vörur, að því leyti sem þeir þurfa að nota gjaldeyri til kaupa á nauðsynjum til útgerðar sinnar. Ég sé að hæstv. fjmrh. er nú að reka hornin í þessa viðbót af einhverjum ástæðum, sem hann hefir ekki gert grein fyrir. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að hér er um vörur að ræða, sem undir öllum kringumstæðum þarf að kaupa, og hljóta því einhverjar aðrar ástæður að vera fyrir því, að hæstv. ráðh. setur sig nú á móti þessari undantekningu. Fyrri brtt. mín er að bæta við þessi undantekningarákvæði, svo framarlega sem þau eiga að gilda, og það er, að til viðbótar vörum til útgerðar sinnar fái útgerðarmenn einnig ráð á gjaldeyri til greiðslu á endurtryggingariðgjöldum fyrir skip sín. Þessi endurtryggingargjöld, sem svara þarf í erlendum gjaldeyri, eru ein sú allra fyrsta greiðsla, sem einn útgerðarmaður verður að inna af hendi, og það er alveg óhugsandi, að löggjafinn ætli sér að gera það ómögulegt að endurtryggja skipin, enda líta allir svo á, að þetta séu gjöld, sem verði að greiða. Það hefir líka þann stóra kost að gefa gjaldeyri frjálsan fyrir þessum gjöldum, að þetta eru ákveðin gjöld, og er því ómögulegt að smeygja neinu öðru með þeim. Það þarf ekki annað en að fá glöggar skýrslur yfir það frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands og Samtryggingunni, hvað hver skipseigandi þarf að greiða á ári í endurtryggingum, og getur þá ekki orðið um neitt svindl að ræða. Svo framarlega, sem einhver gjaldeyrir á að vera frjáls, þá eiga þessi gjöld að vera það. Það sparar skipeigendum aðeins ómök og skriffinnsku, að þurfa ekki að sækja um að mega greiða þetta, og ég býst við, að hv. þdm. fallist á að bæta þessari klausu við, svo framarlega sem á að spara útgerðarmönnum það ómak að þurfa að sækja um leyfi fyrir þeim greiðslum, sem ómögulegt er án að vera. Ég býst við, að síðari brtt. mín við 1. gr. orki meir tvímælis en þessi, en ég sé, að hv. þm. Vestm. flytur brtt. sama efnis, en það er að fella niður 3. málsgr. 1. gr., sem er um það, að ákveða megi með reglugerð, að allir þeir, sem ferðast til útlanda, sanni fyrir lögreglustjóra, að þeir hafi á löglegan hátt aflað sér nægilegs erlends gjaldeyris til að sjá sér farborða, og að forráðamönnum flutningatækja skuli óheimilt að selja mönnum farseðil til útlanda nema slík skýrsla hafi verið gefin lögreglustjóra. Hér held ég sé verið að setja alveg einstakt ákvæði í íslenzka löggjöf, sem gangi öllu nær persónufrelsi manna en nokkurt annað lagaákvæði, svo sjálfsagður hlutur sem það er, að menn megi fara ferða sinna í löglegum erindum. Hér er það lagt í vald gjaldeyrisnefndar að leyfa mönnum eða banna að hreyfa sig. Hér er svo langt gengið, að ég held það sé ástæða fyrir hv. þdm. að skoða huga sinn vel áður en þeir ganga inn á þá braut. Það er hægt að gera sér það í hugarlund, hversu gjaldeyrisnefnd getur þarna misnotað sína aðstöðu, ef hún vill svo við hafa, að ég ekki tali um þá skyldu, sem lögð er hér á skipafélögin, sem hafa „forretningu“ af því að selja mönnum farseðla til útlanda. Sú kvöð er á þau lögð, að þau neiti að selja mönnum slíka farseðla. Hér er að vísu aðeins um heimild að ræða, sem nota má með reglugerð, en það má ugglaust gera ráð fyrir, að þetta ákvæði sé sett inn til þess að það verði notað. Á þennan hátt fær ríkisstj. í fyrsta skipti vald til þess beinlínis að banna mönnum að fara úr landi, og þetta vald á hún að leggja í hendur gjaldeyrisn. að banna eða leyfa. Hversu hóflegar kröfur, hversu nauðsynleg, lögleg erindi, sem menn hafa til útlanda, getur gjaldeyrisnefnd bannað þeim að fara, og þar með er útilokað, að farið verði. Gjaldeyrisnefnd getur beinlínis sigtað þá úr, sem fái ekki að sigla. Þessi ákvæði hafa í blöðunum verið kölluð þrælaákvæðin, og er það réttnefni. Ég skal ekki taka fyrir það, að neyðin hjá okkur geti ekki orðið svo mikil, að hefta verði persónu-

frelsi manna í þessum efnum, en ég held, að hún sé ekki orðin það mikil enn. Mér sýnist erlendum gjaldeyri sé nú varið til þeirra hluta, sem ekki eru svo lífsnauðsynlegir, að það beri vott um, að neyðin sé orðin það mikil, að gripa þurfi til slíkra neyðarúrræða sem þessara. En ef neyðin er nú samt sem áður orðin svona stór, þá þyrfti vissulega að búa öðruvísi um hnútana en þetta, því gjaldeyrisnefnd er valin með allt annað en þetta starf fyrir augum, og því engin trygging fyrir því, að hún sé þessu starfi vaxin. Eins er það, að hér þarf ekki nema geðvonzku eins eða tveggja manna eða persónulega óvild, til þess að mönnum verði meinað að fara úr landi, því þeir þurfa að sanna það fyrir lögreglustjóra, að þeir hafi aflað sér nægilegs gjaldeyris, og gjaldeyri fá menn ekki á löglegan hátt nema frá gjaldeyrisnefnd. Þetta ákvæði hefir hinsvegar farið gegnum hv. Nd., þó því hafi verið mótmælt þar af þeim hv. þm., sem þykir fyrir því, að hið háa Alþingi skuli ganga inn á þá braut að hefta svo mjög persónufrelsi manna. Það má náttúrlega gera ráð fyrir því, að ónauðsynlegar ferðir til útlanda eigi sér stað, en ég held, að ekki séu þau brögð að þeim, að slík ákvæði sem þessi séu réttlætanleg. Það hefir verið gefið í skyn, að mjög mikils gjaldeyris til utanferða sé ekki aflað á löglegan hátt, en hvaða trygging er fyrir því, að slíkt geti ekki haldið áfram, ef á annað borð er hægt að afla gjaldeyris á ólöglegan hátt? Við skulum segja, að maður fái leyfi til að sigla og sýni gjaldeyrisleyfi fyrir 200 kr. Hvaða trygging er fyrir því, að hann eyði ekki 2000 kr. af gjaldeyri, sem hann hefir náð í á annan hátt? Það er því svo nauðalítil trygging í þessum ákvæðum, önnur en sú, að gjaldeyrisn. getur ráðið yfir utanferðum manna.

Þá er þriðja brtt. mín á þskj. 222 við 2. gr. Hún gengur út á það, að fella niður nýtt ákvæði og færa frv. í sama horf og l. eru nú að því er það atriði snertir. Samkv. gildandi l. þurfa bankar þeir, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd, að samþ. reglur fyrir veitingu gjaldeyrisleyfa, en eftir frv. eiga bankarnir aðeins að hafa tillögurétt um þessar reglur. Mér finnst ákvæðin eins og þau eru í l. bæði eðlileg og óhjákvæmileg, og geri ráð fyrir því, að þó þeim verði breytt eins og lagt er til í frv., þá verði það svo í framkvæmdinni, að reglurnar verði ekki framkvæmdar nema bankarnir samþ. þær. Því það er alveg óskiljanlegt, hvaða gagn getur verið að reglum, sem bankarnir samþ. ekki. Það er þó ekki hægt að fá gjaldeyri frá öðrum en bönkunum, og ef þeir vilja ekki láta gjaldeyrinn eða fallast á leyfin, þá eru þau náttúrlega einskis virði. Það er lítið gagn að reglum, sem eru þannig, að bankarnir eru á móti, og þegar á að fara að gera þessar ákvarðanir „effektivar", þá standa þeir á móti sem stjórna bankanum og einir geta skuldbundið bankana með sinni undirskrift. Það lægi sá möguleiki fyrir að skipta um bankastjóra í sífellu, þangað til fengizt hefir bankastjórn, sem samþ. þessar einstöku ráðstafanir, en ég geri ekki ráð fyrir, að með þessu ákvæði verði stofnað til slíkra örþrifaráða, og það sé því mjög heilbrigt og heppilegt, að einmitt í l. sé þessi krafa, að samþykki fulltrúa bankanna, sem yfir gjaldeyrinum ráða og einkarétt hafa til hans, komi til. Það er ekki nema heilbrigt, að ríkisstj. og þeir, sem með bankamálin fara, komi sér saman um reglur, sem settar hafa verið. Ég þykist vita, að það muni koma nokkuð út á eitt, hvort sem samþ. væri. Um aðrar breyt. frá núv. l. skal ég ekki fjölyrða, og ég hefi látið það eiga sig án þess að gera við það brtt., svo sem eins og að hagstofan safni skýrslum um þessa hluti. Aftur á móti verð ég að segja, að niðurlag refsiákvæðanna í 6. gr. finnst mér óþarflega „drakónískt", þ. e. að heimilt er að gera upptækar með dómi vörur og íslenzkan gjaldeyri, sem ólöglega er reynt að flytja frá útlöndum. Mér finnst nóg, að það megi leggja geipilega sekt á þá menn, sem þetta reyna, því að eftir okkar mælikvarða er það ekkert smáræði, að hægt er að sekta menn um allt að 50000 kr., nema enn þyngri refsing liggi við, og þar að auki er ágóðinn, sem fæst við þetta upptækur, og þó að varan verði ekki líka gerð upptæk, þá finnst mér þetta brot ekki svo ógurlegt, að maður eigi að sleppa rétt með lífið út úr þessu. Mér finnst kenna í þessu dálítið sama ofstækis eins og kom fram á sínum tíma — og reyndar enn í sambandi við áfengislöggjöfina, þar sem menn halda, að það sé um að gera að sýna vilja sinn með nógu hrottalegum ákvæðum, og þó ekki sé nema með nógu hrottalegu orðalagi, ef brotið er á móti. Hér er nauðsynlegt að hafa ráðstafanir fyrir þjóðfélagið, og það er rétt að girða fyrir það með sektum, að menn brjóti þessi ákvæði.

Ég sé hér brtt. frá hæstv. fjmrh., sem hann mælir sjálfsagt fyrir. Sömuleiðis er hér till. frá hv. þm. Vestm., sem er um sama ákvæði og 2. brtt. mín. Um brtt. frá hv. 1. landsk. skal ég ekki segja fyrr en hann hefir mælt fyrir henni.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Það er aðeins aths. út af brtt., sem ég flyt. Þetta frv. hefir tekið allmiklum breyt. í hv. Nd. Eins og það kemur úr d. er útgerðarmönnum frjálst að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem þeir fá fyrir útflutningsvöru sína, til innkaupa á útgerðarvörum. Þetta er að mínum dómi mikil endurbót, sem Kommfl. hefir lengi barizt fyrir, en eins og nú er gengið frá frv., er hægt að misbeita þessu ákvæði, það gæti meira að segja orðið til þess að eyðileggja gjaldeyrisverzlunina, þar sem útgerðarmönnum gefst tækifæri til fjárflótta, ef ekki er gengið betur frá þessu, og þess vegna hefi ég borið fram þessa fyrri brtt. mína. Hún gengur út á að tryggja, að slík misbeiting geti ekki átt sér stað, sem sé að gjaldeyririnn skuli ganga til bankanna, en það er skylt að veita gjaldeyrisleyfi fyrir þeim vörum, sem útgerðarmenn þurfa til útgerðarinnar og bönkunum er skylt að greiða.

Þá er 2. brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram, og gengur hún út á að fella niður gjald, sem á að greiða fyrir innflutningsleyfi, eins

og ákveðið er í 3. gr., og það er vitanlega gert út frá því sjónarmiði, að þetta gjald hafi nákvæmlega sömu áhrif og tollur á nauðsynjavörum og verki á þann hátt að auka vöruverðið.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson) Ég ætla að minnast á brtt., sem liggur fyrir á þskj. 185 frá hv. 1. landsk., en ekki á fyrri till., vegna þess að ég kem inn á hana í sambandi við till. mína. Í þessari till. er farið fram á að fella niður gjald, sem gert er ráð fyrir að greiða til þess að standast kostnað við n. Það má deila um, hvort eðlilegt sé, að þetta gjald verði sett, en ég held því fram, að það sé mjög eðlilegt að hafa þetta ákvæði í l. Við komumst ekki hjá því að leggja aðflutningsgjald á vörur, þannig að frá því sjónarmiði sé ég ekki beinlínis neitt við það að athuga, og mér finnst eðlilegt, að kostnaður við n. eins og afurðasölun. og gjaldeyrisn. sé borinn uppi af viðskiptunum, sem n. skiptir sér mest af, og þar sem borið hefir á því, að menn hafa dálitið ruglað gjaldeyrisn. með því að biðja um hærri gjaldeyrisleyfi en þeir hafa þurft, þá yrði það til þess að girða dálitið fyrir þetta, að hafa þetta lága gjald á innflutningsleyfunum. Ég vil mælast til þess, að hv. þdm. felli þessa brtt.; það mundi spara útgjöld á fjárl. um 40—50 þús. kr.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði fyrir 3 brtt., sem hann á og liggja fyrir á þskj. 222. Sú fyrsta er í sambandi við atriði, sem ég flyt sjálfur brtt. um, og ætla ég að geyma að tala um hana, en önnur till., sem er shlj. till. frá hv. þm. Vestm. er um það, að fella niður það ákvæði, að þeim, sem ætla til útlanda, sé skylt að gera lögreglustjóra grein fyrir því, hvort þeir hafa aflað sér gjaldeyris á löglegan hátt, og hv. þm. mælti aðallega á móti því að hafa þetta í l. á þeim grundvelli, að þetta væri svo stórkostleg skerðing á persónufrelsinu; og annað, sem hann lagði mikla áherzlu á, var það, að með þessu móti væri vald gjaldeyrisn. stórlega aukið. Nú er það svo, að til þess að geta fengið erlendan gjaldeyri til afnota í ferðalög á löglegan hátt, þurfa menn leyfi gjaldeyrisn. og að kaupa gjaldeyrinn hjá bönkum, þannig að með núv. ástandi geta menn ekki ferðazt til útlanda, ef þeir fá ekki frítt uppihald, nema með leyfi gjaldeyrisn., og þeir, sem fara án leyfis n., munu yfirleitt fara með fé, sem þeir hafa aflað með óleyfilegu móti. Það eina, sem hafzt gæti upp úr þessu ákvæði, væri það, að þeir, sem ætla sér að ferðast til útlanda á ólöglegan hátt, þyrftu að setjast aftur, þannig að hv. 1. þm. Reykv. byggir andstöðu sína á því, að það sé óhæfa, að þeir, sem ætla að brjóta gjaldeyrisl., verði að sitja heima. Ég álít það kost við þetta, að þeir færu ekki, sem ekki hafa aflað sér leyfis. Þetta er ekki skerðing persónufrelsis, heldur ákvæði, sem sett er til þess að styðja ákvæði, sem fyrir er í l., um það, að allir þurfi að sækja um gjaldeyrisleyfi hjá gjaldeyrisnefnd,ef þeir ætla að ferðast til útlanda, og það er ætlazt til þess, að skýrslan, sem lögreglustjóra er gefin, geti hjálpað til með eftirlitið með því, að menn afli gjaldeyris á löglegan hátt. Hitt er rétt hjá hv. þm., að með þessu ákvæði er ekki hægt að fyrirbyggja með öllu, ef gjaldeyrir er á boðstólum utan við gjaldeyrisl., að hann sé seldur ólöglegri sölu. En þetta er tilraun til þess að stemma stigu fyrir því, að menn fari í ferðalag til útlanda og greiði kostnaðinn með ólöglegum gjaldeyri. Ég get ekki séð, að það sé skerðing á frelsi manna, þó svo að þeir menn verði að hætta við ferðalag, sem ætluðu að borga kostnaðinn með ólöglegum gjaldeyri, með því að fara í kringum íslenzk l. Þess vegna er þetta ekki nýtt, heldur er þetta sett til þess að styðja ákvæði í l. að því er snertir vald gjaldeyrisn. Ég er ekki hræddur um, að framkvæmdin verði svo ógætileg, að af þessu verði tjón. Ég er smeykari um hitt, að framkvæmdin verði ekki nógu ströng, og ég vildi mælast til þess að hv. þdm. felli þetta ákvæði ekki niður, svo að þess gæfist kostur að gera tilraun til þess að minnka notkun ólöglegs gjaldeyris með því að láta gefa þessa skýrslu hjá lögreglustjóra. Mér fannst hv. 1. þm. Reykv. gera of mikið úr því, hvað þetta ákvæði væri voðalegt.

Ég skal svo geta þess, að frá bankaráði Landsb. komu, snemma á þessu ári eða seint á fyrra ári, tilmæli til ríkisstj. um að beita sér fyrir, að ákvæði svipað þessu yrði sett í l., að vísu strangari í bréfi bankaráðsins, og það bréf er í framhaldi af því, að hér á þinginu snemma á árinu 1936 kom fram till. frá mér, svipuð þessari, sem hér liggur fyrir, en hún náði ekki fram að ganga, og vildi bankaráðið, að því er mér skildist, með þessu bréfi sýna að það væri því meðmælt, að sú till. yrði samþ. Það stóð ekkert um það í þessu bréfi, hvort einhverjir væru á móti þessari till.; það er bara sagt, að þetta sé ályktun bankaráðs. Ég heyrði það á hv. 1. þm. Reykv., sem er í bankaráði, að hann hafi ekki verið með því að afgr. till. á þennan hátt, en ég vil upplýsa það, að þessi till. styðst við álit meiri hl. landsbankaráðs, og ég hefi fram að þessu ekki vitað annað en að hún styddist við álit alls bankaráðsins, því að það er ekki tekið fram í bréfinu, að neinn sé á móti, svo að ég hélt, að hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. G.-K., sem báðir eiga sæti á Alþingi, stæðu að baki mér í því að koma þessari till. fram; en ég heyri nú, mér til undrunar, að svo er ekki.

Hv. þm. á þriðju till. um það, að reglur um úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa skuli sett með samþykki þeirra banka, sem eiga fulltrúa í gjaldeyrisn., eins og gert er ráð fyrir í núgildandi l., en ekki að fengnum till. þessara stofnana. Ég geri ráð fyrir, að það hljóti alltaf að vera svo, að slíkar reglur verði í aðalatriðunum settar með samkomulagi á milli þessara aðilja, en mér þykir óviðkunnanlegt, hvað sem lá í gjaldeyrisl., þegar þau voru sett á sínum tíma, að t. d. annar bankinn gæti með því að setja sig upp á móti einhverju ákvæði, komið í veg fyrir, að það yrði sett í slíka reglugerð, svo að ráðh., sem ætti að framkvæma l., gæti ekkert gert og það yrði að fella ákvæðið niður vegna þessarar mótstöðu frá öðrum bankanum. Það sjá allir, að

það er langeðlilegast, að í allri lagasetningu sé einhversstaðar til eitthvert úrskurðarvald, enda er ákvæði hliðstætt þessu í gjaldeyrisl. í Danmörku, þar sem hið endanlega vald er hjá þeim ráðh., sem málið heyrir undir. Hitt er annað mál, að um þetta verður vitanlega að reyna að ná sem beztu samkomulagi milli bankanna og stj., vegna þess hvað það snertir báða aðilja mikið. En hitt er ekki rétt hjá hv. þm., að það sé ekki hægt að hugsa sér að það geti verið lítilsháttar ágreiningur um sjálfar reglurnar milli banka og ríkisstj. um einstök atriði, og sá ágreiningur hlyti alltaf að leiða til þess, að ekki væri hægt að framkvæma reglurnar vegna mótstöðu bankanna, en ef reglurnar eru löglega settar, þá mundu bankarnir fara eftir þeim, þó að þeir fengju ekki að öllu leyti að hafa það eins og þeir vilja. Mér dettur ekki í hug að gera ráð fyrir því fyrirfram, enda geri ég ekki ráð fyrir ágreiningi um þetta efni. Hann sagði, að bankarnir hefðu einkarétt á gjaldeyrinum, og þess vegna væri ekki óeðlilegt, að þeir teldu sig þurfa að fara eigin götur, þó að ráðuneytið setti ákvæði um þetta. Þetta er ekki rétt, því að bankarnir hafa einkarétt á sölu gjaldeyrisins með l. frá Alþingi, — og því skyldi Alþingi ekki gegnum sína umboðsmenn setja skilyrði, sem það telur eðlileg? Ég vil þess vegna mæla á móti því, að þessi till. verði samþ., vegna þess að mér þykir óviðkunnanlegt, að það standi í l., að ekki sé hægt að setja slíkar reglur nema með samþykki þessara tveggja stofnana, ekki fyrir það, að það sé ósamlyndi milli þessara tveggja aðilja, heldur til þess að gera lagasetninguna eðlilegri.

Þá kem ég að þeim till., sem ég flyt við frv., og þær snerta það atriði málsins, sem í raun og veru er stærsta atriðið af þeim, sem hér um ræðir. Í hv. Nd. var því ákvæði bætt inn í frv., að útgerðarmönnum skyldi heimilað að ráðstafa erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti, sem þeir þurfa til greiðslu á vörum til útgerðarinnar. Þetta ákvæði var sett inn í 1. gr., og aðalbrtt. mín, og sú eina, sem þarf að mæla fyrir, er um það, að þetta ákvæði verði fellt niður, og skal ég færa rök að því, að ég tel brýna nauðsyn á að gera það. Það mun hafa vakað fyrir þeim, sem hafa sett þetta ákvæði inn í frv., að þetta yrði til þess, að útgerðarmenn hefðu frjálsar hendur um innkaup á útgerðarvörum, eða svo hefir mér skilizt. En ég vil leyfa mér að benda þeim sömu mönnum á það, að þetta ákvæði tryggir ekki það, út af fyrir sig, að útgerðarmenn geti gert innkaup á vörum sínum, því að þrátt fyrir þetta ákvæði 1. gr. stendur ákvæði 2. gr. um það, að ríkisstj. geti ákveðið, að engar vörur séu fluttar til landsins, nema með leyfi gjaldeyrisn., m. ö. o., að ákvæði 1. gr., að útgerðarmenn megi halda eftir af gjaldeyrinum til greiðslu á útgerðarvörum, hlýtur að takmarkast við vörur, sem þeim er gefið innflutningsleyfi fyrir. Og þá komum við að því, að með þessu er alls ekki tryggt, að útgerðarmenn fái frekar innflutningsleyfi en verið hefir, ef það er það, sem vakir fyrir hv. flm. þessarar till. og þeim, sem með þessu ákvæði kunna að vera. Ég held, að það eina, sem ynnist með þessu, væri það, að útgerðarmenn gætu tekið af andvirði varanna til þess að greiða með vöru, sem þeir hafa áður fengið innflutningsleyfi fyrir til útgerðar sinnar. Nú vil ég í fyrsta lagi upplýsa það, að yfirleitt hefir ekki staðið á því, — ég hefi fengið upplýsingar um það frá bönkunum —, að þessar greiðslur hafi farið fram; þeir hafa lagt sig í líma til þess að láta ekki standa á greiðslu fyrir þessar vörur, svo að ég finn ekki sérstaka ástæðu til þess að setja ákvæði til að tryggja greiðslu á vörum til útgerðarinnar frá því, sem verið hefir, og í því efni styðst ég við það, sem bankarnir hafa gefið mér upplýsingar um. Og þá skal ég koma að því, hvers vegna ég er á móti þessu ákvæði; það er vegna þess, að það hefir enga þýðingu aðra en þá, að gera framkvæmd gjaldeyrisl. erfiðari. Það, sem er eitt aðalatriði gjaldeyrisl., er það, að allur gjaldeyririnn komi til bankanna og gangi þaðan allur út, nema sérstakt leyfi sé til þess að halda honum eftir, því að það geta bankarnir og gjaldeyrisn. Ef svo á að fara að leyfa heilli stétt manna að halda eftir andvirði varanna, þá skapar það, eins og hv. 1. landsk. sagði, möguleika til fjárflótta. því að það er misjafn sauður í mörgu fé, — möguleika til þess að menn geti smyglað gjaldeyri undan, því að þó að þeir þurfi að gera grein fyrir, í hvaða vörur gjaldeyririnn á að fara og hvaða verð sé á þeim vörum o. s. frv., þá skapar það bönkunum ófyrirsjáanlega erfiðleika að hafa eftirlit með því, að allur gjaldeyririnn komi inn og sé ekki notaður til annars en leyfi hefir verið veitt til. Ég vil þess vegna skora á þá, sem telja nauðsynlegt að halda uppi gjaldeyrisl., — og ég býst við, að það séu allir, — að athuga afstöðu sína til málsins og hvort þeir geta ekki fallizt á að fella þetta ákvæði niður, því að í framkvæmdinni gerir það, eins og það er, ekki annað en að auka erfiðleikana á því að hafa eftirlit með því, hvort allur gjaldeyririnn kemur inn eða ekki.

Hv. 1. þm. Reykv. vill bæta inn í því ákvæði, að veittur verði gjaldeyrir til greiðslu á endurtryggingargjöldum skipa, sem eru endurtryggð erlendis. Ég vil beina því til hans, hvort hann geti ekki fallizt á það, þar sem það er aðalreglan, að allur gjaldeyrir komi til bankanna og gangi þaðan út, að það sé varhugavert að taka einstaka greiðslu út úr, því að það er fleira en endurtryggingariðgjöld, sem þarf að greiða. En ef við byrjum að gera undantekningar og taka undan greiðslur, sem má taka af andvirði varanna, þá er erfitt að gera grein fyrir, hvar eigi að stöðva það, þegar fyrst er byrjað á því að brjóta niður það kerfi, sem við höfum nú um þessi mál. Ég vil því beina því til hv. þm., hvort hann vilji ekki fallast á að taka þessa till. um endurtryggingariðgjöld til endurnýjaðrar athugunar, og helzt að taka hana aftur nú við umr. Ég vil líka benda á það, að ef haldið er þessu ákvæði í 1. gr., um að útgerðarmönnum sé heimilt að ráðstafa erlendum gjaldeyri fyrir vörur sínar, þá sé ég

ekki betur en að það geti komið till. um, að bændur megi gera sama, og aðrir eftir því sem hliðstæður standa til, og ég sé ekki, að það sé fært að gera slíkar undantekningar af þeim ástæðum, að það er fyrsta sporið í þá átt að brjóta gjaldeyrisskipulagið niður, og það gefur ekki útgerðarmönnum aukna tryggingu fyrir því að fá aukin innflutningsleyfi. Ég skal taka það fram, að ég lít svo á, að það sé eðlilegt, að útgerðarmenn fái sem mest leyfi til þess að flytja sínar vörur inn sjálfir, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við hagkvæm innkaup til landsins, og ég hefi beitt áhrifum mínum þó nokkuð í þá átt, að þeir fengju það frá því, sem var fyrst, þegar farið var að framkvæma gjaldeyrisl., og ég held, að það sé sú rétta leið, að útgerðarmenn komi málum sínum á framfæri við gjaldeyrisn. og ríkisstj., en ekki að hafa ákvæði í frv., sem gæti orðið til þess að brjóta niður framkvæmd gjaldeyrisl., enda mun það ekki vera meiningin með þessari brtt. Ég býst við, að við séum allir sammála um, að það þurfi að hafa þessi höft, eins og sakir standa.

Till. hv. 1. landsk., sem er viðbótartill. við þetta ákvæði, sem ég hefi gert að umræðuefni, er á þá leið, að gjaldeyrisn. skuli skyldug til að veita gjaldeyrisleyfi, og það á að vera til þess að tryggja það, að útgerðarmenn fái innflutning. En það ákvæði út af fyrir sig er ekki nægilegt til þess, því að þeir yrðu að fá bæði innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, og ég tel, að það sé ekki hægt að setja það skilyrðislaust inn í l., að það sé skylt að veita hverjum útgerðarmanni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því, sem hann fer fram á. Það gæti orðið til þess að drepa verzluninni svo á dreif, að það fengjust stórum óhagkvæmari kaup. Hitt er það rétta, að útgerðarmenn reyni að mynda samtök um innflutning á vörum, og þau samtök leiti síðan til gjaldeyris- og innflutningsn. um innflutningsleyfi, og að svo eigi að teygja sig eftir því að mæta þeim óskum, sem þau á heilbrigðum grundvelli gera um gjaldeyrisleyfi. En að taka fram í l. ákvæði um slíkt, eins og hér er farið fram á, verður bara til þess að gera l. næstum að segja óframkvæmanleg.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Ed., 4. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 167, 185, 208, n. 221, 222, 223, 246).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 246. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Jóhann Jósefsson:** Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við 1. gr. frv. Er hún shlj. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. og gengur út á að fella niður síðustu málsgr. 1. gr. En áður en ég geri þessa till. að umtalsefni, vil ég lítillega minnast á brtt. hæstv. fjmrh. á þskj. 223. Við meðferð þessa máls í Nd. var tekin í frv. heimild fyrir útvegsmenn til að fá að nota sjálfir gjaldeyri sinn fyrir vörur handa útgerðinni. Þessu hefir áður verið hreyft á þingi og hefir haft allmikið fylgi, þó að ekki hafi það orðið að l. Nú er það komið inn í þetta frv., en hæstv. fjmrh. vill kippa því þaðan á burt. Að vísu er slík heimild til handa útgerðarmönnum ekki alveg vandkvæðalaus, en hinsvegar er þetta svo mikil sanngirniskrafa, að þótt nokkurt eftirlit þyrfti að hafa með því af hálfu hins opinbera, þá tel ég það engan veginn ókleift, og eiga útgerðarmenn það skilið, að ríkisvaldið leggi á sig þetta litla ómak til að gera þeim þessa réttarbót.

Annars er það einkennilegt, að till. um, að útgerðarmenn fái nokkru hægari aðstöðu um notkun gjaldeyris, skuli alltaf mæta andstöðu hæstv. ráðh. Þetta er því einkennilegra, sem vitað er að eitt stórt atvinnurekstrarfyrirtæki, S. Í. S., hefir óskoraðan umráðarétt yfir öllum þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir vörur þær, er það flytur út fyrir sína félagsmenn. Ég geri þó ráð fyrir, að S. Í. S. verði að sækja um innflutningsleyfi fyrir þær vörur, er það flytur inn. Hvort því gengur greiðara en öðrum að fá þessi leyfi, um það get ég ekki dæmt, en um þetta fer ýmsum sögum. En hér er stór aðili, sem ekki þarf að standa reikningsskil af gjaldeyri, er hann fær fyrir útfluttar vörur. Þegar á þetta er litið, verða mótbárur hæstv. ráðh. harla léttvægar. Hvað mætti ekki segja um það leyfi, sem S. Í. S. hefir fengið til að ráðstafa sínum gjaldeyri, að það bryti niður þessar gjaldeyrisráðstafanir hæstv. ráðh., ef þetta á að vera svo mikið niðurbrot í þessum efnum? Nei, hæstv. ráðh. sættir sig við þá tilhugsun og raunar herst fyrir henni —, að hér sé gert upp á milli tveggja aðilja í landinu, að aðrir séu settir skör lægra, en hinir þrepi hærra. Og þetta álít ég stórum átöluvert, að hæstv. ráðh. vill stilla þannig til, að setja útvegsmenn svo miklu lægra, að þeir megi yfir engum sínum gjaldeyri ráða frjálst, en hinn aðiljinn, sem aðallega hefir landbúnaðarvörur til umráða, ráði algerlega yfir sínum gjaldeyri. Nú er það vitað, að það eru ekki einungis landbúnaðarafurðir, sem Sambandið flytur út, því það hefir sótzt eftir að ná í sjávarafurðir og flytja þær út jafnframt. Og þetta er skiljanlegt og eðlilegt og á engan máta átöluvert fyrir stofnunina, þegar sér í lagi þannig er ástatt, að sá gjaldeyrir, sem hún getur aflað, er henni algerlega frjáls til meðferðar.

Hv. 1. landsk. er hér með viðaukatill., þess efnis, að hann vill láta allan gjaldeyri útgerðarmannanna vera undir „kontrol“ bankanna, en gera þeim skylt að láta af hendi gjaldeyri til útgerðarmanna eftir þeirra þörfum. Ég álít, að það sé betra af illu tvennu, að láta frv. vera óbreytt í þeirri mynd, sem það er, heldur en taka þann kostinn að fylgja till. hv. 1. landsk., ef till. hæstv. ráðh. yrði samþ. En ég fæ ekki skilið, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að halda áfram þessum hugsanagangi í gjaldeyrismálum, að traðka ávallt á útveginum. Ég get bent hæstv. ráðh. á það, þó að hann segi hér, sem ég efast ekki um að sé satt, að bankarnir telji sig leggja sig mjög í líma með að láta gjaldeyri til útgerðarmanna, þá er svo langt frá því, að þeir fái gjaldeyri fyrir sínum nauðþurftum. Það standa á útgerðarmönnum ýmsir víxlar, sem þeir eiga að greiða í erlendri val-

útu, en ómögulegt er að greiða, vegna þess að það vantar gjaldeyri.

Fyrir nokkru átti ég tal við mann, sem útvegar segldúka. Sagði hann, að það þýddi ekki fyrir mig að panta, því í seinni tíð hefði verzlunin, sem lagði til dúkana, tjáð sér, að hún afgreiddi þá ekki lengur upp á þetta. Í gær barst mér bréf frá skipasmíðastöð Vestmannaeyja, þar sem kvartað er yfir hinu sama. Skal ég aðeins láta hv. þdm. heyra, hvernig þetta lítur út með sjávarútveginn. Í bréfinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástandið er í stuttu máli það, að ég á nú tvo víxla, samtals kr. 3356,86 danskar, báða innifrosna, þótt ég hafi gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir báðum. Þessir víxlar eru frá trjáviðarsambandi mínu í Kaupmannahöfn. Hefi ég pantað nokkuð af eikarefnivið, sérstaka tegund, sem mér er bráðnauðsynlegt að fá en verzlunarsamband mitt neitar algerlega að afgr. nokkra viðbótarpöntun fyrr en yfirfærð er sú upphæð, sem hér er minnzt á. Fáist þessu ekki kippt í lag tafarlaust, stöðvast viðgerð fleiri báta, en þeir eru enn margir, sem þurfa og verða að fá meiri og minni viðgerð fyrir komandi vertíð. Liggur í augum uppi, hvílík vandræði hljótast út af slíkri stöðvun.

Sama ástandið viðvíkjandi járnvörusambandi mínu í Noregi. Eru hér innifrosnar kr. 2300,00 norskar, fyrir vörur, sem ég hefi fengið frá því firma, þótt einnig sé fyrirliggjandi gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir þessari upphæð. Neitar einnig viðkomandi firma að afgreiða meira, fyrr en þessi upphæð er yfirfærð.

Ástandinu, eins og því er lýst hér að framan, er svona varið. Og verði þessum sökum ekki kippt í lag án frekari tafa, horfir hér til vandræða í þessum efnum".

Ég gæti bent hv. þdm. og hæstv. ráðh. á mörg fleiri dæmi um það, að það er ekki að ófyrirsynju farið fram á, að útgerðarmenn fái að ráða yfir svo miklu af sínum gjaldeyri, að nægi fyrir hinum helztu nauðþurftum þeirra. Þessi dæmi eru langtum fleiri, en ég vil ekki þreyta hv. þdm. á því að vísa til þeirra. Það þarf ekki annað, að því er snertir þá menn, sem koma nálægt atvinnuvegunum núna, en þeir fari í sjálfs sín barm, því allir, sem fást við viðskipti, hafa sömu söguna að segja, allt er stopp með að afla efnis til þessarar framleiðslu. Við erum komnir í óálit og ónáð hjá þeim, sem hafa selt okkur vörur, fyrir það, að þeir víxlar, sem liggja í bönkunum og við eigum að greiða, fást ekki yfirfærðir, þótt við greiðum þá í íslenzkum peningum. Og í ofanálag er hægt að benda á dæmi til þess, að bankarnir hafi leyft sér að skrifa út, þegar yfirfærsluvandræði hafa verið fyrir höndum, að viðkomandi menn hafi ekki getað staðið við innlausn. Þannig er nú búið að þessum málum. Og útvegsmenn eru yfirleitt algerlega ráðþrota með afkomuna. Og hæstv. ráðh. mun hafa fengið síðustu dagana gögn í hendur, sem sýna og sanna út af fyrir sig, að útgerðin hefir unnið með stórtapi síðustu 6 árin, og er eiginlega ekki líf hugað með sama áframhaldi, m. a. vegna þess, að hæstv. ráðh., sem hefir tekið sér einræðisvald yfir gjaldeyrinum, lætur það viðgangast og lýsir blessun sinni yfir því, að gjaldeyririnn sé tekinn af útvegsmönnum fyrir lægra verð en rétt er og fenginn í hendur ýmsum öðrum þegnum þjóðfélagsins, sem hafa hæga aðstöðu til að græða — og í sumum tilfellum græða stórfé — á þessum sama gjaldeyri, sem tekinn hefir verið af fátækum útvegsmönnum.

Ég vil nú spyrja þennan hæstv. ráðh., sem setur fyrir sig þá fyrirhöfn, sem það yrði fyrir stjórnarvöldin að hafa eftirlit með því, að útvegsmenn notuðu ekki of mikið sinn gjaldeyri fyrir útgerðarvörur, hvort honum finnist ekki tími til kominn að gegna þeirri kröfu útgerðarmanna, að þeir hafi sinn gjaldeyri frjálsan. Það virðist ekki liggja annað nær hér í þessu landi fyrir útgerðarmenn, þegar í fyrsta lagi bankarnir reynast ekki megnugir þess að hjálpa með útlenda valútu, þó menn hafi leyfi, og í öðru lagi, að ráðh., sem fer með þessi mál, sýnir ekki meiri sanngirni en svo, að hann setur fyrir sig dálitla fyrirhöfn fyrir bankana við framkvæmdina á því, að útvegsmenn fengju að nota einhvern part af sínum gjaldeyri, en krefjast þess, að þeir hafi sinn gjaldeyri allan frjálsan. Og ekki síður er þessi krafa studd með aðgerðum hæstv. ráðh. sjálfs, þegar það er vitað, að hann leyfir einu stærsta útflutningsfyrirtæki í landinu að fara að miklu leyti frjálst með sinn gjaldeyri.

Það er enginn að halda því fram, að útvegsmenn þyrftu ekki eftir sem áður að fá innflutningsleyfi fyrir sínum vörum, þó að þeir hefðu frjálsan gjaldeyri til að borga þær með. Það yrði það sama uppi á teningnum og er hjá S. Í. S. Það þarf vitaskuld innflutningsleyfi fyrir vörum sínum, þó að það sé svo stórmiklu betur sett en aðrir, sem vörur flytja inn í landið, að hafa frjálsan gjaldeyri. Og allir vita, sem fengizt hafa við verzlun, — og ég geri ráð fyrir hinir líka —, að það er mikill munur á því að geta boðið þeim, sem maður kaupir af, frjálsan gjaldeyri í borgun þegar í stað, og eins og nú er, að eiga það undir ásjá komið, hvort yfir höfuð gjaldeyrir fæst fyrir vörurnar, eða þá að það dragist von úr viti, að hann sé greiddur, þannig að það komist langt fram yfir gjalddaga á þeim víxlum, sem varan er seld fyrir. Ef útvegurinn fengi að ráða yfir þeim gjaldeyri, sem hann þarf á að halda til sinna nauðþurfta, yrði aðstaðan stórum bætt frá því, sem nú er. En þetta vill hæstv. ráðh. hreint ekki gera. Hann vill horfa upp á það, í fyrsta lagi, að einn stærsti útflutningsaðilinn í landinu fari frjálst með sinn gjaldeyri, og hinsvegar, að allir útgerðarmenn séu ekki einungis skyldaðir til að láta allan sinn gjaldeyri af hendi við bankana, langt fyrir neðan sannvirði, heldur séu gerðir að vanskilamönnum og standi þannig höllum fæti og geti ekki fengið þær vörur, sem útgerðin þarf, heldur en ganga inn á, að þeir fái leyfi samkv. l., til að nota part af sínum gjaldeyri fyrir sínum eigin nauðþurftum. Það er heldur ömurleg mynd af réttlætiskennd hæstv. ráðh., sem sést í öllu þessu samandregnu.

Ég vil nú mælast til þess, að hæstv. ráðh.

endurskoðaði aðstöðu sína til þessa máls. Og ég vona, að hv. dm., — og þá ekki síður þeir, sem njóta þeirra kjara, að mega fara frjálst með sinn gjaldeyri, — fallist á þessa sanngjörnu till., sem kom inn í frv. í Nd., og láti þessa heimild standa óbreytta. Það er sannarlega ekki of mikið gert fyrir sjávarútveginn, þó að þetta fái að lafa í frv.

Þá hefi ég flutt sjálfur till. um það, að fella niður síðustu málsgr. 1. gr. Þar er þessi heimild, sem talað var um hér á fundinum í gær, fyrir ríkisstj. til að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstakt skírteini frá gjaldeyrisnefnd og eigi að mæta fyrir lögreglustjóra o. s. frv.

Hv. 1. þm. Reykv. lýsti alveg skýrlega, hverskonar atferli gagnvart borgurum þjóðfélagsins hér væri á ferðinni. Ég held, að það sé gengið svo nálægt persónufrelsi manna og farfrelsi, að þess séu engin dæmi neinstaðar hjá nokkurri þjóð, að þannig séu lagðar hömlur á frjálsa menn, eins og hér er ætlazt til, að ríkisstj. hafi heimild til að gera. Við vitum, að í öllum löndum eru nægileg höft á farfrelsi manna, að þeir, sem hafa gert eitthvað fyrir sér, eru ekki frjálsir ferða sinna úr landi. Undir sérstökum kringumstæðum, t. d. í ófriði, getur það einnig komið fyrir, að mönnum sé bannað að fara úr landi. En þó er það sannast að segja, að á ófriðartímum er ferðast inn í löndin og út úr þeim því nær eins og á friðartímum. En það, sem hæstv. ráðh. er hér að mæla með, er þá þetta, að menn sem eiga að heita frjálsir ferða sinna, í þjóðfélagi, sem á að heita siðað, megi ekki selja manni farmiða, nema hann hafi uppáskrift fyrir því, að hann sé frjáls ferða sinna úr landi. Þetta eru þau einstökustu siðmenningarleysisákvæði gagnvart frjálsum borgurum, sem hægt er að láta sér detta í hug. Fyrir utan allan kjánaskapinn í þessu, þá verður þetta ekki til neins annars en þess, að verka á svipaðan hátt og sum ákvæði áfengislaganna gerðu á sínum tíma, koma af stað allskonar yfirhylmingum og undanskotum í þessu efni, sem öllum mönnum hlýtur að vera ógeðfellt að hafa um hönd; fyrir utan það, að þetta ákvæði gefur auðvitað þeim mönnum vopn í hönd, sem vilja hindra Pétur eða Pál í því að komast áfram á einn eða annan hátt.

Maður veit, að gjaldeyrisnefnd hefir oft verið borið það á brýn — og ég hygg nokkuð oft með réttu —, að hún gerði sér talsverðan mannamun við afgreiðslu innflutningsleyfa fyrir vörur. Ég held, að þetta gæti alveg orðið eins að því er snertir útflutningsleyfi á borgurum landsins. Það gæti orðið misfljót afgreiðslan á þeim beiðnum, sem sendar væru til gjaldeyrisnefndar, hjá þeim, sem annars þyrftu eða ætluðu að ferðast.

Þegar hæstv. ráðh. var að tala fyrir þessu, þá vitnaði hann í það, að bankaráð Landsbankans hefði beðið um, að þetta yrði gert, og mér skildist, að hann væri að flytja þess erindi. Mér er í sjálfu sér sama, hvort þessi hugsun er runnin undan rifjum bankaráðsins eða ráðh. sjálfs; hún er jafnógeðfelld fyrir því. Og þeir góðu herrar, stj. og bankaráðið, mega alls ekki ætla, að allir menn, sem þurfa eða vilja fara til útlanda, fari með ófrjálsan gjaldeyri, ef þeir fá ekki gjaldeyrisleyfi hjá n. Það eru svo ákaflega margir möguleikar á því, að menn geti lifað nokkrar vikur erlendis, án þess að þurfa endilega á íslenzkum gjaldeyri að halda. Og það er hin mesta vitleysa, að allir, sem ekki fá leyfi, þurfi endilega að smygla út íslenzkum seðlum eða gera eitthvað ólöglegt. (**Fjmrh.**: Því þá ekki að gera grein fyrir því?). Þeir munu sannarlega gera grein fyrir því, þegar þeir verða yfirheyrðir fyrir rétti, og eiga þeir það þá undir geðþótta yfirvaldanna komið, hvað þau taka mikið tillit til þeirrar greinargerðar. En mig uggir, að allþröngt muni verða fyrir dyrum hjá sumum mönnum, sem þurfa út að fara, ef þeir eru ekki í náðinni hjá gjaldeyrisnefnd og lögreglustjóra.

Hitt, að koma í veg fyrir, að menn fari með seðla úr landinu, ætti tollgæzlu landsins að vera auðvelt að framkvæma, enda er það gert annarsstaðar að sporna þannig við því, að menn flytji með sér fé úr landi. En í þeim sömu löndum, þar sem eftirlitið er strangast með þessu, þar dettur engum í hug að meina Pétri eða Páli að kaupa sér farseðil. Það hefir hvergi bólað á till. í þá átt, nema hér á Alþingi. Þessi till. kom fram, að því er mig minnir, á næstsíðasta þingi í Nd., og þá, að því er ég hygg, að undirlagi hæstv. fjmrh. Hún var felld. Þingið kunni ekki við að fara að stiga það spor aftur á bak, hvað snertir menningu, að leggja þessar hömlur á menn, sem þó eru frjálsir ferða sinna að öðru leyti. Ég álít, að svona ákvæði, verði þau lögfest, séu blettur, ekki einungis á löggjafarvaldinu, heldur á landinu. Það er settur skrælingjastimpill á þjóðina, þegar á að lögleiða það, að frjáls maður þurfi að fá sérstakt skírteini og mæti fyrir lögreglustjóra, áður en hann má kaupa farseðil út úr landinu. En það er þetta, sem hæstv. ráðh. er svo trúaður á, að muni bjarga gjaldeyrisástandi landsins.

Það er ekki furða, þótt talað sé um einræði og einræðisráðstafanir og þær fordæmdar í flokksblöðum þeirra manna, sem standa að slíkri till. og hér er um að ræða. Ég veit ekki, hvernig er hægt að ganga nær borgurunum á óviðkunnanlegan hátt heldur en gera þá þannig alveg ófrjálsa ferða sinna.

Annars veit ég, að það eru vissir þröngsýnir menn í þessu landi. Ég er þar ekki beinlínis að tala um hæstv. fjmrh., ég skal gefa honum „benefit of the doubt", eins og Englendingar orða það. En það er viss þröngsýnisklíka hér á landi, sem er sí og æ að sýta yfir því, hvað margir sigli. Ég hefi heyrt þetta bæði í landi og líka á skipum, frá mönnum, sem einnig voru að sigla, en litu hornauga til sinna samferðamanna og töldu, að þeim væri engin þörf á þessu. Þessu er einkanlega beint til hinnar yngri kynslóðar. Það er talað um, að það sé óþarfi fyrir þessa stráka og þessar stelpur, eins og það er kallað, að vera að sigla til útlanda. Þó að það þurfi einhvern gjaldeyri handa þessu fólki, þá er engin vanþörf á því fyrir Íslendinga að vikka sinn sjóndeildarhring, því einangrun-

in er í alveg fullum mæli, þó ekki séu gerðar sérstakar lagaráðstafanir til þess að kyrrsetja þá menn hér heima, sem vilja leita út, og kæfa þannig útþrána hjá hinni uppvaxandi kynslóð, svo að ég tali um þá menn, sem sigla annaðhvort til þess að mennta sig eða kynna sér eitthvað, en ekki í beinum viðskipta- eða verzlunarerindum. Þessi þröngsýni hefir þó nokkuð gert vart við sig, þó ekki hafi verið skrifað mikið um hana í blöðin, en hennar hefir orðið vart á ýmsum sviðum, svo ég efast ekki um að fleiri en ég hafi heyrt þennan són. En mér er þetta persónulega andstætt. Ég álít, að við eigum ekki að draga úr því eða hefta það, að fólk kynni sér og sjái aðrar þjóðir, því einmitt kynni af öðrum þjóðum og það að sjá með eigin augum framfarir á ýmsum verklegum sviðum vekur hugsun hjá öllum þorra manna fyrir því að koma þessum framförum á í sínu eigin landi. Ég geri ráð fyrir, að það muni vera svo um flesta Íslendinga, sem ferðast um útlönd, að þegar þeir sjá eitthvað, sem þeim þykir sérstaklega merkilegt, þá verður það þeirra fyrsta kennd, að þeir óski þess, að það væri komið í þeirra heimkynni og föðurland. Það vaknar með öðrum orðum ástin til þeirra eigin lands, og hún verður þá jafnan sterkari en hún er hér heima. Þess vegna er það mjög misráðið, og það verður áreiðanlega ekki til þess að bjarga ættjörðinni, og ekki heldur gjaldeyrisvandræðunum, að leggja stein í götu þess fólks, sem þarf eða vill leita til útlanda. Það er stór hópur manna, sem af ýmsum ástæðum, heilbrigðislegum eða atvinnulegum, þarf nauðsynlega að fara í þessar ferðir. Þessa menn á nú að leiða fyrir dómarann og þeir eiga að setjast undir yfirheyrslu, hjá lögreglunni, áður en þeir fá að kaupa farseðil til útlanda.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta að sinni. Ég býst við, að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því, á hvern hátt hann ætlar að greiða úr fyrir sjávarútveginum, þar sem hann leggst á móti þessari litlu viðleitni til þess að hjálpa útvegsmönnum, sem er falin í því ákvæði frv., að útvegsmenn megi ráða sjálfir yfir nægum gjaldeyri til þess að kaupa til sjálfrar framleiðslunnar. Ég skora á hæstv. ráðh. að skýra frá því í heyranda hljóði, á hvern hátt hann getur réttlætt þá hlutdrægni, sem á sér stað að því er snertir meðferð á gjaldeyrinum, og hvernig hann hugsar sér, að útvegsmenn geti unað við þessa meðferð til lengdar.

***Magnús Jónsson:** Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. fjmrh. svaraði mér við fyrri part umr. Hv. þm. Vestm. hefir nú gripið töluvert inn á þetta, enda er það eðlilegt, þar sem hann flytur eina brtt. alveg shlj. einni brtt. minni, um það, að fella niður 3. málsgr. 1. gr., og ræddi hann í því sambandi um, hvílík ófrelsislög það væru, að menn megi ekki fara úr landi öðruvísi en að ganga fyrir lögreglustjóra og fá vottorð hans um að mega fara. Ég skal því ekki fara eins langt út í það mál eins og ég annars myndi hafa gert. En það er náttúrlega óárennilegt, að menn skuli þurfa að fara með lögreglustimpil til útlanda, eins og maður, sem skyldugur er til þess að sýna sig lögreglunni svo og svo oft, til þess að tryggja það, að hann sé til staðar. Ef menn ætla að fá að fara úr landi, þá verða þeir að ganga fyrir lögreglustjóra og fá þennan stimpil, hver einasti borgari í landinu, til þess að mega fara úr landi. Ég er viss um, að þetta er gersamlega óþekkt fyrirbrigði annarsstaðar. Það er víða, að gjaldeyrisástandið er erfitt og mjög þröngt um utanferðir, svo menn fá litla peninga, t. d. fá mörk, sem þeir geta farið með úr landi, en þeir eru frjálsir ferða sinna. Félögin mega selja þeim farseðla því þeir eru ekki undir lögreglueftirliti, eins og öll þjóðin verður með þessu ákvæði. Þeir fá dálítinn gjaldeyri, enda ferðast margir þannig, að þeir standa aðeins örstutt við. En því er þannig háttað með okkar ferðalög, að við verðum að ferðast með skipum og menn verða að standa við í viku eða 10 daga. Menn þurfa meiri gjaldeyri, en mér finnst, að það mætti vel leysa þetta með því að heimila mönnum litla upphæð, sem þeir megi fara með úr landi. Hæstv. ráðh. sagði, að menn gætu ekki heldur nú, þó þetta ákvæði væri ekki, farið úr landi nema með raunverulegu leyfi, því menn yrðu að fá gjaldeyrisleyfi til þess að fara, og það gætu menn ekki fengið nema hjá nefndinni. Þetta er rétt, því eftir 2. gr. getur enginn fengið gjaldeyri nema með leyfi nefndarinnar. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta ákvæði væri því aðeins til þess að banna þeim að fara, sem ætluðu sér að fá ólöglegan gjaldeyri til utanferða. Þetta gæti ef til vill virzt svo fljótt á litið. En það er alls ekki svo, því með þessu ákvæði er það alveg lagt í vald gjaldeyrisnefndar, hverjir fái að fara til útlanda og hverjir fái ekki að fara. Nefndin getur veitt þessum, en neitað hinum. Hún gæti, ef hún vildi vera ranglát, siktað úr ákveðna stétt manna og neitað henni um gjaldeyri. Hún gæti í verzlunarviðskiptum valið úr einn keppinautinn og leyft honum að fara til útlanda og tryggja sín sambönd, en neitað hinum að fara. Við skulum taka sem dæmi, að hún notaði aðstöðuna til þess að eyðileggja alla kaupfélagaverzlun með því að banna öllum fulltrúum S. Í. S. og fulltrúum kaupfélaganna að fara til útlanda, en kaupmönnum væri leyft að fara. Hún gæti gert þetta. (**JJ**: Við höfum ágæta legáta erlendis). Ég veit ekki betur en ýmsir séu að fara utan vegna kaupfélaganna, þrátt fyrir þessa sérstöku legáta. Forstjóri S. Í. S. hefir stundum farið til útlanda. Ég hefi líka orðið var við, að kaupfélagsstjóri kaupfélags Eyfirðinga hefir farið utan. Ég býst ekki við, að það séu óþarfa ferðir. Við skulum segja, að nefndin bannaði þessum mönnum að fara, en leyfði kaupmönnum að fara. En það er ekki þetta, sem er aðalatriðið fyrir mér, heldur þessi siðleysis- og þrældómssvipur, sem þjóðin fær á sig við lagaákvæði eins og þetta. Sérstaklega finnst mér þetta mjög merkilegt, þar sem hæstv. ráðh. játaði, að þetta ákvæði væri í raun og veru alveg gagnslaust. (**Fjmrh**: Það hefi ég aldrei sagt). Það er það að mestu leyti, því allir sjá, að maður getur sagt t. d., að hann ætli að dvelja 5 daga í Kaupmannahöfn og til þess þurfi hann 100 kr. Hann fær svo 100 kr.

gjaldeyrisleyfi, gengur fyrir lögreglustjóra og fær stimpil hans og kaupir síðan farseðil. Hann siglir svo til Hafnar með þetta 100 kr. gjaldeyrisleyfi. Hann getur svo aflað sér óleyfilegs gjaldeyris og verzlað fyrir tugi þúsunda króna, þegar hann er kominn til Hafnar. Þetta er þá ekkert annað en pappírsgagn, en verður aðeins til þess að setja þrælastimpil á þjóðina.

Hæstv. ráðh. sagði, að það lægi fyrir bréf frá bankaráði Landsbankans, þar sem farið væri fram á, að ferðir til útlanda væru hindraðar á þennan hátt. Ég verð að segja, að ég minnist ekki þessarar ákvörðunar bankaráðsins, enda getur hún vel hafa verið tekin að mér fjarverandi. En það er alveg víst, að hefði ég verið á þeim fundi, þá hefði ég ekki verið með þessari ákvörðun frekar en því að setja þetta ákvæði í l. Ég verð að segja, að mér kemur þetta bréf bankaráðsins ekkert við í þessu efni. Ég get skilið, að bankinn út frá sínu sjónarmiði vilji gera allar ráðstafanir til þess að gjaldeyrinum sé ekki eytt. Hann lítur eingöngu á sína hagsmuni sem banki. Það er ekki hlutverk Landsbankans að gæta að því, hvort þjóðin er hneppt í einhver óeðlileg bönd, sem eru ósæmandi fyrir frjálsa þjóð. Það er Alþ., sem á að gæta að því. Það er öllum kunnugt, hvernig gjaldeyrisvandræðin mæða fyrst og fremst á Landsbankanum, svo ég get vel skilið, að hann stingi upp á ýmsu, sem Alþ. sér sér ekki fært að ganga að af ýmsum öðrum ástæðum. Ég held það væri eðlilegast í þessu sambandi að ákveða einhverja lága upphæð, sem menn hefðu frjálsa til umráða. Það er eins og mig minni, að í reglugerð, sem sett var í hitteðfyrra, hafi verið ákveðin upphæð, sem menn máttu hafa. Það var nokkuð rífleg upphæð, 400 kr. Þetta mun hafa verið tekið aftur, en mér finnst það eðlileg lausn, að menn fengju að hafa ákveðna upphæð.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki vera hræddur um óréttlæti í þessum efnum. Það kann að vera, að hann sé ekki hræddur um það. Ég verð að segja, að fáar nefndir munu hafa verið sakaðar eins um óréttlæti og hlutdrægni og gjaldeyrisnefndin. Ég vil ekki taka það allt sem góða og gilda vöru. En er sú nefnd, sem liggur svo undir ákærum manna, hinn rétti aðili til þess að ákveða um svo viðkvæman rétt manna eins og þann, hvort þeir megi hreyfa sig til? Það, að svipta menn frelsi, er í hegningarlögunum, eins og menn vita, hin stórkostlegasta refsing, næst dauðarefsingu. Allt annað, sem menn eru dæmdir í, er talið minna en það, að svipta menn frelsi, að mega ekki vera þar, sem menn vilja. Ísland er að vísu ekki eins þröngt og fangelsi, en mönnum finnst þeir vera sviptir athafnafrelsi og ferðafrelsi, þegar ein nefnd getur bannað sumum að fara, jafnframt því sem hún leyfir öðrum að fara, sem sýnast kannske ekki hafa meiri rétt til að hreyfa sig. Menn eru raunverulega með þessu settir í fangelsi, að vísu stórt og rúmt, þó þannig, að menn finna sárt til þess að vera sviptir frelsinu til þess að mega hreyfa sig út fyrir landsteinana, þegar þeim finnst þeir þurfa á því að halda. Þetta er í raun og veru ekki lítil refsing, sem sést bezt á því, að þegar maður er settur undir lögreglueftirlit vegna einhvers verks, sem hann hefir framið, þá má hann ekki hreyfa sig nema með leyfi yfirvaldsins. En nú á að leggja þetta á alla þjóðina. Enginn maður má fara úr landi nema ganga fyrst fyrir lögreglustjóra. Og hann getur ekki fengið að fara fyrir lögreglustjóra fyrr en hann er búinn að fá leyfi gjaldeyrisnefndar.

Þá er það viðvíkjandi 3. brtt. minni. Ég tek þær í þeirri röð, sem hæstv. ráðh. tók þær. Ég fer þar fram á, að samþykki bankanna þurfi, í stað þess að í frv. stendur „að fengnum tillögum bankanna". Hæstv. ráðh. játaði, að samkomulag þyrfti að vera um þetta, og erum við sammála um það. Það þýðir ekkert að setja þær ráðstafanir, sem bankarnir, sem ráða yfir gjaldeyrinum, eru ekki sammála um. Ég veit þá ekki, hvers vegna það er ekki rétt að setja það hreinskilnislega í l., að bankarnir skuli samþykkja það, heldur en eiga á hættu að fá þær deilur og þann árekstur, sem af því myndi hljótast, ef settar væru reglur, sem bankarnir, sem yfir gjaldeyrinum ráða, eru á móti og telja sér ekki fært að ganga að. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri óþarft, að t. d. annar bankinn, sem væri á móti einhverri ráðstöfun í gjaldeyrismálum, geti komið í veg fyrir einhverja ráðstöfun með því að neita. Það er ekki lítill aðili, þar sem aðeins er um 2 banka að ræða, sem yfir gjaldeyrinum ráða. Ef Landsbankinn t. d. setur sig á móti einhverri ráðstöfun, þá er það ekki lítið strik í reikninginn. Ég er sannfærður um, að ráðh., hvort sem það væri sá núv. eða einhver annar, myndi tæplega sjá sér fært að gera ráðstafanir, sem Landsbankinn setti sig á móti. Hæstv. ráðh. sagði, að lítils háttar ágreiningur gæti ekki valdið miklu. Það er auðvitað, ef hann er lítils háttar, og þá fæst samþykki bankanna, ef um eitthvað lítilfjörlegt er að ræða. En ég á við ágreining, sem er svo stór, að hann kemur til kasta bankanna, eins og þegar bankastj. ein skuldbindur bankann. Það er sá ágreiningur, sem hér er um að ræða, og sá ágreiningur, sem enginn getur leyst nema bankastj. núv. eða önnur, sem þá væri sett í staðinn. Hæstv. ráðh. sagði, að bankarnir hefðu vald sitt frá Alþ. (Fjmrh.: Vald sitt yfir gjaldeyrinum). Já, eins og annað vald sitt. Það er vitanlegt, en ég held það geti ekki verið betur búið um það vald heldur en með því móti, að Alþ. veiti þeim það. Það er væntanlega ekki meining hæstv. ráðh., að Alþ. fari að skipta sér af einstökum ráðstöfunum bankanna með gjaldeyrinn. Alþ. hefir fengið bönkunum í hendur valdið yfir gjaldeyrinum. Það hefir skyldað alla til þess að afhenda þessum 2 bönkum gjaldeyrinn, og samtímis útbúið vald bankanna þannig, að enginn getur skuldbundið þá nema bankastjórnin með sinni undirskrift. Með þessu hefir Alþ. gersamlega fengið bönkunum þetta vald í hendur, þangað til það verður tekið af þeim. Ég sé því ekki, að þeir geti haft þetta vald sitt sterkara. Alþ. getur náttúrlega tekið þetta vald af bönkunum og fengið einhverjum öðrum það í hendur. Það gæti látið gjaldeyrisnefnd fá allan gjaldeyrinn og annast

yfirfærsluna og viðskiptin við útlönd. Gjaldeyrisnefnd væri þá orðin nýr banki, og þá væri líka sjálfsagt að setja í gjaldeyrislögin, að allar ráðstafanir þyrftu að vera gerðar með samþykki þeirrar nefndar. Sá aðili, sem hefir gjaldeyrinn í höndum, verður að samþ. þær ráðstafanir, sem eru gerðar. Ég sé ekki, hvers vegna ekki má setja í l. það, sem hæstv. ráðh. játaði og allir sjá, að hlýtur að vera.

Um 1. brtt. get ég verið mjög fáorður, því hæstv. ráðh. féllst á hana í raun og veru. En hún er um það, að útgerðarmenn hefðu frjálsan gjaldeyri til endurtryggingar iðgjalda. Ég verð að segja, að þessi frjálsi gjaldeyrir er mjög auðveldur í framkvæmd, því það er hægt að gera skrá yfir, hvað borga þarf, svo það er ekki hægt að fara í kringum það. Félögin greiða svo og svo mikið af endurtryggingariðgjöldum, og gjaldeyrisnefnd veit það og getur því látið þessi félög fá þann frjálsa gjaldeyri, og ekki eitt pund fram yfir. Það er alveg sjálfsagt, ef útgerðarmenn eiga á annað borð að fá nokkurn frjálsan gjaldeyri, að þeir fái hann frjálsan til þess að greiða endurtryggingariðgjöld. Það forðar frá óþarfa skriffinnsku og afhendingu á gjaldeyrinum. Mér er líka tjáð, að það verði stundum að ganga það lengi eftir því að fá þennan gjaldeyri, að það liggi við borð, að víxlarnir séu fallnir, þegar hægt er að greiða þá. Þetta er ákaflega leiðinlegt, og meira en það. Það er lánstraustsspillandi, ef það er svo með svona sjálfsögð gjöld, að þeim er rétt aðeins lokið í síðustu forvöðum, eða það þarf kannske að fara fram á framlengingu á þeim. Það væri miklu betra, að þau væru greidd þegar í stað af frjálsum gjaldeyri.

Ég kem svo að aðalatriðinu í þessu sambandi, en það er till. hæstv. fjmrh., sem vill ekki láta útgerðarmenn hafa neinn frjálsan gjaldeyri. Ég get verið mjög fáorður um hana, vegna þess að hv. þm. Vestm. hefir gengið svo rækilega frá því máli, að ég hygg, að engum blandist hugur um, hvílík sanngirni er í því fólgin að hafa þetta ákvæði í frv. Án þess að ég vilji gera hv. þm. upp nokkrar ófagrar hvatir, þá verð ég að segja, að minn skilningur getur vart rúmað það, að menn geti séð sanngirni í því að neita útvegsmönnum um þessar óskir þeirra, þegar það er jafnlítil fyrirhöfn eins og það nú er, að sjá um að ekki verði á neinn hátt farið í kringum þetta ákvæði. Hæstv. ráðh. sagði, að það ynnist svo lítið við þetta, því bankarnir reyndu alltaf að láta útgerðarmenn ganga fyrir gjaldeyrinum, og sjálfur hefði hann beitt áhrifum sínum í þá átt. En reynslan er ekki þessi. Það er ákaflega algengt, bæði um vörur til útgerðar og aðrar vörur, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi eru veitt, en alltaf með þeirri aths., að það sé veitt, ef gjaldeyrir er fyrir hendi. Þó gjaldeyris- og innflutningsleyfi sé veitt, þá getur liðið langur tími þangað til fé fæst til að greiða vöruna. Það er alkunnugt, að Íslendingar eru illa séðir vegna vanskila. Um íslenzka sjómenn í erlendum höfnum er það vitað, að þeir eru oft búnir að roðna út undir eyru af því, að sjómennirnir í kringum þá eru að hælast yfir því, að Íslendingar fái ekki kolin eins greiðlega eins og t. d. Norðmenn. Það verður oft greiðslufall vegna þess, að gjaldeyririnn fæst ekki, þó peningarnir séu til. Englendingar eru liprir og góðir í viðskiptum á meðan staðið er við gerða samninga, en erfiðir, ef ekki er staðið við þá. Þetta gerir það að verkum, að útgerðarmenn vilja heldur fá sinn gjaldeyri, svo þeir geti sjálfir borgað þær vörur, sem þeir þurfa, af þeim gjaldeyri, sem þeir afla sér sjálfir. Þeir geta oft fengið betri kjör, ef varan er greidd strax, eða þeir geta sagt með vissu, að varan verði greidd á fyrsta gjalddaga, ef hún á að greiðast gegn víxli. Þetta er stórvægilegt atriði að því er snertir þau kjör, sem útgerðarmenn geta fengið á vörum sínum. Hv. þm. Vestm. er búinn að taka fram, hversu lítilfjörleg ástæðan er, sem hæstv. ráðh. hefir á móti þessu, þar sem hann hafði ekkert á móti því annað en að það gerði framkvæmdina erfiðari. Hann játaði, að það verði að yfirfæra fyrir þessa vöru, og það hefir líka verið játað, að það væri lakara fyrir útgerðarmenn að þurfa að sækja til nefndarinnar. En hann telur eftir örðugleikana, sem séu á því að brjóta nokkrar skorur í þennan múr. Ég vil geta þess, sem hv. þm. Vestm. hefir dregið fram, að það mun ekki vera óalgengt, að n. láti útflytjendur fá eitthvað af gjaldeyri, sem þeir svo ráðstafi án þess að n. fylgist í einstökum atriðum með, til hvers hann er notaður. Það er fyrst og fremst S. Í. S., sem sagt er, að hafi sinn gjaldeyri yfirleitt frjálsan. Ég hefi ennfremur heyrt, að það væru fleiri, sem fengju að hafa þann gjaldeyri, sem þeir afla, frjálsan. Hvers vegna á þá útvegurinn, sem aflar svo að segja alls gjaldeyrisins og verður að afhenda hann fyrir miklu lægra verð en hann gæti fengið, ef hann hefði hann frjálsan, ekki að fá frjálsan þennan litla part, sem hann þarf til þess að atvinnuvegurinn geti haldið áfram?

Ég verð að segja, að nú, þegar verið er að gera ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, þá skýtur það dálítið skökku við, ef þessi till. fær ekki samþykki. Nú liggur fyrir þinginu frv. um afnám útflutningsgjalds af saltfiski, þó að því fylgi stórkostlegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Það eru till. um að leggja fram 400 þús. kr. til fiskimálasjóðs, sem einnig á að verða sjávarútveginum til hjálpar; það á að leggja fram fé til frystihúsa, og ýmislegt fleira á að gera þessum atvinnuvegi til viðreisnar. Er þá ekki undarlegt, þegar við hliðina á öllum þessum ráðstöfunum, sem kosta hundruð þúsunda og jafnvel fleiri millj., er ekki undarlegt, þegar við hliðina á þeirri viðurkenningu á nauðsyn sjávarútvegsins, sem liggur í öllum þessum ráðstöfunum, megi ekki gera fyrir útgerðina eins lítla bón og þessa, öllum að meinfangalausu á allan hátt, og greiða þannig fyrir því, að útgerðin haldi sínu góða viðskiptaorði í útlöndum og þurfi ekki um svona sjálfsagðan hlut undir högg að sækja það, sem þeir þurfa til sinna þarfa? Ég verð að segja, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þessi d. sé svo ólíkt skipuð hinni d., sem setti þetta ákvæði inn í frv., að hún taki þetta aftur og hreki þannig frv. á milli d.

Forseti (EÁrna): Útbýtt hefir verið í d. brtt. við þetta frv. á þskj. 253. Þarf afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hefi leyft mér að flytja brtt. á þskj. 253, og ég hefi heyrt, að hv. þdm. eru forvitnir eftir að vita, hvað í henni felst, og kem ég nú að því. Það er vitnað í l. nr. 41 19. maí 1930, og 19. gr. þeirra l. Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessa gr. Hún hljóðar svo:

„Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og aðeins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, sem bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum.

Ef íslenzkur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenzkir ræðismenn skyldir að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja."

En eins og nú er ástatt um okkar gjaldeyrismál, þá hefir viljað verða nokkur misbrestur á, að þessu ákvæði siglingalaganna væri fylgt. Ég skal játa, að í frv. eins og það liggur fyrir er ekki veruleg orðabreyt. í 2. gr. En andi frv. eins og það liggur fyrir er sá, að herða mjög á leyfum um gjaldeyri. Það má því búast við, að upphafin verði eldri ákvæði í sjómannal., ef frv. verður samþ. Þrátt fyrir þetta orðalag hefir fengizt nokkur gjaldeyrir, en mér er kunnugt um, að allmargir útgerðarmenn hafa borið fyrir sig sem vörn í því að láta þennan gjaldeyri af hendi, að gjaldeyrisn. þurfi að leyfa það, og það er ekki lengra síðan en í gær, að slíkt dæmi barst mér í hendur, að skipshöfn, sem var að fara til útlanda, hefði viljað fá meiri gjaldeyri en útgerðin hefði viljað heimila henni, og viðkomandi útgerðarmaður sagði, að gjaldeyrisn. mundi ekki leyfa meira. Ég vil því fá úr skorið, hvort upphefja eigi 19. gr. sjómannalaganna með þessum nýju gjaldeyrislögum.

Ég skal bæta því við, að að svo miklu leyti sem ég þekki til, — og ég hefi reynt að kynna mér l. og reglur, sem gilda um þetta í Evrópuríkjunum, og enda víðar —, þá veit ég engin dæmi hliðstæð þessu, að réttur sjómannanna sé að þessu leyti skertur, þó að hjá þessum þjóðum séu l. um gjaldeyrisverzlun. Þar er litið svo á, að farmaðurinn þurfi, þegar hann kemur í höfn erlendis, óumflýjanlega að halda á þeim gjaldeyri, sem þar gildir, til þess að kaupa brýnustu nauðsynjar.

Ég skal geta þess, að meðfram af því að nokkur tregða hefir verið um úthlutun gjaldeyris til farmanna, hefir það orðið að samkomulagi við þau útgerðarfélög, sem að staðaldri eiga skip á erlendum höfnum, að vissum hluta af kaupi hvers manns yrði úthlutað mánaðarlega, og hefir þetta samkomulag staðið um *þriggja ára skeið, og yfirleitt eru menn ánægðir* með þá ráðstöfun. En ég lít svo á, að stjórnarvöldin og þeir, sem ráða yfir gjaldeyrinum, geti fyllilega sett skorður við því með þessum nýju l., að þessi gjaldeyrir skuli einnig numinn burt eða takmarkaður svo mjög, að hann komi ekki að tilætluðum notum fyrir þá, sem sigla um höfin. Ég hygg, að með þeim reglum, sem hafa skapazt meðal íslenzkra farmanna um gjaldeyrisúthlutun, sé engin hætta á, að um misnotkun sé að ræða, svo lengi sem þeirri reglu er fylgt, að farmönnum sé heimilt að fá í erlendum gjaldeyri ¼ af mánaðartekjum sínum, og því sé óhætt að samþ. mína brtt. sem eina af undantekningarreglunum, sem ekki þurfi að sækja um til gjaldeyrisnefndar.

Þetta er meginefnið í minni brtt., og ég vænti sérstaklega að fá að heyra skýrt og ákveðið álit hæstv. fjmrh. á því, hvort ekki sé nauðsynlegt, að farmönnum sé tryggður þessi gjaldeyrir, sem þeir hafa fengið í velflestum tilfellum fram að þessu.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í umr. um aðrar till., en mun láta skoðun mína í ljós við atkvgr. á sínum tíma, en svo þegar málið kemur til 3. umr., þá er hugsanlegt, að ég láti skoðun mína í ljós um þau atriði, sem nú er svo mjög um deilt.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla fyrst að minnast á brtt., sem síðast var talað fyrir á þskj. 253.

Það er misskilningur hjá hv. flm., að þetta frv. breyti nokkuð ákvæðunum hvað þetta snertir frá gildandi l., því að þar er ákvæði um, að allur gjaldeyrir skuli renna til bankanna, eins og stendur í frv.

Það er ekki stórt atriði, þetta, hvort það *skuli tekið fram í l. sjálfum, — ég hefi ekki* áttað mig á, hvort ástæða er til þess, en þó kann ég yfirleitt illa við, að þm. fari að setja fleiri og fleiri greiðslur undir undantekningarákvæði l. Það er óeðlileg tortryggni að ætla þeim, sem fara með þessi l., að þeir veiti ekki gjaldeyrisleyfi til að inna af hendi óhjákvæmilegar greiðslur, enda hygg ég, að sjómenn hafi fengið ákveðinn hluta af kaupi sínu greiddan í erlendum gjaldeyri.

Gr., sem hv. þm. vísaði til í sjómannal., er um það, að greiðslu á kaupi geti skipverjar krafizt, þegar skip er í höfn, og aðeins einu sinni í viku. Ef aðeins væri um vikukaup að ræða á hverju skipi, mundi þetta sennilega ekki valda neinum árekstri, en þegar skip koma í höfn eftir að hafa verið lengi úti, svo að sjómenn ættu t. d. ógreitt mánaðarkaup, þá gæti það orðið óeðlilega mikið, sem greitt yrði í erlendum gjaldeyri.

Ég vil skjóta því til hv. flm., að hann taki aftur þessa till. til 3. umr., svo að n. geti tekið til athugunar í samráði við mig og hann, hvort ekki væri hægt að fá samkomulag um þetta atriði, svo að ekki þyrfti undantekningu í l. Annars býst ég ekki við, að þetta sé stórt atriði,

en öll gjaldeyrismál eru vandasöm, og má því ekki flana að að bera till. undir atkv., heldur verður að taka þær til athugunar af n. fyrst.

Hv. þm. Vestm. og hv. 1. þm. Reykv. hafa talað hér um tvö atriði l., annarsvegar um það atriði 1. gr., að menn þurfi að gefa um það skýrslu hjá lögreglustjóra, hvernig þeir hafa aflað sér gjaldeyris. Fóru þeir mörgum ófögrum orðum um, að þetta væri skerðing á persónufrelsi manna og blettur á þjóðinni. Mér þykja þessar umr. broslegar, og ég verð að segja, að ég skil ekki þennan óstjórnlega ótta, sem grípur þessa hv. þm., aðeins út af því, að þeir skuli þurfa að mæta á lögreglustöðinni, áður en þeir fara af landi burt. Ég vil benda þeim á, að eins og nú er háttað, þurfa menn, áður en þeir fara til útlanda, að koma á lögreglustöðina til þess að fá sér vegabréf, svo að allt þetta tal um, að menn verði að mæta fyrir rétti, er út í bláinn. Menn verða að fara á lögreglustöðina til þess að fá sér vegabréf, og hér er aðeins farið fram á, að þeir um leið útfylli skýrslu um það, hvernig þeir hafi aflað sér erlends gjaldeyris, til þess að sjá um, að menn fari ekki til útlanda og greiði þar fyrir sig með ólöglegum gjaldeyri. Það má þá alveg eins segja, að óviðkunnanlegt sé, að menn skuli þurfa að mæta á lögreglustöðinni til þess að fá sér vegabréf. (JJós: Þetta er útúrsnúningur). Nei, það er ekki útúrsnúningur; það var aðalatriðið hjá þeim, að þeir þyrftu að mæta fyrir rétti, og þá má alveg eins segja, að menn verði að mæta fyrir rétti, þegar þeir fara á lögreglustöðina til þess að fá sér vegabréf.

Er það að mæta fyrir rétti, að útfylla skýrslu um gjaldeyri og hvernig hans hefir verið aflað og ef þeir hafa ekki aflað gjaldeyris, hjá hverjum þeir ætli að dvelja, svo að ekki verði kostnaður að? Þetta er aðeins nauðsynlegt „kontrol“ með gjaldeyrisverzluninni. Það er nú öll þjóðarsmánin.

Viðvíkjandi því, að hér sé verið að meina mönnum að fara til útlanda, þá er það að segja, að þó að einhverjir kunni að verða að setjast aftur vegna vöntunar á gjaldeyri, þá held ég, að þar sé enginn þjóðarskaði skeður um ýmsa, sem ekki hafa getað farið, og þeir, sem settir hafa verið aftur, það eru þeir, sem hafa viljað afla sér gjaldeyris á ólöglegan hátt, og það, sem vakir fyrir þessum hv. þm., er, að þeir, sem að undanförnu hafa getað farið utan með ólöglegum gjaldeyri, geti gert það áfram. Það virðist aðaláhugamálið, en hér er aðeins farið fram á, að gefnar séu skýrslur til þess að koma í veg fyrir ólöglega notkun gjaldeyris í sambandi við utanferðir. (JJós: Þó að hæstv. ráðh. sé kannske ekki þungur, þá er hann þó nógu þungur til að fljóta ekki á þessu hálmstrái). Ég skil ekki, hvað hv. þm. á við, hann er farinn að nota dulmál. (JJós: Ég á við þetta með vegabréfin).

Hv. 1. þm. Reykv. segist ekki kannast við, að samþ. hafi verið neitt í þessa átt í bankaráði Landsbankans. Ég tók fram, að ég hefði fengið tilmæli frá bankaráðinu um að flytja till. í þessa átt. Þar var ekki getið um, að neinn hefði verið fjarverandi eða á móti till., svo að ég leit svo á, að hún hefði haft einróma samþykki bankaráðsins; en það er ekki höfuðatriðið í þessu sambandi. Ég skil ekki þennan mikla mótþróa gegn þessu meinlausa ákvæði l. Ég sé ekki annað en að núv. ástand sé ákaflega óviðkunnanlegt, þar sem menn geta farið og fara utan eftir að gjaldeyrisnefnd hefir neitað þeim um gjaldeyrisleyfi. Eins og nú standa sakir, er ekki hægt að rannsaka þetta, nema mennirnir séu kærðir fyrir meint brot á gjaldeyrislögunum, en þá er betra að láta menn gefa skýrslu, svo að ekki þurfi að fara nánar út í það, nema sérstakt tilefni gefist til, og við þetta vinnst þó alltaf það, að fullt yfirlit fæst um utanfarir og þær ástæður, sem fólk gefur upp, sem hefir ekki keypt gjaldeyri í bönkunum, og það er strax mikils virði.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. fóru um það mörgum orðum, hvað siglingarnar væru þarfar. Það er rétt, menn sigla oft í þörfum erindum, en menn sigla líka oft erindisleysu, og mættu eins sitja heima í þeim gjaldeyrisvandræðum, sem nú eru. Heldur hv. þm. Vestm. ekki, að það væri eins gott að borga segldúkinn, sem hann var að tala um að hefði ekki verið greiddur, eins og að láta hina og aðra fara út um öll lönd og eyða þar gjaldeyri að þarflausu? Það er ekkert við því að segja út af fyrir sig, þó að menn sigli, en þegar menn þurfa að takmarka innflutninginn og erfiðleikar eru á að greiða nauðsynjavörur, þá er fyllsta ástæða að reyna að takmarka óþarfa siglingar.

Þá kem ég að þeirri till. minni, að taka burt úr frv. heimild fyrir útgerðarmenn til að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem þeir fá fyrir útgerðarvörur sínar, að því leyti sem þeir þurfa hann til útgerðarinnar. Hv. þm. Vestm. var harðorður út af þessari till. og viðhafði þar um hin verstu orð. Hann sagði, að það væri undarlegt af mér að beita mér á móti þessu ákvæði, þar sem ég hefði kveðið svo á, að Samband íslenzkra samvinnufélaga skyldi fá gjaldeyri sinn til þess að greiða með sínar vörur. Ég vil fyrst spyrja hv. þm., hvar það standi í þessu frv., að S. Í. S. skuli hafa þennan rétt, og hann mun svara, að það standi hvergi. Hverjir hafa þá veitt þennan rétt til að greiða kröfur S. Í. S. með þeim gjaldeyri, sem það hefir undir höndum? Ég skal svara því, að það er ekki ég. Það er gjaldeyrisnefnd, sem hefir heimilað það með samþykki bankanna, en ég hefi ekki verið spurður að því, því að það hefir ekki verið undir mig lagt. Það eru þessir aðiljar, sem hafa samþ. þetta, og það hefir verið samþ. vegna þess, að þeir hafa talið það eðlilegt, og við höfum oft rætt um það áður hér á þingi og verið færð fram rök fyrir því, hvers vegna það er eðlilegt, en það er vegna þess, að S. Í. S. hefir verið sjálfstæður aðili erlendis og fengið þar lán hjá bönkum til þess að greiða fyrir innflutningsvörur sínar, og greitt síðan lánin með útflutningsvörum sínum síðar á árinu. Það er m. a. til þess að halda við því lánstrausti, sem S. Í. S. hefir haft, og hefir hjálpað bönkunum mikið í gjaldeyrisvandræðunum, að þetta hefir verið samþ. En þetta, að samþ. hefir verið að

hafa það svo með S. Í. S., sýnir, að hægt er að fara þessa leið samkv. gildandi l. og frv., þó að brtt. mín verði samþ., en það liggur þá aðeins undir ákvörðun gjaldeyrisn. og bankanna, hvort þeir telji rétt að fara þessa leið, og þar komum við að aðalatriði málsins. Ég tel, að það eigi að vera á valdi þessara aðilja, bankanna og gjaldeyrisnefndar, að hverju miklu leyti eigi að gefa slíka heimild, en þingið eigi ekki að setja sérákvæði um sérstaka aðilja.

Ég skal taka það fram, að þessum aðilja hefir einnig verið veitt svipað leyfi í ýmsum öðrum tilfellum. T. d. man ég eftir einu útgerðarfyrirtæki, sem hafði keypt verksmiðju og fékk leyfi til þess að halda eftir til þess að greiða fyrir hana, og fleiri dæmi svipuð eru til. En til þess að bankar og gjaldeyrisnefnd geti haft þessi mál sem bezt á valdi sínu, þá á ekki að gera undantekningarnar í l., heldur á að leggja það undir vald gjaldeyrisnefndar og bankanna, hvað rétt sé að gera á hverjum tíma, og ég efast ekki um, að þessir aðiljar séu sammála um að reyna að gera það, sem eðlilegt er, en takmarka þó þær undanþágur, svo að ekki skapist óviðráðanlegur glundroði í framkvæmd gjaldeyrismálanna.

Ég vil algerlega vísa á bug öllum svigurmælum hv. þm. til mín fyrir fjandskap í garð sjávarútvegsins. Ég hefi ekki heldur haldið neinar hrókaræður um það, sem ég hafi gert fyrir sjávarútveginn, en ég get vísað til alls þess, sem hv. 1. þm. Reykv. taldi upp í ræðu sinni áðan, sem gert væri fyrir þann atvinnuveg, og eins og hv. þm. Vestm. veit, hefi ég staðið að öllum þeim ráðstöfunum, og ég get sagt það, að ég hefði viljað gera miklu meira, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfði það. Ég sé því ekki ástæðu fyrir hv. þm. Vestm. að vera með neinn skæting til mín út af brtt. minni; hún er ekki fram komin til að vera steinn í götu sjávarútvegsins, heldur vil ég, að bankarnir og gjaldeyrisn. hafi valdið yfir gjaldeyrinum, eins og verið hefir, af því það er bæði eðlilegt og nauðsynlegt.

Ég ætla ekki að fara langt út í það að ræða um gjaldeyrisástandið yfirleitt. Mér er vel kunnugt um þau vandræði, sem oft eru á því að greiða allar þær upphæðir, sem þarf að greiða til útlanda fyrir sjávarútveginn, og hinsvegar hvernig bankarnir hafa lagt sig í líma til þess að greiða þær, enda hefir það tekizt svo, að ekki hefir þurft að hefta eða stöðva framleiðsluna fyrir það, að útgerðarvörur hafi skort. Þrátt fyrir alla þá erfiðleika, sem eru með erlendan gjaldeyri, tókst á síðastl. sumri að gera út þann stærsta síldarflota, sem nokkurn tíma hefir farið að veiðum. Auðvitað var þetta aðeins hægt með hjálp bankanna, og mér er ekki kunnugt um, að nokkur hafi setið heima, sem ætlaði sér að gera út á síldveiðar.

Ég skal nefna tvær ástæður af mörgum, sem eru fyrir þeim gjaldeyriserfiðleikum, sem nú eru. Önnur er sú, að meiri hl. hinnar miklu framleiðslu síldarafurða frá síðastl. sumri er enn óseldur, en á þá framleiðslu var vitanlega treyst, þegar ýms kaup voru gerð í útlöndum. Hin ástæðan er samskonar. Það liggur gríðarstór vöruforði óseldur af gærum, sem nánast hefir reynzt ómögulegt að selja nema í Þýzkalandi, og það inn á „clearing"-reikning, sem verður til þess, að innieign í Þýzkalandi um áramót verður mjög há. Ef hægt hefði verið að selja þessa vöru fyrir frjálsan gjaldeyri, þá mundu erfiðleikarnir hafa verið miklu minni en þeir eru nú. Þetta kemur nú í sjálfu sér ekki við því atriði í frv., sem við erum að ræða um, en ég tek þetta fram vegna orða, sem hér hafa fallið. Nú er ég ekki viss um það, þó útgerðarmönnum væri leyfður frjáls hluti gjaldeyrisins, eins og um er talað, að öll þeirra vandræði væru þar með leyst, og að þeir ættu þá alltaf létt með þessar greiðslur. Það hefir átt sér stað, og það mjög áberandi, að sala hefir dregizt þannig, að gjaldeyri fyrir framleiðsluvörurnar hefir ekki verið hægt að nota til að greiða útgerðarkostnaðinn. Ætli útgerðarmenn þyrftu þá ekki að koma til bankanna og biðja um gjaldeyri, þó vörurnar væru óseldar? Skyldi það ekki vera svo, að bezt færi á því, að lausn þessara mála á hverjum tíma yrði bezt með samvinnu allra þessara þriggja aðilja, útgerðarmanna, bankanna og gjaldeyrisnefndar? Ég held, að svo sé, og þess vegna sé ekki rétt að gera neina undantekningu með vissan hóp manna. Það fer áreiðanlega bezt á því, að þetta verði eftirleiðis svo sem verið hefir í l. og að útgerðarmenn eins og aðrir semi við þá samninga, sem þeir geta fengið við gjaldeyrisnefnd og bankana á hverjum tíma.

Þá flytur hv. 1. landsk. brtt. við þá brtt. sína, sem áður var fram komin, sem virðist eiga að skylda gjaldeyrisnefnd til að veita hverjum útvegsmanni innflutningsleyfi á þeim vörum, er hann telur sig þurfa til útgerðarinnar. Svo erfitt sem það yrði að framkvæma ákvæði frv. eins og það nú er, þá yrði þetta þó hálfu verra, ef þessi brtt. yrði samþ. Samþykkt brtt. mundi leiða það af sér, að hver bóndi ætti að fá leyfi til að selja sinn gjaldeyri og kaupa vörur fyrir erlendis. Mundi þetta því skapa slíkan glundroða, að ekki yrði við neitt ráðið. Ég vil því alvarlega ráða hv. þdm. frá því að samþ. þessa brtt. Það getur vel verið, að hv. 1. landsk., eins og hv. þm. Vestm., geri mér upp fjandskap við sjávarútveginn fyrir það, að ég get ekki fallizt á þessa till. hans, en ég veit, að hv. þdm. skilja, að svo er ekki, heldur er ég á móti brtt. vegna þess, að ég vil koma í veg fyrir óviðráðanlegan glundroða í þessu efni. Til staðfestingar því, að þetta er ekki sprottið af fjandskap frá minni hálfu, heldur þvert á móti, vil ég benda á það, að þar, sem útvegsmenn hafa stofnað með sér innkaupssamtök til þess að fá vörur með lægra verði, hefi ég verið starfsemi þeirra hlynntur og stutt hana, t. d. olíuinnkaup o. fl., svo ég vil algerlega vísa á bug öllum aðdróttunum í minn garð um fjandskap til þessara manna.

Ég vil svo benda á það, hvort ekki væri eðlilegt, eins og mér hefir heyrzt á einum hv. þm. í fjhn., að annaðhvort væru allar brtt. teknar aftur til 3. umr. eða þessari umr. frestað. Helzt vildi ég þó, að þær yrðu teknar aftur til 3. umr., svo fjhn. gefist kostur á að taka þær til nýrrar

athugunar. Ég fyrir mitt leyti get tekið mína brtt. aftur til 3. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég gat um það í upphafi þessarar umr., að fjhn. hefði ekki getað athugað þær brtt. allar, sem komnar voru fram í byrjun umr., og síðan hafa tvær brtt. bætzt við. Ég get því tekið undir það, sem hæstv. fjmrh. benti á síðast í ræðu sinni, að ekki væri óeðlilegt, þó allar brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr., svo n. ætti kost á því að taka þær til athugunar. Skýt ég þessu til hv. flm. tillagnanna, þó ekki svo að skilja, að ég sé að biðja þá að taka till. aftur eða að í orðum mínum felist nokkurt fyrirheit um, að n. fallist á brtt. — Ég hefi svo ekki annað um þetta að segja, fyrr en ég heyri, hversu þessari uppástungu er tekið.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Þar sem hæstv. fjmrh. hélt því fram sérstaklega í ræðu sinni hér í gær, að útgerðarmenn fengju yfirleitt gjaldeyri fyrir þeim vörum, sem þeir þyrftu að kaupa til útgerðar sinnar, þá stangast það allóþyrmilega við þær sögur, sem útgerðarmennirnir sjálfir hafa af þessu að segja. Væri þetta hinsvegar rétt hjá hæstv. fjmrh., þá verður enn óskiljanlegra, að hann skuli vera á móti brtt. minni, því hún yrði þá ekki annað en lagaleg staðfesting á því, sem hann telur, að viðgengizt hafi í þessu efni. **(Fjmrh.:** Hv. þm. hefir hlotið að misskilja mína ræðu). Hæstv. ráðh. hefir þá meint annað en hann sagði. Enda er langt frá því, að útvegsmenn hafi svo rúmar hendur. Vegna gjaldeyrisskorts eru þeir, svo maður taki eitt dæmi, nauðbeygðir til að kaupa veiðarfæri af innlendum veiðarfæraverzlunum við okurverði, samanborið við það verð, sem þeir gætu fengið með því að kaupa þessar vörur utanlands, ef þeir hefðu gjaldeyri til þess. Með því að kaupa þessar vörur úti gætu þeir hagnazt um 20—25% miðað við innlenda verðið. Það vill svo vel til, að ég hefi hér samanburð á verði á veiðarfærum hér og í Noregi í tilboðum frá tveimur stærstu veiðarfæraverzlunum í Reykjavík og tveimur veiðarfæraverzlunum í Noregi. Þessi tilboð hafa verið gefin Samvinnufélagi Ísfirðinga, og er verðið cif. verð. Af þessum tilboðum sést, að 5 pd. lína tjörguð kostar pr. dúsin hjá Veiðarfæragerðinni kr. 115,75, hjá Ellingsen kr. 112,95, en hjá öðru norska firmanu kr. 94,54 og hinu 95,66. Á sama hátt kostar 8 pd. lína pr. dúsin kr. 178,42 hjá Veiðarfæragerðinni, kr. 177,65 hjá Ellingsen, kr. 149,26 og kr. 148,09 hjá norsku firmunum.

Öngultaumar 1000 stk. kosta hjá Veiðarfæragerðinni kr. 6,75, hjá Ellingsen kr. 6,85, en hjá norsku firmunum kr. 6,36 og kr. 5,62.

Þetta er enginn smáræðis blóðskattur fyrir útgerðina, sem stafar af því, að henni er synjað um nægilegan gjaldeyri til þess að kaupa sínar nauðsynjar á frjálsum markaði. Þetta er vafalaust ein af stærstu ástæðunum fyrir því, hve útgerðin ber sig illa. Að vísu mundi til þess þurfa allmikinn gjaldeyri, ef útgerðarmenn ættu að fá öll sín veiðarfæri frá útlöndum, en þá er það spurning, hvort það á hinn bóginn væri nokkur skaði fyrir gjaldeyrisjöfnuð landsins, þar sem sjávarútvegurinn mundi þá veita meiri gjaldeyri, vegna þess að hann bæri sig betur, því ég efast ekki um, að með þessu væri þungum bagga létt af útgerðinni. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki nóg fyrir útgerðarmenn að fá gjaldeyrisleyfi fyrir vörum til útgerðarinnar; þeir þyrftu líka að fá innflutningsleyfi fyrir þeim. Ég get þakkað hæstv. ráðh. fyrir hans bendingar, en viðbótartill. mín fer í þá átt að tryggja útgerðinni innflutningsleyfi. — Þá er önnur brtt. mín um að fella niður gjöld fyrir leyfin. Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti að vera meginregla, að kostnaður af hverri n. ætti að vera borinn uppi af þeirri atvinnugrein, sem n. væri stofnuð og starfaði fyrir. Nú er víst óhætt að fullyrða, að verzlunarstéttin telur ekki, að gjaldeyrisnefnd sé stofnuð fyrir sig, enda mun hún ekki bera kostnaðinn, heldur almenningur með hækkuðu vöruverði. Ég er andvígur tollum á nauðsynjavörum; þess vegna er ég líka andvígur þessu gjaldi, sem ekki er annað en dulbúinn tollur á nauðsynjum almennings.

Viðvíkjandi tilmælum hv. 1. þm. Eyf. um að taka allar brtt. aftur til 3. umr., þá get ég fyrir mitt leyti fallizt á það

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég sé nú varla nokkurn hv. þdm., en það, sem ég ætlaði að segja, var nokkurt svar til hæstv. fjmrh., sem ekki er hér staddur. — Hæstv. fjmrh. gerði lítilfjörlega tilraun til að bera í bætifláka fyrir sig gegn því, sem ég hélt fram með fullri einurð í ræðu minni, að hæstv. ráðh. færi fram með óréttlæti í garð sjávarútvegsins. Hæstv ráðh. var að tala um, að ég hefði verið með skæting í sinn garð. Ég kannast ekki við, að það sé rétt, a. m. k. var það ekki gert að yfirlögðu ráði. **(Fjmrh.:** Það hefir máske verið óviljandi). En hæstv. ráðh. verður að skilja það, að þegar hann annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi ber fram og beitir sér fyrir lagaákvæðum, sem auðsjáanlega stofna til misréttis meðal þegnanna, þá verður að velja þeirri framkomu hans þau orð, sem verðskulduð eru. Það er kannske af því, að ég er meiri skapmaður en hæstv. ráðh., að ég get ekki að því gert, að mér hleypur kapp í kinn við að horfa á það þing eftir þing, að hlutur útvegsmanna er fyrir borð borinn og neitað er um lítilfjörlegustu ákvæði til að greiða fyrir útgerðinni, og sjá og heyra hæstv. fjmrh. standa fremstan í flokki gegn hagsmunum útvegsins. Hann hélt því fram, að þau miklu friðindi, sem eitt fyrirtæki í landinu, Samband ísl. samvinnufélaga, hefir, þar sem það hefir óskorað vald yfir meiri hluta af öllum sínum gjaldeyri, væru ekki gefin fyrirtækinu frá honum, heldur væru það bankarnir og gjaldeyrisn., sem hefðu úthlutað S. Í. S. þessum friðindum. En þessar stofnanir, bankarnir og gjaldeyrisnefnd, eru fyrst og fremst undir yfirstjórn hæstv. fjmrh., og ef hann hefði ekki lagt sitt samþykki á þessa ráðstöfun, þá hefðu bankar og gjaldeyrisn. ekki veitt S. Í. S. þessa undanþágu upp á sitt eindæmi. Ég er ekki að sakast um það, þó S. Í. S. fái þessi friðindi; hitt vil ég ásaka hæstv. ráðh. fyrir, að hann skuli standa í vegi

fyrir því, að önnur fyrirtæki, sem eins stendur á fyrir og S. Í. S., fái samskonar réttindi. (Fjmrh.: Hvar er ég með brtt. mínum að fara fram á það, að S. Í. S. fái nokkur sérréttindi?). Það stendur hvergi neitt um það í frv., en þessi fríðindi eru veitt í „praksis", eins og hæstv. ráðh. veit. Það, sem hæstv. ráðh. vill, er, að S. Í. S. sé hafið yfir lög og rétt, og ef nokkur dirfist að átelja þetta ranglæti, þá er hann bara sakaður um óviðurkvæmilegt orðfæri.

Hæstv. ráðh. var að tala um það með miklum fjálgleik, að valdið ætti að vera í höndum bankanna og gjaldeyrisn. framvegis, og vildi hann þvo hendur sínar af gerðum þessara stofnana, sem eru óskeikular í hans augum, og var sannfæring hans um óskeikulleik bankanna aldrei sterkari en í síðustu ræðu. En hvað segir svo það frv., sem hér liggur fyrir? Í 2. gr. frv. er einmitt verið að draga þetta vald úr höndum bankanna og gjaldeyrisn. og flytja það í hendur ráðh. Það, sem áður þurfti samþykki bankanna til þess að fá gildi, getur nú orðið gildandi að fengnum till. bankanna. Allir, sem komnir eru til vits og ára, skilja það, hver munur er á samþykki og tillögum. Þetta skýtur nokkuð skökku við hjá hæstv. fjmrh., að reyna að skjóta fyrir sig sem skildi þeim stofnunum, sem verið er að draga valdið frá.

Þá sagði hæstv. ráðh., að vald það, er S. Í. S. hefir yfir sínum gjaldeyri, væri svipað því, sem aðrar stofnanir hefðu fengið eftir ráðstöfun gjaldeyrisn. Þetta er algerlega rangt. Það er ekki hægt að kalla það neitt svipað, þó einstök félög eða fyrirtæki hafi fengið leyfi á litlum ákveðnum hluta af sínum gjaldeyri í einstökum tilfellum. Slíkt er ekkert hliðstætt réttindum S. Í. S., sem hefir frían gjaldeyri til að kaupa fyrir það, sem því sýnist, hvort sem það er korn, nýlenduvörur, vefnaðarvörur eða annað. Því það er engin stofnun í landinu, sem hefir rétt til svo mikið sem að spyrja S. Í. S., til hvers það noti sinn frjálsa gjaldeyri, hvað þá að gera nokkrar aths. um það, hvernig hann sé notaður. Enginn annar þegn í þjóðfélaginu á við slík skilyrði að búa. Hæstv. ráðh. stóð hér á Alþingi fyrir 2 árum í sömu sporum með sömu röksemdir og nú, og ég sýndi honum fram á þá, að hann hefði algerlega rangt fyrir sér, en hann hefir ekkert lært síðan. Nei. Það stendur hvergi í l., að S. Í. S. eigi að hafa undanþágu með sinn gjaldeyri, en ég fullyrði, að sú undanþága er engu að síður veitt með vilja og leyfi hæstv ráðh., þess sama ráðh., sem vill útiloka það, að nokkur annar, útgerðarmaður eða aðrir, fái frjálsan gjaldeyri til allra nauðsynlegustu hluta. Þetta skarð, sem hann er að tala um, að við viljum höggva í gjaldeyri landsins, er ekkert nýtt skarð, því hvort sem það væri nú hæstv. ráðh., bankarnir eða gjaldeyrisn., sem veitt hefir S. Í. S. yfirráð yfir meiri hl. af sínum gjaldeyri, þá er þar komið þetta skarð, sem hann er að tala um. Það er því ekkert nýtt skarð, sem við erum að gera með okkar till. Ég skal játa, að þetta út af fyrir sig getur verið rétt hjá hæstv. ráðh., að sem gjaldeyrismúrveggur séu l. traustust án undanþágu. En það er undarlegt, að hæstv. ráðherra heldur þessu fram um leið og hann líður slíka framkvæmd á lögunum sem ég hefi lýst.

Við, sem vitum, við hvaða kjör útvegsmenn eiga að búa, gerum okkur ekki ánægða með löggjöfina, þó að hæstv. ráðh. sé ánægður með hana. Þess vegna viljum við reyna að fá löggjafann sjálfan til að unna útvegsmönnum einhvers hluta af þeirri sanngirni, sem þeir eiga óskoraðan rétt á. Hæstv. ráðh. getur með fjálgleik vísað á bug öllum ádeilum í þessu efni, en það verður harla haldlítið, þegar verkin sjálf tala.

Út af þeim sérstöku ummælum hæstv. ráðh., sem snerta þau afrek, sem Alþ. væri nú búið að vinna í þágu útvegsins, verð ég að segja, að þó að það sé út af fyrir sig þakkarvert, að útflutningsgjaldi var létt af saltfiski, eru svo margir aðrir nýir skattar lagðir á sömu mennina, að ég er viss um, að þeirra hagur batnar ekki, þegar á allt er litið. Það kostar ríkissjóð 220 þús. kr. að gefa eftir útflutningsgjald af saltfiski, en hinir nýju skattar nema á 2. millj. kr. Ekki lítill hluti af því kemur niður á útvegsmönnum. Með þessu frv. er enn vegið í sama knérunn, þar sem lögð eru 2‰ á öll leyfi, þannig að þegar útgerðarmaður fær 1000 kr. leyfi fyrir hlutum til útgerðarinnar, á hann að gjalda 2 kr. Það er rétt að viðurkenna þá tilraun að létta undir með útgerðinni með því að létta útflutningsgjaldi af saltfiski, en þegar litið er á hitt, hvað við bætist í sköttum, er sú hjálp ekki þung á metunum.

Hæstv. ráðh. minntist á ádeilur frá hv. 1. þm. Reykv. og mér vegna skilyrðisins um löggregluyfirheyrslu áður en menn taka sér ferð á hendur til útlanda. Hæstv. ráðh. fannst ekki mikið að þessu, að mæta hjá lögreglustjóra í þessu erindi, og gerði samanburð á því og að fá sér vegabréf. Það er nú tvennt ólíkt, enda var það ekki það, sem fyrir mér vakti, að menn væru hræddir við að „sjá framan í sýslumanninn", heldur er það niðurlæging fyrir landsfólkið að eiga að gera lögreglunni grein fyrir hverju smáatriði, hvar þeir ætli að búa erlendis og hver hjálpi þeim um peninga til fararinnar. Allt þess háttar er fullkomið einkamál, þar sem um frjálsa þjóðfélagsborgara er að ræða. Hæstv. ráðh. talar um þetta eins og maður, sem lítið hefir ferðazt og lítið vit hefir á þessum hlutum. Vegabréf eru sjálfsögð í öllum löndum. Maður á það ekki undir neitt yfirvald að sækja að fá vegabréf. Hitt ákvæðið er allt annars eðlis. Það er lagt undir úrskurð og duttlunga gjaldeyrisn. og lögreglustjóra, hvort þeir aðiljar láta sér nægja þær upplýsingar, sem borgararnir gefa. Það getur verið, að framkvæmdin á þessu verði meinlaus, en það er jafnóviturlega til hennar stofnað eigi að síður. Vegabréf eru hálmstrá hjá hæstv. ráðh. Það er hvarvetna sjálfsagt, að menn, sem ferðast landa á milli, hafi vegabréf til þess að geta sýnt, hverjir þeir eru, og lögregluyfirvöldunum er skylt að láta þau af hendi, ef þau eiga ekkert útistandandi við manninn. Hitt er nýmæli í löggjöf þjóðanna, að frjálsir borgarar

eigi það undir lögreglunni, hvort þeir megi ferðast til annars lands.

Hæstv. ráðh. segir, að þeir séu nokkuð margir, sem fari ónýtisferðir og erindisleysur. En það er ekki hægt að vita fyrirfram. Það er eins og hver annar sleggjudómur, að enginn hafi neitt að gera til útlanda nema t. d. kaupmenn eða bankastjórar. Það er eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, einkamál hvers borgara, hvort hann tekur sér ferð á hendur lengri eða skemmri tíma, og eins er það einkamál, við hvaða menn hann ætlar að skipta og hvað hann ætlar að hafa sér til uppihalds. Ég gæti trúað, að það yrði almennt, að menn vildu alls ekki lúta þessu, heldur ferðuðust með togurum og flutningaskipum, en þá gæti Eimskipafél. misst mikils í af fargjöldum.

Ég held, að ég hafi þá nokkurnveginn gert mótbárum hæstv. ráðh. skil og sýnt fram á, að lítið hald er í hans vörn, enda er þess ekki að vænta, þar sem hann er að berjast við að lögfesta nýmæli, sem hefir í för með sér óeðlilega þvingun og setur á þjóðina stimpil menningarleysis, en hitt, sem hæstv. ráðh. er að reyna að verja, er, að haldið sé áfram að sitja á hlut útvegsmanna með gjaldeyrisráðstöfunum, um leið og vitanlegt er, að aðrir aðiljar, sem selja vörur til útflutnings, fá að græða stórfé á því að hafa sinn gjaldeyri frjálsan. Ég öfunda ráðh. ekki af málstað hans. Og þó að hann fyrir flokksfylgi fái hrundið viðleitninni til þess að beina þessum málum á réttan veg, tel ég hann ekki öfundsverðan af þeim sigri.

Ég mun gangast inn á að taka aftur brtt. mínar til 3. umr., en ég vænti, að hv. n., sem fær brtt. til meðferðar, geri einhverja yfirbót, sem viðunandi sé.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins lýsa yfir því, út af þeim tilmælum, sem fram hafa komið, að ég mun taka aftur brtt. mínar til 3. umr., ef allir, sem brtt. eiga, fallast á hið sama.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég er fús til að taka aftur mínar brtt.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Mér skilst, að samkomulag sé orðið um að taka aftur allar brtt. til 3. umr.

Hv. þm. Vestm. sagði, að ég væri að reyna að koma því til leiðar, að þegnar þjóðfél. væru beittir misrétti. Það er ekki rétt, því að mínar till. eru einmitt á þann veg, að engum sérstökum aðilja er veittur sérstakur réttur. Í frv. eru engum veitt sérréttindi, en gjaldeyrisn. og bankarnir geta úrskurðað, hvort undanþágur á að veita eða ekki. Það er því engin ástæða fyrir hv. þm. að rjúka upp á nef sér og væna mig um hlutdrægni og óvináttu í garð sjávarútvegsins. Ef veittar væru undanþágur fyrir eina stétt, gæti það leitt af sér erfiðleika í framkvæmd gjaldeyrislaganna. Þá mundu koma fram kröfur frá öðrum aðiljum um sömu réttindi.

Hv. þm. Vestm. segir, að ég vilji, að S. Í. S. standi utan við lög og rétt. Ætlar hann að halda því fram, að Sambandið hafi fengið sinn rétt ólöglega? Nei, það er heimild til þess í þessum l., og eins til að veita útgerðarmönnum undanþágu, ef bankarnir og gjaldeyrisn. álíta það mögulegt.

Það er rangt hjá hv. þm., að aðrir hafi ekki samskonar undanþágur og Sambandið. Það er úr lausu lofti gripið, og það veit hv. þm. vel, því að það er samskonar undanþága, þegar síldarútvegsmenn, sem fá leyfi til að flytja inn tunnur, mega halda eftir af verði útflutningssíldar til þess að greiða innflutningsvöruna með. Sambandinu er skylt að nota sinn gjaldeyri eingöngu til greiðslu á vörum, sem það fær innflutningsleyfi fyrir, og það verður eins og aðrir að gefa sínar skýrslur, þegar þess er krafizt.

Ég benti á það um ferðamennina, að það er ekki meira, þó að þeir fylli út eyðublað um, hvernig stendur á þeirra ferðum, en þó að þeir fái sér vegabréf. Ég geri ráð fyrir, að flestir hafi gjaldeyrisleyfi, og ég býst ekki við, að framkvæmdin verði svo naglaleg, að hún komi neinum illa. Ég skil því ekki, hvað andmælendurnir gera mikið úr þessu ákvæði.

Ég mun taka aftur brtt. mína um að fella niður undanþáguheimildina, og fer fram á það, að n. eigi viðtöl við form. gjaldeyrisn. og fulltrúa frá bönkunum. En það er þó áríðandi, að málið tefjist ekki mjög.

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 44. og 46. fundi í Ed., 8. og 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 13. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 167, 185, 208, n. 221, 222, 223, 246, 253, 336).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 336. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Allar brtt. við þetta mál voru ræddar ýtarlega við 2. umr., svo að ég býst við, að þessar umr. muni aðallega snúast um hinar nýju brtt., sem eru fram komnar síðan.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Við 2. umr. voru þær brtt., sem hér liggja fyrir, nema brtt. á þskj. 336, teknar aftur til 3. umr., til þess að fjhn. tæki þær til athugunar á milli umr. Fjhn. hefir síðan haldið fund og rætt till. nokkuð, og einnig málið í heild sinni, en samkomulag hefir ekki orðið í n. um till., og þess vegna hefi ég ekki neitt sérstakt um þær að segja frá hálfu n. Það var ráðgert á fundinum að ræða málið við stjórn Landsbankans, en úr því hefir ekki orðið. Aftur á móti hefi ég rætt málið við formann innflutnings- og gjaldeyrisn., og hann er mótfallinn till., sem fyrir lágu við 2. umr. að undantekinni till. á þskj. 223, frá hæstv.

fjmrh. Að því er snertir till. um það, að veita útvegsmönnum undanþágu frá l., og reyndar fleirum, þá telur hann, að það sé mjög varhugavert, og að ýmsir aðrir gætu haldið því fram, að þeim bæri sami réttur. Hitt muni ekki koma til, að á því standi, að útgerðarmenn fái leyfi og gjaldeyri til nauðsynlegra útgerðarvara.

Þá hefir 3. mgr. 1. gr. orðið nokkurt deiluefni, og hefir komið fram till. um að fella hana niður. Ég hefi leyft mér, án þess að bera mig saman við meðn. mína, að bera fram till. um breyt. á málsgr., nefnilega að fella niður ákvæðið um, að óheimilt sé að selja farmiða, nema menn hafi vottorð frá lögreglustjóra um, að þeir hafi gefið þá skýrslu, sem um er að ræða. Samkv. till. minni er ferðamönnum engu að síður skylt að gefa þessa skýrslu, en það á bara ekki að ganga eftir hemi áður en farmiði er seldur. Ennfremur legg ég til þá breyt., að skýrslan skuli gefin annaðhvort lögreglustjóra eða tolleftirlitsmanni. Er þetta gert til þess að létta framkvæmdina. Ég vænti þess, að till. mína á þskj. 336 megi skoða sem málamiðlun og að hv. þdm. geti sætzt um þetta atriði.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég heyrði hv. frsm. ekki minnast á afstöðu n. til hinna ýmsu till., m. a. til till. minnar, hvort hv. n. er með henni eða móti. Ég óska eindregið eftir umsögn n. um það, hvort gjaldeyrisn. hefir leyfi til að neita um gjaldeyri, ef till. mín verður felld, þar sem það mundi vera í ósamræmi við lögin.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég gat um það, að n. hefði að vísu rætt þetta mál á fundi, en að samkomulag hefði eigi náðst um till. og því engin ákvörðun um þær tekin. Nm. hafa sem sé óbundin atkv. um allar till. Annars get ég sagt það fyrir mig, að ég get fallizt á till. hv. þm. (SÁÓ). Það má vel vera, að hinir nm. geti það líka. Ég man ekki til, að þessi brtt. væri sérstaklega rædd í n., heldur aðallega tillögurnar um gjaldeyri útgerðarmanna og um ferðamennina, því þetta tvennt hafði valdið mestum ágreiningi við 2. umr.

***Magnús Jónsson:** Hv. frsm. sýndi mér samkomulagstill. sína varðandi gjaldeyri til utanfara, og mér þykir hún betri en ákvæði frv. Hún hefir einkum dregið talsvert úr því, hvað menn eru ófrjálsir ferða sinna samkv. frv. Að ekki mátti selja mönnum farseðil, nema þeir sýndu vissar skýrslur, setti óþolandi ófrelsismark á alla þjóðina og var enda alveg óþarft ákvæði. Þetta er numið burt í till. hv. frsm., án þess þó, að tekinn sé úr frv. að öðru leyti sá hemill, sem það leggur á utanferðir landsmanna. Ég gat ekki fallizt fullkomlega á till. og vildi því ekki heldur taka æftur mína brtt. Ég býst við, að mín till. komi fyrr til atkv., þar sem hún gengur lengra.

***Jóhann Jósefsson:** Ég heyrði, að hv. frsm. sagði, að hann hefði átt tal við formann gjaldeyrisn. um gjaldeyri til útgerðarmanna, og hefði hann talið víst, að útgerðarmenn mundu fá leyfi og nauðsynlegan gjaldeyri fyrir útgerðarvörum. Ég efa það ekki, að formaður gjaldeyrisn. hafi sagt þetta, né heldur hans góða vilja til þess að verða við réttmætum óskum útgerðarmanna um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, ekki sízt fyrir það, að núverandi formaður gjaldeyrisn. hefir mikla þekkingu á því, hvaða vörur eru útgerðarmönnum nauðsynlegastar. En ég sannaði það við 2. umr. þessa máls, að þrátt fyrir vilja gjaldeyrisn. er það svo, að útgerðarmenn fá ekki nærri því þann gjaldeyri, sem þeir nauðsynlega þurfa, og sízt nógu snemma. Ég þarf ekki að endurtaka þau dæmi, sem ég las upp. Þau eru deginum ljósari um það, hve miklum óþægindum það veldur útgerðarmönnum, að hafa ekki umráð yfir neinum hluta gjaldeyrisins. Ég sannaði og við 2. umr., að í þessu efni á sér stað mikið misrétti á milli þegnanna, þar sem t. d. S. Í. S. er annarsvegar með meginið af sínum gjaldeyri frjálst, en útgerðarmenn algerlega í viðjum bankanna.

Það má geta þess, að síðan þessar umr. fóru fram, hafa útgerðarmenn komið til ríkisstj. með sín vandamál og sett fram kröfur, sem ganga lengra en hér í frv. Mér þykir fyrir því, að þau sönnunargögn, sem lögð voru fyrir hæstv. fjmrh. um hag útgerðarmanna, skuli ekki hafa mildað hans strangleik í þeirra garð. Ég geri ráð fyrir, að það tjái ekki á þessum vettfangi að færa fleiri rök fyrir þessu máli, hvorki fyrir því ranglæti, sem haft er í frammi, né fyrir nauðsyninni, sem knýr útgerðarmenn til að setja fram kröfur sínar. Það er bara að berja höfðinu við steininn. Og ég býst við eftir framkomu hv. fjhn., að hún sé ákveðin í því að vera ranglætisins megin í þessu máli.

Við, sem höfum bent á rétta leið í þessu efni, berum ekki ábyrgð á því, þótt þannig sé vegið enn á ný í hinn sama knérunn í mismun á útgerðarmönnum; það bera þeir, sem fyrir því standa. Benda mætti einnig á, og það ætti hæstv. fjmrh. að athuga, að svo mikið mál er þetta fyrir útgerðarmenn, að búast má við, að þeim verði að lokum nóg boðið.

Brtt. hv. 1. þm. Eyf. um gjaldeyrisverzlun, ég á við þá, sem er á þskj. 336, er mjög viðurkenningarverð. Hún er tilraun til málamiðlunar og gengur mjög í þá átt að taka sárasta broddinn af því ákvæði frv. að hindra frjálsa menn í ferðalögum sínum. Ég tel, að hv. 1. þm. Eyf. hafi farizt vel í þessu máli, þar sem hann hefir litið á þau rök, sem fram komu við 2. umr. gegn þessu ákvæði, en hinsvegar tel ég réttara, eins og hv. 1. þm. Reykv. líka hefir tekið fram, að ákvæðið væri alls ekki í frv., en brtt. hv. 1. þm. Eyf. er þó stórum til bóta.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég ætla að taka fram, að ég er meðmæltur till. hv. 1. þm. Eyf., sem er flutt á þskj. 336, um málamiðlun í þessu máli, og sætti mig vel við þau málalok eftir öllum ástæðum.

Ég ætla ekki að taka upp deilur við hv. þm. Vestm., og endurtaka með því það, sem við sögðum við 2. umr., þótt hann gæfi fullt til-

efni til þess með því að halda ræðu um ranglæti og fleira slíkt í sambandi við gjaldeyri útvegsmanna. Ég vil taka það fram, að þótt till. mín væri samþ., þá er heimilt að veita útgerðarmönnum eða félögum þeirra leyfi til að greiða af sínum eigin gjaldeyri fyrir vörur, sem réttlátt er, að þeir fái, og ég mundi reyna að fylgjast með, hvort ástæða væri til þess. En ég vil benda hv. þm. Vestm. á, að ekki er hægt að bera saman einstaka útgerðarmenn og félagsskap eins og Samband ísl. samvinnufélaga, sem er samtök heillar stéttar, en væri stofnaður líkur félagsskapur fyrir útgerðina, mundi ég taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að láta einnig hann öðlast þessa heimild, því það er fjarri mér að vilja gera nokkurn mun á einstökum stéttum.

Mín meining er að hafa gjaldeyrislögin sem heilsteyptust, svo að eftirlit sé með, að allur gjaldeyrir komist til skila. Ef fara ætti lengra út í þetta mál og taka sem dæmi, hvernig vöruverð er á sumum útgerðarvörum, eins og t. d. kolum og salti og olíu, mætti færa margt því viðvíkjandi sem rök fyrir því, að þessu máli væri betur komið án samþykktar þessa frv.

Ég skal taka fram, að ég hefi átt tal um þetta mál við bankastjóra Landsbankans, sem hefir einna mest með þessi gjaldeyrismál að gera, og hann var mér sammála um, að verra væri að hafa þetta ákvæði í l. Sama sagði formaður innflutnings- og gjaldeyrisn. Hitt er annað mál, hvernig þetta verður framkvæmt á hverjum tíma.

ATKVGR.

Brtt. 223,a samþ. án atkvgr.

— 223,b samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, BSt, HermJ, IngP, JBald, JJ, EÁrna.

nei: ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, GL, JJós, MJ.

SÁÓ greiddi ekki atkv.

Brtt. 185,1 kom ekki til atkv.

— 222,I tekin aftur.

— 246 kom ekki til atkv.

— 223,c samþ. án atkvgr.

— 208 felld með 9:6 atkv.

— 336 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 222,II felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, GL, JJós, JBald, JJ, MJ, ÞÞ, ÁJ.

nei: BSt, BrB, HermJ, IngP, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.

Brtt. 253 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 185,2 felld með 9:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:5 atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr í Ed. (A. 354).

Á 54. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.

***Frsm. minni hl. (Ólafur Thors):** Þetta frv., sem lagt var fyrir þessa hv. d., er nú komið hingað aftur eftir að hafa sætt meðferð í báðum d. Hér í hv. Nd. voru gerðar nokkrar breyt. á frv., og þar á meðal ein breyt., sem miklu máli skiptir, sú, að heimila útvegsmönnum að ráðstafa sjálfir þeim hluta síns eigin gjaldeyris, sem þeir þurfa til þess að kaupa vörur fyrir til sinnar útgerðar. Í hv. Ed. hefir þessi stefna hv. Nd. verið fyrir borð borin og þetta ákvæði numið burt úr frv. Ég mun því að nýju leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við frv. um þetta sama. Það er alveg orðrétt endurtekning á þeirri till., sem hv. Nd. samþ. og er prentuð á þskj. 114. Um rökstuðninginn fyrir þessari till. vísa ég til fyrri umr. um þetta mál ásamt upplýsingum, sem síðar hafa fallið í þinginu, m. a. í útvarpsumr. í gær, um nauðsynina á því, að útgerðin fái að njóta þessara fríðinda.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. G.-K. við 1. gr. frv., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 440.]

Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., svo að veita verður tvenn afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég gat ekki tekið þátt í umr. um þetta mál hér í hv. d. á sínum tíma, vegna þess að ég var þá upptekinn við umr. í hv. Ed. Vegna þess hve áliðið er orðið og mörg mál á dagskrá, ætla ég ekki að halda neina hrókaræðu um þann ágreining, sem er um sérstök atriði í sambandi við þetta frv., en ég verð að segja örfá orð út af þessari skriflegu brtt., sem fram hefir komið, um það að útgerðarmönnum skuli leyft með l. að ráðstafa hluta af sínum gjaldeyri til greiðslu á vörum útgerðarinnar. Menn mega ekki blanda tvennu saman í þessu tilfelli, annarsvegar heimild til þess að flytja inn vörur og hinsvegar möguleikanum á því að greiða vörurnar. Þessi till. mun engu breyta frá því, sem nú er um afstöðu útgerðarmanna til þess að flytja inn vörur, heldur breytir hún aðstöðu þeirra til þess að greiða vörurnar. Nú er það svo, eftir því sem ég hefi fengið upplýsingar um frá bönkunum, að þeir hafa fyrst og fremst reynt að greiða notaþarfir útgerðarinnar, og í mörgum tilfellum, þegar nauðsynlegt var vegna aðalnotaþurftanna, hafa bankarnir tekið á sig ábyrgðina, til þess að viðskiptin gætu gengið greiðlega, enda mun það vera svo, að í aðalatriðunum hafa ekki orðið nein vandkvæði á þessu. Hinsvegar vil ég benda á, að það yrði ákaflega erfitt að framkvæma l., ef hver einstaklingur hefði óskoraðan rétt að l. til þess að geta sjálfur sett gjaldeyri upp í vörur, sem hann kynni að flytja inn. Það þarf ekki að lýsa þessu hér; ég hefi oft talað um þetta. Fyrir mér er það aðalatriðið, að þessi l. verði þannig, að í þeim sé ekki glufa, sem hægt sé að nota til þess að fara í kringum þau, og það er af þeirri meginástæðu, sem ég legg áherzlu á, að engin sérstök undanþága verði í l. sjálfum. Ég vil benda á það, að ef það ætti að

fara að gera slíka undanþágu í l. sjálfum að því er útgerðarmenn snertir, þá væri eðlilegt, að hún yrði líka gerð fyrir aðra, og yrðu l. þá nær óframkvæmanleg. Hinsvegar vil ég segja hér það, sem ég sagði í hv. Ed., að ég mun taka það til athugunar í sambandi við þá aðilja, sem mest er falið að framkvæma þetta, hvort það mundi vera hægt vegna framkvæmda gjaldeyrisl. yfirleitt að veita félögum útgerðarmanna leyfi til þess að nota gjaldeyri til greiðslu á sínum eigin vörum.

Um hitt atriðið, að tryggja útgerðarmönnum innflutningsleyfi fyrir vörur, sem í raun og veru hlýtur að vera stærra atriði heldur en þetta, er það að segja, að það hefir engin till. komið fram hér í hv. d. um það, en út af afstöðu útgerðarmanna til innflutningsins vil ég taka það fram, og ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því, að innkaupafélög útgerðarmanna geti fengið slík leyfi, enda hefi ég gert það, þegar það hefir legið fyrir, að þeir hafa getað útvegað sér nauðþurftir sínar með hagstæðara verði heldur en þeir hafa talið, að þeir fengju annarstaðar. Það eru m. a. veiðarfæri og ýmislegt efni til veiðarfæra, sem eru að nokkru leyti framleidd hér og hafa reynzt töluvert dýrari en ef þau fengjust beint frá útlöndum. Ég vil mæla með því, að innflutningur sé leyfður, þegar verðmunur er verulegur á íslenzku framleiðslunni og jafngóðri erlendri vöru eða betri.

Mér er það aðalatriði, að lögin séu skýr og engin glufa opnuð til að smjúga um. Ég vænti þess, að hv. deild fallist á, að það sé nauðsynlegt, og ég mæli með því að samþ. frv. án þessarar brtt., m. a. vegna þess, hve orðið er áliðið þings og áríðandi, að málið nái fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Ólafur Thors): Ég vil ekki fara að vekja umr., þó að hæstv. fjmrh. hafi gefið fullt tilefni til þess. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að ég samþykki ekki orð hans, þó að ég láti þeim ósvarað í þetta sinn. Þarna er gamalt ágreiningsmál milli okkar, og verður ekki útkljáð nú.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég álít að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða — það, hvort útgerðarmenn geti fengið að flytja inn vörur til útgerðar sinnar sjálfir. Þegar ríkisstj. hefir undanfarið setið á fundum með fulltrúum frá útgerðarmönnum og þingflokkunum og verið að ræða um viðréttingarmöguleika útgerðarinnar, hefir þetta verið eitt stærsta atriðið. Hæstv. atvmrh. hefir lýst þeim hlunnindum, sem stjórnin vill veita útgerðinni, með því að létta af henni gjöldum og með framlögum úr ýmsum sjóðum, sem ríkið leggur fé til. Þetta er stuðningur, sem nemur, samkv. reikningi ráðh., rúmri milljón.

Frekari hjálp verður ekki veitt á þessu þingi nema með annars kyns aðgerðum. Milli flokka var mjög mikið rætt um þetta atriði, hvort útgerðarmenn gætu fengið umráð yfir þeim hluta gjaldeyris síns, sem þeir þurftu til þess að kaupa fyrir útgerðarvörur.

Að vísu vildu útgerðarmenn fá allan gjaldeyri sinn til að geta selt hann öðrum innflytjendum. En það nær ekki nokkurri átt. Þeir verða að gefa trygging fyrir því, að þeir noti ekki gjaldeyrinn fyrir innflutning, sem ekki kemur útgerðinni við.

Nú vil ég kasta þeirri spurningu fram, hve mikill hagur þetta gæti orðið fyrir útgerðina. Ég býst við, að erfitt sé að svara því nákvæmlega. Samkv. skýrslum um innflutning á útgerðarvörum árið 1932 hafa þær þá numið 8 millj. króna. Ég vil álíta, að svo framarlega sem útgerðarmenn mynda sjálfir innkaupafélög, ætti að vera hægt fyrir þá að lækka þessa upphæð um 10—20%. Því til stuðnings má nefna einstök dæmi: Hæstv. atvmrh. lét þess getið við umr. um þetta mál í gær, að verð á línum hefði stórlækkað, ég held um 17%, eingöngu af því, að farið var að tala um að fá fluttar inn ódýrar erlendar línur. — Verð á olíu hefir líka lækkað tvisvar á einum mánuði. Það er vitað, að kröfurnar um aukinn rétt þeirra, sem nota vöruna, til að flytja hana inn milliliðalaust, hafa leitt til þessa. Yrði lækkunin 10—15% og allt upp í 20% á 8 milljóna innflutningi, nemur sá sparnaður meir en heilli milljón króna, eða næstum eins miklu og allur hinn beini stuðningur, sem stj. telur fært að veita.

Þá vil ég víkja að því, sem hæstv. fjmrh. sagði um meðferð bankanna á gjaldeyrisbeiðnum til kaupa á útgerðarvörum. Hann taldi, að Landsbankinn léti slíkar greiðslur ganga fyrir öðrum. Þetta hefi ég haldið og þess vegna undantekið þær vörur, þegar ég hefi minnzt á misfellur í bankanum. En nú hefi ég fengið að vita, að Landsbankinn hefir líka „prótesterað“ víxlum fyrir þær vörur, og það getur haft viðtækar og alvarlegar afleiðingar.

Til þess að koma í veg fyrir fjárflótta, ef þessi breyting yrði samþykkt, hefi ég leyft mér að bera fram skrifl. brtt., sem er viðauki við brtt. á þskj. 440, frá hv. þm. G.-K. Ég álít, að ef þessi viðbótartill. min verður samþ., yrði hægt að hafa fullkomið eftirlit til þess að hindra allan fjárflótta, og auk þess er nauðsynlegt að taka fram um innflutningsleyfin.

En ef ekkert af þessu yrði samþ., þá efast ég ekki um, að loforð hæstv. fjmrh. yrði framkvæmt.

Ég álít það allra þýðingarmest að skipuleggja smáútvegsmenn í innkaupafélög og að ríkisvaldið eigi að hjálpa þeim til þess í þeirri erfiðu baráttu, sem þeir verða að heyja við hringana. Í þá átt gengur niðurlag brtt. minnar.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 5. þm. Reykv. við skrifl. brtt. frá hv. þm. G.-K., og hljóðar hún á þessa leið: [Sjá þskj. 441.]

Þar sem brtt. þessi er of seint fram borin, auk þess sem hún er skrifl., verður að veita tvöföld afbrigði frá þingsköpum, til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Það er ekki lítið fjárhagsatriði fyrir útgerðina, að leyfður sé innflutningur á veiðarfærum. Til dæmis vil ég nefna verðið á lóðum og öngultaumum hjá veiðarfæragerðinni íslenzku, borið saman við verð á norskum veiðarfærum. Óbikaðar 5 punda lóðir kostuðu hér til skamms tíma 115,50 kr. tylftin. Þó að afsláttur fengist, var verðið alltaf yfir 100 kr. komið á höfn út um land. Á sama tíma hefði mátt fá norskar lóðir fyrir 95—96 kr. frítt á höfn, að meðtöldum tolli. Óbikaðar 8 pd. lóðir voru á 186 kr. tylftin hjá Veiðarfæragerðinni, en bikaðar lóðir um 6—8% dýrari, eða um 198 kr. frítt um borð í Rvík, á sama tíma sem fá mátti samskonar 8 pd. lóðir frá Noregi fyrir nálægt 150 kr. tylftina. — Þegar hægt var að fá norska öngultauma, ¾ 20 þumlunga fyrir 5,62 kr. frá Noregi, kostaði sama tegund fyrst 7,50 kr. og seinna 6,75 kr. hjá Veiðarfæragerðinni. — Verðlækkun hefir að vísu orðið nýlega hjá Veiðarfæragerðinni, er nemur allmiklu meira en sá afsláttur, sem hún veitti stundum frá eldra verðinu. — Nú kostar tylftin af 5 pd. lóðum óbikuðum kr. 98,50, 8 pd. lóðum óbikuðum kr. 169,00, 5 pd. lóðum bikuðum kr. 104,50, 8 pd. lóðum bikuðum kr. 178,00 frítt um borð í Rvík.

Veiðarfæragerðin treystir sér ekki til að gefa neinn afslátt frá þessu verði, og virðist ekki hægt að svo stöddu að framleiða þessa vörutegund ódýrar hér. En norska verðið er alltaf lægra. Ég hefi ekki orðið var við, að neitt hafi komið fyrir, sem geti orðið til þess, að það breytist. Og þrátt fyrir þýðing þess að fá þennan iðnað inn í landið tel ég fyrir mitt leyti, að þessi þungi skattur á útgerðinni sé algerlega óviðunandi.

Ég skal ekkert um það segja, hvaða leið á að fara til að bæta úr þessu ranglæti og létta af þessum mikla skatti, sem lagður er á alla, sem stunda lóðaveiðar. En einhverja leið til þess verður að finna. Og það má ekki ganga svo frá þessu frv. hér í d., að ekki séu opnaðir möguleikar til þess.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það eru hreinustu vandræði, hvernig sumir hv. þm. tala um þetta mál. Hv. 5. þm. Reykv. (EOl) hélt, að verð á útgerðarvörum gæti lækkað um 10% a. m. k., ef útgerðarmenn fengju að ráðstafa gjaldeyri sínum sjálfir. Innkaupsverð á erlendum markaði mundi ekkert verða betra fyrir þá en aðra, þó að þeir gætu sett framleiðslu sína sem tryggingu, því að allur slíkur innflutningur er fluttur inn með bankatryggingu og mundi því ekki lækka um eina krónu við þetta.

Hitt er annað mál, hvort hægt væri að lækka verðið til notenda, ef útgerðarmenn gætu flutt vörurnar inn í stórkaupum sjálfir með litlum kostnaði. Það mál þarf meiri rannsóknar og undirbúnings. Hv. 5. þm. Reykv. ályktar af 1—2 tímabundnum dæmum um einstakar vörutegundir, að allar útgerðarvörur geti lækkað að sama skapi. Ef hægt er að lækka verð á línum, finnst honum hljóta að vera hægt að lækka verð á kolum til veiðiflotans.

Hv. þm. Ísaf. tók það réttilega fram, hve þungur skattur leggst á útgerðina vegna þess, að ekki hefir verið hægt að sæta ódýrustu kaupum erlendis á ýmsum vörutegundum til hennar þarfa. Það er ekki hægt að neita því, að það hefir verið sama sem bannaður innflutningur t. d. á bandkaðli, svo að hægt væri að kaupa hamp frá Ítalíu, upp í jafnvirðiskaup, og vinna hann hér. Allir eru sammála um, að það er ómetanlegur búhnykkur fyrir þjóðarheildina, borið saman við það, að kaupa norskan verksmiðjuvarning, ef íslenzka framleiðslan vex og ber sig með hóflegu verðlagi. — Á hinn bóginn er eðlilegt, að útgerðarmenn kvarti, þegar verðmunur er svo verulegur sem oft hefir reynzt, og þær kvartanir verður reynt að taka til greina. Náttúrlega er ekki hægt að setja með lögum ákvæði um það, hvað mikill verðmunur þurfi að vera til þess að innflutningur sé leyfður. Nú hefir t. d. Veiðarfæragerðin lækkað útsöluverð sitt mjög mikið til móts við norska verðið. Auðvitað má hugsa sér, að erlend firmu geti lækkað sig enn meir, svo að íslenzka framleiðslan geti ekki staðizt nándar nærri slíka verðlækkun. — Ég held, hvað sem öðru líður, að hv. þm. Ísaf. geti vænzt þess, að minna tillit verði tekið hér eftir en áður til hampkaupa frá Ítalíu.

***Einar Olgeirsson:** Mér þykir það mjög einkennileg yfirlýsing hjá hæstv. fjmrh., að það sé gefið, að þótt útgerðarmenn fengju umráð yfir nægum gjaldeyri til innflutnings síns, mundu útgerðarvörur ekki lækka (**Fjmrh.:** Heldur þm., að firmun taki óveiddan fisk fram yfir bankatrygginu?). Eiga engir nema hringarnir vísa bankatryggingu? Er það þess vegna, sem útgerðarmönnum á að blæða? Verður hæstv. fjmrh. ekki að reikna með því, að útlendir seljendur muni bjóða því betri kjör sem stærri samtakaheild íslenzkra útgerðarmanna· vill verzla við þá?

Hæstv. fjmrh. talaði um mun á gjaldeyrisráðstöfunum og innflutningsleyfum. Vitanlega er það til lítils að veita annaðhvort, en ekki hitt. Ég held annars, að hæstv. fjmrh. hafi ekki lesið brtt. mína til enda, þar sem greinilega er tekið fram, að útgerðarmenn skuli fá hvorttveggja.

Það er ómótmælanlegt, að það er hægt að lækka verðið. Það hefir þegar verið gert, t. d. á olíunni. Það þarf ekki lengur að deila um það, sem vitað er, og allir vita, af hverju sú lækkun stafar. Dæmið frá benzinverkfallinu er eitt nóg til að sýna, að hvenær sem það tekst að brjóta á bak aftur vald hringanna hér á landi, þá reynist hægt að lækka verðið. Þá tókst að láta hringana eina borga tollinn, sem ríkið lagði á benzínið.

Ég skal viðurkenna, að það eru kannske erfiðleikar á að lækka kolin. En samt tókst Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis í haust að lækka húsakol um 10—13%, og ég skil ekki undrun hæstv. fjmrh. yfir því, að mér skuli detta í hug lækkun á kolakostnaði veiðiflotans (**Fjmrh.:** Hvar stendur það í þessum brtt., að „Kron" eigi að fá innflutningsleyfi?). Það var ég ekki að tala um, heldur hvað samtök

útgerðarmanna gætu þýtt, ef þeir fá innflutningsleyfi. Við vitum, hvað þarna leiddi af innflutningsleyfi kaupfélagsins — og að nú skortir að vísu það á, að það hefir ekki fengið nein ný leyfi til kolainnflutnings. — Þessi reynsla held ég hljóti að benda hæstv. ríkisstj. á þá braut, sem við verðum að ganga.

Sigurður Kristjánsson: Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að deila verulega við hæstv. ríkisstj. að þessu sinni út af stefnu hennar í gjaldeyrismálum.

En hæstv. fjmrh. var, að því er mér skildist, að hrósa sér og ríkisstj. af því, að Veiðarfæragerðin hefir nýlega lækkað verð sitt — til hagsbóta fyrir sjómenn. Hafi það verið meining hæstv. ráðh., að þetta væri verk hæstv. ríkisstj., er það alveg tilhæfulaust. Það var nefnd frá útgerðarmönnum sjálfum, sem náði samningum við Veiðarfæragerðina um þessa verðlækkun. Lækkunin á 5 pd. lóðum, bikuðum, nemur 16%, ef keyptar eru a. m. k. 15 tylftir í einu og greitt við móttöku. Samband íslenzkra fiskframleiðenda hefir lofað að safna saman pöntunum smáútgerðarmanna, svo að allir geti notið beztu kjara. Þessi lækkun, sem telja má, að þetta félag, S. Í. F., hafi útvegað og styrki menn til að nota sér, verður sjómönnum og útgerðarmönnum til mikilla hlunninda. En það er alls ekki ríkisstj. að þakka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. og 57. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 22. des., var fram haldið einni umr. um frv. (A. 354, 440, 441).

ATKVGR.

Brtt. 441 felld með 17:5 atkv.

— 440 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SEH, SK, TT, GÞ, GSv, JPálm, PHalld, PO.

nei: SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, BÁ, BjB, EmJ, EystJ, GG, HG, HelgJ, PHann, JörB.

EOl, EE, FJ, HV, ÍslH greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (BJ, JakM, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

Við atkvgr. um brtt. 440 gerðu fimm þm. svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Stefánsson: Með tilvísun til þess, að hæstv. fjmrh. hefir lýst því yfir, að reynt myndi að verða við kröfum útgerðarmanna, svo sem um getur á þskj. 440, og einnig með tilliti til þess, að ef till. nær samþykki, er vafasamt með framgang frv. á þessu þingi, segi ég nei.

Þorsteinn Briem: Með tilvísun til þeirrar grg., sem áður hefir komið fram frá Bændafl., segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Þar sem till., eins og hún er nú, eftir að mín brtt. hefir verið felld, er með öllu gagnslaus, vegna þess að útgerðarmönnum er ekki tryggt neitt gjaldeyris- og innflutningsleyfi, greiði ég ekki atkv.

Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson): Með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. hefir áður gefið, segi ég nei.

Héðinn Valdimarsson: Í samningum þeim, sem Alþfl. og Framsfl. gerðu með sér um stjórnarsamvinnu, var ætlazt til þess, að gjaldeyrismálin yrðu leyst á sérstakan hátt. Þessi liður hefir aldrei verið haldinn af Framsfl., og gjaldeyrismálin hafa verið leyst á annan hátt en til var ætlazt, og að mínu áliti á óviðunandi hátt. Af þessari ástæðu og einnig með tilliti til þeirrar afgreiðslu, sem síldarverksmiðjumálið hefir fengið hér á þingi, greiði ég ekki atkv.

Önnur mál.

I. Afgreiðsla þingmála.

Á 14. fundi í Sþ., 14. des., utan dagskrár, mælti

***Sigurður Kristjánsson:** Í byrjun þessa þings flutti ég í Sþ. till. til þál. um rannsókn á Bolungavíkurhöfn. Þessari till. var vísað til hv. fjvn. 28. okt., en ég hefi ekki frétt neitt til hennar síðan. Einnig flutti ég ásamt hv. þm. V.-Sk. þáltill. hér í Sþ. um landhelgisgæzlu. Og þessari till. var einnig vísað til fjvn., sama dag og hinni till. Ég hefi ekkert frétt til þessarar till. heldur. Og af því að ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti líti svo á, að hann eigi að hafa eftirlit með, að nefndir vanræki ekki störf sín, þá vil ég spyrja hann um það, hvað hann veit til þessara tillagna og hvort ekki mundi hægt að fá afgreiðslu hjá nefnd á þeim.

Sömuleiðis hefi ég flutt hér tillögu um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða, og var þeirri till. útbýtt í sameinuðu þingi 18. fyrra mán. Ég hefi ekki spurt til þeirrar till. neitt síðan.

Loks hefi ég flutt till. um rannsókn á Gilsnámu í Hólshreppi, og var þeirri till. útbýtt 30. fyrra mán., en síðan hefi ég ekki heyrt neitt um hana. Nú þykir mér ekki viðunanleg afgreiðsla þessara mála, og vil þess vegna biðja hæstv. forseta að hlutast til um, að þessi mál sæti þinglegri meðferð.

***Jóhann Jósefsson:** Herra forseti! Ég flutti snemma á þessu þingi þáltill. í sameinuðu þingi viðvíkjandi viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn. Till. var vísað til 2. umr. og til fjvn. Sú nefnd hefir ekki látið til sín heyra um það mál, og vil ég beina samskonar tilmælum til hæstv. forseta í tilefni af þessu eins og hv. 6. þm. Reykv. hefir gert viðvíkjandi öðrum till.

***Forseti (JBald):** Að því er snertir till. þær, sem vísað var til fjvn. og um hefir verið rætt af tveimur hv. þm., vil ég vísa til hv. n. og óska þess, að hún láti frá sér heyra um þessar till. hið bráðasta. En viðvíkjandi þeim till., sem enn eru eigi teknar á dagskrá, þá hafa verið miklar annir í deildum, og svo hafa verið fjárlögin í sameinuðu þingi, sem einnig taka dálitinn tíma. En ég mun að sjálfsögðu taka þessar till. á dagskrá.

***Bjarni Bjarnason:** Viðvíkjandi tveimur af þessum till., um Bolungavíkurhöfn og Vestmannaeyjahöfn, þá voru þær báðar sendar til vitamálastjóra — en nýlega — til umsagnar. En till. um landhelgisgæzluna mun liggja óafgreidd hjá fjvn. ennþá.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þá áminningu, sem hann hefir gefið um þessi mál, og loforð hans um að taka hin málin á dagskrá. En ég vil undirstrika, að það er óvenjuleg meðferð á máli, sem hinar tvær till. sæta; því að það er óhugsandi, að nefndin hefði ekki haft tíma til að athuga þær í hátt á annan mánuð, sem þær hafa verið til meðferðar. Það er náttúrlega alls ekki forsvaranlegt.

***Emil Jónsson:** Það var bara út af því, að hv. form. fjvn. sagði, að þessar till. tvær hefðu verið sendar mér til umsagnar. Hann bætti við, og réttilega, að það hefði verið gert mjög nýlega. En ég vildi láta það koma fram, til þess að það sæist, að ekki væri af minni hálfu um drátt að ræða, að þessar till. voru sendar mér í dag.

Á 50. fundi í Nd., 15. des., utan dagskrár, mælti

***forseti (JörB):** Þess hefir verið óskað af hálfu nokkurra fundarmanna, að lokið yrði við að koma tveimur málum til Ed. í kvöld, sem aðeins eiga eftir 3. umr. og hafa verið ágreiningslaus. Þau eru um hafnargerðir, og vildi ég verða við þessum tilmælum og vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á það. Mundi ég þá taka málin, sem nú eru á dagskrá, út af dagskrá, en setja fund samstundis til þess að afgreiða þessi mál, og e. t. v. taka einhver fleiri á dagskrá, til þess að flýta fyrir störfum. Fyrst enginn mælir þessu í gegn, tek ég þessi út af dagskrá: 3., 4. og 9. mál.

Á 19. fundi í Sþ., 22. des., utan dagskrár, mælti

***forseti (JBald):** Ég vil nota þetta tækifæri til að bera undir Alþingi, hvort það vilji fallast á að fela forseta og öðrum skrifara eða báðum

að ganga frá þeim bókunum gerðabókar, sem óstaðfestar eru, og þeim, sem verða óstaðfestar, þegar þingi lýkur, vegna þess að ekki hefir unnizt tími til að gera hvorttveggja í einu, að leiðrétta fjárlög og færa inn hinar víðtæku brtt. við fjárlögin.

ATKVGR.

Till. um að heimila forseta og skrifurum að ganga frá óstaðfestum fundarbókunum samþ. með 37 shlj. atkv.

II. Minning látinna manna.

Á 36. fundi í Nd., 26. nóv., utan dagskrár, mælti

*forseti (JörB): Áður en tekið verður til fundarstarfa vil ég minnast nokkrum orðum nýlátins merkismanns, sem sæti átti á Alþingi fyrr á árum, samtals á 5 þingum fyrir og eftir aldamótin síðustu, og sat þá lengst af í Nd., eða á 4 þingum. Þessi maður er séra Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur, sem andaðist hér í bænum í fyrrinótt, 82 ára að aldri.

Séra Ólafur Ólafsson fæddist í Viðey 24. sept. 1855, sonur Ólafs Ólafssonar, er þar bjó þá, síðar bæjarfulltrúi í Lækjarkoti í Reykjavík, og fyrri konu hans, Ragnheiðar Þorkelsdóttur, bónda í Norðurhjáleigu Gíslasonar. Séra Ólafur útskrifaðist úr latínuskólanum í Reykjavík 1877 og úr prestaskólanum 3 árum síðar, 1880. Sama ár voru honum veitt Selvogsþing. Þar var hann prestur í tæp 4 ár og sat á Vogsósum, en á öndverðu ári 1884 voru honum veitt Holtaþing. Því embætti gegndi hann um 9 ára skeið, til 1893, og bjó í Guttormshaga. Þá fékk hann veitingu fyrir Arnarbælisprestakalli í Ölfusi. Þar var hann prestur í önnur 9 ár rúm, eða til 1902, og bjó búi sínu í Arnarbæli. Á því ári fékk hann lausn frá embætti, fluttist til Reykjavíkur og gerðist ritstjóri Fjallkonunnar. Því blaði stýrði hann til 1904. Á árinu 1903 var hann ráðinn fríkirkjuprestur í Reykjavík og gegndi því starfi í 20 ár, til 1922. Frá árinu 1913 var hann jafnframt fríkirkjuprestur í Hafnarfirði og lét ekki af því starfi fyrr en árið 1930. Frá því er geðveikrahælið á Kleppi tók til starfa, 1907, annaðist hann jafnframt prestsþjónustu þar, og eru fá ár síðan hann hvarf frá því starfi. Alls hafði hann verið þjónandi prestur í meira en 50 ár.

Séra Ólafur naut mikilla vinsælda í öllum söfnuðum sínum, þótti einn hinna skörulegustu kennimanna landsins, og mælsku hans og orðgnótt var við brugðið.

Jafnframt prestskapnum gaf hann sig og um langt skeið við þjóðmálum og átti, eins og áður er sagt, sæti á 5 þingum. Á þinginu 1891 var hann 2. þm. Rang., 10 árum síðar, á þinginu 1901, þm. A.-Sk., og loks á þingunum 1903, 1905 og 1907 2. þm. Árn. Á þingi var hann einn hinna málsnjöllustu manna. Af áhugamálum hans má einkum nefna sjálfstæðismálið, bindindismál og ýms mannúðarmál. Hann kom fyrstur manna hreyfingu á stofnun holdsveikraspítala hér á landi, með greinaflokki um það mál í blaði. Hann flutti fyrirlestra og ræður um ýms hugðarefni sín og gaf út. Af þeim mun einna kunnast erindi hans „Hvernig er farið með þarfasta þjóninn", um meðferð manna á hestum, og er talið, að mjög hafi sú hugvekja haft áhrif til umbóta í aðbúnaði við skepnur. Einnig þýddi hann ýmsar útlendar bækur, svo sem Þjóðmenningarsögu Norðurálfunnar, Hjálpaðu þér sjálfur, eftir Samuel Smiles, og Foreldra og börn. Meðan hann var sveitaprestur bjó hann marga pilta undir latínuskólanám og þótti ágætur kennari.

Séra Ólafur Ólafsson mun jafnan verða talinn í hópi hinna merkustu og þjóðhollustu kennimanna landsins á sinni tíð, og skörungur mikill í hverju máli, sem hann beitti sér fyrir.

Ég vil biðja hv. þdm. að votta minningu þessa þjóðkunna manns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir deildarmenn risu úr sætum].

Á 9. fundi í Sþ., 29. nóv., mælti

forseti (JBald): Ég hefi þá sorgarfregn að flytja hv. alþingismönnum, að einn úr hópi vorum, Magnús Guðmundsson alþm., er látinn. Hann veiktist snögglega fyrir tæpum þremur sólarhringum. Var gerður á honum holskurður síðastliðið föstudagskvöld, og í gær andaðist hann, hálfri stundu fyrir nón.

Magnús Guðmundsson var fæddur 6. febrúar 1879 á Rútsstöðum í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu, sonur Guðmundar Þorsteinssonar bónda þar, síðar í Holti í Svínadal, og konu hans, Bjargar Magnúsdóttur, bónda í Holti Magnússonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1902 með ágætiseinkunn og tók lögfræðipróf við Kaupmannahafnarháskóla 5 árum síðar, 1907, með I. einkunn. Sama ár varð hann aðstoðarmaður í atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins hér og gegndi því starfi um 5 ára skeið, til 1912. Þá var hann skipaður sýslumaður Skagfirðinga og gegndi því embætti til 1918, en þá varð hann á öndverðu ári skrifstofustjóri í fjármáladeild stjórnarráðsins. Tæpum 2 árum síðar, 1920, varð hann fjármálaráðherra í 2. ráðuneyti Jóns Magnússonar og hélt því embætti í rúm tvö ár, til 1922, er það ráðuneyti fór frá, og gerðist hann þá málaflutningsmaður fyrir hæstarétti. 1924 varð hann atvinnumálaráðherra í 3. ráðuneyti Jóns Magnússonar, og þegar Jón féll frá, 1926, í ráðuneyti Jóns Þorlákssonar, og þá jafnframt dómsmálaráðherra. Ráðuneyti Jóns Þorlákssonar sagði af sér 1927, og þá hvarf Magnús aftur að málaflutningsstörfum. Árið 1932 varð hann í þriðja sinn ráðherra, dómsmálaráðherra í ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar, en það ráðuneyti sagði af sér 1934. Frá þeim tíma var hann síðan hæstaréttarmálaflutningsmaður til dauðadags. Á Alþingi átti hann sæti í 21 ár samfleytt, frá 1916, og var þetta 26. þingið, er hann sat. Hann var þm. Skagfirðinga frá 1916 til 1927, lengst af

1. þm., en við kosningarnar síðastl. sumar varð hann landsk. þingmaður.

Auk þeirra mörgu embætta og annara starfa, sem hér hafa verið talin, hafði Magnús Guðmundsson og á hendi fjölmörg önnur trúnaðarstörf í almenningsþarfir áður en og milli þess sem hann var ráðherra og eftir það að hann var síðast í landsstjórn. Skulu hér talin nokkur hin helztu þeirra. Hann var formaður sparisjóðs Sauðárkróks 1912—1918, yfirskoðunarmaður landsreikningsins 1922, í Þingvallanefnd frá 1928, í milliþinganefnd þeirri um skattalöggjöf, er skipuð var 1929, í landsbankanefnd frá 1928, í dansk-íslenzkri ráðgjafarnefnd frá 1934, í milliþinganefnd þeirri, er skipuð var í ársbyrjun 1936 til þess að undirbúa löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga, og frá sama tíma í stjórn kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Í fjárveitinganefnd átti hann alllengi sæti og var formaður hennar um skeið. Í miðstjórn Íhaldsflokksins var hann frá stofnun hans og síðar Sjálfstæðisflokksins og jafnan varaformaður þess flokks.

Með Magnúsi Guðmundssyni er til moldar genginn einn þeirra manna, er fremstir hafa staðið í stjórnmálabaráttunni um síðastliðin 20 ár. Hafði hann og marga þá kosti til að bera, er skipuðu honum sess meðal hinna mest metnu manna í flokki sínum. Frá embættis- og stjórnmálastarfsemi sinni hafði hann meiri og víðtækari þekkingu á íslenzkum stjórnarháttum en flestir samtíðarmanna hans. Þá var og mikil þekking hans á atvinnuháttum þjóðarinnar, einkum á öllu, er að landbúnaði laut, og lét hann sér jafnan annast um málefni bændastéttarinnar, þó að langur embættisferill og stjórnmálastarfsemi veitti honum góða yfirsýn um þarfir og hagsmuni annara stétta þjóðfélagsins. Á Alþ. var Magnús Guðmundsson meðal hinna starfhæfustu og starfsömustu þingmanna og vann að hverju máli með þeirri samvizkusemi og nákvæmni, sem honum var eðlileg, og þó að flokksmönnum hans sé mest eftirsjá að fráfalli hans, þá munu einnig þeir, er andstæðingar hans voru í stjórnmálum, bera honum það vitni, að vart hafi getið samvinnuþýðari mann í störfum, innanþings og utan. Hann var velviljaður maður og friðsamur, en eigi voru þeir miklu kostir hans alltaf metnir sem skyldi. Magnús Guðmundsson rækti þingstörf sín hverjum manni betur.

Hann var á þingfundi síðastliðinn föstudag og virtist þá heill heilsu. En nú hafa hér orðið snögg umskipti, og þó að oss samþingismönnum hans falli þungt fráfall hans, verður hér engu um þokað.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þessa látna þingbróður vors virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þm. risu úr sætum].

Á 38. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JörB): Vegna fráfalls Magnúsar Guðmundssonar alþm. fellur niður fundur hér í hv. d. í dag.

Fundur hefst á morgun á venjulegum tíma, kl. 1, og verða hin sömu mál þá tekin á dagskrá sem standa á dagskrá þessa fundar.

Á 38. fundi í Ed., s. d., mælti

forseti (EÁrna): Vegna andláts hv. 9. landsk. (MG) fara ekki fram deildarstörf í dag. Næsti fundur mun verða haldinn á venjulegum tíma á morgun. Þau mál. sem nú eru á dagskrá, verða því tekin út nú, en dagskráin mun gilda á morgun.

Á 45. fundi í Ed., 9. des., mælti

forseti (EÁrna): Áður en tekið verður til starfa hér í deildinni í dag vil ég minnast nokkrum orðum nýlátins manns, sem eitt sinn átti sæti á Alþingi, og þá í þessari hv. deild. Þessi maður er Axel Tulinius. Hann andaðist í gær í Kaupmannahöfn.

Axel Valdimar Tulinius fæddist á Eskifirði 6. júní 1865. Voru foreldrar hans Carl Daniel Tulinius, kaupmaður á Eskifirði, og kona hans, Guðrún Þórarinsdóttir, prófasts á Hofi í Álftafirði Erlendssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1884 og tók lögfræðipróf við Kaupmannahafnarháskóla 1892. Síðan var hann um eins árs skeið í lögregluliði Kaupmannahafnar. Frá ársbyrjun 1893 varð hann bæjarfógetafulltrúi í Reykjavík og gegndi því starfi í 1½ ár, en þá var hann (á miðju árinu 1894) settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði. Rúmu ári síðar, 1895, var honum veitt Suður-Múlasýsla, og gegndi hann því embætti til 1911. Þá sótti hann um og fékk lausn frá embætti og fluttist til Reykjavíkur. Á næstu árum, 1912—1918, hafði hann á hendi umboð fyrir erlend vátryggingarfélög. Þegar Sjóvátryggingarfélag Íslands var stofnað, 1918, var hann ráðinn forstjóri þess og hafði það starf á hendi til 1933. Á Alþingi átti hann sæti á einu þingi, 1901, var þá 1. þm. Sunnmýlinga.

Það, sem lengst mun halda á lofti minningu Axels Tuliniusar, er athafnir hans í þarfir íþróttamála landsins og hinn mikli áhugi hans á þeim málum. Hann hélt uppi fjörugu íþróttalífi á Eskifirði, meðan hann var þar sýslumaður, og þjóðkunn er starfsemi hans í þeim efnum eftir að hann fluttist til Reykjavíkur. Hann var einn aðalfrumkvöðla að stofnun Íþróttasambands Íslands og var formaður þess frá byrjun, 1912, til 1916. Um langt skeið hefir hann verið yfirforingi íslenzkra skáta og lífið og sálin í þeim félagsskap.

Íþróttamenn og æskulýður landsins munu lengi minnast þessa vinsæla og ötula forustumanns á sviði líkamsræktar.

Ég vil biðja hv. deildarmenn að votta minningu þessa merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir deildarmenn risu úr sætum].

III. Rannsókn kjörbréfa.

Á 6. fundi í Sþ., 12. nóv., mælti

forseti (JBald): Mér hefir borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Nd:

„Neðri deild, 11. nóv. 1937.

4. þm. Reykv., Pétur Halldórsson, hefir í dag ritað mér á þessa leið:

„Með skírskotun til XX. kafla laga nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis, leyfi ég mér að skýra yður, herra forseti, frá því, að mér er nauðsynlegt að takast ferð á hendur til útlanda í kvöld, og óska ég, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni, væntanlega um þriggja vikna tíma".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns.

Jörundur Brynjólfsson.

Forseti sameinaðs Alþingis".

Kjörbréfanefnd mun hafa haft kjörbréf varamanns til athugunar, og tekur frsm. hennar, hv. þm. V.-Sk., til máls.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Kjörbréfanefnd hefir eftir beiðni forseta haft til athugunar þau kjörgögn, sem lúta að kosningu þess varamanns, sem samkv. beiðni hv. 4. þm. Reykv. á að taka sæti í hans stað á Alþ. Þessi þm., sem hefir fengið kjörbréf sem 2. varaþm. fyrir Sjálfstfl. í Reykjavík, Jóhann G. Möller, verður talinn 1. varaþm. flokksins, með því að sá ákveðni 1. varaþm., sem nú er 2. landsk., Guðrún Lárusdóttir, á fast þingsæti.

Kjörbréfanefnd hefir athugað kjörgögn og þar með kjörbréf þessa varamanns og hefir ekkert fundið við þau að athuga, og leggur því til, að kosning hans sé tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GSv, HG, HelgJ, HV, IngP, ÍslH, JakM, JJós, JPálm, JörB, MG, MJ, PHerm, PZ, PO, SEH, SkG, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞorbÞ, ÞBr, ÞÞ, JBald.

12 þm. (BSn, BrB, GÞ, GL, HermJ, JJ, ÓTh, PHann, PHalld, SK, SÁÓ, StSt) fjarstaddir.

Hinn nýi þm. undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 8. fundi í Sþ., 27. nóv., mælti

forseti (JBald): Forseta Sþ. hefir borizt eftirfarandi bréf frá forseta Ed., dags. í dag:

„Formaður Sjálfstæðisflokksins, þm. G.-K., Ólafur Thors, hefir í dag ritað mér á þessa leið:

„Magnús Guðmundsson, 9. landsk. þm., veiktist snögglega í gær, var skorinn upp í sjúkrahúsi og mun liggja þar rúmfastur fyrst um sinn. Hafa mér borizt tilmæli frá honum um að skýra yður, herra forseti, frá þessu, með ósk um, að varamaður taki sæti hans á Alþingi í fjarveru hans".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns".

Einar Árnason.

Forseti sameinaðs þings".

Kjörbréfanefnd Alþingis mun hafa rannsakað þetta kjörbréf, og vil ég gefa frsm. þeirrar n., hv. þm. V.-Sk., orðið.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Kjörbréfanefnd Alþingis hefir orðið við tilmælum hæstv. forseta um að athuga kjörbréf varaþingmanns, Árna Jónssonar frá Múla, sem farið hefir verið fram á, að taki sæti á Alþingi um stundarsakir, í forföllum hv. 9. landsk., sem er veikur. Fyrir n. lá að vísu ekki kjörbréfið sjálft, heldur aðeins skýrsla frá landskjörstjórn, þar sem Árni Jónsson er talinn annar landsk. varamaður fyrir Sjálfstfl. Þar sem vitað er, að Eiríkur Einarsson er fyrsti varamaður flokksins og hefir þegar tekið sæti hér á Alþingi, þykir n. augljóst, að Árni Jónsson eigi rétt á sæti hv. 9. landsk., og leggur til, að kjörbréf hans verði gilt tekið. Mun varaþingmaður skila kjörbréfinu við tækifæri.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 29 shlj. atkv.

Forseti (JBald): Þar sem Árni Jónsson hefir áður átti sæti á þingi, þarf hann ekki nú að vinna eið að stjórnarskránni.

IV. Þingvíti.

Á 15. fundi í Ed., 30. okt., utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Mér hefir verið sagt það, að hæstv. forseti Sþ. hafi sett mig ásamt ýmsum fleiri í þingvíti í gærdag. Mér kom þetta dálítið spanskt fyrir, þar sem ég hafði farið sem form. landbn. hér ásamt 6 öðrum á fund í Fornahvammi, til þess að ræða um það, hvernig koma mætti í veg fyrir, að bændur flosnuðu upp vegna fjárpestarinnar. Ég fór með leyfi forseta deildarinnar, og þar sem hæstv. forseti Sþ. lét þess síðast getið, er ég var þar á fundi, að næsti fundur yrði boðaður með dagskrá, taldi ég mér óhætt að fara, þar sem engin dagskrá var komin um kvöldið. Ég vil nota tilefnið til að óska þess, að dagskrám Sþ. verði ekki framvegis útbýtt á 11. stundu, eins og nú var gert og áður hefir tíðkazt. Ég kveinka mér ekkert við því að borga þingsekt, en ég kann því illa, að farið sé svona aftan að manni.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. er hér á röngum vettvangi, því að það er í Sþ., sem umr. eiga að

fara fram um þetta, ef þær teljast nauðsynlegar, en ekki hér í deildinni. Ég mun því fáu svara hv. þm. í þetta sinn.

Ef hv. þm. hefði viljað vera varkár, þá hefði hann getað annaðhvort spurt skrifstofu Alþ. eða þá hitt, sem hefði verið réttast, að hann hefði beðið forseta þessarar d. að sækja um leyfi fyrir sig. Annars er þetta ekki vettvangur til að ræða þetta mál á. — Ég sé, að einn hv. þm. hefir kvatt sér hljóðs, og þykist ég vita, að hann muni ætla að tala um þetta sama. Ég skal ekki lengja þessar umr. Af því að ég þykist vita, hvað hv. þm. muni ætla að segja, þá getur þetta einnig verið svar við því, sem hann kann að segja.

Forseti (EÁrna): Ég vil geta þess, að þeir 2 hv. þm., sem fjarverandi voru af þingi í gær hér úr d., höfðu báðir mitt leyfi til fjarveru.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hélt það hefði verið óþarfi fyrir hv. 10. landsk. að fara að beina skeytum til mín áður en ég fór að tala. Hv. þm. sýndi greinilega vilja sinn til bænda, þar sem hann fór að tala um hið hörmulega ástand, sem nú ríkir í landbúnaðinum, með hinu mesta háði og spotti. Hann var að tala um, að mér væri þungt orðið um andardrátt. Það er satt, að ég hefi kvefazt á ferðalaginu, en litla ástæðu sá ég nú satt að segja til að draga það inn í umr. hér á Alþ., en forseti Sþ. virðist vera á annari skoðun. Annars get ég verið hv. 1. þm. N.-M alveg sammála um það, sem hann sagði um málið. Mér var ekki kunnugt um, að neinn fundur hefði verið boðaður í Sþ. A. m. k. var dagskráin ekki borin út. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég skal gjarnan borga þessar 15 kr., en ég vil ekki borga þær sem sekt. Ég vil beina því til forseta þessarar d., að hann sjái svo um í framtíðinni, að þegar þm. biðja um leyfi, þá þurfi þeir ekki að fara að leita uppi forseta Sþ. einhversstaðar úti um bæ til þess að verða ekki settir í þingvíti. Ég kann því illa, að þm., sem búnir eru að fá leyfi hjá forseta sinnar deildar til að fara úr bænum, í þeim tilgangi að vinna að jafnnauðsynlegum málum og þessu, séu samt sem áður víttir.

Páll Zóphóníasson: Ég þakka forseta fyrir þær upplýsingar, að það væri venja að biðja deildarforseta um leyfi. Það er þetta, sem við höfum gert. Því, sem hann var að beina skeytum til mín persónulega, skal ég ekki svara; ég svara aldrei þesshátt skeytum. En ég skal benda hv. þm. á það, að þessi fundur var ekki haldinn af okkur þm., heldur oddvita hreppa úr 6 sýslum þarna á hinu svokallaða sýkta svæði. Fundurinn hafði verið boðaður í heyranda hljóði og átti að vera fyrir alla þá, sem áhuga hefðu á því máli, sem þar var til umr. Þangað fóru svo allir þm. úr landbn. þingsins, nema einn úr Nd. og einn úr Ed., hvort sem það hefir nú verið af áhugaleysi, að þessir menn fóru ekki á fundinn, eða af öðrum ástæðum, það skal ég ekki segja.

Jón Baldvinsson: Hv. þm., sem talað hafa, láta svo sem þeir hafi verið settir í þingvíti. (PZ: Ég sagði, að mér hefði verið tjáð það). Nú er þetta ekki svo. Það var að vísu tekið fram í gerðabókinni, að þessir hv. þm. hefðu verið fjarverandi og ekki haft leyfi forseta. (PZ: Þeir höfðu forsetaleyfi). Mér skildist á hv. 1. þm. N.-M, að hann hafi farið á þennan fund án þess að vera sérstaklega til þess kvaddur. Hann hefir því farið þessa ferð af einskærum áhuga fyrir málinu. Það er ljóst, að hann hefir haft meiri áhuga fyrir að sækja þennan fund en að vera á fundum Alþ., svo sem þingsköp mæla fyrir.

Hv. 6. landsk. var töluvert þungur út af þessu máli. Hann vildi láta líta svo út sem væri verið að hafa það vandræðaástand, sem nú ríkir í þessum sveitum, í fíflskaparmálum. Ég hefi aldrei minnzt á slíkt, en hitt talaði ég, að ef þm. þyrftu að fara frá til að gegna alvarlegum störfum, þá færu þeir þar um eftir þingsköpum, sem þeir hafa gengizt undir, og fá til þess nauðsynleg leyfi. Hv. 6. landsk. var að beina því til mín, að ég mundi ekki hafa sérstaklega mikinn áhuga fyrir málum sveitanna. Ég veit ekki, hvort hann hefir á þeim tíma, sem hann hefir átt sæti á þingi, borið fram fleiri mál til sigurs, landbúnaðinum til góða, heldur en ég hefi gert á sama tíma. Ég hugsa, að ef athugað væri, þá mundi það koma í ljós, að ég hefi ekki síður en hann litið á hag bændanna. Og ég hefi talið það sjálfsagt, að ríkissjóður hlypi undir bagga og legði fram stórfé til þess að reyna að hefta útbreiðslu þessarar skæðu veiki, jafnvel þó að ég hafi ekki haft trú á, að allt það, sem gert hefir verið, komi að gagni. Og ég skal taka það fram alveg sérstaklega, að ég ætla, að ég hafi verið einn allra þm., sem benti á þá smitunarhættu, sem gæti stafað af innflutningi á karakúlfé. Nú skildist mér allir vera á einu máli um það, að ég muni hafa haft rétt fyrir mér í þessu.

Forseti (EÁrna): Ég vil benda hv. þm. á, að þó að gerð hafi verið aths. út af fjarveru nokkurra þm., liggur ekki fyrir að ræða hér um fjárpestina.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal ekki lengja umr. Það er aðeins eitt, sem ég vildi fá fram, og það er, hvernig við eigum að haga okkur, ef við þurfum að fá leyfi til að fara úr bænum; hvort við þurfum að hringja upp forseta Sþ. áður en við förum. Viðvíkjandi því, sem hv. 10. landsk. sagði um væntanlega afstöðu sína til fjárpestarmálsins, skal ég taka það fram, að ég er mjög ánægður yfir þeim ummælum. Nú er bara eftir að sjá, hvernig efndir hans verða. „Nú skal reynt, hvort kristnum kann kalíf orð að halda".

Jón Baldvinsson: Það eru aðeins nokkur orð til hv. 6. landsk. Mér þykir leitt að þurfa að vera að margsvara honum þessu sama. Hv. þm. virðist alls ekki hafa haft hugmynd um það, þegar hann fór úr bænum, að til væri nokkuð það, sem héti Sþ. Þykir mér þetta kynlegt, þar sem hann hefir átt sæti á þingi í þó þetta mörg ár. En ég vil fræða hann á því, að það er til

nokkuð, sem heitir Sþ., og það kemur stundum fyrir, að haldnir eru þar fundir. Ég skal benda hv. þm. á það, að þegar hann biður forseta sinnar d. um leyfi til fjarveru, þá ætti það að vera nægilegt fyrir hann að geta þess við hann um leið, að ef til kæmi, að fundur yrði í Sþ., þá tilkynnti forseti fjarveru viðkomandi þm. til forseta Sþ. — Þá þykist ég hafa frætt hv. þm. um það, hvernig þeir eiga að haga sér, ef þeir þurfa að fá fararleyfi. Hv. þm. hefir ekki verið settur í þingviti, heldur hefir aðeins verið getið um það, að hann hafi verið fjarverandi. Ég vænti þess svo, að næst þegar hv. 6. landsk. þarf að bregða sér úr bænum, þá þurfi honum ekki að verða nein skyssa á í þessu.

Á 5. fundi í Sþ., 11. nóv., utan dagskrár, mælti

Bjarni Ásgeirsson: Það er bókað, að ýmsir þm. hafi verið fjarverandi, þegar sá fundur var haldinn, sem fundargerðin fjallar um, sem nú liggur fyrir, og er þess getið um mig og fleiri, að við hefðum verið fjarverandi í heimildarleysi, og er mér sagt, að við höfum verið víttir fyrir þetta.

Það er náttúrlega mjög röggsamlegt að bóka, hverjir séu fjarverandi, og hefi ég ekkert út á það að setja, út af fyrir sig. En það lágu til nokkuð sérstakar ástæður í þetta skipti fyrir því, að við nokkrir þm. vorum fjarverandi, og vil ég nú gefa skýringu á því. Þannig er mál með vexti, að til fundar hafði verið boðað þennan dag í Fornahvammi í Mýrasýslu, og var það einskonar fulltrúafundur fyrir þau svæði, sem fjárpestin borgfirzka hefir nú geisað á um nokkurt skeið, og var þess óskað, að viðkomandi þm. sæktu þennan fund. Við fengum allir fjarvistarleyfi forseta Ed. og Nd., því að okkur var ekki kunnugt um, að haldinn yrði fundur í Sþ. þennan dag. Það var ekki komin fram dagskrá, þegar við fórum, og þetta hefir alveg farið framhjá okkur, þó að þess hafi verið getið. Af þessum ástæðum sóttum við ekki um leyfi forseta Sþ. til þessarar farar. En ég hygg, að við hefðum átt að geta litið svo á, þegar við vorum búnir að fá leyfi deildarforseta, að þeir mundu geta þess, að við hefðum brottfararleyfi frá þeim, þannig að við yrðum ekki stimplaðir sem einskonar óskilakindur á þingi fyrir þetta ferðalag.

Ég óska, að þetta verði bókað við samning þessarar fundargerðar, og ég vil í framhaldi af því, sem ég nú hefi sagt, geta þess, hverjir þessir þm. voru, sem fyrir þessar sakir voru fjarverandi: Þm. Borgf. (PO), þm. Mýr. (BÁ), þm. Dal. (ÞBr), þm. V.-Húnv. (SkG), þm. A.-Húnv. (JPálm), 1. þm. N.-M. (PZ), 2. þm. Skagf. (StgrSt) og 6. landsk. (ÞÞ).

Eiríkur Einarsson: Ræða hv. þm. Mýr. bendir helzt til þess að leiða athygli þingheims að því, að þeir þm., sem hann nefndi, hafi haft löglega afsökun til fjarvistar á síðasta fundi Sþ., en hinir, sem víttir voru, hafi enga afsökun haft og séu því hinir forhertu menn. Ég er einn af þeim, sem fjarverandi voru, en hefi ekki þessa afsökun í málinu, sem tekin var fram af hv. þm. Mýr. En orsökin til þess, að ég var fjarverandi, var sú, að mér hafði sézt yfir, að fundur var í Sþ. þennan dag, og tel ég mig hafa nokkra afsökun í því, að nú á þessu þingi fær maður aldrei heim dagskrá næsta dags, eins og átt hefir sér stað á undanförnum þingum. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann geri gangskör að því, að þm. fái heim til sín dagskrá næsta dags, til þess að svona lagað komi síður fyrir.

Jörundur Brynjólfsson: Eins og hv. þm. Mýr. tók fram, höfðu þeir þm. Nd., sem hann nefndi, fjarvistarleyfi fyrir fjarveru sinni þennan dag. Mér var ekki kunnugt um það, er ég gaf leyfið, að fundur yrði haldinn í Sþ., og mér láðist að hafa það á orði við hæstv. forseta Sþ. áður en fundur hófst þennan dag, hvort þeir þm., sem leyfi höfðu í Nd., hefðu snúið sér til hans um beiðni um að mega vera fjarverandi, og svo óheppilega vildi til, að einmitt þegar hæstv. forseti gerði þetta að umtalsefni, hefi ég verið fyrir utan sali þingsins, þar eð svo stóð á, að einmitt um þetta leyti hittu mig utanbæjarmenn að máli. Og hafði ég ekki hugmynd um þetta fyrr en að fundi loknum, enda hefði ég annars gefið þessar upplýsingar um hv. þm. Nd. Þess var að vísu getið, er fundur í Nd. þennan dag var boðaður, að hann yrði að loknum fundi í Sþ., en þessir hv. þm. hafa ekki veitt því athygli, og fyrir þá sök ekki aflað sér fjarveruleyfis í Sþ. Þótti mér skylt að upplýsa þetta, en hv. þm. Mýr. hefir getið þeirra hv. þm. úr Nd., er fjarvistarleyfi fengu þennan dag.

Forseti (JBald): Mér skilst, að mál þetta sé nú orðið nokkuð upplýst. Ég vil þó út af því, sem fram fór á fundi í Sþ. 29. f. m., taka fram, að forseta var þá ekki kunnugt, að hv. þm. hefðu fengið fjarvistarleyfi hjá forsetum deilda, og það upplýstist ekki á þeim fundi. Ég hefði að sjálfsögðu tekið slíkar skýringar gildar þá, hefðu þær komið fram, en svo var ekki, og þegar í ljós kom við atkvgr., sem gekk alltreglega, að allmargir hv. þm. voru fjarverandi, þótti rétt að geta þess, hverjir þeirra ekki höfðu fjarvistarleyfi forseta Sþ. Hinsvegar er það ekki rétt, sem talað hefir verið um, að hv. þm. hafi verið víttir, eins og það er kallað í þingsköpum, heldur aðeins þess getið, hverjir væru fjarverandi án leyfis. Ég skal þó láta þess getið, að í lok 13. fundar í Ed. daginn áður, 28. okt., boðaði hæstv. forseti næsta fund næsta dag að loknum fundi í Sþ., og þennan dag var fundi í Ed. slitið kl. 1,25 e. h. Á sama hátt var fundur boðaður í Nd. Af þessu sést, að fundur í Sþ. 29. f. m. hefir verið ákveðinn á undan deildarfundum, og seinni hluta þessa dags, 28. f. m., var borin út til hv. þm. prentuð dagskrá á sama blaði fyrir fundi í Sþ. og báðum deildum næsta dag.

Út af afsökun hv. 11. landsk., á þá leið, að hann fengi ekki að vita um þingfundi, skal ég taka það fram, að það hefir verið lagt fyrir skrifstofuna að láta bera dagskrár heim til hv.

þm. síðari hluta dags. Ef vanræksla verður á þessu, er óskað, að hv. þm. láti af því vita. Að vísu kemur það oft fyrir síðari hluta þings, að fundir standa svo lengi fram eftir kvöldi, að ekki vinnst tími til að prenta og bera út dagskrár fyrir næsta dag, en í þetta skipti var slíku ekki til að dreifa, þar sem dagskrá fyrir fund í Sþ. og báðum d. var borin til hv. þm. á sama blaði.

Ég mun þó, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, taka afsakanir hv. þm. til greina og láta geta þeirra í bókun þessa fundar. Að lokum vil ég geta þess, að hv. 8. landsk. hefir síðan tjáð mér ástæður fyrir fjarveru sinni á umræddum fundi, og mundu þær hafa nægt fyrir fjarvistarleyfi, ef þær hefðu verið fram bornar fyrir fundinn.

Ólafur Thors: Ég er einn af þeim hv. þm., sem voru fjarverandi þennan dag, og játa, að ég hafði ekki til þess neitt leyfi og að ég fór ekki burtu úr bænum. Ég hafði þá setið fundi í 3 vikur, og ekkert hafði gerzt eða gerist enn á þinginu.

Ég hefi sérstaklega veitt því athygli, að hv. þingmenn eins ákveðins stjórnmálaflokks hefir vantað á þingfundi í meira en viku, og vænti ég að hæstv. forseti upplýsi það, ef hann hefir átt þátt í því að halda þeim frá fundarsókn. — Væri fróðlegt að fá það einnig upplýst, hvort þingið fer nú bráðum að taka til starfa, eða hvort það verður ekki fyrr en bæði alþýðusambandsþingi og flokksþingi kommúnista er lokið.

Forseti (JBald): Það væri gott, ef hv. þm. vildi upplýsa, hvaða stjórnmálaflokk hann á við, svo hægt væri að rannsaka, hvort þm. þessa flokks hafa verið fjarverandi án leyfis.

Ólafur Thors: Ég veit ekki vel, hvað á að kalla þennan flokk nú, en hann kallaðist áður Alþýðuflokkur, en mun nú vera einhversstaðar á milli sósialdemokrata og kommúnista.

Forseti (JBald): Ég get ekki svarað fyrir aðra hv. þm. Alþfl. en sjálfan mig, að jafnan þegar ég hefi verið fjarverandi á þessu þingi, hefi ég haft leyfi hæstv. fors. í minni deild. (EÁrna: Ég votta, að þetta er rétt). Þetta ætla ég, að nægi hvað mig snertir

Ólafur Thors: Ég hefi ekki spurt um það, hvort hæstv. forseti hafi haft fjarvistarleyfi; ég á ekki sæti í sömu d. og hann, en í þeirri d., sem ég á sæti, hafa ýmsir hv. flokksbræður hans ekki sézt á fundum dögum saman.

Finnur Jónsson: Þar sem hv. þm. G.-K. hefir flutt þá ásökun á hendur Alþfl., að hann hafi verið fjarverandi í hv. Nd. í heila viku, þá vænti ég þess, að hann finni þessum orðum sínum stað með tilvitnunum í fundabókun, annars falli þessi ummæli hans ógild sem hans venjulegu ósannindi.

Ólafur Thors: Ég veit ekki, hvort fjarvera þessara hv. þm. hefir verið getið í bókun funda, en margir hafa tekið eftir því, að þingsæti þeirra stóðu auð. Ekki svo að skilja, að þessara hv. þm. hafi verið saknað, og hvað snertir hv. þm. Ísaf., þá mun flestum þykja skemmtilegra að sjá hans stól auðan heldur en setinn.

Forseti (JBald): Þessum umr. er nú lokið. Afsakana þeirra, sem fram hafa komið, verður getið í fundargerð þessa fundar, en hins vil ég vænta, að hv. þm., sem ekki hafa fjarvistarleyfi forseta, sæki eftirleiðis fundi og taki þátt í þingstörfum.

V. Kosningar.

1. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 5. fundi í Sþ., 11. nóv., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1936, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., 18. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseta bárust tveir listar, A og B, með samtals nöfnum þriggja manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Hannes Jónsson dýralæknir (af A-lista),
Magnús Jónsson alþm. (af B-lista),
Páll Þorbjörnss. kaupfélagsstj. (af A-lista).

2. Fyrri varaforseti Sþ.

Á 10. fundi í Sþ., 6. des., var tekin til meðferðar **kosning 1. varaforseta sameinaðs þings.**

Kosinn var
Jakob Möller, 2. þm. Reykv.,
með 16 atkv. — 23 seðlar voru auðir.

3. Þingfararkaupsnefnd.

Á 14. fundi í Sþ., 14. des., var tekin til meðferðar
kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 2 listar, A og B. Á A-lista voru IngP, FJ, PZ, og á B-lista SEH, SK. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir í nefndina án atkvgr.:

Ingvar Pálmason,
Sigurður E. Hlíðar,
Finnur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson.

4. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 55. fundi í Ed., 21. des., var tekin til meðferðar
kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1938 til 31. des. 1941, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Kosningu hlaut
Sigurður Ólafsson gjaldkeri,
með 9 atkv. — Guðjón Guðlaugsson fyrrv. alþm. hlaut 5 atkv., en 1 seðill var auður.

5. Stjórn minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 57. fundi í Nd., 21. des., var tekin til meðferðar

kosning tveggja manna í stjórn minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum til 6 ára, frá 1. jan. 1938 til 31. des. 1943, samkv. 3. gr. skipulagsskrár sjóðsins, staðf. 6. ág. 1913.

Kosnir voru af einum lista:
Þórarinn Kristjánsson,
Jón Gauti Pétursson.

6. Menntamálaráð.

Á 18. fundi í Sþ., 21. des., var tekin til meðferðar

kosning menntamálaráðs (fimm manna) til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands.

Fram komu fjórir listar, A, B, C og D. Á A-lista voru JJ, PHann, á B-lista Árni Pálsson, Guðmundur Finnbogason, á C-lista Barði Guðmundsson og á D-lista Kristinn E. Andrésson. — A-listi fékk 16 atkv., B-listi 18 atkv., C-listi 8 atkv., D-listi 3 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því hlutu kosningu:
Árni Pálsson,
Jónas Jónsson,
Guðmundur Finnbogason,
Barði Guðmundsson,
Pálmi Hannesson.

7. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning Þingvallanefndar (þriggja alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Þrír listar komu fram. Var á A-lista SK, á B-lista JJ og á C-lista JBald. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. alþingismennirnir:
Sigurður Kristjánsson,
Jónas Jónsson,
Jón Baldvinsson.

8. Landskjörstjórn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Fram komu þrír listar, og voru á þeim samtals nöfn jafnmargra aðalmanna og varamanna og kjósa skyldi. Kosningu hlutu samkv. því án atkvgr.:
Aðalmenn:
Jón Ásbjörnsson (af B-lista),
Magnús Sigurðsson (af A-lista),
Þorsteinn Þorsteinsson (af B-lista),
Vilmundur Jónsson (af C-lista),
Ragnar Ólafsson (af A-lista).
Varamenn:
Eggert Claessen (af B-lista),
Hilmar Stefánsson (af A-lista),
Einar B. Guðmundsson (af B-lista),
Finnbogi R. Valdimarsson (af C-lista),
Páll Zóphóníasson (af A-lista).

9. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, samkv. 3. gr. í reglum 16. okt. 1912, um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Fram komu þrír listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Matthías Þórðarson (af B-lista),
Þorkell Jóhannesson (af A-lista),
Barði Guðmundsson (af C-lista).

10. Framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. jan. 1938 til 31. des. 1943, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Fram kom aðeins ein uppástunga, og samkv. henni var kosinn
Vilhjálmur Briem.

11. Dansk-íslenzk ráðgjafarnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning eins manns í hinn íslenzka hluta dansk-íslenzkrar ráðgjafarnefndar, samkv. tilsk. 28. maí 1919, fyrir þann tíma, sem eftir er árabilsins frá 1. des. 1934 til 30. nóv. 1942.

Fram kom aðeins ein uppástunga, og samkv. henni var kosinn
Ólafur Thors.

12. Eftirlitsráð með opinberum rekstri.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning þriggja ráða til 3 ára, frá 1. jan. 1938 til 31. des. 1940, hvert skipað þrem mönnum, samkv. 1., 3. og 5. gr. l. nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, að viðhafðri hlutfallskosningu. Ráðin eru skipuð til eftirlits með ríkisfyrirtækjum eftir þessari flokkun (sbr. 1. gr. laganna):

1. flokkur: Póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgerð ríkisins.

2. flokkur: Tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins.

3. flokkur: Skrifstofur vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landssmiðjan.

Ríkisstofnunum, er síðar hafa verið eða verða settar á stofn, skipar ríkisstjórnin í þann flokk, er þær standa næst um starfrækslu.

Við kosningu hvers ráðs komu fram þrír listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Allar kosningarnar fóru því fram án atkvgr., og urðu ráðin svo skipuð:

Ráð 1. flokks:
Sigurður Kristjánsson (af B-lista),
Sigurvin Einarsson (af A-lista),
Sigurður Ólafsson (af C-lista).

Ráð 2. flokks:
Jóhann Ólafsson (af B-lista),
Guðm. Kr. Guðmundsson (af A-lista),
Guðmundur Pétursson (af C-lista).

Ráð 3. flokks:
Halldór Steinsson (af B-lista),
Magnús Stefánsson (af A-lista),
Jón Guðlaugsson (af C-lista).

13. Síldarútvegsnefnd.

Á sama fundi var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd til 3 ára, frá 1. jan. 1938 til 31. des. 1940, og jafnmargra til vara, samkv. 1. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 22. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu 3 listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn aðalmanna og varamanna og í nefndina skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jakob Frímannsson (af A-lista),
Sigurður Kristjánsson (af B-lista),
Finnur Jónsson (af C-lista).

Varamenn:
Björn Kristjánsson (af A-lista),
Ólafur Vilhjálmsson (af B-lista),
Jón Jóhannsson (af C-lista).

14. Milliþinganefnd í bankamálum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning eins manns í milliþinganefnd í bankamálum, þá er kosin var 20. apríl þ. á. samkv. ályktun Alþingis sama dag, í stað látins nefndarmanns.

Fram kom aðeins ein uppástunga, og samkv. henni var kosinn

Gunnar Viðar hagfræðingur.

15. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 19. fundi í Sþ., 22. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins til þriggja ára, frá 1. jan. 1938 til 31. des. 1940, samkv. ákvæðum til bráðabirgða í nýafgr. lögum frá Alþingi um síldarverksmiðjur ríkisins, sbr. 4. gr. þeirra laga, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., s. d., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu 3 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Af A-lista: Þormóður Eyjólfsson,
Þorsteinn M. Jónsson.
— B-lista: Sveinn Benediktsson,
Jón Þórðarson.
— C-lista: Finnur Jónsson.

16. Milliþinganefnd um arðskiptifyrirkomulag á atvinnurekstri.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning 5 manna milliþinganefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, sem samþykkt var á fundi sameinaðs þings 21. des. síðastl., um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag á atvinnurekstri.

Fram komu 3 listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Gísli Guðmundsson (af A-lista),
Thor Thors (af B-lista),
Skúli Guðmundsson (af A-lista),
Jóhann G. Möller (af B-lista),
Stefán Pétursson (af C-lista).

VI. Starfsmenn þingsins.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., skýrði forseti frá, að ráðnir hefðu verið af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur.

Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theodóra Thoroddsen, Björgvin Magnússon.

Skjalavarzla.

Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla.

Petrína Jónsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Innanþingsskrifarar.

Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Guðrún Sigurðardóttir, Björn Franzson, Ólafur Tryggvason, Svanhildur Ólafsdóttir, Jóhann Hjörleifsson, Jón J. Símonarson, Hermann Guðbrandsson, Kristján Thorlacius, Gissur Brynjólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Björn Sigfússon, Björn Haraldsson, Magnús Ásgeirsson.[1])

Dyra- og pallavarzla.

Jón Bjarnason, Hjálmtýr Sigurðsson, Sigurður Marteinsson, Ágúst Jóhannsson, Sigurður Jónsson, Karl Björnsson.

Þingsveinar.

Lárus Björnsson, Kristján Ág. Flygenring, Sigurður Gunnarsson, Ríkarður J. Jónsson, Árni Waag, Egill Hjörvar, Einar Leifur Pétursson.

1) 19. okt. var ráðinn Sigurður Guðmundsson, og 8. des. var ráðin vegna veikindaforfalla Jóhanns Hjörleifssonar: Auðbjörg Tryggvadóttir hraðritari.

Símavarzla.
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Fatagæzla.
Ragna Þorvarðsdóttir, Vigdís Torfadóttir, Hulda Runólfsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi.
Helgi Hjörvar.

VII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.
Á 56. fundi í Ed., 22. des., mælti

forseti (EÁrna): Með þessum fundi er nú lokið störfum þessarar deildar að þessu sinni. Við hverfum nú héðan og heim til heimila okkar, og ég vil vona, að við höfum nú margar góðar endurminningar frá samstarfinu á þessu þingi. Ég vil sérstaklega þakka öllum hv. deildarmönnum fyrir samvinnu og samstarf, því að það hefir verið mér sérstaklega ánægjulegt. Ég óska þeim svo góðs í framtíðinni, gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka þeim fyrir samveruna.

Jónas Jónsson: Ég vildi a. m. k. fyrir mína parta, og ég hygg margra hér í hv. deild, þakka hæstv. forseta fyrir alla samvinnu við okkur þdm. Ég hygg, að það muni mál manna, að þessi deild hafi verið mikil friðardeild í vetur og sjaldan verið hér stormur. Og það er án efa ekki eingöngu okkur deildarmönnum að þakka, heldur sérstaklega okkar friðsama forseta, sem er sannur friðarmaður og hefir alltaf verið, og sem með sinni framkomu og sinni stjórn hefir nú eins og endranær síðan hann varð forseti hjálpað til að setja þann blæ á deildina, sem mjög hefir orðið til að auka hennar hróður og létta henni starfið. Ég veit það, að hæstv. forseti mun nú fljótlega leggja af stað heimleiðis, í heldur erfiða ferð yfir land og haf. Ég veit, að sumir kjósendur hans, sem hafa talað við mig undanfarna daga, eru nokkuð kvíðandi um, að hann og samþingismaður hans kunni að geta mætt vondu veðri á þessum tíma. Ég óska þess — og ég veit, að ég segi það fyrir hönd okkar allra hér —, að hann og félagi hans fái jafnmikið logn og frið og ró með sér heim eins og hann hefir hjálpað til að hafa mikið sólskin og mikla ró yfir störfum deildarinnar í ár.

Magnús Jónsson: Af því að mér virtist síðasti ræðumaður hafa nokkurn fyrirvara um það, hvort hann talaði fyrir hönd allra hér í þessari hv. deild, þegar hann þakkaði hæstv. forseta fyrir góða fundarstjórn og góða samvinnu á því þingi, sem nú er að enda, og þar sem ég gæti hugsað mér, að hann kannske meinti það sérstaklega til þeirra, sem eru í stjórnmálaandstöðu við forsetann, þá vil ég aðeins — án þess að bæta nokkuð um þau fögru orð í garð hæstv. forseta — taka það fram, að ég hygg alveg óhætt að þakka hæstv. forseta fyrir hönd okkar allra. Það er að vísu ágreiningur um málefnin, og kannske ekki óblandin ánægja um allt, sem starfað hefir verið á þessu þingi, eins og oft vill verða. En það er alveg víst, að það snertir ekkert stjórn hæstv. forseta, sem hefir verið með jafnmiklu réttlæti og mildi eins og af honum má vænta. Ég vil einnig taka undir þá góðu kveðju og ósk um ferðina norður. Og ég vil segja fyrir hönd okkar Reykvíkinga, að honum er velkomið að dvelja hér hjá okkur þangað til næsta þing kemur saman.

Jón Baldvinsson: Við þökkum forseta og stöndum upp.
(Allir þdm. risu úr sætum sínum).

Forseti (EÁrna): Ég vil þakka öll þessi hlýju orð, sem mælt hafa verið í minn garð, og aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þakka fyrir allar ánægjustundir, sem ég hefi haft með mönnum hér í deildinni; ég óska þeim svo góðs árs og friðar og segi fundi slitið.

b. Í neðri deild.
Á 59. fundi í Nd., 22. des., mælti

forseti (JörB): Störfum d. er nú lokið. Ég vil þakka hv. þdm. einkar gott samstarf á þessu þingi og hversu þeir hafa verið mér eftirlátir um afgreiðslu mála og öll vinnubrögð. Ég óska utanbæjarþm. góðrar ferðar og góðrar heimkomu, og öllum gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýárs. Hittumst allir heilir á næsta þingi.

Thor Thors: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir röggsamlega og í alla staði óhlutdræga fundarstjórn, og endurtaka þær góðu óskir, er hann beindi til þm., til hans sjálfs.

Forseti (JörB): Ég þakka hv. þm. Snæf. hlýleg orð í minn garð og endurtek óskir mínar til hv. þdm.

VIII. Þinglausnir.

Á 21. fundi í Sþ. 22. des., mælti

forseti (JBald): Ég mun gefa yfirlit yfir störf þingsins:

Þingið hefir staðið frá 9. okt. til 22. des., eða **samtals 75 daga.**

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	59
– efri deild	56
– sameinuðu þingi	21
Alls	136 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. lögð fyrir neðri deild		2
b. — — efri deild		3
c. — — sameinað þing		3
		8

2. Þingmannafrumvörp:
a. borin fram í neðri deild 72
b. borin fram í efri deild 28
—— 100
—— 108

Þar af:
a. Afgreidd sem lög:
stjórnarfrumvörp 8
þingmannafrumvörp .. 39
—— alls 47 lög
b. Afgr. með rökstuddri dagskrá:
þingmannafrumvörp .. 4
c. Ekki útrædd:
þingmannafrumvörp 57
——
108

II. Þingsályktunartillögur:

a. bornar fram í neðri deild 8
b. — — - efri deild 6
c. — — - samein. þingi . 19
—— 33

Þar af:
a. þingsályktanir afgr. til stjórnarinnar:
1. ályktanir Alþingis 10
2. ályktanir neðri deildar 4
3. ályktanir efri deildar 4
— alls 18
b. afgr. með rökstuddri dagskrá 1
c. vísað til stjórnarinnar 1
d. vísað frá meðferð í þingdeild 1
e. ekki útræddar 12
——
33

III. Fyrirspurnir:

a. borin fram í neðri deild 1
b. — — - efri deild 1
Báðum svarað. —— 2
Mál til meðferðar í þinginu alls 143

Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er 52. löggjafarþing frá því er Alþingi var endurreist, en 1007 ár eru liðin frá því Alþingi var sett á stofn.

Löggjafarstarfsemi Alþingis hefir að þessu sinni, eins og undanfarin þing, mótazt af hinu erfiða ásigkomulagi hjá atvinnuvegum þjóðarinnar. Landbúnaðurinn hefir orðið fyrir feikna tjóni sökum hinnar skæðu fjárpestar, sem geisar um allmikinn hluta landsins. Þá hefir á síðastliðinni vetrarvertíð verið meiri aflabrestur en dæmi eru til um mjög mörg undanfarin ár, og hefir leitt af því stórtap fyrir sjómenn og útgerðarmenn, og orðið til að auka stórlega á atvinnuleysið, sérstaklega í héruðum á Suður- og Vesturlandi, sem mestmegnis eiga afkomu sína undir þorskveiðunum.

Á þessu Alþingi hafa verið teknar upp fjárveitingar, er nema talsvert á aðra millj. króna, til þess annarsvegar að bæta tjón af völdum fjárpestarinnar og til að hefta útbreiðslu hennar, og hinsvegar ýmsar fjárveitingar beint og óbeint til stuðnings sjávarútveginum, og hefir aðallega í þessu skyni orðið að íþyngja landsfólkinu með hækkun á sköttum og tollum.

Þótt þannig sé ískyggilegt ástand framundan fyrir þessa atvinnuvegi, þá má geta þess, að síldveiðarnar á síðastliðnu sumri gáfu landsmönnum stórkostlega meiri arð og atvinnu en nokkru sinni fyrr, og festa menn vonir til þess, að sá atvinnuvegur geti í framtíðinni orðið mikil lyftistöng fyrir afkomu þjóðarinnar, og hefir það opnað augu margra fyrir þeim mikla auði, sem fólginn er í hafinu kringum strendur landsins. Þá hefir á síðari árum aukizt trúin á það, að einnig í landinu sjálfu séu ónotaðar auðsuppsprettur, sem með rannsóknum og vaxandi þekkingu á landi voru geti orðið heilladrjúgar lýð og landi.

Auðvitað eru misjafnar skoðanir á löggjafarstarfsemi þessa þings, eins og svo oft áður, en það eru vafalaust óskir allra, að störf þingsins megi jafnan verða til gagns og nytsemdar þjóð vorri.

Ég óska alþingismönnum þeim, er heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar ferðar og farsællegrar heimkomu, og öllum gleðilegra hátíða og að við megum hittast heilir á næsta Alþingi.

Ólafur Thors: Ég vil þakka forseta sameinaðs þings og öðrum forsetum Alþingis fyrir röggsamlega og óhlutdræga fundarstjórn.

[Tóku þingmenn undir þessi orð með því að rísa úr sætum sínum].

Forseti (JBald): Ég vil þakka fyrir hönd forseta Sþ. og annara forseta Alþingis.

Þá las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að segja Alþingi slitið. Síðan mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Það eru nú liðin eitt þúsund og sjö ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, og þetta er fimmtugasta og annað löggjafarþingið, sem háð er síðan Alþingi var endurreist.

Ég leyfi mér í umboði konungs og í hans nafni að segja Alþingi slitið.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast ættjarðar vorrar, Íslands, og svo konungs vors, með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingheimur stóð upp].

Var síðan af þingi gengið.